Hæstaréttardómar 1959

Útgáfa 3.0 af rafræna skjalinu

Þetta PDF skjal er hluti afraksturs skönnunar á prentuðum eintökum af dómasafni Hæstaréttar. Markmið þessarar útgáfu er að veita almenningi færi á að eignast sitt eigið eintak af dómum Hæstaréttar án endurgjalds. Hæstiréttur Íslands stendur ekki fyrir útgáfu þessa skjals né komið að henni með öðrum hætti en lýst er hér að neðan.

Sérstakar þakkir fær Bókasafn Hafnarfjarðar fyrir að gefa flest bindanna til skönnunar og Óli Gneisti Sóleyjarson fyrir sín framlög til verkefnisins. Fjárhagslegir styrktaraðilar fá einnig þakkir fyrir fjárframlög sín.

Skjalið er upprunalega birt á vefnum https://urlausnir.is. Þar má finna rafrænar útgáfur hinna bindanna og verða nýrri útgáfur af skjölunum í boði þar.

Takmörkun ábyrgðar
Höfundur skjals þessa afsalar sér allri ábyrgð, að því marki sem lög heimila, vegna beinnar og/eða óbeinnar notkunar skjalsins sjálfs eða afurða sem af því leiðir. Þó stefnt hafi verið að því markmiði að skjalið endurspegli sem best innihald upprunalegu bindanna er hvorki hægt að tryggja né ábyrgjast að það hafi tekist. Framangreint á einnig við um efnislegt innihald prentuðu eintakanna sem skönnuð voru.

Höfundaréttur
Samkvæmt 9. gr. núverandi höfundalaga, nr. 73/1972, njóta dómar ekki verndar höfundalaga. Skrifstofa Hæstaréttar hefur tjáð höfundi skjalsins að Hæstiréttur hyggst ekki gera neinar athugasemdir vegna birtingar þessara rafrænu eintakanna í heilu lagi, en hefur hins vegar ekki útilokað að annað efni en dómar gæti notið verndar höfundalaga. Ef ætlunin er að nýta aðra hluta skjalsins en dómana sjálfa er mælt með því að viðkomandi hafi samband við Hæstarétt eftir því sem við á.

Hvers kyns höfundarréttur sem höfundur skjalsins gæti hafa skapað sér til handa með skönnuninni sjálfri eða öðru framlagi sínu til sköpunar þess, skal vera meðhöndlaður í samræmi við Creative Commons Zero höfundaleyfið (CC0 1.0 Universal eða síðari útgáfa þess).

Ábendingar
Séu ábendingar um mögulegar úrbætur á skjalinu er hægt að koma þeim á framfæri við höfund þess.

Athugasemdir um þessa útgáfu
Meiriháttar galli á bls. 437-438 á prenteintaki.
Minniháttar galli á bls. 734 og 808 á prenteintaki.

Höfundur skjalsins: Svavar Kjarrval (svavar@kjarrval.is)

HÆSTARÉTTARDÓMAR

ÚTGEFANDI

HÆSTIRÉTTUR

XXX. BINDI

1959

REYKJAVÍK

FÉLAGSPRENTSMIÐJAN H/F

MCMLIX

Reglulegir dómarar Hæstaréttar 1959:

Árni Tryggvason. Forseti dómsins frá 1. janúar til 31. ágúst.
Þórður Eyjólfsson. Forseti dómsins frá 1. september til 31. desember.
Gizur Bergsteinsson.
Jón Ásbjörnsson.
Jónatan Hallvarðsson.

Registur.

I. Málaskrá.

		Dómur	Bls.
1.	Magnús G. Vilmundarson gegn Ólafi H. Ingimarssyni. Kærumál. Málskostnaður.	12/1	1
2.	Þorvaldur Steinason gegn Finnboga Guðmundssyni. Kærumál. Málskostnaður.	12/1	4
3.	Ákæruvaldið gegn Jónasi Guðmundssyni. Þjófnaður.	12/1	7
4.	Ákæruvaldið gegn Jónasi Guðmundssyni. Þjófnaður.	12/1	12
5.	Ákæruvaldið gegn Arnþóri Einarssyni. Brot gegn áfengislögum og bifreiðalögum.	12/1	14
6.	Ákæruvaldið gegn Alídu Olsen Jónsdóttur. Sýknað af ákæru um brot á bifreiðalögum. Sératkvæði.	14/1	20
7.	Ingimar Jónsson gegn Einari Stefánssyni. Kærumál. Frávísun héraðsdóms hrundið.	14/1	26
8.	Ákæruvaldið gegn Guðjóni Magnússyni Guðlaugssyni. Manndráp.	19/1	29
9.	Ákæruvaldið gegn Sverri Ósmann Sigurðssyni. Brot á áfengislögum og bifreiðalögum.	19/1	40
10.	M og J gegn Þ. Ættleiðing. Sératkvæði.	24/1	49
11.	Fjármálaráðherra f. h. ríkissjóðs gegn Robert P. Walsh og gagnsök. Skaðabætur fyrir ólöglega handtöku.	28/1	65
12.	Agnar Gústafsson gegn Axel Sigurðssyni og Guðrúnu S. Guðmundsdóttur. Synjað um fjárnám í fasteign konu fyrir skuld eiginmanns hennar.	28/1	73
13.	Fjármálaráðherra f. h. ríkissjóðs gegn dánarbúi Jóns Sigurjónssonar og gagnsök. Skaðabótamál út af skemmdum á bifreið vegna torfæru á þjóðvegi. Sératkvæði.	30/1	79
14.	Tollstjórinn í Reykjavík f. h. ríkissjóðs gegn Dráttarvélum h/f. Útivistardómur.	30/1	87

		Dómur	Bls.
15.	Ingólfur Ingólfsson gegn Hótel Skjaldbreið h/f. Héraðsdómur ómerktur.	2/2	88
16.	Sýslusjóður Austur-Húnavatnssýslu gegn Þorgeiri Magnússyni og gagnsök. Slysabætur. Sératkvæði.	6/2	92
17.	Sigurður Jónsson og Pétur Sveinsson gegn Þór Jóhannssyni og gagnsök. Skaðabótamál út af sölu á húsi.	6/2	105
18.	Guðmundur Sveinbjörnsson gegn Kalmani Sigurðssyni. Héraðsdómur ómerktur.	11/2	116
19.	Jón Gíslason gegn Þorsteini Jónssyni. Kærumál. Ákvarðanir héraðsdóms ómerktar.	18/2	120
20.	Fjármálaráðherra f. h. ríkissjóðs gegn Gunnlaugi Stephensen og gagnsök. Skaðabótamál út af brottvikningu úr opinberu starfi.	20/2	122
21.	Jón Jónsson gegn fjármálaráðherra f. h. ríkissjóðs og gagnsök. Skaðabótamál út af niðurskurði á sauðfé.	20/2	135
22.	Ákæruvaldið gegn Marteini Jóni Magnússyni Skaftfells, Friðriki Lunddal Baldvinssyni, Jóni Hilmari Norðfjörð, Klemenzi Þorleifssyni, Steindóri Björnssyni og Guðna Sigurði Einarssyni. Brot á löggjöf um lyfsölu og auglýsingar lyfja.	23/2	145
23.	Baldur Guðmundsson gegn Sveini Egilssyni h/f. Verzlunarskuld.	27/2	160
24.	Ólafur B. Stefánsson gegn valdstjórninni. Kærumál. Ákvörðun héraðsdómara ómerkt.	2/3	163
25.	Guðni Jónsson, Sigurður Jón Guðmundsson og Einar K. Gíslason gegn Rafvirkjadeild Sameinaðra verktaka. Mál hafið. Ómaksbætur.	2/3	164
26.	Sementsverksmiðja ríkisins gegn bæjarstjóra Akranesskaupstaðar f. h. bæjarsjóðs. Frávísun frá héraðsdómi.	2/3	165
27.	Neytendasamtökin, Sveinn Ásgeirsson, Gunnlaugur Þórðarson, Gísli Þorkelsson, Gunnar Björnsson, Valdimar Jónsson, Elsa Guðjónsson, Gunnar Friðriksson, Halldóra Eggertsdóttir, Pétur Pétursson, Sveinn Ólafsson, Snorri P. Snorrason, Þórhallur Halldórsson og Arinbjörn Kolbeinsson gegn Kolbeini Þorsteinssyni & Co. og Gústaf A. Sveinssyni f. h. Hvile Vask Kompagniets Salgskontor v. T. Nielsen og Kaj Mortensen. Sýknað af skaðabótakröfu út af viðvörun til almennings um gallaða vöru.	2/3	168

		Dómur	Bls.
28.	Elísabet Sigurðardóttir gegn Þorvaldi Jónassyni. Kærumál. Málinu frestað sjálfkrafa.	4/3	194
29.	Elka G. Aradóttir gegn Gróu Jónasdóttur. Kærumál. Frávísun héraðsdóms staðfest.	4/3	194
30.	Ákæruvaldið gegn Ragnari Jónssyni. Brot á lögum um skipulag á fólksflutningum.	4/3	201
31.	Hreiðar Jónsson gegn borgarstjóranum í Reykjavík f. h. húsatrygginga bæjarins. Frávísun frá héraðsdómi.	9/3	207
32.	Hannes Davíðsson gegn borgarstjóranum í Reykjavík f. h. bæjarsjóðs. Útsvarsmál.	9/3	210
33.	Ákæruvaldið gegn Eiði Valdimarssyni. Þjófnaður. Brot á áfengislögum.	9/3	213
34.	Stefán Thorarensen gegn vegamálastjóra. Kærumál. Dómkvaðning matsmanna. Sératkvæði.	13/3	217
35.	Hreppsnefnd Grýtubakkahrepps f. h. hreppsins gegn Ólafi Pálssyni. Mál um greiðslu kennaralauna í sjúkraforföllum barnakennara.	13/3	219
36.	Kaupfélag Reykjavíkur og nágrennis gegn Kristjáni Fr. Guðmundssyni, Halldóri Indriðasyni og Ágústi Bjarnasyni. Synjað um brottflutning íbúðarhúss af lóð með beinni fógetagerð.	18/3	227
37.	Samvinnufélagið Björg gegn Skeggja h/f. Skuldamál. Gildi prókúruumboðs.	18/3	230
38.	Ákæruvaldið gegn Angantý Agnari Áskelssyni, Daníel Þór Emilssyni, Pétri Þórarinssyni, Sigurbergi Sverrissyni, Vilhelm Sigmarssyni, Eðvarð Helgasyni Vilmundarsyni og Sigurvini Sveinssyni. Áfengislagabrot. Sératkvæði.	20/3	238
39.	Lúðvíg Eggertsson gegn Ingolf Petersen og Sælgætisgerðinni Fríðu. Héraðsdómur í víxilmáli ásamt fjárnámsgerð staðfestur.	20/3	267
40.	Lúðvíg Eggertsson gegn Ingolf Petersen og Sælgætisgerðinni Fríðu. Héraðsdómur í víxilmáli ásamt fjárnámsgerð staðfestur.	20/3	270
41.	Ingolf Petersen og Sælgætisgerðin Fríða gegn Lúðvíg Eggertssyni. Útivistardómur. Ómaksbætur.	20/3	272
42.	Ingolf Petersen og Sælgætisgerðin Fríða gegn Lúðvíg Eggertssyni. Útivistardómur. Ómaksbætur.	20/3	272
43.	Ingolf Petersen gegn Heildverzluninni Kötlu h/f. Útivistardómur. Ómaksbætur.	20/3	273

		Dómur	Bls.
44.	Einar Sigurðsson gegn tollstjóranum í Reykjavík f. h. ríkissjóðs og borgarfógetanum í Reykjavík til réttargæzlu. Útivistardómur.	2⅔	273
45.	Ákæruvaldið gegn Brandi Brynjólfssyni. Okur.	1¾	274
46.	Ákæruvaldið gegn Herði Ólafssyni. Okur.	1¾	313
47.	Páll Magnússon gegn Sveini Jónssyni og Inga Kröyer. Kærumál. Kröfu um frestun fógetaréttarmáls hrundið.	2¼	320
48.	Ákæruvaldið gegn Heiðmundi Ottóssyni. Áfengislagabrot. Bifreiðalagabrot.	2¼	323
49.	Ákæruvaldið gegn Aldísi Bjarnadóttur. Brot á lögum um afnot íbúðarhúsa í kaupstöðum.	2¼	330
50.	Ákæruvaldið gegn Daníel Jóni Kjartanssyni. Manndráp af gáleysi. Brot á bifreiðalögum.	2¼	333
51.	Óskar Jörgensen og Ingólfur Þorsteinsson f. h. ólögráða sonar síns, Arnar B. Ingólfssonar, gegn Sigurði Kristjánssyni. Héraðsdómur ómerktur.	2¼	340
52.	Einar Pétursson gegn Metcalfe, Hamilton, Smith, Beck Companies. Krafa um greiðslu fæðiskostnaðar. Skýring á kjarasamningi.	2¼	345
53.	Kaupfélag Suðurnesja gegn Júníusi Ólafssyni og gagnsök. Slysabætur. Sératkvæði.	2¼	348
54.	Niels Jörgensen gegn Gregers Kappel og borgarfógetanum í Reykjavík. Kærumál. Frávísun frá Hæstarétti. Sératkvæði.	2¼	363
55.	Bragi Sigurbergsson gegn borgarstjóranum í Reykjavík f. h. bæjarsjóðs. Útivistardómur.	2¼	366
56.	Jóhannes Jósefsson gegn Karólínu Jósefsson og til réttargæzlu Pétri Daníelssyni og Ragnari Guðlaugssyni. Útivistardómur. Ómaksbætur.	2¼	366
57.	Björn Björnsson gegn Guðnýju Aradóttur og Jóni Jónssyni og gagnsök. Dánarbætur.	⅘	367
58.	Ákæruvaldið gegn Arthur Salter. Fiskveiðibrot. Sératkvæði.	1⅕	376
59.	Ákæruvaldið gegn Kristjáni Högnasyni. Manndráp af gáleysi. Bifreiðalagabrot. Sératkvæði.	1⅕	385
60.	Hilmar Ludvigsson gegn Sigurði Berndsen. Endurheimt ofgreidds fjár.	1⅕	394
61.	Ákæruvaldið gegn Eiríki Kristjánssyni. Okur.	2⅖	401
62.	Ákæruvaldið gegn Jóni Friðrikssyni. Manndráp af gáleysi. Bifreiðalagabrot.	2⅖	408

		Dómur	Bls.
63.	Björn Bjarnason gegn Árna S. Böðvarssyni og Jóni Sveinbjörnssyni. Kærumál. Málskostnaður.	25/5	416
64.	Ingólfur Pálmason gegn Árna S. Böðvarssyni og Jóni Sveinbjörnssyni. Kærumál. Málskostnaður.	25/5	419
65.	Jóhanna Waage gegn fjármálaráðherra f. h. ríkissjóðs. Slysabætur.	25/5	423
66.	Oddviti Breiðuvíkurhrepps f. h. hreppsins gegn Olíufélaginu Skeljungi h/f. Útsvarsmál. Sératkvæði.	25/5	430
67.	Þórdís Halldórsdóttir gegn Páli Blöndal og Sigurði Gíslasyni. Landamerkjamál.	29/5	435
68.	Ingveldur Þorsteinsdóttir gegn Þorvarði Jónssyni. Kærumál. Frestur.	29/5	442
69.	V. Árnason & Co. h/f gegn Gotfred Bernhöft, Lárusi Óskarssyni og Gotfred Bernhöft & Co. og gagnsök. Verzlunarskuld.	29/5	445
70.	Árni Markússon gegn Bæjarútgerð Reykjavíkur. Útivistardómur.	29/5	450
71.	Hilmar Welding gegn Birni Bjarnasyni og Sigurði Péturssyni. Krafa um riftun á íbúðarkaupum.	1/6	450
72.	Guðmundur Ásbjörnsson gegn fjármálaráðherra f. h. ríkissjóðs. Kærumál. Frávísunardómur staðfestur.	4/6	454
73.	Dánarbú Guðmundar P. Kolka gegn Júlíusi Halldórssyni og gagnsök. Endurgreiðslukrafa. Sératkvæði.	5/6	457
74.	Ákæruvaldið gegn Wallace Boden. Fiskveiðibrot.	10/6	464
75.	Páll S. Dalmar gegn Daða Kristjánssyni. Kærumál. Synjað um frest.	12/6	471
76.	Fiskimjöl og lýsi h/f gegn Angantý Jónssyni og gagnsök. Krafa um slysabætur. Sýknudómur.	12/6	473
77.	Helga G. Sveinsdóttir gegn borgardómaranum í Reykjavík f. h. ríkissjóðs. Kærumál. Frávísun frá Hæstarétti.	16/6	482
78.	Helga G. Sveinsdóttir gegn borgardómaranum í Reykjavík f. h. ríkissjóðs. Kærumál. Frávísun frá Hæstarétti.	16/6	484
79.	Bæjarfógetinn á Akranesi f. h. ríkissjóðs gegn Jóni Kristjánssyni. Skattamál. Búfjársala, sem var ekki þáttur í atvinnurekstri, undanþegin tekjuskatti.	16/6	486
80.	Finnbogi Kjartansson gegn Unni Á. Jónsdóttur, Gunnari Sigurðssyni og Jónínu Jónsdóttur. Útburðarbeiðni synjað.	16/6	489

		Dómur	Bls.
81.	Ákæruvaldið gegn John Henry Hogarth. Fiskveiðibrot.	18/6	493
82.	Sementsverksmiðja ríkisins gegn Þorbjörgu Einarsdóttur. Orlofsfé. Sératkvæði.	22/6	498
83.	Árnason, Pálsson & Co. h/f gegn Brandi Brynjólfssyni. Útivistardómur.	22/6	501
84.	Haraldur Júlíusson gegn Vagni Jónssyni. Útivistardómur.	22/6	501
85.	Karl H. Björnsson gegn landbúnaðarráðherra f. h. jarðeignadeildar ríkissjóðs og fjármálaráðherra f. h. ríkissjóðs. Útivistardómur.	22/6	502
86.	Jens Runólfsson gegn Jóni Jóhannssyni f. h. Birgis Jónssonar. Útivistardómur.	22/6	502
87.	Margrét Sveinsdóttir gegn Byggingarfélagi verkamanna, Siglufirði. Útivistardómur.	22/6	503
88.	Anton Erlendsson gegn Jóhanni Gestssyni. Útivistardómur.	22/6	503
89.	Garðar Jónsson gegn Böðvari Bjarnasyni. Útivistardómur.	22/6	504
90.	Ingibjörg Ingólfsdóttir og Hilmar Lúthersson gegn Áfengisverzlun ríkisins. Útivistardómur.	22/6	504
91.	Ingolf Petersen f. h. Kökugerðarinnar h/f gegn bæjargjaldkeranum í Reykjavík f. h. bæjarsjóðs. Útivistardómur.	22/6	505
92.	Ingolf Petersen f. h. Sælgætisgerðarinnar Fríðu gegn Áslaugu Valdimarsdóttur. Útivistardómur. Ómaksbætur.	22/6	505
93.	Ingolf Petersen f. h. Sælgætisgerðarinnar Fríðu gegn Elísabetu Jónsdóttur. Útivistardómur. Ómaksbætur.	22/6	506
94.	Ingolf Petersen f. h. Sælgætisgerðarinnar Fríðu gegn Þuríði Guðmundsdóttur. Útivistardómur. Ómaksbætur.	22/6	506
95.	Ingolf Petersen gegn Hrafni Jónssyni. Útivistardómur.	22/6	507
96.	Ingolf Petersen sjálfur og f. h. Sælgætisgerðarinnar Fríðu gegn Lúðvig Eggertssyni. Útivistardómur.	22/6	507
97.	Ingolf Petersen gegn tollstjóranum í Reykjavík. Útivistardómur.	22/6	508
98.	Vesturhús h/f gegn Boga Finnbogasyni. Útivistardómur. Ómaksbætur.	22/6	508
99.	Helgi Lárusson og Ólafur Bjarnason, eigendur Efri-Steinsmýrar að ¾ hlutum, gegn landbúnaðarráð-		

		Dómur	Bls.
	herra f. h. ríkissjóðs, eiganda Syðri-Steinsmýrar. Landamerkjamál.	22/6	509
100.	Aðalsteinn Jónsson gegn Árna Sigurjónssyni og Jóni Einarssyni. Kærumál. Frávísun héraðsdóms staðfest.	23/6	517
101.	Brandur Brynjólfsson gegn Árnasyni, Pálssyni & Co. h/f. Verzlunarskuld.	24/6	523
102.	Áslaug Valdimarsdóttir gegn Ingolf Petersen. Fjárnámsgerð staðfest.	24/6	526
103.	Elísabet Jónsdóttir gegn Ingolf Petersen. Fjárnámsgerð staðfest.	24/6	527
104.	Þuríður Guðmundsdóttir gegn Ingolf Petersen. Fjárnámsgerð staðfest.	24/6	529
105.	Árni Ólafsson gegn fjármálaráðherra f. h. ríkissjóðs. Kærumál. Synjað um, að héraðsdómari víki sæti.	24/6	530
106.	Björgvin Finnsson gegn fjármálaráðherra f. h. ríkissjóðs. Kærumál. Synjað um, að héraðsdómari víki sæti.	24/6	532
107.	Þorlákur Arnórsson gegn fjármálaráðherra f. h. ríkissjóðs, Kærumál. Synjað um, að héraðsdómari víki sæti.	24/6	534
108.	Þorbjörn Jónsson gegn fjármálaráðherra f. h. ríkissjóðs. Kærumál. Synjað um, að héraðsdómari víki sæti.	24/6	537
109.	Guðjón Sæmundsson gegn fjármálaráðherra f. h. ríkissjóðs. Kærumál. Synjað um, að héraðsdómari víki sæti.	24/6	539
110.	Kvennaheimilið Hallveigarstaðir gegn Guðlaugu Magnúsdóttur og gagnsök. Synjað að svo stöddu um byggingu á lóð, sem kvöð hvíldi á. Kröfu um staðfestingu lögbannsgerðar vísað frá Hæstarétti. Sératkvæði.	26/6	541
111.	Haraldur Júlíusson f. h. Björns Hauks Baldvinssonar og Vagn E. Jónsson gegn þrotabúi Baldvins Kristinssonar. Kærumál. Frávísun frá héraðsdómi. Mál til riftunar á gerningi þrotamanns höfðað of seint.	26/6	559
112.	Valdstjórnin gegn Ólafíu Margréti Bjarnadóttur. Svipting sjálfræðis. Sératkvæði.	1/7	564
113.	Jón F. Franklínsson gegn Páli Jóhanni Þorleifssyni. Útivistardómur.	30/9	569

		Dómur	Bls.
114.	Páll S. Dalmar gegn Daða Kristjánssyni. Útivistardómur. Ómaksbætur.	30/9	569
115.	Kökugerðin h/f, Ingolf Petersen og Gunnlaugur Melsted gegn Ragnari Bjarnasyni. Útivistardómur.	30/9	570
116.	Þórir Jónsson, Ólafur Ólafsson og Haraldur Thorlacius gegn Hildi Jóhannesdóttur og borgarstjóranum í Reykjavík f. h. Reykjavíkurbæjar. Kærumáli frestað sjálfkrafa.	30/9	571
117.	Nefndarhluti neytenda í verðlagsnefnd landbúnaðarafurða gegn framleiðsluráði landbúnaðarins og gagnsök. Verðlagning landbúnaðarafurða.	30/9	572
118.	Landbúnaðarráðherra vegna ríkisjarðanna Holts, Fells, Álftagrófar og Keldudals gegn Kristjáni Bjarnasyni, eiganda Norður-Hvols. Kærumál. Úrskurður héraðsdóms, sem hratt frávísunarkröfu, staðfestur.	30/9	581
119.	Ákæruvaldið gegn John Oliver Emmons. Fiskveiðibrot.	2/10	584
120.	Flugfélag Íslands h/f gegn bæjarstjóra Akureyrar f. h. bæjarsjóðs. Kærumál. Úrskurður fógetadóms í útsvarsmáli felldur úr gildi.	5/10	588
121.	Hreiðar Jónsson gegn borgarstjóra Reykjavíkur f. h. húsatrygginga bæjarins. Krafa um bætur fyrir brunatjón á húsi.	9/10	591
122.	Daði Kristjánsson gegn Páli S. Dalmar. Fasteignakaupum riftað. Skaðabætur.	12/10	594
123.	Karólína Jósefsson gegn Jóhannesi Jósefssyni og til réttargæzlu gegn Pétri Daníelssyni og Ragnari Guðlaugssyni og Jóhannes Jósefsson gegn Karólínu Jósefsson. Ráðstöfunarréttur mannsins yfir félagsbúi hjóna.	12/10	598
124.	Ákæruvaldið gegn Roland Pretious. Fiskveiðibrot.	14/10	604
125.	Sementsverksmiðja ríkisins gegn bæjarstjóra Akraness f. h. bæjarsjóðs. Undanþága frá opinberum gjöldum.	16/10	609
126.	Ákæruvaldið gegn Páli Guðjónssyni. Fiskveiðibrot.	16/10	613
127.	Ákæruvaldið gegn Birni Ólafssyni, Guðmundi Konráði Elíssyni og Ástu Pétursdóttur. Verðlagsmál. Sýknun. Frávísun, sbr. 49. gr. stjórnarskrárinnar.	21/10	618
128.	Valdstjórnin gegn Guðvarði Skagfjörð Sigurðssyni. Kærumál. Ákvörðun héraðsdóms ómerkt.	23/10	623

		Dómur	Bls.
129.	Ákæruvaldið gegn Ásbirni Ólafssyni og Jóhönnu Gunnarsdóttur. Verðlagsmál. Brot á tilkynningu verðlagsstjórnar.	27/10	625
130.	Trygging h/f gegn sakadómaranum í Reykjavík. Kærumál. Frávísun frá Hæstarétti.	28/10	633
131.	Þorvaldur Jónasson gegn Elísabetu Sigurðardóttur og gagnsök. Skiptamál. Greiðsla opinberra gjalda við skipti á félagsbúi hjóna.	28/10	634
132.	Skipaútgerð ríkisins gegn Ólafi Þorgrímssyni. Héraðsdómur ómerktur.	30/10	641
133.	Magni Guðmundsson gegn borgarstjóranum í Reykjavík f. h. bæjarsjóðs. Útivistardómur.	30/10	655
134.	Fjármálaráðherra f. h. ríkissjóðs gegn Kristjáni Ásgeirssyni. Útivistardómur.	30/10	656
135.	Sigrid D. Wigö gegn bæjarstjórn Reykjavíkur. Útivistardómur.	30/10	656
136.	Guðlaug Magnúsdóttir gegn borgarstjóranum í Reykjavík og Theodór B. Líndal setudómara. Kærumál. Synjað kröfu um, að héraðsdómari víki sæti.	4/11	657
137.	Fjármálaráðherra f. h. ríkissjóðs gegn Unni Aldísi Svavarsdóttur og gagnsök. Skaðabætur vegna árásar.	4/11	662
138.	Gerða Bjarnadóttir gegn Jóhanni Erlendi Óskarssyni. Skaðabótamál út af eldsuppkomu í bifreið. Sératkvæði.	6/11	671
139.	Hreppsnefnd Nesjahrepps f. h. hreppsins gegn skiptaráðandanum í Skaftafellssýslu og Sigurborgu Þórarinsdóttur. Erfðamál. Skjal áritað af arfleifanda metið ógilt sem erfðaskrá.	9/11	681
140.	Þorsteinn Ásgeirsson gegn fjármálaráðherra f. h. ríkissjóðs og gagnsök. Slysabætur. Sératkvæði.	9/11	684
141.	Fjármálaráðherra f. h. ríkissjóðs gegn Hilmari Ágústssyni og gagnsök. Skaðabótamál út af brottvikningu úr opinberu starfi.	12/11	691
142.	Þorlákur Arnórsson gegn fjármálaráðherra f. h. ríkissjóðs. Kærumál. Frávísun héraðsdóms felld úr gildi.	16/11	700
143.	Fjármálaráðherra f. h. ríkissjóðs gegn Árna Ólafssyni. Kærumál. Kröfu um frávísun frá héraðsdómi hrundið.	16/11	703
144.	Fjármálaráðherra f. h. ríkissjóðs gegn Björgvin Finnssyni. Kærumál. Kröfu um frávísun frá héraðsdómi hrundið.	16/11	707

		Dómur	Bls.
145.	Fjármálaráðherra f. h. ríkissjóðs gegn Þorbirni Jónssyni. Kærumál. Kröfu um frávísun frá héraðsdómi hrundið.	16/11	711
146.	Fjármálaráðherra f. h. ríkissjóðs gegn Guðjóni Sæmundssyni. Kærumál. Kröfu um frávísun frá héraðsdómi hrundið.	16/11	715
147.	Fjármálaráðherra og menntamálaráðherra f. h. ríkissjóðs gegn Sigurði Ísakssyni f. h. ófjárráða sonar hans, Jóns, og gagnsök. Slysabætur. Sératkvæði.	23/11	719
148.	Valdstjórnin gegn Hauki Hvannberg. Kærumál. Staðfestur úrskurður héraðsdóms um bann gegn brottför sakbornings úr lögsagnarumdæmi Reykjavíkur.	25/11	731
149.	Þorlákur Þórðarson gegn Gunnari Tryggvasyni. Skaðabótamál út af bifreiðaárekstri	25/11	738
150.	Ákæruvaldið gegn Unni Brynjólfsdóttur og Garðari Jónssyni. Áfengislagabrot. Bifreiðalagabrot.	25/11	743
151.	Ingolf Petersen f. h. Ingólfsbakarís gegn Ragnari Jónssyni. Útivistardómur.	30/11	749
152.	Ingolf Petersen gegn Ragnari Jónssyni. Útivistardómur.	30/11	749
153.	Ingolf Petersen gegn Ragnari Jónssyni. Útivistardómur.	30/11	750
154.	Gunnar S. Hafdal gegn Birni Sigurðssyni. Útivistardómur.	30/11	750
155.	Guðmundur H. Þórðarson gegn Georg Gunnarssyni. Útivistardómur.	30/11	751
156.	Georg Gunnarsson gegn Guðmundi H. Þórðarsyni. Útivistardómur.	30/11	751
157.	Landssími Íslands gegn Ástvaldi Pálssyni. Bætur dæmdar vegna of skamms uppsagnarfrests starfsmanns.	30/11	752
158.	Borgarstjórinn í Reykjavík f. h. bæjarsjóðs gegn Aðalsteini Guðmundssyni. Endurheimt ofgreidds útsvars.	30/11	755
159.	Guðmundur Guðmundsson og Trésmiðjan Víðir h/f gegn fjármálaráðherra f. h. ríkissjóðs og gagnsök. Stóreignaskattur. Sératkvæði.	7/12	759
160.	Þorsteinn Sæmundsson gegn dánarbúi Jóns Brandssonar. Skuldamál.	9/12	772
161.	Sigurbjörg Sigurðardóttir gegn Elli- og hjúkrunarheimilinu Grund og gagnsök og Elli- og hjúkrunar-		

		Dómur	Bls.
	heimilið Grund gegn Guðmundi Böðvarssyni. Héraðsdómur ómerktur.	14/12	775
162.	Sverrir Jónsson gegn Baldvin Jónssyni, Birni Br. Björnssyni, Lárusi Óskarssyni og Úlfari Þórðarsyni og gagnsök. Skaðabótamál út af flugslysi.	15/12	780
163.	Indriði Indriðason gegn Björgvin Einarssyni. Skaðabótamál út af húsakaupum. Sératkvæði.	18/12	793
164.	Þórður Þórðarson gegn Helga Benediktssyni. Útivistardómur.	18/12	808
165.	Aðalbjörg Ásgeirsdóttir gegn Gunnari A. Pálssyni f. h. Hólmfríðar Löve. Útivistardómur.	18/12	808

Hæstaréttardómar.

Útgefandi: Hæstiréttur.

XL. árgangur. 1959

Mánudaginn 12. janúar 1959.

Nr. 189/1958. **Magnús G. Vilmundarson**
gegn
Ólafi H. Ingimarssyni.

Dóminn skipuðu hinir reglulegu dómarar Hæstaréttar.

Kærumál. Málskostnaður.

Dómur Hæstaréttar.

Með kæru 28. nóvember 1958, sem barst Hæstarétti 17. desember sl., hefur sóknaraðili kært til Hæstaréttar málskostnaðarákvæði dóms, er upp var kveðinn á bæjarþingi Reykjavíkur 22. nóvember sl. í máli sóknaraðilja gegn varnaraðilja. Krefst sóknaraðili þess, að varnaraðilja verði dæmt að greiða kr. 5.000,00 í málskostnað í héraði. Hins vegar krefst hann eigi kærumálskostnaðar úr hendi varnaraðilja. Frá varnaraðilja hafa hvorki borizt kröfur né greinargerð.

Eftir málavöxtum er rétt, að varnaraðili greiði sóknaraðilja kr. 5.000,00 í málskostnað í héraði.

Dómsorð:

Varnaraðili, Ólafur H. Ingimarsson, greiði sóknaraðilja, Magnúsi G. Vilmundarsyni, kr. 5.000,00 í málskostnað í héraði að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur bæjarþings Reykjavíkur 22. nóvember 1958.

Mál þetta, sem dómtekið var 13. þ. m., hefur Magnús Guðbjörn Vilmundarson, Gránufélagsgötu 57, Akureyri, höfðað að fengnu gjafsóknarleyfi fyrir bæjarþinginu með stefnu, út gefinni 14. f. m., á hendur Ólafi Herði Ingimarssyni, Skipasundi 86, Reykjavík, til greiðslu skaðabóta, að fjárhæð kr. 52.407,52, ásamt 6% ársvöxtum frá 4. febrúar 1958 til greiðsludags og málskostnaðar að skaðlausu.

Af hálfu stefnda hefur þing ekki verið sótt í máli þessu, og er honum þó löglega stefnt. Ber því samkvæmt ákvæðum 118. gr. laga nr. 85 frá 1936 að dæma málið eftir fram lögðum skjölum og skilríkjum.

Stefnandi lýsir tildrögum máls þessa á þá leið, að aðfaranótt 2. ágúst 1957 hafi hann setið á stigahandriði við Hótel Goðafoss á Akureyri. Hafi stefndi þá komið þar að og algerlega að tilefnislausu ráðizt á stefnanda og kastað honum fram af handriðinu. Féll stefnandi niður í húsasund og kom niður á bakið. Við fallið, sem var um 2,50 m, meiddist stefnandi töluvert, lá um skeið á sjúkrahúsi og var lengi frá vinnu.

Með dómi sakadóms Reykjavíkur, upp kveðnum 6. janúar 1958, var stefndi dæmdur í 6 mánaða skilorðsbundið fangelsi fyrir framangreindan verknað og jafnframt gert að greiða allan kostnað sakarinnar.

Stefnandi sundurliðar skaðabótakröfu sína þannig:

1) Atvinnutjón frá 2. ágúst 1957 til 4. febr. 1958	kr.	32.307,52
2) Bætur fyrir þjáningar, óþægindi o. fl.	—	20.000,00
3) Læknisvottorð	—	100,00
Samtals kr.		52.407.52

Um 1.

Strax eftir að stefnandi hafði orðið fyrir fyrrnefndri árás, var hann fluttur í sjúkrahús, þar sem hann var til 4. ágúst 1957. Eftir heimkomuna fékk hann á ný verk í bakið, og við nánari athugun kom í ljós brot á bol 1. lendarliðar. Var þá stefnandi fluttur á nýjan leik í sjúkrahús og settur í gibsumbúðir. Var stefnandi í sjúkrahúsinu til 3. nóvember 1957, en gekk í umbúðum nokkru lengur og hóf ekki vinnu á ný fyrr en 4. febrúar 1958.

Þegar stefnandi varð fyrir árásinni, var hann háseti á togar-

anum Sléttbak, og hefur hann unnið sín fyrri störf, eftir að hann náði bata.

Samkvæmt vottorði Útgerðarfélags Akureyringa h/f nam hásetahlutur á togaranum Sléttbak á tímabilinu frá 2. ágúst 1957 til 4. febrúar 1958 kr. 32.307,52. Verður því stefnufjárhæðin undir þessum lið tekin til greina.

Um 2.

Eins og áður var rakið, var stefnandi fluttur í sjúkrahús, strax eftir að hann hafði orðið fyrir árásinni. Samkvæmt vottorði Guðmundar Karls Péturssonar yfirlæknis leið stefnanda vel morguninn eftir, en gaf til kynna eymsli í hryggnum. Hinn 4. ágúst var stefnandi síðan sendur heim, enda taldi hann sig þá jafngóðan. Hins vegar hafi stefnandi strax eftir heimkomuna fundið til verkja í baki, sem hafi versnað við allar hreyfingar og áreynslu. Hafi stefnandi því verið tekinn til skoðunar á ný, og er röntgenmyndum, sem þá voru teknar, svo lýst af röntgenlækni:

„Á sérmyndum af L. I.-svæði hryggjarins sést nú greinilega, að corpus (liðbolur) L. I. er lítið eitt fleygmyndaður, og er efri brún hans barin niður á við, svo að stallur sést á framhliðinni og striklaga condensation (þétting) sést þétt yfir liðinn 1 sm neðan efri flatarins. Á framanfrámyndinni er enga missmíð að sjá.

R.d.: Fractura corporis L. I. (brot á liðbol 1. lendaliðar)".

Samkvæmt vottorði yfirlæknisins var stefnandi þá tekinn aftur í sjúkrahúsið og settur í gibsumbúðir. Dvaldist hann í sjúkrahúsinu til 3. nóvember 1957 eða um það bil 2½ mánuð, en gekk í umbúðum nokkru lengur. Hafi stefnandi, eins og algengt er, haft talsverð óþægindi af umbúðunum fyrst í stað, en vanizt þeim síðan og liðið vel og ekki kvartað um verki frá hinum brotna lið.

Þá segir yfirlæknirinn, að fyrst eftir að stefnandi hafi hafið vinnu að nýju, hafi hann haft eymsli og verki í baki, en við skoðun 3. marz 1958 hafi hryggurinn verið réttur, hreyfingar eðlilegar og engin bein eða óbein eymsli. Telur yfirlæknirinn stefnanda vera orðinn jafngóðan af meiðslum þeim, er hann hlaut 2. ágúst 1957.

Með hliðsjón af meiðslum stefnanda og sjúkrasögu hans þykja bætur samkvæmt þessum lið hæfilega ákveðnar kr. 15.000,00.

Um 3.

Stefnandi hefur engin skjöl lagt fram, er sýni, að hann hafi greitt þessa upphæð. Verður krafan undir þessum lið ekki tekin til greina.

Eftir þessum úrslitum ber stefnda að greiða stefnanda málskostnað, sem þykir hæfilega ákveðinn kr. 3.650,00.

Jón G. Tómasson, fulltrúi borgardómara, kvað upp dóm þenna.

Dómsorð:

Stefndi, Ólafur H. Ingimarsson, greiði stefnanda, Magnúsi G. Vilmundarsyni, kr. 47.307,52 með 6% ársvöxtum frá 4. febrúar 1958 til greiðsludags og kr. 3.650,00 í málskostnað innan 15 daga frá lögbirtingu dóms þessa að viðlagðri aðför að lögum.

Mánudaginn 12. janúar 1959.

Nr. 190/1958. **Þorvaldur Steinason**
gegn
Finnboga Guðmundssyni.

Dóminn skipuðu hinir reglulegu dómarar Hæstaréttar.

Kærumál. Málskostnaður.

Dómur Hæstaréttar.

Með kæru 17. desember 1958, sem barst Hæstarétti 19. s. m., hefur sóknaraðili kært málskostnaðarákvæði dóms, sem upp var kveðinn á bæjarþingi Akraness 10. s. m. í máli varnaraðilja gegn sóknaraðilja. Krefst sóknaraðili málskostnaðar í héraði svo og kærumálskostnaður úr hendi varnaraðilja.

Varnaraðili krefst staðfestingar á hinu kærða málskostnaðarákvæði og kærumálskostnaðar úr hendi sóknaraðilja.

Með skírskotun til 1. mgr. 180. gr. laga nr. 85/1936 ber að dæma varnaraðilja til að greiða sóknaraðilja málskostnað í héraði, er ákveðst kr. 500,00. Þá ber og að dæma sóknaraðilja kr. 400,00 í kærumálskostnað úr hendi varnaraðilja.

Dómsorð:

Varnaraðili, Finnbogi Guðmundsson, greiði sóknaraðilja, Þorvaldi Steinasyni, kr. 500,00 í málskostnað í héraði og kr. 400,00 í kærumálskostnað að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur bæjarþings Akraness 10. desember 1958.

Með stefnu, út gefinni 26. júlí 1956, höfðaði stefnandi, Finnbogi Guðmundsson, Bárugötu 18, Akranesi, mál þetta gegn Þorvaldi Steinasyni, þá til heimilis sama stað. Í málinu gerði stefnandi þær dómkröfur, að viðurkenndur yrði með dómi eignarréttur hans að forstofu og stigagangi að íbúð hans á efri hæð hússins Bárugötu 18 og að stefndi ætti engan umferðarrétt að eða um greinda forstofu né stigagang. Þá krafðist hann málskostnaðar úr hendi stefnda.

Stefndi krafðist í greinargerð algerrar sýknu af öllum kröfum stefnanda í málinu og málskostnaðar úr hendi stefnanda.

Hinn reglulegi dómari, Þórhallur Sæmundsson bæjarfógeti, vék sæti í máli þessu með úrskurði, upp kveðnum 22. ágúst 1956, og var Gunnar Jónsson hdl. skipaður til þess sem setudómari að fara með og dæma mál þetta. Hefur hann og kveðið upp dóm þenna.

Setudómari þingaði fyrst í máli þessu 30. ágúst 1956. Kom þá fram krafa frá lögmanni stefnda um, að setudómari viki sæti í málinu. Dómarinn kvað upp úrskurð um það atriði 6. september 1956, þar sem hann neitaði að víkja sæti. Lögmaður stefnda kærði þann úrskurð til Hæstaréttar. Með dómi Hæstaréttar, upp kveðnum 2. okt. 1956, var nefndur úrskurður staðfestur.

Eftir uppkvaðningu nefnds dóms Hæstaréttar innti dómarinn lögmann stefnanda nokkrum sinnum eftir áframhaldi málsins, en lögmaður tjáði dómaranum, að hann vissi ekki betur en ekkert yrði frekar úr málinu, þar sem samkomulag væri orðið um þau atriði, sem um væri deilt í málinu.

Lögmaður stefnda hafði aldrei samband við dómarann, eftir að nefndur hæstaréttardómur var upp kveðinn, fyrr en með bréfi til dómarans, dags. 13. okt. 1958, að hann óskaði eftir, að málið yrði tekið fyrir til áframhaldandi gagnaöflunar eða munnlegs flutnings.

Málið var svo tekið fyrir 8. des. 1958. Kom þá fram krafa frá lögmanni stefnanda, að málið yrði hafið. Samþykkti lögmaður stefnda það, en gerði kröfu til, að stefnandi yrði dæmdur til greiðslu málskostnaðar.

Lögmaður stefnanda mótmælti málskostnaðarkröfu stefnda á þeim grundvelli, að umbjóðandi sinn hefði tjáð sér, að fullt samkomulag væri komið á milli hans og eiganda þess, er þá var orðinn að neðri hæð hússins Bárugötu 18. Lögmaður stefnda hafi aldrei talað við sig um áframhald málsins og tjáð sér, að stefndi hefði engan áhuga á að fá efnisdóm, ef eigendur hússins gætu komið sér saman um afnot gangsins, sem um var deilt. Telur lögmaður stefnanda, að það samkomulag hafi komizt á.

Lögmaður stefnda telur umbjóðanda sinn eiga rétt á málskostnaði. Hann kveðst hafa tjáð lögmanni stefnanda, að umbjóðandi sinn vildi falla frá málskostnaðarkröfu í máli þessu, ef stefnandi vildi hefja málið, að því tilskildu, að núverandi eigendur hússins kæmu sér saman um skiptingu og notkun þess. Nú sé hins vegar komið í ljós, að mikill ágreiningur sé milli núverandi eigenda um atriði það, sem deilt sé um í máli þessu.

Samkvæmt framanrituðu ber að hefja mál þetta.

Eftir málsatvikum, eins og þeim er lýst hér að framan, þykir stefndi ekki eiga rétt á málskostnaði þrátt fyrir ákvæði 1. mgr. 180. gr. laga nr. 85/1936.

Dómsorð:

Mál þetta er hafið.

Málskostnaður falli niður.

Mánudaginn 12. janúar 1959.

Nr. 122/1958. **Ákæruvaldið** (Sigurður Ólason hrl.)
gegn
Jónasi Guðmundssyni (Páll S. Pálsson hrl.).

Dóminn skipuðu hinir reglulegu dómarar Hæstaréttar.

Þjófnaður.

Dómur Hæstaréttar.

Með skírskotun til 255. gr. laga nr. 19/1940 og forsendna hins áfrýjaða dóms ber að staðfesta hann.

Ákærði greiði allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin málflutningslaun sækjanda og verjanda fyrir Hæstarétti, kr. 1.600,00 til hvors.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður.

Ákærði, Jónas Guðmundsson, greiði allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin laun sækjanda og verjanda fyrir Hæstarétti, hæstaréttarlögmannanna Sigurðar Ólasonar og Páls S. Pálssonar, kr. 1.600,00 til hvors.

Dóminum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Dómur sakadóms Reykjavíkur 14. marz 1958.

Ár 1958, föstudaginn 14. marz, var í sakadómi Reykjavíkur, sem haldinn var í skrifstofu dómsins af Þórði Björnssyni, kveðinn upp dómur í málinu nr. 773/1958: Ákæruvaldið gegn Jónasi Guðmundssyni, sem tekið var til dóms sama dag.

Með ákæruskjali dómsmálaráðherra, dags. 12. þ. m., er opinbert mál höfðað gegn Jónasi Guðmundssyni reiðhjólasmið, Víðimel 69, en nú gæzlufanga í fangahúsinu hér í bæ, fyrir að hafa:

I. föstudagskvöldið 18. október sl., er ákærði var gestkomandi hjá Halldóri Þórðarsyni, Þverholti 18 H í Reykjavík, farið í jakkavasa nefnds Halldórs, er hann var sofandi, og tekið þar veski hans og stolið úr því kr. 20.500,00 í peningum,

II. fimmtudagskvöldið 28. nóvember sl. brotizt inn í vél-

smiðju Sigurðar Einarssonar í Mjölnisholti 14 í Reykjavík og sprengt þar upp peningaskáp og tekið úr honum kr. 300,00 í peningum svo og stolið þar klukku og rafmagnslóðbolta,

III. kvöld eitt skömmu eftir sl. áramót stolið kuldaúlpu úr forstofu bragga H-12 í Camp Knox,

IV. aðfaranótt sunnudagsins 23. febrúar sl. brotizt inn í kjötverzlunina Kjötborg h/f við Háaleitisveg og stolið kr. 17,85 í skiptimynt úr peningakassa verzlunarinnar.

Framangreind brot (I.—IV.) þykja varða við 244. gr. alm. hegningarlaga, nr. 19/1940.

Þess er krafizt, að ákærði verði dæmdur til refsingar, til sviptingar réttinda samkvæmt 3. mgr. 68. gr. almennra hegningarlaga, til greiðslu skaðabóta og alls sakarkostnaðar.

Ákærði er kominn yfir lögaldur sakamanna, fæddur 19. desember 1910 að Tungu í Skarðshreppi í Skagafjarðarsýslu, og hefur, svo að kunnugt sé, sætt eftirtöldum kærum og refsingum:

1943 29/10 Siglufj. Sátt, 10 kr. sekt fyrir brot á lögreglusamþ.
1947 27/7 — Sátt, 50 kr. sekt fyrir brot á áfengislögum.
1952 12/12 Reykjavík. Sátt, 200 kr. sekt, 753 kr. skaðabætur fyrir ölvun, óspektir og spellvirki.
1953 6/3 Reykjavík. Sátt, 150 kr. sekt fyrir brot á 18. gr. áfengislaga.
— 7/7 Reykjavík. Kærður fyrir ölvun innan húss. Fellt niður.
— 3/11 Reykjavík. Kærður fyrir skemmdarverk. Fellt niður.
— 20/12 Reykjavík. Kærður fyrir þjófnað. Fellt niður samkv. ákv. 256. gr. hegningarl.
— 24/12 Reykjavík. Áminning fyrir ölvun innan húss.
1954 18/9 Reykjavík. Sátt, 150 kr. sekt fyrir ölvun á almannafæri.
1955 11/5 Reykjavík. Dómur, 6 mánaða fangelsi, sviptur kosningarrétti og kjörgengi fyrir brot á 2. mgr. 257. gr. hegningarlaga.
1956 24/1 Reykjavík. Dómur, 6 mánaða fangelsi, sviptur kosningarrétti og kjörgengi fyrir brot á 244. gr. hegningarlaga.
1957 16/7 Reykjavík. Kærður fyrir ölvun. Fellt niður.
— 20/11 Reykjavík. Sátt, 150 kr. sekt fyrir ölvun á almannafæri.
— 21/7 Reykjavík. Kærður fyrir ölvun innan húss. Fellt niður.

Samkvæmt eigin játningu ákærða og því, sem á annan hátt er upplýst í málinu, eru málavextir þessir:

I.

Föstudagskvöldið 18. október f. á. kom ákærði til Halldórs Þórðarsonar, sem þá bjó í skúr nr. 18 H í Þverholti hér í bæ, en þeir þekkjast vel. Ákærði var með átekna áfengisflösku, og tæmdu þeir félagar úr henni. Ákærði náði síðan í aðra áfengisflösku, og drukku þeir félagar langt niður í hana. Urðu þeir drukknir af áfengisneyzlunni, og kom að því, að Halldór sofnaði í öllum fötum á dívan. Ákærði hafði heyrt utan að sér, að Halldór mundi eiga peninga, og þegar hann var sofnaður, datt ákærða í hug að athuga, hvort hann væri ekki með einhverja peninga á sér. Fór ákærði með hönd sína í innri jakkavasa Halldórs og tók fram veski, sem þar var. Ákærði leit í veskið og sá þá, að í því var stór bunki af fimm hundruð króna seðlum. Sló ákærði eign sinni á peningana án þess að telja þá og hafði þá á brott með sér. Hann keypti síðan eina flösku af áfengi og notaði til þess einn seðil af fyrrgreindum peningum. Því næst hélt hann heim til sín, neytti þar af áfengisflöskunni og lagðist svo til svefns. Þegar hann vaknaði næsta morgun eða dag, datt honum í hug að fara til Halldórs og skila honum peningunum aftur, en áður en hann var kominn á fætur, komu lögreglumenn til hans og tóku hann fastan vegna grunar um töku nefndra peninga. Ákærði viðurkenndi brot sitt umsvifalaust og skilaði aftur peningunum, sem hann átti óeydda, en það reyndust vera kr. 20.200,00. Ákærði var búinn að eyða kr. 300,00 í áfengi og ökugjald, og hafði hann því tekið samtals kr. 20.500,00 frá Halldóri. Ákærði hefur nú staðið Halldóri einnig skil á nefndum kr. 300,00.

II.

Fimmtudagskvöldið 28. nóvember f. á. var ákærði nokkuð ölvaður hér í Austurbænum og datt þá í hug að fara inn í vélsmiðju Sigurðar Einarssonar að Mjölnisholti 14 hér í bæ til að vita, hvort hann mundi ekki finna þar einhver verðmæti til að slá eign sinni á. Hann komst inn í smiðjuna um annaðhvort ólæstar eða illa læstar dyr. Hann sá peningaskáp inni í skrifstofunni, og fór hann með skápinn út í vinnusal smiðjunnar og reyndi að opna skápinn með logsuðutækjum, sem þar voru. Það tókst ekki, en hins vegar gat hann sprengt skápinn upp með hamri og meitli. Í skápnum reyndust vera kr. 300,00 að sögn ákærða, en kr. 200,00 að sögn fyrrnefnds Sigurðar Einarssonar, og sló ákærði eign sinni á peningana. Ákærði sló einnig

eign sinni á klukku í skrifstofunni og rafmagnslóðbolta í vinnusalnum. Hann hélt síðan á brott út úr húsinu með muni þessa og peninga. Hann eyddi peningunum til eigin þarfa, en lóðboltann og klukkuna geymdi hann heima hjá sér. Vísaði hann á muni þessa, þegar hann játaði brot sitt fyrir lögreglunni í sl. mánuði.

III.

Kvöld eitt stuttu eftir sl. áramót, líklega laugardaginn 5. eða sunnudaginn 6. janúar sl., gekk ákærði undir áhrifum áfengis um Camp Knox hér í bæ. Hann sá, hvar hurð á bragga einum var opin, og logaði þar ljós, en þetta var bragginn H 12. Ákærði leit inn í forstofuna og sá þá, hvar kuldaúlpa hékk þar á snaga. Sló hann eign sinni á úlpuna, fór í hana og notaði hana síðan, en klippti ofan af hettu hennar. Í sl. mánuði viðurkenndi ákærði brot þetta fyrir lögreglunni og skilaði þá úlpunni, sem síðan var afhent eigandanum.

IV.

Laugardagskvöldið 22. f. m. var ákærði undir áhrifum áfengis hér í bænum. Seint um kvöldið eða um nóttina fór hann inn á Háaleitisveg og ætlaði að hitta þar fólk, sem hann þekkir. Þegar þangað kom, hætti hann við að hitta fólkið og datt í hug að brjótast inn í kjötverzlun Kjötborgar h/f við Háaleitisveg í því skyni að fá sér eitthvað að borða og slá eign sinni á verðmæti, sem hann kynni að finna þar. Braut hann síðan upp bakdyrahurð í verzlunarhúsinu með því að spenna upp lásinn með járni, sem hann fann þar á staðnum. Fór hann svo inn í húsið og var þá kominn inn í geymslu verzlunarinnar. Þaðan komst hann svo inn í sjálfa verzlunina með því að brjóta upp hurð, sem þar var á milli. Brotnaði dyrakarmurinn á báðum stöðunum, en ekki sjálfar hurðirnar. Ákærði fann ekkert ætilegt í verzluninni. Hann braut þá upp peningakassa hennar með fyrrgreindu járni og sló eign sinni á peninga þá, sem þar voru, en það var einvörðungu skiptimynt, kr. 17,85. Tilkynnt hafði verið á lögreglustöðina um ferðir ákærða. Komu lögreglumenn á staðinn, og handtóku þeir ákærða inni í verzlunarhúsinu.

V.

Ákærði hefur með atferli því, sem lýst hefur verið í I.—IV. kafla hér að framan, gerzt brotlegur gegn 244. gr. almennra

hegningarlaga, nr. 19 12. febrúar 1940. Þykir refsing hans með hliðsjón af 77. gr., 1. mgr., hegningarlaganna og með tilliti til fyrri brota hans hæfilega ákveðin fangelsi í 12 mánuði.

Ákærði hefur setið í gæzluvarðhaldi síðan 28. f. m. Samkvæmt 76. gr. hegningarlaganna ber þessi vist hans að koma með fullri dagatölu refsingu hans til frádráttar.

Samkvæmt 68. gr., 3. mgr., hegningarlaganna ber að svipta ákærða kosningarrétti og kjörgengi til opinberra starfa og annarra almennra kosninga frá birtingu dóms þessa að telja.

Sigurður Einarsson hefur krafizt þess, að ákærði verði dæmdur til að greiða honum kr. 3.200,00, sem sundurliðast þannig: skemmdur peningaskápur kr. 3.000,00 og teknir peningar kr. 200,00, sbr. II. hér að framan. Ákærði hefur samþykkt bótakröfu þessa, og verður hún tekin til greina að öllu leyti.

Ákærða ber að dæma til greiðslu alls kostnaðar sakarinnar.

Dómsorð:

Ákærði, Jónas Guðmundsson, sæti fangelsi í 12 mánuði.

Gæzluvarðhaldsvist ákærða síðan 28. febrúar 1958 komi með fullri dagatölu refsingu hans til frádráttar.

Ákærði er sviptur kosningarrétti og kjörgengi til opinberra starfa og annarra almennra kosninga frá birtingu dóms þessa að telja.

Ákærði greiði Sigurði Einarssyni kr. 3.200,00.

Ákærði greiði allan kostnað sakarinnar.

Dómi þessum skal fullnægja með aðför að lögum.

Mánudaginn 12. janúar 1959.

Nr. 173/1958. **Ákæruvaldið** (Sigurður Ólason hrl.)
gegn
Jónasi Guðmundssyni (Páll S. Pálsson hrl.).

Dóminn skipuðu hinir reglulegu dómarar Hæstaréttar.

Þjófnaður.

Dómur Hæstaréttar.

Með skírskotun til 255. gr. laga nr. 19/1940 og forsendna hins áfrýjaða dóms ber að staðfesta hann.

Ákærði greiði allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin málflutningslaun sækjanda og verjanda fyrir Hæstarétti, kr. 900,00 til hvors.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður.

Ákærði, Jónas Guðmundsson, greiði allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin laun sækjanda og verjanda fyrir Hæstarétti, hæstaréttarlögmannanna Sigurðar Ólasonar og Páls S. Pálssonar, kr. 900,00 til hvors.

Dóminum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Dómur sakadóms Reykjavíkur 15. ágúst 1958.

Ár 1958, föstudaginn 15. ágúst, var í sakadómi Reykjavíkur, sem haldinn var á Fríkirkjuvegi 11 af Halldóri Þorbjörnssyni, kveðinn upp dómur í málinu nr. 4219/1958: Ákæruvaldið gegn Jónasi Guðmundssyni, sem tekið var til dóms sama dag.

Með ákæruskjali, út gefnu 25. júní sl., er Jónas Guðmundsson, nú til heimilis á Bergstaðastræti 9 hér í bæ, ákærður fyrir þjófnað skv. 244. gr. laga nr. 19/1940. Þykir ákærði hafa orðið brotlegur við téð lagaákvæði laugardagsmorguninn 24. maí sl. með því að stela yfirsæng úr skála C-25 í Kamp Knox.

Þess er krafizt, að ákærði verði dæmdur til refsingar, til sviptingar réttinda samkvæmt 3. mgr. 68. gr. alm. hegningarlaga svo og til greiðslu alls sakarkostnaðar.

Ákærði, sem fæddur er 19. des. 1910 að Tungu í Skarðshreppi, hefur áður sætt þessum kærum og refsingum:

1943 29/10 Siglufj. Sátt, 10 kr. sekt fyrir brot á lögreglusamþykkt.
1947 21/7 Siglufj. Sátt, 50 kr. sekt fyrir brot gegn áfengisl.
1952 12/12 Rvík. Sátt, 200 kr. sekt, 753 kr. skaðabætur fyrir ölvun, óspektir og spellvirki.
1953 6/3 Rvík. Sátt, 150 kr. sekt fyrir brot á 18. gr. áfengisl.
— 7/7 Rvík. Kærður fyrir ölvun innan húss. Fellt niður.
— 3/11 Rvík. Kærður fyrir skemmdarverk. Fellt niður.
— 20/12 Rvík. Kærður fyrir þjófnað. Fellt niður skv. ákv. 256. gr. hegningarlaga.
— 24/12 Rvík. Áminning fyrir ölvun innan húss.
1954 18/9 Rvík. Sátt, 150 kr. sekt fyrir ölvun á almannafæri.
1955 11/5 Rvík. Dómur, 6 mán. fangelsi, sviptur kosningarrétti og kjörgengi fyrir brot á 2. mgr. 257. gr. hegningarl.
1956 24/1 Rvík. Dómur, 6 mán. fangelsi, sviptur kosningarrétti og kjörgengi fyrir brot á 244. gr. hegningarl.
1957 16/7 Rvík. Kærður fyrir ölvun. Fellt niður.
— 20/11 Rvík. Sátt, 150 kr. sekt fyrir ölvun á almannafæri.
— 21/7 Rvík. Kærður fyrir ölvun innan húss. Fellt niður.
— 21/11 Rvík. Sátt, 100 kr. sekt fyrir ölvun á almannafæri.
— — Rvík. Sátt, 50 kr. sekt fyrir brot á l. nr. 73/1952.
— — Rvík. Kærður fyrir rúðubrot. Fellt niður.
— 7/12 Rvík. Sátt, 250 kr. sekt fyrir ölvun á almannafæri.
1958 15/2 Rvík. Sátt, 150 kr. sekt fyrir ölvun á almannafæri.
— 14/3 Rvík. Dómur, 12 mán. fangelsi, sviptur kosningarrétti og kjörgengi fyrir brot á 244. gr. hegningarl.

Málavextir eru þessir:

Að morgni laugardagsins 24. maí síðastl. kom ákærði ölvaður í skála C-25 í Kamp Knox, en þar býr Gunnar Ingimundarson, sem ákærði kvaðst þekkja. Húsið var ekki læst, og komst ákærði inn og allt að rúmi húsfreyju, Guðrúnar Magnúsdóttur. Tók hann hana tali, en hún skipaði ákærða út. Fór ákærði þá inn í herbergi það, sem Gunnar sefur í, en hann var þá farinn út. Ákærði tók þá sæng Gunnars og hafði með sér heim. Þegar Guðrún saknaði sængurinnar, leitaði hún aðstoðar rannsóknarlögreglu, og fannst sængin heima hjá ákærða, og var hún í poka þar utan við húsið. Ákærði gefur þá skýringu á tiltæki sínu, að hann hafi ætlað að hafa sængina Gunnars hjá sér, ef Gunnar skyldi koma þar og gista. Er skýring þessi marklaus, og verður

að líta svo á, að ákærði hafi slegið eign sinni á sængina. Sængin var dúnsæng, 2—3 ára gömul. Ákærði hefur samkvæmt þessu gerzt brotlegur við 244. gr. alm. hegningarlaga, og þykir refsing hans hæfilega ákveðin fangelsi 45 daga. Ákærði hefur unnið til sviptingar réttinda skv. 3. mgr. 68. gr. alm. hegningarlaga. Þá ber að dæma ákærða til greiðslu alls sakarkostnaðar.

Engin bótakrafa var gerð.

Dómsorð:

Ákærði, Jónas Guðmundsson, sæti fangelsi 45 daga.

Hann er sviptur kosningarrétti og kjörgengi til opinberra starfa og annarra almennra kosninga.

Ákærði greiði allan sakarkostnað.

Dóminum skal fullnægja með aðför að lögum.

Mánudaginn 12. janúar 1959.

Nr. 123/1958. **Ákæruvaldið** (Kristinn Gunnarsson hrl.)
gegn
Arnþóri Einarssyni (Ragnar Jónsson hrl.).

Dóminn skipuðu hinir reglulegu dómarar Hæstaréttar.

Áfengis- og bifreiðalagabrot.

Dómur Hæstaréttar.

Hafþór Guðmundsson, fulltrúi bæjarfógetans í Kópavogi, hefur kveðið upp hinn áfrýjaða dóm.

Eftir að bifreið sú, sem ákærði ók, hafði lent í árekstri við aðra bifreið á Reykjanesbraut aðfaranótt 22. september 1957, var ákærði fluttur á lögreglustöðina í Reykjavík. Kvaðst hann þá ekki vera undir áhrifum áfengis og synjaði þess, að blóðsýnishorn væri úr honum tekið samkvæmt 23. gr. þágildandi bifreiðalaga, nr. 23/1941, og var slík rannsókn látin undan falla vegna andmæla hans.

Þegar rannsóknarlögreglan tók skýrslu af ákærða hinn 22. september 1957, lýsti hann því í fyrstu, að hann hefði hvorki neytt áfengis á dansskemmtuninni í Silfurtunglinu

né heldur um kvöldið, áður en hann fór þangað. Eftir að Haraldur Haraldsson, sem var samferðamaður ákærða á dansskemmtunina, hafði gefið lögreglumönnum skýrslu um áfengisneyzlu ákærða bæði í Silfurtunglinu og áður en þangað var farið, breytti ákærði framburði sínum á þá leið, að hann hefði drukkið eitt glas af ginblöndu, áður en hann fór í Silfurtunglið, og haft með sér þangað ginblöndu í vasafleyg, sem hann hafi neytt af á skemmtuninni. Hafi hann fundið lítils háttar til áfengisáhrifa, en þau hafi verið horfin, er hann tók að aka bifreiðinni, enda hafi þá verið liðnar 2—3 klukkustundir, frá því að vasafleygurinn var tæmdur.

Þrír lögreglumenn, þeir Eyþór Magnússon, Kristján Jóhannesson og Hellert Jóhannesson, komu á árekstrarstaðinn á Reykjanesbraut, meðan ákærði var þar enn staddur. Hafa þeir borið vætti um ástand ákærða þá og unnið eið að framburði sínum. Lýsa þeir því allir, að ákærði hafi verið undir áhrifum áfengis, hann hafi verið reikull í spori og áfengislykt af honum. Eyþór og Kristján kveða málfar hans hafa verið óskýrt, og Hellert kveður hann hafa verið voteygðan. Hallgrímur Jónsson, sem var varðstjóri á lögreglustöðinni, þegar komið var með ákærða þangað, hefur borið það og staðfest fyrir dómi, að hann telji ákærða hafa þá verið undir áfengisáhrifum, hann hafi verið voteygður og jafnvægi óstöðugt, en málfar skýrt. Þá hefur og fyrrgreindur Haraldur Haraldsson lýst því fyrir dómi, að hann telji ákærða hafa verið undir áhrifum áfengis, en þó lítið.

Ákærði hefur viðurkennt áfengisneyzlu, eins og að framan segir, en neitað því, að honum væri tekið blóð til rannsóknar. Samkvæmt því og með skírskotun til framangreindra vitnaskýrslna verður að telja sannað, að ákærði hafi ekið bifreið í umrætt skipti undir áhrifum áfengis. Hefur hann með því brotið gegn ákvæðum 1. mgr. 23. gr. bifreiðalaga, nr. 23/1941, sbr. 38. og 39. gr. sömu laga og 2. gr. laga nr. 6/1951, og einnig gegn 2. mgr. 4. gr., sbr. 14. gr. umferðarlaga, nr. 24/1941, en framangreind lög

voru í gildi, þegar brotið var framið. Síðan hafa lög þessi verið numin úr gildi, og varðar brot ákærða nú við 2. mgr. 25. gr. umferðarlaga, nr. 26/1958, sbr. 80. og 81. gr. sömu laga, en þó svo, að samkvæmt 2. gr. laga nr. 19/1940 verða ákærða ekki gerð þyngri viðurlög en orðið hefði eftir hinum eldri lögum. Þá varðar brot ákærða einnig við 1. mgr. 24. gr., sbr. 45. gr. áfengislaga, nr. 58/1954. Þykir refsing ákærða hæfilega ákveðin 1.000,00 króna sekt til ríkissjóðs, og komi varðhald 6 daga í stað sektarinnar, ef hún greiðist ekki innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa. Þá þykir og rétt að svipta ákærða ökuleyfi í 3 mánuði.

Ákærða ber að greiða allan kostnað sakarinnar í héraði og fyrir Hæstarétti, þar á meðal laun skipaðs sækjanda hér fyrir dómi, kr. 2.000,00, og laun skipaðs verjanda í héraði og hér fyrir dómi, samtals kr. 3.000,00.

Dómsorð:

Ákærði, Arnþór Einarsson, greiði 1.000,00 króna sekt til ríkissjóðs, og komi varðhald 6 daga í stað sektarinnar, ef hún greiðist ekki innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa. Hann skal og sviptur ökuleyfi 3 mánuði.

Ákærði greiði allan kostnað sakarinnar í héraði og fyrir Hæstarétti, þar með talin laun skipaðs sækjanda í Hæstarétti, Kristins Gunnarssonar hæstaréttarlögmanns, kr. 2.000,00, og laun skipaðs verjanda í héraði og fyrir Hæstarétti, Ragnars Jónssonar hæstaréttarlögmanns, samtals kr. 3.000,00.

Dóminum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Dómur sakadóms Kópavogs 9. apríl 1958.

Mál þetta er höfðað með ákæruskjali dómsmálaráðherra, út gefnu hinn 30. janúar 1958, gegn Arnþóri Einarssyni verzlunarmanni, til heimilis að Kópavogsbraut 2, Kópavogi, fæddum hinn 1. nóvember 1918 að Búðarhóli í Austur-Landeyjum í Rangárvallasýslu, fyrir að hafa aðfaranótt sunnudagsins 22. september 1957 ekið bifreið sinni, R-4401, frá Hólmgarði 5 í Reykjavík

áleiðis til Kópavogsbrautar við mót Reykjanesbrautar í Kópavogi, þótt hann væri undir áhrifum áfengis, en brot þetta er í ákæruskjali talið varða við 1. mgr. 24. gr., sbr. 45. grein áfengislaga, nr. 58/1954, 1. mgr. 23. gr., sbr. 38. gr. bifreiðalaga, nr. 23 frá 1941, sbr. 2. gr. laga nr. 6/1951, um breyting á bifreiðalögunum, og 2. mgr. 4. gr., sbr. 14. gr. umferðarlaga, nr. 24 frá 1941, en til vara er mál þetta höfðað gegn ákærða fyrir að hafa verið haldinn slíkri þreytu og sljóleika við framangreindan akstur sökum undanfarandi áfengisneyzlu, að hann gat eigi stjórnað bifreiðinni R-4401 á tryggilegan hátt, og er það talið varða við 3. mgr. 23. gr., sbr. 38. gr. bifreiðalaga.

Krafizt er, að ákærði verði dæmdur til refsingar, til ökuleyfissviptingar samkv. 1. mgr. 24. gr. áfengislaga og 1. mgr. 39. gr. bifreiðalaga, svo og til greiðslu alls sakarkostnaðar.

Ákærði hefur náð lögaldri sakamanna, er fæddur hinn 1. nóvember 1918. Hann hefur áður sætt þessum kærum og refsingum:

Í Reykjavík:

Hinn 4/5 1949: Áminning fyrir brot gegn 10. gr., sbr. 28. gr. lögreglusamþykktar Reykjavíkur.

Hinn 8/5 1953: Sátt, 50 kr. sekt fyrir brot á 27. gr. bifreiðalaga og 2. mgr. 9. gr. umferðarlaga.

Í Kópavogi:

Hinn 24/7 1957: Áminning fyrir brot á 5. gr. umferðarlaga.

Málsatvik eru þessi:

Aðfaranótt sunnudagsins 22. sept. 1957, um kl. 2, fór ákærði ásamt konu sinni, Sólveigu Kristjánsdóttur, og þeim hjónum Haraldi Haraldssyni og Vigdísi Hannesdóttur, báðum til heimilis að Hólmgarði 5 í Reykjavík, af stað í bifreið Haralds áleiðis að Hólmgarði 5 frá Silfurtunglinu, en hjónin höfðu bæði verið þar á dansleik frá kl. 10 um kvöldið. Ók Haraldur sjálfur bifreið sinni, og var ferðinni heitið að Kópavogsbraut 2, heimili ákærða, og ætluðu þau öll að staldra við þar eftir dansleikinn, en koma að Hólmgarði 5 til að taka bifreið ákærða, R-4401. Þau komu þangað nokkru eftir kl. 2. Þá fór ákærði einn út úr bíl Haralds og hélt af stað á sínum bíl áleiðis til Kópavogsbrautar, en hin þrjú héldu á eftir í bíl Haralds. Var ekið hægt, og mun bifreið Haralds hafa verið alltaf um 4 metrum á eftir R-4401. Á Kópavogshálsi, nálægt benzínstöðinni, ók bifreiðin Ö-59 fram úr bíl Haralds og hélt á eftir R-4401, og er ákærði nálgaðist Kópavogsbrautina, lét hann, að því er fram hefur

komið, hægri stefnuvísinn út, tók góða beygju til vinstri til að ná ytri beygjunni til hægri og sveigði hægt inn á Kópavogsbrautina af Reykjanesbraut. En um leið og ákærði tók þannig beygjuna til hægri, ók Ö-59 fram með bíl ákærða, R-4401, hægra megin til að komast fram fyrir hann og renndi utan í hægri hlið bíls ákærða, þótt Ö-59 bremsaði og reyndi að sveigja til hægri, er hann sá, hvað verða vildi. Bílstjórinn á Ö-59 fór út og talaði við ákærða þarna, en rétt í því kom lögreglan og færði ákærða niður á lögreglustöð. Tók varðstjóri skýrslu af honum strax á stöðinni. Lögregluþjónar þeir, er athuguðu árekstrarstaðinn, gáfu einnig skýrslu. Ákærði neitaði að láta taka úr sér blóðsýnishorn, þar sem hann taldi sig ekki vera undir áhrifum áfengis, en var látinn anda í sérstakt öndunartæki, en tækið fylgir ekki málsskjölum og ekki nánari skilgreining. Ákærði var settur í fangageymslu lögreglunnar.

Vitnið Hallgrímur Jónsson varðstjóri, er tók skýrslu af ákærða eftir áreksturinn, telur við yfirheyrslu, að ákærði hafi verið undir áfengisáhrifum téða nótt, en í skýrslu vitnisins stendur þó, að málfar ákærða hafi verið skýrt, framkoma kurteis og andlit eðlilegt, jafnvægi óstöðugt og augu dauf. Vitnið Eyþór Magnússon, lögregluþjónn nr. 95, telur ákærða hafa verið undir áfengisáhrifum á árekstrarstaðnum og byggir það á því, að hann hafi verið reikull í spori, málfar óskýrt og áfengislykt af honum.

Vitnið Kristján Jóhannesson, lögregluþjónn nr. 44, telur sömuleiðis, að ákærði hafi verið með áfengisáhrifum á téðum tíma, og byggir það á sömu röksemdum sem lögregluþjónn nr. 95. Sama er að segja um framburð lögregluþjóns nr. 116, Hellerts Jóhannessonar, sem einnig kom á árekstrarstaðinn. En ekki samræmist framburður síðastnefndra þriggja vitna skýrslu varðstjórans að því leyti, að hinn síðastnefndi telur málfar ákærða hafa verið skýrt.

Vitnið Haraldur Haraldsson, sem var á árekstrarstaðnum, telur ákærða hafa fengið sér einn ginsjúss að Hólmgarði 5 eftir kl. 20 kvöldið áður, og var það blandað vatni. Þá telur vitnið ákærða hafa fengið sér áfengisblöndu út í gosdrykki á ballinu í Silfurtunglinu úr vasafleyg, sem ákærði hafði meðferðis, og muni hann hafa bragðað hana síðast um miðnætti kvöldið áður. Telur vitnið eitthvert áfengi hafa verið í ákærða við brottförina úr Silfurtunglinu, en samt svo lítið, að ókunnugir hefðu ekki merkt það.

Vitnið Vigdís Hannesdóttir, kona Haralds, sem einnig var með ákærða á ballinu, telur hann hafa fengið sér einn ginsjúss að

Hólmgarði 5 um kl. 20 um kvöldið áður, en ákærða sá hún aldrei drekka vín á ballinu. Hún man eftir a.m.k. einni bjórflösku á borði þeirra. Vitnið telur sig engin áfengisáhrif hafa merkt á ákærða og dansaði þó við hann eftir miðnættið.

Hins vegar man hún eftir, að ákærði hafi sagt, að áfengið væri búið um kl. 11.30 og ekkert annað áfengi muni ákærði hafa haft eða neytt umrætt kvöld og nótt, og merkti hún á engu stigi áfengisáhrif á ákærða, þótt hún vissi, að hann hefði bragðað vín á ballinu.

Vitnið Jón Birgir Guðnason, sem ók bílnum Ö-59 utan í bíl ákærða, lýsir staðreyndum eins og ákærði og lögreglan varðandi áreksturinn, en telur sig hafa merkt áfengisáhrif á honum eftir áreksturinn.

Í yfirheyrslu hjá rannsóknarlögreglunni 22. sept. 1957, er ákærði var yfirheyrður í annað sinn þann dag, virðist hann nánast viðurkenna að hafa fundið til áfengisáhrifa kvöldið fyrir áreksturinn, milli kl. 11—12, í Silfurtunglinu, en það var um 3 klukkustundum fyrir hinn kærða akstur. Í réttarhaldi í sakadómi Kópavogs 6. jan. 1958 kannast ákærði við að hafa tekið ofangreindan sjúss að Hólmgarði 5 kvöldið fyrir dansleikinn og einnig að hafa neytt ca. 2 sjússa af ginblöndu á dansleiknum. Telur hann sig hafa fundið lítillega á sér þá, en vínið hafa verið þrotið um ellefuleytið, og hafi hann ekki neytt annars áfengis um nóttina eða kvöldið.

Ákærði kvaðst hins vegar ekki hafa fundið til áfengisáhrifa, er hann ók bílnum.

Samkvæmt því, er rakið hefur verið hér að framan, þykja framburðir vitna í málinu svo ósamhljóða og á ótraustum stoðum reistir, að eigi verði sakfelling á þeim byggð vegna ölvunarákæru.

Þar sem önnur gögn en framangreindir vitnisburðir hafa ekki komið fram, að undanskilinni öndunarprófun, sem ekki sannar um áfengismagn í blóði, þykir verða að leggja framburð ákærða sjálfs til grundvallar um áfengisneyzlu og áhrif hennar.

Ber því að sýkna ákærða af ákæru fyrir ölvun við akstur samkv. 1. mgr. 24. gr., sbr. 45. gr. áfengislaga, nr. 58/1954, 1. mgr. 23. gr., sbr. 38. gr. bifreiðalaga, nr. 23/1941, sbr. 2. gr. laga nr. 6/1951, og 2. mgr. 4. gr., sbr. 14. gr. umferðarlaga, nr. 24/1941.

Ekkert hefur komið fram í málinu, sem sanni þreytu eða sljóleika ákærða við hinn kærða akstur, og niðurstaða rann-

sóknar varðandi árekstur inn sjálfan bendir frekar til hins gagnstæða. Þykir því verða að sýkna ákærða fyrir brot gegn 3. mgr. 23. gr., sbr. 38. gr. bifreiðalaga.

Þess ber að geta, að ekki var ákært fyrir að hafa neytt áfengis á opinberum stað, og kemur það brot ákærða hér eigi til álita.

Að öllu ofangreindu athuguðu verður að telja, að leggja beri kostnað allan af máli þessu, þar með talin málsvarnarlaun skipaðs verjanda ákærða, Ragnars Jónssonar hrl., á ríkissjóð.

Þykja málsvarnarlaunin hæfilega ákveðin kr. 1.000,00.

Dómsorð:

Ákærði, Arnþór Einarsson, skal sýkn af öllum kröfum ákæruvaldsins í máli þessu. Ríkissjóður greiði allan sakarkostnað málsins, þar með talin málsvarnarlaun skipaðs verjanda í máli þessu, Ragnars Jónssonar hrl., kr. 1.000,00.

Miðvikudaginn 14. janúar 1959.

Nr. 166/1958. **Ákæruvaldið** (Magnús Thorlacius hrl.)
gegn
Alídu Ólsen Jónsdóttur
(Sigurður Ólason hrl.).

Dóminn skipuðu hinir reglulegu dómarar Hæstaréttar.

Sýknað af bifreiðalagabroti. Sératkvæði.

Dómur Hæstaréttar.

Theódór S. Georgsson, fulltrúi bæjarfógetans í Vestmannaeyjum, hefur kveðið upp héraðsdóminn.

Samkvæmt athugun lögreglumanna á vettvangi var bifreið ákærðu, V-175, komin aðeins 80 sm inn á vegamót Skólavegar og Hvítingavegar, er umræddur árekstur varð. Virðist ökumaður V-37 því hafa haft nægilegt svigrúm til beygju þeirrar, sem um var að tefla. Að svo vöxnu máli þykir eigi í ljós leitt, að akstur ákærðu varði við lagaboð þau, sem í ákæruskjali eru talin. Ber því að sýkna hana af kröfum ákæruvaldsins.

Eftir þessum úrslitum leggst allur sakarkostnaður á ríkis-

sjóð, þar með talin laun verjanda í héraði, kr. 700,00, og laun sækjanda og verjanda fyrir Hæstarétti, kr. 1.500,00 til hvors.

Dómsorð:

Ákærða, Alida Ólsen Jónsdóttir, á að vera sýkn af kröfum ákæruvaldsins í máli þessu.

Allur sakarkostnaður greiðist úr ríkissjóði, þar með talin laun verjanda í héraði, Jóns Hjaltasonar héraðsdómslögmanns, kr. 700,00, og laun sækjanda og verjanda fyrir Hæstarétti, hæstaréttarlögmannanna Magnúsar Thorlacius og Sigurðar Ólasonar, kr. 1.500,00 til hvors.

Sératkvæði
hæstaréttardómaranna Árna Tryggvasonar og Jóns Ásbjörnssonar.

Ákærðu bar að gæta sérstakrar varúðar, er hún ók bifreið sinni eftir Skólavegi og mátti búast við umferð frá vinstri frá Hvítingavegi. Veitti það og ákærðu enn brýnni ástæðu til að gæta varúðar og stöðva bifreið sína við gatnamótin, að girðing virðist hafa skagað nokkuð út í Hvítingaveg við mót hans og Skólavegar. Nú er sannað með eiðfestum framburði þriggja vitna, að bifreið ákærðu var á ferð, er bifreið hennar og bifreiðin V-37 rákust á inni á gatnamótunum. Hefur ákærða því með akstri sínum brotið gegn þeim ákvæðum laga og lögreglusamþykktar, sem greind eru í ákæruskjali, sbr. nú 1. mgr. 48. gr. og 49. gr. umferðarlaga, nr. 26/1958. Leysir það ekki ákærðu undan sök, þótt mjög hafi skort á löglegan akstur af hálfu ökumanns V-37 í umrætt skipti.

Refsing ákærðu þykir hæfilega ákveðin 200,00 króna sekt í ríkissjóð, og komi varðhald 2 daga í stað sektarinnar, ef hún greiðist ekki innan 4 vikna frá birtingu dómsins. Ákvæði héraðsdóms um sakarkostnað eiga að vera óröskuð. Ákærða greiði allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin mál-

flutningslaun sækjanda og verjanda í Hæstarétti, kr. 1.500,00 til hvors.

Dómsorð okkar er því þannig:

Ákærða, Alída Ólsen Jónsdóttir, greiði 200,00 króna sekt í ríkissjóð, og komi varðhald 2 daga í stað sektarinnar, ef hún verður ekki greidd innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa.

Ákvæði héraðsdóms um málskostnað eiga að vera óröskuð.

Ákærða greiði allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin málflutningslaun sækjanda og verjanda í Hæstarétti, hæstaréttarlögmannanna Magnúsar Thorlacius og Sigurðar Ólasonar, kr. 1.500,00 til hvors.

Dóminum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Dómur sakadóms Vestmannaeyja 20. júní 1958.

Mál þetta, sem dómtekið var 9. þ. m., er höfðað af ákæruvaldsins hálfu með ákæruskjali, út gefnu 30. sept. sl. af dómsmálaráðherra, gegn Alídu Olsen Jónsdóttur, Heiðarvegi 51, Vestmannaeyjum, „fyrir að hafa fimmtudaginn 6. desember 1956 um kl. 11 ekið bifreiðinni V-175 suður Skólaveg í Vestmannaeyjum og inn í gatnamót hans og Hvítingavegar án þess að sýna nægilega aðgæzlu við aksturinn, með þeim afleiðingum, að bifreið ákærðu lenti í árekstri við bifreiðina V-37, sem ekið var henni á vinstri hönd inn í gatnamótin". Telst þetta varða við 1. mgr. 27. gr. bifreiðalaga, nr. 23/1941, 2. gr., 3. mgr. 4. gr. og 1. mgr. 7. gr. umferðarlaga, nr. 24/1941, og 49. gr. lögreglusamþykktar fyrir Vestmannaeyjar, nr. 41/1928.

Ákærist því framangreind Alída Olsen Jónsdóttir til að sæta refsingu skv. 38. gr. l. nr. 23/1941, 14. gr. l. nr. 24/1941 og 84. gr. lögreglusamþykktar fyrir Vestmannaeyjar, nr. 41/1928, og til greiðslu alls sakarkostnaðar.

Ákærða er fædd 22. desember 1924 á Ísafirði og hefur ekki sætt ákæru eða refsingu, svo að kunnugt sé.

Málavextir eru þessir:

Fimmtudaginn 6. desember um kl. 11 varð bifreiðaárekstur á gatnamótum Skólavegar og Hvítingavegar milli vörubifreiðarinnar V-37, sem Már Frímannsson ók, og fólksbifreiðarinnar V-175, sem ekið var af ákærðu. Við áreksturinn urðu allmiklar skemmdir á V-175, en engar skemmdir urðu á V-37. Að frum-

rannsókn lokinni var málið sent dómsmálaráðuneytinu til fyrirsagnar. Ráðuneytið taldi báða bifreiðarstjórana vera samvalda að árekstrinum og heimilaði, að málinu mætti ljúka með réttarsátt. Var gerð réttarsátt við Má Frímannsson í sakadómi Vestmannaeyja 18. júlí 1957 vegna brots hans, en ákærða neitaði að undirgangast greiðslu sektar, þar eð hún taldi sig ekki hafa átt sök á árekstrinum. Dómsmálaráðherra fyrirskipaði þá málshöfðun á hendur ákærðu, eins og að framan greinir.

Ákærða skýrir svo frá, að hún hafi komið akandi upp Skólaveg á bifreiðinni V-175, og kveðst hafa ekið alveg með rennusteinunum á vinstri vegarhelmingi með 10—12 km hraða á klst. Þegar ákærða kom að gatnamótum Hvítingavegar og Skólavegar, kveðst hún hafa séð vörubifreiðina V-37 koma akandi vestur Hvítingaveg, og ætlaði sú bifreið sýnilega að aka inn á Skólaveg. Hægði ákærða þá ferðina og stöðvaði bifreiðina á horninu, og kveður hún bifreið sína þá ekki hafa verið komna inn á Hvítingaveg. Ákærða segir, að bifreiðinni V-37 hafi verið ekið frekar hægt eftir miðjum Hvítingavegi, og beygði bifreiðin til hægri inn á Skólaveg. Þegar bifreiðin V-37 beygði inn á Skólaveg, rakst hún á bifreið ákærðu að sögn hennar. Kveður ákærða bifreiðina V-37 hafa rekizt á framhögghlífina hægra megin á V-175 svo og á hægra frambrettið. Við árekstur inn bognaði endinn á högghlífinni, hægra frambrettið eyðilagðist, og bæði framljósin hægra megin brotnuðu. Enn fremur skemmdist hlífin á vélarhúsinu.

Már Frímannsson bifreiðarstjóri skýrir svo frá, að hann hafi komið akandi vestur Hvítingaveg á vörubifreiðinni V-37. Hann kveðst hafa ekið með hægri ferð vinstra megin á götunni. Már kveðst hafa tekið góða beygju til hægri inn á Skólaveg. Þegar hann tók beygjuna, kveðst hann hafa séð til ferða bifreiðarinnar V-175, sem kom akandi upp Skólaveg, og var bifreiðin á móts við húsið Skólaveg 27, þegar Már kom auga á hana. Már kveðst ekki hafa talið neina hættu á árekstri af völdum nefndrar bifreiðar, þar eð bifreiðin kom frá hægri og var í þó nokkurri fjarlægð frá honum, er hann ók inn á Skólaveg. Að sögn Más rákust bifreiðarnar saman á beygjunni. Hann kveðst ekki hafa haft aðstöðu til þess að dæma um það, hvort bifreiðin V-175 var þá á ferð eða hafði numið staðar. Már kveður V-175 hafa verið komna nokkuð fram fyrir hornið á Hvítingavegi eða sem næst á móts við miðjan Hvítingaveg, þegar árekstur inn varð.

Vitnið Árni Pálsson sjómaður ber, að það hafi verið statt

á gatnamótum Skólavegar og Hvítingavegar, þegar það sá fólksbifreiðina V-175 koma akandi á hægri ferð alveg með rennusteinunum á vinstri vegarhelmingi Skólavegar. Vörubifreiðin V-37 kom akandi vestur Hvítingaveg og beygði inn á Skólaveg, og var bifreiðin um 1 faðm frá horninu á gangstéttinni við húsið Skólaveg 27, þ. e. á hægri vegarhelmingi. Í sömu andrá kom bifreiðin V-175 akandi að nefndu horni á hægri ferð, og rákust bifreiðarnar saman. Virtist vitninu, að V-175 lenti með hægra frambretti á hægra afturhjóli V-37. Vitnið kveður V-175 hafa verið á hægri ferð, er bifreiðarnar rákust saman. Vitnið kveður bifreiðina V-175 hafa verið komna aðeins fram fyrir hornið á Hvítingavegi, þegar árekturinn varð.

Vitnið hefur staðfest framburð sinn með eiði.

Vitnið Þórður Ólafsson forstjóri, sem var farþegi í bifreiðinni V-175, ber, að það hafi setið í aftursæti bifreiðarinnar. Vitnið kveður bifreiðina hafa ekið mjög hægt upp vinstri vegarhelming Skólavegar. Þegar bifreiðin nálgaðist gatnamót Skólavegar og Hvítingavegar, kveðst vitnið hafa tekið eftir vörubifreiðinni V-37, sem kom akandi vestur Hvítingaveg að gatnamótunum. Bifreiðin hægði ferðina, er hún kom að gatnamótunum, en eigi að síður atvikaðist það þannig, að bifreiðarnar rákust á, og virtist vitninu, að V-175 rækist á hægra afturhjól V-37. Vitnið kveður V-175 hafa verið á mjög hægri ferð og við það að stanza, þegar árekturinn varð. Bifreiðin V-37 ók einnig mjög hægt, en vitninu virtist bifreiðin vera á hægri vegarhelmingi. Vitnið segir, að sér hafi virzt V-175 ekki vera komin lengra en á móts við hornið, þegar árekturinn varð, en kveðst þó ekki þora að fullyrða það.

Vitnið hefur staðfest framburð sinn með eiði.

Vitnið Halldóra Hjaltadóttir ber, að það hafi setið í aftursæti bifreiðarinnar V-175. Það kveður bifreiðina hafa ekið hægt upp Skólaveg á vinstri vegarhelmingi. Vitnið segist hafa tekið eftir vörubifreið, sem kom akandi mjög hægt sem næst á miðjum Hvítingavegi, að því er vitnið minnir, og beygði bifreiðin inn á Skólaveg. Þegar vörubifreiðin var að beygja inn á Skólaveg, rákust bifreiðarnar saman, og minnir vitnið, að V-175 hafi lent á hægra afturhjóli V-37. Vitnið segir, að báðar bifreiðarnar hafi verið á ferð, þegar árekturinn varð, en kveður V-175 hafa ekið mjög hægt og verið við það að stanza. Við árekturinn kastaðist V-175 aftur á bak, að því er vitnið minnir. Vitnið kveður sig minna, að V-175 hafi verið rétt um hornið á Hvítingavegi, þegar árekturinn varð, eða verið komin rétt fram fyrir það.

Vitnið hefur staðfest framburð sinn með eiði.

Verjandi ákærðu hefur krafizt þess, að ákærða verði sýknuð í máli þessu, m. a. vegna þess, að bifreiðin V-37 er ranglega tilgreind í ákæruskjali sem V-27. Þar eð hér er um augljósa ritvillu að ræða og hegðun ákærðu virðist vera rétt lýst í ákæruskjali, verður varnarástæða þessi ekki tekin til greina, sbr. 3. mgr. 118. gr. l. nr. 27/1951.

Með því að þrjú vitni, sem staðfest hafa framburð sinn með eiði, hafa öll borið, að bifreið ákærðu hafi verið á ferð, er árekstur inn varð, verður að telja nægilega sannað þrátt fyrir neitun ákærðu, að hún hafi með akstri sínum umrætt sinn gerzt brotleg við 1. mgr. 27. gr. bifreiðalaga, nr. 23/1941, 2. gr., 3. mgr. 4. gr. og 1. mgr. 7. gr. umferðarlaga, nr. 24/1941, svo og 49. gr. lögreglusamþykktar fyrir Vestmannaeyjar, nr. 41/1928.

Refsing ákærðu þykir skv. 38. gr. bifreiðalaga, 14. gr. umferðarlaga og 84. gr. lögreglusamþykktar fyrir Vestmannaeyjar hæfilega ákveðin 500,00 kr. sekt til ríkissjóðs, og komi 3 daga varðhald í stað sektarinnar, verði hún eigi greidd innan 4 vikna frá lögbirtingu dómsins.

Þá ber að dæma ákærðu til greiðslu alls sakarkostnaðar, þar með talin málsvarnarlaun verjanda hennar, Jóns Hjaltasonar hdl., kr. 700,00.

Dómsorð:

Ákærða, Alída Olsen Jónsdóttir, greiði 500,00 kr. sekt til ríkissjóðs, og komi 3 daga varðhald í stað sektarinnar, verði hún eigi greidd innan 4 vikna frá lögbirtingu dómsins.

Ákærða greiði allan kostnað sakarinnar, þar með talin málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Jóns Hjaltasonar hdl., kr. 700,00.

Dóminum skal fullnægja með aðför að lögum.

Miðvikudaginn 14. janúar 1959.

Nr. 187/1958. **Ingimar Jónsson**
gegn
Einari Stefánssyni.

Dóminn skipuðu hinir reglulegu dómarar Hæstaréttar.

Kærumál. Frávísun héraðsdóms hrundið.

Dómur Hæstaréttar.

Með kæru 27. nóvember sl., er barst Hæstarétti 16. desember sl., hefur sóknaraðili kært til Hæstaréttar frávísunardóm, upp kveðinn á bæjarþingi Reykjavíkur 20. nóvember sl. Krefst sóknaraðili þess, að hinn kærði dómur verði ómerktur og málinu vísað heim í hérað til dómsálagningar af nýju. Þá krefst hann og kærumálskostnaðar úr hendi varnaraðilja.

Varnaraðili krefst kærumálskostnaðar úr hendi sóknaraðilja.

Þegar litið er til gagna þeirra, sem sóknaraðili hefur lagt fram til stuðnings kröfum sínum í gagnsök í héraði, eru eigi efni til að vísa gagnsökinni í heild frá dómi. Að því er snertir tvær kvittanir á dómskjali 10 (fyrir kr. 4.500,00 og kr. 6.000,00), er rétt, að héraðsdómari samkvæmt 114. gr. laga nr. 85/1936 kveðji málsaðilja fyrir dóm til nánari skýrslugjafar um gögn þessi.

Samkvæmt því, er nú var rakið, ber að fella hinn kærða dóm úr gildi og vísa málinu heim í hérað til löglegrar meðferðar. Þá ber og að dæma varnaraðilja til að greiða sóknaraðilja kærumálskostnað, er ákveðst kr. 800,00.

Dómsorð:

Hinn kærði dómur á að vera ómerkur, og vísast málinu heim í hérað til löglegrar meðferðar.

Varnaraðili, Einar Stefánsson, greiði sóknaraðilja, Ingimar Jónssyni, kr. 800,00 í kærumálskostnað að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur bæjarþings Reykjavíkur 20. nóvember 1958.

Mál þetta, sem dómtekið var í dag, hefur Einar Stefánsson, múrarameistari hér í bæ, höfðað á bæjarþinginu með stefnu, út gefinni 13. marz 1953, gegn Ingimar Jónssyni, húsgagnasmíðameistara hér í bænum, til greiðslu á skuld, að eftirstöðvum kr. 3.609,24, auk 6% ársvaxta frá stefnudegi til greiðsludags og málskostnaði.

Stefndi hefur krafizt sýknu og málskostnaðar. Enn fremur hefur stefndi höfðað gagnsök með stefnu, út gefinni 7. nóvember 1953, og krafizt þess, að gagnstefndi verði dæmdur til að greiða kr. 24.728,36 með 6% ársvöxtum frá 31. desember 1952 til greiðsludags auk málskostnaðar í gagnsök.

Gagnstefndi hefur krafizt sýknu og málskostnaðar í gagnsök.

Málavextir eru þeir, að gagnstefnandi og annar maður hófu að byggja íbúðarhús að Ægisíðu 72 hér í bæ í júnímánuði 1952, og höfðu þeir ráðið aðalstefnanda til þess að sjá um múrvinnu við húsið og til þess að ráða menn til hennar. Nokkru eftir að undirbúningsvinna hófst, hætti félagi gagnstefnanda við húsbygginguna, og var hún síðan á vegum gagnstefnanda eins, en hann samdi við aðalstefnanda um að halda áfram starfinu. Verki aðalstefnanda virðist hafa verið lokið um áramót 1952—1953, og samkvæmt skuldaryfirlýsingu gagnstefnanda, dags. 1. febrúar 1953, skuldaði hann aðalstefnanda kr. 3.609,24, og hefur aðalstefnandi höfðað mál þetta til heimtu þeirrar fjárhæðar.

Krafa aðalstefnanda byggist á því, að hann hafi átt hjá gagnstefnanda kr. 7.609,24 fyrir störf sín við húsbygginguna, en því til frádráttar hafi átt að koma húsgögn fyrir kr. 4.000,00, er hann hafði fengið hjá gagnstefnanda.

Gagnstefnandi byggir sínar kröfur á því, að hann hafi fengið dómkvadda hinn 26. janúar 1953 tvo matsmenn, er meta skyldu múrvinnu, járnlögn og hreinsun á timbri við byggingu framangreinds húss. Matsgerð hinna dómkvöddu manna er dagsett hinn 16. febrúar s. á. og nemur kr. 56.444,00. Að beiðni gagnstefnanda voru dómkvaddir yfirmatsmenn hinn 27. marz s. á., og mátu þeir verk aðalstefnanda á kr. 55.883,00 samkvæmt matsgerð, dags. 28. sept. 1953. Gagnstefnandi telur sig hafa greitt aðalstefnanda kr. 82.420,36 fyrir verk hans og telur sig því eiga hjá honum mismuninn á þeirri fjárhæð og yfirmatinu, þ. e. kr. 26.537,36. Hins vegar viðurkennir hann, að aðalstefnandi hafi lagt út kr. 7.609,00, en að frá þeirri fjárhæð beri að draga kr. 5.800,00 fyrir húsgögn

þau, er hann hafi afhent aðalstefnanda. Mismun þeirra fjárhæða, kr. 1.809,00, beri að draga frá framantalinni ofgreiðslu, og kemur þá út krafa hans í gagnsökinni, kr. 24.728,36.

Mál þetta var munnlega flutt og dómtekið hinn 19. september 1956. Að því loknu kvað bæjarþingið upp úrskurð, svo hljóðandi:

„Áður en dómur verður lagður á mál þetta, þykir rétt með vísan til 120. gr. einkamálalaganna að veita aðiljum kost á að afla eftirtalinna gagna:

1. skýrslna aðilja fyrir dómi um það, hver háttur var á hafður um greiðslur til aðalstefnanda fyrir verk þau, er um ræðir í málinu,
2. skýrslu gagnstefnanda fyrir dómi um það, hve mikið fé hann hafi greitt aðalstefnanda samtals fyrir nefnd verk,
3. annarra þeirra gagna, er framangreindar skýrslur kunna að gefa efni til.

Því úrskurðast:

Aðiljum er veittur kostur á öflun framantalinna gagna svo fljótt sem unnt er."

Af úrskurði þessum mátti ljóst vera, að kröfur gagnstefnanda í gagnsök þóttu þurfa aukinna skýringa og rökstuðnings, áður en unnt væri að leggja dóm á þær. Gagnstefnandi hefur hins vegar ekki hirt um að koma slíkum gögnum að í málinu, og þykir því rétt að vísa gagnsökinni sjálfkrafa frá dómi. Rétt þykir og, að málskostnaður falli niður í gagnsök, enda hefur gagnstefndi ekki heldur lagt fram nein gögn þess eðlis, sem framangreindur úrskurður fjallaði um.

Dóminn kváðu upp þeir Bjarni Bjarnason, fulltrúi borgardómara, og meðdómsmennirnir Björn Rögnvaldsson húsasmíðameistari og Einar Sveinsson múrarameistari.

Dómsorð:

Gagnsökinni í máli þessu er vísað frá dómi sjálfkrafa, en málskostnaður í henni felldur niður.

Mánudaginn 19. janúar 1959.

Nr. 150/1958. **Ákæruvaldið** (Sveinbjörn Jónsson hrl.)
gegn
Guðjóni Magnússyni Guðlaugssyni
(Egill Sigurgeirsson hrl.).

Dóminn skipuðu hinir reglulegu dómarar Hæstaréttar.

Manndráp.

Dómur Hæstaréttar.

Með skírskotun til forsendna héraðsdóms ber að staðfesta hann.

Ákærði greiði allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin laun sækjanda og verjanda fyrir Hæstarétti, kr. 6.000,00 til hvors.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður.

Ákærði, Guðjón Magnússon Guðlaugsson, greiði allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin málflutningslaun sækjanda og verjanda fyrir Hæstarétti, hæstaréttarlögmannanna Sveinbjörns Jónssonar og Egils Sigurgeirssonar, kr. 6.000,00 til hvors.

Dóminum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Dómur sakadóms Reykjavíkur 14. júlí 1958.

Ár 1958, mánudaginn 14. júlí, var í sakadómi Reykjavíkur, sem haldinn var í hegningarhúsinu við Skólavörðustíg, kveðinn upp dómur í málinu nr. 3219/1958: Ákæruvaldið gegn Guðjóni Magnússyni Guðlaugssyni, sem tekið var til dóms hinn 9. þ. m.

Með ákæruskjali dómsmálaráðherra, dagsettu 5. f. m., er opinbert mál höfðað gegn Guðjóni Magnússyni Guðlaugssyni sjómanni, til heimilis í Skálholti í Grindavík, fyrir að hafa laugardagskvöldið 1. marz 1958 í íbúðarherbergi í rishæð hússins nr. 12 B við Eskihlíð hér í bæ ráðizt að unnustu sinni, Sigríði Hreiðar Sigurgeirsdóttur, og stungið hana tvisvar eða þrisvar sinnum með hníf

undir holhönd vinstra megin með þeim afleiðingum, að stúlkan beið bana.

Í ákæruskjali er brot þetta talið varða við 211. gr. almennra hegningarlaga, nr. 19/1940, og þess krafizt, að ákærði verði dæmdur til refsingar, sviptingar réttinda samkvæmt 3. mgr. 68. gr. almennra hegningarlaga og til greiðslu alls sakarkostnaðar.

Ákærði er kominn yfir lögaldur sakamanna, fæddur 5. marz 1926 í Grindavík.

Á árunum 1944 til 1948 var hann þrisvar sektaður fyrir ölvun og óspektir og einu sinni fyrir ölvun um kr. 25,00 til kr. 200,00 í hvert sinn, en að öðru leyti hefur hann eigi sætt ákæru né refsingu, svo að kunnugt sé.

Málavextir eru þessir:

Sunnudaginn 2. marz sl. kl. 17.25 var rannsóknarlögreglunni tilkynnt frá lögreglustöðinni, að grunur lægi á því, að stúlka hefði verið myrt í herbergi í rishæð hússins Eskihlíð 12 B og að líkið væri þar í herberginu. Samtímis tilkynnti lögreglustöðin þetta lögregluþjónum, sem voru í lögreglubifreið á Hverfisgötu, og fóru þeir samkvæmt fyrirmælum frá stöðinni tafarlaust á vettvang. Ingólfur Þorsteinsson, yfirvarðstjóri í rannsóknarlögreglunni, sem tók við tilkynningunni af rannsóknarlögreglunnar hálfu, ók tafarlaust á vettvang eftir að hafa beðið lögreglustöðina að ná sambandi við borgarlækni og biðja hann að koma á vettvang. Þegar yfirvarðstjórinn kom þangað, voru í ganginum fyrir utan herbergið, sem líkið var í, fimm lögregluþjónar, en í öðru herbergi sömu íbúðar voru Sigurgeir Guðnason sjómaður, Skólavörðustíg 35, 61 árs að aldri, og dótturdóttir hans, Ingunn Ólafsdóttir, 16 ára, til heimilis hjá honum. Kom þá strax fram, að Sigurgeir hafði opnað herbergið, sem líkið var í, og séð það, en Ingunn þá þegar gert lögreglunni aðvart. Eftir að hafa fengið nauðsynlegustu upplýsingar hjá Sigurgeir náði yfirvarðstjórinn símasambandi við Svein Sæmundsson, yfirlögregluþjón í rannsóknarlögreglunni, og Ragnar Vigni, forstöðumann tæknideildar rannsóknarlögreglunnar, og komu þeir brátt á vettvang. Enn fremur náði lögreglan í kvenlögregluna, sem tók að sér að hughreysta Ingunni og koma henni í burtu, en henni hafði orðið mjög mikið um aðkomuna.

Eigi tókst strax að ná í borgarlækni, en þess í stað var náð í prófessor Sigurð Samúelsson yfirlækni, sem kom á vettvang hið skjótasta og athugaði líkið, en rannsóknarlögreglan gerði athugun á vettvangi öllum. Samkvæmt skýrslu yfirlæknisins og rann-

sóknarlögreglunnar lá líkið á legubekk undir sæng og með kodda undir höfði. Það lá á bakinu, nærri teinrétt, en hallaðist aðeins til hægri hliðar, og lá höfuðið út á hægri öxlina. Hægri handleggur lá upp á brjóstið, en sá vinstri niður með síðunni. Allmikið blóð hafði runnið úr vitum líksins, og var sængin nokkuð blóði drifin í þann endann, sem vissi að höfðinu. Líkið var kalt og stirðnað, og taldi yfirlæknirinn ljóst, að stúlkan hefði látizt fyrir alllöngum tíma. Hann sá, að líkið var klætt í brjóstahaldara og venjuleg undirföt, sem virtust vera í beztu reglu.

Þar sem þess var beðið, að vettvangur yrði ljósmyndaður, fór yfirlæknirinn á brott, án þess að líkið væri hreyft úr stað, en mjög skömmu síðar, um kl. 18.00, kom fulltrúi borgarlæknis, Haraldur læknir Guðjónsson, og skoðaði líkið. Skýrsla hans er í samræmi við framanskráða lýsingu, en til viðbótar segir svo í skýrslunni: „Rétt aftan og neðan við vinstri holhönd voru tvö stungusár, bæði greinilega djúp og með skörpum, ómörðum brúnum. Vall ljósgulleitur, þunnur vessi úr þeim báðum, er líkið var hreyft. Þriðja sárið var aftan til og ofarlega á vinstra upphandlegg, en það var grunnt. Mjög lítil blóðstorka var í þessum sárum. Á veggnum voru blóðyrjur fram og upp frá vinstri öxl líksins, eins og það lá, er ég skoðaði það. Einnig var blóð og vessapollur á gólfinu aftan við legubekkinn við vegginn. Er líkið var klætt úr, fannst kviður nokkuð uppþaninn. Engin önnur áverkamerki var að sjá eða finna á líkinu.

Eins og að framan greinir, var líkið alstirt og kalt og líkblettir greinilegir, er ég skoðaði það. Þar eð venjulegur stofuhiti var í herberginu, tel ég, að dauði konunnar hafi átt sér stað fyrir minnst 16—20 klst.

Staðsetning og fjöldi umræddra stungusára svo og aðrar aðstæður benda til þess, að konan hafi ekki getað veitt sér þessa áverka sjálf. Sennilegast er, að annað eða bæði sárin neðan og ofan til við holhöndina hafi náð inn í lunga og valdið blóðuppgangi þeim, sem fyrr er nefndur. Þykir mér líklegt, að stungusár þessi hafi orðið konunni að bana."

Rannsóknarlögreglumönnunum virtist vera ljóst, að þarna hefðu engin átök orðið, og eigi var svo að sjá, að hin látna hefði brotizt um, þegar hún var stungin.

Fyrir framan legubekkinn var borð og á því glös og flöskur, og virtist ekkert hafa hreyfzt, hvorki borðið né það, sem á því var. Það virtist ljóst, að hin látna hafði farið úr utanyfirfötum og lagzt undir sæng á legubekkinn með eðlilegum hætti. Kápa

hennar lá á legubekk við norðurvegg í herberginu, — hinn legubekkurinn var við suðurvegginn, — kjóll og undirkjóll lágu á stól innst í herberginu, sokkarnir á litlu borði og skórnir á gólfinu framan við legubekkinn.

Á borðinu fyrir framan legubekkinn við suðurvegginn var tóm þriggja pela koníaksflaska, tvær flöskur undan gosdrykkjum og vatnsglas nærri fullt af vatni með hvítleitri leðju á botninum. Reyndist þetta vera aspirín, og pillur, sem voru í flösku í eldhúsinu, reyndust vera aspirín.

Á litlu borði innan við hitt borðið voru tvö vatnsglös, sem sennilega höfðu verið notuð nýlega, og flaska undan gin, nærri full af vatni. Fundust fingraför ákærða á koníaksflöskunni og annarri gosdrykkjarflöskunni.

Í suðausturhorni herbergisins fannst hnífur úr ryðfríu stáli með tréskafti. Blað hans var 20 sm langt, stinnt, oddmjótt og alblóðugt. Leit út fyrir, að hnífnum hefði verið kastað á gólfið og að blóðdropar hefðu þá hrokkið upp á þilið.

Undir legubekknum, sem líkið lá á, fannst hrátt stykki af bjúga, og var höggvið víða í það, sýnilega með beittum hníf. Tveir minni bitar af sams konar bjúga fundust, annar á legubekknum við norðurvegginn, en hinn á gólfinu.

Líkið var flutt í Rannsóknarstofu Háskólans, og fór þar fram réttarkrufning hinn 3. sama mánaðar. Í skýrslu Níels Dungals prófessors fyrir hönd rannsóknarstofunnar um krufninguna er líkinu, sem var mjög blóðugt um andlit og víðar, lýst, og er niðurstaða rannsóknarstofunnar þessi:

„Við krufninguna fundust tvö stungusár í holhöndinni v. m., og hafði annað þeirra stungizt í gegnum vinstra lungað, en hitt í gegnum hryggæðina, og hafði það sýnilega verið tvístungið, og náði önnur stungan alveg í gegnum hryggæðina. Stungan í lunganu hafði farið í gegnum berkjur og æðar, svo að konan hefur fengið mikla blóðspýju og blóðið gusazt út um munn og nef. Stungan á hryggæðinni hefur fljótt valdið mikilli blæðingu inn í brjósthol, og er sýnilegt, að hnífnum hefur verið kippt nokkuð út og hann síðan rekinn aftur í gegnum æðina. Þessar stungur í gegnum lunga og hryggæð hafa fljótt valdið bana með fossandi blæðingum."

Hin látna var Sigríður Hreiðar Sigurgeirsdóttir, Skólavörðustíg 35, fædd 5. ágúst 1921. Hafði hún alla tíð átt heima hjá foreldrum sínum, nefndum Sigurgeir Guðnasyni og konu hans, Ingunni Guðrúnu Jónínu Ólafsdóttur, og þar á heimilinu ólst upp dóttir henn-

ar, áðurnefnd Ingunn Ólafsdóttir. Fyrir 2—3 árum höfðu Sigríður og ákærði opinberað trúlofun sína, og einn son áttu þau saman, Sigurgeir að nafni, fæddan 25. nóvember 1955, sem Sigríður ól upp.

Upplýst er, að samkomulag ákærða og Sigríðar eftir opinberun trúlofunarinnar var miður gott með köflum, og virðist það einkum hafa stafað af áfengisneyzlu ákærða, geðofsaköstum hans, þegar hann var undir áfengisáhrifum, og mikilli afbrýðisemi hans, sem hann þó telur eigi hafa átt við rök að styðjast. Gekk þetta ósamkomulag oftar en einu sinni svo langt, að Sigríður tók ofan trúlofunarhringinn, en fyrir fortölur ákærða og móður hennar setti hún þó hringinn ætíð upp aftur. Síðastliðið haust eða í vetur ákváðu þau, ákærði og Sigríður, að fara að búa saman, og til þess að svo mætti verða, festi ákærði í sl. nóvembermánuði, að því er virðist, kaup á íbúð í rishæðinni í Eskihlíð 12 B hér í bæ. Síðan vann hann nokkuð að lagfæringum á íbúðinni, og virðist ætlunin hafa verið, að þau færu að búa þar skömmum tíma eftir, að sá atburður varð, sem mál þetta er af risið.

Á sl. vetrarvertíð var ákærði landmaður við v/b Vilborgu, KE 51, í Keflavík, en kom öðru hverju hingað til bæjarins og bjó þá í nefndri risíbúð. Hefur hann skýrt svo frá, að sér hafi virzt Sigríður lítt ánægð með íbúðina og að sér hafi virzt hún draga allt á langinn með, að sambúð þeirra hæfist. Í sumar og haust og það, sem af var vetrinum, hafði mjög sótt á hann grunur um ótryggð Sigríðar við sig. Eigi er í ljós leitt, að hún hafi veitt nokkurt tilefni til þessa grunar, og hefur ákærði sjálfur, eins og áður segir, talið hann ástæðulausan eða á misskilningi byggðan. Eftir því sem tíminn leið, settist afbrýðisemin meir og meir að honum, og leiddi hún hann til þess að kaupa hníf þann, sem áður er nefndur. Var það nokkrum dögum fyrir 1. marz, að hann keypti hnífinn í verzlun einni hér í bænum með það í huga að nota hann annaðhvort á sjálfan sig eða Sigríði, þó frekar á sjálfan sig. Fannst honum hann ekki geta lifað, ef hann missti Sigríðar, né geta unnt neinum öðrum manni að njóta hennar. Með hnífinn fór hann úr verzluninni heim í íbúðina í Eskihlíð 12 B, og þar var hann síðan, unz lögreglan tók hann.

Föstudagskvöldið 28. febrúar sl. kom ákærði hingað til bæjarins og fór að mála í íbúðinni. Eigi kom Sigríður til hans það kvöld, og segir hann hana hafa borið við annríki. Morguninn eftir keypti hann bjúgað og einnig koníaksflöskuna, en hann kveðst hafa lofað Sigríði því á föstudagskvöldið að kaupa flösk-

una, því að hún hafi haft við orð að koma ekki til hans á laugardagskvöldið að öðrum kosti. Þegar hann kom með bjúgað upp í íbúðina, settist það að honum, að Sigríður hefði eigi komið til hans kvöldið áður og sett það skilyrði fyrir komu sinni til hans þetta kvöld, að hann hefði koníak. Flaug honum þá í hug að stytta sér aldur með hnífnum, og í því sambandi reyndi hann hnífinn á bjúganu, sem hann kastaði síðan frá sér í herberginu. Eigi beitti hann þó hnífnum á sjálfan sig í þetta sinn.

Á laugardaginn var ákærði að vinna í íbúðinni. Sigríður kom þá til hans með miðaftanskaffið, og drukku þau þá lítið eitt úr koníaksflöskunni. Fyrir kvöldverðartíma fóru þau heim til Sigríðar á Skólavörðustíg 35. Þar borðuðu þau kvöldverð, og kveðst Sigurgeir Guðnason þá eigi hafa séð nein áfengisáhrif á þeim. Eftir kvöldverðinn fóru þau saman gangandi suður í Eskihlíð 12 B, og af því að Sigríði langaði á dansleik um kvöldið, klæddi hún sig til slíkrar ferðar.

Frá þessum tíma og fram að andláti Sigríðar er ákærði einn til frásagnar um, hvað þeim fór á milli. Skýrsla hans um þetta var í fyrstu nokkuð á reiki og blönduð ósannindum, svo sem að tveir grímuklæddir menn honum óþekktir hefðu átt þátt í því, sem fyrir kom, en hin endanlega játning hans er á þá leið, sem nú mun verða rakin:

Á leiðinni frá Skólavörðustíg 35 að Eskihlíð 12 B keypti ákærði gosdrykkjaflöskur og súkkulaði, sem hann hafði með sér inn í íbúðina. Þegar þangað var komið, færði Sigríður í tal, að þau færu á dansleik, en það vildi ákærði ekki. Urðu deilur milli þeirra um þetta, en þær hjöðnuðu niður. Þau fóru nú að neyta koníaksins og blönduðu það í gosdrykkinn, sem ákærði keypti á leiðinni. Þegar til þess kom að opna gosdrykkjaflöskurnar og ákærði hafði árangurslaust reynt að nota til þess járnið á dyrakarminum, datt honum í hug að nota til þess áðurnefndan hníf. Sótti hann því hnífinn og ætlaði að stinga með honum gat á flöskuhettuna, en þá minnti Sigríður hann á annan hníf með flöskuupptakara í eldhúsinu. Ákærði náði þá í þann hníf og notaði hann, en lagði stóra hnífinn á borðið framan við legubekkinn við suðurvegginn. Þau háttuðu á þennan legubekk og höfðu samfarir saman, og lifði ljós á meðan, bæði í loftinu og á borðlampa, sem stóð á sængurfatakistu andspænis legubekknum. Upp úr þessu slokknuðu ljósin allt í einu. Ákærði hélt, að öryggi hefði bilað, smeygði sér í buxur og fór fram á ganginn, þar sem öryggjataflan var, aðgætti öryggin og sá ekki neitt

athugavert við þau. Fór hann síðan aftur inn í herbergið og lagðist upp í legubekkinn fyrir framan Sigríði, en rétt á eftir lifnuðu ljósin. Er upplýst, bæði með vottorði Rafmagnsveitu Reykjavíkur og skýrslum vitna úr sama húsi og nágrenni, að rafmagnsbilun varð í þessu hverfi klukkan langt gengin ellefu þetta kvöld. Samkvæmt bókum Varastöðvarinnar var ljóslaust í Eskihlíðarhverfi frá kl. 22.50 til kl. 22.56, en tilsvarandi tímasetningar í bókum Elliðaárstöðvarinnar eru 22.45 og 22.55.

Skömmu eftir þetta klæddi ákærði sig í öll föt sín nema jakkann og fór fram í vaskahús íbúðarinnar og sótti vatn í tóma áfengisflösku, sem var í herberginu. Var hann dálitla stund að þessu, en þegar hann kom aftur inn í herbergið, var Sigríður setzt framan á og hélt sænginni yfir kjöltu sína. Man ákærði, að þau sátu eftir þetta framan á legubekknum, hann við rúmfatakistu við höfðalagið, en hún til vinstri við hann. Voru þau þá að tala saman og lentu í orðakasti. Ákærði reiddist og fór að brigzla henni um ótryggð við sig. Hann kom þá auga á hnífinn, og í reiði og æðiskasti tók hann hnífinn og stakk honum í sjálfan sig. Prófessor Níels Dungal athugaði áverka ákærða hinn 4. marz sl., og var hann tveggja sm langt sár neðan- og innanvert við hægri geirvörtu. Af útliti sársins má ráða, segir í vottorði prófessorsins, að það hafi hlotizt af hnífstungu, og hljóti hnífnum að hafa verið beitt ofan frá og niður eftir.

Þegar ákærði stakk í sig hnífnum, segir hann, að Sigríður hafi sagt eitthvað á þessa leið: „Ég held, að þú hefðir átt að vera búinn að gera þetta fyrr.“ — Trylltist þá ákærði, óð að henni með hnífinn, þar sem hún var setzt upp í legubekkinn, í hornið við þilið og rúmfatakistuna, og bað guð að hjálpa sér og stakk hnífnum í síðu hennar. Óljóst kveðst hann muna eftir sér í þessu voðakasti og ekki minnast þess að hafa stungið Sigríði nema eina stungu, en þó eigi efast um, að áverkarnir á líkinu séu eftir sig í þetta skipti. Hann rámar í, að hann legði Sigríði út af á legubekkinn og breiddi sængina ofan á hana. Eigi man hann, hvort hún var rænulaus eða máttlaus, meðan hann var þarna. Eigi man hann, hvað hann gerði við hnífinn, en telur sennilegt, að hann hafi kastað honum frá sér. Hann kveðst hafa orðið yfir sig hræddur, klætt sig í utanyfirblússuna og farið út í skyndi og eigi muna, hvort hann skellti hurðinni í lás.

Um áfengisneyzlu sína og Sigríðar þetta kvöld heldur ákærði því fram, að þau hafi tæmt koníaksflöskuna, og hafi hann fundið

á sér áfengisáhrif, þótt eigi geri hann mikið úr þeim. Segir hann Sigríði einnig hafa verið eitthvað kennda, en í blóði hennar fannst 0,89‰ alkóhól.

Frá Eskihlíð 12 B fór ákærði á Miklatorg, sem er þar skammt frá, og fékk bifreið með sig að bifreiðastöðinni Hreyfli. Þar keypti hann ákavítisflösku og fékk síðan bifreið með sig til Grindavíkur, en henni stýrði Baldvin Einar Skúlason, Digranesvegi 24 í Kópavogi.

Ákærði kveðst ekki muna eftir ferðinni nema óljóst, en sig rámi í að hafa komið í henni til Keflavíkur.

Vitnið Baldvin Einar Skúlason hefur skýrt svo frá, að ákærði, sem hafi komið á stöðina um miðnættið, hafi setið við hlið sér í ferðinni, neytt áfengis og verið greinilega undir áhrifum þess. Í Hafnarfirði var numið staðar, og sýndi ákærði vitninu þá áverka sinn og sagði því ósanna sögu um orsakir hans. Að tilmælum ákærða ók vitnið með hann til Keflavíkur að skúr, sem skipshöfnin á v/b Vilborgu bjó í.

Þar náði hann tali af ráðskonunni, Rósu Jóhannsdóttur, Hauganesi á Árskógsströnd. Hefur hún skýrt svo frá, að ákærði hafi komið um klukkan eitt um nóttina og verið mjög æstur, órór og eiginlega hálfkjökrandi, en eigi hafi hún getað merkt, að hann væri undir áfengisáhrifum. Hann sýndi henni blóðug föt sín og sagði henni sams konar sögu um orsök þessa og vitninu Baldvin Einari Skúlasyni um orsök áverkans. Segir hún tal hans hafa verið mjög ruglingslegt og að illt hafi verið að skilja hann.

Þegar hann hafði talað við ráðskonuna í um tíu mínútur, fór hann á brott, og ók bílstjórinn þá með hann heim til hans að Skálholti í Grindavík. Beið bílstjórinn úti fyrir, meðan ákærði sótti peningana inn til að greiða með ökugjaldið, en þá fékk hann hjá föður sínum.

Foreldrar ákærða, Guðlaugur Guðjónsson og Guðmunda Guðrún Guðnadóttir í Skálholti, skýra svo frá, að þau hafi ekki vitað fyrri til en ákærði var kominn inn að rúmi þeirra klukkan að ganga tvö um nóttina. Var þá sýnilega eitthvað óvenjulegt á seyði, því að nankinsblússa ákærða var flakandi frá honum og skyrtan löðrandi í blóði framanvert á hægri síðu. Guðlaugur spurði ákærða, hvernig á þessu stæði, og fékk það svar, að Sigríður hefði stungið hann (því hélt ákærði fram í byrjun rannsóknarinnar), en þá hefði hann alveg orðið brjálaður, ekki vitað, hvað hann gerði, og drepið hana. Sagði hann, að þau hefðu bæði verið dauðadrukkin og lent í orðasennu, sem hefði endað

svona. Ákærði var í mjög mikilli geðshræringu og brast í ofsalegan grát, fljótlega eftir að hann skýrði foreldrum sínum frá þessu. Faðir hans, sem lagði engan trúnað á sögu hans og taldi hana einbera hugaróra, ráðlagði ákærða að leggja sig, meðan náð væri í lækni handa honum, en ákærði aftók það og kvaðst mundu fyrirfara sér. Tók hann allt úr vösum sínum, kvaddi foreldra sína með þeim ummælum, að hann mundi ekki sjá þau framar. Sagðist hann ætla til systra sinna tveggja og kveðja þær.

Faðir hans sá hann fara inn í húsið Sólberg, sem er skammt frá Skálholti, en þar býr Stefanía, systir hans, og maður hennar, Símon Sigurjón Þorsteinsson skipstjóri. Símon tók á móti ákærða, sem sagði honum eins og foreldrum sínum, að hann hefði drepið unnustu sína, eftir að hún hefði stungið hann.

Síðan fóru Símon og Guðjón eldri, bróðir ákærða, með hann til Guðjóns Klemenzsonar, læknis í Ytri-Njarðvík, sem skoðaði sár hans og kom honum fyrir í sjúkrahúsinu í Keflavík, og var klukkan þá 5½ um morguninn. Í sjúkrahúsinu var hann til klukkan 12.15 um daginn, en þá fékk hann leigubíl með sig til Reykjavíkur.

Hann kveðst hafa ætlað að gefa sig fram við Sigurgeir Guðnason og látið bílinn aka Skólavörðustíg, en þegar hann hafi séð Sigurgeir á húströppunum, hafi sig brostið kjark til að gefa sig fram. Lét hann þá bílinn aka viðstöðulaust áleiðis til Grindavíkur. Þangað kom hann um kl. 14.30 og var þá að sögn föður hans og Jóns, bróður hans, mjög eirðarlaus og talaði um að fyrirfara sér. Jóni, bróður sínum, sagði hann, að unnusta sín hefði stungið hann með hníf og hann þá orðið yfir sig reiður og skorið hana á háls. Eftir að ákærði kom heim til sín í þetta skipti, dvaldist hann að mestu í herbergi sínu, unz lögreglan í Reykjavík handtók hann um kvöldið.

Í rannsókn málsins kom fram, að ákærði leitaði síðastliðið haust til Gunnars læknis Benjamínssonar hér í bæ, sérfræðings í tauga- og geðsjúkdómum, og bar fram við hann kvartanir um ýmiss konar taugaveiklunarvanlíðan. Læknirinn kvað hann hafa psychonevrosis anxiosa depressiva og lét honum í té lyfseðil á viðeigandi lyf, sagði honum að koma til sín aftur, þegar lyfið væri til þurrðar gengið, en eigi leitaði ákærði aftur til hans.

Þórði Möller, sérfræðingi í tauga- og geðsjúkdómum, lækni í sjúkrahúsinu á Kleppi, var falin rannsókn á geðheilbrigði ákærða, og var ákærði vegna rannsóknar þessarar fluttur í sjúkrahúsið

hinn 12. marz sl. Í álitsgerð sérfræðingsins, dagsettri 1. f. m., er í stórum dráttum rakinn æviferill ákærða, þar á meðal samband hans við Sigríði og afbrýðisemi hans. Þá er skýrt frá því, að greind hans hafi reynzt langt fyrir neðan meðallag, greindarvísitala 76, greindaraldur 11 ár og 4 mánuðir. Segir síðan í niðurlagi álitsgerðarinnar:

„Um er að ræða treggefinn og tilfinnanlega vanþroska mann, Guðjón M. Guðlaugsson, 32 ára gamlan sjómann, sem alinn er upp undir verndarvæng foreldrahúsanna og hefur aldrei þaðan farið til langdvala. Hann er seinn til máls og greinilega aftur úr miðað við jafnaldra sína. Honum hættir til nokkuð ofsalegra skapbrigða, en er fljótur að jafna sig aftur. Um eða upp úr 18 ára aldri fer hann að drekka, og kemur það fljótt í ljós, að honum hættir til að verða sérlega erfiður við vín, og lendir hann hvað eftir annað í handalögmáli undir þeim kringumstæðum. Talsvert mikil brögð eru að drykkjuskap hans, sem nú hefur staðið í 13—14 ár. Síðastliðið ár eða rúmlega það tekur líka að bera á því, að hann er að verða önuglyndur og erfiður í umgengni og afbrýðihugmyndir fara að verða mjög áberandi hjá honum gagnvart unnustu hans, sem hann kynntist fyrir rúmum 5 árum og hefur verið trúlofaður sl. 3 ár. Eftir að hann kemur af síldarvertíð sl. sumar, versnar þetta um allan helming, svo að aðstandendur hans hafa áhyggjur af honum. Nokkrar líkur benda til þess, að fyrir óheppilega tilviljun hafi óeðlileg afbrýðisemi hans versnað að mun fyrir stríðni félaganna, en um það verður þó ekkert fullyrt. Ekki er þó vitað um neina breytingu á fyrirætlunum hans um að stofna heimili, og festir hann því kaup á risíbúð hér í bæ, þótt hann kvíði því hins vegar að þurfa að flytjast sunnan að. Vinnur hann við lagfæringu á henni í frístundum sínum.

1. marz sl. eru þau þar bæði að neyta nokkurs magns áfengis. Kemur Guðjón þá enn fram með afbrýðisemi sína, og ásakar hann unnustu sína fyrir ótrúmennsku, en hún tekur því fjarri. Lenda þau í orðakasti um þetta, og lyktar með því, að Guðjón leggur til hennar með hnífi, sem þar var nærri, svo að hún bíður bana.

Álit mitt á Guðjóni M. Guðlaugssyni er því:

Hann er hvorki geðveikur, geðveill né fáviti, heldur mjög treggefinn maður og hætt til ofsalegra tilfinningaviðbragða, sem að auki hefur neytt áfengis í óhófi meira og minna í 13—14 ár; og verður að gera ráð fyrir, að vanþroska heili hans hafi þolað

það illa og því komið fyrr fram en venjulegt er ýmis einkenni eftir langvarandi áfengiseitrun (alchoholismus chronicus), svo sem önuglyndi og sjúkleg afbrýðisemi. Undir áhrifum áfengis (sem veiklar tilfinningahömlur hans, sem að auki eru lélegar að upplagi og slævðar af langvinnri áfengiseitrun) verður hann svo til þess að bana unnustu sinni í ofsareiði."

Samkvæmt þeim málavöxtum, sem nú hafa verið raktir, er sannað, að ákærði svipti af ásettu ráði unnustu sína, Sigríði Hreiðar Sigurgeirsdóttur, lífi með hnífstungum að kvöldi 1. marz sl. Þetta gerði hann að vísu í geðofsakasti og undir nokkrum áfengisáhrifum, en þó að nokkru leyti fyrirhugað, þar sem hann hafði fáeinum dögum áður keypt hnífinn í því skyni að ráða sér eða unnustu sinni bana. Þessi verknaður ákærða varðar við 211. gr. almennra hegningarlaga, nr. 19 12. febrúar 1940, og þar sem geðheilbrigðisrannsókn hefur leitt í ljós, að ákærði er sakhæfur, þykir refsing hans hæfilega ákveðin fangelsi í 16 ár.

Samkvæmt 76. gr. almennra hegningarlaga, nr. 19 12. febrúar 1940, ber gæzluvarðhaldsvist ákærða síðan 3. marz sl. að koma með fullri dagatölu til frádráttar refsingu hans.

Samkvæmt 68. gr., 3. mgr., sömu laga ber að svipta ákærða kosningarrétti og kjörgengi til opinberra starfa og annarra almennra kosninga frá birtingu dóms þessa.

Ákærða ber að dæma til greiðslu alls sakarkostnaðar, þar með talin málflutningslaun skipaðs sækjanda og verjanda málsins, hæstaréttarlögmannanna Sveinbjörns Jónssonar og Egils Sigurgeirssonar, kr. 5.000,00 til hvors.

Þórður Björnsson, settur sakadómari, kveður upp dóm þennan.

Dómsorð:

Ákærði, Guðjón Magnússon Guðlaugsson, sæti fangelsi í 16 ár.

Gæzluvarðhaldsvist ákærða síðan 3. marz 1958 komi með fullri dagatölu til frádráttar refsingu hans.

Ákærði er frá birtingu dóms þessa sviptur kosningarrétti og kjörgengi til opinberra starfa og annarra almennra kosninga.

Ákærði greiði allan kostnað sakarinnar, þar með talin málflutningslaun sækjanda og verjanda, hæstaréttarlögmannanna Sveinbjörns Jónssonar og Egils Sigurgeirssonar, kr. 5.000,00 til hvors.

Dómi þessum skal fullnægja með aðför að lögum.

Mánudaginn 19. janúar 1959.

Nr. 127/1958. **Ákæruvaldið** (Jón Bjarnason hrl.)
gegn
Sverri Ósmann Sigurðssyni
(Gústaf Ólafsson hrl.).

Dóminn skipuðu hinir reglulegu dómarar Hæstaréttar.

Bifreiðalagabrot. Áfengislagabrot.

Dómur Hæstaréttar.

Theódór S. Georgsson, fulltrúi bæjarfógetans í Vestmannaeyjum, hefur kveðið upp hinn áfrýjaða dóm.

Eftir að dómur gekk í héraði, hafa þeir Ingólfur Guðjónsson, Lukku í Vestmannaeyjum, og Hjörtur Kristinn Hjartarson, bifreiðarstjóri í Vestmannaeyjum, svo og vitnin Már Guðmundsson og Sigurgeir Kristjánsson komið fyrir dóm út af grun um akstur ákærða með áhrifum áfengis 2. maí 1957, en eigi veitti vætti þeirra neina fræðslu um það atriði. Þá hafa vitnin Stefán Árnason, Páll Kristinn Pálsson og Ólafur Adolf Gränz staðfest vætti sitt með eiði. Um I.

Staðfesta ber þá niðurstöðu héraðsdómara, að eigi sé nægjanlega sannað, að ákærði hafi að kvöldi 2. maí 1957 ekið óskrásettri bifreið sinni, sem áður hafði einkennisstafina A-898, þótt hann væri með áhrifum áfengis. Á hinn bóginn er nægjanlega leitt í ljós með vætti vitna þeirra, sem greind eru í héraðsdómi, að hafi hann ekki sjálfur ekið bifreið sinni óskrásettri frá heimili sínu, Hábæ í Vestmannaeyjum, út á Dalaveg, þá hafi hann látið vitnið Má Guðmundsson gera það. Er þetta brot á 14. gr. laga nr. 23/1941, sbr. nú 11. gr. laga nr. 26/1958, og varðar ákærða refsingu samkvæmt 38. gr. laga nr. 23/1941, sbr. nú 80. gr. laga nr. 26/1958.

Um II.

Með skírskotun til raka héraðsdóms má fallast á, að eigi

sé í ljós leitt, að ákærði hafi gert sér áfengissölu að atvinnu. En með sölu þeirri á áfengi, sem rakin er í þessum kafla héraðsdóms, hefur ákærði brotið gegn þeim ákvæðum áfengislaga, sem í héraðsdómi greinir.

Refsing ákærða samkvæmt 38. gr. laga nr. 23/1941, sbr. nú 80. gr. laga nr. 26/1958, og 39. gr. áfengislaga, nr. 58/1954, þykir hæfilega ákveðin kr. 5.000,00, og komi varðhald 30 daga í stað sektarinnar, verði hún ekki greidd innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa. Ákvæði héraðsdóms um upptöku ólöglegs ágóða ber að staðfesta. Svo ber og samkvæmt 39. gr. laga nr. 23/1941, sbr. nú 81. gr. laga nr. 26/1958, að svipta ákærða leyfi til að aka bifreið 2 ár frá birtingu dóms þessa að telja.

Ákvæði héraðsdóms um greiðslu sakarkostnaðar ber að staðfesta. Ákærði greiði allan kostnað af áfrýjun málsins, þar með talin laun sækjanda og verjanda í Hæstarétti, kr. 3.000,00 til hvors.

Það athugast, að vætti vitnisins Más Guðmundssonar á dómþingi 18. marz 1958 var bæði ósennilegt og braut svo í bág við það, sem áður var fram komið í málinu, að rétt var að reyna til hins ýtrasta að grafast fyrir um sannleiksgildi þess og einangra bæði hann og ákærða, á meðan rannsókn gaf efni til.

Dómsorð:

Ákærði, Sverrir Ósmann Sigurðsson, greiði 5.000,00 króna sekt í ríkissjóð, og komi varðhald 30 daga í stað sektarinnar, verði hún ekki greidd innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa.

Ólöglegur ágóði, kr. 2.000,00, skal upptækur til ríkissjóðs.

Ákærði skal sviptur rétti til að aka bifreið 2 ár frá birtingu dóms þessa að telja.

Ákvæði héraðsdóms um sakarkostnað í héraði staðfestist.

Ákærði greiði allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin málflutningslaun sækjanda og verjanda í Hæstarétti, hæstaréttarlögmannanna Jóns Bjarnasonar og Gústafs Ólafssonar, kr. 3.000,00 til hvors.

Dóminum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Dómur sakadóms Vestmannaeyja 21. maí 1958.

Mál þetta, sem dómtekið var 21. marz sl., er höfðað af ákæruvaldsins hálfu með ákæruskjali, út gefnu 9. september 1957 af dómsmálaráðherra, gegn Sverri Ósmann Sigurðssyni bústjóra, Hábæ, Vestmannaeyjum, „fyrir að hafa um kl. 21.30 fimmtudagskvöldið 2. maí sl. ekið bifreið sinni, sem er óskrásett (af Buickgerð), frá Hábæ í Vestmannaeyjum og út í Hraun og síðan heim að Hábæ aftur, þrátt fyrir að hann væri undir áhrifum áfengis", en brot þessi þykja varða við 1. mgr. 24. gr. áfengislaga, nr. 58/1954, 14. gr., 1. mgr. 23. gr. bifreiðalaga, nr. 23/1941, og 2. mgr. 4. gr. umferðarlaga, nr. 24/1941.

Þá er málið og höfðað gegn ákærða með framhaldsákæruskjali, út gefnu af dómsmálaráðherra 13. nóv. 1957, „fyrir að hafa frá því á sl. vetri gert sér áfengissölu að atvinnu, en það telst varða við 18. gr., sbr. 2. mgr. 39. gr. áfengisl., nr. 58/1954. Til vara er málið höfðað gegn ákærða fyrir að hafa oft síðan á sl. vetri selt áfengi, m. a. Birni Elíassyni, tvívegis tvær flöskur, í síðara skiptið 14. apríl sl., á kr. 150.00 hvora flösku, en þetta telst varða við 18. gr., sbr. 39. gr. áfengislaga.

Ákærist því framangreindur Sverrir Ósmann Sigurðsson til að sæta refsingu skv. 39. gr. og 45. gr. áfengislaga, nr. 58/1954, 38. gr. l. nr. 23/1941, sbr. 2. gr. l. nr. 6/1951, og 14. gr. l. nr. 24/1941, til sviptingar ökuleyfis skv. 1. mgr. 24. gr. áfengislaga og 1. mgr. 39. gr. bifreiðalaga svo og til greiðslu alls sakarkostnaðar. Þá er þess og krafizt, að ólöglegur gróði hans af áfengissölu verði gerður upptækur til handa ríkissjóði skv. 3. tölul. 1. mgr. 69. gr. almennra hegningarlaga, nr. 19/1940."

Ákærði er fæddur 21. janúar 1928 að Uppsölum í Miðfirði og hefur sætt kærum og refsingum sem hér segir:

1955 12/10 Vestmannaeyjum. Dómur, 4.000 kr. sekt, 1.400 kr. skaðabætur, sviptur ökuleyfi í 6 mán. fyrir brot á áfengisl., bifreiðal. o. fl.

Málavextir eru þessir:

I.

Fimmtudaginn 2. maí 1957 kl. 21.30 hringdi stúlka, Sigríður Hallgrímsdóttir að nafni, til lögreglunnar og bað lögregluþjónana að bregða skjótt við og huga að ákærða, sem væri nýfarinn mikið drukkinn á bifreið út í Hraun. Lögregluþjónarnir Sveinn Magnússon og Sigurgeir Kristjánsson fóru þegar að leita að ákærða úti í Hrauni. Nokkru síðar fréttu þeir, að ákærði væri kominn heim til sín. Lögregluþjónarnir héldu þá heim til ákærða að Hábæ. Þar var ákærði mikið drukkinn, og handtóku lögregluþjónarnir hann. Á bak við hlöðuna hjá Hábæ var mannlaus bifreið, sem sýnilega var nýbúið að aka.

Ákærði var yfirheyrður daginn eftir, og skýrði hann svo frá, að hann hefði byrjað að drekka áfengi eftir hádegi hinn 2. maí, en ákærði var þá staddur niðri í bæ, og hélt hann áfram að drekka fram eftir degi. Ákærði kom heim um kl. 20, og var hann þá orðinn svo drukkinn, að hann kvaðst lítið muna eftir því, sem gerðist um kvöldið, eftir að hann kom heim. Ákærði kvaðst ekkert muna eftir því að hafa ekið bifreiðinni, eftir að hann kom heim, en vefengdi ekki, að svo hefði verið, eftir að honum höfðu verið kynntir málavextir. Við framhaldsrannsókn, sem fram fór, eftir að dómsmálaráðherra hafði gefið út ákæruskjal á hendur ákærða, skýrði ákærði svo frá, að hann hefði komizt að því, nokkrum dögum eftir að hann var handtekinn sl. vor, að Már Guðmundsson iðnnemi, Lyngbergi, hefði ekið bifreiðinni umrætt sinn, en ekki ákærði. Greindi ákærði frá því, að Már hefði komið heim til hans skömmu eftir nefndan atburð, og skýrði Már ákærða frá því, að hann hefði ekið bifreiðinni, en ekki ákærði. Þegar ákærði var inntur eftir því, hvers vegna hann hefði ekki komið fyrr með þessar upplýsingar, kvaðst hann hafa beðið með það, unz hann yrði næst kallaður fyrir rétt.

Vitnið Már Guðmundsson iðnnemi skýrði svo frá við framhaldsrannsókn málsins, að vitnið hefði komið til ákærða dag einn sl. vor. Ákærði var þá úti í hlöðu og var mikið drukkinn. Var ákærði að ryðja heyi ofan af bifreið, sem stóð inni í hlöðunni. Ákærði gerði sig líklegan til að aka bifreiðinni út úr hlöðunni, og kveðst vitnið, sem hefur bifreiðarstjóraréttindi, þá hafa boðið ákærða að aka bifreiðinni, og þáði ákærði það. Vitnið minnir, að það hafi sett bifreiðina í gang, en ekki ákærði. Ók vitnið síðan bifreiðinni út úr hlöðunni og austur fyrir húsið Lukku og út á Dalaveg. Þar sneri vitnið bifreiðinni við og ók sömu leið til baka og skildi bifreiðina eftir bak við hlöðuna í

Hábæ. Ákærði sat við hlið vitnisins í bifreiðinni. Vitnið kveðst síðan hafa farið heim. Tveimur eða þremur dögum síðar hitti vitnið ákærða og kveðst hafa sagt ákærða það, að vitnið hefði ekið bifreiðinni, en ekki ákærði. Segir vitnið, að ákærða hafi þá rámað í það, að vitnið muni hafa ekið bifreiðinni. Vitnið bjóst við því, að ákærði mundi strax skýra lögreglunni frá þessu. Vitnið hefur staðfest framburð sinn með eiði.

Vitnið Sigríður Hallgrímsdóttir, sem er mágkona ákærða, skýrði svo frá við frumrannsókn málsins, að það hefði verið statt inni í íbúðarhúsinu, þegar það heyrði bifreið fara í gang úti í hlöðu. Vitnið hljóp þá út og sá, að Erna, systir vitnisins, var að reyna að toga ákærða út úr bifreið, sem var inni í hlöðunni. Vitnið kveður ákærða ekki hafa farið út úr bifreiðinni, en ekið á hlöðudyrnar. Erna, kona ákærða, bað vitnið þá að fara og hringja til lögreglunnar, þar eð hún óttaðist, að ákærði færi sér að voða í bifreiðinni. Vitnið fór síðan í næsta hús og hringdi til lögreglunnar. Þegar vitnið kom til baka, kveður það bifreiðina hafa staðið bak við fjósið. Vitnið kveður systur sína hafa sagt sér, þegar vitnið kom aftur, að ákærði hefði ekið bifreiðinni austur á Dalaveg, en hins vegar kvaðst vitnið ekki hafa séð ákærða aka bifreiðinni út úr hlöðunni. Ákærði var mikið ölvaður að sögn vitnisins. Við framhaldsrannsókn kvaðst vitnið hafa séð ákærða setja bifreiðina í gang og reyna að aka henni út um hlöðudyrnar. Þá skýrði vitnið og frá því, að Már Guðmundsson hefði verið hjá ákærða úti í hlöðu, og hefði ákærði stöðvað bifreiðina, þegar Már og Erna, kona ákærða, báðu hann að aka ekki bifreiðinni. Vitnið kveður ákærða þá hafa beðið Má að aka. Vitnið skýrði enn fremur frá því við framhaldsrannsóknina, að Erna hefði skýrt sér frá því, er vitnið hafði hringt til lögreglunnar, að þeir ákærði og Már hefðu farið austur fyrir húsið Lukku á bifreiðinni, en vitnið tók fram, að Erna hefði ekki tekið fram sérstaklega, að ákærði hefði ekið bifreiðinni. En vitnið taldi víst, að svo hefði verið, þar sem vitnið vissi ekki, að Már hefði bifreiðarstjórapróf. Vitnið kveður ákærða ekki hafa ekið bifreiðinni lengd hennar, áður en hún rakst á hlöðudyrnar. Ýtarlega aðspurt kveðst vitnið ekki hafa séð bifreiðina aka á hlöðudyrnar, heldur taldi vitnið víst, að svo hefði verið, vegna þess að hlöðudyrnar hrukku harkalega upp. Annars virðist framburður þessa vitnis vera mjög á reiki og óákveðinn.

Vitnið Erna Hallgrímsdóttir, kona ákærða, hefur borið, að það hafi verið statt inni í húsinu, þegar það heyrði, að bifreiðin var

sett í gang úti í hlöðu. Vitnið sá út um gluggann, að bifreiðinni var ekið út úr hlöðunni og austur veginn fyrir ofan húsið. Vitnið neitar því, að það hafi farið út í hlöðu og reynt að toga ákærða út úr bílnum. Einnig neitar vitnið því, að ákærði hafi ekið á hlöðudyrnar. Vitnið kveðst hafa séð, að ákærði og Már Guðmundsson voru í bifreiðinni, þegar bifreiðin ók út úr hlöðunni, en vitnið sá ekki, hvor þeirra ók bifreiðinni, en hélt, að ákærði væri við stýrið, og þorði því ekki annað en biðja systur sína að hringja til lögreglunnar, þar sem ákærði var ölvaður. Kvöldið eftir skýrði svo Már Guðmundsson vitninu frá því, að hann hefði ekið bifreiðinni umrætt sinn, en ekki ákærði.

Í blóðsýnishorni úr ákærða fundust reducerandi efni, sem samsvara 1,31‰ af alkóhóli.

Rétturinn lítur svo á, að telja verði nægilega sannað með eiðfestum framburði vitnisins Más Guðmundssonar, sem studdur er af framburði annarra vitna, að ákærði hafi ekki ekið nefndri bifreið umrætt sinn, heldur vitnið Már, og verði því að sýkna ákærða af ákæru fyrir brot á 1. mgr. 24. gr. áfengislaga, nr. 58/1954, 14. gr., 1. mgr. 23. gr. bifreiðalaga, nr. 23/1941, og 2. mgr. 4. gr. umferðarlaga, nr. 24/1941.

II.

Fimmtudaginn 2. maí 1957 leitaði maður að nafni Sverrir Guðnason frá Brekkum, Hvolhreppi, til lögreglunnar í Vestmannaeyjum um aðstoð við innheimtu á 200,00 kr., sem hann taldi sig eiga hjá Birni Elíassyni frá Vopnafirði, en báðir þessir menn stunduðu vinnu í Vestmannaeyjum þennan vetur. Sverrir Guðnason kvaðst hafa hitt nefndan Björn á Hótel H.B. hinn 14. apríl, og bað Björn Sverri að lána sér peninga til áfengiskaupa. Sverrir lét Björn fá 500,00 kr. og bað hann jafnframt að útvega sér eina flösku af áfengi, og lofaði Björn því. Fóru þeir síðan í bifreið Ólafs Gränz heim til ákærða að Hábæ og keyptu hjá honum tvær flöskur af brennivíni á 150,00 kr. hvora. Er lögreglunni höfðu borizt upplýsingar þessar, var ákærði þegar handtekinn, og viðurkenndi hann að hafa selt Birni vín umrætt sinn svo og að hafa selt fleiri mönnum áfengi.

Vitnið Sverrir Guðnason skýrir svo frá, að eftir að vitnið hitti Björn Elíasson á Hótel H.B., hafi Björn hringt á Ólaf Gränz bifreiðarstjóra, og ók Ólafur vitninu og Sverri heim til ákærða að Hábæ. Þegar þangað kom, fóru þeir Björn og Ólafur inn til ákærða. Skömmu síðar komu þeir aftur út í bifreiðina, og var ákærði í

fylgd með þeim. Björn skýrði vitninu frá því, að þeir ætluðu niður á afgreiðslu Flugfélags Íslands til þess að leysa þar út áfengi. Ók Ólafur þeim síðan niður að Samkomuhúsi, en þar báðu þeir Ólafur og ákærði vitnið og Björn að fara út úr bifreiðinni og bíða þar, meðan þeir færu á afgreiðslu Flugfélags Íslands til þess að sækja þangað áfengið. Ákærði kom fljótlega til baka í bifreiðinni og hafði meðferðis kassa, sem vitnið sá, að var frá Áfengisverzlun ríkisins. Vitnið gizkaði á, að í kassanum væru 8 flöskur af áfengi. Vitnið og Björn fóru nú upp í bifreiðina, og var ekið aftur upp að Hábæ. Ákærði og Björn fóru inn í húsið, og tók ákærði kassann með sér. Að lítilli stundu liðinni kom Björn til baka með 2 flöskur af brennivíni, og fékk Björn vitninu aðra flöskuna. Björn kvaðst hafa greitt ákærða 150,00 kr. fyrir hvora flösku. Síðan ók Ólafur þeim aftur niður á Hótel H.B. Vitnið hefur staðfest þennan framburð sinn með eiði.

Vitnið Björn Elíasson verkamaður hefur borið, að það hafi hitt vitnið Sverri Guðnason á Hótel H.B. Kveður vitnið Sverri hafa ámálgað það við sig, hvort vitnið gæti ekki útvegað áfengi. Þar sem vitnið kvaðst enga peninga hafa, lét Sverrir vitnið fá 500,00 kr. til þess að kaupa áfengi fyrir. Vitnið náði síðan í Ólaf Gränz bifreiðarstjóra, og ók hann þeim upp að Hábæ til ákærða. Vitnið hitti ákærða og bað hann að selja sér vín, en ákærði kvaðst ekkert vín eiga heima, en sagðist eiga áfengiskröfu á pósthúsinu. Ákærði fór með þeim hinum niður í bæ í bifreiðinni. Hjá Samkomuhúsinu fóru vitnið og Sverrir Guðnason úr bifreiðinni, og biðu þeir þar, á meðan ákærði fór í bifreiðinni á afgreiðslu Flugfélags Íslands til þess að ná í vínið. Síðan óku þeir aftur heim til ákærða. Þegar þangað kom, fór ákærði með áfengiskassann inn í hlöðu, og fór vitnið með ákærða þangað inn, en Ólafur og Sverrir Guðnason biðu í bifreiðinni á meðan. Vitnið kveður ákærða hafa selt sér 2 flöskur af brennivíni á 150,00 kr. hvora flösku, og hélt vitnið síðan aftur niður í bæ í bifreiðinni.

Vitnið Ólafur Gränz kveðst ekki hafa orðið vitni að því, að ákærði seldi vín, þótt vitnið hafi hins vegar haft grun um það, að ákærði seldi áfengi. Vitnið kveðst hafa getið sér þess til, að menn, sem vitnið hefur ekið heim til ákærða, hafi farið þangað í leit að víni. Segist vitnið hafa heyrt farþega í bifreið þess tala um það, að þeir hafi keypt áfengi af ákærða. Vitnið kveðst ekki minnast þess að hafa ekið þeim Birni Elíassyni og Sverri Guðna-

syni heim til ákærða umrætt sinn, en segir, að það hafi vel getað átt sér stað, þótt vitnið muni ekki eftir því.

Ákærði hefur viðurkennt að hafa byrjað að selja áfengi veturinn 1956 og kveðst hafa gert það öðru hverju síðan. Ákærði hefur neitað því að hafa selt áfengi stöðugt á þessu tímabili, heldur hafi stundum liðið langur tími svo, að ákærði átti ekkert vín. Ákærði kveður vín það, er hann seldi, eingöngu hafa verið brennivín, og seldi ákærði flöskuna ýmist á 150,00 eða 200,00 kr. Ákærði pantaði vínið frá Áfengisverzlun ríkisins, Reykjavík. Pantaði ákærði vínið að jafnaði á eigin nafni, en fyrir kom, að hann fékk að leysa út vín, sem aðrir áttu. Áfengið seldi ákærði heima hjá sér. Ákærði kveðst ekki vita, hve mikið áfengi hann hefur selt, og kveður sér vera ómögulegt að segja til um það, hve mikill hagnaður hans af áfengissölunni hefur orðið. Ákærði hefur viðurkennt að hafa selt Birni Elíassyni 2 flöskur af brennivíni 14. apríl 1957 á 150,00 kr. hvora flösku.

Með eigin játningu ákærða og framburði vitna verður að telja nægilega sannað, að ákærði hafi gerzt sekur um sölu áfengis annað veifið síðan veturinn 1956 og fram á vor 1957. Skv. lista, sem póstafgreiðslan í Vestmannaeyjum hefur látið í té, hefur ákærði fengið sent áfengi frá Áfengisverzlun ríkisins fyrir kr. 3.694,00 á tímabilinu 6/2—10/12 1956 og fyrir kr. 1.596,75 á tímabilinu 19/1—6/4 1957. Séu lagðar til grundvallar þær upplýsingar ákærða, að hann hafi eingöngu pantað brennivín, gæti hér verið um að ræða 40 flöskur, sem ákærði hefur fengið sendar í eigin nafni. Hins vegar er það óupplýst, hve mikið áfengi ákærði hefur fengið í nafni annarra.

Skv. ákæruskjali er ákærði aðallega sóttur til saka fyrir brot á 18. gr., sbr. 2. mgr. 39. gr. áfengislaga, „fyrir að hafa gert sér áfengissölu að atvinnu". Rétturinn telur, að við skýringu á hinum tilvitnuðu orðum verði að krefjast þess, að tekjur mannsins stafi að verulegu leyti af slíkri áfengissölu, til þess að hún teljist hafa verið gerð að atvinnu. Með því að óupplýst er, hve mikið áfengi ákærði hefur selt, og þar af leiðandi ekki hægt að segja til um, hve miklar tekjur ákærði kann að hafa haft af áfengissölunni, svo og með tilliti til þess, að ákærði hefur alltaf verið í fastri vinnu á því tímabili, sem hér um ræðir, þykir viðurhlutamikið að telja, að ákærði hafi gert sér áfengissölu að atvinnu, og verður því að sýkna hann af broti á 18. gr., sbr. 2. mgr. 39. gr., áfengislaga að þessu leyti, en brot ákærða ber hins vegar að heimfæra undir 18. gr., sbr. 39. gr. áfengislaga.

III.

Refsing ákærða, Sverris Ósmanns Sigurðssonar, þykir skv. 39. gr. áfengislaga hæfilega ákveðin 3.000,00 kr. sekt til Menningarsjóðs, og komi varðhald í 20 daga í stað sektarinnar, verði hún ekki greidd innan 4 vikna frá lögbirtingu dómsins.

Samkvæmt þeim upplýsingum, sem fyrir liggja í málinu, er ástæða til að ætla, að ólöglegur ágóði af áfengissölu ákærða sé ekki minni en 2.000,00 kr., og ber skv. 3. tölul. 1. mgr. 69. gr. alm. hegningarlaga að gera ágóðann upptækan til ríkissjóðs.

Þá ber að dæma ákærða til að greiða allan sakarkostnað.

Dráttur sá, er orðið hefur á dómsuppsögn, stafar af miklu annríki dómarans vegna afgreiðslu mála í sambandi við nýlokna vertíð.

Dómsorð:

Ákærði, Sverrir Ósmann Sigurðsson, greiði 3.000,00 kr. sekt til Menningarsjóðs, og komi 20 daga varðhald í stað sektarinnar, verði hún ekki greidd innan 4 vikna frá birtingu dómsins.

Ólöglegur ágóði, kr. 2,000,00, skal gerður upptækur til ríkissjóðs.

Ákærði greiði allan sakarkostnað.

Dóminum skal fullnægja með aðför að lögum.

Laugardaginn 24. janúar 1959.

Nr. 191/1958. **M og J** (Guðmundur Pétursson hrl.)
gegn
Þ (Sigurður Ólason hrl.).

Dómendur:
hæstaréttardómararnir Árni Tryggvason, Gizur Bergsteinsson, Jón Ásbjörnsson og Þórður Eyjólfsson og prófessor Ármann Snævarr.

Ættleiðing. Sératkvæði.

Dómur Hæstaréttar.

Áfrýjendur hafa skotið máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 20. desember 1958 og fengið gjafsókn fyrir Hæstarétti. Þau krefjast þess *aðallega*, að þeim verði dæmd sýkna, en *til vara*, að þau verði sýknuð af kröfu stefndu um afhendingu barns þess, sem í málinu greinir, ef ættleiðingin yrði felld úr gildi. Loks krefjast þau málskostnaðar úr hendi stefndu, eins og málið væri eigi gjafsóknarmál.

Stefnda, sem fengið hefur gjafvörn hér fyrir dómi, krefst staðfestingar á hinum áfrýjaða dómi og málskostnaðar úr hendi áfrýjenda, eins og málið væri eigi gjafvarnarmál.

Stefnda, Þ, er fædd 25. október 1938. Árið 1957, er aðdragandi máls þessa hófst, var hún búsett í R, og þar voru þá og eru enn foreldrar hennar búsett, en sjálf er hún nú talin til heimilis í K.

Vorið 1957 varð stefnda, sem er ógift, barnshafandi. Hinn 5. ágúst s. á. fór hún norður að L, en þar býr H, bróðir hennar. Dvaldist stefnda á heimili hans til 24. s. m. H skýrir svo frá, að þá hafi barn það, sem stefnda gekk með, borizt í tal þeirra og hún látið í ljós ætlun sína um að gefa einhverjum það. H segir enn fremur svo frá, að D, systir hans og stefndu, hafi dvalizt hjá sér þetta sumar frá 15. júní og til 17. september, en þá hafi hún farið til R. Hinn 20. september hafi D talað við sig í síma frá R og beðið sig fyrir hönd stefndu að færa það í tal við B-hjón, þ. e. áfrýjendur, hvort þau vildu fá barn hennar. Hinn 24. s. m. kveðst H síðan hafa

heimsótt áfrýjendur, sem voru barnlaus, og boðið þeim barnið, og hafi þau eftir stuttan umhugsunarfrest lýst því, að þau væru reiðubúin að taka barnið, en einungis með því skilyrði, að þau fengju það að gjöf sem eigið barn. Næsta dag hafi hann hringt til D og tjáð henni, að áfrýjendur vildu taka barnið, en legðu á það áherzlu, að barnið yrði gefið þeim. Er málið hafði þannig skipazt, hafi hann boðið stefndu að koma norður og dveljast hjá sér, unz hún hefði alið barnið. Stefnda þekktist þetta boð H og fór norður til hans hinn 8. október s. á. Áður en hún fór norður, ritaði hún foreldrum sínum bréf. Tjáir hún þeim þar, að hún gangi með barni, en þau virðast eigi áður hafa um það vitað. Í bréfinu lýsir hún því, að hún sjái eigi nema eina leið út úr þessu, það er að gefa barnið, þar sem hún og faðir barnsins muni aldrei eiga samleið í lífinu. Þau séu þegar búin að „koma því í gegn", þ. e. að barnið verði gefið, og verði því eigi breytt, barnið komist í góðar hendur og á ágætis-sveitaheimili. Loks bað hún foreldra sína um, að þetta „færi ekki lengra", því að hún hafi hugsað sér „að fara alveg huldu höfði með þetta". Foreldrar stefndu áttu tal við hana, eftir að þau fengu bréfið. Kveðast þau hafa skilið stefndu þannig, að barnið yrði afhent áfrýjendum til eignar og ættleiðingar, og segjast hafa verið því samþykk.

Áfrýjendur komu að L hinn 1. desember 1957 til þess að ræða við stefndu um barnið. Ritaði stefnda þá og afhenti áfrýjendum svohljóðandi yfirlýsingu: „Ég undirrituð afsala mér móðurrétt yfir barni mínu. Þ, L." Áfrýjendur segja, að stefnda hafi þá jafnframt beðið áfrýjanda J að sauma barnaföt og taka við barninu strax við fæðingu.

Hinn 28. jan. 1958 ól stefnda dóttur á héraðsspítalanum á Ó. Vegna ófærðar á vegum vitjuðu áfrýjendur barnsins eigi fyrr en á þriðja degi eftir fæðingu. Afhenti stefnda þeim barnið. Stefnda fór af spítalanum snemma í febrúar að L. Þangað kom rétt á eftir faðir barns hennar. Hefur hann borið fyrir dómi, að hann hafi þá reynt að telja stefndu á að taka barnið frá áfrýjendum og fá honum umráð þess, en hún eigi viljað

fallast á það. Vitnið H hefur það og eftir stefndu, að hún hafi í þetta skipti synjað málaleitan barnsföðurins, þar sem hún væri búin að ráðstafa barninu. Einhvern næstu daga á eftir komu barnsföðurins að L fóru þau stefnda og H, bróðir hennar, til áfrýjenda að B og dvöldust þar nokkuð lengi dags. Áfrýjendur skýra svo frá, að stefnda hafi þá tjáð þeim, að barnsfaðirinn hefði komið norður og lagzt á móti því, að hún gæfi barnið, en stefnda jafnframt fullvissað þau um, að það breytti engu, hún réði þessu ein og mundi standa við gerða hluti. H, bróðir stefndu, hefur lýst því, að orð stefndu hafi fallið á þá leið, sem áfrýjendur halda fram. Stefnda hefur að vísu haldið því fram, að samtalið sé ranglega hermt, en eigi hefur hún greint, í hverju ranghermið sé fólgið, og ekkert er fram komið, sem bendir til þess, að hún hafi í það skipti hreyft nokkrum athugasemdum um afhendingu barnsins til áfrýjenda.

Stefnda virðist hafa farið til R nokkru síðar. Vitnið H lýsir því, að áfrýjendur hafi, eftir að stefnda var farin suður, hringt til sín og spurt, hvort nokkuð væri því til fyrirstöðu, að þau létu skíra barnið, og kvaðst hann hafa tjáð þeim, að svo mundi eigi vera. H segist hafa komið boðum til stefndu um þetta viðtal við áfrýjendur, og hafi stefnda þá fyrst talað við sig í síma og síðar ritað sér bréf, 3. marz 1958, þar sem hún andmælti því, að áfrýjendur létu skíra barnið, og kvaðst mundu taka það til sín aftur, en eigi segist H hafa skýrt áfrýjendum frá þessu breytta viðhorfi stefndu, enda hafi hann búizt við, að hún mundi sjá sig um hönd aftur.

Áfrýjandi M sneri sér í marz 1958 til Jóns Ísbergs, lögfræðings á Blönduósi, og spurði hann ráða í sambandi við skírn barnsins. Benti lögfræðingurinn honum þá á, að afla þyrfti leyfisbréfs til ættleiðingar, og tók hann að sér að annast öflun þess. Er ættleiðingarbeiðnin dagsett 18. apríl 1958. Dómsmálaráðuneytið gaf síðan út ættleiðingarbréf hinn 9. maí 1958, þar sem kveðið er svo á, að óskilgetin dóttir stefndu megi teljast skilgetið barn áfrýjenda, að hún taki nafn M að föðurnafni og að hún taki arf eftir áfrýjendur lögum sam-

kvæmt. Hér er þess að geta, að hinn 28. apríl 1958 létu áfrýjendur skíra barnið, sem hlaut nafnið A.

Hinn 22. maí 1958 ritaði stefnda áfrýjendum bréf, sem þau fengu í hendur 27. s. m. Í bréfinu lýsti hún því, að hún og barnsfaðirinn ætluðu sér að taka barnið til sín, og mundu þau vitja þess um næstu mánaðamót. Jafnframt bauð hún áfrýjendum greiðslu fyrir þá fjóra mánuði, sem þau höfðu haft barnið. Áfrýjandi M hringdi til stefndu og tjáði henni, að áfrýjendur mundu eigi láta barnið af hendi. Í júní s. á. gerði stefnda sér ferð norður að B, en var vísað á bug. Fór hún þá til sýslumanns, en fékk þar vitneskju um ættleiðingarbréf dómsmálaráðuneytisins, en um það kveðst hún eigi áður hafa vitað.

Stefnda höfðaði mál þetta í héraði með stefnu 21. júlí 1958 á hendur áfrýjendum og gerði þær kröfur, að ættleiðingarbréf dómsmálaráðuneytisins yrði dæmt ógilt, að henni yrðu dæmd foreldraráð barnsins, að áfrýjendum yrði dæmt að afhenda henni barnið og loks að greiða málskostnað.

1. Stefnda færir í fyrsta lagi fram þá málsástæðu, að hún hafi eigi veitt heimild til ættleiðingar barnsins, enda hafi hið svonefnda afsal, sem hún veitti áfrýjendum hinn 1. desember 1957, verið ófullnægjandi og gefið, áður en barnið fæddist, hún hafi einungis leyft, að barnið yrði í umsjá áfrýjenda fyrst um sinn, unz hún tæki aðra ákvörðun.

Aðdraganda að afhendingu barnsins hefur verið lýst hér að framan og skiptum aðilja bæði fyrir og næst eftir barnsburðinn. Verða yfirlýsingar og framkoma stefndu á þeim tíma eigi skilin öðruvísi en svo, að hún hafi gefið áfrýjendum loforð um, að þau fengju barnið sem sitt eigið barn og að hún hafi afhent barnið til efnda á því loforði. Var það því eðlilegt framhald af því, sem gerzt hafði, að áfrýjendur sóttu til dómsmálaráðuneytisins um ættleiðingu barnsins.

2. Í öðru lagi telur stefnda, að ógilda beri ættleiðinguna sökum galla á ættleiðingargerningnum.

Færir hún þar fyrst til, að eigi hafi verið leitað umsagnar barnaverndarnefndar, sbr. 8. gr. laga nr. 19/1953 og 32.

gr. laga nr. 29/1947. Umsókn um ættleiðinguna fylgdi vottorð sóknarprestsins í X-prestakalli, sem jafnframt er formaður skólanefndar, en hún er einnig barnaverndarnefnd, sbr. 4. gr. laga nr. 29/1947. Í málinu eru fram komin gögn fyrir því, að sóknarpresturinn gaf vottorð sitt, þar sem hann mælti með ættleiðingunni, í samráði við aðra skólanefndarmenn B-hrepps. Er því þessi málsástæða stefndu eigi á rökum reist.

Þá ber stefnda fyrir sig, að dómsmálaráðuneytið hafi eigi leitað umsagnar barnsföður, áður en ákvörðun var tekin um ættleiðingu, sbr. 6. gr. laga nr. 19/1953, enda þótt leynd hafi eigi verið á því, hver barnsfaðirinn væri.

Stefnda virðist í fyrstu hafa viljað draga dul á, hver barnið ætti með henni, svo sem sjá má á áðurnefndu bréfi hennar til foreldra sinna. Í 214. gr. laga nr. 85/1936 er mælt, að læknir eða ljósmóðir, sem tekur við barni, skuli spyrja móður um faðerni þess og skrásetja skýrslu hennar þar um. Þrátt fyrir þetta er faðernis barnsins eigi getið í bókum héraðsspítalans á Ó, eftir því sem segir í vottorði yfirlæknisins þar. Í fæðingar- og skírnarvottorði barnsins, út gefnu af sóknarprestinum í X-prestakalli 1. nóvember 1958, er föður barnsins eigi getið. Í beiðni áfrýjenda um ættleiðingu er tekið fram, að móðir barnsins sé stefnda, en hún hafi eigi gefið þeim upp föðurnafn barnsins. Áfrýjandi J kveður í aðiljaskýrslu í málinu stefndu að vísu hafa sagt sér frá faðerni barnsins 1. desember 1957, en hún segist hafa skilið stefndu þannig, að það væri trúnaðarmál, sem hún mætti aðeins segja manni sínum. Hafi áfrýjendur því talið sér óheimilt að láta faðernis getið í ættleiðingarbeiðni. Verður þessi skýrsla áfrýjenda eigi vefengd, enda er eigi í ljós leitt, að þeim hafi verið kunnugt um, að stefndu hafði snúizt hugur, fyrr en þau fengu bréf hennar 27. maí 1958, en þá höfðu þau fengið ættleiðingarleyfið og voru sjálf bundin við ættleiðingargerninginn, m. a. um framfærslu og uppeldi barnsins, og barnið hafði hlotið erfðarétt eftir þau.

Dómsmálaráðuneytið átti að vísu að leita vitneskju um

faðerni barnsins og æskja síðan umsagnar barnsföður, en þar sem slík umsögn er einungis til leiðbeiningar, en eigi bindandi fyrir ráðuneytið, þá þykir vöntun á henni ekki eiga, eins og á stóð, að valda ógildingu á ættleiðingu barnsins, sem áfrýjendur hafa samkvæmt heimild stefndu þegar tekið að sér og annazt frá fæðingu sem sitt eigið barn, en heimili þeirra er eftir gögnum málsins mjög gott. Samkvæmt þessu eru eigi ástæður til að taka kröfur stefndu í málinu til greina.

Eftir atvikum þykir rétt, að málskostnaður bæði í héraði og fyrir Hæstarétti falli niður, en málflutningslaun skipaðra talsmanna aðilja fyrir Hæstarétti, kr. 6.000,00 til hvors, greiðist úr ríkissjóði.

Dómsorð:

Áfrýjendur, M og J, eiga að vera sýkn af kröfum stefndu, Þ, í máli þessu.

Málskostnaður í héraði og fyrir Hæstarétti fellur niður, en málflutningslaun skipaðra talsmanna aðilja fyrir Hæstarétti, Guðmundar Péturssonar og Sigurðar Ólasonar hæstaréttarlögmanna, kr. 6.000,00 til hvors, greiðist úr ríkissjóði.

Sératkvæði Jóns Ásbjörnssonar hæstaréttardómara.

Um málsatvik má vísa til greinargerðar héraðsdóms, þar sem þau eru rækilega rakin. Munu nú kröfur stefndu teknar til úrlausnar hver fyrir sig.

I. *Um ógildingu ættleiðingar:*

Jafnvel þótt áfrýjendur hafi haft nokkra ástæðu til að líta svo á, að yfirlýsing stefndu um afsal á móðurrétti yfir væntanlegu barni hennar ásamt aðgerðum hennar fyrst eftir fæðingu þess væri nægjanleg heimild til að ættleiða barnið, eru þeir meinbugir á ættleiðingunni, sem nú skal rakið.

Umsókn áfrýjenda til dómsmálaráðuneytisins um ættleiðingu umrædds barns fylgdi einungis staðfest endurrit af nefndri yfirlýsingu barnsmóður, en ekki frumrit hennar,

sem þó hefði verið réttara. Orðalag yfirlýsingarinnar samrýmdist ekki til hlítar heimild til ættleiðingar. Ættleiðing var þar ekki nefnd, en einungis rætt um að afsala móðurrétti. Verður því orðalagi ekki, svo að öruggt sé, jafnað til heimildar til ættleiðingar, og er eigi ljóst, að stefnda hafi hugsað sér annað eða meira en afsal foreldravalds í hendur fósturforeldra, sbr. 23. gr. laga nr. 95/1947, að svo miklu leyti sem hún hafði gert sér grein fyrir, hvað í yfirlýsingu hennar fælist, en hana kveðst hún hafa gefið í vonleysisástandi. Eigi naut hún neinnar aðstoðar lögfróðs manns við gerning þenna.

Að formi til var yfirlýsingu þessari mjög áfátt. Hún var hvorki staðsett né dagsett, óvottföst, og eigi voru þar greind nöfn þeirra, er öðlast skyldu móðurréttinn. Bar þetta því glöggt vitni, að ófróðir aðiljar í þessum efnum höfðu um hana fjallað, og hlaut það að rýra gildi hennar.

Af þeim ástæðum, sem nú hafa verið raktar, var yfirlýsing þessi alls ónóg heimild til ættleiðingar af hálfu barnsmóður. Og að því er varðar aðrar aðgerðir hennar fyrir og fyrst eftir barnsburðinn, þá tel ég þær ekki sýna með vissu, að hún hafi þá viljað afsala sér móðurrétti *óafturkallanlega* eða stofna til annars og frekara sambands milli barnsins og áfrýjenda en samsvarar áðurgreindu sambandi við fósturforeldra, en að vísu mun það hafa verið ætlað a.m.k. til nokkurrar frambúðar. Er ættleiðing barns svo örlagarík gerningur, einkum fyrir unga og ólífsreynda barnsmóður, að nauðsyn ber til, að gætt sé fyllstu varúðar og ættleiðing ekki leyfð, nema fengin sé ótvíræð yfirlýsing móður barnsins um, að það sé með fullu samþykki hennar og vilja, að barnið verði ættleitt. En af gögnum máls þessa má með vissu ráða, að stefnda hefði ekki samþykkt ættleiðingu á þeim tíma, er um hana var sótt. Hafði hún og alllöngu fyrr gert ráðstafanir til, að áfrýjendum yrði frá því skýrt, að hún hefði í hyggju að taka barnið til sín aftur. En það virðist ekki hafa komizt til vitundar þeirra. Hins vegar fékk hún enga vitneskju um, hvað í ráði var, fyrr en ættleiðing var um garð gengin.

Enn er á það að líta, að í ættleiðingarbeiðninni skýra áfrýjendur ranglega svo frá, að stefnda hafi ekki gefið þeim upp nafn barnsföður. Er hans því ekki getið í beiðninni. Varð þetta til þess, að eigi var leitað umsagnar hans um ættleiðinguna, svo sem boðið er í 6. gr. laga nr. 19/1953. Dómsmálaráðuneytinu bar að vísu, þrátt fyrir umrædda staðhæfingu, að grennslast fyrir um, hver barnsfaðirinn væri, því að telja verður þetta skilyrði mikilvægt, þótt aðeins sé um umsögn að ræða. Slík eftirgrennslan fórst þó fyrir.

Meinbugir þeir, sem nú hafa verið raktir, eru svo mikilvægir, að ég tel, að varða eigi ógildingu ættleiðingar, enda má ætla, að hún hefði ekki náð fram að ganga, ef réttum reglum hefði verið fylgt.

II. *Um foreldravald yfir barninu og afhendingu þess til stefndu:*

Eftir að dómur gekk í héraði, hefur barnaverndarnefnd H-hrepps hinn 7. þ. m. að kröfu áfrýjenda þessa máls og með skírskotun til 16. gr. laga nr. 87/1947 úrskurðað, að umrætt barn skuli vera kyrrt hjá áfrýjendum. Hefur úrskurður þessi verið lagður fram í Hæstarétti. En eigi hefur stefndu gefizt ráðrúm til að afla sér úrlausnar barnaverndarráðs um þessa ákvörðun barnaverndarnefndar. Þar sem úrskurður þessi, svo sem nú var greint, var eigi kveðinn upp fyrr en eftir uppsögu hins áfrýjaða dóms og hefur því ekki komið til álita héraðsdóms, er eigi unnt að meta gildi hans hér fyrir dómi. Með tilliti til þessa úrskurðar þykir þó rétt að telja kröfu stefndu um afhendingu barnsins eigi nægjanlega reifaða og fella héraðsdóminn úr gildi að því leyti. Verður þá eigi annars kostur en vísa kröfu þessari frá héraðsdómi.

Ljóst er, að foreldravald yfir barninu verður að miklu leyti að vera hjá þeim, sem hefur barnið í fóstri. Er þá eigi heldur unnt að veita úrlausn um það atriði, og verður því einnig að vísa þeirri kröfu frá héraðsdómi af framangreindum ástæðum.

Um málskostnað er ég sammála meiri hluta dómenda.

Dómsorð mitt verður því á þessa leið:

Ákvæði héraðsdóms um ógildingu ættleiðingar á að vera óraskað.

Kröfum stefndu, Þ, um afhendingu barns hennar, A, og um foreldravald yfir því vísast frá héraðsdómi.

Hvor aðilja beri sjálfur kostnað sinn af málinu bæði í héraði og fyrir Hæstarétti, en málflutningslaun skipaðra málflytjenda þeirra fyrir Hæstarétti, hæstaréttarlögmannanna Guðmundar Péturssonar og Sigurðar Ólasonar, kr. 6.000,00 til hvors, greiðist úr ríkissjóði.

Dómur aukadómþings Húnavatnssýslu 12. desember 1958.

Ár 1958, föstudaginn 12. desember, var í aukadómþingi Húnavatnssýslu af Kristni Ólafssyni, fulltrúa í Hafnarfirði, sem dómara samkvæmt umboðsskrá, upp kveðinn dómur í ofangreindu máli.

Mál þetta var upphaflega höfðað með stefnu, út gefinni 21. júlí 1958, af Þ, Á-vegi, K, gegn M og konu hans, J, B í V-sýslu, til afhendingar á barni stefnanda, fæddu 28. janúar síðastliðinn, sem skírt var nafninu A, og til ógildingar á „ættleiðingu" þess til nefndra hjóna, dags. 9. maí sl., og loks er krafizt greiðslu hæfilegs málskostnaðar úr hendi stefndu.

Af hálfu stefndu var *aðallega* krafizt, að málinu yrði vísað frá dómi, en *til vara,* að stefndu væru algerlega sýknuð af öllum kröfum stefnanda í málinu, og jafnframt krafizt málskostnaðar þeim til handa, hvor krafan sem tekin yrði til greina.

Að lokinni gagnasöfnun og munnlegum flutningi á málinu var kveðinn upp dómur í því í héraði 19. sept. sl. Síðan var málinu áfrýjað til Hæstaréttar, og féll dómur þar 26. nóv. sl. með þeirri niðurstöðu, að héraðsdómurinn og málsmeðferð frá og með munnlegum málflutningi 1. sept. sl. ætti að vera ómerk og málinu vísað heim í hérað til löglegrar meðferðar og dómsálagningar.

Með umboðsskrá, dags. 27. nóv. sl., var Kristinn Ólafsson, fulltrúi í Hafnarfirði, skipaður af dómsmálaráðuneytinu sérstakur dómari til þess að fara með og dæma mál þetta, og var það síðan að loknum munnlegum flutningi tekið að nýju til dóms 5. þ. m.

Eins og þegar er fram tekið, var af hálfu stefndu aðallega krafizt frávísunar málsins vegna formgalla, en kröfu þeirri var

mótmælt af hálfu stefnanda, en síðan var með vísun til 108. gr., 2. mgr., laga nr. 85 frá 1936 ákveðið að flytja og dæma í einu lagi framlagðar kröfur, með því að frávísunarkrafan byggist á ástæðum, er jafnframt varða efni málsins.

Kröfur stefnanda um efni málsins eru þessar:

1. að ógilt verði með dómi „ættleiðing" stefndu frá 9. maí 1958 á þá óskírðu stúlkubarni stefnanda, f. 28. jan. 1958,
2. að viðurkennd verði foreldraráð stefnanda yfir téðu barni,
3. að stefndu verði dæmd til að láta barnið af hendi við stefnanda,
4. að stefndu verði gert að greiða in solidum hæfilegan málskostnað fyrir héraðsdómi eftir mati dómarans.

Af hálfu stefndu er öllum ofangreindum kröfum stefnanda, 1—4, mótmælt og krafizt, að stefndu verði algerlega sýknuð af öllum kröfum stefnanda í málinu og hverri fyrir sig og stefndu tildæmdur málskostnaður úr hendi stefnanda.

Dómarinn leitaði sátta í málinu, en það bar ekki árangur.

Málavextir eru þessir:

Hinn 28. janúar 1958 fæddi stefnandi máls þessa, Þ, starfsstúlka á V-stöðum, óskilgetið stúlkubarn í héraðssjúkrahúsinu á Ó. En alllöngu áður — eða eftir að hafa gengið með fóstrið 6—7 mánuði — hafði hún ákveðið að láta barnið frá sér, þegar til kæmi. Bróðir hennar, H, bóndi að L í V-hreppi, annaðist milligöngu þessa, og leitaði hann til stefndu í máli þessu, M og konu hans, J, hjóna að B í H-hreppi, sem voru kunningjafólk H og voru barnlaus. Eftir stuttan umhugsunarfrest ákváðu þau að taka barnið og tilkynntu H að kvöldi sama dags og hann talaði við þau, að þau væru reiðubúin til þessa, en aðeins með því skilyrði, að þau segja, að það yrði til fullrar eignar. Nokkru fyrir jól eða að því er virðist í desemberbyrjun f. á. dvaldist Þ að L hjá bróður sínum, H. Komu þá B-hjónin þangað þessara erinda, og virðist stefnda J þá hafa sérstaklega átt tal við Þ um þetta og fékk hjá henni yfirlýsingu, sem hún skrifaði þá á bréflappa í viðurvist J og er þannig orðrétt:

„Ég undirrituð afsala mér móðurrétt yfir barni mínu. Þ, L."

En þá jafnframt skýrði Þ frá því, hver faðirinn væri, en J skildist, að það væri henni sagt í trúnaði.

Vegna ófærðar á bílvegum mun hafa dregizt þar til á þriðja degi, eftir að barnið fæddist, að stefndu færu til Ó að sækja það, en sú vegalengd er talin 30 km. Þ mun fyrst hafa óskað að hafa barn sitt hjá sér, meðan hún yrði á sjúkrahúsinu, og hafði J

ekkert við það að athuga, en Þ snerist hugur, og tóku hjónin barnið með sér heim að B, þar sem það hefur verið síðan.

Stuttu eftir þetta — eða í byrjun febrúar — kom barnsfaðirinn, S, norður að L, þar sem Þ þá dvaldist, og fór fram á við hana, að hún tæki barnið aftur frá B, en hún neitaði að verða við því þá. Hann kom þá einnig við á Blönduósi og átti þar tal við fulltrúa sýslumanns, Jón Ísberg, um þetta efni, en hann vísaði barnsföðurnum að leita sér frekari upplýsinga hjá lögfræðingi, er hann kæmi til Reykjavíkur, og kvaðst hann mundu gera það.

Um hálfum mánuði eftir barnsburðinn fór Þ í heimsókn að B og dvaldist þar lengi dags í góðu yfirlæti, en hélt síðan aftur að L, en síðan eftir skamma dvöl áfram til R.

Í marzmánuði seint segjast stefndu hafa farið að hugsa um að skíra barnið, og spurði J H að því, hvort nokkuð mundi vera því til fyrirstöðu, og kvaðst hann ekki sjá, að svo mundi vera. Nokkru síðar átti hann símtal við föður sinn, sem býr í S við R, og gat þessa varðandi skírn barnsins við hann, en kveðst þá hafa orðið þess var, að eitthvað nýtt hefði gerzt í málinu. Daginn eftir hringdi stefnandi og tjáði H, að þetta kæmi ekki til mála. Um svipað leyti eða nokkru áður kveðst H hafa fengið bréf frá Þ, að hún ætlaði að taka barnið til sín aftur, en hún hafi ekki beðið um, að hann tilkynnti það B-hjónunum, sem hann hafi ekki heldur gert.

Í sambandi við ráðagerðir sínar um að skíra barnið leituðu stefndu til Jóns Ísbergs, lögfræðings á Blönduósi, sem benti þeim á í því tilefni, að þau þyrftu að fá barnið ættleitt. Síðan útbjó hann fyrir hjónin ættleiðingarumsókn, sem er dags. 18. apríl sl. og var ásamt fylgiskjölum send dómsmálaráðuneytinu, og ættleiðingarbréf, dags. 9. maí sl., barst aftur til sýsluskrifstofunnar um miðjan maí, en mun hafa borizt stefndu í hendur nokkru síðar. Hins vegar höfðu stefndu látið sóknarprest X-prestakalls skíra barnið hinn 28. aprílmánaðar nafninu A.

Eftir að stefnandi var komin suður aftur að lokinni fæðingu barnsins, segir barnsfaðirinn, S, að þau hafi sameiginlega tekið ákvörðun um að sækja barnið norður í B. Ekki er upplýst nánar, hvernig þetta hefur verið, en hinn 22. maí skrifar Þ þeim M og J bréf, þar sem hún segir, að þau S ætli að sækja stúlkuna sína og muni koma um mánaðamótin, bæði eða ef til vill S einn.

Skömmu fyrir miðjan júní kveðst stefnandi svo hafa farið norður að B í því skyni að sækja barn sitt, en verið illa tekið og harðneitað að sjá barnið. Leitaði stefnandi þá til sýslumannsskrif-

stofunnar á Blönduósi og hitti fulltrúa sýslumanns, sem tók fram og sýndi henni skjal, þar sem telpan var ættleidd hjónunum í B.

Stefnandi sneri sér síðan til dómsmálaráðuneytisins, en það bar ekki árangur, og höfðaði hún því mál þetta til að fá ættleiðinguna fellda niður og heimild til að sækja barn sitt.

Stefnandi heldur fram, að fyrrgreint „afsal" á móðurrétti yfir barni sínu hafi hún undirritað í algeru vonleysisástandi og án þess að gera sér grein fyrir, hvað hún var að gera, og barnið verið sótt í sjúkrahúsið, meðan hún enn var veik. Hafi stefnda J þá strax spurt, hvort hún mætti láta skíra barnið, en stefnandi neitað því, nema talað væri um það við hana áður. Á ættleiðingu hafi aldrei verið minnzt, hvorki þá né síðar. Og hinn 3. marz hafi stefnandi skrifað H, bróður sínum, og sagt, að hún gæti alls ekki hugsað sér að láta barnið þannig frá sér, og beðið hann að hafa milligöngu um, að hún fengi barnið aftur. Í stað þess, segir hún, að svo virðist, að H hafi beint eða óbeint hjálpað stefndu til að fara á bak við stefnanda og drífa ættleiðinguna í gegn án þess að gera foreldrum barnsins frekar aðvart. Það hafi alltaf verið upplýst og viðurkennt, hver faðirinn var, og sérstaklega hafi bæði stefndu vitað það svo og lögfræðingurinn, sem aðstoðaði þau við að sækja um ættleiðinguna. Ættleiðingin muni hafa fengizt afgreidd á röngum forsendum og því sé krafizt riftunar á henni og færðar fram þessar aðalástæður:

A. Ekki hafi verið leitað álits eða umsagnar barnaverndarnefndar, áður en ættleiðingin var afgreidd, sbr. l. nr. 19 frá 1953, 8. gr., sbr. l. nr. 29/1947, 32. gr.

B. Ekki hafi verið leitað umsagnar föður barnsins, sbr. l. nr. 19/1953, 6. gr., 2. mgr., sbr. l. nr. 95/1947, 22. gr. Í ættleiðingarbeiðninni segi, að móðirin hafi „ekki gefið upp faðerni" barnsins, sem viðurkennt sé nú í rannsókn málsins, að sé ranghermi.

C. Samþykki stefnanda til umræddrar ættleiðingar liggi alls ekki fyrir, hvorki beint né óbeint. Svokallað „afsal" stefnanda sé allsendis ófullnægjandi bæði að efni og formi, enda gefið undir annarlegum kringumstæðum, óvottfast og ekki svo mikið sem getið, hverjum barnið sé afsalað. Það sé ódagsett, en upplýst í rannsókn málsins, að það hafi verið skrifað í byrjun desember eða hér um bil tveimur mánuðum áður en barnið fæddist eða þannig áður en nokkru barni var til að afsala, og þegar af þeirri ástæðu fortakslaust ógilt sem slíkt, enda hafi það ekki heldur verið staðfest eftir á.

Í „afsali“ þessu sé ekkert tekið fram um það, að ættleiða megi barnið, og af orðalagi þess verði alls ekki ráðið, að það feli í sér slíkt samþykki. Jafnvel þótt slíkt „afsal“ væri metið gilt, þá fullnægði það ekki til ættleiðingar, enda hefði jafnan mátt afturkalla það, sem og líka hefði verið gert. Stefnandi hafi aldrei samþykkt ættleiðingu né mundi hafa gert, ef slíkt hefði borið á góma, en það hafi aldrei komið til umræðu milli stefnanda og stefndu. Hins vegar hefði hún samþykkt, að barnið yrði hjá stefndu fyrst í stað, þar til úr rættist um hagi hennar. Hefði hún sérstaklega beðið bróður sinn að koma í veg fyrir, að stefndu skírðu barnið, þegar þau brydduðu upp á því, vegna þess að hún ætlaði að taka það til sín, og hafi nokkurn tíma verið um gilt „afsal“ að ræða, hafi hún þannig afturkallað það, áður en til ættleiðingarinnar kom og án nokkurs óþarfs eða verulegs dráttar. Stefnandi hafi þá og skrifað stefndu og kallað eftir barninu og boðið fram meðlag.

Stefnandi hefur tilkynnt dómsmálaráðuneytinu um efni máls þessa og kröfugerð, svo að það gæti fylgzt með málinu, þar sem það sé í rauninni með óbeinum hætti aðili þess. Ráðuneytið hefur því í bréfi sínu til lögmanns stefnanda 3. nóv. sl. í sambandi við hæstaréttarmálið, sbr. og bréf sama, dags. 5/8 sl., tekið fram, að það telur umræddar tilkynningar algerlega jafngilda því, að ráðuneytinu hefði verið formlega stefnt til réttargæzlu í þessu máli.

Aðalkrafa stefndu, frávísun málsins, er studd þessum rökum:

Stefnandi krefjist ógildingar á úrskurði eða ákvörðun yfirvalds, en vefengi ekki, að ættleiðingin hafi verið gerð af þar til bæru yfirvaldi, né heldur, að ættleiðingin sé að formi til ógölluð, þannig að uppfyllt hafi verið öll skilyrði, sem lög nr. 19/1953 setja. Þannig liggi fyrir samþykki þess foreldris, sem með foreldravaldið fari, sbr. 6. gr. téðra laga, beiðni kjörforeldranna að mega ættleiða barnið og meðmæli sóknarprests þar að lútandi.

Samkv. 6. gr. stjórnarskrárinnar skeri dómstólar úr um ágreining um embættistakmörk yfirvalda. Í þessu máli hafi ekki verið vefengd heimild yfirvaldsins til ráðstöfunar, hæfni þess né sýnt fram á, að yfirvaldið hafi farið út fyrir embættistakmörk sín eða farið skakkt að, og beri því að vísa málinu frá dómi. Hér komi og til, að borið hefði að stefna dómsmálaráðuneytinu í málið sem formlegum aðilja til að þola ógildingu á gerðum sínum. Þar sem það hafi ekki verið gert, beri einnig af þeirri ástæðu að vísa málinu frá dómi.

Áður en frekar er farið út í efnishlið málsins, skal vikið að frávísunarkröfu stefndu.

Eins og fram kemur af því, sem rakið hefur verið hér að framan, heldur stefnandi fram, að umdeild ættleiðing hafi átt sér stað, án þess að lögmæltra skilyrða hafi verið gætt í veigamiklum atriðum, og vefengir, að löglega hafi verið farið að. Fellst dómarinn á, að stefnandi eigi skýlausan rétt til að bera slíkan ágreining undir dómstóla og fá hér úr skorið, hverju það varði um gildi téðrar ættleiðingar.

Þá halda stefndu fram, að borið hafi að stefna dómsmálaráðuneytinu í málið.

Þar sem dómsmálaráðuneytinu hefur verið formlega tilkynnt um mál þetta, efni þess og kröfur, og gefizt kostur á að fylgjast með því frá upphafi, eins og því hefði verið stefnt til réttargæzlu, og það hefur samþykkt fyrir sitt leyti þá málsmeðferð, verður eigi heldur fallizt á kröfu stefndu að vísa málinu frá á þeim grundvelli.

Varakröfu sína um sýknu í máli þessu rökstyðja stefndu fyrst og fremst með því, að dómstóll geti ekki ógilt gerðir löglegs yfirvalds, nema sýnt sé fram á, að yfirvaldið hafi farið út fyrir embættistakmörk sín, eða bein lagaheimild sé fyrir því, að ógilda megi þær yfirvaldsákvarðanir með dómi. Í lögum um ættleiðingu, nr. 19/1953, 15. og 16. gr., séu tæmandi reglur um heimild til að fella niður ættleiðingu með dómi, en tæpast verði þeim reglum beitt í þessu máli, enda byggi stefnandi ekki beint á þessum greinum, heldur telji hún, að ættleiðingin hafi verið afgreidd á röngum forsendum. Hún telji, að það ógildi ættleiðinguna, að stefnandi afsalaði sér móðurréttinum, áður en hún ól barnið, og að ekki hafi legið fyrir samþykki föðurins. Um síðara atriðið sé það að segja, að nægilegt sé samþykki þess foreldris, sem fer með foreldravaldið, sbr. 6. gr. ættleiðingarlaganna. Þegar um óskilgetið barn sé að ræða eins og hér, sé foreldravaldið hjá móðurinni. Það sé algengast, að ógiftar mæður ráðstafi ófæddum afkvæmum sínum til fósturs eða kjörforeldra, áður en þau fæðast, og ekkert geti verið því til fyrirstöðu. Og sérstaklega er mótmælt, að umrætt afsal hafi verið gefið undir þess konar annarlegum kringumstæðum og ástandi og áður en eiginlegra móðurtilfinninga sé farið að gæta, svo að ekki geti komið til mála, að það yrði talið gilt að lögum. Jafnframt er því haldið fram, að stefnandi hafi eftir á staðfest viljayfirlýsingu sína um afsal á móðurrétti að barni sínu meðal annars með því að afhenda það

nýfætt og tveimur vikum eftir fæðinguna að koma í heimsókn að B og þá jafnframt lýsa yfir, að hún mundi ekki rifta ráðstöfuninni á barninu. Stefndu fullyrða, að þau hafi, strax og þau gáfu kost á að taka barnið, tekið fram, að það væri aðeins gert með því skilyrði, að þeim yrði gefið það til fullrar eignar, og þau hafi alla tíð staðið í þeirri meiningu, að svo hefði verið. Þá er haldið fram, að framtíð barnsins og velferð sé betur tryggð hjá stefndu, með því að þau geti boðið því ágætt heimili. Ef foreldrar barnsins hefðu gengið í hjónaband eða það stæði til, væri ef til vill ástæða til að líta öðrum augum á kröfur þeirra, en svo muni ekki vera, þó að greinilegt sé, að barnsfaðirinn standi á bak við málshöfðun þessa.

Þá taka stefndu fram, að þeim hefðu engin skilaboð borizt frá stefnanda né bending um, að henni hefði snúizt hugur eða hún vildi rifta gerningnum um ráðstöfun á barninu, fyrr en þau fengu bréf hennar, dags. 22. maí sl., móttekið 27. sama mán. Hér sé um að ræða allt of mikinn drátt af hálfu stefnanda, jafnvel þótt riftun hefði verið hugsanleg, ef hún hefði farið fram í tæka tíð.

Með lögum nr. 19 frá 1953 eru sett ýmis skilyrði fyrir, að ættleiðing barns geti farið fram. Er þar fyrst og fremst um að ræða samþykki til ættleiðingar af hálfu móðurinnar, þegar um óskilgetið barn er að ræða og hún hefur foreldravald þess. Álítur dómarinn, að slíkt samþykki verði að vera skýlaus og ótvíræð viljayfirlýsing barnsmóður til samþykkis ættleiðingar, gefin, eftir að barnið er fætt, á þeim tíma og við þær aðstæður, að hún geti gert sér þess fulla grein, hve djúptæk slík ákvörðun er fyrir móður, og jafnframt geti vegið og metið, hvað farsælast verði fyrir framtíð barnsins. Slík viljayfirlýsing, gefin fyrir barnsburð, verður að teljast algerlega ógild, meðal annars vegna þess, að aðstæður til að taka slíka ákvörðun eru þá allajafna svo erfiðar fyrir ógiftar barnsmæður, ekki sízt þegar um mjög ungar konur er að ræða og einkum þegar á það er litið, að samband móður og barns er allt annað, eftir að barnið er fætt. Með vísun til þessa verður því að telja afsal það, er stefnandi gaf fyrir móðurrétti að barni sínu fyrir fæðingu þess, hafa verið ógilt, auk þess sem telja verður, að það uppfylli ekki að formi lágmarkskröfur, sem gera verður til slíkrar yfirlýsingar.

Þá hafa stefndu viljað halda fram, að jafnvel þótt margnefnt afsal stefnanda fyrir móðurrétti að barni hennar yrði ekki talið gilt, þá hafi hún á fullnægjandi hátt staðfest það með aðgerðum sínum eftir barnsburðinn. Ekki verður á það fallizt. Enda þótt

hún hafi afhent barn sitt stefndu, heimsótt það og látið í ljós ánægju sína með ráðstöfun þessa og talað um, að hún þá tæki ekki barnið af stefndu, liggur ekki í þessu bindandi loforð um að taka ekki barnið aftur og því síður fullnægjandi samþykki til ættleiðingar.

Þar sem ekki lá fyrir á sínum tíma samþykki stefnanda á ættleiðingu barns hennar, ber þegar af þeirri ástæðu að taka til greina kröfur stefnanda og dæma téða ættleiðingu frá 9. maí 1958 ógilda og jafnframt skylda stefndu til að láta barnið af höndum við hana og enn fremur viðurkenna foreldraráð hennar yfir barni hennar, enda liggja fyrir í málinu fullnægjandi gögn fyrir, að hún sé fær um að annast uppeldi barns síns og hafi tök á að ala það upp á góðu heimili.

Eftir atvikum þykir rétt, að hvor aðili beri sinn kostnað af máli þessu.

Því dæmist rétt vera:

Stefndu, M og J, skulu afhenda stefnanda, Þ, barn hennar, A, og viðurkennast foreldraráð hennar yfir barninu.

Ættleiðing sú, er fram fór 9. maí 1958 á téðu barni til handa stefndu, skal ógild vera.

Málskostnaður fellur niður í málinu.

Dómi þessum ber að fullnægja innan 15 daga frá lögbirtingu hans að viðlagðri aðför að lögum.

Miðvikudaginn 28. janúar 1959.

Nr. 79/1958. **Fjármálaráðherra f. h. ríkissjóðs**
(Sigurður Ólason hrl.)
gegn
Robert P. Walsh
(Sigurgeir Sigurjónsson hrl.)
og gagnsök.

Dómendur:
hæstaréttardómararnir Árni Tryggvason, Gizur Bergsteinsson, Jónatan Hallvarðsson og Þórður Eyjólfsson og prófessor Ármann Snævarr.

Skaðabætur fyrir ólöglega handtöku.

Dómur Hæstaréttar.

Aðaláfrýjandi hefur skotið máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 9. júní 1958. Hann krefst *aðallega* sýknu og málskostnaðar í héraði og fyrir Hæstarétti úr hendi gagnáfrýjanda eftir mati dómsins. *Til vara* krefst hann lækkunar bótafjárhæðar þeirrar, sem dæmd var í héraði, og að hvorum aðilja verði dæmt að bera kostnað sinn af málinu í héraði og hér fyrir dómi.

Gagnáfrýjandi hefur áfrýjað málinu af sinni hendi með stefnu 27. október sl., að fengnu áfrýjunarleyfi 23. s. m. Hann krefst þess, að aðaláfrýjanda verði dæmt að greiða honum *aðallega* kr. 100.000,00, en *til vara* lægri fjárhæð, ásamt 7% ársvöxtum frá 22. október 1955 til greiðsludags og svo málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti eftir mati dómsins.

Samkvæmt ástæðum þeim, sem raktar eru í héraðsdómi, þykja bætur til handa gagnáfrýjanda hæfilega ákveðnar kr. 15.000,00. Ber aðaláfrýjanda að greiða gagnáfrýjanda þá fjárhæð ásamt 6% ársvöxtum frá 22. október 1955 til greiðsludags og svo málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti, sem ákveðst samtals kr. 6.000,00.

Dómsorð:

Aðaláfrýjandi, fjármálaráðherra f. h. ríkissjóðs, greiði gagnáfrýjanda, Robert P. Walsh, kr. 15.000,00 ásamt 6% ársvöxtum frá 22. október 1955 til greiðsludags og málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti, kr. 6.000,00.

Dóminum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur bæjarþings Reykjavíkur 26. marz 1958.

Mál þetta, sem tekið var til dóms 13. þ. m., hefur Robert P. Walsh, sem nú mun vera búsettur í Bandaríkjum Norður-Ameríku, höfðað fyrir bæjarþinginu með stefnu, út gefinni 16. maí 1956, gegn fjármálaráðherra f. h. ríkissjóðs til greiðslu skaðabóta, að fjárhæð kr. 100.000,00, með 7% ársvöxtum frá 22. okt. 1955 til greiðsludags og málskostnaðar að skaðlausu. Jafnframt hefur stefnandi stefnt dómsmálaráðherra f. h. „ríkisvaldsins" til réttargæzlu í málinu. Með stefnu, birtri 9. janúar 1957, hefur stefnandi auk þess stefnt Guðmundi Í. Guðmundssyni utanríkisráðherra og Birni Ingvarssyni, lögreglustjóra á Keflavíkurflugvelli, til að gæta réttar síns í málinu. Stefnandi hefur ekki gert sjálfstæðar kröfur á hendur réttargæzlustefndu. Af hálfu Guðmundar Í. Guðmundssonar og Björns Ingvarssonar var í greinargerð krafizt málskostnaðar. Síðar hefur verið fallið frá þeirri kröfu.

Við munnlegan flutning málsins krafðist stefnandi þess til vara, að honum yrðu dæmdar bætur eftir mati dómarans.

Stefndi hefur *aðallega* krafizt sýknu af öllum kröfum stefnanda, en *til vara,* að kröfur stefnanda verði stórlega lækkaðar. Þá hefur hann krafizt málskostnaðar úr hendi stefnanda eftir mati dómarans.

Málavextir eru þessir:

Miðvikudaginn 12. október 1955, skömmu eftir hádegi, komu á fund lögreglustjórans á Keflavíkurflugvelli, Björns Ingvarssonar, réttargæzlustefnda í máli þessu, eftirgreindir menn:

dr. Cotman, yfirlæknir varnarliðsins á Keflavíkurflugvelli,
major Whittington lögfræðingur, yfirmaður lagadeildar varnarliðsins,
capt. Cickson lögfræðingur,
major Hotard herlögreglustjóri,

James Gallagher og
frú Bergljót Walsh, eiginkona stefnanda.

Samkvæmt skýrslu lögreglustjórans á Keflavíkurflugvelli virðist yfirlæknir varnarliðsins hafa haft orð fyrir hópnum, sem óskað hafði viðtals við lögreglustjóra út af máli, er fólk þetta taldi mjög alvarlegt. Segir svo meðal annars í skýrslu þessari:

„Yfirlæknir varnarliðsins skýrði mér svo frá, að frú Walsh hefði leitað til sín og greint sér frá geðveiki manns síns og að hún væri ekki óhult um líf sitt og barna. Enn fremur gat hann þess, að frúin hefði tjáð sér, að er þau hjón hefðu búið í Bandaríkjunum, hefði herra Walsh leitað geðlæknis við hið kunna sjúkrahús John Hopkins og læknir eða læknar þar greint svo frá, að hann væri með sérstaka tegund leyndrar geðveiki, er yfirlæknirinn nefndi.

Eftir frásögn yfirlæknisins hafði hann kynnt sér þetta og séð eitthvað af einkennilegum bréfum eða hótunarbréfum, er herra Walsh hafði ritað eiginkonu sinni.

Hópur þessi taldi börn þeirra hjóna í mikilli yfirvofandi lífshættu, og var rætt um, hvernig þeim yrði bezt borgið. Haft var samband við næstæðsta mann varnarliðsins hér, col. Manzo, en hann vildi eigi, að varnarliðið handtæki herra Walsh, þar sem hann væri eigi í þjónustu þess, heldur skyldi málinu vísað til íslenzkra yfirvalda. Hafði ég þegar samband við utanríkisráðuneytið — varnarmáladeild —, Pál Ásgeir Tryggvason fulltrúa, og greindi honum frá erindi fólks þessa og beiðni, að herra Walsh væri tekinn til geðrannsóknar, þar sem hann væri hættulegur konu sinni og börnum.

Fulltrúinn sagðist mundu athuga þetta mál við dómsmálaráðuneytið og láta mig síðan vita.

Á meðan á því stóð, höfðu yfirmaður lagadeildar varnarliðsins og yfirlæknirinn samband við ameríska sendiráðið og greindu því frá málavöxtum.

Nokkru seinna var hringt frá utanríkisráðuneytinu — varnarmáladeild — af Páli Ásgeiri Tryggvasyni fulltrúa og mér tjáð, að þegar hefði verið rætt við sakadómaraembættið um mál þetta og ég skyldi tala við sakadómara.

Hringdi ég þegar í skrifstofu sakadómara, en náði eigi til sakadómara, en í Guðmund Ingva Sigurðsson fulltrúa og tjáði honum frá málavöxtum og að frú Walsh mundi koma inn eftir til hans með fulltrúa mínum, Guðjóni Valgeirssyni, er heimili á í Reykjavík, og var svo gert.“

Hefur fyrrgreindur fulltrúi sakadómara skýrt svo frá, að frú Bergljót og fulltrúi lögreglustjórans á Keflavíkurflugvelli hafi komið á skrifstofu hans um kl. 17,30. Kveðst hann hafa átt tal við þau og fengið staðfest af þeim, að stefnandi væri geðveikur. Þar sem hér hafi aðeins verið um það að ræða að koma geðveikum manni undir læknishendi, kveðst fulltrúinn ekki hafa séð ástæðu til að kveða upp úrskurð um handtöku stefnanda. Þá hafi hann hvorki haft ástæðu né tök á að meta sjálfstætt beiðni lögreglustjórans á Keflavíkurflugvelli, hliðsetts yfirvalds, um aðgerðir í máli þessu. Hafi hann því falið tveimur rannsóknarlögreglumönnum að handtaka stefnanda og flytja hann í hegningarhúsið til geymslu, þar til búið væri að hafa tal af yfirlækni geðveikraspítalans á Kleppi, dr. Helga Tómassyni. Skömmu eftir að lögreglumennirnir komu með stefnanda í hegningarhúsið, kveðst fulltrúinn hafa náð tali af dr. Helga Tómassyni, er hafi sagt, að hann gæti veitt manninum viðtöku. Kveðst fulltrúinn þá strax hafa gefið skipun um að flytja stefnanda á geðveikraspítalann.

Stefnandi hefur skýrt svo frá, að kl. 6 um kvöldið hafi tveir menn, sem kváðust vera starfsmenn rannsóknarlögreglunnar, komið heim til hans að Blönduhlíð 12 hér í bæ og tilkynnt honum, að þeir hefðu fengið fyrirskipun um að handtaka hann og koma honum undir læknishendur til rannsóknar.

Kveðst stefnandi hafa mótmælt þessu þegar í stað og óskað þess að fá að hafa samband við sendiráð Bandaríkjanna út af þessu, en mennirnir hafi skýrt svo frá, að sendiráðinu hefði verið gert aðvart um þetta, þar sem hann væri bandarískur þegn. Kveðst stefnandi þá hafa farið af stað með mönnunum, en í stað þess að fara með hann til læknis, eins og þeir höfðu boðað, hefðu þeir farið með hann á lögreglustöðina í bænum og tilkynnt honum, að honum yrði haldið þar til næsta morguns, en þá yrði farið með hann til læknis til rannsóknar. Þessu kveðst stefnandi hafa mótmælt harðlega. Eftir að annar mannanna hefði talað við einhvern í síma, hafi honum verið tilkynnt, að farið yrði með hann til læknis þá þegar. Hafi mennirnir því næst flutt hann að Kleppi. Þar hafi honum verið skipað að ganga inn, og hafi hjúkrunarkona tekið á móti honum, en læst dyrunum undireins. Hjúkrunarkonan hafi vísað honum í herbergi og beðið hann að afklæðast og fara í náttföt, er hún hafi haft meðferðis. Er hér var komið, hafi honum ekki verið farið að lítast á blikuna. Kveðst stefnandi satt að segja ekki hafa vitað, hvaðan á hann stóð veðrið, og hafa

verið farinn að óttast verulega um hag sinn vegna þessara aðgerða. Kveðst hann því hafa beðið hjúkrunarkonuna um leyfi til að hafa símasamband við bandaríska sendiráðið, en þá hafi svo undarlega við brugðið, að hún hafi ekkert þótzt skilja í ensku. Hins vegar hafi hún skýrt honum svo frá, að sjúkrahússlæknirinn mundi koma og tala við hann um kl. 9 þetta sama kvöld. Hafi hún því beðið hann að hátta þarna og bíða eftir lækninum. Kveðst stefnandi ekki hafa séð sér annað fært en að gera þetta, enda þótt þarna í sama herbergi hafi verið milli 20—35 sjúklingar, sennilega allt geðveikisjúklingar.

Um kl. 9 um kvöldið hafi svo sjúkrahússlæknirinn, dr. Helgi Tómasson, komið. Hafi hann sagt, að mál þetta væri mjög óvenjulegt og að hann skildi ekki, hvað væri á seyði. Hann hafi verið beðinn af skrifstofu sakadómara að geyma stefnanda yfir nóttina og rannsaka hann. Segir stefnandi, að læknirinn hafi spurt hann, hvort hann hefði nokkuð á móti því, að hann (stefnandi) væri á spítalanum, þar til læknirinn hefði fengið í sínar hendur bréf, sem lækninum skildist, að væru kölluð „hótunarbréf" og hann (stefnandi) hefði átt að hafa skrifað. Kveðst stefnandi hafa samþykkt þetta fyrir beiðni hans, enda kveðst stefnandi hafa gert ráð fyrir, að neitun væri þýðingarlaus, þar sem hann hafði verið fluttur með valdi á staðinn. Kveðst stefnandi aldrei áður hafa komið á geðveikraspítala og því síður verið með 20—35 geðsjúklingum í einu og sama herbergi. Hafi honum því liðið ákaflega illa og ekki getað sofið alla nóttina.

Næsta morgun hafi svo önnur hjúkrunarkona komið og farið þess á leit, að hann fylgdi henni á skrifstofu læknisins. Að nokkurri stundu liðinni hafi dr. Helgi Tómasson komið, en áður hafi hjúkrunarkonan verið búin að taka blóðsýnishorn, sem læknirinn muni hafa rannsakað. Stefnandi segir, að læknirinn hafi ávarpað hann í léttum tón, sýnt honum bréf það, er hann (stefnandi) hafði skrifað, og því næst lýst yfir því, að hann yrði að „henda honum út", þar sem rannsókn þessi og aðfarir virtust vera algerlega að óþörfu gerðar. Hafi þeir síðan talað saman í um það bil ½ klukkustund, en eftir það hafi hann fengið föt sín og farið heim til sín.

Stefnandi kveðst hafa ritað dómsmálaráðuneytinu bréf, dags. 22. okt. 1955, og farið þess þar á leit, að skipaður yrði sérstakur rannsóknardómari til þess að rannsaka mál þetta. Kveðst hann þá jafnframt hafa krafizt bóta úr hendi ríkissjóðs, að fjárhæð kr. 100.000,00, þar sem hann taldi aðgerðirnar gagnvart sér varða

við 132. gr., sbr. 231. gr. hinnu almennu hegningarlaga. Bréfi þessu hafi dómsmálaráðuneytið engu svarað. Hafi hann því höfðað einkamál þetta. Framangreindri skýrslu stefnanda hefur ekki verið andmælt af stefnda hálfu.

Stefnandi reisir dómkröfur sínar á því, að handtaka hans hafi verið algerlega ólögleg og refsiverð og eigi rót sína að rekja til tilmæla lögreglustjórans á Keflavíkurflugvelli til sakadómarans í Reykjavík. Lögreglustjóranum hafi borið skylda til að kynna sér sérstaklega ástand stefnanda, en hann hafi ekki haft í höndum önnur gögn um heilbrigði hans en sögusögn eiginkonunnar. Þá hafi fulltrúi sakadómara ekki hirt um að kveða upp úrskurð um handtökuna. Það sé alveg ósannað, að stefnandi hafi verið geðveikur. Jafnvel þótt svo hefði verið, þá hefði handtakan samt, eins og á stóð, verið alger lögleysa. Eigi hann því rétt á bótum úr hendi ríkissjóðs, er borið hafi ábyrgð á starfi lögreglustjórans á Keflavíkurflugvelli og fulltrúa sakadómara í umrætt skipti. Hefur stefnandi í þessu efni vísað til 151. gr. laga nr. 27/1951, 1. mgr. 264. gr. hinna almennu hegningarlaga og almennrar skaðabótareglu íslenzks réttar.

Sýknukröfu sína reisir stefndi fyrst og fremst á því, að það hafi verið fullkomin ástæða til að fjarlægja stefnanda frá fjölskyldu sinni og koma honum undir læknishendur, þar sem hann hafi verið haldinn geðveiki, sem gerði hann hættulegan umhverfi sínu. Það, að stefnanda hafi verið sleppt út af geðveikraspítalanum, eftir að hann hafði dvalizt þar eina nótt, sé engin sönnun fyrir heilbrigði hans, enda verði viðtal það, sem dr. Helgi Tómasson átti við stefnanda, ekki talið fullkomin geðrannsókn. Í þessu sambandi hefur stefndi einkum vísað til 2. mgr. 31. gr. lögræðislaga, nr. 95/1947.

Þessu til stuðnings hefur stefndi lagt fram skýrslu eiginkonu stefnanda um sambúð þeirra hjóna, sem hún kveður hafa varað í tíu ár, en hún giftist stefnanda árið 1945. Bjuggu þau ýmist á Íslandi eða í Bandaríkjunum. Frú Bergljót, sem er hjúkrunarkona að menntun, kveðst fljótlega hafa orðið vör við bresti í skapgerð manns síns. Í skýrslu sinni, sem er mjög ýtarleg, hefur hún meðal annars á það bent, að stefnandi hafi stundum verið mjög erfiður á skapsmunum. Hafi hann þá sleppt sér alveg að ástæðulausu og þá stundum brotið allt og bramlað. Þá hafi hann bæði undir áhrifum víns og allsgáður lagt hendur á hana, svo að hún hafi hlotið stórmeiðsli af, og hvað eftir annað hafi hann hótað að drepa hana. Eitt sinn hafi hann hert svo að hálsi hennar, að

henni hafi legið við köfnun. Í annað sinn hafi hann slegið hana og hrint henni út úr bíl þeirra á nokkurri ferð, svo að hún hafi stórslasazt. Þá hafi hann í reiðiköstum ekið bíl sínum með ofsahraða, svo að sjúklegt megi teljast. Enn fremur hafi hann verið haldinn ýmsum sjúklegum tilfinningum, svo sem óstjórnlegri afbrýðisemi, og þá stundum haldið henni vakandi nótt eftir nótt til þess að fá hana til að kannast við alls konar ódæðisverk, sem hún hafi átt að hafa framið. Þá hafi hann haft sjúklegt hugboð um dyra- og símahringingar og þá þótzt heyra slíkt, þótt alls ekki væri hringt. Síðustu mánuðina, er þau hafi búið saman, hafi alveg verið fram af henni gengið. Kveðst hún hvorki hafa þorað að vera né fara. Hann hafi mörgum sinnum hótað henni, að hann skyldi drepa hana, ef hún færi, þar sem hann yrði aldrei sæll, fyrr en hann væri búinn að því. Tveimur dögum áður en hún flúði, hafi hann ráðizt á dóttur þeirra og hent henni fram á gang fyrir það eitt, að hún var ekki í þeim náttfötum, sem hann taldi rétt, en í æðisköstum hans hafi börnin verið gripin ofsahræðslu. Loks hefur frú Bergljót skýrt svo frá, að hún hafi sett það skilyrði fyrir áframhaldandi sambúð, að hann leitaði til sálfræðings. Átti þetta sér stað, er þau dvöldust í Bandaríkjunum á sínum tíma. Hafi hann á það fallizt, og hafi þau farið á fund vel metins geðlæknis, að nafni dr. Ballich, við John Hopkins-sjúkrahúsið í Baltimore. Hafi læknir þessi sagt, að stefnandi þyrfti spítalavistar við vegna bilunar á geðsmunum. Af því hafi þó ekki orðið, að stefnandi færi á sjúkrahús til dvalar.

Þá hefur Guðrún Rútsdóttir, systir frú Bergljótar, komið fyrir dóm sem vitni. Hefur hún, sem einnig kveðst vera hjúkrunarkona, skýrt svo frá, að stefnandi hafi stundum verið þægilegur í umgengni, en hún hafi orðið vitni að atburðum, sem hafi gert það að verkum, að hún hafi óttazt hann. Kveðst hún t. d. hafa séð stefnanda fleygja matardiski yfir matborð í áttina til eiginkonu sinnar. Í annað sinn hafi hann fleygt borði með glösum og borðbúnaði á út í vegg. Þá hafi hún séð hann fleygja konu sinni í gólfið, sem var nýmálað og blautt af málningu, sparka í hana og heyrt hann hóta að skjóta hana. Hins vegar hafi hann aldrei gert vitninu neitt. Þá segir vitnið, að það hafi ekki verið neitt leyndarmál innan fjölskyldunnar, að stefnandi hafi haft byssu undir höndum, og auk þess hafi hann haft hangandi uppi um veggi vopnasafn, sverð og rýtinga. Vitnið hefur staðfest þennan framburð sinn með eiði.

Stefndi hefur lagt fram vottorð (sænskrar) konu, að nafni Karin

Björklund. Kveðst vottorðsgjafi hafa dvalizt á heimili hjónanna í Reykjavík um fjögurra mánaða skeið. Segir hún m. a. í vottorðinu, að stefnandi hafi oft barið konu sína og dóttur þeirra, Helenu. Stundum hafi hann komið heim að næturlagi og þá átt til að rífa konu sína fram úr rúminu og halda henni vakandi, þar til hún þurfti að fara í vinnu um kl. 6 að morgninum. Kveðst hún oft hafa viljað kalla á lögregluna, en það hafi frú Bergljót ekki þorað af ótta við stefnanda, sem muni hafa hótað henni einhverju illu, ef hún gripi til þess ráðs. Af hálfu stefnanda hefur vætti vitnisins Guðrúnar Rútsdóttur verið mótmælt sem röngu, en skýrslu frú Bergljótar og vottorði frú Björklund hefur hann mótmælt sem málinu óviðkomandi.

Í öðru lagi byggir stefndi sýknukröfu sína á því, að jafnvel þótt ekki teldist sannað, að stefnandi hafi verið þannig á sig kominn, að hann væri hættulegur umhverfi sínu, þá hafi lögreglustjórinn haft fulla ástæðu til að fyrirskipa handtökuna, eftir að hann hafði fengið upplýsingar yfirlæknis varnarliðsins, eiginkonu stefnanda svo og annarra þeirra, er komu á skrifstofu hans umræddan dag. Yfirlýsing yfirlæknisins hafi nánast verið munnlegt vottorð um þörf aðgerða þeirra, er framkvæmdar voru. Eins og á stóð, hafi það engu máli skipt, þó að fulltrúi sakadómara hafi ekki gefið út formlega handtökuskipun.

Við hinn munnlega málflutning lýsti umboðsmaður stefnda yfir því, að hann gæti hvorki lagt fram vottorð, sem dr. Helgi Tómasson hafði gefið á sínum tíma um heilsufar stefnanda, né hin svonefndu „hótunarbréf", sem stefnandi á að hafa skrifað, þar sem skjöl þessi væru sennilega glötuð. Þá kvað hann dr. Helga Tómasson svo sjúkan, að hann gæti ekki, eins og á stæði, gefið skýrslu í málinu.

Af gögnum málsins þykja fram komnar allmiklar líkur fyrir alvarlegum skapbrestum stefnanda. Hins vegar er algerlega ósannað, að hann hafi verið svo hættulegur umhverfi sínu, að nauðsyn hafi borið til svo róttækra aðgerða gagnvart honum sem raun varð á. Handtöku stefnanda og geymslu hans á geðveikrahælinu verður því að telja mistök af hálfu starfsmanna ríkisvaldsins, en á slíkum mistökum ber stefndi fébótaábyrgð gagnvart stefnanda. Ber stefnda því að bæta stefnanda það tjón, sem hann kann að hafa beðið vegna hinnar ólögmætu handtöku og gæzluvistar, sbr. 151. gr. laga nr. 27 frá 1951.

Þegar það er virt, að stefnanda var meinað að hafa samband við sendiráð lands síns, að hann var fluttur í fangahús, og ekki

sízt, að hann var síðan lokaður inni í herbergi með hópi geðsjúklinga, svo og annað það haft í huga, er máli skiptir, þá þykja bætur stefnanda til handa hæfilega ákveðnar kr. 10.000,00. Ber stefnda að greiða stefnanda þá fjárhæð ásamt 6% ársvöxtum frá þeim degi, svo sem krafizt er, svo og málskostnað, er þykir hæfilega ákveðinn kr. 1.700,00.

Einar Arnalds borgardómari kvað upp dóm þenna.

Dómsorð:

Stefndi, fjármálaráðherra f. h. ríkissjóðs, greiði stefnanda, Robert P. Walsh, kr. 10.000,00 ásamt 6% ársvöxtum frá 22. október 1955 til greiðsludags og kr. 1.700,00 í málskostnað, allt innan 15 daga frá lögbirtingu dóms þessa að viðlagðri aðför að lögum.

Miðvikudaginn 28. janúar 1959.

Nr. 159/1956. **Agnar Gústafsson**
(Sigurður Reynir Pétursson hrl.)
gegn
Axel Sigurðssyni og
Guðrúnu S. Guðmundsdóttur
(Guttormur Erlendsson hrl.).

Dómendur:
hæstaréttardómararnir Jónatan Hallvarðsson, Gizur Bergsteinsson, Jón Ásbjörnsson og Þórður Eyjólfsson og Einar Arnalds borgardómari.

Synjað um fjárnám í fasteign konu fyrir skuld eiginmanns hennar.

Dómur Hæstaréttar.

Kristján Kristjánsson, borgarfógeti í Reykjavík, hefur kveðið upp hinn áfrýjaða úrskurð.

Áfrýjandi hefur skotið máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 28. nóvember 1956 og krafizt þess, að úrskurður fógeta verði úr gildi felldur, að fjárnám verði framkvæmt í húseigninni nr. 21 við Melgerði í Reykjavík og að stefndu

verði dæmt að greiða honum málskostnað bæði í héraði og fyrir Hæstarétti.

Stefndu krefjast staðfestingar á úrskurðinum og að áfrýjanda verði dæmt að greiða þeim málskostnað fyrir Hæstarétti.

Áfrýjandi hefur hvorki fært sönnur á, að húseignin nr. 21 við Melgerði sé hjúskapareign stefnda Axels Sigurðssonar né sameign hans og konu hans, stefndu Guðrúnar S. Guðmundsdóttur. Verður því eigi gert fjárnám í húseigninni fyrir dómskuld á hendur stefnda Axel. Með þessum athugasemdum ber að staðfesta úrskurð fógeta.

Eftir þessum málsúrslitum er rétt, að áfrýjandi greiði stefndu málskostnað fyrir Hæstarétti, sem ákveðst kr. 3.000,00.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði úrskurður á að vera óraskaður.

Áfrýjandi, Agnar Gústafsson, greiði stefndu, Axel Sigurðssyni og Guðrúnu S. Guðmundsdóttur, málskostnað fyrir Hæstarétti, kr. 3.000,00, að viðlagðri aðför að lögum.

Úrskurður fógetaréttar Reykjavíkur 25. október 1956.

Gerðarbeiðandi, Agnar Gústafsson, hdl. hér í bæ, hefur krafizt þess, að fjárnám verði gert í eignum gerðarþola, Axels Sigurðssonar, Melgerði 21, fyrir skuld, að upphæð kr. 31.397,10, ásamt 5% ársvöxtum frá 13. desember 1951 til greiðsludags, kr. 1.637,20 í orlofsfé, kr. 1.950,00 í málskostnað, kr. 23,20 fyrir endurrit og birtingu auk annars kostnaðar við fjárnám og uppboð, ef til kemur. Þá krefst hann og málflutningslauna fyrir flutning máls þessa hér fyrir réttinum.

Gerðarþoli hefur mótmælt framgangi hinnar umbeðnu fjárnámsgerðar. Hann hefur krafizt málflutningslauna úr hendi gerðarbeiðanda.

Mál þetta var tekið til úrskurðar að loknum munnlegum flutningi, er fram fór hinn 19. þ. m.

Í máli þessu liggur fyrir dómur bæjarþings Reykjavíkur í

málinu nr. 597/1947: Þorkell Einarsson gegn Axel Sigurðssyni, og er dómurinn upp kveðinn 15. nóvember 1947. Var Axel Sigurðssyni, þá til heimilis á Baldursgötu 36, gert að greiða Þorkatli Einarssyni, Krosseyrarbletti 14, kr. 31.397,10 ásamt 5% ársvöxtum frá 22. nóvember 1947 til greiðsludags, kr. 1.637,20 í orlofsfé og kr. 1.950,00 í málskostnað. Staðfest var og löghaldsgerð, sem fram hafði farið í húseigninni nr. 17 við Blönduhlíð. Gerðarþoli hefur skýrt svo frá, að hér sé um vinnulaunakröfu að ræða, sem hafi orðið til á árunum 1946—7, að hann minnir. Dóm þennan framselur Þorkell hinn 24. nóvember 1947 Axel Sigurgeirssyni, en hann framselur aftur gerðarbeiðanda, Agnari Gústafssyni hdl., hinn 6. desember 1955. Dómur þessi var birtur hinn 2. desember 1947. Sjá rskj. 2.

Hér ber þess að geta, að með úrskurði skiptaréttar Reykjavíkur, upp kveðnum 13. des. 1947, var bú Axels Sigurðssonar tekið til skiptameðferðar sem gjaldþrota, en skiptum í búinu var lokið hinn 11. maí 1948. Nýnefndri dómkröfu var ekki lýst í þrotabúið.

Gerðarbeiðandi ritar fógetarétti Reykjavíkur hinn 9. des. 1955 og krefst löghalds hjá gerðarþola, Axel Sigurðssyni, fyrir framangreindum dómsupphæðum ásamt kostnaði. Var málið tekið fyrir á heimili gerðarþola hinn 13. sama mán. Mætti þá Guðrún Sæunn Guðmundsdóttir, kona gerðarþola, í réttinum. Kvaðst hún ekki greiða skuldina og ekkert geta bent á til löghalds. Gerðarbeiðandi krafðist þá löghalds í húseigninni nr. 21 við Melgerði og tók fram um leið, að þótt eign þessi væri að vísu á nafni konu gerðarþola, þá væri hennar ekki sérstaklega getið í kaupmála þeirra hjónanna, og mætti því leita fullnustu í henni. Var svo gert löghald í eigninni. Sjá rskj. nr. 2.

Hinn 11. janúar 1956 birta stefnuvottar greiðsluáskorun skv. 9. gr. laga nr. 19/1887 fyrir gerðarþola, þar sem skorað er á hann að greiða dómskuldina innan þriggja vikna að viðlögðu fjárnámi. Sjá rskj. 3.

Fjárnámsgerð þessi var tekin fyrir hinn 8. febrúar 1956. Mætti þá af hálfu gerðarþola Guttormur Erlendsson hrl. og kvaðst ekki greiða skuldina né geta bent á neinar eignir til fjárnáms. Gerðarbeiðandi krafðist þá fjárnáms í fasteigninni nr. 21 við Melgerði, en því mótmælti umboðsmaður gerðarþola, þar eð eign þessi væri séreign konu gerðarþola, Guðrúnar Sæunnar Guðmundsdóttur.

Lagt hefur verið fram í máli þessu endurrit af kaupmála Guðrúnar Sæunnar Guðmundsdóttur og Axels Sigurðssonar, undirrituðum 20. október 1943, en tilkynntum og dagsettum hinn 4. nóv-

ember s. á. Er þar getið um eftirtaldar eignir, er vera skuli séreign Guðrúnar Guðmundsdóttur: 1) allir innanstokksmunir, er til voru í þeirra eign og síðar kynni að verða aflað, 2) bifreið, 3) allur arfur, er henni kynni að falla, gjafir, er henni yrðu gefnar, og það, sem hún ynni sér inn persónulega.

Gerðarbeiðandi hefur ekki vefengt þá staðhæfingu gerðarþola, að hann hafi ekki peninga handbæra til að greiða skuldina, og ekki hefur hann heldur vefengt gildi kaupmálans, en hann heldur því fram, að kaupmálans vegna megi gera fjárnám í húseigninni nr. 21 við Melgerði. Þeirrar eignar sé ekki getið í kaupmála, og raunar sé þar engrar fasteignar getið. Þess vegna beri svo á að líta, að nefnd húseign sé eign félagsbús þeirra hjóna, og hljóti því að mega gera fjárnám í henni til lúkningar skuldum gerðarþola.

Gerðarþoli heldur því fram fyrst og fremst, að með því að ofannefndri dómkröfu var ekki lýst í þrotabú hans á sínum tíma, hafi hún fallið niður fyrir fullt og allt. Ef þessari staðhæfingu skyldi verða hrundið, beri á það að líta, að húseignin nr. 21 við Melgerði hafi verið keypt fyrir peninga, sem kona hans hafi aflað og börn þeirra hjóna hafi fengið henni í þessu skyni. Skv. kaupmálanum hafi peningar þessir orðið séreign hennar og þar með húseignin, sem fyrir þá fékkst, enda hafi hún og undirritað kaupsamning um eignina sem kaupandi hennar, sjá rskj. 21, gefið út handhafaskuldabréf vegna kaupanna, sbr. rskj. 26, og hún sé þinglesinn eigandi eignarinnar, sbr. veðbókarvottorð á rskj. 19. Gerðarþoli kveðst á engan hátt hafa lagt peninga til húsakaupanna.

Samkvæmt áður áminnztum kaupsamningi, sem dagsettur er hinn 25. febrúar 1952, er kaupverð hússins kr. 110.000,00. Skyldu kr. 50.000,00 greiðast við undirskrift kaupsamnings, en kaupandi skyldi gefa út handhafaskuldabréf fyrir kr. 60.000,00 til 5 ára. Guðrún Sæunn Guðmundsdóttir fékk kr. 60.000,00 að láni hjá Byggingarsamvinnufélagi Reykjavíkur vegna húsakaupanna. Nánar er tiltekið í málsútlistun gerðarþola, hve börn þeirra hjóna, gerðarþola og Guðrúnar, hafi lagt mikið fram til húsakaupanna. Guðmundur, sonur þeirra, kveðst hafa afhent móður sinni kr. 1.000,00 á mánuði frá því í marz 1952 og þar til í desember 1954 og síðan meira eftir þörfum. Hefur verið lagt fram vottorð um tekjur Guðmundar fyrir árin 1953 og 1954, sjá rskj. 7, svo og skattframtöl hans fyrir sömu ár, sjá rskj. 12 og 13. Sigurbjörg Axelsdóttir kveðst hafa lagt fram kr. 1.000,00 á

mánuði frá því í marz 1952 og þar til í desember 1954, og hefur skattframtal hennar fyrir 1954 verið lagt fram í málinu sem rskj. 18. Því er haldið fram, að enn eitt barn þeirra hjóna, Axel, hafi lagt um 11 þús. kr. fram til húsakaupanna, og liggur fyrir í málinu vottorð um tekjur hans sumarið 1955, sjá rskj. 9. Skv. vottorði á rskj. 8 hefur kona gerðarþola og unnið 11 þúsund kr. í happdrætti á sl. þrem árum. Hún kveðst og hafa gert nokkuð að því að taka börn í fóstur og hafa haft tekjur af því.

Kona gerðarþola, Guðrún Sæunn Guðmundsdóttir, hefur mætt í málinu og skýrt svo frá, að þau hjón hafi flutt inn í húsið nr. 21 við Melgerði sem leigutakar þáverandi eiganda, Snorra Halldórssonar, haustið 1951. Á árinu 1952 hafi Snorri nú viljað selja fasteign þessa, og hafi hann boðið gerðarþola hana til kaups, en með því að gerðarþoli hafi ekki talið sig geta gert þau kaup, kveðst Guðrún hafa ráðizt í kaupin í samráði við börn sín, sem hafi lofað að leggja fram peninga til þess. Gerðarþola og konu hans ber saman um, að hann hafi enga peninga lagt fram til húsakaupanna.

Snorri Halldórsson, sá er að framan getur, hefur mætt sem vitni í máli þessu. Kveður hann sig minna, að Guðrún Sæunn Guðmundsdóttir hafi greitt sér húsaleigu, meðan þau hjón voru leigutakar í húsinu. Hann tekur fram, að hún hafi og keypt húseignina, en gerðarþoli hafi engan veginn komið nálægt þeim samningum.

Af hálfu gerðarbeiðanda er framburði Snorra Halldórssonar mótmælt sem röngum og vilhöllum.

Dómkröfu þeirri, sem nú er krafizt fjárnáms fyrir, var ekki lýst í þrotabú gerðarþola, þá er skiptameðferð á búinu stóð yfir. Það atriði hafði þá þýðingu, að kröfunni varð ekki fullnægt af eignum þrotabúsins, en ekki verður talið, að krafan hafi fallið niður á hendur gerðarþola sjálfum fyrir þá sök. Þessi varnarástæða gerðarþola verður þannig ekki tekin til greina.

Um fjármál gerðarþola og konu hans fer eftir lögum nr. 20/1923, en samkvæmt þeim lögum er hvort hjóna um sig sjálfstæður aðili um fjármál sín, og ber annað hjóna ekki ábyrgð á skuldum hins, hvorki með hjúskapareign sinni né séreign, nema sérstök heimild til þess sé fyrir hendi. Kemur þá til álita, hvort húseignin nr. 21 við Melgerði verði talin séreign Guðrúnar Sæunnar Guðmundsdóttur, konu gerðarþola, eða eign félagsbús hennar og gerðarþola.

Fasteign þessi var ekki til, þá er kaupmáli þeirra hjóna var

gerður, og ekki er á það minnzt í kaupmálanum, hvernig fara skyldi um fasteignir, er þau hjón kynnu að eignast. Aftur á móti segir þar, að þeir fjármunir, sem kona gerðarþola kynni að eignast sem gjöf eða arf eða fyrir eigin starfsemi, skuli vera séreign hennar. Hefur gerðarbeiðandi nú haldið því fram, að með því að fasteigna sé ekki getið í kaupmálanum, verði að telja umrædda húseign, sem að vísu sé skráð á nafn konu gerðarþola, vera eign félagsbúsins, og megi því að henni ganga til lúkningar skulda gerðarþola sjálfs. En gerðarþoli hefur aftur á móti haldið því fram, að hann hafi á engan hátt komið nálægt þessum húsakaupum konu sinnar og hún hafi keypt eignina fyrir eigin fjármuni eða barna þeirra hjóna, sem sé fyrir eigin séreign, og hljóti húseignin því að vera séreign hennar.

Fyrir liggur í málinu, að Guðrún Sæunn Guðmundsdóttir hefur gert kaupsamning um umrædda fasteign. Hún hefur og gefið út skuldabréf í því sambandi, bæði til Snorra Halldórssonar og til annars aðilja, og hún er þinglesinn eigandi eignarinnar. Samkvæmt skilríkjum þeim, sem lögð hafa verið fram í málinu og ekki verður talin ástæða til að vefengja, verður ekki betur séð en hún hafi verið fjárhagslega fullfær um að eignast fasteignina og inna af hendi afborganir og vexti með eigin aflafé og því, sem börn hennar hafa látið henni í té. Með tilliti til 3. liðar kaupmálans ber að líta á fasteign þessa sem séreign Guðrúnar Sæunnar Guðmundsdóttur, og þykir því ekki fært að gera fjárnám í eigninni fyrir dómskuld þeirri, sem um ræðir í máli þessu, þar eð dómurinn kveður ekki á um skyldu hennar til að inna af hendi þar greindar upphæðir.

Rétt þykir, að málflutningslaun verði látin falla niður.

Því úrskurðast:

Umbeðin fjárnámsgerð skal ekki fara fram.

Málflutningslaun falla niður.

Föstudaginn 30. janúar 1959.

Nr. 13/1958. **Fjármálaráðherra f. h. ríkissjóðs**
(Egill Sigurgeirsson hrl.)
gegn
dánarbúi Jóns Sigurjónssonar
(Haukur Jónsson hdl.)
og gagnsök.

Dómendur:
hæstaréttardómararnir Jónatan Hallvarðsson, Gizur Bergsteinsson, Jón Ásbjörnsson og Þórður Eyjólfsson og Valdimar Stefánsson sakadómari.

Skaðabótamál út af skemmdum á bifreið vegna torfæru á þjóðvegi. Sératkvæði.

Dómur Hæstaréttar.

Aðaláfrýjandi hefur skotið máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 21. janúar 1958. Krefst hann *aðallega* sýknu af kröfum gagnáfrýjanda og málskostnaðar úr hendi hans í héraði og hér fyrir dómi eftir mati Hæstaréttar. *Til vara* krefst hann þess, að dæmd fjárhæð verði lækkuð og málskostnaður fyrir báðum dómum látinn falla niður.

Gagnáfrýjandi hefur áfrýjað málinu með stefnu 22. janúar 1958 og krafizt þess, að aðaláfrýjanda verði dæmt að greiða honum kr. 14.728,37 með 6% ársvöxtum frá 9. nóvember 1955 til greiðsludags og málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti eftir mati dómsins.

Í héraðsdómi er réttilega tekið fram, að dæld sú þvert yfir veginn, sem slysinu olli, hafi verið hættulegur farartálmi fyrir bifreiðar, ef stjórnendum þeirra var ekki um hana kunnugt. Vegagerð ríkisins hafði um alllangan tíma haft vitneskju um þessi spjöll á veginum, og með því að fullnaðarviðgerð var ekki þegar látin fara fram, bar brýna nauðsyn til að setja þarna hættumerki, unz úr væri bætt, og það því fremur, sem vegurinn var beinn og greiður að dældinni beggja megin. Þar sem þetta var látið ógert, ber að leggja fébótaábyrgð á aðaláfrýjanda. Á hinn bóginn verður að telja, að ökumaður bifreiðarinnar hefði með skyldri aðgæzlu og hóflegum ökuhraða átt að verða dæld-

arinnar var, áður en hann var fast að henni kominn, og ber að meta honum það til gáleysis, að hann hafði ekkert dregið úr ferð bifreiðarinnar, áður en hann ók í dældina. Samkvæmt framansögðu þykir rétt, að hvor aðilja beri helming tjónsins.

Staðfesta má úrlausn héraðsdóms um, að sannað tjón gagnáfrýjanda nemi í heild kr. 9.228,37. Helming þeirrar fjárhæðar, kr. 4.614,18, ber aðaláfrýjanda að greiða honum ásamt 6% ársvöxtum frá 9. nóvember 1955 til greiðsludags.

Eftir þessum úrslitum er rétt, að aðaláfrýjandi greiði gagnáfrýjanda málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti, samtals kr. 3.500,00.

Dómsorð:

Aðaláfrýjandi, fjármálaráðherra f. h. ríkissjóðs, greiði gagnáfrýjanda, dánarbúi Jóns Sigurjónssonar, kr. 4.614,18 ásamt 6% ársvöxtum frá 9. nóvember 1955 til greiðsludags og málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti, samtals kr. 3.500,00.

Sératkvæði Gizurar Bergsteinssonar og Jóns Ásbjörnssonar hæstaréttardómara.

Snemma vors 1955 spilltist þjóðvegurinn norðan við Snæringsstaði í Vatnsdal í Húnavatnssýslu af leysingarvatni, og myndaðist geil í veginn. Vegaeftirlitsmaður norður þar lét framkvæma bráðabirgðalagfæringu á geilinni, en við umferðina, eftir að klaka leysti, kom lægð í veginn á þessum stað. Virðist hún hafa verið um 8 metrar á lengd og allt að 40 sm á dýpt um miðbikið. Hinn 6. júlí 1955 var bifreið Jóns heitins Sigurjónssonar ekið suður Vatnsdalsveg. Tók bifreiðin niðri bæði að framan og aftan í téðri lægð og skemmdist allmikið. Er aðaláfrýjandi sóttur til greiðslu fébóta vegna ökuslyss þessa, og er því haldið fram af hendi gagnáfrýjanda, að frágangur á þjóðveginum hafi verið óverjandi.

Það er alkunna, að vegir hér á landi eru yfirleitt gerðir úr lausu malarefni og spillast oft fljótt af veðri, vatnselg og umferð. Hafa vegfarendur því eigi ástæðu til að treysta því, að slíkir vegir séu í fullkomnu lagi, eins og um steypta vegi væri að tefla. Ökumaður nefndrar bifreiðar hefði átt að verða lægðarinnar var í tæka tíð og komast yfir hana klaklaust, ef hann hefði ekið með hóflegum hraða og fullri varkárni, en þar sem hann var ókunnugur veginum, bar honum að gæta sérstakrar varúðar. Verður að telja, að hann hafi átt meginsök á ökuóhappinu. Hins vegar er á það að líta, að vegaeftirlitsmaðurinn vissi, að staður þessi var viðsjárverður, og bar honum því að merkja hann vegfarendum til viðvörunar. Af þeim sökum þykir rétt að leggja á ríkissjóð 30% af tjóni gagnáfrýjanda. Fallast má á niðurstöðu héraðsdóms um fjárhæð tjónsins, kr. 9.228,37. Ber að dæma aðaláfrýjanda til að greiða gagnáfrýjanda 30% af þeirri fjárhæð, þ. e. kr. 2.768,51, ásamt 6% ársvöxtum frá 9. nóvember 1955 til greiðsludags og svo kr. 2.000,00 upp í málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti.

Dómsorð okkar verður því:

Aðaláfrýjandi, fjármálaráðherra f. h. ríkissjóðs, greiði gagnáfrýjanda, dánarbúi Jóns Sigurjónssonar, kr. 2.768,51 ásamt 6% ársvöxtum frá 9. nóvember 1955 til greiðsludags og málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti, kr. 2.000,00.

Dómur bæjarþings Reykjavíkur 23. október 1957.

Mál þetta, sem tekið var til dóms 11. þ. m., hefur Jón Sigurjónsson prentari, Hjallavegi 30 hér í bæ, höfðað á bæjarþinginu með stefnu, út gefinni 9. nóvember 1955, gegn fjármálaráðherra vegna ríkissjóðs til greiðslu skaðabóta, að fjárhæð kr. 14.728,37, auk 6% ársvaxta frá birtingardegi stefnu til greiðsludags og málskostnaðar að skaðlausu eftir mati dómarans. Meðan á rekstri málsins stóð, lézt stefnandi, og hefur dánarbú hans tekið við rekstri þess.

Stefndi hefur *aðallega* krafizt sýknu af kröfum stefnanda og málskostnaðar úr hendi hans eftir mati dómarans, en *til vara*, að krafa stefnanda verði lækkuð að mun og málskostnaður látinn falla niður.

Málsatvik eru þessi:

Að kveldi hins 6. júlí 1955 ók Ingimundur Jónsson, sonur stefnanda, bifreið föður síns, R-6465, fram þjóðveginn í Vatnsdal í Húnavatnssýslu. Er bifreið þessi 4 farþega fólksbifreið af Skódagerð, smíðuð 1954. Veður var gott og bjart og vegurinn þurr að öðru leyti en því, að pollar voru í honum á stöku stað. Bifreiðinni var ekið á 50—60 km hraða miðað við klukkustund. Er komið var suður fyrir Snæringsstaði í Vatnsdal, lenti bifreiðin í hvarfi, sem þar var í veginn. Tók hún niðri bæði að framan og aftan og skemmdist allmikið við hnjask þetta. Bifreiðarstjórinn fékk högg á ennið, og annar þeirra tveggja farþega, sem í bifreiðinni voru, hlaut skurð fyrir ofan hægra auga. Hinn farþeginn slapp ómeiddur.

Slys þetta var tilkynnt sýslumanninum á Blönduósi næsta dag, og samdægurs var það rannsakað af fulltrúa hans. Fór hann á slysstaðinn þá um kvöldið og kynnti sér staðhætti þar. Kvaddi hann til farar með sér Sigfús Þorsteinsson, ráðunaut á Blönduósi, og gerði hann uppdrátt af veginum, þar sem hvarfið var, og framkvæmdi jafnframt mælingar bæði á stærð hvarfsins og dýpt. Eru niðurstöður mælinga þessara sýndar á uppdrættinum, en hann liggur fyrir í málinu. Í sakadómi skýrðu bifreiðarstjórinn og farþeginn, sem yfirheyrður var, svo frá, að hvarfið hefði verið ómerkt, en vegurinn að öðru leyti góður og sléttur. Hefði því verið ógerlegt fyrir ókunnuga, sem um veginn fóru, að veita hvarfinu athygli í tíma. Í lok rannsóknarinnar getur rannsóknardómarinn þess, að vegurinn beggja megin hvarfsins hafi verið beinn og góður.

Samkvæmt nefndum uppdrætti er vegurinn 3,2 metrar á breidd á þessum slóðum. Hæðarpunktar eru sýndir á uppdrættinum, eins og þeir mældust í hvoru hjólfari bifreiðarinnar eftir endilöngu hvarfinu. Hefur hvarfið verið dýpst um miðjuna, en þar eru hæðarpunktarnir 0,0 sm í öðru hjólfarinu, en 0,9 sm í hinu. Mitt á milli þessara tveggja hæðarpunkta er hæðin hins vegar 13 sm. Er frá miðju hvarfsins dregur, grynnist það smátt og smátt, og í 4 metra fjarlægð frá miðju þess eru hæðarpunktarnir 30 og 40 sm annars vegar, en 37 og 40 sm hins vegar. Í hálfs metra fjarlægð frá þessum hæðarpunktum virðist hvarfið enda, og yztu hæðarpunktarnir, sem eru í 1 metra fjarlægð frá þeim, en þar er vegurinn sléttur orðinn, eru 40 og 45 sm norðan hvarfsins, en 51 sm sunnan þess. Samkvæmt þessu virðist hvarfið hafa verið um 8 metrar á lengd og allt að 40 sm á dýpt um miðjuna, mælt

í hjólförunum eftir bifreiðina, með nokkuð jöfnum, aflíðandi halla að miðju. Svo virðist, að hvarfið hafi verið allt að því jafnbreitt veginum.

Auk mælinga þeirra á hvarfinu, sem nú var getið, hefur Sigfús Þorsteinsson gert hallamælingu á Vatnsdalsvegi á þeim slóðum, sem hvarfið var. Er mæling þessi sýnd á uppdrætti, dags. í desember 1956 (dskj. 13). Samkvæmt uppdrættinum hafa hæðarpunktar verið teknir með um 10 metra millibili báðum megin þess staðar, þar sem hvarfið var. Á þeim stað er hæð vegarins sýnd 0,0 m, en frá honum til norðurs, þ. e. þeirrar áttar, er bifreið stefnanda kom að hvarfinu, eru hæðarpunktarnir þessir, teknir með 10 metra bili: 0,01 m, 0,10 m, 0,13 m, 0,14 m, 0,15 m, 0,19 m, 0,21 m, 0,37 m, 0,63 m og 0,82 m. Samkvæmt þessu hefur vegurinn verið svo til alveg hallalaus næstu 70 metra að hvarfinu, en hækkað á næstu 30 metrum þar frá um rúma 60 sm.

Í málinu liggur fyrir vottorð, dags. 27. júlí 1955, undirritað af Grími Gíslasyni og Konráð Eggertssyni, bændum í Vatnsdal, en efni þess hljóðar svo:

„Síðari hluta sl. vetrar spilltist vegurinn allvíða í mikilli leysingu. M. a. tók burt ræsi fyrir norðan Snæringsstaðatún, og varð eftir jarðfall í veginn með öllu ófært hvers konar farartækjum. Skömmu síðar var þetta gert ökufært með því að jafna úr bökkunum ofan í jarðfallið og setja lítils háttar í botninn á því. Úr þessu varð krappur slakki í veginn, og situr við það enn, þrátt fyrir að almennt vegaviðhald hefur farið fram, a. m. k. á aðalleiðum. Vegurinn hér inn dalinn hefur verið heflaður tvisvar og er þannig, að ókunnuga mun sízt gruna, að í honum sé hættuleg torfæra án allrar aðvörunar. Hafa verið um það orðræður manna á meðal, að það gæti auðveldlega orsakað slys, og virðist það ekki vera forsvaranlegt að bjóða þannig hættunni heim mánuðum saman, án þess að við henni sé varað á nokkurn hátt."

Af hálfu stefnda hefur verið lögð fram umsögn Steingríms Davíðssonar, vegaverkstjóra á Blönduósi, dags. 5. janúar 1957, en hann hafði á þessum tíma umsjón með vegaviðhaldi á þessum slóðum. Í umsögn þessari segir, að umgetið vor hafi myndazt geil í veginn á umræddum stað, röskur metri á dýpt og allt að 5 metra breið að ofan. Viðgerð sú, er þá var framkvæmd, hafi verið fólgin í því, að tvöfaldar pípur með miklum grjótsvelg voru settar í geilina og fyllt yfir með möl. Hafi hann talið, að þessi viðgerð mundi duga, unz hægt væri að steypa þarna stóra og vandaða rennu, en það hafi verið gert seint í júlí þá um sumarið.

Eftir umgetna bráðabirgðaviðgerð hafi lítil lægð myndazt þarna í veginn, er fyllingin seig við það, að klaki þiðnaði úr bökkunum, en malarfyllingin þjappaðist undan þungum farartækjum. Þessi lægð hafi aldrei orðið dýpri en 18—20 sm í miðju og jafndregin frá báðum endum á um 5 metra svæði. Enginn bifreiðarstjóri, er um veginn ók þetta vor, hafi kvartað yfir lægð þessari. Hafi þó alls konar bílar um veginn farið.

Kröfu sína í málinu reisir stefnandi á því, að augljóst sé af málavöxtum, að tjón það, sem ríkissjóður er krafinn bóta fyrir í málinu, megi rekja til vítaverðrar vanrækslu vegamálastjórnarinnar, þar sem vegaviðhaldi hafi hér verið svo mjög ábótavant, að ökutæki og heilbrigði þeirra, er með þeim ferðuðust um nefndan veg, hafi verið lögð í stórkostlega hættu, eins og raunin hafi líka orðið. Sérstaklega beri að líta á það sem stórkostlegt gáleysi að kunngera ekki vegfarendum þessa hættulegu torfæru með aðvörunarmerkjum á veginum. Til slíks hafi borið skylda hér, enda séu slík merki sett upp við brýr, á hæðir og við ræsi. Þá sé á það að líta, að vegurinn hafi að öðru leyti verið góður, en menn uggi síður að sér, þegar svo er.

Sýknukröfuna reisir stefndi á því, að ekki sé unnt að gera ríkissjóð ábyrgan fyrir því, þótt holur séu í vegi, þannig að ekki sé alls staðar óhætt að aka eftir honum með mestum löglegum hraða. Vegakerfi landsins sé mjög stórt, og verði að telja, að of miklar kröfur séu gerðar á hendur ríkisvaldinu, verði það dæmt skaðabótaskylt, þegar svo ber til, að hvarf myndast í veg, þannig að hann verði ekki alls staðar jafnsléttur. Sé og augljóst, hvert stefna mundi hér „í landi hinna vondu vega", eins og komizt er að orði í greinargerð stefnda, ef hver sá, sem verður fyrir því að aka ofan í holu og skemma bifreið sína að meira eða minna leyti, gæti gert ríkissjóð ábyrgan fyrir tjóninu, sem af hlytist. Er því haldið fram af hálfu stefnda, að stefnandi geti einungis beint bótakröfu sinni að bifreiðarstjóranum, en skemmdir þær, sem á bifreiðinni urðu í umrætt sinn, megi rekja til ógætilegs aksturs hans.

Með gögnum þeim, sem að framan eru rakin, er nægilega í ljós leitt, að hvarf það, sem varð bifreið stefnanda að farartálma, hefur verið slík torfæra, að ókunnugum, sem um veginn óku, hefur stafað veruleg hætta af. Í málinu er það fram komið, að verkstjóra vegamálastjórnarinnar á þessu svæði hafði verið um það kunnugt fyrr um vorið, að vegurinn var þarna sundur graf-

inn og með öllu ófær farartækjum, og hafði þá séð um, að bráðabirgðaviðgerð færi fram. Við svo búið bar nauðsyn til, að haft væri eftirlit með veginum á þessum slóðum af hendi hlutaðeigandi aðilja, svo og, að jafnóðum væri bætt úr því, sem aflaga fór, unz fullnaðarviðgerð væri framkvæmd. Þá var og sjálfsögð varúðarráðstöfun að hafa auðkenni á veginum þarna, eftir að bráðabirgðaviðgerð hafði farið fram, og vekja með því athygli vegfarenda á því, að þörf væri sérstakrar varúðar. Hvort tveggja þetta var vanrækt. Þegar það er haft í huga, sem nú var rakið, og þess jafnframt gætt, að hér var um þjóðveg að ræða, sem er allfjölfarinn og virðist að öðru leyti vera góður og greiðfær til aksturs, eftir því sem hér gerist, svo og, að komið var fram á mitt sumar og þess því naumast að vænta, að slíkum torfærum frá liðnum vetri væri til að dreifa, þá þykir verða að fella á ríkissjóð fébótaábyrgð á slysi þessu.

Svo sem áður er rakið, var svo til enginn halli á veginum næstu 70 metra norðan ræsisins. Var þess því naumast von, að bifreiðarstjórinn veitti hinni óauðkenndu torfæru á veginum athygli svo löngu áður en bifreiðin kom að henni, að það væri á færi hans að stöðva hana áður, enda er ósannað, að hraði bifreiðarinnar hafi verið óhóflega mikill. Verður því ekki talið sannað, að ökumanni bifreiðarinnar verði á nokkurn hátt um slysið kennt. Ber því að leggja alla skaðabótaábyrgð á slysinu á stefnda.

Kröfu sína sundurliðar stefnandi þannig:

1. Kostnaður við viðgerð á bifreiðinni	kr.	8.228,37
2. Verðrýrnun bifreiðarinnar	—	5.000,00
3. Tjón vegna afnotamissis	—	1.500,00
Samtals	kr.	14.728,37

Um 1.

Hinn 19. júlí 1955 voru dómkvaddir á bæjarþingi Reykjavíkur tveir sérfróðir menn til að meta tjón það, er varð á bifreið stefnanda umrætt sinn. Í beiðni stefnanda um dómkvaðningu matsmanna er þess óskað, „að metið sé, hvað kosti að gera bifreiðina jafngóða og hún hafi aldrei orðið fyrir áðurnefndu tjóni". Í matsgerð hinna dómkvöddu manna, dags. 25. ágúst 1955, er kostnaður við viðgerð bifreiðarinnar, efni og vinna, metin á kr. 8.228,37. Er það sú fjárhæð, sem krafizt er undir þessum lið. Hefur stefndi ekki mótmælt henni tölulega, og verður hún lögð til grundvallar.

Um 2.

Kröfulið þennan reisir stefnandi á því, að þar eð bifreiðin var ný, er hún varð fyrir umgetnum skemmdum, hafi hún rýrnað í verði vegna þeirra, þrátt fyrir að viðgerð færi fram á þeim. Hafi bifreiðin ekki komizt í sama lag og hún var í fyrir viðgerðina, og muni viðhaldskostnaður hennar í framtíðinni verða meiri en ella af þessum sökum.

Af hálfu stefnda er kröfulið þessum mótmælt sem fjarstæðu. Eru þau mótmæli byggð á því, að hinn áætlaði kostnaður við viðgerð bifreiðarinnar, sem krafizt er undir 1. lið hér að framan, sé við það miðaður, að bifreiðin verði jafngóð eftir viðgerðina og hún var fyrir tjónið.

Með hliðsjón af því, sem rakið er undir 1. lið hér að framan, verður fallizt á það með stefnda, að kröfuliður þessi hafi ekki við rök að styðjast. Verður hann því ekki tekinn til greina að neinu leyti.

Um 3.

Fjárhæð þessa kröfuliðar er fengin þannig fram, að miðað er við, að bifreiðin hafi verið óökufær í 30 daga eftir slysið. Jón heitinn hafi verið aldraður maður, er þjáðst hafi af kölkun í hægra hné og því eigi komizt leiðar sinnar án ökutækis. Hann hafi stundað vinnu í Ríkisprentsmiðjunni Gutenberg, en átt heima að Hjallavegi 30. Hafi hann því orðið að taka á leigu bifreið til að flytja sig til vinnustaðar og frá. Kostnaður við það hafi numið kr. 50,00 á dag eða alls kr. 1.500,00, svo sem hér er krafizt. Í vottorði Bergþórs Smára læknis, dags. 24. apríl 1955, sem lagt hefur verið fram í málinu til stuðnings þessum kröfulið, segir, að Jón heitinn hafi þjáðst af kölkun í hægra hné og ekki komizt leiðar sinnar án ökutækis.

Stefndi hefur mótmælt þessum kröfulið sem órökstuddum og of háum.

Í fyrrgreindri matsgerð er áætlað, að viðgerð á skemmdum þeim, sem á bifreiðinni urðu, muni taka 211 klukkustundir. Með hliðsjón af því og öðru, sem hér skiptir máli, þykir hæfilegt að taka kröfulið þenna til greina með kr. 1.000,00.

Samkvæmt framansögðu telst tjón stefnanda nema alls kr. 9.228,37 (kr. 8.228,37 + kr. 1.000,00). Verður stefndi dæmdur til að greiða stefnanda þá fjárhæð auk vaxta, svo sem krafizt er.

Eftir þessum málalokum ber að dæma stefnda til að greiða

stefnanda málskostnað, sem ákveðst kr. 2.500,00. Er þar með talinn matskostnaður, kr. 1.200,00.

Einar Arnalds borgardómari kvað upp dóm þenna.

Dómsorð:

Stefndi, fjármálaráðherra vegna ríkissjóðs, greiði stefnanda, dánarbúi Jóns Sigurjónssonar, kr. 9.228,37 auk 6% ársvaxta frá 9. nóvember 1955 til greiðsludags og kr. 2.500,00 í málskostnað innan 15 daga frá lögbirtingu dóms þessa að viðlagðri aðför að lögum.

Föstudaginn 30. janúar 1959.

Nr. 192/1958. **Tollstjórinn í Reykjavík f. h. ríkissjóðs**
gegn
Dráttarvélum h/f.

Útivistardómur.

Dómur Hæstaréttar.

Málssókn þessi fellur niður.

Áfrýjandi, tollstjórinn í Reykjavík f. h. ríkissjóðs, er eigi sækir dómþing í máli þessu, greiði kr. 200,00 útivistargjald til ríkissjóðs, ef hann vill fá mál sitt tekið fyrir af nýju.

Mánudaginn 2. febrúar 1959.

Nr. 211/1957. **Ingólfur Ingólfsson**
(Kristinn Gunnarsson hrl.)
gegn
Hótel Skjaldbreið h/f
(Guðlaugur Einarsson hdl.).

Dómendur:
hæstaréttardómararnir Jónatan Hallvarðsson, Gizur Bergsteinsson, Jón Ásbjörnsson og Þórður Eyjólfsson og prófessor Theodór B. Líndal.

Héraðsdómur ómerktur.

Dómur Hæstaréttar.

Áfrýjandi hefur skotið máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 27. nóvember 1957. Hann krefst sýknu og málskostnaðar í héraði og fyrir Hæstarétti úr hendi stefnda.

Stefndi kærði ákvæði héraðsdóms um málskostnað hinn 16. nóvember 1957, en kærumálinu var með úrskurði Hæstaréttar 8. janúar 1958 frestað, unz séð væri, hvort áfrýjunarmál þetta yrði lagt í dóm. Krefst stefndi staðfestingar ákvæða héraðsdóms um sakarefni og málskostnaðar í héraði og hér fyrir dómi úr hendi áfrýjanda.

Samkvæmt héraðsstefnu er mál þetta höfðað gegn áfrýjanda „til greiðslu fæðisskuldar, að eftirstöðvum kr. 1.091,50", og í greinargerð segir, að áfrýjandi hafi verið í fæði hjá stefnda um nokkurt skeið og greitt fæðisgjald skilvíslega, en hætt fæðiskaupum um hvítasunnu 1954 og þá átt „ógreidda þá reikninga, sem út af er stefnt". Við þingfestingu málsins í héraði lagði stefndi fram reikning á hendur áfrýjanda, „skv. meðf. nótum", að fjárhæð kr. 1.091,50, en eftir nótum þeim, sem reikningnum fylgdu, er áfrýjanda talið til skuldar fæði 31 dag í maí 1954 og 6 daga í júní s. á., morgunverður á kr. 6,00, hádegisverður á kr. 11,50 og kvöldverður á kr. 12,00 hvern dag nefnt tímabil. Áfrýjandi, sem kveðst hafa hætt fæðiskaupum hjá stefnda í lok aprílmánaðar 1954, telur sig aldrei hafa snætt þar morgunverð og hádegisverð aðeins tiltekið tímabil 1953. Hins vegar segist hann hafa „keypt kvöldverð á Skjaldbreið og auk

þess kaffi á hitabrúsa og kökur með því, sem ég hef haft með mér til vinnu 5 daga vikunnar, og var það hvorki reiknað sem morgun- eða hádegisverður". Forstjóri stefnda hefur lýst því, að hann muni ekki betur en áfrýjandi hafi ávallt neytt hádegisverðar. Hitt kveður forstjórinn rétt, að áfrýjandi „hafi fengið nesti með sér, sem hann hafi borðað næsta morgun". Hafi áfrýjandi upphaflega greitt sama verð fyrir nestið og morgunverð, en síðan hafi hann hækkað verðið upp í kr. 10,00, en man hækkunina þó ekki nákvæmlega. Af þessum skýrslum er ljóst, að reikningur stefnda er eigi í samræmi við hin sérstöku fæðiskjör áfrýjanda, sem um hafði samizt. Eigi hefur verið í ljós leitt, hvað greinir í viðskiptabókum stefnda um skipti aðilja, en eins og á stóð, hefði verið rétt að leggja fram endurrit þess, sem bókað hefur verið um þau á vegum stefnda frá upphafi, þ. á m. greiðslur áfrýjanda. Þá greinir eigi í skjölum málsins, hvenær áfrýjandi var fyrst krafinn um fjárhæð þá, sem stefnt er til greiðslu á. Loks hefur áfrýjandi látið undir höfuð leggjast að færa fram gögn til stuðnings staðhæfingu sinni um fæðiskaup sín maímánuð og fyrstu viku júnímánaðar 1954.

Vegna þeirra ágalla á málatilbúnaði og málsreifan, sem nú hafa verið taldir, þykir verða að ómerkja hinn áfrýjaða dóm og málsmeðferð í héraði og vísa málinu frá héraðsdómi.

Eftir atvikum er rétt, að málskostnaður í héraði og hér fyrir dómi falli niður.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði dómur og málsmeðferð í héraði eiga að vera ómerk, og er málinu vísað frá héraðsdómi.

Málskostnaður í héraði og fyrir Hæstarétti fellur niður.

Dómur bæjarþings Reykjavíkur 15. nóvember 1957.

Mál þetta, sem tekið var til dóms 14. þ. m., hefur Hótel Skjaldbreið h/f, Reykjavík, höfðað fyrir bæjarþinginu með stefnu,

birtri 17. marz 1955, gegn Ingólfi Ingólfssyni rafvirkja, Langholtsvegi 54. Reykjavík, til greiðslu fæðisskuldar, að eftirstöðvum kr. 1.091,50, ásamt 7% ársvöxtum frá 7. júní 1954 til greiðsludags og málskostnaðar að skaðlausu eftir mati dómarans.

Stefndi hefur krafizt sýknu og málskostnaðar sér til handa úr hendi stefnanda.

Kröfu sína byggir stefnandi á því, að stefndi hafi neytt fæðis á Hótel Skjaldbreið allan maímánuð 1954 og sex fyrstu dagana í júnímánuði s. á. Sundurliðar stefnandi kröfu sína þannig:

1. 37 morgunverðir á 6/—	kr.	222,00
2. 37 hádegisverðir á 11/50	—	425,50
3. 37 kvöldverðir á 12/—	—	444,00
Samtals	kr.	1.091,50

Stefndi byggir sýknukröfu sína á því, að hann hafi alls ekki neytt fæðis þess, sem stefnandi krefji hann um. Fyrir dómi hefur hann skýrt svo frá, að hann hafi verið í föstu fæði hjá stefnanda. Í aprílmánuði 1954 hafi sér verið tilkynnt, að framvegis yrðu ekki dregnar frá þær einstöku máltíðir, sem ekki væri neytt. Með því að hann hafi oft farið úr borginni til að heimsækja móður sína, hafi hann ákveðið að kaupa ekki lengur fæði hjá stefnanda og tilkynnt starfsstúlku stefnanda þessa ákvörðun sína. Fæðis hafi hann ekki neytt þar eftir mánaðamótin apríl og maí 1954. Þá kveðst stefndi aldrei hafa borðað morgunverð né hádegisverð hjá stefnanda með venjulegum hætti, heldur hafi verið svo um samið milli sín og forstjóra stefnanda, að hann fengi sérstaklega útbúna máltíð, kaffi og brauð, sem hann hafi tekið með sér á vinnustað og neytt þar. Fyrir þetta hafi hann greitt sérstakt, umsamið verð. Á meðan hann hafi verið í fæði hjá stefnanda, hafi reikningarnir aldrei verið stílaðir eða sundurliðaðir, eins og gert hafi verið á nótum þeim, sem lagðar hafa verið fram í máli þessu.

Vitnið Anna Svanlaug Thorsteinsson hefur skýrt svo frá fyrir dómi, að það hafi hafið störf hjá stefnanda um miðjan maí 1954, en vitnið kveðst hafa unnið þar áður og sig minni fastlega, að stefndi hafi verið í fæði á Skjaldbreið, frá því að það hóf vinnu þar um miðjan maí og fram að hvítasunnu. Ekki vildi vitnið þó staðhæfa þetta, þar sem rúm tvö ár væru liðin síðan, en vitnið kom fyrir dóm 21. júní 1956. Vitnið kvað stefnda hafa borðað mjög óreglulega. Venjulega hafi hann neytt kvöldverðar á Skjaldbreið, en tekið með sér mat til að neyta fyrri

hluta dags daginn eftir. Stundum hafi hann verið fjarverandi um helgar. Hafi hann fengið þær máltíðir frá dregnar, ef hann tilkynnti fjarveru sína fyrir fram.

Þá hefur einnig komið fyrir dóm vitnið Valgerður Sigtryggsdóttir, framreiðslustúlka á Hótel Skjaldbreið. Vitnið, sem kveðst hafa unnið þar frá því um vorið 1953 og þekkja stefnda, sem hafi verið í föstu fæði á Hótel Skjaldbreið, áður en það hóf störf sín þar, segist muna, að það hafi afgreitt stefnda í maí 1954. Kveðst vitnið hafa hitt Jón Ingólfsson, bróður stefnda, rétt eftir hvítasunnuna, sem var 7. júní, og spurt hann um Ingólf, sem þá hafði ekki komið í mat frá því skömmu fyrir hvítasunnu. Hafi Jón svarað því til, að stefndi hefði farið til Akraness um hvítasunnuna.

Forstjóri stefnanda, Pétur Daníelsson, hefur komið fyrir dóm. Kveðst hann hafa séð stefnda borða á Hótel Skjaldbreið fyrri hluta maímánaðar. Um miðjan mánuðinn hafi hann (Pétur) hins vegar siglt til útlanda, en komið aftur síðast í mánuðinum og hafi þá byrjað undirbúning að opnun Hótel Garðs og þess vegna ekki getað fylgzt eins vel með eins og annars.

Gegn eindregnum andmælum stefnda þykir ekki nægjanlega sannað, að stefndi hafi neytt fæðis á Hótel Skjaldbreið á þeim tíma, sem um ræðir í málinu.

Stefndi, sem var í föstu fæði, hefur hins vegar ekki sannað, að hann hafi sagt fæðinu upp, en það bar honum að gera, eins og á stóð. Þykir því rétt, að stefndi greiði stefnanda mánaðarfæði, kr. 885,00, ásamt 6% ársvöxtum frá 1. júní 1954 til greiðsludags.

Eftir öllum atvikum þykir rétt, að málskostnaður falli niður.

Bjarni K. Bjarnason, fulltrúi borgardómara, kvað upp dóm þennan.

Dómsorð:

Stefndi, Ingólfur Ingólfsson, greiði stefnanda, Hótel Skjaldbreið h/f, kr. 885,00 ásamt 6% ársvöxtum frá 1. júní 1954 til greiðsludags.

Málskostnaður falli niður.

Dómi þessum ber að fullnægja innan 15 daga frá lögbirtingu hans að viðlagðri aðför að lögum.

Föstudaginn 6. febrúar 1959.

Nr. 184/1958. **Sýslusjóður Austur-Húnavatnssýslu**
(Guðmundur Pétursson hrl.)
gegn
Þorgeiri Magnússyni
(Þorvaldur Þórarinsson hdl.)
og gagnsök.

Dóminn skipuðu hinir reglulegu dómarar Hæstaréttar.

Slysabætur. Sératkvæði.

Dómur Hæstaréttar.

Aðaláfrýjandi, sem hefur fengið gjafsókn í málinu, hefur skotið því til Hæstaréttar með stefnu 28. nóvember 1958. Krefst hann *aðallega* sýknu af kröfum gagnáfrýjanda, en *til vara*, að kröfur hans verði lækkaðar. Þá krefst hann og málskostnaðar í héraði og fyrir Hæstarétti úr hendi gagnáfrýjanda, eins og málið væri ekki gjafsóknarmál.

Gagnáfrýjandi, sem hefur fengið gjafvörn í málinu, hefur skotið því af sinni hendi til Hæstaréttar með stefnu 16. desember 1958. Krefst hann þess *aðallega*, að aðaláfrýjanda verði dæmt að greiða kr. 255.262,48 með 6% ársvöxtum frá 21. júlí 1953 til greiðsludags. *Til vara* krefst hann lægri fjárhæðar að mati Hæstaréttar ásamt vöxtum, eins og áður greinir. Þá krefst hann og málskostnaðar í héraði og fyrir Hæstarétti úr hendi aðaláfrýjanda, eins og málið væri ekki gjafvarnarmál.

Eftir uppkvaðningu héraðsdóms hefur K. G. Guðmundsson tryggingafræðingur reiknað atvinnutjón gagnáfrýjanda af nýju. Í síðustu áætlun hans, þar sem tekið er tillit til ákvæða laga nr. 1/1959, er niðurstöðutala tryggingafræðingsins kr. 214.109,00.

Eins og lýst er í héraðsdómi, voru engar hlífar á keðjureimum vélar þeirrar, sem í málinu greinir. Slíkar hlífar, að ofan og til hliðar, voru nauðsynlegar, enda lögmæltar, sbr. 18. gr. laga nr. 23/1952. Telja verður, að slysið megi

að nokkru rekja til þessa skorts á öryggisbúnaði. Fébótaábyrgð vegna slyssins verður því að nokkru lögð á aðaláfrýjanda.

Á hinn bóginn var það mikil ógætni af hálfu gagnáfrýjanda að reyna að hefja viðgerð á vélinni, meðan hún var í gangi, og í því skyni fara með hönd sína, klædda vettlingi, svo nálægt hjólum og reimum sem raun ber vitni, sbr. 5., 6. og 7. mgr. 16. gr. laga nr. 23/1952.

Þykir eftir atvikum rétt að skipta fébótaábyrgð vegna slyssins þannig, að gagnáfrýjandi beri sjálfur 3/5 hluta tjóns síns, en aðaláfrýjandi bæti honum það að 2/5 hlutum.

Örorkutjón gagnáfrýjanda, er frá hafa verið dregnar bætur frá Tryggingastofnun ríkisins, þykir hæfilega áætlað kr. 125.000,00. Fallast má á mat héraðsdóms á tjóni gagnáfrýjanda samkvæmt 2. kröfulið í héraði, og 3. kröfuliður hefur ekki sætt neinum andmælum og verður því tekinn til greina.

Úrslit málsins verða því þau, að aðaláfrýjanda verður dæmt að greiða gagnáfrýjanda 2/5 hluta af kr. 160.800,00 (kr. 125.000,00 + kr. 35.000,00 + kr. 800,00), þ. e. kr. 64.320,00, með vöxtum, eins og krafizt er.

Staðfesta má ákvæði héraðsdóms um málskostnað, en eftir atvikum þykir rétt, að hvor aðilja beri kostnað sinn af málinu fyrir Hæstarétti. Málflutningslaun talsmanna aðilja fyrir Hæstarétti, kr. 6.000,00 til hvors, greiðist úr ríkissjóði.

Dómsorð:

Aðaláfrýjandi, sýslusjóður Austur-Húnavatnssýslu, greiði gagnáfrýjanda, Þorgeiri Magnússyni, kr. 64.320,00 með 6% ársvöxtum frá 21. júlí 1953 til greiðsludags.

Ákvæði héraðsdóms um málskostnað á að vera óraskað.

Málskostnaður í Hæstarétti fellur niður. Málflutningslaun talsmanna aðilja í Hæstarétti, Guðmundar Péturssonar hæstaréttarlögmanns og Þorvalds Þórarinssonar

héraðsdómslögmanns, kr. 6.000,00 til hvors, greiðist úr ríkissjóði.

Dóminum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Sératkvæði Gizurar Bergsteinssonar hæstaréttardómara.

Á öndverðu sumri 1953 var gagnáfrýjandi ráðinn til starfa við byggingu héraðssjúkrahússins á Blönduósi, og var honum fengin stjórn hjólvindu, sem látin var lyfta tunnu með steypu. Stýrði hann hjólvindunni með tveimur stöngum, en hún var knúin benzínvél. Var öxull vélarinnar tengdur við uppdráttarás með keðjureim, um það bil tveggja metra langri. Önnur styttri keðjureim tengdi hjólvinduna við vélina. Vélin var ræst með sveif. Straumrofi var eigi fyrir hendi til að stöðva vélina. Var hún því stöðvuð með því að kippa rafmagnsleiðslu úr sambandi, kæfa á vélinni með fullu innsogi eða loka fyrir aðrennsli að blöndungnum.

Hinn 21. júlí 1953 var gagnáfrýjandi við stjórn vélarinnar, sem var í fullum gangi. Varð hann þess þá var, að losnað hafði bolti, sem halda átti fastri legu ásenda. Á ás þenna var fest minna tannhjól vélarinnar, en um það lék styttri keðjureimin. Gagnáfrýjandi tók nú uppdráttarásinn úr sambandi, en stöðvaði eigi vélina, og héldu keðjureimaásarnir áfram að snúast. Gekk gagnáfrýjandi því næst inn fyrir vélina, sem stóð mjög nærri húsveggnum, þannig að bilið, þar sem stytzt var, mun hafa verið um 50 sm. Gagnáfrýjandi beygði sig síðan fram standandi, kom bolta þeim, sem losnað hafði, fyrir á sínum stað og hóf að festa róna á hann. Gerði hann það með vinstri hendi, enda er hann örvhentur, en í þeirri hægri hélt hann á skiptilykli, sem hann hugðist herða róna með. Vinnuvettlinga úr lérefti hafði hann á höndum. Téður bolti var einungis 4.5 sm frá styttri keðjureiminni. Við þetta varð vinstri hönd gagnáfrýjanda föst undir keðjureiminni á tannhjólinu, og tættust þrír miðfingur handarinnar, svo að taka varð baugfingur og löngutöng alveg af og vísifingur nema hálfan efsta köggul.

Svo sem lýst var, hugðist gagnáfrýjandi festa bolta, sem var mjög nærri keðjureim og tannhjóli vélarinnar, og fór í því skyni með hönd sína, búna vettlingi, inn í vélina og sýslaði þar við boltann, meðan vélin var í fullum gangi, en höndin lenti þá í keðjureim og tannhjóli og skaddaðist. Þessi aðferð gagnáfrýjanda var svo stórkostlega gálaus, að eigi verður komizt hjá að leggja alla meginsök á slysinu á hann. Hins vegar er eigi loku fyrir það skotið, að fullkominn öryggisbúnaður vélarinnar, svo sem straumrofi og hlífar um tannhjól og keðjureim, hefðu aftrað gagnáfrýjanda frá því að stofna sér í hina miklu hættu. Þar sem vélinni var áfátt að þessu leyti, telst rétt að leggja á aðaláfrýjanda fébótaábyrgð á slysinu að 1/5 hluta.

Fallast má á að reikna tjón gagnáfrýjanda, sem talinn er 34% öryrki, þannig:

1. Orkutjón	kr.	125.000,00
2. Þjáningar, sársauki og lýti ...	—	35.000,00
3. Kostnaður af bótareikningi	—	800,00
	Kr.	160.800,00

Ber að dæma aðaláfrýjanda, sem eigi hefur vefengt aðild sína í máli þessu, til að greiða 1/5 hluta þeirrar fjárhæðar, þ. e. kr. 32.160,00, ásamt 6% ársvöxtum frá 21. júlí 1953 til greiðsludags.

Ákvæði héraðsdóms um málskostnað þykja eiga að vera óröskuð.

Rétt er, að málskostnaður í Hæstarétti falli niður, en þar sem báðir aðiljar hafa gjafsóknarleyfi fyrir Hæstarétti, ber að dæma ríkissjóð til að greiða málflutningslaun hinna skipuðu málflytjenda aðilja fyrir Hæstarétti, kr. 6.000,00 til hvors.

Dómsorð:

Aðaláfrýjandi, sýslumaður Austur-Húnavatnssýslu f. h. sýslusjóðs, greiði gagnáfrýjanda, Þorgeiri Magnússyni, kr. 32.160,00 ásamt 6% ársvöxtum frá 21. júlí 1953 til greiðsludags.

Ákvæði héraðsdóms um málskostnað eiga að vera óröskuð.

Málflutningslaun skipaðra málflytjenda fyrir Hæstarétti, Guðmundar Péturssonar hæstaréttarlögmanns og Þorvalds Þórarinssonar héraðsdómslögmanns, kr. 6.000,00 til hvors, greiðist úr ríkissjóði.

Dóminum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur aukadómþings Húnavatnssýslu 25. október 1958.

Ár 1958, laugardag 25. október, var í aukadómþingi Húnavatnssýslu af Kristni Ólafssyni sem setudómara ásamt meðdómsmönnunum Alexander Guðjónssyni vélameistara og Inga Kristjánssyni byggingameistara upp kveðinn dómur í framangreindu máli, sem dómtekið var 23. þ. m.

Mál þetta var höfðað fyrir aukadómþingi Húnavatnssýslu með stefnu, út gefinni 20. okt. 1956 af Þorgeiri Magnússyni bifreiðarstjóra frá Njálsstöðum í Vindhælishreppi, nú til heimilis Löngulíð 23, Reykjavík, gegn Guðbrandi Ísberg sýslumanni, Blönduósi, oddvita sýslunefndar Húnavatnssýslu, f. h. sýslusjóðs Austur-Húnavatnssýslu vegna héraðsspítalans á Blönduósi til greiðslu skaðabóta, að fjárhæð kr. 257.779,73, ásamt 6% ársvöxtum frá 21. júlí 1953 til greiðsludags og málskostnaðar að skaðlausu samkv. taxta LMFÍ, eins og málið væri ekki gjafsóknarmál, — til vara annarrar bótafjárhæðar eftir mati dómsins, ef svo yrði litið á, að stefnandi hefði ekki sýnt fulla aðgæzlu, og málskostnaðarkröfu sem að framan.

Af hálfu stefnda, sýslusjóðs Austur-Húnavatnssýslu, var krafizt *aðallega* sýknu af öllum kröfum stefnanda og *til vara* verulegrar lækkunar á kröfunum og jafnframt í báðum tilfellum málskostnaðar, eins og málið væri eigi gjafvarnarmál.

Með því að hinn reglulegi dómari, Guðbrandur Ísberg sýslumaður, er oddviti sýslunefndar Austur-Húnavatnssýslu og málið höfðað gegn sýslusjóðnum, hefur sýslumaður með úrskurði, dagsettum 18. okt. 1956, vikið dómarasæti í málinu, en í hans stað verið af dómsmálaráðuneytinu skipaður setudómari Kristinn Ólafsson, fulltrúi í Hafnarfirði, og kvað hann upp dóm í máli þessu, dags. 2. sept. 1957, sem áfrýjað var til Hæstaréttar, en sá dómur var ómerktur þar 16. júní 1958 og málinu vísað heim í hérað til löglegrar meðferðar og uppsagnar dóms af nýju, vegna þess að nauðsyn hafi borið til, að héraðsdómur kveddi sérfróða menn til að dæma með sér í málinu. Hefur því setudómarinn kvatt tvo sérfróða menn til að dæma með sér mál

þetta, sbr. 3. tölul. 200. gr. laga nr. 85 frá 1936, þá Alexander Guðjónsson vélameistara og Inga Kristjánsson byggingameistara, sem báðir hafa margra ára reynslu um meðferð vinnuvéla.

Við munnlegan flutning málsins nú gerir stefnandi þær kröfur *aðallega*, að stefndi verði dæmdur til greiðslu bóta, að upphæð kr. 255.262,48, ásamt 6% ársvöxtum frá 21. júlí 1953 til greiðsludags og *til vara* annarrar fjárhæðar lægri eftir mati dómsins og málskostnaðar í báðum tilfellum, eins og málið væri ekki gjafsóknarmál.

Af hálfu stefnda er krafizt *aðallega* sýknu af öllum kröfum stefnanda og *til vara* verulegrar lækkunar á kröfum stefnanda og málskostnaðar í báðum tilfellum, eins og málið væri eigi gjafvarnarmál.

Málavextir eru þessir:

Stefnandi máls þessa, Þorgeir Magnússon bifreiðarstjóri, réð sig til vinnu við byggingu héraðssjúkrahússins á Blönduósi. Byggingameistarinn, sem hafði yfirverkstjórn með höndum, segir, að Þorgeir hafi verið ráðinn fyrir atbeina héraðslæknisins, því að Þorgeir hafi verið sjúklingur hans skömmu áður og læknirinn óskað eftir, að Þorgeir fengi eitthvert létt starf, því að hann væri heilsuveill. Þorgeir hefði sjálfur óskað vinnu við spil, sem notað var til að hala upp steypu, þegar steypt var í bygginguni. Kveðst verkstjórinn hafa látið Þorgeir fá starfið bæði vegna þess, að það var létt, og einnig sökum þess, að hann hafi talið sig vanan vélum, þar sem hann hefði áður farið með skurðgröfur og hafði bílpróf.

Síðan hefði Þorgeir unnið við spilið fram að slysdegi, eða eitthvað á annan mánuð, og reynzt ágætlega í starfinu. En starf Þorgeirs var í því fólgið að standa við spil, sem lyfti upp tunnu, sem steypa var látin í, og gerði hann ýmist að lyfta eða slaka, eftir því sem við átti, og stjórnaði því með tveimur stöngum. Spilið var knúið af lítilli, sambyggðri benzínvél, og var öxull vélarinnar tengdur við upphölunarásinn með nálega tveggja metra langri keðjureim, og önnur styttri reim tengdi spilið við vélina.

Vélin var ræst með sveif, en enginn straumrofi var til að stöðva hana. Segir Þorgeir, að aðferðir, sem notaðar voru til að stöðva vélina, hafi verið að kæfa á henni með fullu innsogi, það er fylla sprengihólfið með óblönduðu benzíni og loka fyrir loftið, eða skrúfa fyrir aðrennslið að blöndungnum og bíða, unz hann var orðinn tómur. En fyrri aðferðinni hafi hann talið

hættulegt að beita vegna sprengihættu, enda ekki öruggt, að vélin stöðvaðist þegar í stað, og með síðari aðferðinni hefði getað tekið alllangan tíma að stöðva vélina og þar að auki gangsetning á eftir erfið og seinleg. Af þessum ástæðum kveðst Þorgeir hafa reynt að gera við eitt og annað smávegis án þess að stöðva vélina, en tekið spilásinn úr sambandi á meðan.

Hafi þetta sérstaklega komið fyrir, þegar hagræða þurfti vírum eða galli kom á tengilínuna, sem ekki hafi verið óalgengt. Jafnframt getur Þorgeir þess, að ekki hafi verið tryggilega gengið frá benzíngjöf eða innsogi, því að hvort tveggja hafi verið fest með snærum og vír. Vélin var óvarin með öllu og báðar drifkeðjur hlífarlausar.

Þegar stefnandi, Þorgeir Magnússon, var að starfi sínu 21. júlí 1953 kl. 18,20, vildi til slys það, sem mál þetta er af risið, og lýsir hann atvikum að því eins og hér skal rakið og kemur heim við önnur gögn í málinu.

Þorgeir hafði orðið þess var, þar sem hann stóð við spilið og stjórnaði því í fullum gangi, að bolti, sem átti að halda fastri legu, sem ásendi lék í, er minna tannhjólið var fest á og dreif styttri keðjuna, hafði losnað, svo að hann taldi nauðsynlegt að festa boltann þegar í stað.

Hann stöðvaði upphölunina, en lét vél spilsins ganga í lausagangi, þannig að hann tók upphölunarásinn úr sambandi, en keðjudrifásarnir héldu áfram að snúast. Gekk Þorgeir aftur með vélinni og inn fyrir hana, en bilið þeim megin frá veggnum, þar sem stytzt var, mun hafa verið um 50 sm. Hann beygði sig síðan standandi, tók um boltann, sem losnað hafði, og kom honum fyrir á sinn stað og fór að festa róna á hann með vinstri hendi, en hann er örvhentur, og í hægri hendi hélt hann á skiptilykli, tilbúinn að herða róna að lokum. Að venju var hann með vinnuvettlinga á báðum höndum, en það voru þunnir léreftsvettlingar. Taldi hann sig hafa nægilegt svigrúm þarna til að ljúka verkinu, enda lokið því, sem hann taldi seinlegast og erfiðast, að koma boltanum á sinn stað, en bilið frá honum að litlu drifreiminni var um 4,5 sm. Skyndilega vissi Þorgeir ekki fyrri til en vinstri höndin var orðin föst undir keðjureiminni á tannhjólinu, og kippti hann þá í ofboði að sér hendinni án þess þó að gera sér grein fyrir, hvað skeð hafði, og ætlaði hann að halda áfram að skrúfa róna fasta. Varð honum þá bráðlega ljóst, að þrír fingur höfðu lent í vélinni og skaddazt stórkostlega. Að öðru leyti kveðst hann ekki geta gert sér grein fyrir, hvernig

slysið bar að, en telur, að hann hafi annaðhvort hrasað eða óvæntur sláttur komið á minni keðjuna, sem snerist með miklum hraða, svo að öxulendinn kunni að hafa gengið til, vegna þess að los var á legunni, og höndin farið milli tannhjólsins og keðjunnar.

Umrædd vél er nú geymd á Siglufirði, og fór dómurinn þangað ásamt umboðsmönnum aðilja og stefnanda til athugunar á vélinni og afstöðu stefnanda, er hann vann við hana. Þess má geta, að búið var að setja fjöl lauslega yfir lengri drifkeðjuna, en engar aðrar breytingar á gerðar. Dómurinn athugaði gangsetningu vélarinnar og hvernig hún var stöðvuð. Enn fremur fór dómurinn ásamt umboðsmönnum aðilja og stefnanda tvisvar á slysstaðinn við héraðssjúkrahúsið á Blönduósi og kynnti sér staðhætti og alla aðstöðu, eins og verið hafði, er slysið vildi til, með hliðsjón af gögnum, sem liggja fyrir í málinu um þessi atriði.

Eftir að slysið hafði viljað til, var stefnandi þegar fluttur á sjúkrahúsið á Blönduósi og gert að sárum hans.

Verkstjórinn við sjúkrahússbygginguna, sem var eigandi umræddrar vélar, telur, að hún hafi verið auðveld í meðferð, og fullyrðir, að hún hafi verið margtekin út af vélaeftirliti ríkisins aðfinnslulaust, áður en slysið varð. Um þetta atriði liggja ekki fyrir í málinu fullnægjandi gögn, en lögmaður stefnanda vefengir, að fullyrðing þessi geti verið rétt, og vitnar í bréf öryggiseftirlits ríkisins til hans, dags. 27. marz 1958, þar sem segir, að ekki verði séð í bókum öryggiseftirlitsins, að lyftivinda (spil), eign Sveins Ásmundssonar, notuð við byggingu héraðshælisins á Blönduósi, hafi verið skoðuð af skoðunarmönnum eftirlitsins.

Stefnandi telur stefnda bera fébótaábyrgð á slysi þessu, bæði samkv. almennum reglum um ábyrgð atvinnurekenda á lífi og limum starfsmanna sinna, er þeir eru að gegna skyldustörfum sínum, svo og vegna hins, að öryggisbúnaður og annað ástand þessa spils hafi ekki verið sem skyldi samkvæmt reglum um öryggi véla á vinnustað.

Af hálfu stefnda er bótaskyldu hans algerlega mótmælt, stefnandi hafi sjálfur orðið valdur að slysinu með mjög vítaverðu gáleysi.

Fyrst og fremst hafi spilið með vilja verið staðsett svo nærri vegg, til þess að enginn óviðkomandi gæti komizt að því án vitundar stjórnandans, meðan það væri í gangi. Hefði stefnanda orðið sú skyssa á í stað þess að stöðva vélina, sem hægt hefði

verið með einu handbragði, að troða sér milli veggjar og vélar, meðan hún var í gangi, bogra þar niður og seilast inn undir keðjudrifið, sem snerist á ásnum, til að festa nagla, sem losnað hefði. Við þetta bætist, að hann hefði verið með vettling á hendinni og auk þess örvhentur, sem geri alla aðstöðu verri. Skorti á öryggisútbúnaði verði alls ekki um kennt, því að stefnandi hefði eftir sem áður getað seilzt þannig inn á hættusvæðið inn undir keðjudrifið.

Því verði ekki heldur um kennt, að ógætilega hafi verið valið í starf þetta, því að stefnandi hefði verið þaulvanur meðferð véla, m. a. árin á undan stjórnað jarðýtu og haft próf sem bifreiðarstjóri og enn fremur verið búinn að vinna við verk þetta nokkurn tíma eða frá því að byrjað var að steypa sjúkrahúsið.

Ef sýknukrafa stefnda verði ekki tekin til greina, beri að skipta bótum í hlutfalli við sök tjónþolans á tjóninu, og aðeins lítið brot sakar verði þannig lagt á stefnda, og samkvæmt því er varakrafa stefnda, að bótakröfur verði lækkaðar til mikilla muna.

Dómurinn verður að fallast á þá skoðun stefnanda, að stefndi beri samkvæmt almennum skaðabótareglum bótaábyrgð á tjóni því, sem stefnandi hlaut við slysið, með því að skortur á öryggisumbúnaði hafi átt þátt í slysinu. Eins og áður hefur verið tekið fram, voru keðjudrifin bæði óvarin, og telur dómurinn það hafa verið mjög óvarlegt, eins og allar aðstæður voru, enda auðvelt að ganga svo frá, að verulega væri dregið úr hættu á slysum sem þessu. Enn fremur hafi útbúnaður við stöðvun vélarinnar verið ófullkominn. Álítur dómurinn, að nauðsyn beri til, að keðjudrif, sem séu jafnhraðgeng og hér var um að ræða, séu jafnan vel varin, enda sé það í samræmi við almennar öryggisreglur um frágang á vinnuvélum. Á hinn bóginn verður dómurinn að telja, að stefnandi hafi sýnt óvarkárni að fara með höndina inn í vélina í gangi, eins og hann gerði. Þegar þetta hvort tveggja er virt, þykir rétt að skipta ábyrgðinni á fébótum þannig, að stefndi beri þrjá fimmtu hluta, en stefnandi tvo fimmtu hluta tjónbótanna.

Stefnandi sundurliðar kröfur sínar sem hér segir:

1. Örorkubætur samkv. útreikningi tryggingafræðings K. G. Guðmundssonar, dags. 23. des. 1953, kr. 198.530,00, að viðbættum 25% vegna hækkana, sem orðið hafa síðan á grunnkaupi, vísitölu o. s. frv., kr. 49.632,50, eða samtals kr. 248.162,50

2. Skaðabætur fyrir þjáningar, lýti, röskun á stöðu, högum o. s. frv. ..... — 50.000,00
3. Kostnaður við bótaútreikninga ..... — 800,00

Alls kr. 298.962,50

En frá þessari upphæð dregur stefnandi greiddar örorkubætur frá Tryggingastofnun ríkisins: ein greiðsla .. 41.057,77
dagpeningar úr slysatryggingadeild ..... 2.142,25 kr. 43.200,02

og verður þá krafa stefnanda ..... — 255.762,48

og hefur stefndi samþykkt, að stefnandi hefði þá kröfu uppi án framhaldsstefnu, en mótmælt hinum einstöku liðum og fjárhæð þessari að öðru leyti. Skal því vikið að hinum einstöku kröfuliðum og rökstuðningi þeirra.

Um 1. lið.

Stefnandi hefur látið tryggingafræðinginn K. G. Guðmundsson reikna út atvinnutjón sitt vegna örorku, sem stafar frá slysinu, og liggur útreikningur þessi fyrir í framlögðu bréfi, dags. 23. des. 1953, og reiknast honum þar allt atvinnutjón stefnanda til þess tíma kr. 198.530,00. Þá hefur sami tryggingafræðingur endurskoðað fyrri útreikning sinn í bréfi, dags. 13. ágúst 1957, með hliðsjón af þeim breytingum, sem hafa orðið á vinnutekjum verkamanna, síðan fyrri útreikningur hans var gerður, en verðmæti hins áætlaða vinnutekjutaps reiknast þar kr. 198.418,00.

Þá hefur tryggingafræðingurinn enn í bréfi, dags. 12. júní þ. á., athugað, hver áhrif grunnkaupshækkun sú, sem ákveðin var með 52. gr. laga nr. 33 frá 29. maí 1958, hefði á útreikninga á atvinnutjóni í máli þessu, en sú grunnkaupshækkun mundi hækka fyrrgreinda niðurstöðu í kr. 205.315,00.

Þá hefur tryggingafræðingurinn að lokum reiknað út áætlaðar vinnutekjur í bréfi, dags. 21/10 sl., með hliðsjón af vísitöluhækkun og grunnkaupshækkun á almennu Dagsbrúnarkaupi, sem orðið hefur, eftir að fyrri útreikningar hans voru gerðir, og reiknast þar verðmæti vinnutekjutaps kr. 222.722,00. En í þessum útreikningum telur tryggingafræðingurinn, að bæta þurfi nokkru við þær niðurstöður fyrir því, sem örorkan hafi verið umfram 34% fyrst eftir slysið, og reiknar hann það kr. 4.700,00 í fyrsta útreikningi sínum, og helzt það óbreytt enn.

Af hálfu stefnda er þessum lið og þeim útreikningum, sem þar liggja til grundvallar, mótmælt sem of háum og haldið fram, að tekjugrundvöllur fyrir matinu sé rangur og réttara hefði verið að leggja til grundvallar tekjur stefnanda næstu árin fyrir slysið. Skal því upplýst nánar um grundvöll þann, sem á er byggt, og röksemdir stefnanda fyrir þessum kröfulið.

Stefnandi var strax eftir slysið fluttur á sjúkrahúsið á Blönduósi, og lá hann þar tíu daga, en talið, að hann hafi ekki orðið vinnufær fyrr en 21. september, og fékk hann greidda dagpeninga úr slysatryggingu til þess tíma. Í vottorði tryggingalæknisins B. Smára, dags. 28. sept. 1953, segir svo um meiðslin: „Tættust þrír miðfingur vinstri handar, svo að nauðsynlegt reyndist að taka baugfingur og löngutöng alveg af og allan vísifingur nema hálfan efsta köggulinn. Auk þess kom sár á litlafingur innanverðan um efri liðamótin. Sárin voru gróin í byrjun september, en slasaði hefur ekki byrjað starf enn þá, þar eð hann hefur ekki fengið neina vinnu við sitt hæfi. Skoðun 28/9 1953. Vinstri hönd (maðurinn er örvhentur), þriðji og fjórði fingur numdir brott að fullu. Annar fingur: Eftir er hálfur efsti köggull. Örin eru vel gróin, en dálítið aum. Fimmti fingur kreppist ekki alveg í lófa, vantar ca. 1½ sm á, að gómurinn nái lófanum. Á fingrinum innanverðum er ör um næstfremsta lið.

Ekki þykir mega búast við því, að ástand slasaða taki neinum verulegum breytingum úr þessu, og má því teljast tímabært að meta varanlega örorku hans vegna nefnds slyss, og telst hún hæfilega metin

34%."

Stefnandi er fæddur 23. des. 1927 og hafði sambúð við konu frá 1952, en þau gengu í hjónaband 1958 og eiga saman þrjú börn ung.

Tryggingafræðingurinn hefur reiknað vinnutekjutap stefnanda vegna slyssins með því að byggja á tekjum hans samkv. framtali 1952 og upplýsingum, sem fengizt hafa um tekjur hans sumarið 1953. Ekki virðast hafa fengizt upplýsingar eða gögn fyrir tekjum stefnanda frá eldri tíma, sem á verði byggt, enda telur tryggingafræðingurinn, að ekki hefði verið hægt, hvort eð var, að byggja á tekjum hans fyrir 1952, vegna þess hve ungur hann var þá, nema að litlu leyti. Þá hefur verið á það bent, að heilsubrestur, sem þjáði hann á þeim árum, muni hafa dregið mjög úr atvinnutekjum hans fyrir slysið. Auk þess er full ástæða til að

telja, að tekjur þær, sem hér eru lagðar til grundvallar, séu mjög lágar miðað við þá atvinnu, sem hann stundaði, og borið saman við aðra, sem þá atvinnugrein stunduðu á þeim tíma.

Áætlaðar vinnutekjur verða eftir útreikningi tryggingafræðingsins, dags. 21. okt. 1958, eins og hér segir:

Tímabil	Áætlaðar vinnutekjur
22/7 1953 til 21/7 1954	Kr. 31.214,45
— 1954 — 1955	— 35.807,61
— 1955 — 1956	— 38.637,24
— 1956 — 1957	— 40.587,11
— 1957 — 1958	— 41.899,10
— 1958 — 1959	— 47.673,31
Síðan árlega	— 48.318,34

Verðmæti vinnuteknatapsins, er næmi 34% af framangreindum áætluðum vinnutekjum, reiknast því kr. 222.722,00.

Reiknað er hér með 6% ársvöxtum, dánarlíkum íslenzkra karla samkvæmt reynslu áranna 1941—1950 og líkum fyrir missi starfsorku í lifanda lífi eftir sænskri reynslu. Enginn frádráttur er gerður vegna opinberra gjalda, og engar upplýsingar liggja fyrir í málinu í því efni. Hins vegar telur tryggingafræðingurinn, að bæta þurfi nokkru við framangreinda niðurstöðu fyrir því, sem örorkan hefur verið umfram 34% fyrst eftir slysið. Með því að reikna með 100% örorku frá slysdegi til 21. september s. á. áætlar tryggingafræðingurinn það kr. 4.700,00, og ætti þá allt atvinnutjón að nema samkv. þessum útreikningi kr. 227.422,00.

Hér koma til frádráttar bætur frá Tryggingastofnun ríkisins, örorkubætur, kr. 41.057,77, og dagpeningar frá slysatryggingadeild, kr. 2.142,25, eða alls kr. 43.200,02, og verða þá eftir kr. 184.221,98.

Með vísan til þess, sem hér hefur verið rakið, og með hliðsjón af röksemdafærslu tryggingafræðingsins og þegar meðal annars er haft í huga, að dæmdar fébætur verða ekki taldar stefnanda til tekna við álagningu tekjuskatts og útsvars, þykir mega leggja ofangreindan útreikning til grundvallar í aðalatriðum, þannig að þessi liður þykir hæfilega ákveðinn kr. 180.000,00.

Í kröfum sínum hefur stefnandi reiknað með 25% viðbót við fyrsta útreikning tryggingafræðingsins vegna hækkunar á grunnkaupi, vísitölu o. s. frv., en í síðasta útreikningi hans, sem hér er lagður til grundvallar, hefur tryggingafræðingurinn tekið tillit til þessa, og kemur það því ekki frekar til álita.

Um 2. lið.

Þessum kröfulið hefur verið mótmælt af hálfu stefnda sem allt of háum.

Eftir þeim meiðslum, sem stefnandi hlaut, og örkumlum, sem hann ber eftir slysið, sem hvoru tveggja hefur verið lýst hér að framan, og þegar það er jafnframt haft í huga, að þetta hlýtur að há honum á ýmsan hátt við það lífsstarf, sem hann hefur valið sér, þykja bætur stefnanda fyrir þjáningar, röskun á stöðu og högum og varanleg lýti hæfilega metnar kr. 35.000,00.

Um 3. lið.

Enginn ágreiningur er um þessa upphæð, og verður hún tekin til greina, eins og hún liggur fyrir, með kr. 800,00.

Samkvæmt framansögðu verða úrslit málsins þau, að stefnda, sýslunefnd Austur-Húnavatnssýslu f. h. sýslusjóðs vegna héraðsspítalans á Blönduósi, verður dæmd til að greiða stefnandanum, Þorgeiri Magnússyni, framangreindar upphæðir, kr. 180.000,00 + 35.000,00 + 800,00, alls kr. 215.800,00, að þremur fimmtu hlutum eða kr. 129.480,00 auk vaxta, eins og krafizt hefur verið.

Þar sem mál þetta er bæði gjafsóknar- og gjafvarnarmál, ákveðast laun hinna skipuðu lögmanna aðilja kr. 5.000,00 til hvors, sem greiðast úr ríkissjóði, en málskostnaður fellur niður að öðru leyti.

Því dæmist rétt vera:

Stefndi, Guðbrandur Ísberg f. h. sýslusjóðs Austur-Húnavatnssýslu, greiði stefnandanum, Þorgeiri Magnússyni, kr. 129.480,00 auk 6% ársvaxta frá 21. júlí 1953 til greiðsludags.

Málflutningsþóknun skipaðra lögmanna aðilja, Þorvalds Þórarinssonar og Guðmundar Péturssonar, kr. 5.000,00 til hvors, greiðast út ríkissjóði.

Dómi þessum ber að fullnægja innan fimmtán daga frá lögbirtingu hans að viðlagðri aðför að lögum.

Föstudaginn 6. febrúar 1959.

Nr. 60/1957. **Sigurður Jónsson** (Sveinbjörn Jónsson hrl.)
og
Pétur Sveinsson (Kristján Guðlaugsson hrl.)
gegn
Þór Jóhannssyni (Áki Jakobsson hrl.)
og gagnsök.

Dóminn skipuðu hinir reglulegu dómarar Hæstaréttar.

Skaðabótamál út af sölu á húsi.

Dómur Hæstaréttar.

Aðaláfrýjandi Sigurður Jónsson hefur skotið máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 30. marz 1957 að fengnu áfrýjunarleyfi 27. sama mánaðar. Krefst hann *aðallega* sýknu, en *til vara*, að dæmd fjárhæð á hendur honum verði lækkuð. Svo krefst hann og málskostnaðar af gagnáfrýjanda í héraði og hér fyrir dómi eftir mati Hæstaréttar.

Aðaláfrýjandi Pétur Sveinsson hefur áfrýjað málinu af sinni hálfu með stefnu 26. apríl 1957 að fengnu áfrýjunarleyfi 30. marz sama ár. Jafnframt hefur hann áfrýjað fjárnámi, er gert var í húseign hans hinn 8. febrúar 1957 eftir kröfu gagnáfrýjanda til tryggingar fjárhæðum þeim, sem dæmdar voru með héraðsdómi. Krefst hann þess, að hann verði dæmdur sýkn af kröfum gagnáfrýjanda, að hin áfrýjaða fjárnámsgerð verði felld úr gildi og að gagnáfrýjanda verði dæmt að greiða honum málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti að mati dómsins.

Gagnáfrýjandi hefur áfrýjað málinu með stefnu 12. júní 1958 að fengnu áfrýjunarleyfi 11. sama mán. Krefst hann þess, að aðaláfrýjendum verði in solidum dæmt að greiða honum kr. 80.000,00 ásamt 6% ársvöxtum frá 1. október 1950 til greiðsludags og málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti eftir mati dómsins.

Eftir að dómur gekk í héraði, hefur gagnáfrýjandi aflað nýrra gagna, sem lögð hafa verið fram í Hæstarétti.

Í máli þessu krefst gagnáfrýjandi fébóta úr hendi aðaláfrýjenda vegna galla á undirstöðum og gólfi hússins nr. 19 við Efstasund í Reykjavík, sem aðaláfrýjandi Pétur Sveinsson seldi gagnáfrýjanda með afsalsbréfi, dagsettu 30. ágúst 1949. Í undirmatsgerð tveggja dómkvaddra manna, dags. 9. ágúst 1954, er göllum þessum lýst, eftir því sem þá var um þá vitað, og tjón gagnáfrýjanda metið, svo sem greint er í héraðsdómi. Undirmatsgerðin var staðfest með yfirmatsgerð þriggja dómkvaddra manna, dags. 22. desember 1954.

Vorið 1958 hóf gagnáfrýjandi viðgerð á húsinu. Kom þá í ljós, að gallarnir voru að mun meiri en sýnilegt hafði verið, þegar matsgerðirnar fóru fram. Voru nú grafnir skurðir fram með útveggjum hússins, og varð þess þá vart, að undirstöður veggjanna voru þannig gerðar, að grafnir höfðu verið fyrir þeim grunnir skurðir, sem síðan höfðu verið fylltir með grjóti, lítt eða ekki hlöðnu. Undir uppfyllingu þessari var laus jarðvegur, tvær til þrjár skóflustungur, niður á fastan botn. Þegar gólf hússins var brotið upp, kom í ljós, að ekkert malarlag eða önnur einangrun var undir því. Vegna þessara galla og annarra fleiri, sem taldir eru hafa verið á húsinu, afréð gagnáfrýjandi að rífa það til grunna. Matsmenn þeir, sem framkvæmt höfðu undirmatið árið 1954, komu nú á staðinn og endurskoðuðu hið fyrra mat sitt. Í viðbótarmatsgerð, dags. 30. ágúst 1958, lýsa þeir því, að þurft hefði að grafa dýpra fyrir veggjum en þeir gerðu ráð fyrir í hinu fyrra mati og að einangrun undir gólfi hafi engin verið. Meta þeir, að kostnaður við þessar viðbótarundirstöður og einangrun undir gólf nemi kr. 13.000,00. Að öðru leyti sé mat þeirra samkvæmt matsgerðinni frá 19. ágúst 1954 óbreytt, ef miðað er við þær aðstæður, sem þá voru, en sé reiknað með hækkun á vísitölu byggingarkostnaðar frá þeim tíma, eigi að bætast við matsfjárhæðina kr. 23.079,00.

Samkvæmt því, sem hér var greint, og að öðru leyti með skírskotun til þess, sem nánar er rakið um galla hússins í héraðsdómi, eru fullar sönnur að því leiddar, að

mikil missmíði hafi verið á undirstöðum og gólfi hússins og að gerð þessa hluta húsbyggingarinnar hafi hvergi nærri fullnægt kröfum byggingarsamþykktar Reykjavíkur. Ber aðaláfrýjandi Pétur Sveinsson, sem húsið reisti, fébótaábyrgð á tjóni gagnáfrýjanda vegna umræddra leyndra galla á húsinu við sölu þess.

Þegar húsið var reist, var í gildi samþykkt nr. 43/1924, um breytingu á 5. gr. byggingarsamþykktar fyrir Reykjavík, nr. 68/1903. Í samþykktinni segir, að ekki megi byrja á nýrri byggingu, fyrr en byggingarfulltrúa hafi verið tilkynnt, hver standi fyrir byggingunni, og skuli það vera trésmiður eða múrsmiður, sem fengið hafi viðurkenningu byggingarnefndar til að mega standa fyrir húsasmíði í Reykjavík, og skuli viðurkenndur múrsmiður sjá um alla múrsmíði. Þá er mælt í samþykktinni, að það sé á ábyrgð húsasmiðs og húseiganda, að fylgt sé ákvæðum byggingarsamþykktar um framkvæmd húsasmíði. Á teikningu af húsinu, sem afhent var byggingarfulltrúa, hafði aðaláfrýjandi Sigurður Jónsson ritað nafn sitt sem múrarameistari. Með því tók hann á sig skyldu samkvæmt framangreindum ákvæðum byggingarsamþykktarinnar til að sjá um, að tilhlýðilega væri gengið frá undirstöðum og gólfi hússins. Í almennum viðskiptum eiga menn að geta treyst því, að löggiltir húsasmiðir, sem taka að sér að sjá um byggingu húsa, sinni þessari skyldu sinni. Af hálfu aðaláfrýjanda Sigurðar Jónssonar hefur því verið lýst í máli þessu, að hann hafi aldrei komið á staðinn, meðan húsið var í smíðum, og ekkert eftirlit haft með verkinu né sagt fyrir um það. Sökum þessarar stórfelldu vanrækslu verður að telja hann bera fébótaábyrgð gagnvart gagnáfrýjanda vegna framangreindra galla á undirstöðum og gólfi hússins in solidum með aðaláfrýjanda Pétri Sveinssyni, enda verður að telja, að fyrningarfrestur á kröfunni hafi ekki tekið að líða, fyrr en gagnáfrýjandi mátti verða gallanna var.

Eftir að héraðsdómur gekk, hófst gagnáfrýjandi handa um að leita fullnægju á fjárhæðum þeim, sem honum voru dæmdar í héraði, og fór í því skyni fram fjárnám sam-

kvæmt kröfu hans í eignum aðaláfrýjanda Péturs Sveinssonar hinn 8. febrúar 1957. Er áfrýjun málsins af hendi gagnáfrýjanda til hækkunar fébóta ekki samrýmanleg þessum aðgerðum, og verða honum þegar af þeirri ástæðu ekki dæmdar hærri bætur hér fyrir dómi en gert var í héraði. Hins vegar er ekki ástæða til að lækka fjárhæð þá, sem gagnáfrýjanda var dæmd með héraðsdómi. Verður niðurstaðan því sú, að hinn áfrýjaði dómur verður staðfestur að öðru leyti en því, að aðaláfrýjendum verður gert að greiða alla bótafjárhæðina in solidum.

Samkvæmt þessu verður krafa aðaláfrýjanda Péturs Sveinssonar um, að áðurgreind fjárnámsgerð verði felld úr gildi, ekki tekin til greina.

Eftir þessum úrslitum er rétt, að aðaláfrýjendur greiði in solidum gagnáfrýjanda málskostnað fyrir Hæstarétti, sem ákveðst kr. 8.000,00.

Dómsorð:

Aðaláfrýjendur, Sigurður Jónsson og Pétur Sveinsson, greiði in solidum gagnáfrýjanda, Þór Jóhannssyni, kr. 55.000,00 ásamt 6% ársvöxtum frá 28. september 1954 til greiðsludags, kr. 8.000,00 í málskostnað í héraði og kr. 8.000,00 í málskostnað fyrir Hæstarétti að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur bæjarþings Reykjavíkur 25. október 1956.

Mál þetta, sem dómtekið var 4. þ. m., hefur Þór Jóhannsson húsgagnabólstrari, Efstasundi 19 hér í bæ, að undangenginni árangurslausri sáttaumleitan, höfðað fyrir bæjarþinginu með stefnu, út gefinni 5. október 1954, gegn Pétri Sveinssyni, Nökkvavogi 16, og Sigurði Jónssyni múrarameistara, Fjölnisvegi 18, báðum hér í bænum, til greiðslu skaðabóta in solidum, að fjárhæð kr. 80.000,00, auk 6% ársvaxta frá 30. ágúst 1949 til greiðsludags og málskostnaðar að skaðlausu, þar með talins matskostnaðar.

Við munnlegan flutning málsins krafðist stefnandi þess til vara,

að honum yrði dæmd lægri fjárhæð en í stefnu greinir eftir mati dómsins.

Báðir hinir stefndu hafa *aðallega* krafizt algerrar sýknu af öllum kröfum stefnanda og málskostnaðar úr hendi hans eftir mati dómsins. *Til vara* hafa þeir mótmælt stefnukröfunni sem allt of hárri.

Málavextir eru þessir:

Með samningi, dags. 30. ágúst 1949, seldi stefndi Pétur stefnanda húseign sína, nr. 19 við Efstasund, ásamt öllu, er eigninni fylgir og fylgja ber, þar á meðal leigulóðarréttindum. Í samningnum er kaupverð eignarinnar ekki tilgreint, en stefnandi kveður það hafa numið kr. 150.000,00. Stefndi kveður þessa fjárhæð ekki vera hið rétta kaupverð, en hann hefur ekki nefnt neina ákveðna fjárhæð sem slíka. Það er ágreiningslaust, að kaupverðið, hvert sem það raunverulega var, er að fullu greitt. Tekið er fram í samningnum, að eignin seljist í því ástandi, sem hún er á samningsdegi, svo og, að kaupandi hafi kynnt sér það og sætti sig við það á allan hátt. Hús þetta virðist byggt á árinu 1943, sbr. vottorð byggingarfulltrúans í Reykjavík á dskj. 14, en þar segir, að farið hafi verið á staðinn 7. maí 1943 til að taka út botn hússins, en þá hafi enginn verið viðstaddur og aðeins búið að grafa fyrir útveggjum og reykháf. Síðar hafi botninn verið tekinn út. Þá segir og, að hinn 25. júní 1943 hafi verið farið á staðinn til að taka út grind, en enginn verið við.

Húsið skyldi byggt eftir teikningu Þorláks Ófeigssonar byggingameistara, gerðri í september 1942, er fram hefur verið lögð í málinu. Ritaði stefndi Sigurður á teikningu að húsinu sem múrarameistari og annar nafngreindur maður sem trésmíðameistari.

Umrætt hús er einlyft, múrhúðað timburhús á steingrunni. Hefur stefndi Pétur skýrt svo frá fyrir dómi, að hann sjálfur, faðir hans og þriðji maður hafi unnið við sökkulinn og plötuna undir húsinu, en steinsmíði á því sé ekki önnur. Hafi stefndi Sigurður þrívegis komið til eftirlits, meðan á þessu verki stóð, og leiðbeint honum um framkvæmd þess. Kveðst hann hafa greitt stefnda Sigurði 100 eða 150 krónur í þóknun fyrir áritunina, og hafi sú greiðsla farið fram heima hjá Sigurði, þegar teikningin var árituð. Þá skýrði stefndi Pétur svo frá, að gengið hefði verið frá veggjum eins og ráð sé fyrir gert á hinni fram lögðu teikningu, þar á meðal grafið fyrir aðalinnvegg, miðstöð og reykháf. Undirstaða aðalinnveggjar hafi þó ekki verið steypt, heldur hafi púkkið verið sett beint í skurðinn fyrir undirstöðunni. Enn segir

stefndi Pétur, að malarlag hafi verið sett undir alla gólfplötuna, man ekki, hve þykkt það var, og aðrir innveggir hafi eingöngu hvílt á gólfplötunni og malarlaginu.

Stefndi Pétur bjó í húsinu, frá því að byggingu þess lauk og þar til hann seldi stefnanda það, og kveðst hann á þeim tíma ekki hafa orðið neinna galla var á húsinu. Um sama leyti og stefndi Pétur fluttist burt, fluttist stefnandi í húsið. Kveðst stefnandi þá ekki hafa tekið eftir göllum á húsinu eða orðið þeirra var við fyrri skoðun. En eftir að hafa búið í húsinu í um það bil eitt ár, hafi hann orðið þess var, að allar hurðir urðu fastar í körmum, og hafi orðið svo mikil brögð að þessu, að hann hafi þurft að hefla af þeim öllum. Að ári liðnu þaðan í frá hafi hurðirnar aftur farið að festast, og þá hafi uppgötvazt, að grunnur hússins hafi sigið í miðju. Kveðst stefnandi hafa haldið í fyrstu, að um smávægilega missmíði á grunninum væri að ræða, og búizt við, að húsið mundi stöðvast, en sú hafi ekki orðið raunin á. Grunnurinn haldi enn stöðugt áfram að síga, og nú sé svo komið, að hann sé allur með sprungum. Telur stefnandi óhjákvæmilegt að lyfta húsinu af grunninum, hreinsa gamla grunninn burtu, þar sem hann sé ónýtur, og byggja nýjan.

Að beiðni lögmanns stefnanda dómkvaddi borgardómarinn í Reykjavík hinn 18. júní 1954 tvo hæfa menn og óvilhalla til þess að meta skemmdir á umræddu húsi og kostnað við að bæta úr þeim, ef unnt væri. Í matsbeiðninni segir m. a. svo: „Þess er sérstaklega óskað, að lagt verði fyrir hina dómkvöddu matsmenn að gefa ýtarlega lýsingu að undangenginni skoðun á ástandi hússins, láta í ljós álit sitt á skemmdum þeim, sem orðið hafa, og hvort þeir álíti mögulegt að bæta þær. Þá er þess loks krafizt, að matsmennirnir meti til peningaverðs tjón það, sem Þór hefur orðið fyrir."

Samkvæmt matsgerð hinna dómkvöddu manna, dags. 9. ágúst 1954, fóru þeir á staðinn til skoðunar hinn 19. júlí s. á. Mættu þar þá allir aðiljar máls þessa. Í þetta skipti var húsið skoðað og sá frágangur á undirstöðum, sem sýnilegur var, en matsmenn ákváðu að koma aftur á staðinn, er stefnandi hefði grafið frá undirstöðum á nokkrum stöðum. Hinn 3. ágúst komu matsmennirnir aftur og skoðuðu undirstöður hússins ásamt stefnda Sigurði. Um skoðunina segir svo í matsgerðinni: „Við skoðun kom í ljós, að skurðir, sem grafnir hafa verið fyrir undirstöðum útveggja, hafa verið fylltir með grjóti og steypa verið sett í það á stöku stað, en frágang á undirstöðum innveggja sáum við ekki, þar sem við teljum

ekki hægt að brjóta upp gólf íbúðar, meðan íbúðin er í notkun, enda ekki sýnileg þörf, þar sem þær munu vera sízt betri en undirstöður útveggja, enda mældum við halla þann, sem er á gólfi að innveggjum, og nam hann allt að 8 sm."

Matsmennirnir telja, að hægt sé að bæta úr framangreindum göllum, en það kosti mikið fé. Í matsgerðinni segir svo um þetta atriði: „Að okkar áliti eru undirstöður hússins það lélegar, að ekki verður hjá því komizt að setja nýjar undirstöður undir húsið, sem steyptar séu á fastan botn, eins og venja er. En til að hægt sé að steypa undirstöður innveggja, þarf að brjóta upp mikinn hluta af gólfi. Þá þarf að lyfta innveggjum um það, sem þeir hafa sigið, en þá má búast við, að pappír og veggfóður raskist, svo að það þurfi að endurnýja að einhverju leyti. Þá mun þurfa að endurnýja gólfdúk, þegar hann verður settur á eftir aðgerðina.

Kostnað við að gera undirstöður undir húsið, múrhúða, lyfta innveggjum, dúk á gólf, lagfæra pappír, veggfóður og málningu, setja niðurfallsrör frá þaki í samband við holræsi teljum við hæfilega metinn á kr. 53.980,00.

Enn fremur höfum við metið óþægindi þau, er verða við framangreindar viðgerðir, og leigutap á kr. 5.000,00."

Mati þessu vildi stefnandi ekki una, og að beiðni lögmanns hans dómkvaddi borgardómarinn í Reykjavík þrjá hæfa og óvilhalla menn til að meta yfirmati galla og skemmdir á margnefndu húsi og kostnað við lagfæringar á þeim. Matsgerð yfirmatsmannanna, sem dagsett er 22. des. 1954, er mjög á sömu lund og hin fyrri matsgerð.

Yfirmatsmenn geta þess, að þunnar járnplötur muni hafa verið settar báðum megin í skurðina til þess að gera grjótfyllinguna undir útveggjum jafnari og koma í veg fyrir röskun á henni, en plötur þessar séu nú ryðbrunnar mjög og víða aðeins slitur. Á sama hátt hafi verið gengið frá undirstöðum reykháfs. Þá segja þeir, að samkvæmt upplýsingum stefnda Péturs séu engar undirstöður undir innveggjum aðrar en steinsteypt gólfplata ofan á malarlagi. En þetta er í ósamræmi við það, sem stefndi Pétur hefur haldið fram fyrir dómi, að því er varðar undirstöðu aðalinnveggjar, svo sem rakið hefur verið hér að framan.

Í matsgerð yfirmatsmanna segir m. a. svo: „Nú hefur það gerzt, að jarðvegurinn hefur sigið undir húsinu, bæði vegna þungans frá því og vegna þess, að hann er nú yfirleitt þurrari en hann var, þegar húsið var byggt. Sig þetta kemur svo fram á gólfi, innveggjum og þaki. Undirstöður reykháfs hafa ekki reynzt traustari

en svo, að hann virðist hafa sigið nær jafnt og aðrir hlutar hússins hið næsta honum. Hins vegar er ekki sjáanlegt, að útveggir hafi sigið, svo að teljandi sé, enda engar verulegar sprungur í þeim, þótt aðeins séu múrhúðaðir á timburklæðningu. Gólfplatan hallast því inn að miðju húsi um 7—8 sm, og er víða mjög greinileg brotalína á henni skammt frá útveggjum. Á loftbitum er greinileg sveigja og þakið áberandi söðulbakað."

Yfirmatsmenn telja ekki óhjákvæmilegt að steypa að öllu leyti undirstöður útveggja, sums staðar muni nægja að holufylla grjótfyllinguna með steypu. Segja þeir, að undirstöðum, eins og þær nú eru, sé ekki treystandi til frambúðar, „enda sums staðar mjög hrörlegar og hvergi í samræmi við byggingarsamþykkt Reykjavíkur."

Kostnað við lagfæringar á göllum og bætur fyrir óþægindi og leigutap vegna viðgerðanna meta yfirmatsmenn til sömu fjárhæða og undirmatsmenn eða á kr. 53.980,00 og kr. 5.000,00. Allir yfirmatsmennirnir hafa staðfest matsgerð sína fyrir dómi.

Stefnandi reisir dómkröfur sínar á því, að með framangreindum matsgerðum sé sýnt, að algerlega óforsvaranlega hafi verið frá undirstöðum umrædds húss gengið, og megi rekja til þess galla þá, er fram hafi komið á húsinu. Beri því stefndi Pétur sem seljandi hússins og jafnframt sem sá, er gert hafi undirstöðurnar, svo og stefndi Sigurður sem ábyrgur múrarameistari fyrir múrsmíði hússins ábyrgð gagnvart sér á göllunum og séu skyldir solidariskt til að bæta allt það tjón, sem af þeim hlauzt.

Telur stefnandi mat matsmanna á tjóninu allt of lágt. Bendir hann í því sambandi á, að byggingarkostnaður hafi hækkað mjög, síðan mötin voru framkvæmd, og telur tjón sitt hæfilega áætlað hina umstefndu fjárhæð.

Stefndi Pétur reisir sýknukröfu sína fyrst og fremst á því, að hann beri ekki ábyrgð á þeim skemmdum, er talið sé, að fram hafi komið á húsinu. Ef um skemmdir sé að ræða, þá hljóti meðstefndi Sigurður sem múrsmiður hússins að bera ábyrgð á þeim.

Stefndi Sigurður reisir hins vegar sýknukröfu sína á því í fyrsta lagi, að enda þótt hann hafi ritað á teikningu hússins sem múrarameistari, þá baki það honum á engan hátt nokkra ábyrgð á byggingu þess eða hugsanlegum vansmíðum á því eða afleiðingum þeirra. Meðstefndi hans, Pétur, hafi staðið fyrir byggingu hússins að öllu leyti, en hann sjálfur hvergi komið þar nærri þrátt fyrir áritun á teikninguna. Meðstefndi, Pétur, sé því einn ábyrgur gagnvart stefnanda, ef um nokkra ábyrgð sé að ræða.

Þá hafa báðir hinir stefndu haldið því fram, að þar sem í kaupsamningnum um húsið sé tekið fram, að húsið sé selt í því ástandi, sem það var í, þegar kaupsamningurinn var gerður, og kaupandi hafi kynnt sér það og sætt sig við það á allan hátt, þá geti stefnandi ekki nú haft uppi bótakröfur út af göllum.

Enn reisa báðir stefndu kröfur sínar um sýknu á því, að stefnandi hafi glatað öllum rétti til bóta úr hendi þeirra vegna aðgerðaleysis. Hann telji sig fyrst hafa orðið gallanna varan um það bil ári eftir, að hann fluttist í húsið, sennilega í ágústmánuði 1950. Hins vegar hafi hann ekki hafizt handa gegn þeim út af göllunum fyrr en með sáttakæru í málinu, birtri 28. sept. 1954.

Loks telur stefndi Sigurður, að ef um nokkra bótakröfu á hendur sér sé að ræða, þá sé hún löngu fyrnd.

Það verður að teljast fullsannað með áðurgreindum matsgerðum, að mjög óforsvaranlega hafi verið frá undirstöðum umrædds húss gengið, og hafi þetta orsakað smátt og smátt verulegar skemmdir á húsinu. Þá þykir og einsætt, að stefndi, Pétur, hafi sem seljandi hússins og jafnframt sem sá, er stóð fyrir gerð undirstaðnanna, borið ábyrgð á því gagnvart stefnanda, að leyndir gallar væru ekki á húsinu, þegar salan á því fór fram. Og á það verður ekki fallizt hjá stefnda Pétri, að hann hafi losað sig undan þessari ábyrgð með því að fá áritun múrarameistara á teikningu að húsinu. En hins vegar verður að telja, að stefndi Sigurður, sem ritaði á teikninguna sem múrarameistari, hafi með áritun sinni tekið á sig eftirlit með því og ábyrgð á, að múrsmíði hússins, þar á meðal gerð undirstaðna, væri forsvaranlega af hendi leyst. Eins og áður segir, er fullsannað, að svo var ekki, og þykir því stefndi Sigurður einnig hafa verið ábyrgur gagnvart stefnanda, þegar sala hússins fór fram, fyrir þeim leyndu göllum, er orsökuðust af þessari vanrækslu, enda hefur stefndi Sigurður ekki hreyft því, að hann sé ekki réttur aðili málsins, ef um galla, sem hann bæri ábyrgð á, væri að tefla. Hafa því fyrstu sýknuástæður stefndu ekki við rök að styðjast.

Gallar þeir, sem fram komu á umræddu húsi, verða ótvírætt að teljast leyndir gallar. Varð því ekki til þess ætlazt af stefnanda, að hann veitti þeim eftirtekt, þegar hann skoðaði húsið, áður en kaupin gerðust, eða við flutning í það, enda ekki í ljós leitt, að þeir hafi komið fram fyrr en alllöngu síðar. Skiptir því hið tilvitnaða ákvæði í kaupsamningi aðilja ekki máli um bótarétt stefnanda.

Svo sem áður segir, kveðst stefnandi fyrst hafa orðið þess var um það bil ári eftir, að hann fluttist í húsið, að hurðir festust í körmum. Ári síðar hafi komið í ljós, að húsið hafði sigið, en stefnandi taldi, að um smávægilega missmíði á grunni væri að ræða. Stefndi Pétur hefur viðurkennt fyrir dómi, að stefnandi hafi haft orð á því við hann veturinn 1953—1954, að hurðir væru farnar að síga. Síðar, eða um vorið 1954, hafi stefnandi krafið sig um þátttöku í viðgerðum á húsinu, en þeirri kröfu hafi hann vísað á bug. Stefnda Sigurði hlýtur að hafa verið ljóst í júlímánuði 1954, er hann var kvaddur til að mæta og mætti við mat á göllum á húsinu, að stefnandi hafði í huga að koma fram bótakröfu vegna þeirra.

Þegar þessi atriði eru virt og það jafnframt haft í huga, að hér var um leynda galla að ræða, sem ætla má eftir orsökum þeirra, að hafi ágerzt smátt og smátt, þá þykir stefnandi, eftir því sem á stóð, hafa hafizt handa nógu snemma til þess að halda bótaréttí sínum á hendur stefndu, og hefur því sú sýknuástæða þeirra, að stefnandi hafi glatað bótaréttinum með aðgerðaleysi, ekki við rök að styðjast.

Það er ósannað, að stefnandi hafi orðið galla á húsinu var fyrr en á síðari hluta árs 1950, en fyrr gat ekki fyrningarfrestur hafizt. Skaðabótakrafa sem þessi fyrnist á 10 árum. Sáttakæra í málinu var birt 28. sept. 1954. Er því ljóst, að krafa stefnda Sigurðar um sýknu vegna fyrningar er ekki á rökum reist.

Samkvæmt framansögðu verða stefndu taldir bera sólidariska fébótaábyrgð gagnvart stefnanda á fyrrgreindum göllum á húsinu nr. 19 við Efstasund, og kemur þá fjárhæð bótanna til athugunar.

Stefndu hafa mótmælt stefnukröfunni sem fjarstæðu. Þá hafa þeir mótmælt því, að mat hinna dómkvöddu manna verði lagt til grundvallar tjóni stefnanda. Reisa þeir þau mótmæli sérstaklega á því, að stefnandi hafi látið dragast óhæfilega lengi, eftir að hann varð gallanna var, að gera reka að því að fá þá bætta. Liðið hafi um 4 ár, frá því að stefnandi tók fyrst eftir göllunum og þar til hann lét framkvæma fyrrgreind möt. Á þessu tímabili hafi byggingarkostnaður hækkað mjög, og ekki sé rétt, að sú hækkun komi þeim í koll.

Hinir byggingarfróðu samdómendur hafa skoðað margnefnt hús, og eru þeir sammála matsmönnunum um ásigkomulag þess. Þykir því verða að leggja mat hinna dómkvöddu manna í meginatriðum til grundvallar bótakröfu stefnanda, en með hliðsjón af því, að hann virðist hafa dregið óþarflega lengi að hefjast handa

og byggingarkostnaður hins vegar á því tímabili farið síhækkandi, þykja skaðabætur til stefnanda hæfilega ákveðnar í einu lagi kr. 55.000,00, og er þá á hinn bóginn einnig haft í huga, að byggingarkostnaður hefur hækkað, síðan yfirmatið fór fram.

Hinir byggingarfróðu samdómendur telja sennilegt, að stefndi Pétur hafi sparað kr. 8.000,00 á upphaflegum byggingarkostnaði hússins vegna hins ófullnægjandi frágangs á undirstöðum þess, og er þá miðað við sama verðlagsgrundvöll og bæturnar. Ganga verður út frá því, að stefndi Pétur hafi fengið fullt verð fyrir húsið, svo sem það væri ógallað, og þykir því eiga að dæma hann einan til greiðslu þessarar fjárhæðar af heildarbótunum auk 6% ársvaxta frá birtingardegi sáttakæru til greiðsludags.

Eftirstöðvar bótanna, kr. 47.000,00, ber að dæma stefndu in solidum til að greiða stefnanda ásamt 6% ársvöxtum frá sama degi til greiðsludags svo og málskostnað, er ákveðst kr. 8.000,00, og er þar með talinn kostnaður við undirmat.

Einar Arnalds borgardómari kvað upp dóm þenna ásamt samdómendunum Ögmundi Jónssyni verkfræðingi og Einari Jóhannssyni múrarameistara.

Vegna mikilla anna við borgardómaraembættið hefur dómur í málinu eigi orðið kveðinn upp fyrr.

Dómsorð:

Stefndi Pétur Sveinsson, greiði stefnanda, Þór Jóhannssyni, kr. 8.000,00 með 6% ársvöxtum frá 28. september 1954 til greiðsludags.

Þá greiði stefndi Pétur og stefndi Sigurður Jónsson in solidum stefnanda kr. 47.000,00 með 6% ársvöxtum frá 28. september 1954 til greiðsludags og kr. 8.000,00 í málskostnað.

Dóminum ber að fullnægja innan 15 daga frá lögbirtingu hans að viðlagðri aðför að lögum.

Miðvikudaginn 11. febrúar 1959.

Nr. 38/1957. **Guðmundur Sveinbjörnsson**
(Kristinn Gunnarsson hrl.)
gegn
Kalmani Sigurðssyni
(Gústaf A. Sveinsson hrl.).

Dóminn skipuðu hinir reglulegu dómarar Hæstaréttar.

Héraðsdómur ómerktur.

Dómur Hæstaréttar.

Áfrýjandi hefur skotið máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 27. febrúar 1957 og krafizt þess, að honum verði einungis dæmt að greiða stefnda kr. 936,55 án vaxta og að stefnda verði dæmt að greiða honum málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti eftir mati dómsins.

Stefndi krefst þess, að héraðsdómurinn verði staðfestur og áfrýjanda verði dæmt að greiða honum málskostnað fyrir Hæstarétti eftir mati dómsins.

Pálmi Einarsson landnámsstjóri segir í vætti, að hann og úttektarmenn hafi framkvæmt landskipti 1928 eða 1929, og hafi þá landi Teigs, er áður nefndist Árnagerði, verið „skipt út og úthlutað Kirkjuvogi II". Í málinu brestur skýrslur um landréttindi Teigs, þar á meðal beitilandsréttindi, fyrir landskiptin.

Þeir, sem aðstoðuðu aðilja við samningu afsalsins frá 16. október 1941, hafa eigi verið kvaddir vættis um skilning afsalsins.

Stefndi hefur eigi greint nægilega glöggt fyrir dómi, hvern skilning hann lagði í nefnt afsal, er hann veitti því viðtöku, og við hvað hann styður þá skoðun, að hann hafi fengið um einn fjórða hluta af Kirkjuvogi II.

Athugun vettvangs, lýsing og mat á staðháttum skiptir máli við úrlausn máls þessa, og bar því að dæma málið af vettvangsdómi samkvæmt III. kafla laga nr. 41/1919.

Með tilvísan til þess, sem rakið var, verður því að ómerkja hinn áfrýjaða dóm og málsmeðferð og vísa málinu frá bæjarþingi Reykjavíkur.

Eftir atvikum er rétt, að málskostnaður í Hæstarétti falli niður.

Dómsorð:

Hin áfrýjaða málsmeðferð og dómur eiga að vera ómerk, og er málinu vísað frá bæjarþingi Reykjavíkur.

Málskostnaður í Hæstarétti fellur niður.

Dómur bæjarþings Reykjavíkur 28. nóvember 1956.

Mál þetta, sem var dómtekið í dag, hefur Kalman Sigurðsson, Stað í Höfnum, höfðað á bæjarþinginu með stefnu, út gefinni 8. október 1952, gegn Guðmundi Sveinbjörnssyni, Teigi, Hafnahreppi, til greiðslu á kr. 4.502,64 með 6% ársvöxtum af kr. 3.750,00 frá 20. september 1948 til 1. júní 1952 og af allri fjárhæðinni frá þeim degi til greiðsludags svo og málskostnaði að skaðlausu. Í þinghaldi 8. nóvember 1954 lækkaði stefnandi kröfur sínar í kr. 3.800,23 með 6% ársvöxtum af kr. 3.165,00 frá 20. september 1948 til 1. júní 1952 og af allri fjárhæðinni frá þeim degi til greiðsludags.

Stefndi krafðist *aðallega* sýknu og málskostnaðar, en *til vara* lækkunar á kröfum stefnanda. Með stefnu, út gefinni 19. nóvember 1952, hefur stefndi og höfðað gagnsök og krafizt þess, að gagnstefndi verði dæmdur til að greiða kr. 1.750,00 með 6% ársvöxtum frá stefnudegi til greiðsludags og málskostnað að skaðlausu.

Gagnstefndi hefur krafizt sýknu og málskostnaðar í gagnsökinni.

Málavextir eru þeir, að hluti af Hafnalandi var tekinn eignarnámi samkvæmt heimild í lögum nr. 20 frá 1941, og með yfirvirðingu, dagsettri 12. janúar 1948, voru bætur til jarðeigenda ákveðnar kr. 136.000,00, og voru bætur þessar greiddar úr ríkissjóði. Með úrskurði gerðardóms, upp kveðnum 23. nóvember 1951, var ríkissjóði gert að greiða eigendum Hafnajarða kr. 28.000,00 í bætur fyrir tjón það, er þeir biðu vegna athafna setuliðs Bandaríkjanna á 1755 ha. lands þeirra á tímabilinu frá 19. maí 1942 til 19. maí 1946. Af bótagreiðslum þessum kom í hlut Kirkjuvogs II kr. 15.000,00 af fyrri fjárhæðinni og kr. 3.010,55 af hinni síðari, og tók aðalstefndi við þeim, enda var hann á sínum tíma þinglesinn eigandi jarðarinnar allrar. Hann hafði

hins vegar selt aðalstefnanda hluta úr jörðinni með afsali, dagsettu 16. október 1941 og innrituðu til þinglýsingar 15. des. s. á., en í afsalinu er hinu selda svo lýst: .... „Vesturbæjarskák úr jörðinni Kirkjuvogi í Höfnum, og er skák þessi 1¼ dagslátta að stærð. Með í kaupunum er hlutdeild í óskiptu beitilandi jarðarinnar í hlutfalli við stærð hinnar seldu lóðar, enn fremur lóð mín í Norðurhússtúni í sama hreppi."

Aðalstefnandi taldi sig hafa keypt rösklega ¼ hluta jarðarinnar og leit svo á, að hann ætti rétt á fjórðungi framangreindra bóta. Gerði hann ráð fyrir, að fyrri greiðslan til aðalstefnda hefði farið fram um 20. sept. 1948, en hin síðari 1. júní 1952, og höfðaði hann síðan mál þetta, eins og fyrr var lýst. Eftir höfðun málsins lét aðalstefnandi dómkveðja matsmenn, er skyldu meta, „hve mikill hluti hið afsalaða land er úr jörðinni Kirkjuvogi II í Höfnum". Matsgerð þeirra er dagsett 1. sept. 1953, og komust þeir að þeirri niðurstöðu, að land það, sem aðalstefnandi keypti, væri 21,1% af jörðinni. Hefur aðalstefnandi lækkað dómkröfur sínar til samræmis við matið.

Aðalstefndi byggir sýknukröfu sína á því, að með fyrrnefndu afsali hafi hann aðeins selt aðalstefnanda tiltekna skák, 1¼ ha., úr jörðinni Kirkjuvogi II og lóðina í Norðurhússtúni svo og hlutdeild í beitarrétti á óskiptu beitilandi jarðarinnar. Varakröfuna byggir hann á því, að hið selda landssvæði sé aðeins lítill hluti jarðarinnar allrar, í hæsta lagi 1/30 hluti, og beri því að lækka dómkröfuna sem því svarar. Matsgerðina vefengir hann með þeim rökstuðningi, að matsmenn hafi ranglega miðað hana við ræktað land eingöngu.

Kröfur gagnstefnanda í gagnsök eru á því byggðar, að gagnstefndi hafi sett bát sinn í naust gagnstefnanda árin 1946—1952 að báðum árum meðtöldum, og gerir honum reikning fyrir það með kr. 250,00 gjaldi árlega, eða alls kr. 1.750,00.

Gagnstefndi byggir sýknukröfu sína á því, að hann kveðst aldrei hafa notað uppsátur gagnstefnanda.

Um aðalsök.

Svo sem fyrr var sagt, er orðalag afsalsins þetta: „Með í kaupunum er hlutdeild í óskiptu beitilandi jarðarinnar ...." Aðalstefndi hefur engin rök leitt að þeirri staðhæfingu, að aðalstefnandi hafi einungis öðlazt hlutdeild í beitarrétti á landinu með kaupunum, og verður aðalkrafa aðalstefnda því ekki tekin til greina. Matsgerð sú, er fyrr var nefnd, er rökstudd þannig, að matsmenn mældu allt ræktað land jarðarinnar, og reyndist

það alls 20.607 m² að flatarmáli. Frá þessari tölu drógu matsmenn 1.976 m², en það var flatarmál spildu, sem aðiljar málsins töldu hafa verið ónæktaða, þegar salan til aðalstefnanda fór fram. Niðurstaða matsmanna var því sú, að flatarmál ræktaðs lands hefði verið 18.631 m², þegar aðalstefnandi keypti jarðarhlutann, sem mældist 3.937 m², og reyndist hlutfallstalan því 21,1%. Matsmennirnir hafa báðir komið fyrir dóm og skýrt frá því, að mælingar þeirra hafi verið framkvæmdar að báðum málsaðiljum viðstöddum og að mælt hafi verið allt það land, sem þeim var bent á, og að samkomulag hafi virzt vera með aðiljum að þessu leyti. Matsgerðinni og vætti matsmanna hefur á engan hátt verið hnekkt, og ber því að leggja niðurstöðu þeirra til grundvallar um hlutdeild aðalstefnanda í óskiptu landi jarðarinnar. Verður því að líta svo á, að hann eigi rétt til hlutdeildar í bótafjárhæðum þeim, sem að framan greinir, í hlutfalli því, sem matsmenn hafa ákveðið. Kröfur aðalstefnanda í aðalsök verða því teknar til greina að öllu leyti, enda hafa þær ekki verið vefengdar, að því er varðar útreikning á fjárhæðunum.

Um gagnsök.

Gagnstefndi hefur skýrt svo frá, að hann hafi öll þau ár, sem hér ræðir um, haft á leigu uppsátur og spilstæði Sigurðar nokkurs Benediktssonar, og hefur lagt fram í málinu vottorð þess manns því til stuðnings. Gagnstefnanda hefur ekki gegn þessu tekizt að sanna, að gagnstefndi hafi notað uppsátur gagnstefnanda, og verða kröfur hans í gagnsökinni því ekki teknar til greina.

Málalok verða því þau, að aðalstefndi verður dæmdur til að greiða aðalstefnanda kr. 3.800,23 með 6% ársvöxtum af kr. 3.165,00 frá 20. sept. 1948 til 1. júní 1952 og af kr. 3.800,23 frá þeim degi til greiðsludags svo og málskostnað í báðum sökum, er ákveðst kr. 750,00.

Bjarni Bjarnason, fulltrúi borgardómara, kvað upp dóminn.

Dómsorð:

Í aðalsök greiði aðalstefndi, Guðmundur Sveinbjörnsson, aðalstefnanda, Kalmani Sigurðssyni, kr. 3.800,23 með 6% ársvöxtum af kr. 3.165,00 frá 20. september 1948 til 1. júní 1952 og af kr. 3.800,23 frá þeim degi til greiðsludags.

Í gagnsök skal gagnstefndi vera sýkn af öllum kröfum gagnstefnanda.

Aðalstefndi greiði aðalstefnanda málskostnað í aðalsök og gagnsök, samtals kr. 750,00.

Dóminum ber að fullnægja innan 15 daga frá lögbirtingu hans að viðlagðri aðför að lögum.

Miðvikudaginn 18. febrúar 1959.

Nr. 12/1959. **Jón Gíslason**
gegn
Þorsteini Jónssyni.

Dóminn skipuðu hinir reglulegu dómarar Hæstaréttar.

Kærumál. Ómerking ákvarðana héraðsdóms.

Dómur Hæstaréttar.

Eftir að dómur Hæstaréttar gekk í kærumáli aðilja 3. nóvember f. á., endurtók umboðsmaður sóknaraðilja í greinargerð fyrir héraðsdómi 7. s. m. fyrri kröfu sína um frávísun aðalmáls, ef eigi yrðu lagðar fram fógetadómsgerðir þær, er hann krafðist framlagningar á. Kvaðst hann að lokinni gagnasöfnun mundu krefjast sérstaks úrskurðar um nefnda aðalkröfu sína. Á aukadómþingi Mýra- og Borgarfjarðarsýslu 9. janúar þ. á. lét umboðsmaður sóknaraðilja færa til bókar, að hann teldi gagnasöfnun um aðalkröfu sína lokið, og krafðist þess, að munnlegur málflutningur færi þegar fram um hana. Umboðsmaður varnaraðilja lét þá bóka, að þegar hefði gengið dómur í Hæstarétti um frávísunarkröfu sóknaraðilja, en auk þess hefði hann, — að hann taldi, um skyldu fram — „lagt fram þau skjöl, sem umboðsmaður stefnda hefur byggt frávísunarkröfu sína á, að vantaði". Í greinargerð til Hæstaréttar 6. þ. m. staðhæfir umboðsmaður sóknaraðilja hins vegar, að enn vanti af dómskjölum lögbannsmálsins a. m. k. skjöl nr. 1—7 auk endurrits af bókun hans fyrir fógetarétti 12. ágúst f. á.

Að loknum framangreindum bókunum umboðsmanna málsaðilja létu héraðsdómendur færa til bókar: „Dómendur telja, að þegar hafi gengið Hæstaréttardómur um fram komna frávísunarkröfu. Umboðsmaður stefnda hefur krafizt á rskj. 8 sérstaks úrskurðar um kröfuna, er gagnasöfnun væri lokið. Nú er gagnasöfnun ekki lokið, og verður því úrskurður eigi nú upp kveðinn, en að sjálfsögðu verður krafan athuguð síðar af dóminum." Umboðsmaður sóknaraðilja mótmælti þessum skilningi dómenda og ákvörðun og endurtók kröfu sína um tafarlausan munnlegan málflutning um aðalkröfuna. Því til andsvars var þá enn bókað: „Dómendur ákváðu þá, að mál þetta yrði tekið fyrir föstudaginn 1. maí n.k. á skrifstofu sýslunnar í Borgarnesi kl. 1 e. h. Er þess vænzt, að gagnasöfnun verði þá að fullu lokið, að áreið geti farið fram og munnlegur málflutningur."

Með kærum 9. og 14. janúar þ. á., sem bárust Hæstarétti 19. s. m., hefur sóknaraðili kært framangreindar ákvarðanir héraðsdóms um frávísunarkröfu hans og frestun á aðalmálinu til 1. maí n.k. Krefst hann þess, að ákvarðanir þessar verði úr gildi felldar, *aðallega* þannig, að aðalmálinu verði vísað frá héraðsdómi, en *til vara,* að aðalmálið verði tekið til munnlegs málflutnings þegar í stað. Þá krefst hann og málskostnaðar úr hendi varnaraðilja í héraði og fyrir Hæstarétti.

Varnaraðili krefst staðfestingar á hinum kærðu ákvörðunum héraðsdóms og kærumálskostnaðar úr hendi sóknaraðilja.

Eins og að framan er rakið, hefur sóknaraðili enn uppi kröfu um frávísun héraðsdómsmálsins. Samkvæmt ákvæðum 108. gr. laga nr. 85/1936 ber héraðsdómi að láta fram fara málflutning um ágreining um slíka kröfu þegar í stað, nema sérstök ástæða sé til að veita frest, og að því búnu skal kveða upp sérstakan úrskurð eða dóm um ágreininginn í samræmi við 190.—193. gr. sömu laga. Héraðsdómur hefur ekki gætt þessara reglna um meðferð málsins, og ber því að fella hinar kærðu ákvarðanir úr gildi og vísa málinu heim í hérað til löglegrar meðferðar, enda verður ekki

séð, að ástæða hafi verið til frestunar á nefndum lögmæltum aðgerðum.

Eftir þessum úrslitum verður varnaraðilja dæmt að greiða sóknaraðilja kærumálskostnað, er ákveðst kr. 600,00.

Dómsorð:

Hinar kærðu ákvarðanir héraðsdóms eru úr gildi felldar, og vísast málinu heim í hérað til löglegrar meðferðar.

Varnaraðili, Þorsteinn Jónsson, greiði sóknaraðilja, Jóni Gíslasyni, kr. 600,00 í kærumálskostnað að viðlagðri aðför að lögum.

Föstudaginn 20. febrúar 1959.

Nr. 51/1958. **Fjármálaráðherra f. h. ríkissjóðs** (Rannveig Þorsteinsdóttir hdl.) gegn **Gunnlaugi Stephensen** (Páll S. Pálsson hrl.) **og gagnsök.**

Dómendur:
hæstaréttardómararnir Árni Tryggvason, Gizur Bergsteinsson, Jón Ásbjörnsson og Þórður Eyjólfsson og prófessor Ármann Snævarr.

Skaðabótamál út af brottvikningu úr opinberu starfi.

Dómur Hæstaréttar.

Aðaláfrýjandi, sem hefur skotið máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 16. apríl 1958, gerir *aðallega* þær dómkröfur, að hann verði algerlega sýknaður, en *til vara*, að dæmd fjárhæð verði lækkuð. Svo krefst hann málskostnaðar úr hendi gagnáfrýjanda bæði í héraði og fyrir Hæstarétti og að felld verði niður ómerking á orðinu „drykkjumaður“ í greinargerð lögmanns hans fyrir héraðsdómi.

Gagnáfrýjandi, sem hefur áfrýjað málinu af sinni hálfu með stefnu 16. júní 1958, gerir *aðallega* þær kröfur, að aðaláfrýjandi verði dæmdur til að greiða honum allt að kr. 827.080,00 með 6% ársvöxtum frá 1. apríl 1953 til greiðsludags svo og málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti. Hann krefst þess, að ómerking héraðsdómara á orðinu „drykkjumaður" verði staðfest. *Til vara* krefst hann staðfestingar hins áfrýjaða dóms og málskostnaðar fyrir Hæstarétti úr hendi aðaláfrýjanda.

Sannað er, svo sem í héraðsdómi greinir, að gagnáfrýjandi var með áhrifum áfengis við framkvæmd tollgæzlustarfa morguninn 22. marz 1953. Vætti vitna hníga og að því, að oftar hafi sézt vín á honum, er hann var á tollverði. Enn fremur hefur honum verið brugðið um ólögmætar fjarvistir frá starfi og óstundvísi, en þær sakir eru ekki á hann sannaðar gegn andmælum hans, og sama máli gegnir um ásökun um vanrækslu af hendi hans um að ganga eftir skilríkjum um gin- og klaufaveiki.

Gagnáfrýjanda var veitt áminning með bréfi fjármálaráðuneytisins 9. janúar 1948 í tilefni af misfellum í starfi. Ósannað er gegn andmælum hans, að hann hafi síðar hlotið áminningu eða viðvörun frá yfirboðurum sínum. Fjármálaráðuneytið vék honum úr starfi með bréfi 30. marz 1953, og tók frávikning gildi 1. apríl s. á. Ekki var honum veittur kostur á að skýra málið af sinni hálfu, áður en frávikning var ráðin. Fyrirvaralaus frávikning ráðuneytisins var að svo vöxnu máli ekki á nægum rökum reist, sbr. og 19. gr. laga nr. 33/1935, og þykir gagnáfrýjandi af þeim sökum eiga rétt á bótum úr hendi aðaláfrýjanda. Þykja þær með tilliti til hegðunar gagnáfrýjanda og annarra málavaxta hæfilega ákveðnar kr. 20.000,00 ásamt vöxtum svo sem í héraðsdómi greinir.

Staðfesta ber ómerkingu héraðsdómara á orðinu „drykkjumaður" í greinargerð lögmanns aðaláfrýjanda, þar sem það er ekki nægjanlega réttlætt.

Eftir þessum úrslitum ber að dæma aðaláfrýjanda til að

greiða gagnáfrýjanda málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti, er ákveðst kr. 4.000,00.

Dómsorð:

Aðaláfrýjandi, fjármálaráðherra f. h. ríkissjóðs, greiði gagnáfrýjanda, Gunnlaugi Stephensen, kr. 20.000,00 ásamt 6% ársvöxtum frá 1. apríl 1953 til greiðsludags.

Ómerkingarákvæði héraðsdóms staðfestist.

Aðaláfrýjandi greiði gagnáfrýjanda kr. 4.000,00 í málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti.

Dómur bæjarþings Reykjavíkur 21. marz 1958.

Mál þetta, sem dómtekið var í dag, hefur Gunnlaugur Stephensen, fyrrum tollgæzlumaður, höfðað fyrir bæjarþinginu með stefnu, út gefinni 13. desember 1954, gegn fjármálaráðherra f. h. ríkissjóðs til greiðslu skaðabóta, að fjárhæð kr. 827.080,00, með 6% ársvöxtum frá 1. apríl 1953 til greiðsludags og málskostnaðar að skaðlausu.

Stefndi hefur *aðallega* krafizt sýknu og málskostnaðar, en *til vara* stórlegrar lækkunar á dómkröfum stefnanda og að málskostnaður verði látinn falla niður.

Við munnlegan flutning málsins krafðist stefnandi enn fremur þess, að orðið „drykkjumaður" um hann í greinargerð stefnda verði dæmt ómerkt.

Málavextir eru þeir, að með bréfi fjármálaráðherra, dags. 24. september 1947, var stefnandi skipaður tollgæzlumaður á Keflavíkurflugvelli. Í janúarmánuði 1948 sendi þáverandi yfirtollgæzlumaður á Keflavíkurflugvelli, Ragnar Halldórsson, fjármálaráðuneytinu bréf, þar sem hann kvartaði við ráðuneytið um vanrækslu stefnanda og annars tollgæzlumanns í starfi. Kvað yfirtollgæzlumaðurinn vanrækslu þessa vera óstundvísi og kæruleysi og óreglu í meðferð áfengis. Óskaði yfirtollvörðurinn þess sérstaklega, að þeim félögunum yrði gefin alvarleg áminning, en þeir ekki látnir hætta störfum. Yfirtollgæzlumaðurinn sýndi þeim félögunum bréfið til ráðuneytisins, og gáfu þeir vottorð um það að hafa séð kærubréfið.

Af þessu tilefni ritaði fjármálaráðuneytið stefnanda og félaga hans bréf, dagsett 9. janúar 1948. Segir í bréfi þessu, að fjár-

málaráðuneytið vilji að tillögum yfirtollgæzlumannsins gefa þeim kost á að halda stöðum sínum áfram, enda ræki þeir störf sín svo framvegis, að ekki verði að fundið, og muni ráðuneytið að mánuði liðnum leita umsagnar yfirtollgæzlumannsins um þá hluti. Beri þetta ekki árangur, verði þeir látnir víkja úr störfum án frekari aðvörunar, sem og hvenær sem sækja kynni í fyrra horf um háttsemi þeirra. Hinn tollgæzlumaðurinn, er bréf þetta tók til, var látinn hætta störfum um mitt það sama ár, en stefnandi hélt áfram störfum.

Í marzmánuði 1953 var yfirtollgæzlumaðurinn, Guðmundur Friðrik Guðmundsson, í orlofi. Starfi hans gegndi þá Egill Þorsteinsson tollgæzlumaður, en hann hafði þó eigi sérstaka skipun sem slíkur. Hinn 27. marz ritaði Egill Þorsteinsson bréf til fjármálaráðuneytisins, þar sem hann kvartar yfir hegðun tveggja tollgæzlumanna, annars þeirra stefnanda. Segir Egill í bréfi þessu, að hann telji, að ekki megi lengur við una, hvernig tollgæzlumenn þessir hafi vanrækt störf sín. Um stefnanda segir Egill í bréfinu, að hann hafi mætt á verði hinn 22. marz og þá svo drukkinn, að hann hafi verið ófær til vinnu. Hafi Guðmundur Friðrik yfirtollgæzlumaður orðið að taka að sér varðstöðuna. Í annað skipti, er Ragnar Halldórsson hafi verið yfirtollgæzlumaður, hafi hann, Egill, verið vakinn að næturlagi og kallaður á vörð, þar sem stefnandi hafi eigi fundizt, en 20 farþegar beðið afgreiðslu. Stefnandi hafi fengið aðvaranir hvað eftir annað, bæði frá Ragnari Halldórssyni, Guðmundi Friðriki Guðmundssyni og Jóni Finnssyni, fulltrúa sýslumannsins í Gullbringu- og Kjósarsýslu. Segir enn fremur í bréfinu, að báðir þessir menn, stefnandi og starfsbróðir hans, hafi hvað eftir annað verið ölvaðir við skyldustörf sín, mætt of seint á vörð eða farið of snemma af verði og nokkrum sinnum alls ekki mætt. Telur Egill Þorsteinsson í lok bréfsins, að róttækra ráðstafana sé þörf, ef tollgæzlan eigi að geta þjónað tilgangi sínum.

Þessu bréfi Egils Þorsteinssonar til fjármálaráðuneytisins fylgdi bréf frá Jóni Finnssyni, fulltrúa sýslumannsins í Gullbringu- og Kjósarsýslu, sem þá hafði lögsögu á Keflavíkurflugvelli. Segir fulltrúinn í bréfi sínu, að hann hafi þá um veturinn (1952—1953) gefið báðum umræddum tollgæzlumönnum munnlega aðvörun, vegna þess að hann hafi komizt að því, að þeir hafi farið af verði löngu fyrir tilskilinn tíma. Hafi hann þá aðvarað menn þessa og getið þess, að athæfi þetta kynni að varða þá stöðumissi. Segir fulltrúinn síðan, að persónulega hafi hann

ekki staðið umrædda tollgæzlumenn að misferli því, sem um ræðir í bréfi Egils Þorsteinssonar, en hins vegar hafi honum borizt til eyrna, að slíkt misferli ætti sér stað, og af perónulegum kynnum sínum af Agli Þorsteinssyni sé hann þess fullviss, að bréf Egils sé í hvívetna sannleikanum samkvæmt, og sé hann eindregið meðmæltur því, að mönnum þessum verði veitt lausn frá störfum hið fyrsta.

Með bréfi frá fjármálaráðuneytinu, dags. 30. marz 1953, er stefnanda fyrirvaralaust vikið úr starfi, þar sem sýslumaðurinn í Gullbringu- og Kjósarsýslu, fulltrúi hans á flugvellinum og settur yfirtollgæzlumaður hafi tilkynnt ráðuneytinu, að hann hafi á ýmsan hátt brotið stórlega af sér í starfi sem tollgæzlumaður og ekki látið skipast við aðvaranir.

Stefnandi gerði tilraunir til þess að fá fjármálaráðuneytið til að breyta ákvörðun sinni. Ráðuneytið ritaði sýslumanninum í Gullbringu- og Kjósarsýslu bréf, dags. 25. apríl 1953, og óskaði umsagnar hans um það erindi. Sýslumaðurinn lét taka utanréttarskýrslur af þeim mönnum á flugvellinum, sem líklegastir voru taldir til að geta gefið upplýsingar um störf stefnanda og samstarfsmanns hans, er áður getur. Sendi sýslumaður skýrslur þessar til ráðuneytisins og gat þess, að með því að honum væri ekki persónulega það vel kunnugt um störf tollgæzlumanna að geta af eigin raun dæmt um þau, hafi hann engu við skýrslurnar að bæta.

Tilraunir stefnanda urðu árangurslausar, og hefur hann ekki starfað frekar í þjónustu ríkisins.

Í máli þessu reisir stefnandi kröfur sínar á því, að honum hafi ólöglega verið sagt upp starfi. Hann hafi verið stjórnskipaður opinber starfsmaður, og samkvæmt íslenzkum réttarreglum hafi hann því átt kröfu til að gegna starfanum með fullum launum, þar til aldurshámarki væri náð. Núgildandi lög um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins, sem séu aðeins lögfesting á eldri réttarreglum og venjum, sem farið hafi verið eftir, mæli skýrt fyrir um það, hvernig fara skuli að við lausn úr starfi. Þar sé svo fyrir mælt, að ef starfsmaður sýni af sér tilteknar misfellur í starfi, þá skuli veita honum áminningu og gefa honum kost á að bæta ráð sitt. Ef slíkt dugi eigi, þá sé rétt að veita honum lausn, en aðeins um stundarsakir. Áður en lausn er veitt fyrir fullt og allt af þessum sökum, skuli þegar rannsaka mál starfsmannsins, svo að upplýst verði, hvort rétt sé að veita honum lausn að fullu. Að þessu öllu undangengnu þurfi að liggja

fyrir miklar sakir starfsmannsins og að fullu sannaðar, svo að heimild sé til brottvikningar fyrir fullt og allt. Fjármálaráðuneytið hafi virt reglur þessar að vettugi við brottvikningu stefnanda. Það fái í hendur órökstuddar sögusagnir, kanni réttmæti þeirra á engan hátt, en segi stefnanda upp starfi fyrirvaralaust. Hér hafi því verið um algerlega ólöglega og óréttmæta uppsögn að ræða af hálfu fjármálaráðuneytisins, og sé stefnda skylt að bæta allt það tjón, er af því hafi leitt fyrir stefnanda.

Stefndi byggir kröfu sína um sýknu á því, að stefnandi hafi verið búinn að fá áminningu fyrir vanrækslu í starfi. Í þeirri áminningu hafi skýrt verið tekið fram, að hvenær sem í sama horf sækti, yrði hann látinn víkja úr starfi án frekari aðvörunar. Stefnandi hafi ekki látið skipast við aðvörun þessa, heldur haldið áfram fyrra hátterni sínu. Það hafi eingöngu verið vegna undanlátssemi yfirboðara stefnanda, að ekkert hafi verið í málinu gert fyrr en í marzmánuði 1953. Það hafi því verið fullkomin ástæða fyrir því að víkja stefnanda úr starfi án fyrirvara. Starf tollgæzlumanns á Keflavíkurflugvelli, þar sem flugvélar koma og fara á öllum tíma sólarhrings, krefjist þess, að það sé rækt fullkomlega, bæði að því leyti, að tollgæzlumenn verði að vera við á þeim tíma, sem tilskilið sé, og eins, að þeir séu með sjálfum sér. Stefnandi hafi vanrækt þessi störf sín mjög stórlega. Hann hafi stundum ekki mætt á vörð eða verið svo á sig kominn af áfengisáhrifum, að hann hafi verið ófær eða illfær til starfa. Stefnandi hafi óskað eftir því við fjármálaráðuneytið, að það afturkallaði brottvikninguna. Það erindi hafi verið sent sýslumanninum í Gullbringu- og Kjósarsýslu til umsagnar. Sýslumaðurinn hafi látið taka utanréttarskýrslur af nokkrum mönnum, sem möguleika hafi haft til þess að fylgjast með starfsferli stefnanda. Skýrslur þessar hafi í öllu staðfest það, sem áður hafi verið komið fram um misfellur stefnanda. Það hafi því verið fullkomin rök til brottvikningar.

Varakrafa stefnda er á því byggð, að fjárkrafa stefnanda sé allt of hátt reiknuð. Stöðu tollgæzlumanns á Keflavíkurflugvelli verði að telja óvissa til frambúðar. Stefnandi mátti vita, að staða hans yrði ekki til æviloka vegna þeirrar sérstöku aðstöðu, sem er á Keflavíkurflugvelli.

Allmikill fjöldi vitna hefur komið fyrir dóm í málinu, og verða framburðir þeirra nú raktir.

Egill Þorsteinsson tollgæzlumaður, sá er skrifaði framangreint kærubréf til fjármálaráðuneytisins, staðfesti frásögn sína í bréf-

inu um ölvun stefnanda hinn 22. marz 1953 svo og annað, er í því bréfi greinir. Hann kvaðst hafa tekið við yfirtollgæzlustarfinu um 3—4 dögum áður en hann hafi ritað kærubréfið. Hafi mikið borið á óstundvísi stefnanda, eftir að hann, Egill, hafi tekið við yfirtollgæzlustarfinu, og hafi stefnandi verið drukkinn á verði í eitt skipti á þeim tíma. Hafi þetta verið aðalástæða fyrir því, að hann hafi ritað kærubréfið. Egill kvaðst hafa haft samráð við Jón Finnsson sýslumannsfulltrúa, áður en hann hefði ritað kærubréfið.

Jón Finnsson, fulltrúi sýslumannsins í Gullbringu- og Kjósarsýslu, kvaðst, eins og áður segir, ekki hafa staðið stefnanda persónulega að misferli því, er um ræðir í kærubréfi Egils Þorsteinssonar, að því undanteknu, að hann kvaðst í eitt skipti hafa komizt að því, að stefnandi hefði farið af verði, fyrr en honum hafi borið. Hafi hann átt tal við stefnanda vegna þessa, og hafi hann aðvarað stefnanda munnlega. Hafi stefnandi tekið aðvöruninni vel, viðurkennt brot sitt og lofað, að slíkt skyldi ekki koma fyrir aftur.

Guðmundur Friðrik Guðmundsson yfirtollgæzlumaður kvaðst hafa tekið við yfirtollgæzlustarfinu um áramótin 1951—1952. Hann kvað eitthvað hafa verið um óreglu hjá stefnanda og að hann hefði gefið stefnanda áminningu að minnsta kosti einu sinni. Hvenær það hefði verið, kvaðst hann ekki muna, en minnti, að það hefði verið einhvern tíma um sumarið 1952. Hann kvað áminningu sína hafa verið munnlega og almenna umvöndun. Hann kvaðst ekki halda, að hann hefði hótað stefnanda brottrekstri, en bent honum á, til hvers óregla hans gæti leitt, og kvaðst þá hafa átt við, að stefnandi yrði að víkja úr starfi. Guðmundur Friðrik kvaðst muna eftir atviki því hinn 22. marz 1953, sem getið er í kærubréfi Egils Þorsteinssonar. Kvaðst hann hafa komið snemma morguns í tollafgreiðsluna, séð stefnanda og hafa ekki getað betur séð en stefnandi væri undir áhrifum áfengis. Hann kvaðst ekki hafa falið Agli Þorsteinssyni að gera sérstakar ráðstafanir vegna óreglu stefnanda, og hann kvaðst mundu hafa gert slíkt sjálfur, hefði hann talið það nauðsynlegt. Síðar, er Guðmundur Friðrik kom aftur fyrir dóm og var inntur eftir þessu síðastnefnda, kvað hann frekar hafa verið um að ræða, að hann hafi veigrað sér við að gera einhverjar ráðstafanir gagnvart stefnanda, þar sem það hefði óhjákvæmilega leitt til þess, að stefnandi mundi missa stöðu sína. Í þessu síðara þinghaldi kvað Guðmundur Friðrik, að um hvort tveggja hefði verið að ræða, að stefnandi

hefði verið fjarvistum frá störfum vegna áfengisneyzlu og unnið störf sín undir áhrifum áfengis.

Ragnar Halldórsson, er var yfirtollgæzlumaður á Keflavíkurflugvelli til áramóta 1951—1952, skýrði svo frá, að í bréfi hans til fjármálaráðuneytisins hinn 5. janúar 1948 hefði ekki verið átt við það, að stefnandi hefði gegnt tollgæzlustörfum undir áhrifum áfengis, en kvaðst telja, að áfengisneyzla hefði valdið því, að stefnandi hefði verið fjarvistum frá skyldustörfum. Ragnar kvað stefnanda, eftir að hann hefði fengið áminninguna frá fjármálaráðuneytinu, hafa leyst störf sín svo af hendi, að ekki hefði verið að fundið, meðan hann, Ragnar, hefði starfað sem yfirmaður hans.

Sigfús Sigurður Kristjánsson tollgæzlumaður kvað þá stefnanda ekki hafa verið saman á verði, en kvaðst þó hafa tvisvar eða þrisvar séð hann ölvaðan, þegar stefnandi hafi verið að fara af verði, en hann að koma á vörð.

Guðbrandur Þorsteinsson lögregluþjónn kvaðst í febrúar eða marzmánuði 1953 hafa af tilviljun komið inn í tollstöðina um klukkan 06.45, er hann hafi verið að leita að Elíasi Jóni Jónssyni lögregluþjóni. Þar hafi verið fyrir stefnandi og þrír menn aðrir, og hafi þeir allir verið ölvaðir, að því er honum hafi virzt, og hafi þeir sungið. Þeir hafi allir staðið í hnapp á gólfinu, patandi hver framan í annan, en Guðbrandur kvaðst ekki hafa tekið eftir því, hvort þeir hefðu verið með glös í höndum. Hefði sér virzt á söng þeirra og útliti, að þeir hefðu greinilega allir verið ölvaðir, en hann kvaðst ekki hafa stanzað nema augnablik þar í tollstöðinni. Í annað skipti, einhvern tíma áður en síðastnefndur atburður hefði átt sér stað, kvaðst Guðbrandur hafa verið staddur hjá Guðmundi Friðriki yfirtollgæzlumanni að kvöldi til. Hefði þá hringt Elías Jón Jónsson lögregluþjónn frá tollstöðinni og beðið Guðmund Friðrik að koma þangað, þar eð stefnandi og sá tollgæzlumaður, er með honum hefði þá átt að vera á verði, væru þar eigi. Hefði Guðmundur Friðrik farið að sinna þessu, og kvað Guðbrandur Guðmund Friðrik síðar hafa tjáð sér, að hann hefði orðið að vera á verði fram yfir miðnætti. Guðmundur Friðrik staðfesti þetta síðastnefnda atvik rétt, er það var borið undir hann fyrir dómi. Guðbrandur kvað sér persónulega vera kunnugt um, að í eitt skipti hefði það komið fyrir, að stefnandi hefði sofið í bragga þeim, er Guðbrandur hefði búið í, að næturlagi, er hann hefði átt að vera á verði.

Elías Jón Jónsson lögregluþjónn kvaðst almennt ekki hafa fylgzt með því, hvernig stefnandi hefði mætt á vörð. Hann

kvaðst hafa séð stefnanda ölvaðan á verði í eitt skipti, hafi Guðbrandur Þorsteinsson að minnsta kosti séð hann þá einnig. Síðar, er Elías Jón kom fyrir dóm, var hann spurður um það, hvernig honum hefði verið kunnugt um, að stefnandi hefði verið á verði í umrætt skipti. Elías Jón svaraði því orðrétt: „Ég tel það liggja í augum uppi, að fulltrúinn mundi ekki fara að spyrja um ölvun stefnanda, er hann var ekki á vakt, þar sem slíkt mundi vera málinu algerlega óviðkomandi." (Átt er við Björn Sveinbjörnsson, fulltrúa sýslumannsins, er tók fyrrgreindar utanréttarskýrslur, er sendar voru fjármálaráðuneytinu.)

Ólafur Viggó Thordersen lögregluþjónn kvaðst hafa séð stefnanda ölvaðan á verði í eitt skipti. Hefði það verið sunnudagsmorguninn 22. marz 1953. Hefði Guðmundur Friðrik beðið hann þá, laust fyrir kl. 06.00, án þess að hafa tilgreint ástæðu, að taka stefnanda með sér frá tollstöðinni og niður í herskálahverfi. Hefði hann þá séð, að stefnandi hefði verið töluvert drukkinn. Kvað Ólafur Viggó sér hafa verið kunnugt um, að stefnandi hefði verið á verði.

Guðmundur Friðrik staðfesti þá frásögn Ólafs Viggós, að hann hefði beðið hann að fara með stefnanda.

Guðmundur Erlendsson lögregluþjónn kvað ekki hafa náðst til stefnanda oftar en í eitt skipti, þegar hann hefði átt að vera á verði. Hann kvaðst oftar en í eitt skipti hafa séð stefnanda ölvaðan á verði. Í eitt skipti hefði hann komið í einkaherbergi tollvarðanna. Þar hefði þá stefnandi verið í einkennisfötum og fjórir aðrir menn. Hefðu þeir allir verið ölvaðir og með vín með sér. Hefði Egill Þorsteinsson þá komið inn og haft á orði við stefnanda, að ófært væri að vera að drykkju þarna, og hefði Egill beðið stefnanda að koma mönnunum í burtu. Hefði stefnandi verið áberandi ölvaður.

Bergmundur Guðlaugsson lögregluþjónn kvaðst ekki hafa fylgzt með því, hvernig stefnandi hefði mætt til vinnu né hvernig hann hefði rækt starf sitt. Hann kvað það hafa komið fyrir, að hann hefði séð stefnanda ölvaðan á verði, meðal annars í eitt skipti, nokkru áður en stefnandi hefði hætt störfum.

Albert Albertsson lögregluþjónn kvaðst ekki hafa fylgzt með því, hvernig stefnandi hefði mætt til vinnu né hvernig hann hefði rækt starf sitt. Hann kvaðst í eitt skipti, sumarið 1952, hafa séð stefnanda drukkinn á verði. Hefði stefnandi þá verið einkennisklæddur og verið að sýsla við starf sitt.

Sigurður Grétar Finnbogason lögregluþjónn kvaðst hafa komið

í tollstöðina rétt eftir kl. 13.00 dag einn síðari hluta marzmánaðar 1953. Hefði stefnandi verið þar, og hefði hann verið að tala í síma. Sigurður Grétar kvað sér hafa virzt stefnandi augsýnilega ölvaður. Hefði hann haldið, að stefnandi væri á verði, en farið án þess að tala við hann.

Lögregluþjónarnir Þórarinn Fjeldsted Guðmundsson, Sigurður Sigurðsson, Lárus Kristján Pétursson og Helgi Nikulás Vestmann kváðust aldrei hafa séð stefnanda ölvaðan á verði eða mæta til vinnu ölvaðan.

Nokkrir starfsmenn flugvélaafgreiðslunnar á Keflavíkurflugvelli hafa komið fyrir dóm. Örlygur Þorvaldsson kvaðst hafa haft með höndum á tímabilinu 1948—1953 að tilkynna tollgæzlunni um komu flugvéla. Hann kvað oft hafa verið erfitt að ná til stefnanda til að sinna skyldustörfum, þá er hann hefði átt að vera á verði. Hefði það ýmist verið, að hann hefði ekki fundizt í tollstöðinni, eða verið sofandi og ekki sinnt um að svara, þó að kallað hefði verið til hans. Örlygur kvaðst hafa séð stefnanda ölvaðan, þá er hann hefði átt að vera á verði. Hefði það verið á því tímabili, er Ragnar Halldórsson hefði verið yfirtollgæzlumaður.

Gústaf Héðinn Jóhannesson kvaðst hafa verið við flugafgreiðsluna síðan í aprílmánuði 1947. Hann kvaðst ekki hafa gert sér far um að fylgjast með störfum stefnanda, og kvaðst hann ekki hafa orðið var við, að hann rækti störf sín verr en aðrir tollgæzlumenn. Hann kvað það hafa komið fyrir, án þess að geta munað einstök tilfelli, að hann hefði séð stefnanda ölvaðan, er hann, Gústaf, hefði vitað, að stefnandi hefði átt að vera á verði.

Skapti Þóroddsson kvaðst hafa orðið þess var, að stefnandi hefði ekki verið við, þegar á honum hefði þurft að halda, og jafnvel séð hann ölvaðan á verði, án þess þó að geta tímasett einstök atvik.

Ingimar Ingimarsson kvað sig ekki reka minni til að hafa nokkru sinni séð stefnanda ölvaðan á verði, en hann kvað sér vera kunnugt um, að það hefði brugðizt, að stefnandi hefði farið út í þær vélar, sem ekki hefðu flutt farþega, til að sækja pappíra varðandi gin- og klaufaveiki.

Kristbergur Guðjónsson og Ingi Friðbjörn Gunnarsson kváðust aldrei hafa séð stefnanda ölvaðan á verði eða vitað til, að hann hefði vanrækt störf sín á annan hátt. Kristbergur kvaðst hafa unnið við flugafgreiðsluna um þriggja ára skeið, þegar skýrsla var af honum tekin vorið 1953, en Ingi Friðbjörn síðan árið 1948.

Nokkur fleiri vitni en nú hafa verið talin hafa borið vætti. Er það starfsfólk ýmissa starfsgreina á Keflavíkurflugvelli. Vætti þess fólks er samhljóða á þann veg, að það hafi ekki séð stefnanda ölvaðan við starf sitt.

Stefnandi hefur algerlega mótmælt því að hafa verið ölvaður við störf sín eða á annan hátt brotið af sér í starfi. Hann kvaðst hafa verið aðeins 22 ára gamall, er hann hefði fengið bréf fjármálaráðuneytisins frá 9. janúar 1948. Hann kvað um það leyti mikla óreglu og drykkjuskap hafa verið á Keflavíkurflugvelli, og hefði það leitt af sjálfu sér, að illt hefði verið að komast hjá því í frítímum að verða að einhverju leyti þátttakandi. Ragnar Halldórsson, er þá hefði verið yfirtollgæzlumaður, hefði átt bágt með að þola slíkt, og í bréfi hans til fjármálaráðuneytisins hefði hann ekki borið stefnanda þeim sökum að hafa verið ölvaður við störf. Stefnandi kvaðst ekki hafa þorað að mótmæla bréfi fjármálaráðuneytisins frá 9. janúar 1948 af ótta við, að slíkt kynni að valda ófriði milli hans og Ragnars Halldórssonar, enda hefði hann verið óhræddur við það, að störf hans þá eða síðar mundu gefa tilefni til refsiaðgerða af hálfu yfirboðara hans. Kvaðst stefnandi ekki betur vita en hann hefði unnið störf sín sem tollgæzlumaður af kostgæfni allan þann tíma, er hann hefði unnið þau störf. Hefði hann starfað í fjögur ár undir stjórn Ragnars Halldórssonar, eftir að hann (stefnandi) hefði fengið bréf fjármálaráðuneytisins frá 9. janúar 1948, og síðan rúmlega eitt ár undir stjórn Guðmundar Friðriks Guðmundssonar. Kvaðst stefnandi á þessum tíma aldrei hafa fengið neinar aðvaranir eða áminningar fyrir vanrækslu í starfi, og mótmælir hann sérstaklega að hafa fengið slíkt frá Guðmundi Friðriki. Hins vegar hafi Guðmundur Friðrik veitt tollgæzlumönnunum ráðleggingar, gert sínar athugasemdir við störf þeirra og stundum fundið að, ef honum hafi fundizt ástæða til. En slíkt hafi aðeins verið eðlilegt eftirlit yfirmanns með starfsliði sínu. Hafi Guðmundur Friðrik meðal annars oft falið stefnanda að gæta verkstjórnar í tollgæzlunni, þá er hann hafi verið fjarvistum.

Stefnandi hefur mótmælt því algerlega að hafa verið ölvaður eða með áfengisáhrifum hinn 22. marz 1953, svo sem lýst er í bréfi Egils Þorsteinssonar til fjármálaráðuneytisins. Hann kvaðst hafa mætt á verði kl. 21.00 föstudaginn 20. marz allsgáður og í alla staði í bezta ásigkomulagi. Hann kvaðst síðan hafa verið á verði til kl. 9.00 á laugardagsmorguninn hinn 21. marz. Hefði

hann þá tekið við helgidagsverði og því haldið áfram vinnu allan laugardaginn og fram til kl. 6.00 á sunnudagsmorguninn 22. marz. Hefði Guðmundur Friðrik þá boðið honum að fara til að hvílast, og hefði hann þegið það, þar sem hann hefði verið orðinn þreyttur. Klukkan 12.00 á hádegi hefði hann komið aftur til að halda áfram verðinum, sem hefði átt að vera til kl. 21.00 um kvöldið. Guðmundur Friðrik hefði þá sagzt ætla að vera í skrifstofunni um daginn og því tjáð stefnanda, að hann mætti fara.

Að öðru leyti hefur stefnandi mótmælt öðrum atriðum í marg-nefndu bréfi Egils Þorsteinssonar sem ósannindum og einnig því að hafa fengið aðvörun frá Jóni Finnssyni fulltrúa. Kvaðst stefnandi minnast þess, að Jón Finnsson hefði í eitt skipti haft orð á, að aldrei mætti skilja tollinn eftir mannlausan. Kvað stefnandi slíkt geta þó komið fyrir, ef einn tollgæzlumaður væri á verði og þyrfti að sinna jafnhliða störfum annars staðar.

Stefnandi mótmælir því algerlega að hafa verið ölvaður í það sinn, er Egill Þorsteinsson hafi komið í tollgæzluna og séð og heyrt hann ásamt þremur öðrum mönnum vera syngjandi. Þessir þrír menn hafi verið ölvaðir, en stefnandi alls ekki. Kvað stefnandi mikið hafa verið um mannaferðir um híbýli tollgæzlunnar, bæði drukkið og ódrukkið fólk, til þess að fá afnot síma, salernis eða bíða eftir bílum og þess háttar.

Er stefnanda var sagt upp starfi, voru lög nr. 28/1954, um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins, eigi í gildi. Það þykir þó mega hafa hliðsjón af ákvæðum þeirra við úrlausn máls þessa.

Þegar virtir eru framangreindir vitnaframburðir, þá þykir verða að telja sannað, að stefnandi hafi verið undir áfengisáhrifum á verði morguninn 22. marz 1953. Enn fremur þykja vera fram komnar nokkrar líkur fyrir því, að stefnandi hafi í nokkur önnur skipti vanrækt störf sín vegna áfengisneyzlu. Hins vegar er ósannað, að stefnanda hafi verið gefin áminning eða hann verið aðvaraður á annan hátt af yfirboðurum sínum í þau skipti. Verður þó að telja, að hann hafi mátt vænta þess að fá aðvörun, áður en til þess kæmi að svipta hann stöðunni fyrir fullt og allt. Aðvörun sú, er hann fékk frá fjármálaráðuneytinu í janúarmánuði 1948, verður ekki talin nægja að þessu leyti, þegar þess er gætt, hve langur tími var liðinn, frá því hún var veitt stefnanda, og að samkvæmt vætti Ragnars Halldórssonar hafði hún þær verkanir á stefnanda, að hann vann störf sín óaðfinnanlega um fjögurra ára skeið, eftir að hún var

veitt. Verður því að telja, að brottvikning stefnanda án fyrirvara hafi verið óréttmæt. Á stefnandi því rétt á bótum úr hendi stefnda af þeim sökum.

Stefnandi byggir fjárkröfu sína í málinu á útreikningi K. G. Guðmundssonar tryggingafræðings, dags. 16. október 1953. Tryggingafræðingurinn getur þess, að stefnandi hafi tekið laun eftir X. flokki launalaga starfsmanna ríkisins, og hafi árslaun hans samkvæmt því verið kr. 41.330,88. Gerir tryggingafræðingurinn ráð fyrir þeim launum frá 1. apríl 1953 og til 1. marz 1995. Reiknar hann með 4% vöxtum á ári, dánarlíkum íslenzkra karlmanna samkvæmt reynslu áranna 1921—'30 og líkur fyrir missi starfsorku í lifanda lífi samkvæmt sænskri reynslu. Enn fremur reiknar tryggingafræðingurinn mismun á réttindum og skuldbindingum stefnanda gagnvart lífeyrissjóði starfsmanna ríkisins. Er fjárhæð útreiknings tryggingafræðingsins samtals kr. 727.080,00. Að auki krefst stefnandi kr. 100.000,00 fyrir álitshnekki og æruskerðingu vegna hinnar fyrirvaralausu brottvikningar.

Það verður ekki talið, að stefnandi hafi misst tekjuöflunarmöguleika við brottvikninguna, enda er hann ungur maður og með fulla starfsorku. Kemur einnig fram í málinu, að hann hefur haft nokkrar tekjur á því tímabili, sem síðan er liðið. Að þessu athuguðu verður kröfuútreikningur tryggingafræðingsins eigi lagður til grundvallar bótum til stefnanda.

Er stefnandi var skipaður tollgæzlumaður á Keflavíkurflugvelli, var starfræksla flugvallarins af hálfu íslenzka ríkisins nýhafin. Allnokkur óvissa var því þá, hver yrði framtíð flugvallarrekstrar þar, enda var innlend flugstarfsemi eigi bundin við rekstur hans. Á þeim tíma, sem síðan er liðinn, hefur eigi orðið breyting að þessu leyti, nema umferð erlendra flugvéla um flugvöllinn hefur aukizt. Má því telja ósýnt, hverja framtíð starfræksla Keflavíkurflugvallar kann að eiga. Mátti stefnandi því vera við því búinn, að breytingar kynnu að verða gerðar um tilhögun tollgæzlu á Keflavíkurflugvelli. Hins vegar mátti hann ætla, að hann mundi til nokkurrar frambúðar gegna starfi sínu.

Samkvæmt því, sem áður er sagt, þá þykir stefnandi hafa gefið nokkurt tilefni til þess, að honum var vikið úr starfi.

Til þessa þykir verða að taka tillit við ákvörðun bóta til stefnanda vegna hinnar fyrirvaralausu brottvikningar og álitsspjalla í því sambandi. Að því athuguðu svo og öðru, er að framan er rakið og máli skiptir, þykja þær bætur hæfilega ákveðnar

í heild kr. 45.000,00. Verður stefndi því dæmdur til greiðslu þeirrar fjárhæðar með vöxtum, eins og krafizt er í stefnu.

Þá þykir mega fallast á það með stefnanda, að orðið „drykkjumaður" í greinargerð lögmanns stefnda sé meiðandi fyrir hann, og ber að ómerkja það að kröfu hans.

Eftir þessari niðurstöðu verður stefndi dæmdur til að greiða stefnanda málskostnað, og þykir hann hæfilega ákveðinn kr. 5.500,00.

Emil Ágústsson, fulltrúi borgardómara, kvað upp dóm þennan.

Dómsorð:

Framangreint orð er ómerkt.

Stefndi, fjármálaráðherra f. h. ríkissjóðs, greiði stefnanda, Gunnlaugi Stephensen, kr. 45.000,00 með 6% ársvöxtum frá 1. apríl 1953 til greiðsludags og kr. 5.500,00 í málskostnað, allt innan 15 daga frá lögbirtingu dóms þessa að viðlagðri aðför að lögum.

Föstudaginn 20. febrúar 1959.

Nr. 55/1958. **Jón Jónsson** (Magnús Thorlacius hrl.)
gegn
fjármálaráðherra f. h. ríkissjóðs
(Jón Skaftason hdl.)
og gagnsök.

Dómendur:
hæstaréttardómararnir Árni Tryggvason, Gizur Bergsteinsson, Jónatan Hallvarðsson og Þórður Eyjólfsson og prófessor Theodór B. Líndal.

Skaðabótamál út af niðurskurði á sauðfé.

Dómur Hæstaréttar.

Aðaláfrýjandi hefur skotið máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 23. apríl 1958. Krefst hann þess, að gagnáfrýjanda verði dæmt að greiða honum kr. 133.236,41 ásamt 6% ársvöxtum frá 18. júlí 1955 til greiðsludags og málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti eftir mati dómsins.

Gagnáfrýjandi hefur áfrýjað málinu með stefnu 9. maí 1958. Krefst hann *aðallega* sýknu af kröfum aðaláfrýjanda og málskostnaðar úr hendi hans í héraði og hér fyrir dómi eftir mati Hæstaréttar. *Til vara* krefst hann þess, að sér verði aðeins dæmt að greiða kr. 2.548,77 ásamt 6% ársvöxtum frá 18. júlí 1955 til greiðsludags, en að málskostnaður verði felldur niður bæði í héraði og hér fyrir dómi.

Af ástæðum þeim, sem raktar eru í héraðsdómi, ber gagnáfrýjanda að bæta aðaláfrýjanda að fullu tjón hans vegna niðurskurðar á fé hans haustið 1951, þ. e. 132 kindum eins og tveggja ára gömlum. Leggja verður til grundvallar, að aðaláfrýjandi hefði rekið áfram sauðfjárbúskap á jörð sinni, ef ekki hefði komið til niðurskurðar, þar sem staðhæfingu hans um það hefur ekki verið hnekkt. Bæturnar ber að miða við það, að aðaláfrýjandi hefði komið sér upp nýjum fjárstofni, svo fljótt sem kostur var á, og notað til þess niðurlagsverð fjár þess, sem niður var skorið, kr. 38.413,23. Hins vegar á hann rétt til bóta fyrir afurðatjón þann tíma, sem ætla má, að það hefði tekið hann að koma fjáreign sinni í sama horf og var fyrir niðurskurðinn. Við ákvörðun bótanna ber á það að líta, að hér var um ungan og góðan fjárstofn að ræða. Aftur á móti var aðaláfrýjandi lítt birgur að heyjum haustið 1951, og hefði því orðið kostnaðarsamt fyrir hann að koma fé sínu fram yfir veturinn, en það hefði dregið úr arði af fénu árið 1952. Þegar virtar eru ástæður þær, sem hér að framan voru greindar, og einnig til þess litið, að aðaláfrýjandi fékk greiddar úr ríkissjóði kr. 25.038,00 hinn 30. marz 1953, þá þykja viðbótarbætur honum til handa vegna niðurskurðarins hæfilega ákveðnar af héraðsdómi. Og með því að einnig má fallast á niðurstöðu héraðsdómenda um aðra kröfuliði, ber að staðfesta hinn áfrýjaða dóm.

Eftir þessum úrslitum þykir rétt, að málskostnaður fyrir Hæstarétti falli niður.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður.

Málskostnaður fyrir Hæstarétti falli niður.

Dómur bæjarþings Reykjavíkur 26. febrúar 1958.

Mál þetta, sem tekið var til dóms 21. þ. m., hefur Jón Jónsson bóndi, Steinholti í Staðarhreppi í Skagafjarðarsýslu, höfðað fyrir bæjarþinginu með stefnu, birtri 29. september 1955, gegn fjármálaráðherra f. h. ríkissjóðs til greiðslu á skuld, að fjárhæð kr. 161.141,00, með 6% ársvöxtum frá 18. júlí 1955 til greiðsludags og málskostnaði að skaðlausu. Síðar hefur stefnandi lækkað kröfur sínar þannig, að hann krefst nú, að stefnda verið dæmt að greiða honum kr. 133.236,41 ásamt 6% ársvöxtum frá 18. júlí 1955 til greiðsludags auk málskostnaðar að skaðlausu.

Stefndi hefur gert þær dómkröfur *aðallega,* að hann verði sýknaður af öllum kröfum stefnanda og dæmdur málskostnaður úr hendi hans eftir mati dómsins. *Til vara* krefst hann lækkunar á kröfum stefnanda og að málskostnaður verði þá látinn falla niður.

Málavextir eru þessir:

Um mánaðamótin september og október 1951 varð stefnandi var við sjúkdómseinkenni á tveimur lömbum í fé sínu. Skýrði hann sýslumanni Skagafjarðarsýslu frá því sama daginn og hann varð var við þetta. Daginn eftir sendi sýslumaður Guðmund Andrésson, dýralækni á Sauðárkróki, til að rannsaka lömb þessi. Í vottorði, sem Guðmundur sendi til sauðfjársjúkdómanefndar og dagsett er 6. október 1951, segir meðal annars:

„Skoðaði ég nákvæmlega hverja kind á umræddum bæ, klaufir, munnvik og nasir og yfirleitt útlit og líðan hverrar kindar. Við rannsókn þessa kom í ljós, að 6 kindur, 4 lömb og 2 ær, voru mjög grunsamar, og tók ég þær frá og setti í sóttkví. Í girðingarhólfi því, sem Steinholtsféð er geymt, er einnig fé frá Gili. Reyndist það ósjúkt."

Sama daginn, er fyrrgreindri skoðun var lokið, mun sýslumaður hafa tjáð stefnanda, að fé hans væri frá og með þeim degi sett í sóttkví. Málum var þannig háttað hjá stefnanda, að á útmánuðum 1951 varð húsbruni hjá honum. Um sumarið 1951 hóf hann því byggingu nýs íbúðarhúss. Af þeim sökum svo og, að því er virðist, vegna lélegrar grassprettu og óhagstæðrar heyskapartíðar auk heilsuleysis hans sjálfs varð heyfengur hans óvenjulítill og engan veginn nægur handa fénaði hans. Af þessu hafði hann komið hluta af fé sínu í fóður og á leigur. Kveðst stefnandi þannig hafa verið búinn að ráðstafa 92 kindum í

Skarðshreppi í sömu sýslu. Einnig hafi komið til tals, að hann ráðstafaði fleiri kindum á þann hátt. Eftir að fé hans var sett í sóttkví, hafi leigutakar fjárins í Skarðshreppi neitað að taka við því, og hreppsnefnd þess hrepps hafi verið því andvíg, að fé hans yrði flutt inn og dreift um hreppinn. Skrifaði oddviti Skarðshrepps sauðfjársjúkdómanefnd 13. okt. og fór þess á leit, að fé stefnanda yrði allt skorið niður til þess að bægja frá hættu þeirri, er samfara væri veiki þeirri, er fannst í fénu. Sauðfjársjúkdómanefnd skrifaði landbúnaðarráðuneytinu bréf um málið 18. okt., þar sem lýst var yfir því, að sjúkdómur sá, sem í fé stefnanda var, heyrði ekki undir lög um sauðfjársjúkdóma og fjárskipti, og vísaði nefndin málinu til ráðuneytisins. Á sama tíma hafði yfirdýralæknir landsins málið til athugunar, og tilraunastöð Háskólans í meinafræði að Keldum fékk sýkta líkamshluta af fénu til rannsóknar. Hinn 21. okt. skrifaði yfirdýralæknirinn ráðuneytinu bréf, þar sem hann segir, að rannsókn tilraunastöðvarinnar hafi leitt í ljós, að um sams konar eða sama sjúkdóm sé að ræða í fé stefnanda og var í sauðfé á Ríp í Skagafirði árið áður. En það fé var allt skorið niður. Skýrði yfirdýralæknirinn jafnframt frá því, að hann hefði lagt fyrir sýslumann að láta framkvæma nákvæma skoðun á sauðfé á öllum nálægum bæjum við Steinholt.

Á meðan á þessum athugunum stóð, gætti stefnandi fjárins í sóttkvínni. Stóð hann í stöðugu sambandi við sýslumann og óskaði ákveðins svars um það, hvaða ráðstafanir hann ætti að gera með féð. Hinn 25. október sendi sýslumaður landbúnaðarráðuneytinu skeyti, þar sem hann krafðist svars ráðuneytisins fyrir næstu helgi, ella ráðstafaði stefnandi fénu afskiptalaust af honum (sýslumanni). Um mánaðamótin október og nóvember var stefnandi staddur á skrifstofu sýslumanns og gekk enn eftir svari. Segir stefnandi, að sýslumaður hafi þá sagt, að honum bæri að skera allt féð niður. Var niðurskurður framkvæmdur 3. nóvember.

Í bréfi til ráðuneytisins, dagsettu 17. nóv., segir sýslumaður meðal annars: „Samkvæmt fyrirmælum ráðuneytisins hef ég séð um, að framkvæmd hefur verið sú skipun þess, að 132 kindum fullorðnum, er hann átti, hefur verið slátrað. Vil ég hér með mæla hið bezta með, að Jóni bónda í Steinholti verði bætt tjónið af niðurskurði þessa fjár, eins vel og auðið þykir."

Bréfi þessu svaraði ráðuneytið með bréfi, dags. 23. nóvember, og segir þar: „Í téðu bréfi segir, að þér hafið framkvæmt

þá „skipun" ráðuneytisins, að slátra skuli sauðfé þessa bónda. Hér er um misskilning að ræða. Skrifstofustjóri ráðuneytisins skýrði yður svo frá í símtali, að ef engin leið væri til þess að koma fé Jóns í Steinholti fyrir og hann af þeim sökum neyddist til að farga fénu, þá mundi ráðuneytið hlaupa undir bagga og bæta honum tjónið að einhverju leyti."

Stefnandi krafðist bóta úr ríkissjóði. Vegna samningsumleitana í því sambandi skrifaði hann landbúnaðarráðuneytinu bréf 2. maí 1952, þar sem hann taldi sjálfsagt, að honum bæri sama bótagreiðsla á hverja kind og þeim, er sama ár skáru niður sauðfé sitt vegna mæði- eða garnaveiki og sauðlausir urðu eitt ár, því að honum hafi ekki verið gefinn kostur á að fá strax fé í staðinn. Með bréfi til sýslumanns, dagsettu 27. ágúst 1952, bauðst ráðuneytið til að greiða stefnanda bætur fyrir 92 af kindunum, kr. 214,00 fyrir hverja eða kr. 19.688,00, gegn fullnaðarkvittun. Kveðst stefnandi hafa fengið tilkynningu um þetta 14. október.

Með bréfi 9. desember 1952 bauðst stefnandi til að taka á móti fyrrgreindri fjárhæð með fyrirvara, en tilkynnti jafnframt, að grundvöllur um bótagreiðslur með þeim hætti, er fyrr greinir í bréfi hans frá 2. maí, væri niður fallinn. Síðar féllst ráðuneytið á það að greiða stefnanda fyrir 25 kindur að auki eða samtals 25.038,00, og sendi ráðuneytið sýslumanni bréf um þetta 30. des. 1952. Kveðst stefnandi hafa fengið tilkynningu um þetta frá sýslumanni 15. janúar 1953, en afhending fjárins hafi þá eins og áður verið bundin því skilyrði, að hann gæfi fullnaðarkvittun fyrir bótum úr ríkissjóði. Að lokum varð samkomulag um að afhenda stefnanda fjárhæð þessa, kr. 25.038,00, og tók hann við henni 30. marz 1953 sem greiðslu upp í bætur. Síðar krafðist stefnandi frekari bótagreiðslna úr ríkissjóði, en samkomulag náðist ekki, og höfðaði hann því mál þetta.

Páll Agnar Pálsson, sérfræðingur tilraunastöðvar Háskólans í meinafræði, hefur lýst sjúkdómi þeim, sem var í fé stefnanda, í tímaritsgrein, er birtist í desember 1951. Segir þar meðal annars:

„Sjúkdómur þessi er enn ekki þekktur til hlítar og því ekki ósennilegt, að skoðanir okkar á ýmsu, er sjúkdóm þennan varðar, kunni að breytast.

Hér er um að ræða næman sjúkdóm, sem lýsir sér á þann hátt, að útbrot og vörtukennd sár koma á fætur fjárins, einkum milli klaufa og lagklaufa. ....

Hér á landi mun ekki með vissu vitað til, að sjúkdóms þessa hafi orðið vart fyrr en síðastliðinn vetur, að hann kom upp í fénu á Ríp í Hegranesi, og sýktist nær allt féð á bænum.

Ekki er vitað, hvernig sjúkdómur þessi hefur borizt að Ríp. Féð, sem var á Ríp, var keypt af bæjum á Heggstaðanesi, en þar hefur sjúkdómsins ekki orðið vart. Nú hefur sjúkdómur þessi enn á ný gert vart við sig í Skagafirði, að þessu sinni á nokkrum bæjum í Staðarhreppi.. Sumar af hinum sjúku kindum hafa komið sjúkar af fjalli, svo að möguleiki til víðtækari smitunar kann að vera til staðar.

Orsök þessa sjúkdóms er talin vírus, örsmátt, ósýnilegt smitefni (Blakemore 1947). Smitefnið finnst í sárunum á fótum fjárins, en þó einkum í skorpum þeim, sem þekja sárin. Af sárum og skorpum sóttmengast land og hús, þar sem sjúkt fé gengur. Smitefnið er mjög lífseigt, lifir sennilega meira en ár, ef skilyrði eru hagstæð (Harris 1948). Gerir þetta útrýmingu sjúkdómsins erfiða. ....

Fé á öllum aldri virðist taka veikina, en lömb munu þó að jafnaði næmari en fullorðið fé. Enn er ekki úr því skorið með fullri vissu, hvort ónæmi myndast, eftir að kindin hefur yfirunnið veikina, eða hve lengi slíkt ónæmi varir. Ýmislegt bendir þó til þess, að nokkurt ónæmi myndist, enda þótt kindur geti sýkzt oftar en einu sinni af veiki þessari. ....

Veiki þessi veldur sjaldan dauða, nema ígerðir eða blóðeitranir komi til.

Sárin eru lengi að gróa, 1—2 mánuði, enda hjúkrun erfið, þar sem saur og óhreinindi berast að staðaldri í sárin. Erlendis er reynslan sú, að lömb verða mun harðar úti en fullorðið fé. ....

Öðrum húsdýrum mun ekki stafa hætta af þessum sjúkdómi.

Þess er rétt að geta hér, að fólk, sem fæst við lækningu á sjúkum kindum, getur sjálft smitazt, sérstaklega ef það hefur sár eða rispur á höndum eða andliti. Er því fyllsta ástæða til þess að viðhafa sérstaka varúð við hjúkrun fjárins, nota vettlinga og þvo og sótthreinsa hendur vel á eftir.

Útbrotaveiki í sauðfé virðist vera nýr sjúkdómur hér á landi. Þótt fátt fé drepist af völdum hans, veldur hann miklum óþægindum, féð horast, og fóðureyðsla vegna hans getur orðið tilfinnanleg. Komist sjúkdómurinn í unglömb, má búast við, að hann geti valdið verulegu tjóni. Það er því full ástæða til þess, að heilbrigðisyfirvöld landsins geri viðeigandi ráðstafanir til þess að hindra útbreiðslu hans."

Sama haustið og sjúkdómsins varð vart í fé stefnanda virðist, eftir því sem fram er komið í málinu, að sjúkdómurinn hafi komið upp á fleiri bæjum í Skagafirði, án þess að niðurskurður væri fyrirskipaður. Er ekkert fram komið, er bendi til þess, að sjúkdómurinn hafi valdið usla á þessum stöðum. Kröfur sínar í málinu byggir stefnandi á því, að niðurskurðurinn hafi verið ástæðulaus og því ólögmætur gagnvart honum. Ákvörðun um niðurskurðinn hafi verið tekin vegna misskilnings sýslumanns og landbúnaðarráðuneytisins, en þarflaust hafi verið að skera niður, þar sem ekki hafi verið um alvarlegan sjúkdóm að ræða. Eftir að frétzt hafi, að leigutakar fjárins hafi ekki viljað við fénu taka, hafi ætlan stefnanda verið að fá hey og fóðurbæti annars staðar að og jafnvel hús. Honum hafi ekki komið til hugar að farga nokkurri kind, enda hafi þær verið eins og tveggja vetra gamlar og auk þess komið langt fram yfir kauptíð. Niðurskurðurinn hafi valdið honum miklu tjóni, sem stefnda beri að bæta, þar sem hann beri ábyrgð á fyrirmælum sýslumannsins, sem gefið hafi fyrirskipunina um niðurskurðinn sem lögreglustjóri lögsagnarumdæmisins. Með því að stefndi eigi einn sök á því, hvernig til tókst, beri honum að bæta allt tjón stefnanda, sem hann sundurliðar þannig:

1.	Stofnbætur, 132 kindur á 500,00 kr.	kr.	66.000,00	
2.	Niðurlagsverð			38.413,23
3.	Kostnaður af sóttkví	—	2.000,00	
4.	Afurðatjón 1952	—	33.201,60	
5.	— 1953	—	34.319,60	
6.	— 1954	—	26.540,04	
7.	— 1955	—	28.626,40	
8.	Ferðakostn. til Rvíkur	—	6.000,00	
9.	Innborgað upp í kröfuna	—		25.038,00
10.	Skuld stefnda	—		133.236,41
		Kr.	196.687,64	196.687,64

Aðalkröfu sína byggir stefndi á því, að honum hafi alls ekki verið skylt að greiða stefnanda nokkrar bætur fyrir niðurskurðinn. Sjúkdómur sá, útbrotaveiki, sem fundizt hafi í fé hans, falli ekki undir sjúkdóma þá, sem taldir eru í lögum nr. 44/1947. Ætla megi, að hann sé hættulítill og engin þörf hafi verið að skera fé stefnanda af þeim sökum. Hins vegar hafi stefnanda borið nauðsyn til að losna við féð, þar sem leigutakar þess vildu ekki taka

við því og hvergi var hægt að koma því í fóður eða selja það á lífi, en stefnandi hafi sjálfur verið fóðurlaus. Af þessum ástæðum hafi ekki verið um annað að gera fyrir stefnanda en farga fé sínu, og geti það atriði, að sýslumaður hafði einhver afskipti af slátruninni, ekki bakað stefnda greiðsluskyldu umfram það, sem lofað hafði verið af landbúnaðarráðuneytinu. Stefnandi hafi þegar fengið greiddar allar þær bætur, sem honum hafi verið lofað, og þær kindur bættar, sem stefnandi sjálfur taldi sig hafa verið búinn að koma í fóður og á leigu, en viðtakendur neituðu að taka á móti. Verði hins vegar litið svo á, að stefnanda beri að fá frekari bætur úr ríkissjóði, þá geti þær bætur aldrei numið meira fé en hæfilegu söluverði sauðfjár stefnanda um haustið 1951. Við hinn munnlega málflutning féll stefndi frá fyrri mótmælum sínum um tölu þess fjár, sem stefnandi kveðst hafa skorið niður. Þá hefur stefndi einnig fallið frá mótmælum sínum um niðurskurðarverðið. Hins vegar hefur hann mótmælt kostnaðinum við vörzlu fjárins sem röngum og til vara allt of háum. Þá hefur stefndi mótmælt afurðatjónskröfum stefnanda sem röngum og stefnda algerlega óviðkomandi. Ljóst sé, að stefnandi geti ekki átt rétt á fullum bótum fyrir sauðfé sitt haustið 1951 og auk þess bætur fyrir afurðamissi í mörg ár. Stefnandi hafi haft verulegt fjármagn, niðurlagsverðið og bæturnar frá ríkissjóði, til að kaupa fé fyrir um haustið 1952, ef hann hefði hirt um það. Geti stefndi ekki átt að gjalda þess, að stefnandi notaði ekki peningana á þennan hátt. Þá beri einnig á það að líta, að stefnandi hafi verið búinn að leigja féð, og geti tjónið eigi numið hærri fjárhæð en hreinum hagnaði af þeirri leigu. Þá hefur ferðakostnaði stefnanda til Reykjavíkur verið mótmælt af stefnda sem óviðkomandi stefnda og auk þess allt of háum. Þá hefur stefndi á það bent, að stefnandi hafi verið að hætta búskap um þetta leyti, og af þeim sökum eigi hann ekki rétt á neinum afurðatjónsbótum.

Því hefur ekki verið sérstaklega andmælt af hálfu stefnda, að sýslumaður hafi gefið fyrirskipun um niðurskurð á fé stefnanda. Verður skýrsla stefnanda um það atriði því lögð til grundvallar. Stefndi ber ábyrgð á fyrirskipun sýslumanns, sem stefnandi hlýddi, og ber stefnda því að bæta stefnanda það tjón, sem hann hefur orðið fyrir vegna niðurskurðarins, að fullu, enda er ekkert fram komið í málinu um það, að sýslumaður hafi gert fyrirvara um bætur úr hendi stefnda, þegar hann gaf stefnanda fyrirskipun um niðurskurðinn.

Eigi verður á það fallizt hjá stefnda, að stefnandi hafi verið nauðbeygður til að skera fé sitt niður, þó að brostnir væru möguleikar hans til að leigja féð, eins og hann ætlaði í upphafi. Eins og samgöngumálum landsmanna er nú háttað, verður að telja, að stefnanda hafi verið í lófa lagið að afla sér nægs fóðurs og húsnæðis fyrir fénaðinn, þó að hann hafi hvorugt haft um haustið, og má ætla, að hann hefði getað komið meginstofni fjárins fram, enda er það beinlínis viðurkennt af stefnda og álit hans, að sjúkdómurinn hafi verið vægur. Hins vegar má gera ráð fyrir, að kostnaður stefnanda við að koma fénu fram, hefði orðið óvenjumikill, eins og á stóð.

Það er upplýst í málinu, að sonur stefnanda, Ingvar Gýgjar, keypti haustið 1952 milli 10 og 20 kindur, sem hann hafði á jörðinni. Árið eftir hafði Ingvar á fóðrum um eitt hundrað fjár, og fjölgaði því enn á því ári, svo að það var árið 1954 124 kindur og árin 1955 og 1956 alls 144. Þá keypti Ingvar kálfa til uppeldis, auk þess sem hann átti nokkur hross. Var heyja aflað á jörð stefnanda handa öllu búfé Ingvars og það haft þar. Það er einnig fram komið, að stefnandi átti þrjár kindur eftir niðurskurðinn. Kveðst hann hafa fengið heimild til að láta þær lifa. Á vottorði frá Hagstofu Íslands, sem lagt hefur verið fram og ekki hefur verið andmælt af hálfu stefnanda, sést, að stefnandi á í árslok 1951 þessar þrjár kindur. Á næstu fimm árum á stefnandi hins vegar enga kind. Virðist hann því hafa fargað þessum þremur kindum sínum, en enga keypt í staðinn. Er málflutningur stefnanda meðal annars á því byggður, að stefnandi hafi ekki getað keypt fé að nýju eftir niðurskurðinn vegna þess, hve bætur úr hendi stefnda komu seint, og hann hafi því þurft að eyða því fé, sem hann hafði handbært, í annað, þar á meðal til sinnar eigin framfærslu. Á þetta verður ekki fallizt. Ef stefnandi ætlaði að halda áfram sauðfjárbúskap, bar honum að kaupa fé aftur og nota m. a. til þess niðurlagsverð niðurskurðarfjárins. Þótt hann gæti það ekki strax haustið 1951, er ljóst, að lífgymbrar gat hann auðveldlega fengið keyptar haustið 1952. Þegar það er virt, að sonur stefnanda keypti sauðfé strax haustið 1952 á jörðina og jók það jafnt og þétt, auk þess sem hann hóf allstórt kúabú á jörðinni, sem er frekar lítil nýbýlisjörð, verður að líta svo á, að stefnandi hafi raunverulega hætt sauðfjárbúskap eftir niðurskurðinn, og hafi niðurskurðurinn þar ekki öllu ráðið.

Það er hins vegar ljóst, að niðurskurðurinn hefur valdið

stefnanda allverulegu tjóni, einkum þegar það er haft í huga, að ær hans voru eins og tveggja vetra gamlar og að áliti hinna sérfróðu meðdómsmanna afurðagóðar. Það er og álit beggja aðilja, að sjúkdómurinn, sem upp kom í fé stefnanda, hafi verið vægur og hættulítill.

Ekkert er komið fram, sem beinlínis hnekki þessu áliti þeirra um sjúkdóminn. Þykir því verða að leggja það til grundvallar. Verður því litið svo á, að um verulega verðrýrnun á fjárstofni stefnanda hafi ekki verið að ræða af þeim sökum.

Það er álit dómsins, að hæfilegt sé að meta verðgildi fjár stefnanda á fæti kr. 500,00 kindina eða samtals kr. 66.000,00. Ber stefnda að greiða stefnanda þá fjárhæð að frádregnu niðurlagsverði fjárins, kr. 38.413,23, eða kr. 27.586,77. Þá þykir stefnandi einnig eiga rétt á nokkrum afurðatjónsbótum, sem eftir öllum atvikum þykja hæfilega ákveðnar kr. 30.360,00.

Því hefur ekki verið andmælt af stefnda, að sýslumaður hafi fyrirskipað stefnanda að hafa fé í sóttkví og gæzlu, og verður stefnda því dæmt að greiða stefnanda kostnað hans við gæzluna. Þykir honum í hóf stillt hjá stefnanda, og verður sá liður kröfunnar (nr. 3) tekinn til greina að fullu.

Það er ljóst, að stefnandi hefur haft aukafyrirhöfn og ferðalög vegna samningsumleitana við stefnda og innheimtu þegar greiddra bóta vegna niðurskurðarins. Þykir rétt að taka kröfu hans að þessu leyti (nr. 8) til greina með kr. 3.000,00.

Stefnandi hefur áður fengið greiddar kr. 25.038,00.

Úrslit málsins verða þá þau, að stefnda ber að greiða stefnanda kr. 62.946,77 (27.586,77 + 30.360,00 + 2.000,00 + 3.000,00) að frádregnum kr. 25.038,00 eða alls kr. 37.908,77 ásamt vöxtum, eins og krafizt hefur verið. Þá ber stefnda að greiða stefnanda málskostnað, er eftir atvikum þykir hæfilega ákveðinn kr. 4.500,00.

Bjarni K. Bjarnason, fulltrúi borgardómara, kvað upp dóm þennan ásamt meðdómsmönnunum Hjalta Gestssyni héraðsráðunaut og Stefáni Aðalsteinssyni búfjárfræðingi.

Dómsorð:

Stefndi, fjármálaráðherra f. h. ríkissjóðs, greiði stefnanda, Jóni Jónssyni, kr. 37.908,77 með 6% ársvöxtum frá 18. júlí 1955 til greiðsludags og kr. 4.500,00 í málskostnað, allt innan 15 daga frá lögbirtingu dóms þessa að viðlagðri aðför að lögum.

Mánudaginn 23. febrúar 1959.

Nr. 215/1957. **Ákæruvaldið** (Árni Guðjónsson hdl.)
gegn
Marteini Jóni Magnússyni Skaftfells,
Friðriki Lunddal Baldvinssyni,
Jóni Hilmari Norðfjörð,
Klemenzi Þorleifssyni,
Steindóri Björnssyni og
Guðna Sigurði Einarssyni
(Sveinbjörn Jónsson hrl.).

Dómendur:
hæstaréttardómararnir Árni Tryggvason, Jón Ásbjörnsson og Jónatan Hallvarðsson og prófessorarnir Magnús Þ. Torfason og Ólafur Jóhannesson.

Brot á löggjöf um lyfsölu og auglýsingar lyfja.

Dómur Hæstaréttar.

Samkvæmt úrskurði Hæstaréttar 29. október 1958 hefur verið fengin umsögn Læknaráðs um:

1. læknisfræðilega skilgreiningu á orðinu lyf,

2. álitsgerðir prófessoranna Júlíusar Sigurjónssonar og Kristins Stefánssonar, sem raktar eru í héraðsdómi.

Að því er fyrra atriðið varðar, kveðst Læknaráð fallast á skilgreiningu prófessors Knuds O. Möllers, sem í þýðingu löggilts skjalþýðanda hljóðar svo:

„*Skýrgreining hugtaksins lyf.* Eftirfarandi skýrgreining er efnislega algerlega samsvarandi þeim skýrgreiningum á hugtakinu, sem mest tíðkast á alþjóðlegum vettvangi: „Til lyfja teljast meðul (efni, efni til inngjafar og líffræðileg efni, svo sem serum, bólusetningarefni og þess háttar, og enn fremur hvers konar samsett meðul, sem hafa inni að halda eitthvert þeirra), sem ætluð eru til þess að lækna sjúkdóma eða sjúkdómseinkenni hjá mönnum eða skepnum, draga úr þeim, vinna gegn þeim eða koma í veg fyrir þau, og enn fremur meðul, sem með útvortis eða innvortis notkun eru notuð til þess að greina sjúkdóma hjá mönnum og skepnum (diagnostica). Til lyfja teljast einnig meðul, sem notuð eru til þess að vinna á móti sársaukakennd við fæðingar og hvers konar upp-

skurði. („Innvortis notkun“ telst hvers konar inngjöf lyfja, sem ekki telst falla undir „útvortis notkun“).“

Um síðara atriðið í úrskurði Hæstaréttar segir Læknaráð, að það sé í öllum aðalatriðum sammála álitsgerðum prófessoranna.

I.

Hinn 25. febrúar 1957 kom ákærði Guðni Sigurður Einarsson fyrir sakadóm ásamt þremur öðrum hinna ákærðu. Ákærðu skýrðu þá frá því, að Guðni Sigurður hefði haustið 1955 verið kjörinn í stjórn Pöntunarfélags Náttúrulækningafélags Reykjavíkur, og væri hann meðstjórnandi. Voru ákærðu síðan kynnt gögn, sem þeim voru eigi áður kunn, en þeir óskuðu ekki „að taka neitt sérstakt fram að svo stöddu“. Ákærði Guðni Sigurður kom fyrir dóm einungis þetta eina sinn. Gögn málsins veita enga frekari vitneskju um þátt hans í starfsemi þeirri, sem um er að tefla, né horf hans til hennar. Þegar af þessum ástæðum ber að dæma honum sýknu af kröfum ákæruvalds í máli þessu.

II.

Samkvæmt því, sem fram er komið í málinu, þykir eigi örugglega í ljós leitt, að öðrum en lyfsölum sé óheimilt og refsivert eftir lagaboðum þeim, er í ákæruskjali greinir, að annast sölu á efnunum Sanasol, Adesol, Baldriana Beeren, Bierhefe Pulver, Mistelöl Gelatine Kapseln og Immer Jünger Knoblauch Beeren. Verða refsikröfur ákæruvalds og upptöku vegna sölu þessara efna því eigi teknar til greina. Hins vegar má staðfesta ákvæði héraðsdóms um, að ákærðu, að undanskildum ákærða Guðna Sigurði, hafi með sölu á efninu Laxatan með árituðum notkunarreglum brotið gegn ákvæðum þeim, sem talin eru í héraðsdómi.

Ákvæði héraðsdóms um, að auglýsingar efnanna Sanasol og Adesol varði ekki við lög, þykir mega staðfesta. Þá ber og að staðfesta ákvæði héraðsdóms um brot ákærðu, að undanskildum ákærða Guðna Sigurði, með auglýsingum um hin önnur efnin.

III.

Refsing hvers hinna sakfelldu þykir með hliðsjón af 77. gr. laga nr. 19/1940 og 1. gr. laga nr. 14/1948 hæfilega ákveðin 600,00 króna sekt í ríkissjóð, og komi varðhald 3 daga í stað hverrar sektar, verði hún ekki greidd innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa.

Staðfesta ber ákvæði héraðsdóms um upptöku efnisins Laxatans.

Eftir úrslitum málsins er rétt samkvæmt 2. mgr. 141. gr. laga nr. 27/1951, að hinir sakfelldu greiði in solidum 1/3 hluta og ríkissjóður 2/3 hluta sakarkostnaðar í héraði og fyrir Hæstarétti, þar með talin laun sækjanda fyrir Hæstarétti, kr. 7.000,00, og laun verjanda í héraði og fyrir Hæstarétti, samtals kr. 9.000,00.

Dómsorð:

Ákærði Guðni Sigurður Einarsson á að vera sýkn af kröfum ákæruvaldsins í máli þessu.

Ákærðu Marteinn Jón Magnússon Skaftfells, Friðrik Lunddal Baldvinsson, Jón Hilmar Norðfjörð, Klemenz Þorleifsson og Steindór Björnsson greiði hver um sig 600,00 króna sekt í ríkissjóð, og komi varðhald 3 daga í stað sektar hvers þeirra, verði hún eigi greidd innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa.

Ákvæði héraðsdóms um upptöku efnisins Laxatans á að vera óraskað.

Hinir sakfelldu greiði in solidum ⅓ hluta og ríkissjóður ⅔ hluta sakarkostnaðar í héraði og fyrir Hæstarétti, þar með talin laun sækjanda fyrir Hæstarétti, Árna Guðjónssonar héraðsdómslögmanns, kr. 7.000,00, og laun verjanda í héraði og fyrir Hæstarétti, Sveinbjörns Jónssonar hæstaréttarlögmanns, kr. 9.000,00.

Dóminum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Dómur sakadóms Reykjavíkur 6. september 1957.

Ár 1957, föstudaginn 6. september, var í sakadómi Reykjavíkur, sem haldinn var í skrifstofu dómsins af Guðm. Ingva Sigurðssyni og meðdómendunum Erlingi Edwald lyfjafræðingi og Snorra Páli Snorrasyni lyflækni, kveðinn upp dómur í málinu nr. 3410—3415/1957: Ákæruvaldið gegn Marteini Jóni Magnússyni Skaftfells, Friðriki Lunddal Baldvinssyni, Jóni Hilmari Norðfjörð, Klemenzi Þorleifssyni, Steindóri Björnssyni og Guðna Sigurði Einarssyni. Málið var tekið til dóms 29. ágúst sl.

Málið er höfðað gegn Marteini Jóni Magnússyni Skaftfells kennara, Hamrahlíð 5, Friðriki Lunddal Baldvinssyni verzlunarmanni, Seljavegi 31, Jóni Hilmari Norðfjörð loftskeytamanni, Brávallagötu 18, Klemenzi Þorleifssyni kennara, Hjallavegi 1, Steindóri Björnssyni efnisverði, Sölvhólsgötu 10, og Guðna Sigurði Einarssyni verzlunarmanni, Laugarnesvegi 54, öllum í Reykjavík. Eru þeir samkvæmt ákæruskjali, dags. 25. marz 1957, ákærðir fyrir „að hafa gerzt sekir um brot gegn 17. gr. laga nr. 47 23. júní 1932, um lækningaleyfi, um réttindi og skyldur lækna og annarra, er lækningaleyfi hafa, og um skottulækningar, tilskipun um lækna og lyfsala frá 4. desember 1672, 30. gr. kansellíbréfs um lyfjasölu frá 16. september 1797, sbr. auglýsingu um löggildingu nýrrar lyfjaskrár, nr. 72 14. júlí 1950, og reglugerð varðandi gerð lyfseðla og afgreiðslu lyfja, nr. 273 30. desember 1950, 36. gr., með því að láta frá því í desembermánuði 1954 selja í sölubúð Náttúrulækningafélags Íslands í Reykjavík vítamínblöndurnar Sanasol og Adesol, einnig efnin Baldríana Beeren, Laxatan, Mistelöl Gelatine Kapseln, Immer Jünger Knoblauch Beeren, konzentriert, allicinverstärkt Bierhefe Pulver, þótt efni þessi þyki falla undir skilgreininguna lyf og þótt áritun um efnainnihald og notkun þeirra þyki fara í bága við framangreind ákvæði laga nr. 47/1932 og reglugerðar nr. 72/1950.

Ákærast því framangreindir menn til að sæta refsingum samkvæmt 18. gr. laga nr. 47/1932, tilskipun 4. des. 1672 og kansellíbréfi 16. sept. 1797, til upptöku vörubirgða samkvæmt kansellíbréfi 16. sept. 1797 og til greiðslu alls sakarkostnaðar."

Ákærði Marteinn Jón Magnússon Skaftfells er fæddur 14. ágúst 1903 á Auðnum í Meðallandi. Hefur hann sætt kærum og refsingum sem hér segir:

Í Reykjavík:

1926 9/8 Dómur, 8 daga fangelsi við vatn og brauð, skilorðsbundið, fyrir brot gegn 255. gr. almennra hegningarlaga frá 1869.

1929 4/6 Sátt, 30 kr. sekt fyrir brot gegn reglugerð um lokun sölubúða.

1931 — Undir gjaldþrotarannsókn. Fellt niður.

1953 30/7 Kærður fyrir meint hegningarlagabrot. Fellt niður skv. bréfi dómsmálaráðun.

Ákærði Friðrik Lunddal Baldvinsson er fæddur 28. apríl 1924 í Reykjavík. Hefur hann sætt kærum og refsingum sem hér segir:

1938 1/4 Kærður fyrir þátttöku í þjófnaði á sælgætiskassa. Afgr. til barnaverndarnefndar.

1939 14/11 Kærður fyrir þjófnað. Afgr. til barnaverndarnefndar.

— 11/11 Kærður fyrir svik og þjófnað. Afgr. til barnaverndarnefndar.

— 7/12 Kærður fyrir ýmsa þjófnaði. Afgr. til barnaverndarnefndar.

1941 31/5 Dómur aukaréttar Reykjavíkur, 30 daga fangelsi, skilorðsbundið, sviptur kosningarrétti og kjörgengi fyrir reiðhjólaþjófnað.

1948 13/11 Rvík. Dómur aukaréttar,1.000 kr. sekt fyrir brot gegn 217. gr. hegningarlaga.

1956 22/6 Rvík. Kærður fyrir árás og óspektir. Fellt niður skv. bréfi dómsmálaráðun. 13/11 1956.

Ákærði Jón Hilmar Norðfjörð er fæddur 2. september 1906 á Sauðárkróki. Hefur hann sætt kærum og refsingum sem hér segir:

Í Reykjavík:

1930 20/9 Sátt, 50 kr. sekt fyrir ölvun á almannafæri.

1939 16/1 Sátt, 255 kr. sekt fyrir tolllagabrot.

1940 2/2 Sátt, 100 kr. sekt fyrir tolllagabrot.

1945 25/1 Sátt, 350 kr. sekt fyrir tolllagabrot.

1956 26/9 Sátt, 50 kr. sekt fyrir brot á 1. nr. 73/1952.

Ákærði Klemenz Þorleifsson er fæddur 5. júlí 1896 í Kálfárdal í Bólstaðarhlíðarhreppi. Hann hefur, svo að vitað sé, eigi sætt kæru eða refsingu fyrr.

Ákærði Steindór Björnsson er fæddur 3. maí 1885 á Hvanneyri í Borgarfirði. Hann hefur sætt kærum og refsingum sem hér segir:
Í Reykjavík:
1936 22/5 Kærður fyrir höfuðhögg. Fellt niður.
1940 27/6 Sátt, 5 kr. sekt fyrir brot á l. nr. 18/1901.

Ákærði Guðni Sigurður Einarsson er fæddur 6. maí 1928 í Keflavík. Hann hefur ekki sætt kæru eða refsingu fyrr.

Hér í bæ er starfandi verzlunarfélag, er ber nafnið Pöntunarfélag Náttúrulækningafélags Reykjavíkur. Hefur félagið opnað sölubúð á Týsgötu 1, þar sem seldar eru hvers kyns matvörur. Pöntunarfélagið er sjálfstætt félag, en — eins og nafnið bendir til, — í nánu sambandi við Náttúrulækningafélag Reykjavíkur. Er mál það hófst, sem hér er til úrlausnar, voru í stjórn pöntunarfélagsins ákærðu Marteinn Jón Magnússon Skaftfells, formaður félagsstjórnar, Jón Hilmar Norðfjörð, varaformaður, og meðstjórnendur Friðrik Lunddal Baldvinsson, Klemenz Þorleifsson og Steindór Björnsson. Haustið 1955 varð sú breyting á stjórninni, að ákærði Friðrik Lunddal Baldvinsson lét af stjórnarstörfum. Í hans stað kom í stjórnina ákærði Guðni Sigurður Einarsson.

Með bréfi, dags. 11. desember 1954, kærði Apótekarafélag Íslands til sakadómara yfir því, að ólögleg lyfjasala ætti sér stað úr verzlun Pöntunarfélags Náttúrulækningafélags Reykjavíkur á Týsgötu 1. Vörur þær, sem um var að véla, voru vítamínblöndurnar Adesol og Sanasol. Með viðbótarkæru, dags. 26. febrúar 1955, kærði Apótekarafélagið Pöntunarfélag Náttúrulækningafélags Reykjavíkur fyrir að hafa á boðstólum í verzlun sinni efnin Baldriana Beeren, Laxatan, Mistelöl, Immer Jünger Knoblauch Beeren og Bierhefe Pulver, en Apótekarafélagið taldi öll þessi efni lyf.

Ákærðu viðurkenndu allir, að þessi efni væru öll seld í verzlun pöntunarfélagsins. Hins vegar andmæltu þeir því, að efni þessi væru lyf. Um vítamínblöndurnar var það tekið sérstaklega fram, að þær væru næringarefni og fyrst og fremst sem uppbót á fjörefnasnauða fæðu. Sanasol er norskt að uppruna, en ákærði Marteinn Jón M. Skaftfells flytur inn efnin í heilum umbúðum. Ákærði blandar efnin og setur síðan á flöskur, sem hver tekur einn lítra. Hann sagði, að samsetning Sanasol væri verksmiðjuleyndarmál, og vildi því ekki veita frekari upplýsingar um efna-

innihald Sanasol. Adesol er flutt inn frá Danmörku. Önnur efni, sem kært var út af, eru flutt inn frá Þýzkalandi. Sanasol-flaskan er seld á kr. 39,70, Adesol á kr. 26,50, Bierhefe Pulver á kr. 11,70 dósin, Baldriana Beeren-pakkinn á kr. 13,50. Immer Jünger Knoblauch Beeren á kr. 10,50, Mistelöl Gelatine Kapseln-pakkinn á kr. 13,50 og Laxatan-pakkinn á kr. 9,00. Er athugun var gerð á verði vara þessara hinn 26. október 1956, var Adesol ekki lengur til og Laxatan-birgðirnar búnar í svipinn.

Á umbúðum varanna voru upplýsingar um innihald, notkun og lækningamátt efnanna. Á Sanasol-umbúðunum stendur, að Sanasol sé bragðgott og hressandi næringarefni, ríkt að fjörefnunum A og D, B og C. Þá segir, að A- og D-vítamínmagnið sé jafnmikið og í lýsi. Magnið af C-vítamíninu er hér um bil fjórum sinnum meira en í ferskum appelsínuvökva, og magnið af B-vítamíninu er um sex sinnum meira en í ölgeri. Umreiknað í vítamíneiningar er vítamíninnihaldið sem hér segir: A-vítamín: 5000, D-vítamín: 500, B_1-vítamín: 1,0 mg, B_2-vítamín: 12 mg, Niasinamid: 10 mg, og C-vítamín: 30.

Að öðru leyti segir, að Sanasol innihaldi þykkni úr malti, sólaraldinum og ferskum appelsínum auk sykurs.

Notkunarreglur á umbúðunum lúta að því, að fullorðnir skuli taka daglega 1—2 barnaskeiðar, börn sama magn og ungbörn 1—2 teskeiðar eða nánar eftir læknisráði. Á Adesol-umbúðunum stendur, að það sé hressandi og mjög bragðgóð vítamínblanda. Þá er getið vítamínmagns í einni barnaskeið af blöndunni, reiknað í vítamíneiningum, eins og hér segir: A-vítamín: 2000, B_1-vítamín: 333, C-vítamín: 500, D-vítamín: 480 og 1 mgr af B_2-vítamíni. Notkunarreglur segja, að dagskammtur fullorðinna skuli vera ein barnaskeið af blöndunni einu sinni til tvisvar dag hvern og skammtur barna ein teskeið einu sinni til tvisvar á dag.

Á umbúðum Baldríana-pillnanna segir, að pillurnar séu unnar úr aðalefnum garðabrúðurótarinnar. Pillurnar verka á svefnleysi og meltingarörðugleika af völdum taugatruflana og geðæsings. Notkunarreglurnar á umbúðunum segja, að dagskammtur skuli vera 3 pillur tvisvar á dag. Við svefnleysi skal skammturinn vera 3—5 pillur. Í kassanum undan Baldríana-pillunum var auglýsingamiði. Verður efnis hans getið síðar.

Á umbúðunum undan Laxatan-pillunum segir, að efnið sé hægðalyf, milt og áreiðanlegt, sem hafi í för með sér rækilega, en óþægindalausa tæming. Efnið er megrandi, örvar starfsemi

lifrar og galls, eykur almenna vellíðan og styrkir líkamann. Þess er getið, að pillurnar innihaldi efnið phenolphtaleín. Notkunarreglurnar á umbúðunum segja, að dagskammturinn skuli vera 1—2 pillur, ef pillurnar eru notaðar sem hægðalyf, en 2—4 pillur, ef efnið er notað sem megrunarlyf. Í umbúðunum var auglýsingamiði, sams konar og í Baldríana-umbúðunum, sem síðar verður greint frá.

Á Immer Jünger-umbúðunum segir, að Immer Jünger-pillurnar innihaldi öll verkandi efni fersks geirlauks í þéttuðu, auðmeltu formi. Pillurnar halda mönnum ungum og frískum. Þær verka gegn blóðrásartruflunum, slagæðakölkun, of háum blóðþrýstingi, meltingartruflunum, gyllinæð, innyfla-ormum og efnaskiptasjúkdómum. Notkunarreglur mæla fyrir um, að menn skuli taka 2 pillur á undan máltíð, þrisvar á dag.

Þá er að geta efnisins Mistelöls eða mistilolíubelgjanna. Á umbúðunum stendur, að hin verkandi efni mistilteinsins, uppleyst í olíu, séu ágæt varnarlyf gegn æðakölkun, háum blóðþrýstingi, örðugleikum umbreytingaráranna, taugatruflunum og meltingarörðugleikum. Notkunarreglur segja, að menn skuli taka inn 1—2 belgi þrisvar á dag.

Bierhefe-pulver eða ölgers-duft er, samkvæmt áritun á umbúðir til varnar gegn B-vítamínsskorti, sleni, taugaverkjum og graftarígerðum. Auk þess er það gott fyrir sjúklinga í afturbata. Það inniheldur auk B-vítamína lífsnauðsynleg eggjahvituefni og steinefni. Notkunarreglur mæla fyrir um, að dagskammtur skuli vera 2—3 skeiðar af duftinu.

Samkvæmt vottorði Atvinnudeildar Háskólans, dags. 31. október 1956, er gerið í duftinu dautt.

Svo sem fyrr greinir, fylgdu bæði Laxatan- og Baldríanapökkunum auglýsingamiðar, þar sem m. a. lækningamáttur Baldríana, Laxatan og Immer Jünger er auglýstur á sama veg og að ofan greinir um það, sem stendur á umbúðum þessara efna, en að mun rækilegar.

Eðlilega beindist rannsókn málsins að því, hvert væri innihald efna þeirra, sem kært var út af, til þess — meðal annars — að fá úr því skorið, hvort innihald efnanna væri í samræmi við upplýsingar á umbúðum. Var Atvinnudeildinni falin rannsóknin með bréfi, dags. 20. maí 1955. Rannsóknin reyndist erfiðleikum bundin. Auk þess leiddu ýmis ófyrirsjáanleg atvik til þess, að rannsóknin dróst „óhæfilega“, eins og segir í bréfi Atvinnu-

deildarinnar, er fylgdi niðurstöðu rannsóknarinnar, en bréfið er dags. 10. ágúst 1956.

Í bréfinu segir m. a. að öðru leyti á þessa leið:

„Sýnishorn af Mistelöl hefur eigi verið rannsakað, þar sem aðferðir til ákvörðunar á plöntu-extrakti því, sem belgjunum er ætlað að innihalda, eru ekki fyrir hendi.

Í sýnishorni Baldríana Beeren er aðeins ákvarðaður þungi. Samsetning Pilulae valerianae (Balderianpiller) er skráð í Ph. Dan. 1948, og er meðalþungi pillnanna í samræmi við það, sem þar er tiltekið.

Í sýnishorni Knoblauch Beeren hefur aðeins verið ákvarðaður brennisteinn (S), og reyndist hann allhár ....

Niðurstöður:

Af prófunum þeim, sem gerðar hafa verið á öðrum sýnishornum, eru yfirleitt í samræmi við þær upplýsingar, sem skráðar eru á umbúðunum (svo). Þó eru niðurstöður á eldra sýnishorninu af Sanasol (sýnish. merkt 1) nokkru lægri en í hinu. Gera má ráð fyrir breytingum við geymslu, þannig að upprunalegt vítamíninnihald (A og C) hafi verið hærra en það, sem nú kemur fram.

Niðurstöður af sýnishorni af Laxatan nálgast nokkuð skráða samsetningu á Tabl. phenolphtaleíni (Ph. Dan. 1948).“

Leitað var álits prófessorsins í heilbrigðisfræði við Háskóla Íslands, Júlíusar Sigurjónssonar, á því, hvað væri hin fræðilega skýrgreining orðsins fæða og hvort efnin Adesol og Sanasol væru fæða eða ekki.

Í álitsgerð prófessorsins, dags. 14. febrúar 1957, segir m. a. á þessa leið:

„.... Ad. 1: Fræðilega skýrgreining orðsins fæða mætti orða eitthvað á þessa leið: Hráefni, sem lífverur vinna úr efni sér til lífsviðurværis, — þ. e. til orkuframleiðslu og til vaxtar, viðhalds og endurnýjunar.

Slík skýrgreining er að vísu næsta ófullkomin og dugar oft skammt til leiðsagnar, er úrskurða skal, hvort tiltekið efni sé fæða eða ekki.

Næringarefni fæðunnar eru, sem kunnugt er, orkuefni (eggjahvíta, fita og kolefni) og aukaefni (steinefni, vítamín). Hygg ég, að það mundi vera í samræmi við venjulegan skilning máls að telja, að því aðeins sé efni eða efnablanda fæða, að í því sé eitthvert orkuefnanna. Á hinn bóginn yrðu þó ekki öll efni talin

fæða, þó að í þeim finnist orkuefni. Þarna verða ekki sett einskorðuð mörk, m. a. mundi magn orkuefna skipta máli, er til mats kæmi í einstökum tilfellum.

Samkvæmt þessu mundi hreint salt eða hreint vítamín eða blanda slíkra efna ekki teljast fæða, þótt nota megi, í hæfilegu magni, til að blanda í fæðu og bæta hana. Sama máli mundi gegna um vítamínþéttu („koncentrat") sem hreint vítamín í þessu sambandi.

Ad. 2: Svo er að sjá, að það sé aðallega eða eingöngu vítamínmagnið í efnablöndunum Adesol og Sanasol, sem þeim er talið til gildis. Sum vítamínanna leysast upp í olíu, en önnur í vatni. Hefur þeirra eflaust verið aflað sitt í hverju lagi að mestu, en síðan blandað saman í viðeigandi upplausnarefnum.

Af því, sem segir um Sanasol í málsskjali nr. 15 (bls. 22), má ætla, að C-vítamínið eða a.m.k. nokkuð af því teljist unnið úr rósaaldinum og appelsínum. Um Adesol er sagt í málsskjali nr. 34 (bls. 45), að í því sé lúðulýsi og þá væntanlega aðeins nokkrir dropar í 100 ml; og skv. málsskjali nr. 1 virðist talið, að calciferol sé bætt í þessa blöndu, enda er hlutfallið á milli A- og D-vítamína í Adesol, eftir því sem gefið er upp á sama stað, annað en gerist í lúðulýsi, en lúðulýsi má teljast sem vítamínþétta. Að öðru leyti verður ekki séð, hvort vítamínin séu fengin sem hrein efni eða t. d. sem þéttuð upplausn dregin úr vítamínauðugu hráefni.

Þótt ætla megi, að eitthvað sé af orkuefnum í blöndunum Adesol og Sanasol, hlýtur magn þeirra að vera svo lítið í þeim skammti, sem ætlazt er til, að tekinn sé inn daglega, að ekki skipti máli. Virðist mér því að öllu athuguðu eðlilegt að telja þessar blöndur vera fæðuuppbót eða lyf frekar en fæðu ...."

Einnig leitaði dómurinn til kennarans í lyfjafræði við læknadeild Háskóla Íslands, Kristins Stefánssonar, og spurði hann, hvort hann teldi efnin, sem mál þetta er risið af, lyf eða ekki. Svar barst með bréfi, dags. 22. febrúar 1957. Þar segir m. a. svo:

„.... Sanasol er talið innihalda vítamín A, D, B og C. Samkvæmt rannsókn, framkvæmdri af Atvinnudeild Háskólans, finnast A- og C-vítamín í Sanasol, en ekki verður séð, að reynt hafi verið að ákvarða D- og B-vítamín. Fyrrgreind vítamín teljast öll lyf. Magn vítamína í Sanasol er það mikið, að vænta mætti læknandi verkana af þeim skömmtum, sem ætlazt er til, að teknir séu. Gert er ráð fyrir, að Sanasol sé notað á þann hátt,

sem tíðkanlegt er um lyf. a. Efnasamsetning, b. magn virkra efna og c. notkunarform einkenna lyf öðru fremur.

Adesol líkist Sanasol í fyrrgreindum meginatriðum.

Laxatan virðist vera töflur, og inniheldur hver tafla 72,5 mg phenolphtaleín. Phenolphtaleín er viðurkennt lyf. Vænta mætti læknandi verkana af því magni, sem greint er í töflunum. Gert er ráð fyrir að nota Laxatan á þann hátt, sem tíðkanlegt er um lyf.

Baldriana Beeren virðist innihalda Valeriana-extrakt. Þetta efni hefur um langt skeið verið notað sem lyf. Nokkur óvissa ríkir um læknandi gildi þess. Ekki verður af fyrirliggjandi réttarskjölum ráðið, hversu mikið Valeriana-extrakt sé í hverju „beri", og því óljóst, hvort gert er ráð fyrir því að nota svipaðan skammt af Valeriana og tíðkanlegur er. Gert er ráð fyrir að nota Baldriana Beeren á þann hátt, sem tíðkanlegur er um lyf.

Bierhefe Pulver virðist vera ölger með dauðum gerlum. Þegar ölger er ætlað til lækninga, eru gerlar venjulega drepnir í því. Bierhefe Pulver virðist því vera sams konar ölger og venjulega er notað til lækninga.

Mistelöl Gelatine Kapseln innihalda engin þau efni, sem sannanlega hafa læknandi verkanir. Gert er ráð fyrir, að Mistelöl Gelatine Kapseln séu notaðir svo sem tíðkanlegt er um lyf.

Immer Jünger Knoblauch Beeren innihalda engin þau efni, sem sannanlega hafa læknandi verkanir. Gert er ráð fyrir, að þau séu notuð svo sem tíðkanlegt er um lyf ...."

Meðal gagna málsins eru tvær álitsgerðir landlæknis, dags. 11. febrúar 1955 og 4. júní 1956. Lýtur sú fyrri að efnunum Adesol og Sanasol, en síðari var gerð vegna máls, er spratt af sölu á efninu Knoblauch-Gelatine-Kapseln, þ. e. geirlauksolíu í límbelgjum, sem er um margt hliðstæða máls þess, sem hér er til úrlausnar.

Í álitsgerð sinni frá 4. júní 1956 segir landlæknir m. a. svo: „.... Kjarni málsins er sá, að úr því sé skorið, hvað sé lyf *verzlunarlega* séð. Með það í huga vek ég athygli á eftirfarandi:

1. Jafnvel hin þrengsta skýrgreining lyfs í lyfjafræðilegum skilningi girðir ekki fyrir það, að ein og sama vara sé jöfnum höndum lyf og almenn verzlunarvara. Svo er um sykur og salt, benzín og svínafeiti, blástein og natrón, tjöru og zinkhvítu, línolíu og vínanda, jafnvel vatn. Öll þessi efni eru meira að segja skráð lyf í gildandi lyfjaskrá.

2. Fjöldi efna og efnasamsetninga á sér langa hefð sem lyf,

— jafnvel sem ekkert annað en lyf, — án tillits til þess, hvort þau falla undir skýrgreiningu lyfs í lyfjafræðilegum skilningi. Kemur og hér til greina, við hverju lyfið telst eiga. Vatn má eflaust heimfæra undir lyf í lyfjafræðilegum skilningi, en þegar blátt vatn er selt í lyfjabúðum sem kíkhóstalyfið Söderín og rennur út eins og vatn, — en til þess eru dæmi, — mundi það ekki réttlætast af neinni lyfjafræðilegri skýrgreiningu.

3. Vara, sem ætíð hefur talizt lyf og ekkert annað en lyf, verður jöfnum höndum annað en lyf, jafnskjótt og hún er tekin til annarra nota en lækninga. Nægir að benda hér á aureomýsín, eftir að tekið hefur verið upp á að konservera með því fisk.

4. Vara, sem ætíð hefur talizt almenn verzlunarvara og engum hefur dottið í hug í sambandi við lyf eða lækningar, verður jöfnum höndum læknislyf, jafnskjótt og tekið er að nota hana til lækninga. Tökum hér til dæmis lifur við blóðhvarfi.

5. Lyfjaverzlunarlega séð virðist efni vöru út af fyrir sig ekki skipta öllu máli, ef til vill stundum engu, heldur hitt, hvort vara sé *seld sem lyf* eða ekki ....“

Í álitsgerð sinni um vítamínblöndurnar Adesol og Sanasol segir landlæknir m. a. á þessa leið:

„.... 1. Eitt og sama efni getur verið hvort tveggja í senn lyf og annað en lyf, þ. á m. matur og iðnaðarvara, og sker það ekki úr, þó að tiltekið efni sé tekið upp í lyfjaskrá. Af efnum skráðum í gildandi lyfjaskrá (Ph. D. 1948) má í þessu sambandi nefna hvítasykur ...., matarsalt ...., hindberjasaft ...., þorskalýsi ...., koltjöru .... og blýhvítu ...., svo að fátt eitt sé nefnt.

2. Sjálf efnin skera því ekki úr og ekki heldur mismunandi kröfur um hreinleika þeirra ....

3. Þótt enginn vandi sé að telja upp fjölda efna og enn fleiri efnablöndur, sem bera það með sér, að um lyf og ekkert annað sé að ræða, verður urmull eftir, sem skipa verður í flokk í hverju einstöku tilfelli og þá fyrst og fremst eftir því, í hverju skyni þau eru seld og hvernig staðið er að sölu þeirra ....“

Þykir nú nógsamlega hafa verið rakið allt, er máli skiptir og upplýst má telja.

Eins og fram kemur í ákæruskjali, eru aðalþættir máls þessa tveir. Annar er sá verknaður ákærðu að hafa á boðstólum efni eða vörur, sem hafa á umbúðunum auglýsingar um lækningagildi varanna, svo og selja vörur, sem fylgja sérstakir auglýsingamiðar um lækningagildi varanna svo og annarra vara. Hinn

þátturinn er að selja vörur eða efni, er „þykja falla undir skilgreininguna lyf".

Svo sem þegar hefur verið greint frá, er það upplýst í málinu, að ákærðu selji í verzlun Pöntunarfélags Náttúrulækningafélags Reykjavíkur efnin Baldriana, Laxatan, Mistelöl, Immer Jünger og Bierhefe Pulver, sem öll geyma á umbúðum sínum upplýsingar um lækningamátt efnanna. Þannig verka t. d. Baldriana á svefnleysi, Laxatan er hægðalyf, Immer Jünger á nánast að vera einhvers konar lífs-elexír, Mistelöl er varnarlyf gegn æðakölkun, of háum blóðþrýstingi, og Bierhefe Pulver er til varnar gegn B-vítamínsskorti, sleni, taugaverkjum, svo að eitthvað sé tínt til um lækningamátt hvers efnis, eins og auglýst er á umbúðunum. Þá voru auglýsingamiðar í Laxatan- og Baldriana-pökkunum, þar sem endurteknar voru upplýsingarnar á umbúðum Laxatan, Baldriana og Immer Jünger um lækningamátt efnanna með nánari skýringum.

Með því að hafa á boðstólum vörur, sem geyma í og á umbúðum auglýsingar um lækningagildi varanna, svo sem nú hefur verið lýst, hafa ákærðu brotið gegn 1. mgr. 17. gr. l. nr. 47/1932, um lækningaleyfi, um réttindi og skyldur lækna og annarra, er lækningaleyfi hafa, og um skottulækningar.

Á umbúðum Sanasol og Adesol eru engar þær upplýsingar, er þykja ríða í bága við 17. gr. l. nr. 47/1932.

Í lögum er hvergi að finna skýrgreiningu á því, hvað sé lyf. Hin fræðilega skýrgreining orðsins lyf (læknislyf) er sú, að — það sé hvert það efni, sem notað er til lækningar sjúkdómi eða til þess að koma í veg fyrir sjúkdóm, hvort heldur er í mönnum eða skepnum. Til lækninga telst að lina þjáningar eða koma í veg fyrir þjáningar af völdum sjúkdóms eða áverka, þar með taldar læknisaðgerðir. Til sjúkdóma teljast sjúkdómseinkenni. Til læknislyfja teljast efni, sem notuð eru til sjúkdómsgreiningar, svo og sótthreinsandi efni, þegar efni þessi eru ætluð til innvortis eða útvortis notkunar mönnum eða skepnum. Umbúðir og áhöld teljast því aðeins til læknislyfja, að þau séu íborin læknislyfi eða innihaldi læknislyf. —

Eðli málsins samkvæmt verður að beita hinni fræðilegu skýrgreiningu orðsins lyf til úrlausnar því, hvað við sé átt, er lög tala um lyf án nánari skýringar.

Eins og þegar er greint frá, er allt á huldu um læknandi gildi Immer Jünger og Mistelöls, og óvissa ríkir um læknandi gildi efnisins Valeriana, sem Baldriana telst innihalda, sbr. álitsgerð

Kristins Stefánssonar hér að framan. Laxatan inniheldur efnið phenolphtaleín, sem er viðurkennt lyf. Þá er ölger (Bierhefe Pulver) notað til lækninga, sbr. fyrrnefnda álitsgerð Kristins Stefánssonar. Um innihald efna þessara er ekki vitað umfram það, sem stendur á umbúðunum og rannsókn Atvinnudeildar Háskólans leiddi í ljós. Ástæðulaust er að vefengja upplýsingarnar á umbúðum Adesol og Sanasol um innihald vítamínblandna þessara, samanber það, sem áður segir um rannsókn Atvinnudeildarinnar á þessum efnum.

Enda þótt þannig nokkur óvissa ríki um innihald og lækningamátt efnanna Laxatan, Mistelöls, Immer Jünger, Baldriana og Bierhefe Pulver, a.m.k. sumra þeirra, er það álit dómsins, að það ráði engum úrslitum um niðurstöðu málsins. Það, sem skiptir hér meginmáli, er, að efni þessi eru notuð „til lækningar sjúkdómi eða til að koma í veg fyrir sjúkdóm", svo að notuð séu orð hinnar fræðilegu skýrgreiningar orðsins lyf. Þá kemur það og til, að Baldriana, Laxatan, Mistelöl og Immer Jünger eru öll framleidd sérstaklega til lækninga, eins og auglýsingar framleiðanda á umbúðunum bera nánar með sér.

Í álitsgerð sinni, sem áður er minnzt á, segir prófessor Júlíus Sigurjónsson, að jafnvel þótt eitthvað af orkuefnum sé í Adesol og Sanasol, hljóti magn þeirra að vera svo lítið í hverjum skammti, sem ætlazt er til, að tekinn sé inn, að ekki skipti máli, svo að eðlilegt virðist að telja Adesol og Sanasol vera frekar fæðuuppbót eða lyf en fæðu. Kristinn Stefánsson sagði í sinni greinargerð, að magn vítamína væri svo mikið í Adesol og Sanasol, að vænta mætti læknandi verkana af þeim skömmtum, sem ætlazt er til, að teknir séu, en vítamíninnihald blandnanna er A, D, B og C. Telur Kristinn öll þessi vítamín lyf. Auk þess má benda á, að samsetning Adesol og Sanasol er slík, að telja má, að verksmiðjugerðum vítamínum, svo sem calciferol (D-vítamíni) sé bætt í blöndurnar, en calciferol er hættulegt efni, sem háð er sérstökum reglum um geymslu og meðferð alla í lyfjabúðum, sbr. t. d. 40. gr. reglugerðar nr. 273/1950 varðandi gerð lyfseðla og afgreiðslu lyfja.

Með skírskotun til alls þess, sem nú hefur verið sagt, og að öðru leyti til þess, að umbúðir Adesol og Sanasol bera það með sér, svo sem fyrr hefur verið frá greint, að vítamínblöndur þessar eru notaðar sem lyf, er það álit dómsins, að einnig þessar vítamínblöndur falli undir skýrgreiningu orðsins lyf, sem að framan greinir.

Til frekari stuðnings þessari niðurstöðu málsins má benda á, að slík rúm skýrgreining orðsins lyf, sem hér er beitt, er affarasælust fyrir þjóðfélagið. Svo sem kunnugt er, eru lyfjabúðir háðar opinberu eftirliti, m. a. um þau lyf, sem þar eru á boðstólum hverju sinni. Það felst því meiri trygging eða öryggi fyrir almenning í því að binda skilyrðislaust sölu á öllum þeim efnum, sem ætla má, að framleidd séu og seld til að koma í veg fyrir sjúkdóma eða til að lækna sjúkdóma, við þá, sem leyfi hafa til lyfsölu, „þar sem sumar af tegundunum geta orðið háskalegar fyrir líf manna og heilbrigði", svo að vitnað sé í kansellíbréf um lyfjasölu frá 16. september 1797.

Samkvæmt því, sem nú hefur verið rakið, hafa ákærðu með því að selja í verzlun Pöntunarfélags Náttúrulækningafélags Reykjavíkur vítamínblöndurnar Adesol og Sanasol og efnin Baldriana, Laxatan, Mistelöl, Immer Jünger og Bierhefe Pulver sem læknisdóma gert sig seka um óleyfilega lyfjasölu. Með þessu atferli hafa ákærðu brotið gegn 29. gr. tilskipunar frá 4. desember 1672, um lækna og lyfsala, og kansellíbréfi frá 16. september 1797, um lyfjasölu.

Þar sem niðurstaða málsins er sú, að umrædd efni falla öll undir skýrgreininguna lyf, þá varðar áritun um notkun (skammta) á umbúðirnar, eins og þegar hefur verið lýst, við c-lið 36. gr. reglugerðar nr. 273/1950.

Með hliðsjón af 77. gr. almennra hegningarlaga, nr. 19/1940, og samkvæmt 18. gr. l. nr. 47/1932, 30. gr. tilskipunar frá 4. desember 1672 og kansellíbréfi frá 16. september 1797 þykir refsing hinna ákærðu hvers um sig hæfilega ákveðin kr. 500,00 í sekt til ríkissjóðs, og komi varðhald í 3 daga í stað hverrar sektar, verði þær eigi greiddar innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa.

Samkvæmt 30. gr. tilskipunar frá 4. desember 1672 og kansellíbréfi frá 16. september 1797 ber að gera birgðir Pöntunarfélags Náttúrulækningafélags Reykjavíkur af lyfjunum Adesol, Sanasol, Baldriana, Laxatan, Mistelöli, Immer Jünger og Bierhefe Pulver upptækar til ríkissjóðs.

Þá ber að dæma hina ákærðu in solidum til greiðslu alls sakarkostnaðar, þar með talin málsvarnarlaun skipaðs verjanda ákærðu, Sveinbjörns Jónssonar hrl., er þykja hæfilega ákveðin kr. 2.000,00.

Dómsorð:

Ákærðu, Marteinn Jón Magnússon Skaftfells, Friðrik Lunddal Baldvinsson, Jón Hilmar Norðfjörð, Klemenz Þorleifs-

son, Steindór Björnsson og Guðni Sigurður Einarsson, greiði hver um sig kr. 500,00 í sekt til ríkissjóðs, og komi varðhald 3 daga í stað hverrar sektar, verði þær eigi greiddar innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa.

Birgðir Pöntunarfélags Náttúrulækningafélags Reykjavíkur af Adesol, Sanasol, Baldriana, Laxatan, Mistelöli, Immer Jünger og Bierhefe Pulver eru upptækar til ríkissjóðs. Ákærðu greiði in solidum allan sakarkostnað, þar með talin málsvarnarlaun skipaðs verjanda þeirra, Sveinbjörns Jónssonar hrl., að upphæð kr. 2.000,00.

Dómi þessum skal fullnægt með aðför að lögum.

Föstudaginn 27. febrúar 1959.

Nr. 193/1955. **Baldur Guðmundsson** (Ragnar Ólafsson hrl.)
gegn
Sveini Egilssyni h/f
(Sigurgeir Sigurjónsson hrl.).

Dómendur:
hæstaréttardómararnir Árni Tryggvason, Gizur Bergsteinsson, Jónatan Hallvarðsson og Þórður Eyjólfsson og Valdimar Stefánsson sakadómari.

Mál út af verzlunarskuld. Pantandi vöru dæmdur greiðsluskyldur.

Dómur Hæstaréttar.

Áfrýjandi hefur skotið máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 28. desember 1955. Krefst hann sýknu af dómkröfum stefnda og málskostnaðar úr hendi hans í héraði og fyrir Hæstarétti að mati dómsins.

Stefndi krefst staðfestingar héraðsdóms og málskostnaðar úr hendi áfrýjanda fyrir Hæstarétti.

Eftir uppkvaðningu héraðsdóms hefur áfrýjandi gefið af nýju skýrslu fyrir dómi, og eitt vitni hefur borið vætti.

Með skírskotun til forsendna hins áfrýjaða dóms ber að staðfesta hann.

Eftir þessum úrslitum verður áfrýjanda dæmt að greiða stefnda málskostnað fyrir Hæstarétti, og ákveðst hann kr. 2.000,00.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður.

Áfrýjandi, Baldur Guðmundsson, greiði stefnda, Sveini Egilssyni h/f, kr. 2.000,00 í málskostnað í Hæstarétti að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur bæjarþings Reykjavíkur 18. nóvember 1955.

Mál þetta, sem dómtekið var 16. þ. m., hefur Sveinn Egilsson h/f hér í bæ höfðað fyrir bæjarþinginu með stefnu, út gefinni 23. febrúar 1954, gegn Baldri Guðmundssyni, Laugavegi 18 hér í bæ, til greiðslu skuldar, að fjárhæð kr. 3.000,00, með 6% ársvöxtum af kr. 2.000,00 (sic) til 1. apríl 1952 og af kr. 3.000,00 frá þeim degi til greiðsludags svo og málskostnaðar að skaðlausu.

Þá hefur stefnandi krafizt staðfestingar á löghaldi, er fram fór í inneignarfé stefnda hjá Samvinnutryggingum hinn 22. febrúar 1954, til tryggingar stefnukröfunum ásamt kostnaði áföllnum og áfallandi.

Stefndi hefur krafizt sýknu og málskostnaðar úr hendi stefnanda að mati dómarans, — enn fremur, að fellt verði úr gildi áðurgreint löghald.

Stefnandi kveður hina umstefndu skuld vera vegna olíu, er hann hafi selt stefnda, en hann ekki fengizt til að greiða.

Stefndi byggir sýknukröfu sína á því, að umrædd olía hafi ekki verið fyrir sig, heldur hafi hún verið keypt fyrir v/b Ernu, en eigandi skipsins hafi þá verið hlutafélagið Núpur. Eigi stefnandi því kröfu til greiðslu fyrir olíuna á það fyrirtæki. Hafi hann verið framkvæmdastjóri hlutafélagsins Núps, er hann bað um olíuna til v/b Ernu, og beðið um hana eingöngu sem starfsmaður hlutafélagsins.

Prókúruhafi félags stefnanda, Jörgen Hansen, hefur komið fyrir dóm og skýrt svo frá, að einn viðskiptavinur félagsins hafi beðið sig að selja stefnda olíu með sömu greiðsluskilmálum og hann nyti hjá stefnanda, þ. e. nokkurra mánaða greiðslufresti. Kvaðst Jörgen hafa samþykkt það, og skömmu síðar hafi stefndi átt tal við sig varðandi sama. Stefndi hafi svo pantað

olíu og lagt fyrir, að hún yrði send í v/b Ernu. Hafi stefndi á engan hátt gefið til kynna, að olían væri keypt fyrir annan aðilja. Kvaðst Jörgen síðar oft hafa átt tal við stefnda varðandi greiðslu og stefndi þá eingöngu borið við peningaleysi, en aldrei minnzt á hlutafélagið Núp.

Stefndi hefur viðurkennt, að hann hafi gert umrædd olíukaup hjá stefnanda, en ekki þykir hann hafa fært sönnur á það, að hann hafi vakið athygli stefnanda á því, að olían væri keypt fyrir hlutafélagið Núp. Þykir því bera að telja stefnda ábyrgan sem beiðanda á greiðslu fyrir umrædda olíu.

Samkvæmt þessu verður stefndi dæmdur til að greiða stefnanda hina umstefndu fjárhæð með 6% ársvöxtum, er þykir bera að reikna frá útgáfudegi stefnu, 23. febrúar 1954, til greiðsludags, svo og málskostnað, er þykir hæfilega ákveðinn, með tilliti til löghaldskostnaðar, kr. 1.400,00.

Þá ber að staðfesta löghald það, er stefnandi lét leggja á allt að kr. 5.000,00 af vátryggingarfé v/b Gizurar hvíta hinn 22. febrúar 1954, eign stefnda, hjá Samvinnutryggingum hér í bæ til tryggingar dómkröfunum.

Emil Ágústsson, fulltrúi borgardómara, kvað upp dóm þennan.

Dómsorð:

Framangreint löghald staðfestist.

Stefndi, Baldur Guðmundsson, greiði stefnanda, Sveini Egilssyni h/f, kr. 3.000,00 með 6% ársvöxtum frá 23. febrúar 1954 til greiðsludags og kr. 1.400,00 í málskostnað innan 15 daga frá lögbirtingu dóms þessa að viðlagðri aðför að lögum.

Mánudaginn 2. marz 1959.

Nr. 23/1959. **Ólafur B. Stefánsson**
gegn
valdstjórninni.

Dóminn skipuðu hinir reglulegu dómarar Hæstaréttar.

Kærumál. Úrskurður héraðsdómara ómerktur.

Dómur Hæstaréttar.

Með kæru 29. janúar sl., sem barst Hæstarétti 9. f. m., hefur sóknaraðili kært til dómsins „úrskurð" lögreglustjóra Keflavíkurflugvallar, Björns Ingvarssonar, um að svipta sóknaraðilja ökuréttindum til bráðabirgða, en „úrskurður" þessi var kveðinn upp í sakadómi Keflavíkurflugvallar 27. janúar sl.

Sóknaraðili krefst þess, að hinn kærði „úrskurður" verði felldur úr gildi og honum dæmdur kærumálskostnaður úr ríkissjóði.

Hvorki kröfur né greinargerð hafa borizt frá fyrirsvarsmanni valdstjórnarinnar.

Samkvæmt 6. mgr. 81. gr. umferðarlaga, nr. 26/1958, skal ákvörðun lögreglustjóra um sviptingu ökuleyfis til bráðabirgða borin undir úrskurð dómara. Þann úrskurð getur aðili því næst kært til Hæstaréttar samkvæmt XXI. kafla laga nr. 27/1951. Samkvæmt 164. gr. þeirra laga skulu úrskurðir, sem upp eru kveðnir í sambandi við rannsókn eða flutning opinbers máls, vera byggðir á forsendum og nægilega skýrir og glöggir. Algerlega skortir á, að skilyrðum þessum hafi verið fullnægt um þá ákvörðun héraðsdómara, sem kærð er í máli þessu. Verður því að ómerkja ákvörðun þessa og vísa málinu heim í héað til löglegrar meðferðar.

Eftir atvikum þykir rétt, að kærumálskostnaður falli niður.

Dómsorð:

Hin kærða ákvörðun er ómerk, og vísast málinu heim í héað til löglegrar meðferðar.

Kærumálskostnaður fellur niður.

Úrskurður sakadóms Keflavíkurflugvallar 27. janúar 1959.

Með því að sterkar líkur eru fram komnar fyrir því við rannsókn máls þessa, að kærður hafi ekið bifreið sinni frá flugstöðvarbyggingunni til útibús Aðalstöðvarinnar hér í umrætt skipti, þá þykir vegna öryggis umferðarinnar og meðan mál þetta er í rannsókn, verða að svipta hann ökuréttindum til bráðabirgða skv. 6. mgr. 81. gr. umferðarlaganna.

Því úrskurðast:

Ólafur Stefánsson skal sviptur ökuréttindum til bráðabirgða frá í dag að telja.

Mánudaginn 2. marz 1959.

Nr. 54/1958. **Guðni Jónsson,**
Sigurður Jón Guðmundsson
og
Einar K. Gíslason
gegn
Rafvirkjadeild Sameinaðra verktaka.

Mál hafið. Ómaksbætur.

Dómur Hæstaréttar.

Er mál þetta kom fyrir dóm í dag, var þess krafizt af hálfu áfrýjenda, að málið yrði hafið.

Af hálfu stefnda var sótt dómþing og krafizt ómaksbóta. Samkvæmt þessu verður mál þetta hafið og stefnda dæmdar ómaksbætur in solidum úr hendi áfrýjenda, kr. 800,00.

Dómsorð:

Mál þetta er hafið.

Áfrýjendur, Guðni Jónsson, Sigurður Jón Guðmundsson og Einar K. Gíslason, greiði in solidum stefnda,

Rafvirkjadeild Sameinaðra verktaka, kr. 800,00 í ómaksbætur.

Dóminum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Mánudaginn 2. marz 1959.

Nr. 185/1958. **Sementsverksmiðja ríkisins**
(Guttormur Erlendsson hrl.)
gegn
bæjarstjóra Akranesskaupstaðar
f. h. bæjarsjóðs (Ben. Sigurjónsson hrl.).

Dóminn skipuðu hinir reglulegu dómarar Hæstaréttar.

Vísan máls frá héraðsdómi.

Dómur Hæstaréttar.

Áfrýjandi hefur skotið máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 6. desember 1958.

Í máli þessu hefur stefndi krafizt þess, „að viðurkennd verði með dómi skylda stjórnar Sementsverksmiðju ríkisins til þess f. h. verksmiðjunnar að greiða bæjarsjóði Akraness byggingarleyfisgjöld samkvæmt gildandi byggingarsamþykkt Akraness fyrir byggingar verksmiðjunnar á Akranesi". Þar sem fjárhæð dómkröfu þessarar er eigi tiltekin, er krafan ódómhæf, sbr. 88. gr. laga nr. 85/1936. Verður því að ómerkja hinn áfrýjaða dóm ásamt málsmeðferð í héraði og vísa málinu frá héraðsdómi.

Eftir þessum úrslitum er rétt, að stefndi greiði áfrýjanda eftir kröfu hans málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti, samtals kr. 4.000,00.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði dómur og málsmeðferð í héraði eiga að vera ómerk, og er málinu vísað frá héraðsdómi.

Stefndi, bæjarstjóri Akranesskaupstaðar f. h. bæjarsjóðs, greiði áfrýjanda, Sementsverksmiðju ríkisins, málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti, kr. 4.000,00, að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur bæjarþings Akranesskaupstaðar 4. nóvember 1958.

Mál þetta, sem dómtekið var hinn 1. nóvember sl., hefur bæjarsjóður Akraness höfðað hér fyrir bæjarþinginu með stefnu, út gefinni 26. maí 1958, gegn stjórn Sementsverksmiðju ríkisins á Akranesi til greiðslu á byggingarleyfisgjöldum til bæjarsjóðs skv. gildandi byggingarsamþykkt kaupstaðarins vegna bygginga verksmiðjunnar á Akranesi.

Málavextir eru þeir, að Sementsverksmiðjan hefur reist á Akranesi miklar byggingar. Gjöld fyrir byggingarleyfi bæjarsjóði til handa hefur hin stefnda Sementsverksmiðja algerlega neitað að greiða, og ber hún fyrir sig ákvæði í 7. gr. laga um Sementsverksmiðju ríkisins, nr. 35 frá 1. apríl 1948, en í þessari grein segir svo: „Verksmiðjan skal undanþegin öllum sköttum og opinberum gjöldum nema útsvari til sveitarsjóðs."

Af hálfu stefnanda, bæjarsjóðs Akraness, er því haldið fram, að hérgreint ákvæði nái ekki til gjalds fyrir byggingarleyfi stefndu til handa, og sé hún því skyld til að greiða nefnt gjald. Þá krefst stefnandi málskostnaðar úr hendi stefndu.

Ágreiningsefnið, greiðsluskyldu stefndu á gjaldi til bæjarsjóðs fyrir byggingarleyfi stefndu til handa, hafa málsaðiljar lagt undir úrskurð réttarins.

Svo sem áður er bent á hér á undan, er 1. mgr. 7. gr. laga um Sementsverksmiðju ríkisins, nr. 35 frá 1/4 1948, svo hljóðandi: „Verksmiðjan skal undanþegin öllum sköttum og opinberum gjöldum nema útsvari til sveitarsjóðs."

Við útskýringu á, hvaða gjöld sé hér um að tefla, hefur verið haldið fram, að nokkur munur sé á sköttum og opinberum gjöldum. Orðin „opinber gjöld" séu víðtækari orð en skattar og nái einnig yfir þau gjöld, sem ætlazt sé til, að þjónusta komi fyrir, sbr. Hrd. XXVIII, 423. bls. Mætti þar til nefna skoðunargjöld skipa, véla, bifreiða, dómsmálagjöld og þess háttar. Eftir orðanna hljóðan getur undanþáguákvæði 7. gr. laga um Sementsverksmiðju ríkisins einnig tekið til allra þessara gjalda. Framkvæmdin hefur þó orðið sú, að verksmiðjan hefur greitt fyrir slíka þjónustu, svo sem önnur fyrirtæki gera hvarvetna á land-

inu, enda hljómar það nokkuð hjákátlega, að eitt fyrirtæki, þótt ríkiseign sé, geti krafizt endurgjaldslaust, jafnt af bæjarfélögum sem öðrum stofnunum, mikillar og vandasamrar þjónustu og vinnu. Það virðist augljóst, að löggjafinn ætlast ekki til þess, að endurgjald fyrir mikilsverða þjónustu, enda þótt veitt sé af bæjarfélagi, eigi að teljast „opinber gjöld" í því sambandi, sem 7. gr. laga nr. 35/1948 til tekur. Það er alkunnugt, að Akranesbær hefur í sinni þjónustu bæjarverkfræðing, sem jafnframt er byggingarfulltrúi. Hann skal yfirfara allar teikningar að húsum og mannvirkjum í kaupstaðnum og sannreyna, hvort þær eru í samræmi við byggingarsamþykkt kaupstaðarins. Hann hefur eftirlit með því, að ákvæði byggingarsamþ. um styrkleika og gerð húsa og mannvirkja séu haldin, og innir af hendi mikilvægt leiðbeiningarstarf í því sambandi fyrir þá, sem hlut eiga að máli í hvert skipti. Loks annast byggingarfulltrúi staðsetningu húsa og mannvirkja og mælingu lóða og landa í því sambandi. Fyrir þessi störf tekur bæjarfélagið gjald af hverri byggingu í eitt skipti fyrir öll. Eins og kunnugt er, fást yfirleitt uppdrættir að húsum ekki áritaðir og byggingarleyfi ekki afhent í höfuðborginni og flestum kaupstaðanna, nema byggingarleyfisgjaldið sé greitt um leið. Upplýst er, að Áburðarverksmiðjan, sem hefur skv. 9. gr. laga nr. 40 23. maí 1949 nákvæmlega eins orðaða undanþágu frá greiðslu skatta og opinberra gjalda, hefur samt greitt bæjarsjóði Reykjavíkur öll tilskilin byggingarleyfisgjöld, enda mundi Áburðarverksmiðjan varla hafa fengið áritaðar byggingarteikningar afhentar, án þess að þetta gjald væri greitt um leið.

Ekki sést neins staðar, að reglur um byggingarleyfisgjöld á Akranesi hafi verið staðfestar af Stjórnarráði Íslands, en ráð er fyrir þeim gert í byggingarsamþykkt bæjarins. (Þau eru nú kr. 0,75 á rúmmetra nýbyggðra húsa.) Enginn vafi getur á því leikið, að gjald þetta er ákveðið fyrir veitta mikilsverða þjónustu og vinnu, enda var gjaldið heimilað með lögum um byggingarsamþykktir, nr. 19 frá 20. okt. 1905, og verður varla álitið, að löggjafinn hafi með því haft í huga fyrst og fremst skattlagningu til almennra þarfa. Gjaldið er skv. þeim lögum bersýnilega heimilað til þess eins að standast kostnaðinn við störf byggingarnefnda og fulltrúa þeirra.

Rétturinn er þeirrar skoðunar, að byggingarleyfisgjöld, þótt af opinberum aðilja séu á lögð, séu einvörðungu — eða að langmestu leyti a.m.k. — endurgjald fyrir vinnu og þjónustu, sem bæjarfélagið lætur inna af höndum á móti. Ber samkv. því að

dæma stefndu greiðsluskylda til bæjarsjóðs Akraness í þessu tilviki og skylda hana til þess að greiða byggingarleyfisgjöld til stefnanda, svo sem farið hefur verið fram á í máli þessu.

Eftir þessum úrslitum þykir hæfilegt, að stefnda greiði stefnanda kr. 3.000,00 — þrjú þúsund krónur — í málskostnað.

Þórhallur Sæmundsson bæjarfógeti kvað upp dóm þennan.

Dómsorð:

Stefndu, stjórn Sementsverksmiðju ríkisins, er skylt fyrir verksmiðjunnar hönd að greiða stefnanda, bæjarsjóði Akraness, gjald fyrir veitt byggingarleyfi fyrir hús og mannvirki stefndu í Akranesskaupstað.

Stefnda greiði stefnanda, bæjarsjóði Akraness, 3.000,00 krónur í málskostnað.

Dómi þessum ber að fullnægja innan 15 daga frá löglegri birtingu hans að viðlagðri aðför að lögum.

Mánudaginn 2. marz 1959.

Nr. 117/1957. **Neytendasamtökin,**
Sveinn Ásgeirsson,
Gunnlaugur Þórðarson,
Gísli Þorkelsson,
Gunnar Björnsson,
Valdimar Jónsson,
Elsa Guðjónsson,
Gunnar Friðriksson,
Halldóra Eggertsdóttir,
Pétur Pétursson,
Sveinn Ólafsson,
Snorri P. Snorrason,
Þórhallur Halldórsson
og
Arinbjörn Kolbeinsson
(Páll S. Pálsson hrl.)
gegn
Kolbeini Þorsteinssyni & Co.
og
Gústaf A. Sveinssyni f. h. Hvile Vask

Kompagniets Salgskontor v.T. Nielsen og Kaj Mortensen
(Gísli Einarsson hdl.).

Dómendur:
hæstaréttardómararnir Árni Tryggvason, Gizur Bergsteinsson, Jónatan Hallvarðsson og Þórður Eyjólfsson og prófessor Ólafur Jóhannesson.

Sýknað af skaðabótakröfu út af viðvörun til almennings um gallaða vöru.

Dómur Hæstaréttar.

Áfrýjendur hafa, að fenginni gjafsókn, skotið máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 17. júlí 1957. Krefjast þeir sýknu af kröfum stefndu í málinu og málskostnaðar í héraði og fyrir Hæstarétti úr hendi stefnda Kolbeins Þorsteinssonar & Co., eins og málið væri ekki gjafsóknarmál.

Stefndu krefjast staðfestingar hins áfrýjaða dóms og að áfrýjendum verði dæmt in solidum að greiða þeim málskostnað fyrir Hæstarétti eftir mati dómsins.

Málflutningsmaður áfrýjenda hér fyrir dómi hefur skýrt svo frá, að Neytendasamtök Reykjavíkur hafi breytt um nafn og heiti nú Neytendasamtökin. Þá hefur málflutningsmaður stefndu lýst því fyrir Hæstarétti, að annar umbjóðandi hans hafi í málflutningi í héraði ranglega verið nefndur Hvile Vask Kompagniet, en hið rétta og fulla nafn sé Hvile Vask Kompagniets Salgskontor v.T. Nielsen og Kaj Mortensen.

Í Hæstarétti hafa verið lögð fram mörg ný gögn.

Sumarið 1953 tók stefndi Kolbeinn Þorsteinsson & Co. að selja hér á landi þvottaefni, sem nefnt er Hvile Vask og framleitt er af Sana Laboratoriet i Kaupmannahöfn. Kveðst Kolbeinn Þorsteinsson & Co. hafa fengið einkaumboð frá meðstefnda, Hvile Vask Kompagniets Salgskontor, til sölu þvottaefnisins hér á landi. Samkvæmt leiðarvísi á umbúðum þvottaefnis þessa var hér um að tefla sjálfvirkt þvottaefni, sem væri nýjung og hefði í för með sér byltingu um framkvæmd þvotta. Í leiðarvísinum er m. a. tekið

fram, að þvottaefnið spari tíma og fé og valdi eigi sliti á efni því, sem þvegið er.

Áfrýjandi, Neytendasamtökin, sem stofnuð voru í þeim tilgangi að gæta hagsmuna neytenda almennt, töldu framangreinda lýsingu á þvottaefninu og auglýsingar í sambandi við það veita tilefni til athugunar. Fólu þau sérstakri gæðamatsnefnd á vegum samtakanna að kanna þvottaefnið. Gæðamatsnefnd fól síðan Atvinnudeild háskólans að efnagreina þvottaefnið Hvile Vask. Framkvæmdi hún efnagreiningu á einum pakka af þvottaefninu og lét í té vottorð um niðurstöðu efnagreiningarinnar hinn 20. október 1953.

Hinn 13. nóvember 1953 birtu Neytendasamtökin í dagblöðum Reykjavíkur viðvörun til almennings við einhliða notkun þvottaefnisins Hvile Vask. Er því lýst þar, að Atvinnudeild háskólans hafi efnagreint þvottaefnið þannig:

Sápa	27,4%
Vatn	30,4%
Bleikiefni (natríumperborat)	30,5%

Í viðvöruninni er því lýst með hliðsjón af efnagreiningu þessari, að Hvile Vask innihaldi óhæfilega mikið bleikiefni, eða 4—6 sinnum meira en venjulegt er og hæfilegt getur talizt í sjálfvirkum þvottaefnum. Hið óeðlilega mikla bleikiefni samfara tiltölulega litlu sápuinnihaldi hafi í för með sér bleikingu þvottarins fremur en hreinsun. Of mikil bleiking valdi því, að þræðir efnisins verði stökkir og brotni því fremur, en af því leiði óeðlilega mikið slit á þvottinum. Hins vegar megi fallast á, að nota megi Hvile Vask sem bleikiefni með öðrum þvottaefnum, sem ekki innihaldi bleiki, en þá væri hæfilegt að nota 4—6 sinnum minna af Hvile Vask en gefið er upp í leiðarvísi á umbúðunum. Loks er Hvile Vask talið mjög dýrt samanborið við gamalreynd þvottaefni, sem hér eru á markaði.

Stefndu töldu, að framangreind viðvörun hefði dregið mjög úr sölu á þvottaefninu Hvile Vask hér á landi og bakað sér fjártjón. Og þar sem viðvörunin sé óréttmæt, beri áfrýjendum að greiða sér bætur vegna hennar.

Gagnrýni áfrýjenda á þvottaefninu Hvile Vask beinist aðal-

lega að því, að það innihaldi bleikiefni (natríumperborat) í of ríkum mæli, en það valdi óhæfilegu sliti á efni því, sem þvegið er. Skulu nú athuguð gögn málsins, er að þessu lúta.

Í málinu liggur fyrir vottorð frá Steins Laboratorium í Kaupmannahöfn, dags. 24. desember 1953, um efnagreiningu á tveimur sýnishornum af þvottaefninu Hvile Vask, merktum I og 1. Segir í vottorðinu, sem tekið er upp í héraðsdóm, að natríumperborat geti hafa verið 26,8% í sýnishorni I og 21,7% í sýnishorni 1.

Í Hæstarétti hefur verið lagt fram endurrit af bréfi frá Teknologisk Institut í Kaupmannahöfn til nafngreinds málflutningsmanns þar, dags. 2. febrúar 1954. Er því lýst þar, að við efnagreiningu á þvottaefninu Hvile Vask hafi komið í ljós, að það innihaldi 25—30% natríumperborat.

Hinn 25. maí 1954 voru þeir dr. Björn Jóhannesson efnaverkfræðingur og Pétur Sigurjónsson efnaverkfræðingur dómkvaddir til að framkvæma efnagreiningu á þvottaefninu Hvile Vask. Samkvæmt matsgerð þeirra, dags. 12. nóvember 1954, framkvæmdu þeir fjórar efnagreiningar, þrjár hverja úr sínum pakka af þvottaefninu og eina úr meðalsýnishorni úr 16 pökkum. Niðurstaða efnagreiningarinnar reyndist sú, sem greinir í héraðsdómi, en samkvæmt henni var perboratinnihald sýnishornanna 31%, 28,8%, 30,2% og 30,8%.

Neytendasamtökin skýra svo frá, að tilefni til þess, að þau tóku þvottaefnið Hvile Vask til athugunar, hafi verið, að þeim hafi verið kunnugt um, að svissneskar og þýzkar efna- og tilraunastofnanir hafi þegar árið 1952 varað almenning við notkun þvottaefna, sem innihéldu bleikiefni (natríumperborat) í of ríkum mæli. Þessu til sönnunar hafa Neytendasamtökin lagt fram í Hæstarétti í máli þessu viðvörun til húsmæðra frá svissnesku efnarannsóknar- og tilraunastofnuninni fyrir iðnað, byggingar og iðn í St. Gallen, dags. 28. febrúar 1952. Er því þar m. a. lýst, að á síðustu tímum sé rekinn áróður fyrir þvottaaðferðum, sem taldar eru gera þvottinn framkvæmanlegan án allrar hreyfingar hans í lútnum. Sé hér í aðalatriðum um að ræða bleikjun með súrefnisbleikiefninu natríumperborati, en því miður sé þessi

þvottaaðferð svo vefnaðarvöruskemmandi, að þvotturinn hljóti að eyðileggjast óþolandi fljótt. Hinar efnalegu skemmdir, sem þvotturinn verði fyrir, komi að vísu eigi í fyrstu í ljós, það sé eigi fyrr en eftir vissa tölu slíkra þvotta, að vefnaðurinn verði stökkur og ofurseldur slitinu. Nota megi einungis nákvæmlega skammtað magn af perborati. Eftir uppsögu héraðsdóms hafa áfrýjendur snúið sér til rannsóknarstofnunarinnar í St. Gallen og æskt umsagnar hennar um viðvörun sína til almennings. Í bréfi 21. október 1957 lýsir nefnd rannsóknarstofnun því, að hún álíti í öllu tilliti réttar þær ályktanir um framleiðsluna Hvile Vask, sem dregnar hafa verið af efnagreiningarniðurstöðum rannsóknarstofnunar Háskóla Íslands. Þvottaefni með 30,2% af natríumperborati, notað að magni 5—7 g/lt (gramm/lítri), valdi samkvæmt reynslu hinnar svissnesku stofnunar miklum skemmdum á vefnaðarvöru. Í bréfinu segir enn fremur: „Perboratinnihald þvottaefna okkar, sem tíðkast í verzlun, liggur á milli 5 og 10%“.

Þá hafa áfrýjendur lagt fram í Hæstarétti þýðingu á grein frá þýzku þvottarannsóknarstofnuninni Krefeld, sem birtist 1952 í tímaritinu Seifen-Öle-Fette-Wachse. Þar segir m. a., að um nokkurt skeið hafi verið á boðstólum efni til þvotta með þeim gyllingum, að þau geri þvottavélar óþarfar og hreinsi þvottinn, án þess að hann sé nuddaður. Þvottarannsóknarstofnunin Krefeld hafi rannsakað slík efni og komizt að raun um, að í þau sé blandað yfirgnæfandi perboratbleikiefni. Við notkun slíkra bleikiefna geti komið fram þvottaskemmdir, sem fari langt fram úr þeim mæli trefjaskemmda, sem til þess tíma hafi verið taldar verjandi. Slíkt slitþolstap komi yfirleitt eigi strax í ljós, heldur verði það fyrst greinanlegt eftir endurtekna þvotta. Eftir uppsögu héraðsdóms æsktu áfrýjendur umsagnar þvottarannsóknarstofnunarinnar Krefeld um þvottaefni, sem væri þannig samsett:

Sápa	ca 35%
Sódi	— 30%
Natríumperborat	— 25%
Vatn	— 7%

Segir í svarbréfi stofnunarinnar, dags. 10. desember 1957, að hún geti skilið að fullu og öllu leyti, að Neytendasamtökin hafi varað íslenzka notendur við varanlegri notkun slíks þvottaefnis.

Enn hefur verið lagt fram í Hæstarétti endurrit af grein úr tímaritinu Melliand Textilberichte, 2. hefti 1955. Segir þar á einum stað: „Af þessum niðurstöðum kemur í ljós, að innihaldi sjálfvirks þvottaefnis, hvað snertir efni, sem gefa frá sér súrefni, skulu frá sjónarmiði trefjaverndarinnar takmörk sett, sem samkvæmt tilraununum liggja við h. u. b. 15% perboratinnihald. Hreinsunarefni með meira perboratinnihaldi ætti ekki að auðkenna sem þvottaefni, heldur sem bleikiefni."

Í áðurgreindu bréfi Teknologisk Institut frá 2. febrúar 1954 segir, að efnagreining á efninu Hvile Vask leiði í ljós, að það innihaldi 25—30% natríumperborat, en það sé um þrisvar sinnum meira bleikiefni en í venjulegum sjálfvirkum þvottaefnum, og ætla megi, að notkun þessa þvottaefnis hafi í för með sér mjög mikið slit á efni því, sem þvegið er. Á umbúðunum standi, að Hvile Vask innihaldi engin efni, sem séu skaðleg fyrir vefnaðarvöru, en það muni kunnáttumenn telja mjög svo ósatt.

Loks hafa Neytendasamtökin sent Statens Husholdningsraad í Kaupmannahöfn til umsagnar viðvörun þá um Hvile Vask, sem í málinu greinir, ásamt efnagreiningu Atvinnudeildar Háskólans. Í svarbréfi frá Statens Husholdningsraad, dags. 21. október 1957, segir: „Á grundvelli almennrar reynslu ráðsins um þvottaefni, sem að nokkru leyti styðst við það, sem hefur verið ritað um efnið, og að nokkru leyti við þá reynslu, sem ráðið hefur fengið í starfi sínu, getur ráðið lýst því, að þar (þ. e. í viðvöruninni) gefnar upplýsingar um þvottaefnið Hvile Vask eru í samræmi við þau áhrif, er samkvæmt hinum fyrirliggjandi upplýsingum má telja, að séu eiginleg nefndu þvottaefni, enda sé höfð hliðsjón af greiningu þeirri á efnasamsetningu þvottaefnisins, sem fram kemur í bréfi yðar."

Í héraði var lagt fram vottorð frá J. & O. Hansens Labora-

torium, Rigensgade 20, Kaupmannahöfn, dags. 26. nóvember 1953. Í vottorðinu segir, að rannsóknarstofa þessi hafi þvegið venjulegan hörvefnað 75 sinnum úr þvottaefninu Hvile Vask og falið síðan viðurkenndri, opinberri rannsóknarstofu að mæla annars vegar styrkleika slíks vefnaðar óþvegins og hins vegar þess vefnaðar, er þveginn hefði verið 75 sinnum. Hafi niðurstaðan orðið sú, að styrkleiki uppistöðu vefnaðarins óþvegins hafi reynzt 39 kg, en þvegins 37 kg. Styrkleikinn á ívafinu óþvegnu hafi reynzt 65 kg, en þvegnu 64 kg. Sanni þetta, að svo að segja ekkert slit hafi komið fram á efninu eftir 75 þvotta úr Hvile Vask. Jafnframt var í héraði lagt fram bréf frá Teknologisk Institut í Kaupmannahöfn til „fabrikant Hansen, Rigensgade 20" í Kaupmannahöfn, dags. 24. nóvember 1953, þar sem því er lýst, að stofnunin hafi framkvæmt styrkleikapróf á tveimur stykkjum af hörvefnaði, er Hansen hafi sent stofnuninni, annað óþvegið, en hitt þvegið af honum. Er niðurstaðan af slitþolsrauninni sú sama, sem áður greinir í vottorði J. & O. Hansens Laboratorium.

Í áðurgreindu bréfi frá Teknologisk Institut, dags. 2. febrúar 1954, biður stofnunin málflutningsmanninn um aðstoð vegna misnotkunar firmans Hvile Vask á nafni Teknologisk Institut. Segir í bréfinu, að hinn 17. nóvember 1953 hafi stofnunin fengið send frá „herr Hansen, Rigensgade 20," tvö stykki af vefnaði til slitþolsraunar. Hafi Hansen tjáð í síma, að annað stykkið væri óþvegið, en hitt stykkið hefði verið þvegið 75 sinnum, og beðið um, að þess yrði getið í vottorði um slitþolsraunina. Stofnunin hafi þó ekki viljað taka þetta upp í vottorðið, þar sem það hafi verið álit hennar, að hið þvegna stykki hafi verið þvegið mjög sjaldan, ef til vill í hæsta lagi 5 sinnum. Nú hafi stofnunin orðið þess vör, að firmað Hvile Vask haldi því á loft, að það hafi örugga yfirlýsingu frá Teknologisk Institut um, að efni, sem þvegið sé úr Hvile Vask 75 sinnum, sýni aðeins 1—2% slit.

Eins og sjá má af bréfi frá Teknologisk Institut, sendi O. P. Hansen stofnuninni efni til slitþolsraunar hinn 17. nóvember 1953, þ. e. 4 dögum eftir að viðvörun Neytendasamtakanna birtist í dagblöðum Reykjavíkur. Með skírskotun

til þess, sem segir í bréfi Teknologisk Institut, veitir fyrrgreint vottorð J. & O. Hansens Laboratorium, dags. 26. nóvember 1953, enga sönnun um óskaðsemi þvottaefnisins Hvile Vask.

Í bréfi Statens Husholdningsraad í Kaupmannahöfn, dags. 22. nóvember 1955, er skýrt frá togstyrkleikamælingum, er framkvæmdar hafi verið á tvenns konar nýju efni, öðru úr hör, en hinu úr baðmull. Var hvoru efninu um sig skipt í tvo hluta, og var annar þveginn einungis úr vatni, en hinn úr vatni með Hvile Vask-þvottaefni samkvæmt leiðarvísi þeim, sem prentaður er á umbúðirnar. Rannsóknin sýndi styrkleikarýrnun í hundraðshlutum sem meðaltal af 100 styrkleikaraunum sem hér segir:

Tegund efnis	Meðferð	Vatn eingöngu	Vatn + Hvile Vask	Mismunur
Hör	Eftir 50 þvotta	20.8	43.6	22.8
	— 80 —	26.3	53.7	27.4
	— 100 —	35.6	58.6	23.0
Baðmull	— 50 —	+ 0.8	17.6	18.4
	— 80 —	1.9	23.7	21.8
	— 100 —	3.8	25.2	21.4

Hinir dómkvöddu menn, dr. Björn Jóhannesson og Pétur Sigurjónsson, framkvæmdu rannsókn á slitþoli baðmullarefnis, sem þvegið hafði verið með þvottaefninu Hvile Vask. Var efninu skipt í þrjá hluta, einn hlutinn þveginn einu sinni úr vatni, annar hlutinn þveginn 50 sinnum úr upplausn af þvottaefninu Hvile Vask samkvæmt leiðarvísi, sem efninu fylgir, og þriðji hlutinn 50 sinnum úr sterkari upplausn samkvæmt sama leiðarvísi. Eins og nánar er lýst í héraðsdómi, varð niðurstaða af slitþolsmælingunni sú, að styrkleiki baðmullarefnisins minnki að meðaltali við þvott í 50 skipti úr Hvile Vask um 16,6% uppistaðan, en ívafið um 18,2%, þá er þvegið er úr hinni veikari upplausn, en uppistaðan um 18,8% og ívafið um 18,2%, þegar þvegið er úr sterkari upplausninni.

Í framangreindu bréfi frá Teknologisk Institut til O. P.

Hansens, dags. 24. nóvember 1953, er því lýst, að stofnunin telji það fullnægjandi, ef slitið á tilraunaefni hennar, D.S. 74 óbleiktu, er 10—15% eftir 50 þvotta, framkvæmda á vægilegan hátt. Lögð hefur verið fram í Hæstarétti álitsgerð sænskrar nefndar, sem birtist í Statens Offentliga Utredningar 1955: 8, Tvått, þar sem skýrt er frá því, að við slitþolsraun á venjulegu bleiktu baðmullarefni, sem þvegið hefur verið 100 sinnum í vél með 5 gr sápu og 1 gr natríumhýdroxýd, minnki slitþolið um ca. 15%. Hins vegar hafi tilraunir með perborat-þvottaaðferð valdið skemmdum á sams konar baðmullarefni, sem séu mörgum sinnum meiri en sú slitþolsrýrnun, sem fylgir venjulegum skynsamlegum þvottaaðferðum. Í fyrrnefndu bréfi svissnesku efnarannsóknarstofnunarinnar frá 21. október 1957 er frá því skýrt, að samkvæmt bókinni Seifen und Waschmittel, út gefinni af svissneska efnafræðifélaginu, beri að nefna þvottaefni skemmdavald á vefnaðarvöru, ef það, notað samkvæmt leiðarvísi, veldur 40% slitþolslækkun á rannsóknarvefnaði hinnar svissnesku efnarannsóknarstofnunar eftir 50 þvotta.

Umsagnir og álitsgerðir kunnáttumanna, sem að framan greinir, bera það með sér, að það magn af natríumperborati, sem reyndist vera í þvottaefninu Hvile Vask við efnagreiningar bæði hér á landi og í Danmörku, er skaðlegt fyrir vefnað þann, sem þveginn er. Slitþolsraunir, sem gerðar hafa verið, sýna, að slit á baðmullarefni, þvegnu 50 sinnum úr þvottaefninu Hvile Vask, er meira en Teknologisk Institut telur eðlilegt og að slit á hörefni, þvegnu einnig 50 sinnum úr Hvile Vask, er 43,6%, en það verður eftir þeim gögnum, sem fyrir liggja, að teljast óhæfilega mikið.

Samkvæmt því, er nú var rakið, þykja eigi vera efni til að dæma fébætur á hendur áfrýjendum fyrir viðvörun þá til almennings, sem áður greinir. Ber því að sýkna þá af kröfum stefndu í málinu.

Eftir atvikum þykir mega ákveða, að málskostnaður falli niður, en málflutningslaun skipaðs talsmanns áfrýjenda fyrir Hæstarétti, kr. 9.000,00, greiðist úr ríkissjóði.

Dómsorð:

Áfrýjendur, Neytendasamtökin, Sveinn Ásgeirsson, Gunnlaugur Þórðarson, Gísli Þorkelsson, Gunnar Björnsson, Valdimar Jónsson, Elsa Guðjónsson, Gunnar Friðriksson, Halldóra Eggertsdóttir, Pétur Pétursson, Sveinn Ólafsson, Snorri P. Snorrason, Þórhallur Halldórsson og Arinbjörn Kolbeinsson, eiga að vera sýknir af kröfum stefndu, Kolbeins Þorsteinssonar & Co. og Gústafs A. Sveinssonar f. h. Hvile Vask Kompagniets Salgskontor v.T. Nielsen og Kaj Mortensen, í máli þessu.

Málskostnaður bæði í héraði og fyrir Hæstarétti fellur niður, en málflutningslaun skipaðs talsmanns áfrýjenda fyrir Hæstarétti, Páls S. Pálssonar hæstaréttarlögmanns, kr. 9.000,00, greiðist úr ríkissjóði.

Dómur sjó- og verzlunardóms Reykjavíkur 25. maí 1957.

Mál þetta, sem dómtekið var 16. f. m., hefur Eyjólfur Kolbeinsson stórkaupmaður hér í bæ vegna firmans Kolbeins Þorsteinssonar & Co. hér í bænum og fyrir hönd Hvile Vask Kompagniet í Kaupmannahöfn höfðað fyrir sjó- og verzlunardómi Reykjavíkur með stefnu, út gefinni 31. ágúst 1955, gegn stjórnendum Neytendasamtaka Reykjavíkur fyrir hönd samtakanna og fyrstu stjórnendum Neytendasamtaka Reykjavíkur persónulega, þeim Sveini Ásgeirssyni hagfræðingi, Grettisgötu 67 A, Elsu Guðjónsson húsfrú, Laugateigi 31, Gunnari Friðrikssyni framkvæmdastjóra, Grenimel 13, dr. Gunnlaugi Þórðarsyni héraðsdómslögmanni, Leifsgötu 15, Halldóru Eggertsdóttur námsstjóra, Bjargarstíg 2, Halldóru Einarsdóttur húsmæðrakennara, Þormóðsstöðum, Svövu Sigfúsdóttur húsfrú, Barónsstíg 39, Gunnari Björnssyni efnaverkfræðingi, Grenimel 13, Ingólfi Guðmundssyni verðgæzlustjóra, Garðastræti 14, Jónínu Guðmundsdóttur húsfrú, Barónsstíg 80, Lárusi Jónatanssyni verkamanni, Nesvegi 64, Pétri Péturssyni skrifstofustjóra, Hringbraut 45, Sveini Ólafssyni fulltrúa, Hólmgarði 46, Torfa Þorsteinssyni verkstjóra, Hringbraut 45, Vilhjálmi Árnasyni héraðsdómslögmanni, Skipasundi 21, Snorra P. Snorrasyni lækni, Grettisgötu 57 A, Valdimar Jónssyni efnaverkfræðingi, Reykjavíkurvegi 29, Þórhalli Halldórssyni mjólkurfræðingi,

Eiríksgötu 31, Margréti Jónsdóttur húsfrú, Leifsgötu 27, Helgu Sigurðardóttur skólastjóra, Drápuhlíð 42, Önnu Gísladóttur húsfrú, Laugavegi 66 B, Einari Jóhannssyni, Bergstaðastræti 48 A, Dagbjörtu Jónsdóttur húsfrú, Laugavegi 66 B, Arinbirni Kolbeinssyni lækni, Miklubraut 1, og Gísla Þorkelssyni efnaverkfræðingi, Melgerði 7, öllum hér í bænum.

Eftir gögnum þeim, sem fram hafa komið, eru málavextir þessir:

Á fundi, sem haldinn var í Reykjavík 26. janúar 1953, var samþykkt að stofna félag, sem nefnt var Neytendasamtök Reykjavíkur. Framhaldsstofnfundur félagsins var haldinn 23. marz s. á., og voru félaginu þar sett lög og stjórn kjörin. 3. grein félagslaganna hljóðar svo:

„Markmið samtakanna er: að gæta hagsmuna neytenda almennt í Reykjavík. Tilgangi sínum hyggjast samtökin að ná m. a. með því:

1. að vaka yfir því, að fyllsta tillit sé tekið til neytenda almennt, þegar settar eru reglur eða ákvarðanir teknar, sem snerta hagsmuni neytenda,
2. að upplýsa almenning um gildi vöruvals og nauðsyn þess að standa á verði um það að láta ekki blekkjast í viðskiptum,
3. að öryggi í viðskiptum verði aukið með því, að komið verði á fót gæðamati og gæðamerkingum neytendum til leiðbeiningar,
4. að stuðla að því á allan hátt, að á boðstólum séu fyrir almenning nægar og hentugar vörur og almenn þjónusta í samræmi við hagsmuni neytendanna."

Í fyrstu stjórn félagsins voru fyrrgreindir menn kjörnir.

Innan félagsins starfaði og mun starfa svonefnd gæðamatsnefnd, og skipuðu hana efnaverkfræðingarnir Gísli Þorkelsson, Gunnar Björnsson og Valdimar Jónsson, sem einnig voru allir í stjórn félagsins.

Þrír af stjórnendum félagsins, þau Sveinn Ásgeirsson, formaður þess, Gunnlaugur Þórðarson og Halldóra Eggertsdóttir, voru kjörnir í svonefnda framkvæmdanefnd, og mun hlutverk hennar hafa verið það að hafa forgöngu um verkefni þau, er félagið tækist á hendur.

Í ágústmánuði 1953 hóf stefnandi, firmað Kolbeinn Þorsteinsson & Co., innflutning og sölu hér á landi á þvottaefninu Hvile Vask, sem framleitt var af Sana Laboratoriet í Kaupmannahöfn, en Hvile Vask Kompagniet, Allégade 27—29 í Kaupmannahöfn, var einkasali fyrir þvottaefni þetta, og fékk Kolbeinn Þorsteins-

son & Co. frá firma þessu einkaumboð fyrir þvottaefnið hér á landi. Kveður stefnandi, að firmað hafi í ágústmánuði 1953 selt hér 273 pakka af þvottaefninu, í septembermánuði 2945 pakka og salan hafi stöðugt aukizt, þar til hún í nóvembermánuði hafi komizt upp í 8180 pakka. Eftir það hafi sala á þvottaefninu verið mjög lítil, og verður nánar vikið að því síðar.

Haustið 1953 fólu framkvæmdanefndarmennirnir Sveinn Ásgeirsson og Gunnlaugur Þórðarson gæðamatsnefnd að taka þvottaefnið Hvile Vask til rannsóknar. Höfðu þeir áður verið sammála um það, að æskilegt væri að leita álits gæðamatsnefndar á öllum helztu þvottaefnum, sem þá voru á boðstólum hér í bænum. Ræddu þeir um þetta við gæðamatsnefnd, en hún taldi það svo umfangsmikið og kostnaðarsamt, að það væri óframkvæmanlegt. Hins vegar taldi hún gerlegt að taka til rannsóknar eitt eða fá þvottaefni, og varð Hvile Vask fyrir valinu í því skyni. Kveða framkvæmdanefndarmenn þessir, að ástæðan til þess, að þeir báðu gæðamatsnefnd að rannsaka Hvile Vask-þvottaefnið, hafi verið sú, að þeim hefðu borizt margar fyrirspurnir og jafnvel kvartanir um þvottaefni þetta, sem á þessum tíma muni hafa verið mikið auglýst. Þeir gátu þó ekki við réttarrannsókn þá, sem síðar verður vikið að, tilgreint neina ákveðna menn, er spurzt hefðu fyrir um þvottaefnið eða kvartað yfir því.

Þegar gæðamatsnefnd hafði verið falin athugun á Hvile Vask-þvottaefninu, óskaði Gunnar Björnsson, sem var starfsmaður Sápugerðarinnar Friggjar hér í bænum, að hverfa úr nefndinni. en fyrrnefndir framkvæmdanefndarmenn töldu ekki ástæðu til þess, þar sem hinir tveir nefndarmennirnir voru ekki viðriðnir neitt þvottaefnisfyrirtæki, enda álitu þeir heppilegt, að við rannsóknina væri maður, sem hefði sérstaka þekkingu og reynslu varðandi þvottaefni.

Gæðamatsnefnd fól síðan Atvinnudeild háskólans að efnagreina þvottaefnið Hvile Vask, og samkvæmt vottorði hennar, dags. 20. október 1953, var þar framkvæmd efnagreining á 1 pakka af þvottaefninu, er keyptur hafði verið í nafngreindri verzlun hér í bænum.

Samkvæmt vottorðinu var niðurstaða efnagreiningarinnar þessi:

Feitisýrur	25.24%
Vatn	30.42%
Ekvivalenttala feitisýra	257.6
Súrefnisjafngildi bleikiefna	3.05%,

en það samsvarar 30.5% af natríumperborati tetrahýdrati (NA BO_3 $4H_2O$).

Að efnagreiningu lokinni samdi gæðamatsnefnd svohljóðandi greinargerð um rannsóknina, og stóðu allir nefndarmenn að henni:

„Eins og nýlega var getið um, hafa Neytendasamtök Reykjavíkur skipað gæðamatsnefnd, sem hefur það hlutverk að vaka yfir því, að neytendur séu ekki óvitandi og varnarlausir gagnvart lélegum neyzluvörum, sem hafðar eru á boðstólum. Að vísu hlýtur þessi starfsemi að vera lítil að vöxtum til að byrja með, þar sem bæði skortir fé og tæki til þess að gera samanburðarrannsóknir, en vitanlega væri æskilegt, að gæðamat væri á sem flestum neyzluvörum almennings til þess að gefa fólki kost á að kynnast gæðum þeirra og löstum, áður en kaup eru gerð.

Fyrsta mál, sem nefndin tekur fyrir, er, samkvæmt tilmælum Neytendasamtakanna, athugun á þvottahæfni þvottaefnisins Hvile Vask, sem er framleitt í Danmörku. Er þetta gert vegna fyrirspurna, sem samtökunum hafa borizt um þetta þvottaefni. Nefndin hefur látið rannsaka það, og eru niðurstöður Atvinnudeildar háskólans um það eftirfarandi:

Sápa	27.4%
Vatn	30.4%
Bleikiefni (natríumperborat)	30.5%

Þyngd eins pakka var 368.5 g með umbúðum.

Verð eins pakka var kr. 14.85 (pakkinn var keyptur hjá Silla & Valda).

Með hliðsjón af efnagreiningu Atvinnudeildarinnar má draga eftirfarandi ályktanir:

1. að sápuinnihald þess sé fremur lítið, þar sem sápuinnihald í góðu þvottaefni er venjulega um 35—45%.

2. Hvile Vask inniheldur ákaflega mikið bleikiefni eða 4—6 sinnum meira en hæfilegt er og venjulegt getur talizt í sjálfvirkum þvottaefnum.

3. Hvile Vask er mjög dýrt samanborið við gamalreynd og viðurkennd þvottaefni, sem hér eru á markaði.

4. Hið óeðlilega mikla bleikiefnainnihald Hvile Vask samfara tiltölulega litlu sápuinnihaldi hefur það í för með sér, að þvottur með því byggist ekki fyrst og fremst á hreinsun óhreininda úr þvottinum, eins og ætlun er með þvotti, en miklu fremur á bleikingu óhreinindanna í honum og bleikingu efnisins, sem þvegið er.

Með notkun Hvile Vask má að vísu fá hvítan þvott, en með

svona miklu bleikiefnisinnihaldi og við þau skilyrði, sem leiðarvísir á Hvile Vask-pakkanum segir til um, er ofbleiking óhjákvæmileg á þvottinum, en hún veldur, þegar til lengdar lætur, óhæfilega miklu sliti á honum. Of mikil bleiking hefur það í för með sér, að þræðir efnisins verða stökkir og brotna því fremur.

Af framangreindum ástæðum verður gæðamatsnefnd Neytendasamtakanna að vara almenning við einhliða notkun Hvile Vask. Hins vegar getur nefndin fallizt á, að það megi nota sem bleikiefni með öðrum þeim þvottaefnum, sem ekki innihalda bleiki, en þá væri hæfilegt að nota 4—6 sinnum minna af Hvile Vask en gefið er upp í leiðarvísi á pakkanum. Það yrði þó dýrara í notkun en flest bleikiefni, sem húsmæður eru vanar að nota."

Greinargerð þessa afhenti gæðamatsnefnd Sveini Ásgeirssyni, formanni félagsins og framkvæmdanefndarmanni, og ákvað hann og framkvæmdanefndarmaðurinn Gunnlaugur Þórðarson að birta hana í blöðum og sendu hana blöðunum til birtingar. Gerðu þeir þetta á eigin spýtur.

Í Morgunblaðinu, sem út kom 13. nóvember 1953, birtist síðan grein með yfirskriftinni: *Fyrsta aðvörun gæðamatsnefndar Neytendasamtakanna til manna.*

Segir þar fyrst, að nú hafi gæðamatsnefnd Neytendasamtakanna sent frá sér fyrstu aðvörun sína eða leiðbeiningu til almennings, og sé þar varað við einhliða notkun danska þvottaefnisins Hvile Vask, sem muni hafa átt nokkrum vinsældum að fagna meðal húsmæðra. Síðan er tekið upp í greinina orðrétt úr greinargerðinni efnagreining Atvinnudeildarinnar og niðurstöður gæðamatsnefndar, en efninu er skipt undir þessar undirfyrirsagnir:

Óeðlilega mikið bleikiefni. Má fá hvítan þvott, en ofbleiking óhjákvæmileg. Varað við einhliða notkun.

Samhljóða greinar komu sama dag í Tímanum og Þjóðviljanum. Er fyrirsögn greinarinnar í Tímanum þessi:

Gæðamatsnefndin tekin til starfa. Varar við einhliða notkun þvottaefnisins Hvile Vask. En í Þjóðviljanum er fyrirsögnin: *Gæðamatsnefnd Neytendasamtakanna varar almenning við einhliða notkun þvottaefnis.*

Í Tímanum er sett inn í greinina undirfyrirsögnin: *Varað við notkun.* En í Þjóðviljagreininni er engin undirfyrirsögn.

Þá birtist sama dag í Alþýðublaðinu grein undir fyrirsögninni: *Gæðamatsnefnd varar við notkun þvottaefnisins Hvile Vask* — svo hljóðandi:

„Gæðamatsnefnd Neytendasamtaka Reykjavíkur er nú tekin til starfa. Hefur nefndin rannsakað þvottaefnið Hvile Vask og komizt að þeirri niðurstöðu, að sápuinnihald efnisins er óeðlilega lítið.

Við efnagreiningu reyndust hlutföllin þessi: sápa 27.4%, vatn 30.4% og bleikiefni 30.5%. Sápuinnihald í góðu þvottaefni er venjulega 35—45%. Má af því marka, hversu lítið sápuinnihald er í Hvile Vask. Hins vegar inniheldur þvottaefnið óhóflega mikið bleikiefni eða 4—6 sinnum meira en venjulegt og hæfilegt getur talizt í sjálfvirku þvottaefni. Byggist þvotturinn með Hvile Vask einmitt á því, að þvotturinn er fremur bleiktur en hreinsaður. Vill gæðamatsnefnd því vara almenning við einhliða notkun þvottaefnisins Hvile Vask."

Loks birtist í Neytendablaðinu fyrir desember, sem Sveinn Ásgeirsson var meðritstjóri að, grein undir fyrirsögninni:

Starf gæðamatsnefndar N.S.R. vekur alþjóðarathygli.

Eftir nokkur inngangsorð segir svo undir fyrirsögninni: *Af hverju Hvile Vask fyrst?*

„Á þann hátt hafa margir spurt, en þannig hefði mátt spyrja, á hverju sem byrjað hefði verið. Að sjálfsögðu var málið athugað vandlega, áður en ákveðið var að birta niðurstöður gæðamatsnefndarinnar, eftir að henni hafði verið falið sérstaklega að rannsaka þvottaefni þetta. Stjórn N.S.R. var það vel ljóst, hver áhætta fylgdi þessu skrefi, en einnig hitt, að mikil verðmæti voru í húfi fyrir einstaklinga og þjóðina í heild. Eru samtökin við öllu búin í þessu máli." Þá kemur undirfyrirsögnin:

Af hverju ekki öll þvottaefni? og síðan framhald svo hljóðandi:

„Í fyrstu var ætlunin að rannsaka öll þvottaefni, erlend og innlend, sem hér eru á markaði, en það reyndist allt of umfangsmikið verkefni og of dýrt til þess, að samtökin gætu kostað það að sinni. En Hvile Vask, sem gaf flest tilefni til rannsókna, reyndist hafa slíka sérstöðu meðal þvottaefna, að full ástæða var að vara fólk við einhliða notkun þess, eins og gert var. Leiðbeiningarnar á pökkunum sjálfum voru beinlínis villandi samkvæmt niðurstöðum gæðamatsnefndarinnar. Og niðurstöður hinna þriggja efnafræðinga, sem nefndina skipa, voru að sjálfsögðu dregnar samkvæmt viðurkenndum vísindalegum reglum um þessi efni." — Síðan eru birtar orðréttar niðurstöður gæðamatsnefndar og með sömu undirfyrirsögnum og í Morgunblaðinu.

Fyrirsagnir munu ekki hafa fylgt greinargerð gæðamatsnefndar til dagblaðanna frá framkvæmdanefndarmönnunum. Hins vegar

setti Sveinn Ásgeirsson og meðritstjóri hans að Neytendablaðinu fyrirsagnir að greininni, sem birtist í því blaði, og inn í hana.

Framangreindar aðgerðir framkvæmdanefndarmannanna Sveins Ásgeirssonar og Gunnlaugs Þórðarsonar, þ. e. ákvörðun þeirra um að fela gæðamatsnefnd rannsókn á þvottaefninu Hvile Vask og síðar birting greinargerðarinnar í blöðum, voru ekki bornar formlega undir almennan stjórnarfund, áður en þær fóru fram, en þær höfðu verið ræddar á slíkum fundum, sem munu hafa verið svo fámennir, að þeir voru ekki ályktunarhæfir. Hins vegar skýrði formaður N.S.R. á almennum stjórnarfundi, sem haldinn var 21. nóvember 1953, frá fyrrgreindum aðgerðum þeirra framkvæmdanefndarmannanna, og voru þær samþykktar einróma. Segir í fundargerðinni, að 14 stjórnarmenn hafi sótt fund þennan.

Stefnandi telur, að allar hinar niðrandi staðhæfingar Neytendasamtaka Reykjavíkur um þvottaefnið Hvile Vask séu rangar og að engu hafandi. Rannsóknir, er síðar verður greint frá, sýni m. a., að það sé með öllu rangt, að óeðlilega mikið bleikiefni sé í Hvile Vask. Þvottaefni þetta hreinsi þvott með sérstökum hætti, það leysi upp óhreinindin úr þvottinum og bleiki ekki óeðlilega, heldur skýri alla liti, en deyfi þá ekki á nokkurn hátt. Þá sé og sannað með slitþolsrannsóknum, að óvenjulega lítið slit verði á þvotti, sem þveginn sé úr Hvile Vask. Heldur stefnandi því fram, að með framangreindum aðgerðum hafi fyrstu stjórnendur Neytendasamtaka Reykjavíkur farið með og útbreitt um Hvile Vask-þvottaefnið rangar sögusagnir, sem miði til að hnekkja sölu þvottaefnisins. Þá eigi þessar sögusagnir einnig við atvinnufyrirtæki það, Sana Laboratoriet, sem framleiði þvottaefnið, og séu til þess fallnar að hnekkja sölu fyrirtækisins á þvottaefninu hér á landi. Telur stefnandi, að nefndir stjórnendur hafi með þessu athæfi gerzt brotlegir við 11. gr. laga nr. 84 frá 1933, um varnir gegn óréttmætum verzlunarháttum, og beri að refsa þeim af því efni eftir ákvæðum greinarinnar. Þá telur stefnandi og, að þessir stjórnendur Neytendasamtakanna hafi með umræddu athæfi einnig brotið gegn 229. gr. og 2. málsgr. 232. gr. almennra hegningarlaga, nr. 19. frá 1940, og þannig unnið til refsingar eftir þeim lagaboðum. Enn fremur telur stefnandi sýnt, að aðgerðir Neytendasamtaka Reykjavíkur gegn sölu þvottaefnisins Hvile Vask, þær er að framan hafa verið raktar, hafi borið þann árangur, að sala þvottaefnisins hafi þegar dregizt svo saman, að varla hafi verið um neina sölu á þvottaefninu

að ræða, eftir að Neytendasamtökin hófust handa gegn því. Meira að segja hafi orðið nokkur tregða á sölu efnisins í Færeyjum, eftir að fyrrnefndar greinar birtust í hinum íslenzku blöðum. Hefur stefnandi því til stuðnings, að sala þvottaefnisins hafi dregizt saman, lagt fram vottorð löggilts endurskoðanda þess efnis, að samkvæmt birgðaskrám og dagbók firmans Kolbeins Þorsteinssonar & Co. frá 4. ágúst 1953 til 22. okt. s. á. og frumsölubókum, sem ná yfir tímabilið frá 19. október 1953 til 26. marz 1954, hafi sala firmans á Hvile Vask verið sem hér segir:

Í ágúst 1953	131	pakki
- september 1953	2756	pakkar
- október 1953	7314	—
- nóvember 1953	8255	—
- desember 1953	567	—
- janúar 1954	420	—
- febrúar 1954	1036	—
- marz 1954	162	—

Af þessu yfirliti megi sjá, að sala þvottaefnisins fari stöðugt vaxandi fram í nóvembermánuð eða þar til út hafi komið í dagblöðum bæjarins greinar Neytendasamtaka Reykjavíkur gegn Hvile Vask. Hins vegar sjáist og af yfirlitinu, að eftir þann tíma hafi sala á þvottaefninu fallið niður í lítið sem ekki neitt, enda hafi svo verið síðan.

Stefnandi telur öldungis öruggt, að sala á þvottaefninu Hvile Vask mundi hafa haldið áfram að aukast, ef Neytendasamtök Reykjavíkur hefðu ekki hafizt handa um að berjast gegn sölu þvottaefnisins. Telur hann sennilegt, að firma hans, Kolbeinn Þorsteinsson & Co., og Hvile Vask Kompagniet hafi misst af sölu hér á landi á um 9000 pökkum af þvottaefninu til jafnaðar á mánuði, eftir að liðinn var nóvembermánuður 1953, vegna fyrrgreindra aðgerða Neytendasamtaka Reykjavíkur, og þó megi ætla, að þessi áætlun sé allt of lág. Á tímabilinu desember 1953—apríl 1954 hafi því fyrirtæki þessi misst af sölu á 45.000 pökkum af Hvile Vask, en sé miðað við tímabilið desember 1953—ágúst 1955, hafi þau misst af sölu á samtals 189.000 pökkum af þvottaefninu. Samkvæmt upplýsingum frá Hvile Vask Kompagniet nemi álagning þess félags á hvern pakka 40 dönskum aurum og álagning firmans Kolbeins Þorsteinssonar & Co. sé kr. 1.25 á hvern pakka. Nemi því tjón Hvile Vask Kompagniets af völdum Neytendasamtaka Reykjavíkur í sambandi við sölu á Hvile Vask-þvottaefninu miðað við tímabilið desember 1953—

apríl 1954 dönskum kr. 18.000,00 og tjón firmans Kolbeins Þorsteinssonar & Co. miðað við tímabilið desember 1953 — ágúst 1955 ísl. kr. 236.500,00 (svo).

Þá heldur stefnandi því fram, að að sjálfsögðu megi búast við stöðugu og áframhaldandi tjóni, meðan Neytendasamtök Reykjavíkur birti ekki leiðréttingu á aðförum sínum, og jafnvel megi ætla, að slík leiðrétting mundi ekki bæta að fullu í framtíðinni fyrir aðgerðir félagsins. Á þessum grundvelli geymir stefnandi firma sínu og Hvile Vask Kompagniet rétt til frekari bótagreiðslna í framtíðinni úr hendi Neytendasamtaka Reykjavíkur út af umræddu efni.

Stefnandi kveðst hvað eftir annað hafa skorað á stjórnendur Neytendasamtaka Reykjavíkur að afturkalla ummæli sín um Hvile Vask-þvottaefnið og birta opinberlega leiðréttingar á þeim, en þessar áskoranir hafa verið árangurslausar. Liggur fyrir í málinu endurrit af bréfi, dags. 19. janúar 1954, til Neytendasamtaka Reykjavíkur frá Tage Lasson, Landsretssagförer í Kaupmannahöfn, þar sem hann skorar á Neytendasamtökin að afturkalla ummæli sín um Hvile Vask þegar í stað opinberlega í sömu blöðum og þau birtust, en engin slík afturköllun hefur átt sér stað.

Með vísan til rökfærslu sinnar, sem rakin er hér að framan, hefur stefnandi gert þær dómkröfur í málinu,

að áðurnefndir fyrstu stjórnendur Neytendasamtaka Reykjavíkur verði dæmdir til að sæta hinni þyngstu refsingu, sem lög leyfa, og

að þeir persónulega og núverandi stjórnendur Neytendasamtaka Reykjavíkur fyrir hönd samtakanna verði in solidum dæmdir til að greiða honum í skaðabætur vegna firmans Kolbeins Þorsteinssonar & Co. ísl. kr. 236.250,00 og fyrir hönd Hvile Vask Kompagniet danskar kr. 18.000,00 auk 6% ársvaxta frá stefnudegi til greiðsludags og málskostnaðar að skaðlausu.

Hinir stefndu stjórnendur hafa persónulega og fyrir hönd Neytendasamtaka Reykjavíkur *aðallega* krafizt sýknu af öllum kröfum stefnanda og málskostnaðar úr hendi hans eftir mati dómsins. *Til vara* krefjast þeir, að einstakir stjórnarmenn persónulega verði sýknaðir, að bótakröfur stefnanda verði stórlega lækkaðar og málskostnaður verði látinn falla niður.

Aðalkröfu sína reisa stefndu á því, að þar sem það sé einn aðaltilgangur Neytendasamtaka Reykjavíkur að leiðbeina almenningi um vörukaup og með því að leiðbeiningar þær, sem í té

voru látnar, hafi verið byggðar á niðurstöðum gæðamatsnefndar Neytendasamtakanna og þær niðurstöður veitt nægа ástæðu til að vara við einhliða notkun þvottaefnisins Hvile Vask, þá beri að sýkna þau öll af kröfum stefnanda í málinu. Benda stefndu á, að Neytendasamtökunum sé heimilt að gagnrýna þær vörur, sem á boðstólum séu hverju sinni, svo fremi slík gagnrýni sé á rökum reist. Slík starfsemi sé frá þjóðhagslegu sjónarmiði nauðsynleg og sjálfsögð, og mundi sýknudómur í máli þessu því á sinn hátt mega skoðast vottur þess, að slík starfsemi megi þrífast áfram og teljast réttmæt.

Þá mótmæla stefndu því sérstaklega, að þau hafi á nokkurn hátt gerzt brotleg við refsiákvæði.

Varakröfuna reisa stefndu í fyrsta lagi á því, að sala á Hvile Vask sé ekki rétt gefin upp hjá stefnanda. Í öðru lagi telja þau, að sala þvottaefnis þessa hefði sjálfkrafa dregizt saman án tilverknaðar Neytendasamtakanna vegna reynslu, sem fengizt hefði við notkun þvottaefnisins, svo sem reyndin hefði orðið á í framleiðsluborg þvottaefnisins, Kaupmannahöfn. Loks reisa stefndu kröfu sína um sýknu fyrir einstaka stjórnarmenn Neytendasamtaka Reykjavíkur á því, að óréttmætt sé að sækja nokkurn þeirra til ábyrgðar persónulega, þar eð störf þeirra séu þjónusta við almenning án nokkurs endurgjalds, hvað þá ávinningsvonar.

Stefnandi hefur lagt fram vottorð frá Steins Laboratorium í Kaupmannahöfn um efnagreiningu á 4 sýnishornum af þvottaefninu Hvile Vask, og voru þrjú sýnishornin keypt af stofnuninni í tilteknum verzlunum í borginni, auðkennd I, II og III, en hið 4. sent stofnuninni af Hvile Vask Kompagniet og auðkennt 1. Niðurstöður rannsóknarinnar á sýnishornunum voru þessar:

	I	II	III	1.
Þyngdartap við þurrkun v. 105°C.	27,9%	26,8%	30,5%	26,8%
Feitisýra	28,6%			28,0%
Natríumkarbónat (Na_2CO_3)	30,5%			36,5%
Natríumperborat (NA BO_3,H_2O)	17,4%			14,2%

Síðan segir í vottorðinu, að eftir efnagreiningunni geti samsetning sýnishorna I og 1. hafa verið þessi:

	I	1.
Sápa	ca. 35%	ca. 34%
Vatnslaus (kalsineret) sódi (Na_2CO_3) ..	— 30,5%	— 36,5%
Natríumperborat (Na BO_3,H_2O)	— 26,8%	— 21,7%
Afgangur (raki)	— 7,7%	— 7,8%

Þá hefur stefnandi og lagt fram vottorð frá J. & O. Hansens Laboratorium í Kaupmannahöfn, dags. 26. nóvember 1953, þess efnis, að rannsóknarstofan hafi þvegið venjulegan hörvefnað 75 sinnum úr þvottaefninu Hvile Vask og látið opinbera rannsóknarstofu mæla styrkleika vefnaðarins óþvegins og þvegins 75 sinnum. Varð niðurstaðan sú, að styrkleiki uppistöðunnar óþveginnar reyndist vera 39 kg, en á henni þveginni 37 kg. Styrkleiki óþvegins ívafsins var 65 kg, en þvegins 64 kg.

Styrkleikarannsókn þessi mun hafa verið gerð af Teknologisk Institut í Kaupmannahöfn, sbr. bréf stofnunarinnar, dags. 24. nóvember 1953 og auðkennt nr. 11 á dskj. nr. 3.

Enn hefur stefnandi lagt fram hinn 10. maí 1954 vottorð frá 22 húsmæðrum hér í bænum þess efnis, að þær hafi notað Hvile Vask-þvottaefnið að miklu eða öllu leyti, síðan það kom á markaðinn, og geti ekki séð, að þvottaefnið hafi skemmt eða eyðilagt þvottinn, þvert á móti virðist þeim Hvile Vask vera gott þvottaefni.

Af vottorðsgefendum þessum voru 6 valdar af handahófi og kallaðar fyrir dóm sem vitni. Töldu þær vottorðið rétt að efni til og skýrðu svo frá, að þeim virtist Hvile Vask hreinsa þvottinn vel og þær hefðu ekki orðið þess varar, að það ylli skemmdum á honum.

Í sjó- og verzlunardómi Reykjavíkur hinn 25. maí 1954 voru þeir dr. Björn Jóhannesson og Pétur Sigurjónsson efnaverkfræðingar dómkvaddir til að efnagreina 3 pakka af þvottaefninu Hvile Vask, pakka auðkenndan nr. I, afhentan af stefnanda, pakka auðkenndan nr. II, afhentan af dr. Gunnlaugi Þórðarsyni, og pakka auðkenndan nr. III, keyptan að tilhlutun dómsins í verzlun Silla & Valda í Aðalstræti.

Þá var hinum dómkvöddu mönnum jafnframt falið að framkvæma styrkleikarannsókn á nýju baðmullarefni, fyrir og eftir að það hefði verið þvegið 50 sinnum með þvottaefninu Hvile Vask, og eftir þeim reglum, sem skráðar eru á umbúðir þvottaefnisins.

Samkvæmt álitsgerð hinna dómkvöddu manna, dags. 12. nóvember 1954, framkvæmdu þeir efnagreiningu á áðurgreindum 3 pökkum og auk þess á meðalsýnishorni af 16 pökkum af þvottaefninu, er keyptir voru í 4 nafngreindum verzlunum í Reykjavík. Var meðalsýnishorn þetta auðkennt nr. IV.

Þessar efnarannsóknir voru gerðar á umræddum sýnishornum:

1. Þyngdartap við þurrkun við 105°C yfir nótt.
2. Innihald af perborati.
3. Innihald af sápu.
4. Innihald af karbónati.

Niðurstaða efnagreiningarinnar á sýnishornunum var þessi:

Sýnishorn:	I	II	III	IV
Þyngdartap við þurrkun við 105°C.	24,6%	24,6%	25,1%	26,5%
Perborat, reiknað sem Na BO_2 H_2 O_2, $3H_2$ O	31,0%	28,8%	30,2%	30,8%
Sápa, reiknuð sem Na-salt af feitisýrum	29,4%	29,2%	30,5%	27,0%
Natríumkarbónat, reiknað sem Na_2 CO_3	21,2%	21,7%	20,7%	21,5%

Þá þvoðu hinir dómkvöddu menn baðmullarefni úr Hvile Vask-þvottaefninu 50 sinnum og höguðu þvottinum í samræmi við leiðarvísi, sem prentaður var á umbúðirnar. Þvegið var úr misjafnlega sterkum þvottalegi. Í veikari löginn voru sett 326 gr (1 pakki) af Hvile Vask í 75 lítra af vatni eða 21,8 gr í 5 lítra, en það magn þvottalagar var notað við þvottinn. Í sterkari löginn voru hins vegar sett 29,6 gr í 5 lítra vatns. Að þvotti loknum var mældur styrkleiki hins þvegna baðmullarvefnaðar, uppistöðu og ívafs, hvors í sínu lagi, en jafnframt til samanburðar styrkleiki sama vefnaðar óþvegins.

Niðurstöður styrkleika eða slitþolsmælinganna voru þessar:

	Uppistaða	Ívaf
Baðmullarvefnaður, þveginn í eitt skipti	24,0 ÷ 1,5 kg	24,7 ÷ 1,3 kg
Vefnaður, þveginn 50 sinnum úr veikari leginum	20,0 ÷ 1,0 —	20,2 ÷ 1,5 —
Vefnaður, þveginn 50 sinnum úr sterkari leginum	19,5 ÷ 1,0 —	20,2 ÷ 0,7 —

Svarar þetta til, að að meðaltali minnki styrkleiki baðmullarvefnaðarins við þvott í 50 skipti úr Hvile Vask um 16,6% fyrir uppistöðu og 18,2% fyrir ívaf, þegar þvegið er úr hinum veikari þvottalegi, en um 18,8% fyrir uppistöðu og 18,2% fyrir ívaf, þegar þvegið er úr sterkari leginum.

Efnagreiningar þær, sem fyrir liggja í málinu og raktar hafa verið hér að framan, sýna aðeins óverulegan og ekki óeðlilegan

mismun á efnasamsetningu þvottaefnisins Hvile Vask, og skiptir sá mismunur ekki máli við notkun efnisins.

Hins vegar verður að telja sannað með álitsgerð hinna dómkvöddu manna, sem studd er af fyrrgreindri slitþolsrannsókn í Kaupmannahöfn og vætti húsmæðranna 6, sem áður er drepið á, að þvottur með þvottaefninu Hvile Vask valdi ekki óeðlilegu sliti á vefnaði, þegar farið er við þvottinn eftir leiðbeiningum þeim, sem skráðar eru á umbúðir þvottaefnisins. Ályktanir þær, sem gæðamatsnefnd dregur af efnagreiningu Atvinnudeildar háskólans um áhrif bleikiefnis þess, natríumperborats, sem þvottaefnið Hvile Vask inniheldur, á vefnað, sem þveginn er úr þvottaefninu, hafa því ekki við rök að styðjast, og var þá einnig óréttmætt að vara almenning hér á landi við notkun þvottaefnisins á þann hátt, er gert var og rakið hefur verið hér að framan.

Með bréfi, dags. 24. apríl 1954, kærði stefnandi fyrir hönd fyrrgreindra umbjóðenda sinna til sjó- og verzlunardóms Reykjavíkur yfir atferli því, sem lýst hefur verið hér að framan, og krafðist refsingar á hendur stjórnendum Neytendasamtaka Reykjavíkur eftir sömu lagaboðum og í máli þessu og skaðabóta úr hendi þeirra persónulega og fyrir hönd Neytendasamtakanna. Var málið rannsakað allýtarlega af dóminum og endurrit af rannsókninni síðan sent til dómsmálaráðuneytisins til fyrirsagnar með bréfi, dags. 11. marz 1955. Með bréfi ráðuneytisins, dags. 2. júní 1955, tilkynnti það sjó- og verzlunardóminum, að það „fyrirskipaði ekki frekari aðgerðir í máli þessu af hálfu hins opinbera".

Í 2. málsgr. 16. gr. laga nr. 84 frá 1933 segir meðal annars, að brot gegn 11. gr. laganna sæti málssókn samkvæmt beiðni þess, er fyrir óréttinum hefur orðið. Þá segir m. a. undir a í 2. tölulið 242. gr. almennra hegningarlaga, nr. 19 frá 1940, að brot gegn 232. gr. laganna sæti opinberri ákæru eftir kröfu þess manns, sem misgert var við. Sæta brot gegn 11. gr. laga nr. 84 frá 1933 og 2. málsgr. 232. gr. hegningarlaganna því skilyrtri opinberri ákæru.

Dómsmálaráðuneytið hefur, svo sem hér að framan er sagt, hafnað því að fyrirskipa opinbera málssókn gegn stjórnendum Neytendasamtaka Reykjavíkur fyrir meint brot þeirra á síðastnefndum lagaboðum. Er stefnandi því ekki réttur aðili að refsikröfu á hendur stjórnendunum fyrir brot á lagaákvæðum þessum.

Mál út af broti gegn 229. gr. hegningarlaganna sætir hins vegar einkaákæru. Lagagrein þessi hljóðar svo: „Hver, sem skýrir opin-

berlega frá einkamálefnum annars manns, án þess að nægar ástæður séu fyrir hendi, er réttlæti verknaðinn, skal sæta sektum eða varðhaldi allt að 1 ári."

Það verður ekki talið, að aðgerðir stjórnenda Neytendasamtaka Reykjavíkur varðandi þvottaefnið Hvile Vask, þær er lýst hefur verið, falli undir það að skýra opinberlega frá *einkamálefnum* annars manns. Hafa stjórnendurnir því ekki gerzt brotlegir við þessa grein.

Samkvæmt framansögðu ber því að sýkna stjórnendurna af öllum refsikröfum stefnanda í málinu.

Því hefur áður verið slegið föstu, að ályktanir gæðamatsnefndar um áhrif bleikiefnis þess, natríumperborats, sem þvottaefnið Hvile Vask inniheldur, á vefnað hafa ekki við rök að styðjast og að því var óréttmætt að vara almenning við notkun þess.

Það þykir nægilega í ljós leitt, að birting greinargerðar gæðamatsnefndar í áðurgreindum blöðum, eins og hún var úr garði gerð, hefur dregið mjög úr sölu þvottaefnis þessa hér á landi og á þann hátt valdið framleiðanda þvottaefnisins og einkaumboðsmanni hérlendis tjóni. Greinargerðin í heild var sérstaklega til þess fallin að fæla almenning frá að kaupa þvottaefni þetta. Þá sýnir og fyrrgreint vottorð hins löggilta endurskoðanda, sem ekki þykir ástæða til að vefengja og áður hefur verið rakið, að sala þvottaefnisins jókst hröðum skrefum fram í nóvembermánuð 1953, en í þeim mánuði birtist greinargerðin í blöðunum, en féll í næsta mánuði (desember) niður í óverulegan hluta þess, sem hún hafði áður verið, og náðist ekki upp aftur á tímabili því, sem vottorð endurskoðandans nær yfir.

Framkvæmdanefndarmennirnir Sveinn Ásgeirsson og Gunnlaugur Þórðarson höfðu, eins og áður er sagt, forgöngu um rannsókn gæðamatsnefndar á umræddu þvottaefni og síðar um birtingu greinargerðar hennar í blöðunum í nafni Neytendasamtaka Reykjavíkur. Aðgerðir þessar voru bornar undir almennan stjórnarfund samtakanna, sem haldinn var 21. nóvember 1953 eða 8 dögum síðar en greinargerðin birtist í blöðum. Fund þennan virðist meiri hluti stjórnarmanna hafa sótt, og samþykktu þeir aðgerðirnar einróma. Er stefndi, Neytendasamtök Reykjavíkur, því fébótaskyldur gagnvart umbjóðendum stefnanda um það tjón, er umræddar aðgerðir kunna að hafa valdið þeim. Tilgangur samtakanna heimilar þeim að sjálfsögðu ekki gagnrýni á einstakar vörutegundir, nema hún sé fyllilega réttmæt.

Verður nú tekin til athugunar afstaða einstakra stjórnarmanna hinna stefndu samtaka til umræddra aðgerða.

Áður er fram komið, að sumar ályktanir gæðamatsnefndar í greinargerð þeirri, er hún afhenti fyrrnefndum framkvæmdanefndarmönnum, höfðu ekki við rök að styðjast. Gæðamatsnefndarmennirnir hafa hver um sig haldið því fram, að þeir hafi engan hlut átt að því, að greinargerð þeirra var birt í blöðum. Hins vegar verður orðalag síðustu málsgreinar greinargerðarinnar ekki skilið öðruvísi en svo, að þeir hafi samið greinargerðina með það fyrir augum, að hún yrði birt almenningi. Var því sérstaklega óvarlegt af þeim að afhenda greinargerð sína, að því er ætla má, til birtingar, án þess að hafa sannreynt í verki, hver áhrif þvottur með þvottaefninu Hvile Vask hefði á vefnað. En ekki verður séð, að þeir hafi gert neinar tilraunir í þá átt.

Að því athuguðu, sem hér á undan er rakið, verður að telja, að hinir stefndu gæðamatsnefndarmenn og stjórnarmenn, Gísli Þorkelsson, Gunnar Björnsson og Valdimar Jónsson, beri persónulega fébótaábyrgð á margnefndum aðgerðum gagnvart umbjóðendum stefnanda.

Framkvæmdanefndarmennirnir Sveinn Ásgeirsson og Gunnlaugur Þórðarson áttu frumkvæði að og höfðu forgöngu um margumræddar aðgerðir. Þeim hlaut að vera ljóst, hve mikið var í húfi, ef greinargerð gæðamatsnefndar, sem þeir létu birta opinberlega, var ekki á fullum rökum reist, og bar því að vera vel á verði um, að gagnrýnin, sem þar kom fram á Hvile Vaskþvottefninu, væri réttmæt. Þessa gættu þeir ekki sem skyldi, svo sem raun varð á. Verður því einnig að telja, að þeir beri persónulega fébótaábyrgð gagnvart umbjóðendum stefnanda á framangreindum aðgerðum.

Þessir hinna stefndu stjórnarmanna Neytendasamtaka Reykjavíkur viðurkenna að hafa sótt stjórnarfundinn 21. nóvember 1953 og samþykkt þar aðgerðir þær, er þá höfðu farið fram varðandi þvottaefnið Hvile Vask: Elsa Guðjónsson, Gunnar Friðriksson, Halldóra Eggertsdóttir, Pétur Pétursson, Sveinn Ólafsson, Snorri P. Snorrason, Þórhallur Halldórsson og Arinbjörn Kolbeinsson. Þykja þeir með þessu samþykki sínu hafa tekið á sig persónulega fébótaábyrgð á afleiðingum umræddra aðgerða, er síðar kæmu fram, en eins og áður getur, hefur ekki verið sýnt fram á, að aðgerðirnar hafi byrjað að valda umbjóðendum stefnanda

tjóni fyrr en í næsta mánuði eftir fundinn og birtingu greinargerðarinnar í blöðum.

Það verður ekki séð, að þessir hinna stefndu stjórnenda Neytendasamtaka Reykjavíkur hafi haft nokkur afskipti af oft nefndum aðgerðum varðandi þvottaefnið Hvile Vask, hvorki áður en þær fóru fram né heldur eftir á: Halldóra Einarsdóttir, Svava Sigfúsdóttir, Ingólfur Guðmundsson, Jónína Guðmundsdóttir, Lárus Jónatansson, Torfi Þorsteinsson, Vilhjálmur Árnason, Margrét Jónsdóttir, Helga Sigurðardóttir, Anna Gísladóttir, Einar Jóhannsson og Dagbjört Jónsdóttir. Hafa þau því ekki með afskiptum af aðgerðunum bakað sér fébótaábyrgð. Þá verður ekki heldur ætlazt til þess af þeim, að þau, eftir að aðgerðirnar höfðu verið framkvæmdar, hæfust handa um að sannreyna það, hvort þær hefðu við rök að styðjast. Ber því að sýkna þessi stefndu af skaðabótakröfum stefnanda vegna umbjóðanda hans, og verða því úrslit málsins, að því er þau varðar, að sýknukröfur þeirra verða teknar til greina, en eftir atvikum þykir rétt, að málskostnaður varðandi þau verði látinn falla niður.

Áður hafa verið rakin rök stefnanda fyrir fjárhæð bótakrafna hans vegna umjóðenda sinna, en eigi hefur honum tekizt að sanna gegn mótmælum stefndu, hvert raunverulegt tjón umbjóðenda hans varð á því tímabili, er bótakröfur þeirra miðast við.

Það athugast, að álagning framleiðandans og sölumannsins er ekki hreinn ágóði í þeirra vasa, frá henni hlýtur að dragast ýmis óhjákvæmilegur kostnaður. Þá þykir mega hafa hliðsjón af því við ákvörðun bótanna, að umbúðirnar um þvottaefnið Hvile Vask (pakkarnir) eru ekki lausar við áprentað skrum og hæpnar fullyrðingar. Enn ber á það að líta, að þvottaefnið var dýrt samanborið við gamalreynd og viðurkennd þvottaefni, sem hér voru á markaði.

Þegar framangreind atriði eru virt, svo og annað það, er máli skiptir, þykja bætur til stefnanda f. h. firmans Kolbeins Þorsteinssonar & Co. hæfilega áætlaðar kr. 40.000,00 og f. h. Hvile Vask Kompagniet kr. 6.000,00. Ber að dæma stefndu Svein Ásgeirsson, Gunnlaug Þórðarson, Gísla Þorkelsson, Gunnar Björnsson, Valdimar Jónsson, Elsu Guðjónsson, Gunnar Friðriksson, Halldóru Eggertsdóttur, Pétur Pétursson, Svein Ólafsson, Snorra P. Snorrason, Þórhall Halldórsson og Arinbjörn Kolbeinsson persónulega og Neytendasamtök Reykjavíkur til að greiða in solidum stefnanda greindar fjárhæðir með 6% ársvöxtum frá

stefnudegi til greiðsludags og málskostnað, er þykir hæfilega ákveðinn kr. 5.000,00.

Ísleifur Árnason setu-borgardómari kvað upp dóm þennan ásamt samdómendunum dr. Jóni E. Vestdal efnaverkfræðingi og Jóhanni Ólafssyni forstjóra.

Dómsorð:

Stefndu Halldóra Einarsdóttir, Svava Sigfúsdóttir, Ingólfur Guðmundsson, Jónína Guðmundsdóttir, Lárus Jónatansson, Torfi Þorsteinsson, Vilhjálmur Árnason, Margrét Jónsdóttir, Helga Sigurðardóttir, Anna Gísladóttir, Einar Jóhannsson og Dagbjört Jónsdóttir skulu vera sýkn af öllum kröfum stefnanda, Eyjólfs Kolbeinssonar fyrir hönd firmans Kolbeins Þorsteinssonar & Co. og Hvile Vask Kompagniet í máli þessu, og falli málskostnaður, að því er þau varðar, niður.

Þá skulu stefndu Sveinn Ásgeirsson, Gunnlaugur Þórðarson, Gísli Þorkelsson, Gunnar Björnsson, Valdimar Jónsson, Elsa Guðjónsson, Gunnar Friðriksson, Halldóra Eggertsdóttir, Pétur Pétursson, Sveinn Ólafsson, Snorri P. Snorrason, Þórhallur Halldórsson og Arinbjörn Kolbeinsson vera sýkn af refsikröfum stefnanda fyrir hönd áðurgreindra firma.

Stefndu Sveinn Ásgeirsson, Gunnlaugur Þórðarson, Gísli Þorkelsson, Gunnar Björnsson, Valdimar Jónsson, Elsa Guðjónsson, Gunnar Friðriksson, Halldóra Eggertsdóttir, Pétur Pétursson, Sveinn Ólafsson, Snorri P. Snorrason, Þórhallur Halldórsson og Arinbjörn Kolbeinsson persónulega og Neytendasamtök Reykjavíkur greiði in solidum stefnanda, Eyjólfi Kolbeinssyni f. h. firmans Kolbeins Þorsteinssonar & Co., kr. 40.000,00, og fyrir hönd Hvile Vask Kompagniet, kr. 6.000,00 ásamt 6% ársvöxtum af fjárhæðunum frá 31. ágúst 1955 til greiðsludags og kr. 5.000,00 í málskostnað, allt innan 15 daga frá lögbirtingu dóms þessa að viðlagðri aðför að lögum.

Miðvikudaginn 4. marz 1959.

Nr. 40/1959. **Elísabet Sigurðardóttir**
gegn
Þorvaldi Jónassyni.

Dóminn skipuðu hinir reglulegu dómarar Hæstaréttar.

Kærumáli frestað sjálfkrafa.

Úrskurður Hæstaréttar.

Sóknaraðili hefur skotið til Hæstaréttar ákvæði héraðsdóms um málskostnað með kæru 20. f. m., er barst dóminum 27. s. m.

Varnaraðili hefur áfrýjað málinu af sinni hendi með áfrýjunarstefnu 3. þ. m. til þingfestingar í aprílmánuði n.k. Þykir rétt, samkvæmt lögjöfnun frá 2. mgr. 117. gr. laga nr. 85/1936 að fresta kærumálinu sjálfkrafa, unz séð er, hvort áðurgreint áfrýjunarmál verður lagt í dóm.

Ályktarorð:

Kærumáli þessu er frestað sjálfkrafa samkvæmt framangreindu.

Miðvikudaginn 4. marz 1959.

Nr. 29/1959. **Elka G. Aradóttir**
gegn
Grótu Jónasdóttur.

Dóminn skipuðu hinir reglulegu dómarar Hæstaréttar.

Kærumál. Frávísun héraðsdóms staðfest.

Dómur Hæstaréttar.

Með kæru 22. nóvember f. á., sem barst Hæstarétti 18. f. m., hefur sóknaraðili kært til dómsins frávísunardóm, sem upp var kveðinn á aukadómþingi Árnessýslu 17. nóv-

ember f. á. í máli varnaraðilja gegn sóknaraðilja og gagnsök. Krefst sóknaraðili þess *aðallega*, að hinn kærði dómur verði úr gildi felldur og málinu vísað heim í hérað til dóms að efni til. *Til vara* krefst sóknaraðili breytingar á málskostnaðarákvæði hins kærða dóms, þannig að varnaraðilja verði dæmt að greiða henni málskostnað að skaðlausu. Þá krefst hún og þess, að niður verði felld ómerking á ummælum þeim, sem greind eru í hinum kærða dómi. Loks krefst hún kærumálskostnaðar úr hendi varnaraðilja.

Frá varnaraðilja hafa hvorki borizt kröfur né greinargerð.

Annar manna þeirra, sem var við kaupsamningsgerð málsaðilja, er látinn. Fallast má á það með héraðsdómara, að rétt sé að vísa aðalsök frá dómi, þar sem undan hefur verið látið fallast að afla skýrslna hins mannsins um atriði þau varðandi löghald og veðbókarvottorð, sem greind eru í hinum kærða dómi. Og vegna þeirra tengsla, sem eru milli málsefnis í aðalsök og gagnsök, má og fallast á, að gagnsök sé af þessum sökum einnig vísað frá héraðsdómi.

Ekki eru efni til að breyta málskostnaðar- né ómerkingarákvæðum hins kærða dóms. Ber því að staðfesta dóminn að niðurstöðu til.

Eftir atvikum er rétt, að kærumálskostnaður falli niður.

Dómsorð:

Hinn kærði dómur á að vera óraskaður.

Kærumálskostnaður fellur niður.

Dómur aukadómþings Árnessýslu 17. nóvember 1958.

Ár 1958, mánudaginn 17. nóvember, var í aukadómþingi Árnessýslu, sem haldið var í skrifstofu embættisins á Selfossi af hinum reglulega dómara, Páli Hallgrímssyni, kveðinn upp dómur í málinu nr. 24/1958: Gróa Jónasdóttir gegn Elku G. Aradóttur og gagnsök, en málið var eftir munnlegan flutning þess tekið til dóms hinn 14. sama mánaðar.

Mál þetta hefur frú Gróa Jónasdóttir, Háagerði 69 í Reykjavík, höfðað fyrir aukadóminum með stefnu, út gefinni 3. maí 1958, gegn frú Elku G. Aradóttur, Efri-Gróf í Villingaholtshreppi, til greiðslu skaðabóta fyrir samningsrof og leigu fyrir jarðarafnot,

alls kr. 35.000,00, með 6% ársvöxtum frá stefnudegi til greiðsludags og til greiðslu málskostnaðar að skaðlausu. Til vara hefur stefnandi krafizt þess, að henni verði dæmd lægri fjárhæð úr hendi stefndu skv. mati dómarans.

Stefnda hefur krafizt sýknu af öllum kröfum stefnanda og málskostnaðar sér til handa að mati dómarans.

Með gagnstefnu, út gefinni 13. maí 1958, höfðaði aðalstefnda gagnsök og gerði þær dómkröfur, að aðalstefnandi yrði dæmd til að greiða henni skaðabætur, að upphæð kr. 35.000,00, með 6% ársvöxtum frá stefnudegi til greiðsludags og málskostnað eftir mati dómara.

Gagnstefnda krafðist sýknu af öllum kröfum gagnstefnanda í gagnsökinni.

Samkvæmt ósk málflytjenda og með samþykki dómarans var flutningi málsins skipt þannig, að aðeins skyldi dæmt um greiðsluskyldu aðiljanna í báðum sökum.

Í aðalsök gerði aðalstefnandi þær dómkröfur, að aðalstefnda yrði dæmd skaðabótaskyld fyrir riftun kaupsamnings um jörðina Efri-Gróf og dæmd skyld til að greiða eftirgjald eftir jörðina fyrir tímabilið frá 11. júlí 1957 til 14. maí 1958. Þá krafðist hún málskostnaðar úr hendi aðalstefndu að skaðlausu.

Aðalstefnda krafðist sýknu af öllum kröfum aðalstefnanda í aðalsök og málskostnaðar sér til handa að skaðlausu.

Í gagnsökinni gerði gagnstefnandi þær dómkröfur, að gagnstefnda yrði dæmd skyldug til að greiða henni bætur fyrir efni og vinnu, sem hún hefði lagt til húsa- og jarðabóta að Efri-Gróf, kostnað af flutningi að jörðinni og frá henni, kostnað af kaupsamningsgerð um jörðina og bætur vegna rangra upplýsinga við kaupsamningsgerðina. Þá krafðist gagnstefnandi málskostnaðar í þessum hluta gagnsakar að skaðlausu.

Gagnstefnda krafðist sýknu af öllum kröfum gagnstefnanda og málskostnaðar sér til handa að skaðlausu.

Eftir fram komnum gögnum eru málsatvik þessi:

Með kaupsamningi hinn 11. júlí 1957 seldi aðalstefnandi aðalstefndu jörðina Efri-Gróf í Villingaholtshreppi fyrir kr. 200.000,00. Um greiðslu kaupverðs og aðra söluskilmála segir svo í samningnum:

„I. Kaupandi tekur að sér að greiða — sem sína eigin skuld — skuldir til Búnaðarbankans í Reykjavík, sem eru Byggingarsjóðslán og Ræktunarsjóðslán, samanlagt að eftirstöðvum kr. 47.467,30.

II. Kaupandi tekur að sér að greiða — sem sína eigin skuld — skuld við útibú Landsbankans á Selfossi, að eftirstöðvum kr. 10.000,00, samkvæmt víxli, en þessar skuldir, sem hér að ofan eru nefndar, eru tryggðar með veðum í jörðinni.

III. Kaupandinn greiðir þann 1. október þessa árs kr. 35.000,00.

IV. Kaupandinn greiðir 15. desember þessa árs kr. 40.000,00.

V. Eftirstöðvar kaupverðsins, kr. 67.532,70, greiðir kaupandinn á þann hátt að gefa út skuldabréf fyrir þessari upphæð og tryggja það með veði í jörðinni næst á eftir þeim skuldum, sem nú hvíla á henni, borgar það með jöfnum afborgunum á næstu 7 árum og greiðir af því 7% ársvexti. Vextirnir reiknast frá afsalsdegi.

Eignin selst í því ástandi, sem hún nú er. Hefur kaupandi kynnt sér það og sættir sig við það á allan hátt. Kynni að vera áveituskattur á jörðinni, ber kaupanda að greiða hann.

Kaupandi má flytja á jörðina og þegar taka að nytja hana sem sína eign, en kaupandi má ekki selja hey af jörðinni né annan jarðarávöxt, meðan þessi kaupsamningur varir.

Kynni kaupandi að geta fengið bankalán út á jörðina á eftir þeim skuldum, sem nú hvíla á henni, lofar seljandi að gefa afsal fyrir eigninni gegn því að fá lánið sem greiðslu upp í andvirði jarðarinnar, og gefur seljandi þá veðleyfi fyrir því láni, en að sjálfsögðu verður kaupandi að gefa út til seljanda skuldabréf með veði í jörðinni næst á eftir nú áhvílandi skuldum, samtímis því að hún fær afsalið.

Færi svo ólíklega, að kaupandi gæti ekki staðið við þenna samning og hann eindagist af þeim ástæðum, fær kaupandi ekkert fyrir það, sem hún hefur lagt í jörðina, hvorki vegna viðgerðar á húsum, girðingum eða áburðarkaupa, en þetta fellur allt til jarðarinnar endurgjaldslaust af hendi kaupanda. Enn fremur, ef kaupandi getur ekki staðið við þenna samning, verður hún að flytja af jörðinni, þegar seljandi krefst þess, og þó aldrei síðar en 14. maí 1958.

Landamerki jarðarinnar eru ágreiningslaus. Jörðin er seld að geymdum forkaupsrétti Villingaholtshrepps. Jörðin selst kúgildalaus.

Kaupandi tekur að sér greiðslu vaxta og skatta frá þessum tíma og annast lögskil af jörðinni."

Jörðin Efri-Gróf var í eyði frá júnímánuði 1955, unz aðalstefnda fluttist þangað skömmu eftir gerð kaupsamningsins. Einhvern tíma síðar kveðst aðalstefnda hafa frétt, að auk þeirra

skulda, sem henni hafi við kaupin verið tjáð, að hvíldu á jörðinni, hvíldi einnig á henni löghaldskrafa, að upphæð kr. 49.549.03, auk vaxta og kostnaðar samkvæmt þinglesinni löghaldsgerð frá 21. sept. 1955. Hinn 30. sept. 1957 ritaði maður sá, sem aðstoðað hafði aðalstefndu við jarðarkaupin, bréf til Péturs heitins Jakobssonar fasteignasala, sem fjallað hafði um söluna af hendi aðalstefnanda og virtist hafa verið umboðsmaður hennar að einhverju leyti. Segir í bréfi þessu svo:

„Þar sem fullsannað er samkvæmt veðbókarvottorði, að hr. Einar Eiríksson, Reykjavík, hefur sett löghald á jörðina vegna skuldar, að upphæð kr. 49.549,03, auk vaxta frá 21. september 1955 og jörðin hefur ekki enn verið leyst undan umræddu löghaldi, telur frú Elka, að seljanda beri að leysa umrætt löghald af jörðinni, til þess að afsal geti farið fram, og telur sig ekki bundna af kaupsamningi þeim, er að ofan greinir, þar sem seljandi hafi ekki haft heimild til að selja jörðina vegna áhvílandi löghalds og enga heimild til að gera samninga um hana, meðan löghald stæði lögum samkvæmt. Enn fremur telur frú Elka, að vegna áfallinna og ógreiddra gjalda, svo sem áveitugjalda o. fl. til Villingaholtshrepps, muni seljandi ekki fá heimild hreppsins til að selja jörðina, nema samið sé um umrædd gjöld, áður en sala fer fram, eða þau greidd að fullu og öllu. Vegna framangreindra annmarka á sölu jarðarinnar telur frú Elka Aradóttir, að umræddur kaupsamningur falli úr gildi af sjálfu sér, og telur sig hafa búseturétt á jörðinni til næsta vors, og muni hún þá, þ. e. 14. maí 1958, flytjast burt af jörðinni, nema um sölumöguleika til sín yrði að ræða og samkomulag að öðru leyti um kaup á jörðinni fyrir þann tíma. — Ég hef hér að framan lýst viðhorfi og skoðunum frú Elku Aradóttur til kaupsamnings frú Gróu og hennar og vil fyrir hönd frú Elku Aradóttur tilkynna yður sem umboðsmanni frú Gróu Jónasdóttur, að frú Elka G. Aradóttir mun ekki mæta á skrifstofu yðar þann 1. október 1957 til að standa skil á greiðslu þeirri, sem hún þá átti að inna af hendi samkvæmt ofangreindum kaupsamningi, enda hafi frú Gróa ekki skapað henni þau skilyrði til þess, sem nauðsynleg séu lögum samkvæmt."

Aðalstefnda greiddi síðan ekkert upp í kaupverðið. Aðalstefnandi virðist þegar hafa fengið vitneskju um efni bréfs þessa, og hinn 6. desember 1957 ritaði hún fyrrgreindum aðstoðarmanni aðalstefndu bréf, og segir þar á þessa leið:

„Hér með tilkynnist yður sem umboðsmanni frú Elku Ara-

dóttur, sem nú er til heimilis í Efri-Gróf í Villingaholtshreppi í Árnessýslu, að hún gerði kaupsamning við mig um jörðina Efri-Gróf þann 11. júlí 1957. Hún flutti þá á jörðina og hefur nytjað hana og setið síðan. Þennan samning hefur hún rofið og situr jörðina því í heimildarleysi. — Tilkynnist yður hér með, að ég geri kröfu fyrir því, að hún greiði mér í leigu fyrir hús og jörð kr. 2.000,00 — tvö þúsund krónur — á mánuði frá 11. júlí sl. og til 14. maí næstkomandi. Skal þessi greiðsla hafa verið innt af hendi fyrir þessa árs lok, því að annars læt ég bera hana út af jörðinni og gera hana ábyrga fyrir vanefndum."

Ekkert greiddi aðalstefnda til aðalstefnanda samkvæmt þessu bréfi, og hinn 21. febrúar 1958 ritaði aðalstefnandi aðalstefndu bréf. Í því segir á þessa leið:

„Í tilefni af kaupsamningi okkar í millum, dags. 11. júlí 1957, um eignarjörð mína, Efri-Gróf í Villingaholtshreppi, svo og í tilefni af bréfi því, sem Þórhallur Björnsson hefur yðar vegna skrifað mér, dags. 30. sept. 1957, svo og í framhaldi af bréfi því, sem ég skrifaði yður, dags. 6. desember 1957, og í framhaldi af bréfi því, er Pétur Jakobsson skrifaði yður mín vegna 31. janúar þessa árs, vil ég leyfa mér að taka fram eftirfarandi: Í viðtali við Pétur Jakobsson fyrir skömmu tölduð þér upp ýmislegt verðmæti, sem þér höfðuð lagt í jörðina Efri-Gróf varðandi byggingar yfir menn, fénað og hey, og að þér ættuð þar inni hjá mér, vil ég taka fram, að samkvæmt greindum kaupsamningi okkar á milli, dags. 11. júlí 1957, er skýrum orðum sagt, að sérhvað það, sem þér kunnið að leggja í jörðina, falli til jarðarinnar án endurgjalds af minni hálfu. Af þessu er auðsætt, að þér eigið engar kröfur á hendur mér út af því. Hins vegar vara ég yður við því að flytja nokkuð burt af þessum verðmætum, því að það er skýlaust brot á loforðum og gæti bakað yður refsiábyrgð. — Eins og í samningnum segir, eigið þér að rýma jörðina, hvenær sem ég krefst þess, ef þér rjúfið samninginn. Greindan kaupsamning hafið þér rofið. Þér getið því ekki búizt við að geta setið á friðarstóli á jörðinni og hagnýtt yður gæði hennar án alls endurgjalds. Í tilefni af þessu skora ég á yður að greiða mér þær kr. 20.000,00, sem krafizt er í bréfinu frá 31. janúar 1958, og gera það strax, því að ella mun ég gera ráðstafanir til þess að hefja útburðarmál á hendur yður, þegar mér sýnist, og án frekari viðvörunar."

Aðalstefnda fluttist burt af jörðinni í fardögum 1958.

Aðalstefnandi hefur fyrir dómi viðurkennt, að aðalstefndu

muni ekki hafa verið skýrt frá fyrrgreindu löghaldi, þegar salan fór fram. Kveðst hún hafa hugsað sér, að greiðsla samkv. V. lið kaupsamningsins biði, unz hún hefði leyst löghaldið af jörðinni.

Aðalstefnda hefur haldið því fram fyrir dómi, að aðalstefnandi hafi tekið fram, að ekki hvíldu fleiri skuldir á jörðinni en getið hafi verið í kaupsamningnum. Hún hafi ekki fengið að vita um löghaldið, fyrr en eftir að hún var flutt á jörðina, án þess þó að geta tilgreint, hvenær það var.

Í málflutningi um aðalsökina hefur því verið haldið fram af hálfu aðalstefnanda, að hún hafi mótmælt riftun kaupsamningsins sem ólögmætri. Skaðabótakrafan í aðalsök er á því byggð, að um óheimila riftun hafi verið að ræða, og beri aðalstefndu því að greiða bætur. Þá beri henni að greiða bætur fyrir óheimila setu á jörðinni fyrir tímabilið frá 11. júlí 1957 til 14. maí 1958.

Aðalstefnda byggir sýknukröfu sína í aðalsök og kröfur sínar í gagnsök á því, að þar sem aðalstefnandi hafi veitt rangar upplýsingar um áhvílandi skuldir við kaupsamningsgerðina, hafi riftun kaupsamningsins verið réttmæt og aðalstefnanda beri að greiða bætur vegna kostnaðar, sem hún hafi haft af því að flytjast á jörðina, bæta hana og jarðarhúsin, og sérstakar bætur fyrir hinar röngu upplýsingar.

Eftir að mál þetta hafði verið flutt munnlega hinn 23. maí 1958, var kveðinn upp í því úrskurður, þar sem aðiljum var gefinn kostur á að afla ákveðinna gagna. Gagna þessara var ekki aflað, heldur kom aðeins fram bréf, þar sem raktar voru skoðanir lögmanna aðilja á þeim atriðum, sem um var spurt.

Í málinu hafa ekki komið fram neinar upplýsingar um löghald það, sem á jörðinni hvíldi og um er rætt í málinu, að því fráskildu, að það hafi verið þinglesið sem veð á jörðinni, þegar kaupsamningurinn var gerður. Ekki hafa fengizt skýrslur manna þeirra, sem við kaupin voru, um það, hvort þeir hafi vitað um löghaldið eða hvort þeir hafi haft undir höndum veðbókarvottorð jarðarinnar við kaupsamningsgerðina, en í málinu hefur aðalstefnandi lagt fram veðbókarvottorð, sem dagsett er daginn fyrir kaupsamningsgerðina. Ekki hafa heldur fengizt fram neinar skýrar upplýsingar um það, hvort eða hve mikinn kostnað gagnstefnandi hafi haft vegna kaupanna og endurbóta á jörðinni. Með vísun til þessa og samkv. ákvæðum 116. gr. laga nr. 85 frá 1936, um meðferð einkamála í héraði, verður að telja málið

svo vanreifað, að ekki verði hjá komizt að vísa því frá dómi, bæði aðalsök og gagnsök.

Eftir atvikum þykir rétt, að málskostnaður í báðum sökum falli niður.

Í greinargerð sinni hafði lögmaður gagnstefnanda, Jóhann Steinason hdl., eftirtalin ummæli: „Þótt kaupsamningurinn sé saminn af refshug ....“ og „þau bera ekki með sér iðrunarmerki, þvert á móti sýna þau forstokkað hugarfar“.

Af hálfu aðalstefnanda er krafizt ómerkingar þessara ummæla, og þykir rétt að taka þá kröfu til greina.

Dómsorð:

Framangreind ummæli skulu vera ómerk.
Máli þessu, bæði aðalsök og gagnsök, er vísað frá dómi.
Málskostnaður í aðalsök og gagnsök falli niður.

Miðvikudaginn 4. marz 1959.

Nr. 130/1958. **Ákæruvaldið** (Egill Sigurgeirsson hrl.)
gegn
Ragnari Jónssyni (Geir Hallgrímsson hrl.).

Dóminn skipuðu hinir reglulegu dómarar Hæstaréttar.

Brot á lögum nr. 42/1956, um skipulag á fólksflutningum.

Dómur Hæstaréttar.

Lagaboð þau, er í ákæruskjali greinir, verða eigi örugglega skýrð á þann veg, að refsiverður sé fólksflutningur sá án endurgjalds, sem lýst er í héraðsdómi. Samkvæmt þessu og að öðru leyti með skírskotun til forsendna héraðsdóms ber að staðfesta hann, þó svo, að frestur til greiðslu sektar verði 4 vikur frá birtingu dóms þessa.

Eftir þessum úrslitum er rétt samkvæmt 2. mgr. 141. gr. laga nr. 27/1951, að ákærði greiði ⅓ hluta og ríkissjóður ⅔ hluta kostnaðar af áfrýjun málsins, þar með talin laun sækjanda og verjanda fyrir Hæstarétti, kr. 3.000,00 til hvors.

Það athugast, að héraðsdómari hefur utan réttar aflað um tiltekin atriði munnlegra skýrslna, er eigi hafa verið staðfestar fyrir dómi.

Dómsorð:

Héraðsdómurinn á að vera óraskaður að öðru en því, að frestur til greiðslu sektar verði 4 vikur frá birtingu dóms þessa.

Ákærði, Ragnar Jónsson, greiði 1/3 hluta og ríkissjóður 2/3 hluta áfrýjunarkostnaðar sakarinnar, þar með talin laun sækjanda og verjanda fyrir Hæstarétti, hæstaréttarlögmannanna Egils Sigurgeirssonar og Geirs Hallgrímssonar, kr. 3.000,00 til hvors.

Dóminum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Dómur sakadóms Reykjavíkur 9. júní 1958.

Ár 1958, mánudaginn 9. júní, var í sakadómi Reykjavíkur, sem haldinn var á Fríkirkjuvegi 11, kveðinn upp dómur í málinu: Ákæruvaldið gegn Ragnari Jónssyni, sem tekið var til dóms í dag.

Málið er höfðað gegn Ragnari Jónssyni framkvæmdastjóra, til heimilis í Vík í Mýrdal. Er hann samkvæmt ákæruskjali, dags. 21. janúar sl., ákærður fyrir .... „að hafa sumarið 1957 á vegum nefnds verzlunarfélags (þ. e. Verzlunarfélags Vestur-Skaftfellinga) haft með höndum fólksflutninga á leiðinni milli Víkur í Mýrdal og Reykjavíkur með bifreiðinni Z-7, sem er vörubifreið með farþegarúmi fyrir 12 farþega, án þess að hafa sérleyfi til slíkra fólksflutninga, svo og fyrir að hafa látið taka fargjald af farþegum, sem ekið var stuttan spöl á greindri leið. Teljast brot þessi varða við 1. mgr. 1. gr., sbr. 9. gr. laga nr. 42/1956, um skipulag á fólksflutningum með bifreiðum, svo og við 1. mgr. 1. gr. og 1. mgr. 8. gr., sbr. 22. gr. reglugerðar nr. 82/1956, um sama efni.

Þess er krafizt, að ákærði verði dæmdur til refsingar og greiðslu alls sakarkostnaðar."

Ákærði er fæddur 24. ágúst 1915 á Bjóluhjáleigu í Djúpárhreppi. Hinn 14. maí 1941 hlaut hann 100,00 kr. sekt fyrir brot

á 108. gr. almennra hegningarlaga. Um aðrar kærur eða refsingar er eigi kunnugt.

Málavextir eru þessir:

Síðla árs 1950 var stofnað verzlunarfyrirtæki í Vík í Mýrdal, er hlaut nafnið Verzlunarfélag Vestur-Skaftfellinga. Félagið tók til starfa 1. janúar 1951. Framkvæmdastjóri félagsins frá öndverðu hefur verið ákærði. Félag þetta er samvinnufélag.

Árið 1952 fékk félagið ásamt Brandi nokkrum Stefánssyni, Vík í Mýrdal, og Kaupfélagi Skaftfellinga, sama stað, sérleyfi til að halda uppi farþegaflutningum á leiðinni Vík—Reykjavík. Gildistíminn var lögum samkvæmt fimm ár. Árið 1955 keypti Verzlunarfélag Vestur-Skaftfellinga nýjan bíl. Var bíll þessi með vörupalli og stýrishúsi, er rúmaði þrjá menn. Bíll þessi ber skrásetningarnúmerið Z-7. Árið 1956 var ákveðið að byggja yfir bílinn Z-7 farþegarými fyrir 12 menn. Var ætlunin að nota bílinn á sérleyfisleiðinni Vík—Reykjavík, en eins og fyrr getur, hafði félagið sérleyfi á þessari leið að hluta. Bjóst félagið við, að það nyti áfram sérleyfisins, en sérleyfistíminn rann út í febrúarlok 1957. Félagið sótti í tæka tíð um að fá leyfi til áframhaldandi fólksflutninga á sérleyfisleiðinni. Skipulagsnefnd fólksflutninga mælti einróma með umsókn Verzlunarfélags Vestur-Skaftfellinga, en leikar fóru hins vegar þannig, að veitingarvaldið veitti Kaupfélagi Skaftfellinga sérleyfið frá 1. marz 1957, og situr kaupfélagið eitt að því.

Í maímánuði 1957 var bíllinn Z-7 tekinn í notkun eftir breyting þá, sem að framan greinir. Var bíllinn m. a. notaður til vöruflutninga á leiðinni Vík—Reykjavík. Forráðamönnum félagsins varð strax ljóst, að bíllinn hentaði ekki til vöruflutninga einvörðungu á leiðinni Vík—Reykjavík, eftir að breytingin var gerð á honum, og þar sem félagið fékk ekki sérleyfi til frekari fólksflutninga á þessari leið, var ákveðið að selja bílinn, ef leyfi fengist fyrir nýjum vöruflutningabíl. Sótt var tvívegis um leyfi fyrir nýjum bíl, en bæði skiptin var sett syn fyrir leyfi.

Reykjavíkurferðum bílsins var yfirleitt þannig hagað í fyrra sumar, að bílnum var ekið til Reykjavíkur á mánudögum. Til baka til Víkur var ekið á þriðjudögum. Enn var ekið til Reykjavíkur á fimmtudögum og til Víkur á föstudögum. Er leið að hausti, strjáluðust ferðir bílsins mjög. Brottfarartími bílsins frá Vík og Reykjavík var nokkuð á reiki, sérstaklega frá Reykjavík. Þar réð það brottfarartíma, hversu vel gekk með erindisrekstur ökumanns. Brottfararstaður í Reykjavík var óákveðinn. Ferðir bíls-

ins voru aldrei auglýstar. Á leiðinni milli Reykjavíkur og Víkur voru oft og einatt farþegar með bílnum. Að áliti sérleyfishafans á leiðinni, Kaupfélags Skaftfellinga, voru mikil brögð að þessum farþegaflutningum með Z-7. Sérleyfishafinn kvartaði því til umferðarmálaskrifstofu póstmálastjórnarinnar, er eftirlit hefur með sérleyfisakstri. Eftirlitsmaður umferðarmálaskrifstofunnar framkvæmdi athuganir á farþegafjölda í Z-7 í júlímánuði og gaf skýrslu um þessar athuganir sínar.

Leiddi það til máls þess, er hér er til úrlausnar.

Eftirlitsmaðurinn framkvæmdi tvívegis athuganir á farþegum með Z-7. Fyrra sinnið stöðvaði eftirlitsmaðurinn bílinn skammt frá Selfossi. Var það um kl. 13.30 mánudaginn 29. júlí 1957. Bíllinn var að koma frá Vík. Farþegar voru þrír fullorðnir og eitt barn innan átta ára aldurs. Farþegarnir sögðu eftirlitsmanninum, að þeir fengju ókeypis far. Síðara sinnið stöðvaði eftirlitsmaðurinn bílinn kl. 15.15 hinn 30. júlí 1957 í Kömbum. Bíllinn var á leið til Víkur. Farþegar voru tveir fullorðnir og þrjú börn. Eftirlitsmaðurinn hafði það eftir farþegum þessum, að þeim hefði verið boðið ókeypis far á milli Reykjavíkur og Víkur.

Samkvæmt upplýsingum frá ákærða mun hann hafa ritað hjá sér nöfn 40 til 50 manna, er ferðuðust með Z-7 árið 1957 leiðina Vík—Reykjavík. Allir voru farþegar þessir félagsmenn Verzlunarfélags Vestur-Skaftfellinga, venzlafólk þeirra, ættingjar eða kunningjar. Ákærði staðhæfði, að ekki hefði verið tekið gjald af farþegum þessum. Ákærði eftirlét það aðalfundi félagsins að taka ákvörðun um, hvort gjald skyldi tekið eða ekki. Aðalfundur Verzlunarfélags Vestur-Skaftfellinga stendur yfir þessa dagana. Hefur dómurinn aflað sér upplýsinga um, að það hafi verið samþykkt einróma á fundi félagsins 7. júní sl., að gjald skyldi eigi tekið af þeim, sem ferðazt hafa með Z-7 eða munu gera það.

Yfirheyrðir voru 13 menn, er ferðazt höfðu með Z-7 árið 1957. Öllum bar vitnum þessum saman um, að þau hefðu eigi greitt fargjöld, enda ekki verið krafin um það. Ökumenn Z-7 árið 1957 voru bræður tveir, Bjarni Guðmann og Runólfur Sæmundssynir. Þeir skýrðu frá því, að gjald hefði ekki verið tekið af farþegum, er ferðuðust leiðina Vík—Reykjavík.

Kaupfélagsstjóri Kaupfélags Skaftfellinga, Oddur Sigurbergsson, skýrði frá því fyrir dóminum, að oft og einatt hefði hvert sæti verið skipað í Z-7 til Reykjavíkur. Taldi kaupfélagsstjórinn, að sérleyfishafinn á leiðinni Reykjavík—Vík, Kaupfélag Skaftfellinga, hefði misst spón úr aski sínum með þessum hætti. Velkt-

ist kaupfélagsstjórinn ekki í vafa um, að farþegarnir hefðu greitt fargjald, flestir hverjir. Hins vegar gat hann ekki rennt neinum stoðum undir þessa fullyrðingu sína, því að ekki gat hann nefnt nokkurn þann, er líklegur væri til að vilja greina frá því fyrir dómi, að hann hefði greitt fargjald.

Ákærði og fyrrnefndir ökumenn Z-7 skýrðu frá því, að það hefði borið við, að tekið hefði verið gjald af mönnum, sem teknir hefðu verið upp í Z-7 á förnum vegi og ekið stutta speli. Upphæð gjalds, sem þannig var tekið af mönnum, er nú hefur verið lýst, var miðað við lengd leiðarinnar, sem farþeginn ók með bílnum, með hliðsjón af fargjaldi með leiðarvagni á allri leiðinni Reykjavík—Vík. Ákærði og ökumenn Z-7 voru sammála um, að lítið hefði kveðið að þessum flutningum á fólki, er fékk þannig að sitja í bílnum spölkorn. Peningarnir, sem komu inn fyrir þetta, voru afhentir ákærða með öðrum peningum, sem ökumenn innheimtu fyrir flutning á bögglum, og voru því eigi aðgreindir.

Engin afgreiðsla var fyrir Z-7 í Reykjavík. Það upplýstist við rannsókn málsins, að ákærði hefði að vísu hreyft því vorið 1957 við skipaafgreiðslu Jes Zimsens í Reykjavík, að það fyrirtæki tæki að sér afgreiðslu fyrir bílinn Z-7, bæði vöru- og farþegaafgreiðslu. Fyrirtækið aftók með öllu að hafa á hendi vöruafgreiðslu fyrir bílinn. Það talaðist svo til milli ákærða og forstjóra skipaafgreiðslunnar, að nánar yrði rætt um fyrirkomulag farþegaafgreiðslunnar síðar, en ekkert varð úr því, þar eð ákærði gerðist því afhuga, er skipaafgreiðslan vildi ekki jafnframt taka að sér vöruafgreiðsluna. Það vakti fyrir ákærða með farþegaafgreiðslunni, að skipaafgreiðslan veitti fyrst og fremst félagsmönnum Verzlunarfélags Vestur-Skaftfellinga upplýsingar um ferðir Z-7.

Rétt þykir að geta þess, að árið 1956 voru afgreiddir 6400 farmiðar til sérleyfisleiðarinnar Reykjavík—Vík—Kirkjubæjarklaustur, en frá 1. janúar til 10. desember 1957 var farþegafjöldinn á þessari leið 6750. Ferðaáætlunin á sérleyfisleiðinni Vík—Reykjavík gerði ráð fyrir þremur ferðum á viku hverri árið 1957 nema mánuðina júlí-ágúst. Þá voru farnar sex ferðir í viku. Fargjald á leiðinni var kr. 97,00.

Svo sem ljóst er af framanskráðri atvikalýsingu, er það sannað með eigin framburði ákærða, sem er í samræmi við önnur gögn málsins, að fólksflutningum hefur verið haldið uppi með bílnum Z-7 sumarið 1957 á leiðinni Reykjavík—Vík. Ósannað er með öllu, að farþegar hafi greitt fargjald, enda nær ákæran ekki til þess. Enn fremur er sannað með eigin játningu ákærða og framburð-

um ökumanna Z-7, að gjald hafi í nokkrum tilvikum verið tekið af farþegum, sem ferðuðust sumarið 1957 í Z-7 stutta speli á leiðinni Vík—Reykjavík.

Þessar tvær staðreyndir, er nú hafa verið nefndar, eru úrlausnarefnið samkvæmt ákæruskjalinu.

Í 1. mgr. 1. gr. l. nr. 42/1956, um skipulag á fólksflutningum með bifreiðum, segir: „Engum er heimilt að hafa með höndum fólksflutninga með bifreiðum, sem stærri séu en svo, að þær rúmi átta farþega, nema hann hafi til þess sérleyfi frá ríkisstjórninni." Þótt orðalag þetta sé ef til vill ekki sem ljósast, ber þó að skilja það þannig, að með orðunum: að hafa á hendi fólksflutninga — sé átt við að hafa á hendi fólksflutninga *í atvinnuskyni*. Sést þetta m. a. af umræðunum, sem áttu sér stað á Alþingi um frumvarpið að fyrstu lögunum um skipulag á fólksflutningum með bifreiðum, l. nr. 62/1935, en 1. málsl. 1. gr. frumvarpsins er samhljóða 1. málsl. 1. gr. gildandi laga um skipulag á fólksflutningum með bifreiðum nema í stað orðanna: 6 farþega — eru nú komin orðin: átta farþega. Þessi skilningur fær og stoð í ýmsum öðrum ákvæðum l. nr. 42/1956. Í 1. mgr. 1. gr. laganna er t. d. talað um *að selja einstök sæti*. Í 6. gr. er talað um *sérleyfisgjald af andvirði afhentra miða*. Sama verður uppi á teningnum, er reglugerð nr. 82/1956, um skipulagningu fólksflutninga með bifreiðum, er athuguð. Auk þeirra dæma, sem að ofan greinir og einnig er talað um í reglugerðinni, er t. d. minnzt á *fargjöld* í 4. gr., *farseðla* í 12. gr. o. s. frv. Það er því skilyrði fyrir því, að 1. málsl. 1. gr. l. nr. 42/1956 verði beitt, að það sannist, að fargjald hafi verið greitt. Nú er það ósannað, að Verzlunarfélag Vestur-Skaftfellinga hafi tekið gjöld af þeim, sem ferðuðust alla leiðina Vík—Reykjavík. Ber því að sýkna ákærða af þeim lið ákærunnar, er að þessu lýtur.

Hins vegar er sannað, svo sem að framan getur, að fargjald var endrum og sinnum tekið, er farþegum var ekið kafla úr leiðinni milli Víkur og Reykjavíkur, án þess að ákærði hefði sérleyfi til þess. Með þessu hefur ákærði sem forstöðumaður Verzlunarfélags Vestur-Skaftfellinga brotið gegn 1. mgr. 1. gr. l. nr. 42/1956 og 1. mgr. 1. gr., sbr. 8. gr. reglugerðar nr. 82/1956.

Samkvæmt 9. gr. l. nr. 42/1956 og 22. gr. reglugerðar nr. 82/1956 þykir refsing ákærða hæfilega ákveðin kr. 1.000,00 í sekt til ríkissjóðs, og komi varðhald 5 daga í stað sektarinnar, verði hún eigi greidd innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa.

Þar sem lyktir máls þessa urðu þær, að ákærði var sýknaður

af aðalþætti ákærunnar, og með skírskotun til 2. mgr. 141. gr. l. nr. 27/1951 þykir rétt að ákveða, að ákærði greiði ⅓ hluta sakarkostnaðar, en ⅔ hlutar skulu greiddir úr ríkissjóði. Málsvarnarlaun skipaðs verjanda ákærða, Geirs Hallgrímssonar hrl., þykja hæfilega ákveðin kr. 3.000,00. Um greiðslu þeirra fer með sama hætti og um greiðslu annars sakarkostnaðar, eins og að framan greinir.

Dóm þenna kvað upp Guðm. Ingvi Sigurðsson, dómari samkvæmt sérstakri umboðsskrá, út gefinni 24. október 1957, en hinn reglulegi dómari, sýslumaðurinn í Skaftafellssýslu, úrskurðaði sig frá máli þessu 2. október 1957.

Dómsorð:

Ákærði, Ragnar Jónsson, greiði kr. 1.000,00 í sekt til ríkissjóðs, og komi varðhald 5 daga í stað sektarinnar, verði hún eigi greidd innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa.

Allan sakarkostnað, þar með talin málsvarnarlaun skipaðs verjanda, Geirs Hallgrímssonar hrl., að upphæð kr. 3.000,00, greiðir ákærði að ⅓ hluta, en ⅔ hlutar greiðist úr ríkissjóði.

Dómi þessum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Mánudaginn 9. marz 1959.

Nr. 160/1958. **Hreiðar Jónsson** (Sigurður Ólason hrl.)
gegn
borgarstjóranum í Reykjavík f. h. húsatrygginga bæjarins (Tómas Jónsson hrl.).

Dóminn skipuðu hinir reglulegu dómarar Hæstaréttar.

Vísan máls frá héraðsdómi.

Dómur Hæstaréttar.

Áfrýjandi hefur skotið máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 30. október 1958, að fengnu áfrýjunarleyfi 23. s. m.

Í héraði krafðist áfrýjandi þess, að stefnda yrði dæmt skylt að greiða honum að fullu andvirði hússins Snælands í Blesugróf, er brann hinn 9. desember 1956. Þar sem fjár-

hæð dómkröfu þessarar er eigi tiltekin, er krafan ódómhæf, sbr. 88. gr. laga nr. 85/1936. Verður því að ómerkja hinn áfrýjaða dóm ásamt málsmeðferð í héraði og vísa málinu frá héraðsdómi.

Hér fyrir dómi hafa umboðsmenn aðilja lýst því, að þeir krefjist ekki málskostnaðar. Fellur málskostnaður í héraði og fyrir Hæstarétti því niður.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði dómur og málsmeðferð í héraði eiga að vera ómerk, og er málinu vísað frá héraðsdómi.

Málskostnaður í héraði og fyrir Hæstarétti fellur niður.

Dómur bæjarþings Reykjavíkur 10. marz 1958.

Mál þetta, sem var dómtekið 12. f. m., hefur Hreiðar Jónsson klæðskeri hér í bænum höfðað á bæjarþinginu með stefnu, út gefinni 2. október 1957, gegn borgarstjóranum í Reykjavík f. h. húsatrygginga bæjarins til þess að fá viðurkennt með dómi, að stefnda beri að bæta raunverulegt andvirði húss stefnanda, Snælands í Blesugróf. Við dómtöku málsins var og krafizt málskostnaðar úr hendi stefnda.

Stefndi hefur krafizt sýknu og málskostnaðar. Af hans hálfu var samþykkt, að málskostnaðarkröfu stefnanda mætti koma að í málinu án framhaldsstefnu.

Málavextir eru þeir, að stefnandi átti húsið Snæland í Blesugróf, og var hús þetta vátryggt hjá stefnda fyrir kr. 48.100,00. Stefnandi hafði greitt iðgjald til stefnda fyrir árið 1956. Árið 1954 eða 1955 hóf stefnandi húsbyggingu við hliðina á Snælandi, og fluttist hann í nýja húsið í ágústmánuði 1956, þótt það væri þá eigi fullgert, og skildi hann nokkuð af búslóð sinni eftir í Snælandi. Skömmu eftir að flutningur þessi var um garð genginn, lét stefnandi taka eldra húsið af grunninum og flytja það til á lóðinni, þar eð það var í vegi fyrir byggingarframkvæmdum hans, og stóð húsið á botnvölturum um 100 metra frá grunninum, þar til eldur kom upp í því aðfaranótt 9. september 1956. Brann húsið þá til kaldra kola, og eyðilagðist allt, sem í því var. Hús þetta var járnklætt timburhús, innan við 35 fermetra að flatarmáli og rúmaði tvö herbergi, eldhús og forstofu. Einar dyr

voru á húsinu, en fyrir innan þær hafði gólfið fallið að nokkru leyti niður við flutninginn, og mátti skríða þar inn í húsið, en auk þess voru dyrnar ólæstar. Grunur lék á, að hér væri um íkveikju að ræða, en rannsókn málsins fyrir sakadómi leiddi ekki í ljós orsakir eldsvoðans. Er stefnandi leitaði eftir greiðslu brunabóta, fékkst stefndi ekki til að greiða þær, og höfðaði stefnandi loks mál þetta.

Stefndi byggir sýknukröfu sína á því, að samkvæmt ákvæðum laga nr. 25 frá 1954 hafi hann fengið heimild til að taka í eigin hendur brunatryggingar húseigna hér í bæ. Telur hann heimild þessa og einkarétt þann, er henni fylgir, aðeins taka til húsa, sem föst eru á grunni, hvernig sem frá þeirri festingu er gengið, þannig að telja megi þau fasteign í venjulegri merkingu þess orðs. Af þessu telur stefndi leiða það, að hús, sem tekið er af grunni sínum og flutt þaðan langan veg eða skamman, hverfi úr tryggingu hjá stefnda. Bendir stefndi á, að slík hús séu þá oft tryggð lausafjártryggingu, þar til þau hafi verið flutt á nýjan grunn og tilkynnt til mats og tryggingar á nýja staðnum. Leggur stefndi og áherzlu á það, að stefnandi tilkynnti honum ekkert um flutning hússins, þannig að honum veittist kostur á að endurskoða afstöðu sína til tryggingarsamningsins, er sú forsenda var brostin, að húsinu yrði haldið í sama ástandi, sem það var í við upphaf tryggingar (matsgerð).

Ljóst er, að við flutning hússins og frágang þess að honum loknum varð mikil breyting á verðmæti þess og varðveizlu og þeirri hættu, sem tryggingarsamningurinn náði til. Allar aðstæður voru svo mjög breyttar, að stefnandi mátti ekki gera ráð fyrir, að stefndi mundi sætta sig við, að tryggingarsamningurinn héldi gildi óbreyttur, án þess að bein yfirlýsing hans um það kæmi til, en eins og fyrr greinir, tilkynnti stefnandi honum ekkert um ráðstafanir þessar. Verður því að fallast á það með stefnda, að húsið hafi ekki lengur verið í tryggingu eftir þessar aðgerðir, og ber því að taka sýknukröfu hans til greina, en eftir atvikum er rétt, að málskostnaður falli niður.

Bjarni Bjarnason, fulltrúi borgardómara, kvað upp dóminn. Dráttur á dómsuppsögu stafar af annríki dómara við önnur dómstörf.

Dómsorð:

Stefndi, borgarstjórinn í Reykjavík, f. h. húsatrygginga

bæjarins, skal vera sýkn af kröfum stefnanda, Hreiðars Jónssonar, í máli þessu, en málskostnaður falli niður.

Mánudaginn 9. marz 1959.

Nr. 163/1958. **Hannes Davíðsson**
(Benedikt Sigurjónsson hrl.)
gegn
borgarstjóranum í Reykjavík
f. h. bæjarsjóðs (Tómas Jónsson hrl.).

Dóminn skipuðu hinir reglulegu dómarar Hæstaréttar.

Útsvarsmál.

Dómur Hæstaréttar.

Sigurður Grímsson, fulltrúi borgarfógetans í Reykjavík, hefur kveðið upp hinn áfrýjaða úrskurð.

Áfrýjandi hefur skotið máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 30. október 1958. Krefst hann þess, að úrskurður fógeta verði úr gildi felldur og synjað um framkvæmd lögtaks. Þá krefst hann og málskostnaðar úr hendi stefnda í héraði og fyrir Hæstarétti.

Stefndi krefst staðfestingar hins áfrýjaða úrskurðar og málskostnaðar úr hendi áfrýjanda fyrir Hæstarétti.

Í Hæstarétti hefur verið lagður fram almennur úrskurður fógeta 9. janúar 1958 um lögtök fyrir útsvörum, sem á voru lögð við aukaniðurjöfnun í Reykjavík haustið 1957.

Samkvæmt rökum þeim, er greinir í hinum áfrýjaða úrskurði, er áfrýjandi útsvarsskyldur í Reykjavík samkvæmt a-lið 3. mgr. 8. gr. útsvarslaga. Ber því að staðfesta úrskurð fógeta.

Eftir þessum úrslitum verður áfrýjanda dæmt að greiða stefnda málskostnað fyrir Hæstarétti, er ákveðst kr. 2.000,00.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði úrskurður á að vera óraskaður.

Áfrýjandi, Hannes Davíðsson, greiði stefnda, borgar-

stjóranum í Reykjavík f. h. bæjarsjóðs, kr. 2.000,00 í málskostnað í Hæstarétti að viðlagðri aðför að lögum.

Úrskurður fógetadóms Reykjavíkur 9. október 1958.

Gerðarþola, Hannesi Davíðssyni, Freyjugötu 1 hér í bæ, var gert að greiða í útsvar til bæjarsjóðs Reykjavíkur fyrir árið 1957 kr. 5.000,00. Þar eð hann hefur eigi greitt útsvar þetta, hefur borgarstjórinn í Reykjavík f. h. bæjarsjóðs krafizt þess, að lögtak verði látið fara fram í eignum gerðarþola til tryggingar framangreindri útsvarsskuld ásamt vöxtum og kostnaði.

Gerðarþoli hefur mótmælt framangreindri útsvarskröfu gerðarbeiðanda og gert þær kröfur í málinu, að synjað verði um framgang hinnar umbeðnu lögtaksgerðar og að honum verði úrskurðaður málskostnaður úr hendi gerðarbeiðanda að mati fógeta.

Mótmæli sín og kröfur reisir gerðarþoli á því, að hann, sem sé arkitekt að atvinnu, sé ekki og hafi ekki á umræddum tíma verið búsettur hér í bæ, heldur að Þórukoti í Bessastaðahreppi í Gullbringusýslu, og að þar hafi hann talið fram til skatts tekjur sínar á árinu 1956, enda hafi honum verið gert að greiða þar í hreppi fullt útsvar fyrir árið 1957 af öllum tekjum sínum og eignum og það útsvar hafi hann að fullu greitt. Kveðst gerðarþoli að vísu hafa herbergi á leigu hér í bæ, þar sem hann dveljist stundum á daginn, svari í síma, og vera megi, að hann vinni þar eitthvað. Hins vegar fari verulegur hluti af vinnu hans fram á heimili hans, Þórukoti, eða á ýmsum stöðum utan lögsagnarumdæmis Reykjavíkur, þegar um sé að ræða mannvirki, sem þar séu reist. Starfsemi hér í Reykjavík hafi hann sama og enga. Telur gerðarþoli því ljóst, að honum verði eigi með réttu gert að greiða útsvar til gerðarbeiðanda, enda komi hér eigi til greina ákvæði a-liðar 3. mgr. 8. gr. útsvarslaganna. Það sé að vísu hugsanlegt, að Reykjavíkurbær eigi rétt á einhverjum hluta útsvarsins, en slíkt muni þó fara eftir reglum 9. gr. útsvarslaganna og vera honum persónulega óviðkomandi. Hefur gerðarþoli lagt fram í málinu ýmis bréf (kærur o. fl.) til niðurjöfnunarnefndar Reykjavíkur og yfirskattanefndar Reykjavíkur og svarbréf (synjanir) þeirra nefnda og enn fremur kæru til ríkisskattanefndar og enn kvittun oddvita Bessastaðahrepps fyrir greiðslu gerðarþola á útsvari til hreppsins fyrir árið 1957.

Gerðarbeiðandi hefur í greinargerð sinni og við munnlegan flutning málsins mótmælt framangreindum kröfum og sjónar-

miði gerðarþola og bent á það, að gerðarþoli hafi teiknistofu á Freyjugötu 1 hér í bæ og að teiknistofan sé skráð í símaskrá Reykjavíkurbæjar með sérstakt símanúmer. Heldur gerðarbeiðandi því fram, að þetta svari til þess, að teiknistofa gerðarþola sé þar, — á Freyjugötu 1, — heimilisföst atvinnustofnun gjaldandans, og að því hafi verið rétt og skylt að leggja á hann útsvar hér í bænum, sbr. 8. gr., 3. mgr., a-lið, útsvarslaganna, eða að minnsta kosti samkvæmt lögjöfnun frá þeim ákvæðum. Því geri hann kröfu um, að lögtakið verði leyft.

Aðiljar hafa lagt atriðið undir úrskurð réttarins.

Samkvæmt framanskráðu er það upplýst í máli þessu og viðurkennt af gerðarþola, að hann hafi opinbera teiknistofu hér í bæ, enda má það heita „nótoríska", þar eð teiknistofa þessi er skráð í símaskrá bæjarins með sérstakt símanúmer. Enda þótt gerðarþoli haldi því fram, að verulegur hluti starfs hans fari fram á heimili hans, Þórukoti, þá lítur rétturinn svo á, að vart geti hjá því farið, að meginhluti starfs hans við teikningar og annað, er þar að lýtur, fari fram í teiknistofu hans hér, enda virðist það vera sjálfsagt og eðlilegt og teiknistofa hans beinlínis stofnuð hér í þeim tilgangi, og mun svo vera um teiknistofur arkitekta hér í bæ. Rétturinn getur því eigi fallizt á það sjónarmið gerðarþola, að starfsemi hans hér í bæ sé sama og engin og að því hafi verið óheimilt að lögum að gera honum að greiða umrætt útsvar hér. Þá getur rétturinn og eigi fallizt á það sjónarmið gerðarþola, að vera megi, að Reykjavíkurbær eigi rétt á einhverjum hluta af útsvari hans, en að slíkt muni þó fara eftir reglum 9. gr. útsvarslaganna. Hins vegar verður rétturinn að fallast á það sjónarmið gerðarbeiðanda, að líta beri á teiknistofu gerðarþola hér í bæ sem heimilisfasta atvinnustofnun hans hér og að því hafi verið heimilt að leggja á hann umrætt útsvar hér samkvæmt lögjöfnun frá 8. gr., 3. mgr., a-lið, útsvarslaganna, en þar segir: .... „þó má leggja á gjaldþegn á fleiri stöðum en einum:

a. ef hann hefur heimilisfasta atvinnustofnun, svo sem útibú, víðar en í einni sveit, enda má þá ekki leggja á hann að því leyti í heimilissveit hans."

Samkvæmt þessu þykir verða að leyfa framgang hinnar umbeðnu lögtaksgerðar á ábyrgð gerðarbeiðanda. Af þessu leiðir, að málskostnaðarkrafa gerðarþola verður eigi tekin til greina.

Því úrskurðast:

Hin umbeðna lögtaksgerð á fram að ganga á ábyrgð gerðarbeiðanda. Málskostnaðarkrafa gerðarþola er eigi tekin til greina.

Mánudaginn 9. marz 1959.

Nr. 19/1959. **Ákæruvaldið** (Kristinn Gunnarsson hrl.)
gegn
Eiði Valdimarssyni (Áki Jakobsson hrl.).

Dóminn skipuðu hinir reglulegu dómarar Hæstaréttar.

Þjófnaður. Ölvun á almannafæri.

Dómur Hæstaréttar.

Með skírskotun til forsendna héraðsdóms ber að staðfesta hann.

Þá ber og að dæma ákærða til að greiða áfrýjunarkostnað málsins, þar með talin málflutningslaun sækjanda og verjanda í Hæstarétti, kr. 1.500,00 til hvors.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður.

Ákærði, Eiður Valdimarsson, greiði áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin málflutningslaun sækjanda og verjanda í Hæstarétti, hæstaréttarlögmannanna Kristins Gunnarssonar og Áka Jakobssonar, kr. 1.500,00 til hvors.

Dóminum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Dómur sakadóms Reykjavíkur 9. desember 1958.

Ár 1958, þriðjudaginn 9. desember, var í sakadómi Reykjavíkur, sem haldinn var að Fríkirkjuvegi 11 af Halldóri Þorbjörnssyni, kveðinn upp dómur í málinu nr. 6697/1958: Ákæruvaldið gegn Eiði Valdimarssyni, sem tekið var til dóms sama dag.

Með ákæruskjali, dags. 29. f. m., er Eiður Valdimarsson sjómaður, Hafnarstræti 11, Akureyri, nú refsifangi hér, ákærður fyrir að hafa framið eftirtalin brot:

I. sunnudagsmorguninn 6. apríl sl. tekið að ófrjálsu í húsinu nr. 25 við Eiríksgötu hér í bæ kuldaúlpu og slegið eign sinni á,

II. fimmtudaginn 2. okt. sl. tekið að ófrjálsu úr skúr við Grandaveg hér í bænum kuldaúlpu og slegið eign sinni á,

III. föstudaginn 17. okt. sl. tekið að ófrjálsu að Skólavörðustíg 19 hér í bæ eina karlmannsskó og slegið eign sinni á,

IV. mánudaginn 17. nóv. sl. stolið kuldaúlpu úr fatageymslu í Arnarhvoli við Lindargötu hér í bæ.

Framangreind brot teljast öll varða við 244. gr. almennra hegningarlaga, nr. 19/1940.

V. Laugardaginn 18. okt. sl. verið áberandi ölvaður í verkamannaskýlinu hér í bænum. Þetta brot telst varða við 21. gr., sbr. 44. gr. áfengislaga, nr. 58/1954, og 7. gr., sbr. 1. mgr. 96. gr. lögreglusamþykktar fyrir Reykjavík, nr. 2/1930.

Þess er krafizt, að ákærði verði dæmdur til refsingar og sviptingar réttinda samkvæmt 3. mgr. 68. gr. almennra hegningarlaga svo og verði hann dæmdur til greiðslu skaðabóta og alls sakarkostnaðar.

Ákærði, sem fæddur er 10. september 1913, hefur áður sætt þessum kærum og refsingum:

1932 15/10 Dómur aukaréttar Reykjavíkur, fangelsi við venjulegt fangaviðurværi í 20 daga, skilorðsbundið, fyrir þjófnað og 200 kr. sekt fyrir ólöglega meðferð áfengis.

1934 9/10 Kærður fyrir þjófnað. Málið sent bæjarfógetanum á Akureyri.

1936 7/12 Dómur á Akureyri, 30 daga fangelsi við venjulegt fangaviðurværi fyrir brot á 23. kap. almennra hegningarlaga.

1943 22/2 Vestmannaeyjar. Uppvís að hnupli og tilraun til áfengisbruggunar. Látið falla niður.

1948 24/3 Akureyri. Dómur aukaréttar, 4 mán. fangelsi, sviptur kosningarrétti og kjörgengi fyrir brot gegn 244. gr. hegningarlaga.

1948 15/11 Rvík. Dómur aukaréttar, 3 mánaða fangelsi, sviptur kosningarrétti og kjörgengi fyrir brot gegn 244. gr. hegningarlaga.

1949 8/2 Rvík. Dómur aukaréttar, 4 mán. fangelsi, sviptur

kosningarrétti og kjörgengi fyrir brot gegn 244. gr. hegningarlaga.

1950 11/1 Rvík. Dómur, 4 mán. fangelsi, sviptur kosningarrétti og kjörgengi fyrir þjófnað.

1952 18/11 Rvík. Dómur, 5 mánaða fangelsi, sviptur kosningarrétti og kjörgengi fyrir brot á 244. og 248. gr. hegningarlaga.

1954 11/6 Rvík. Dómur, 5 mánaða fangelsi, sviptur kosningarrétti og kjörgengi fyrir brot á 155. og 244. gr. hegningarlaga.

1956 3/11 Rvík. Dómur, 8 mánaða fangelsi, sviptur kosningarrétti og kjörgengi fyrir brot á 244. gr. hegningarlaga.

1956 29/12 Rvík. Dómur, 8 mánaða fangelsi sviptur kosningarrétti og kjörgengi fyrir brot á 244. gr. hegningarlaga.

Auk þess hefur hann 39 sinnum sætzt á sektargreiðslur fyrir ölvunarbrot.

Málavextir eru þessir:

I.

Aðfaranótt sunnudagsins 6. apríl sl. gisti ákærði á Eiríksgötu 25, en þar býr kunningjafólk hans. Að morgni hvarf hann á brott og tók þá með sér kuldaúlpu, er hékk þar í forstofu. Með hana fór hann um borð í e/s Dettifoss og seldi hana þar Sigbirni Þórðarsyni stýrimanni fyrir 150,00 kr., er hann varði til áfengiskaupa. Við rannsókn málsins komst úlpan til skila.

II.

Fimmtudaginn 2. okt. sl. fór ákærði inn í vinnuskúr við Grandaveg hér í bæ. Þar var fyrir kuldaúlpa, er ákærði tók að ófrjálsu og hafði á brott með sér. Úlpu þessa seldi ákærði Hreini Bjarnasyni, Ásvallagötu 21, starfsmanni í Síld & Fiski, og greiddi hann 150,00 kr. fyrir. Hreinn skilaði úlpunni við rannsókn málsins. Hann gerir kröfu um, að ákærði verði dæmdur til að greiða honum 150,00 kr., og verður krafan að sjálfsögðu tekin til greina, enda samþykkt af ákærðum.

III.

Föstudaginn 17. október sl. fór ákærði inn í húsið nr. 19 við Skólavörðustíg. Á efstu hæð fann hann karlmannsskó, og tók hann þá og sló eign sinni á þá, enda var ákærði illa skæddur, var

í inniskó á öðrum fæti, en skóhlíf á hinum. Fór hann nú burt í skónum. Seinna kveðst hann hafa látið kunningja sinn hafa þá. Ekki hafa skórnir komið til skila. Eigandi skónna hefur eigi óskað að koma að bótakröfu.

IV.

Mánudaginn 17. nóvember fór ákærði inn í Arnarhvol hér í bæ. Komst hann þar inn í fatageymslu, er tilheyrir viðskiptamálaráðuneytinu, og tók kuldaúlpu, er gestur hafði skilið þar eftir. Fór ákærði með hana í Söluskálann við Lindargötu og seldi hana fyrir 200,00 kr. Eigandi Söluskálans, Guðmundur Auðunsson, skilaði úlpunni við rannsókn málsins, og komst hún í hendur eiganda. Guðmundur krefst úr hendi ákærða bóta, að fjárhæð 200,00 kr., og verður sú krafa tekin til greina.

V.

Að morgni laugardagsins 18. okt. var ákærði handtekinn ofurölvi við Verkamannaskýlið og settur í varðhald.

VI.

Ákærði hefur skv. því, er nú var rakið, framið öll þau brot, er hann er saksóttur fyrir, og varða þau við lagaákvæði þau, er ákæra tilgreinir.

Með hliðsjón af 72. og 77. gr. alm. hegningarlaga þykir refsing ákærða hæfilega ákveðin fangelsi 8 mánuði. Ákærði hefur unnið til sviptingar kosningarréttar og kjörgengis til opinberra starfa og annarra almennra kosninga skv. 3. mgr. 68. gr. alm. hegningarlaga.

Dæma ber ákærða til að greiða allan sakarkostnað svo og bætur skv. því, er að framan er rakið.

Dómsorð:

Ákærði, Eiður Valdimarsson, sæti fangelsi 8 mánuði. Hann er sviptur kosningarrétti og kjörgengi til opinberra starfa og annarra almennra kosninga.

Ákærði greiði Hreini Bjarnasyni kr. 150,00 og Guðmundi Auðunssyni kr. 200,00.

Ákærði greiði allan sakarkostnað.

Dóminum skal fullnægja með aðför að lögum.

Föstudaginn 13. marz 1959.

Nr. 38/1959. **Stefán Thorarensen**
gegn
vegamálastjóra.

Dóminn skipuðu hinir reglulegu dómarar Hæstaréttar.

Kærumál. Dómkvaðning matsmanna. Sératkvæði.

Dómur Hæstaréttar.

Með kæru 18. f. m., sem barst Hæstarétti 26. s. m., hefur sóknaraðili kært til dómsins úrskurð, sem upp var kveðinn á aukadómþingi Gullbringu- og Kjósarsýslu 14. s. m. í máli varnaraðilja gegn sóknaraðilja. Krefst sóknaraðili þess, að hinn kærði úrskurður verði úr gildi felldur og varnaraðilja dæmt að greiða málskostnað í héraði og hér fyrir dómi.

Varnaraðili krefst staðfestingar hins kærða úrskurðar og kærumálskostnaðar úr hendi sóknaraðilja.

Eigi eru efni til á þessu stigi málsins að skera úr um gildi eignarnámsheimildar varnaraðilja. Með þessari athugasemd ber að staðfesta hinn kærða úrskurð að niðurstöðu til.

Eftir þessum úrslitum verður sóknaraðilja dæmt að greiða varnaraðilja kærumálskostnað, er ákveðst kr. 600,00.

Dómsorð:

Hinn kærði úrskurður á að vera óraskaður.

Sóknaraðili, Stefán Thorarensen, greiði varnaraðilja, vegamálastjóra, kr. 600,00 í kærumálskostnað að viðlagðri aðför að lögum.

Sératkvæði
Jóns Ásbjörnssonar hæstaréttardómara.

Samþykkur atkvæðinu að öðru leyti en því, að eftir öllum atvikum tel ég rétt, að hvor aðilja beri sjálfur kostnað sinn af málinu hér fyrir dómi.

Úrskurður aukadómþings Gullbringu- og Kjósarsýslu 14. febrúar 1959.

Ár 1959, laugardag 14. febr., var í aukadómþingi Gullbringu- og Kjósarsýslu af fulltrúa sýslumanns, Kristni Ólafssyni, upp kveðinn úrskurður í framangreindu máli.

Með beiðni, dags. 11. sept. 1958, fór vegamálastjóri, Sigurður Jóhannsson, þess á leit, að sýslumaður dómkveddi tvo hæfa og óvilhalla menn til að meta land, sem vegagerðinni væri nauðsynlegt að taka eignarnámi, en þegar beiðni þessi var tekin fyrir í rétti, voru af hálfu landeiganda, Stefáns Thorarensens, lyfsala í Reykjavík, eiganda Saltvíkur, höfð uppi mótmæli gegn því, að umbeðin dómkvaðning færi fram. Að lokinni gagnasöfnun í málinu fór fram í því munnlegur flutningur, en málsatriðið því næst tekið til úrskurðar 4. febr. sl. Af hálfu beggja aðilja var krafizt málskostnaðar.

Málavextir eru þessir:

Í téðri beiðni sinni um dómkvaðningu segir vegamálastjóri, að þar sem nauðsynlegt hafi reynzt vegna viðhalds Vesturlandsvegar við land Saltvíkur á Kjalarnesi að koma í veg fyrir, að reistar væru girðingar eða aðrar hindranir á spildu þeirri, sem er milli vegar og skurðar í landi Saltvíkur, hafi hann ákveðið samkv. heimild í 24. gr. vegalaganna að taka eignarnámi 0,25 ha. spildu, sem sýnd er með rauðu á korti, sem lagt er fram í málinu.

Þar sem samkomulag tókst ekki um bætur, er farið fram á, að sýslumaður dómkveðji tvo óvilhalla menn til þess að meta umrætt land, samkvæmt l. nr. 61 14/11 1917, um framkvæmd eignarnáms.

Af hálfu sóknaraðilja er haldið fram, að eignarnámsheimildin í 24. gr. vegalaganna sé ótvíræð. Löggjafarvaldið sé búið að meta, að fullnægt sé skilyrðum 67. gr. stjórnarskrárinnar um almenningsheill, þannig að umrædd heimild vegamálastjóra verði ekki vefengd fyrir dómstólum. Hagsmunir eigandans eigi að vera nægilega tryggðir með ákvæðum téðrar greinar um, að „fullt verð“ skuli koma fyrir eignartökuna.

Af hálfu varnaraðilja er haldið fram, að ekkert liggi fyrir um þörf vegagerðarinnar á hinni umræddu landspildu vegna breikkunar vegarins né um það, hvort nokkur breikkun sé fyrirhuguð á Kjalarnesvegi. Umrædd girðing á þessum slóðum sé í um 4,25—6 metra fjarlægð frá þjóðveginum, þ. e. vegarbrún, meðan girðingar nágrannajarða séu aðeins í 1 metra fjarlægð frá veg-

arbrún, og verði ekki séð, að þessi girðing Saltvíkurbúsins torveldi eða tálmi viðhaldi eða öðru í sambandi við veginn. Grundvöllur fyrir eignarnámi sé hér því alls ekki fyrir hendi og mótmælt framgangi umbeðinnar dómsathafnar.

Eins og sóknaraðili hefur bent á, er í 24. gr. vegalaganna hver landeigandi skyldaður að láta af hendi land það, er þarf undir vegi eða til breytingar eða breikkunar eða viðhalds vegum. Með þessu lagaboði hefur löggjafinn í eitt skipti fyrir öll heimilað stjórn vegamálanna að taka eignarnámi land, er hún telur þurfa í því skyni, er tekið er fram í greininni.

Það er hins vegar áskilið, að fullt verð komi fyrir, og verður því að fullnægja skilyrðum 26. gr. laganna um bætur eftir samkomulagi eða mati dómkvaddra manna.

Með vísan til þessa ber að taka til greina beiðni sóknaraðilja um dómkvaðningu matsmanna. Eftir atvikum þykir rétt, að málskostnaður í málinu falli niður.

Því úrskurðast:

Framangreind beiðni vegamálastjóra um dómkvaðningu matsmanna skal ná fram að ganga.

Málskostnaður falli niður.

Föstudaginn 13. marz 1959.

Nr. 36/1958. **Hreppsnefnd Grýtubakkahrepps f. h. hreppsins** (Gústaf A. Sveinsson hrl.)

gegn

Ólafi Pálssyni (Magnús Thorlacius hrl.).

Dóminn skipuðu hinir reglulegu dómarar Hæstaréttar.

Krafa um greiðslu kennaralauna.

Dómur Hæstaréttar.

Áfrýjandi hefur að fengnu gjafsóknarleyfi skotið máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 14. marz 1958. Krefst hann *aðallega* sýknu af kröfum stefnda, en *til vara*, að dæmd fjárhæð verði lækkuð. Svo krefst hann og málskostnaðar af

stefnda í héraði og fyrir Hæstarétti, eins og málið væri ekki gjafsóknarmál. Talsmaður áfrýjanda krefst málssóknarlauna sér til handa, hvernig sem málið fer.

Stefndi krefst staðfestingar hins áfrýjaða dóms og málskostnaðar fyrir Hæstarétti úr hendi áfrýjanda eftir mati dómsins.

Eiginkona stefnda var ráðin barnakennari í Grýtubakkaskólahverfi skólaárið 1952—1953. Hinn 3. janúar 1953 ól hún barn, og galt stefndi laun stundakennara, sem önnuðust kennslu í forföllum hennar vegna barnsburðarins. Í 19. gr. laga um fræðslu barna, nr. 34/1946, er svo mælt, að greiða skuli forfallavinnu fyrir kennara, sem ekki geta stundað starf sitt við skóla sökum veikinda, og er ekki ástæða til að láta annað gilda um forföll vegna barnsburðar. Eftir 51. gr. sömu laga má krefja sveitarsjóð um greiðslu kostnaðar, sem leiðir af forfallakennslu samkvæmt 19. gr. Stefndi krefur í máli þessu sveitarsjóðinn um greiðslu fyrir stundakennslu vegna forfalla eiginkonu sinnar í 3 mánuði, þ. e. 1½ mánuð fyrir og eftir barnsburð. Í 19. gr. barnafræðslulaganna segir, að fyrir forfallavinnu skuli greiða eftir reglum, er fræðslumálastjórnin setur. Þegar atvik máls þessa gerðust, höfðu engar slíkar reglur verið settar, og ekki er nægilega leitt í ljós, að þá hafi verið fyrir hendi fastmótuð venja um lengd forfallatíma vegna barnsburðar. Með því að tímalengd sú, sem stefndi leggur til grundvallar kröfu sinni, getur ekki talizt ósanngjörn, verður ekki tekin til greina sú mótbára áfrýjanda, að miða beri við skemmri tíma. Eins og greinir í héraðsdómi, er reikningur stefnda saminn í samráði við kennara þá, sem önnuðust forfallakennslu, og samþykktur af skólanefnd. Hefur áfrýjandi ekki fært líkur að því, að stefndi hafi ekki innt af hendi alla þá fjárhæð fyrir ofangreint 3 mánaða tímabil, sem hann nú krefst úr hendi áfrýjanda. Með þessum athugasemdum og að öðru leyti með skírskotun til forsendna héraðsdóms ber að staðfesta hann.

Rétt þykir, að áfrýjandi greiði stefnda málskostnað fyrir Hæstarétti, kr. 2.500,00. Laun skipaðs talsmanns áfrýjanda fyrir Hæstarétti, kr. 2.500,00, greiðist úr ríkissjóði.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður.

Áfrýjandi, hreppsnefnd Grýtubakkahrepps f. h. hreppsins, greiði stefnda, Ólafi Pálssyni, kr. 2.500,00 í málskostnað fyrir Hæstarétti. Málflutningslaun skipaðs talsmanns áfrýjanda fyrir Hæstarétti, Gústafs A. Sveinssonar hæstaréttarlögmanns, kr. 2.500,00, greiðist úr ríkissjóði.

Dóminum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur bæjarþings Akureyrar 20. febrúar 1958.

Mál þetta, sem dómtekið var 14. þ. m., er höfðað hér fyrir dómi með stefnu, út gefinni 15. janúar 1957 af Ólafi Pálssyni barnakennara, Hveragerði, gegn hreppsnefnd Grýtubakkahrepps í Suður-Þingeyjarsýslu f. h. hreppsins, og hefur málið verið rekið hér fyrir dómi með samkomulagi aðilja. Málinu hafði áður verið löglega stefnt til sáttanefndar, og fór sáttatilraun fram fyrir einum sáttamanni, sem ekki bar árangur, en umboðsmenn beggja aðilja, sem mættir voru, lýstu yfir, að þeir hefðu ekkert við þetta að athuga, enda væri sátt í málinu útilokuð.

Sóknaraðili málsins gerir þær dómkröfur, að stefnda verði dæmd til að greiða honum kr. 8.659,58 ásamt 6% ársvöxtum frá 1. janúar 1954 að telja og málskostnað samkvæmt reikningi eða mati réttarins. Stefnda krefst algerrar sýknu af kröfum stefnanda og að henni verði dæmdur hæfilegur málskostnaður. *Til vara* er kröfunni mótmælt sem of hárri og ósannaðri og að stefndu verði eigi gert að greiða forfallakennslu af þeim sökum, er í málinu greinir, fyrir lengri tíma en 6 vikur.

Framangreinda kröfu kveður stefnandi vera fyrir forfallakennslu, er hann hafi greitt til tveggja aukakennara við barnaskólann í Grenivík skólaárið 1952—53 vegna forfalla fastráðins kennara við skólann, Þórgunnar Björnsdóttur, sem jafnframt er kona stefnanda, en hún ól barn 3. janúar þennan vetur.

Málavextir eru nánar sem hér skal greina:

Veturna 1950—1, 1951—2 og 1952—3 höfðu greind kennarahjón lengst af mann til að kenna fyrir sig sitt á hvað. Maður þessi var Kristinn Jónsson, núverandi skólastjóri í Grenivík.

Einnig kenndi Þórunn, systir Þórgunnar, handavinnu fyrir hana á hluta af þessu tímabili, þar á meðal veturinn 1952—3. Báðum þessum aukakennurum greiddu kennarahjónin eftir hendinni, að því er bezt verður vitað. Svo leið tíminn, án þess að hjónin endurkræfu hreppsnefndina um neitt af greiðslunni fyrir aukavinnuna, þar til vorið 1955, líklega í maímánuði, að stefnandi sendi skólanefnd reikning vegna forfallakennslu, er hann hafði lagt út á skólaárinu 1952—3 vegna fjarveru Þórgunnar, konu hans, af völdum barnsburðar á því skólaári, og var reikningurinn að upphæð kr. 13.019,40. Ekki vildi skólanefndin samþykkja reikning þennan, en sendi hann hreppsnefndinni og æskti þess, að nefndin afgreiddi málið í samræmi við afrit af bréfi fræðslumálaskrifstofunnar frá 6. maí 1955, er fylgdi með, sbr. dskj. nr. 17. Samkvæmt bréfi til hreppsnefndarinnar, dags. 28. maí s. á., hafði krafan verið lækkuð niður í kr. 8.659,58 skv. dómskj. nr. 3, eða það, sem stefnukröfunni nemur, og er sú upphæð talin vera miðuð við forfallakennslu vegna Þórgunnar Björnsdóttur í 3 mánuði. Fylgdi það nú með frá skólanefndinni, að hún gæti ekki annað en samþykkt þennan reikning samkvæmt bréfi fræðslumálaskrifstofunnar frá 6. maí s. á., þ. e. bréfið með dskj. nr. 17. Þrátt fyrir þessa tillögu skólanefndar hafnaði hreppsnefndin að greiða reikninginn.

Sjálfur hefur stefnandi skýrt þannig frá tilorðningu ofangreinds reiknings, sbr. dskj. nr. 3:

Eftir að skólanefndin hafði samþykkt greiðslu vegna þriggja mánaða forfalla, hafði hann gert reikning, sem hann taldi vera fyrir þriggja mánaða tímakaup, og var hann að upphæð kr. 13.019,40, en skólanefndin hafði ekki viljað samþykkja þessa upphæð, þar sem hún hafði talið, að hún væri of há miðað við þriggja mánaða forfallakennslu. Hann kvað sjónarmið nefndarinnar hafa verið það, að forföllin teldust vera þriggja mánaða tímabil, og sé 3. jan. (fæðingardagur barnsins) í miðju því tímabili. Frá þessu tímabili skyldi draga öll leyfi, greiðslan skyldi miðuð við tímakaup. Aðra forfallakennslu en þessa fyrir Þórgunni hafi nefndin ekki viljað samþykkja. Ekki kvaðst stefnandi hafa getað fallizt á, að þessi skilningur skólanefndar á þriggja mánaða tímabilinu væri réttur, en hann hafi unnið það til samkomulags að samþykkja þetta. Hann kvað nefndina síðan hafa falið sér að semja reikning yfir forfallakennsluna eftir hennar skilningi á málinu og kveðja til aðstoðar sér báða kennarana, sem forfallakennsluna höfðu annazt, og láta þá endur-

skoða reikninginn; að því loknu skyldi reikningurinn lagður fyrir nefndina að nýju. Hann kveður alla skólanefndarmennina hafa verið sammála um þetta, og hafi verið farið í öllu eftir því, sem nefndin lagði fyrir, og síðan hafi nefndin samþykkt reikninginn og sent hann til hreppsnefndarinnar, og var sá reikningur með sömu upphæð og dómkrafan í máli þessu, sbr. að framan. Einnig kveður stefnandi, að námsstjórinn hafi samþykkt reikninginn. Aukakennararnir, Kristinn Jónsson og Þórunn Björnsdóttir, hafa bæði gefið vottorð í máli þessu, sbr. dskj. nr. 22 og 23, og staðfest þau fyrir dómi, þar sem þau votta, að þau hafi endurskoðað reikninginn á dskj. nr. 3 og að upphæð hans sé fengin eins og stefnandi hefur lýst og nú hefur verið frá greint.

Skal nú vikið nokkru nánar að gögnum þeim, er stefnandi styður kröfur sínar einkum við. Hann hefur haldið því fram, að það hafi verið venja bæði í Grenivík og annars staðar að greiða forfallakennslu vegna veikinda og þar á meðal barnsburðar fastra kennara, og hefur stuðzt þar við ýmis skjöl málsins, en þar kemur fram, að slíkt hafi verið tíðkað bæði í Grenivík og annars staðar, sbr. t. d. dskj. nr. 4 og 5, sem ekki varða deiluefnið beint, heldur forfallakennslu vegna skólastjórans sjálfs við nefndan skóla, svo og gögn þau, er sýni, að áður hafi verið greidd forfallakennsla fyrir Þórgunni Björnsdóttur af sömu ástæðum og hér er um deilt, þ. e. veturinn 1951—2. Einnig að öðru leyti hefur stefnandi stutt kröfur sínar við bréfaskipti, er fram hafa farið um deiluefnið. Eftir að hreppsnefnd Grýtubakkahrepps hafði samþykkt 31. maí 1955 að vísa reikningi stefnanda frá með 3 atkv., — einn nefndarmanna sat hjá, og annar virðist ekki hafa verið mættur, — með þeim rökum, að eigi væru lög fyrir slíkri greiðslu, sbr. dskj. nr. 7, sneri stefnandi sér í bréfi til fræðslumálastjóra, sbr. dskj. nr. 8, og óskaði eftir, að hann hlutaðist til um, að hann fengi það endurgreitt, er honum bæri vegna farfallakennslunnar. Út af bréfi þessu virðist fræðslumálastjóri bæði hafa snúið sér til námsstjórans fyrir Norðurland, Stefáns Jónssonar, og menntamálaráðuneytisins.

Í svarbréfi námsstjórans um þetta segir m. a.: „Forfallakennsla þessi mun hafa verið framkvæmd með samþykki skólanefndar í löglegum forföllum kennara, og hreppsnefnd hefur engar athugasemdir gert við reikninginn eða upphæð hans, og lít ég því svo á, að skólanefnd beri að greiða reikninginn eins og önnur útgjöld við skólahaldið."

Í svarbréfi menntamálaráðuneytisins segir svo: .... „tekur

ráðuneytið fram, að það lítur svo á, að hreppsnefnd Grýtubakkahrepps sé fastri venju samkvæmt skyld til þess að greiða umræddan kostnað, enda hefur skólanefndin samþykkt reikning skólastjórans. Ríkissjóður mun svo endurgreiða sinn hluta þessa kostnaðar við uppgjör síðar," sbr. dskj. nr. 11. — Þennan úrskurð, eins og hún kallar það, sendi fræðslumálaskrifstofan síðan oddvita, og virðist svo sem það hafi átt að vera síðasta orðið af hálfu fræðslumálastjórnarinnar í málinu.

Áður en þessi bréfaskipti fóru fram, er nú voru greind, hafði formaður skólanefndar Grýtubakkahrepps snúið sér til fræðslumálastjóra varðandi réttmæti reiknings stefnanda, og var því bréfi svarað 6. maí 1955, sbr. dskj. nr. 6. Segir þar meðal annars, að það hafi verið venja að greiða konum, sem forfölluðust vegna barnsburðar, full laun í allt að þrjá mánuði, og nú hafi þessi regla verið staðfest í reglugerð nr. 87/1954, um orlof og veikindaforföll starfsmanna ríkisins. Þá er vitnað í 19. gr. laganna um fræðslu barna, nr. 34/1946, og segir svo: „Reglugerð um forföll var ekki sett fyrr en á sl. ári, en það hefur verið föst venja, að forfallakennsla greiðist úr sveitarsjóði að fullu, en síðan endurgreiði ríkissjóður ¼ hluta þeirrar upphæðar." Svo segir: „Niðurstöður verða því þessar: 1. Ríkissjóður greiði Þórgunni Björnsdóttur full laun í þrjá mánuði vegna forfalla. 2. Forfallavinna, þ. e. sú kennsla, sem kaupa varð vegna Þórgunnar, greiðist að fullu úr sveitarsjóði, en síðan endurgreiði ríkissjóður að ¼ hluta þeirrar upphæðar."

Stefnda hefur einkum byggt andmæli sín á tveimur ástæðum, sem hún telur hvora um sig nægja til sýknu. Fyrri ástæðan er sú, að krafan styðjist ekki við nein lög eða reglur. Í því sambandi bendir hún á, að reglugerð sú, sem gert sé ráð fyrir, að sett verði í 19. gr. laga nr. 34/1946, hafi aldrei verið sett. Ekki hafi heldur reglugerðin nr. 87/1954, sem sett hafi verið með heimild í 17. gr. laga nr. 38/1954, nein ákvæði um, hver eigi að greiða þá vinnu, sem kaupa þarf vegna forfalla. Hins vegar komi skýrt fram í 17. gr. nefndra laga, að greinilega sé gert upp á milli veikindaforfalla annars vegar og fjarvistar vegna barnsburðar hins vegar. Hún telur, að í nefndri 19. gr. felist ekki annað en heimild fyrir fræðslumálastjórnina til að setja reglugerð um greiðslu fyrir vinnu vegna veikinda, en að heimild bresti til að setja reglur um greiðslu vegna vinnu, sem unnin sé vegna barnsburðar kennara. Hún kveður enga reglugerð hafa verið setta samkvæmt nefndri lagagrein og engin reglugerðar-

ákvæði séu til fyrir því, að kennarar eigi kröfu til þess, að viðkomandi sveitarfélag greiði fyrir þá kennslu vegna forfalla kennara af margnefndum ástæðum. Jafnframt hefur hún andmælt því, að svo verði á litið, að fjarvist vegna barnsburðar verði jafnað til fjarvistar vegna veikinda. Samkvæmt þessu telur stefnda kröfur stefnanda eigi hafa við lög að styðjast. Einnig hefur stefnda eindregið mótmælt því, að venjur, sem um sams konar tilvik hafi verið teknar upp annars staðar, svo sem um þriggja mánaða kaup fyrir konur, sem ali börn í Rvík, séu á nokkurn hátt bindandi fyrir stefndu.

Í annan stað hefur stefnda mótmælt því, að kennsla sú, sem hér er krafizt greiðslu fyrir, sé raunveruleg forfallakennsla, er stefndu beri að greiða. Hún kveður reikninginn á dskj. nr. 3 ekki vera frá kennara, sem fenginn hafi verið til að gegna kennslu vegna þessara sérstöku forfalla, heldur sé hann gefinn út af skólastjóra í eigin nafni, en vottaður réttur af tveimur mönnum, sem gegnt hafi kennslustörfum á vegum hinna föstu kennara að meira eða minna leyti án sérstakra forfalla af þeirra hálfu. Þá hefur hún og haldið því fram, að þessar persónur, sem annazt hafi forfallakennsluna, hafi ekki verið ráðnar af skólanefnd eða hreppsnefnd vegna þessara tilgreindu forfalla kennarans, heldur hafi þau löngum kennt við skólann sem aðstoðarkennarar hinna föstu kennara og á þeirra kostnað, oft og einatt án þess, að um forföll þeirra í venjulegum skilningi væri að ræða. Stefnda hefur þannig mótmælt því, að kennari hafi verið ráðinn til að annast kennslu fyrir Þórgunni Björnsdóttur vegna barnsburðar. Ef svo hefði verið, hefði þeim manni borið að beina kröfu sinni til hreppsnefndar, gera sundurliðaðan reikning yfir vinnu sína og fá viðurkenningu skólastjóra og skólanefndar fyrir réttum stundafjölda og kauphæð.

Til vara hefur kröfunni verið mótmælt sem óhæfilega hárri og ósannaðri og að stefndu verði ekki gert að greiða nema fyrir sex vikur af þessum sökum. Hefur hún þar um sérstaklega vitnað til bréfs fræðslumálastjóra 16. apríl 1952, sbr. dskj. nr. 10, þar sem sagt sé, að nú orðið sé föst venja að greiða 6 vikna kennslu fyrir fastan kennara, sem forfallist sökum veikinda. Tekið er fram, að barnsburður kæmi undir þessi hlunnindi.

Svo sem áður var að vikið, segir svo í 19. gr. laga nr. 34/1946, sem í gildi var á þessu tímabili, en afnumin var með lögum nr. 41/1955: „Geti kennari ekki stundað starf sitt við skóla sakir veikinda, skal greiða forfallavinnu fyrir hann samkvæmt regl-

um, er fræðslumálastjórn setur.“ Svo sem fram kemur að framan, voru aldrei settar neinar almennar og formlegar reglur samkvæmt þessari heimild. Hins vegar virðist fræðslumálastjórnin hafa sett óformlegar reglur og lagt til við hlutaðeigandi, að farið væri eftir þeim. Rétturinn lítur svo á, að eins og ákvæðum þessum sé farið, hafi fræðslumálastjórninni verið heimilt að ákvarða, að forfallakennsla skyldi greidd, og hafi því stefndu borið að hlíta úrskurði fræðslumálastjórnarinnar um greiðslu stefnukröfunnar, sbr. einkum dskj. nr. 11 og 12. Samkvæmt þessari niðurstöðu verður sú sýknukrafa stefndu, að krafan hafi ekki við lög að styðjast, ekki tekin til greina.

Ekki verður heldur fallizt á þá sýknuástæðu stefndu, er lýtur að frágangi sjálfs reikningsins á dskj. nr. 3. Því er ómótmælt haldið fram, að reikningurinn sé saminn í samráði við skólanefnd og með hlutdeild kennaranna, sem önnuðust aukakennsluna, og síðan sé reikningurinn samþykktur réttur af skólanefnd og námsstjóra. Þykja með þessu nægileg rök að því færð, að reikningurinn sé rétt saminn. Ekki þykir hafa þýðingu í þessu sambandi, þótt skólastjórinn gefi reikninginn út, þar sem upplýst er, að hann lagði fram greiðslu til forfallakennaranna, né heldur sú mótbára, að hreppsnefndin hafi ekki ráðið aukakennarana til starfans og þá sérstaklega í þessu ákveðna augnamiði, því að samkv. 20. gr., 3. mgr., fræðslulaganna, á hreppsnefndin eigi aðild að ráðningu stundakennara. Og ekki þykir það hafa þýðingu í þessu sambandi, þótt forfallakennararnir hafi kennt meira fyrir föstu kennarana en í eiginlegum eða lögmætum forföllum. Samkvæmt þessu verður önnur sýknuástæða stefndu eigi heldur tekin til greina. Með tilvísun til þess, sem sagt er um fyrstu sýknuástæðuna, þykir varakrafa stefndu eigi verða tekin til greina. Samkvæmt þessari niðurstöðu verður krafa stefnanda tekin til greina, um að honum verði dæmdar kr. 8.659,58 með 6% ársvöxtum frá 1. jan. 1955 að telja og kr. 1.500,00 í málskostnað.

Dóminn kvað upp Sigurður M. Helgason, settur bæjarfógeti á Akureyri og sýslumaður í Eyjafjarðarsýslu.

Dómsorð:

Stefnda, hreppsnefnd Grýtubakkahrepps f. h. hreppsins, greiði stefnanda, Ólafi Pálssyni, kr. 8.659,58 með 6% ársvöxtum frá 1. jan. 1955 að telja til greiðsludags og kr. 1.500,00 í málskostnað, allt innan 15 daga frá birtingu dóms þessa.

Dóminum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Miðvikudaginn 18. marz 1959.

Nr. 153/1958. **Kaupfélag Reykjavíkur og nágrennis**
(Ragnar Ólafsson hrl.)
gegn
Kristjáni Fr. Guðmundssyni,
Halldóri Indriðasyni
og
Ágústi Bjarnasyni
(Áki Jakobsson hrl.).

Dóminn skipuðu hinir reglulegu dómarar Hæstaréttar.

Synjað um brottflutning íbúðarhúss af lóð með beinni fógetagerð.

Dómur Hæstaréttar.

Þorsteinn S. Thorarensen, fulltrúi borgarfógetans í Reykjavík, hefur kveðið upp hinn áfrýjaða úrskurð.

Áfrýjandi, sem hefur skotið máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 23. október 1958, gerir þær dómkröfur. að hinum áfrýjaða úrskurði verði hrundið og að dæmt verði, að húsið Smiðjustígur 5 B skuli flutt burt af þeirri lóð með fógetavaldi. Svo krefst hann og málskostnaðar úr hendi stefndu in solidum bæði í héraði og fyrir Hæstarétti að mati Hæstaréttar. Stefndu krefjast staðfestingar hins áfrýjaða úrskurðar og málskostnaðar fyrir Hæstarétti að mati dómsins.

Fallast verður á þá skoðun héraðsdómara, að ákvæði Nl. VI.—14. verði ekki beitt með lögjöfnun við það tilvik, sem um ræðir í máli þessu, og eigi veita lög um aðför, nr. 19/1887, heldur heimild til brottflutnings framangreinds húss með beinni fógetagerð af lóð þeirri, sem það nú stendur á, sbr. 1., 12. og 14. gr. þeirra laga. Ber því að staðfesta hinn áfrýjaða úrskurð.

Eftir þessum úrslitum þykir rétt, að áfrýjandi greiði stefndu kr. 2.500,00 í málskostnað fyrir Hæstarétti.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði úrskurður á að vera óraskaður.

Áfrýjandi, Kaupfélag Reykjavíkur og nágrennis, greiði stefndu, Kristjáni Fr. Guðmundssyni, Halldóri Indriðasyni og Ágústi Bjarnasyni, kr. 2.500,00 í málskostnað í Hæstarétti að viðlagðri aðför að lögum.

Úrskurður fógetaréttar Reykjavíkur 27. september 1958.

Af hálfu gerðarbeiðanda, Kaupfélags Reykjavíkur og nágrennis, hafa þær réttarkröfur verið gerðar, að húsið nr. 5 B við Smiðjustíg verði flutt burt af lóðinni með útburðargerð. Þess er krafizt, að gerðarþolum Kristjáni Fr. Guðmundssyni og Halldóri Indriðasyni, báðum til heimilis á Smiðjustíg 5 B, og gerðarþola, Ágústi Bjarnasyni, til heimilis á Siglufirði, verði in solidum gert að greiða gerðarbeiðanda málskostnað.

Af hálfu gerðarþola var útburðargerð þessari mótmælt og málskostnaðar krafizt úr hendi gerðarbeiðanda.

Mál þetta var tekið til úrskurðar að loknum munnlegum flutningi, er fram fór hinn 27. ágúst sl. Hefur uppkvaðning úrskurðar þessa dregizt sökum annríkis við embættið.

Samkv. afsals- og veðmálabókum Reykjavíkur varð gerðarbeiðandi, Kaupfélag Reykjavíkur og nágrennis, eigandi húseignarinnar nr. 5 B við Smiðjustíg með afsölum, dagsettum 15. febrúar 1951 og 27. maí s. á. Gerðarbeiðandi selur Guðna nokkrum Bjarnasyni húsið án lóðarréttinda hinn 4. september 1954, sjá kaupsamning á rskj. nr. 5. Þar segir, að kaupanda sé heimilt að láta húsið standa á lóðinni til 15. maí 1955, en þó skuli hann skuldbundinn til þess að flytja húsið fyrr, ef gerðarbeiðandi tilkynni honum með mánaðarfyrirvara, að nota þurfi lóðina. Enn fremur ákveður kaupsamningurinn, að kaupanda sé ekki heimilt að nota húsið, meðan það standi á lóðinni, nema seljandi samþykki.

Guðni Bjarnason selur gerðarþola, Kristjáni Fr. Guðmundssyni, hús þetta seint á árinu 1954. Kaupsamningur þeirra hefur ekki verið lagður fram í málinu.

Í máli þessu liggur fyrir bréf, sem Kristján Fr. Guðmundsson ritar bæjarráði Reykjavíkur hinn 4. október 1955. Kveðst hann hafa keypt húsið nr. 5 B við Smiðjustíg án lóðarréttinda og skuldbundið sig til þess að fjarlægja það af lóðinni vorið 1955. Í bréfi þessu getur hann þess og, að hann hafi selt gerðarþola, Ágústi Bjarnasyni, efstu hæð hússins með kvöð um brottflutning af lóðinni. Kaupsamningur þeirra liggur ekki fyrir í máli þessu. Hall-

dór Indriðason eignast efri hæð hússins með kaupsamningi við gerðarþola Kristján og Hjálmar nokkurn Sigurðsson, dags. 28. nóvember 1955. Er tekið fram í samningnum, að eignarhlutinn sé seldur án lóðarréttinda og með sömu kvöð um brottflutning af lóðinni eins og seljendur eignuðust hann, og skuldbinda þeir sig til þess að flytja húsið af lóðinni honum að kostnaðarlausu. Sjá rskj. nr. 8.

Gerðarþoli Kristján lætur að því liggja í áður umgetnu bréfi sínu til bæjarráðs, að forráðamenn gerðarbeiðanda máls þessa hafi hótað sér útlátum fyrir vanefndir þess að verða á brott með húsið fyrir 15. maí 1955. Annars verður ekki séð, eftir því sem fram hefur komið í málinu, að amazt hafi verið við því, að húsið yrði notað til íbúðar, meðan það stæði á lóðinni.

Af hálfu gerðarbeiðanda hafa nokkrar atrennur verið gerðar að því að fá hús þetta burt af lóðinni með fógetagerð. Útburðarmál var höfðað fyrir réttinum hér í apríl 1956, og var það fellt niður í apríl árið eftir. Í júní 1957 er mál höfðað að nýju, en einnig það féll niður í október s. á.

Útburðarbeiðni sú, sem liggur til grundvallar í máli þessu, er dagsett hinn 14. janúar 1958. Er þess krafizt, að hús það, er stendur á lóðinni nr. 5 B við Smiðjustíg, verði fjarlægt þaðan, annaðhvort rifið niður eða flutt burtu í heilu lagi. Margsinnis hafi verið skorað á gerðarþola að verða á brott með húsið og uppfylla þar með þá skyldu, sem þeir hafi að yfirlögðu ráði undir gengizt, en slík tilmæli hafi engan árangur borið, jafnvel ekki þótt fógetamál hafi verið höfðað til þess að knýja þá til efnda.

Það er viðurkennt í greinargerð gerðarþolanna, að gerðarbeiðandi eigi lóðina undir húsi þessu. Aftur á móti er því haldið fram, að vegna aðgerðarleysis gerðarbeiðanda hafi félagið firrt sig öllum rétti til þess að láta flytja húsið með fógetagerð nema þá með því móti, að byggingarframkvæmdir væru hafnar á lóðinni. Ekki er því þó haldið fram, að forráðamenn gerðarbeiðanda hafi samþykkt berum orðum, að húsið mætti standa á lóðinni til frambúðar, en þegjandi samkomulag hafi orðið um þetta.

Í máli þessu liggur fyrir matsgerð dómkvaddra manna, Ögmundar Jónssonar verkfræðings og Sveinbjarnar Pálssonar, þar sem þeir telja, að unnt sé að flytja húsið af lóðinni í heilu lagi, sjá rskj. nr. 7.

Vísa ber á bug þeirri staðhæfingu gerðarþola, að aðgerðarleysi af hálfu gerðarbeiðanda hafi út af fyrir sig skapað gerðarþolum nokkurn rétt til að hafa húsið á lóðinni. Hús þetta var á sínum

tíma byggt með leyfi byggingaryfirvalda Reykjavíkur og á eignarlóð, en nú er þess farið á leit, að það verði flutt þaðan, heilt eða rifið, með beinni fógetagerð.

Í Nl. VI.—14. er ákvæði það, sem beinar fógetagerðir byggjast á. Segir þar, að vilji maður ekki flytjast úr leiguhúsi á fardaga réttum, enda hafi honum verið löglega byggt út, eða hann hafist við í húsi, sem hann á engan rétt til eða hafi verið dæmdur úr, að ólofi eiganda, og megi þá eigandi án frekara dóms láta ryðja húsið.

Þessu ákvæði hefur analógískt verið beitt um önnur tilvik. Í máli þessu er um að ræða kröfugerð þess efnis, að íbúðarhús, byggt með leyfi byggingaryfirvalda, verði flutt með beinni fógetagerð af lóð þeirri, sem það stendur á. Þessi kröfugerð er þess eðlis, að telja verður, að nýnefndri lagagrein verði hér ekki beitt analogice. Af því leiðir, að útburðargerð slík sem þessi verður ekki látin fara fram nema að undangengnum dómi almenns dómstóls.

Þannig verður synjað um þessa umbeðnu útburðargerð. Málskostnaður verður látinn falla niður.

Því úrskurðast:

Umbeðin útburðargerð skal ekki fara fram.

Málskostnaður fellur niður.

Miðvikudaginn 18. marz 1959.

Nr. 119/1958. **Samvinnufélagið Björg**
(Magnús Thorlacius hrl.)
gegn
Skeggja h/f (Áki Jakobsson hrl.).

Dóminn skipuðu hinir reglulegu dómarar Hæstaréttar.

Skuldamál. Gildi prókúruumboðs.

Dómur Hæstaréttar.

Áfrýjandi hefur skotið máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 27. ágúst 1958 að fengnu áfrýjunarleyfi 25. s. m. Krefst hann sýknu af dómkröfum stefnda og að stefnda verði dæmt að greiða honum kr. 30.000,00 með 6% ársvöxtum frá 1.

júlí 1956 til greiðsludags og málskostnað í aðalsök og gagnsök í héraði að mati Hæstaréttar. Þá krefst áfrýjandi, er fengið hefur gjafsókn hér fyrir dómi, málskostnaðar úr hendi stefnda fyrir Hæstarétti, eins og málið væri eigi gjafsóknarmál, þar á meðal hæfilegra málssóknarlauna til skipaðs talsmanns hans fyrir Hæstarétti.

Stefndi krefst staðfestingar hins áfrýjaða dóms og málskostnaðar úr hendi áfrýjanda fyrir Hæstarétti.

Með skírskotun til forsendna hins áfrýjaða dóms ber að staðfesta hann.

Eftir þessum úrslitum verður áfrýjanda dæmt að greiða stefnda málskostnað í Hæstarétti, er ákveðst kr. 3.500,00.

Málflutningslaun skipaðs talsmanns áfrýjanda fyrir Hæstarétti, kr. 3.500,00, greiðist úr ríkissjóði.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður.

Áfrýjandi, Samvinnufélagið Björg, greiði stefnda, h/f Skeggja, kr. 3.500,00 í málskostnað fyrir Hæstarétti.

Málflutningslaun skipaðs talsmanns áfrýjanda fyrir Hæstarétti, Magnúsar Thorlacius hæstaréttarlögmanns, kr. 3.500,00, greiðist úr ríkissjóði.

Dóminum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur bæjarþings Reykjavíkur 26. febrúar 1958.

Mál þetta, sem tekið var til dóms 12. þ. m., hefur aðalstefnandi, h/f Skeggi hér í bæ, höfðað fyrir bæjarþinginu með stefnu, birtri 30. apríl 1957, gegn Samvinnufélaginu Björgu, Drangsnesi í Strandasýslu, til greiðslu skuldar, að fjárhæð kr. 43.500,00, með 7% ársvöxtum af kr. 13.500,00 frá 1. maí 1956 til 1. júní s. á. og kr. 43.500,00 frá þeim degi til greiðsludags, ⅓% fjárhæðarinnar í þóknun, kr. 250,00 í stimpil- og afsagnarkostnað og málskostnaðar að skaðlausu.

Stefnda hefur krafizt sýknu í aðalsök af öllum kröfum aðalstefnanda og málskostnaðar úr hans hendi eftir mati dómsins.

Með stefnu, út gefinni 14. maí 1957, hefur stefnda gagnstefnt

aðalstefnanda til greiðslu skuldar, að fjárhæð kr. 55.000,00, með 6% ársvöxtum frá 1. júní 1956 til greiðsludags og málskostnaðar að skaðlausu. Síðar hefur gagnstefnandi lækkað kröfu þessa um kr. 25.000,00.

Gagnstefnda hefur krafizt sýknu af öllum kröfum gagnstefnanda í gagnsök og málskostnaðar úr hendi hans eftir mati dómsins.

Aðalsök.

Málavextir eru þeir, að hinn 1. marz 1956 var undirritaður leigusamningur um leigu m/s Sigurðar Péturs, RE-186. Í samningi þessum, sem lagður hefur verið fram í málinu, er stefnandi, sem var eigandi skipsins, leigusali, en stefnda leigutaki. Af hálfu stefnanda undirritaði samninginn Jón Sigurðsson, framkvæmdastjóri og stjórnarmaður stefnanda, en af hálfu stefnda Njáll Gunnlaugsson, framkvæmdastjóri stefnda. Með samningi þessum leigði stefnandi stefnda áðurgreint skip frá 1. marz 1956 til 20. júní 1956. Þó skyldi leigusamningurinn framlengjast til 30. nóvember sama ár, ef hvorugur aðili hafði sagt honum upp fyrir 1. júní. Leigugjaldið var ákveðið kr. 45.000,00 fyrir hvern mánuð, og skyldi það greiðast mánaðarlega fyrir fram hinn fyrsta hvers mánaðar. Þó átti það að vera kr. 40.000,00 á mánuði yfir allt tímabilið, ef samningurinn framlengdist til 30. nóvember. Síðar í samningnum segir: „Leigu skipsins skal leigutaki greiða þannig: Við undirskrift samnings þessa greiðir leigutaki kr. 45.000,00 — fjörutíu og fimm þúsund krónur — og gefur út víxla með gjalddaga 1. apríl, 1. maí og 1. júní til tryggingar skilvísri greiðslu leigunnar.“ — Með símskeyti, dagsettu 29. maí 1956, sagði stefnandi leigusamningnum upp frá 20. júní s. á.

Af hálfu stefnanda er skýrt svo frá, að leigugjaldið fyrir marzmánuð hafi verið greitt við undirskrift samningsins. Um leið hafi framkvæmdastjóri stefnda gefið út í eigin nafni og samþykkt f. h. stefnda þrjá tryggingarvíxla, eins og gert sé ráð fyrir í samningnum. Aprílleigan hafi verið greidd með ávísun, að fjárhæð kr. 30.000,00, á Almennar tryggingar h/f hér í bæ og með kr. 15.000,00 í peningum. Tryggingarvíxlinum pr. 1. apríl hafi þá jafnframt verið skilað. Af leigugjaldinu fyrir maímánuð hafi aðeins verið greiddar kr. 35.000,00. Skuldi stefnda því kr. 10.000,00 af maíleigunni og allt leigugjaldið, kr. 30.000,00, fyrir júnímánuð. Tryggingarvíxlarnir pr. 1. maí og pr. 1. júní séu því báðir fallnir í gjalddaga.

Tryggingarvíxlar þessir, sem lagðir hafa verið fram, eru út

gefnir 1. marz 1956 af Njáli Gunnlaugssyni persónulega og samþykktir af honum pr.pr. Samvinnufélagið Björg til greiðslu í Útvegsbankanum í Reykjavík. Annar víxillinn er að fjárhæð kr. 45.000,00 með gjalddaga 1. maí 1956. Hafa verið greiddar upp í hann kr. 35.000,00. Hinn er að fjárhæð kr. 30.000,00 með gjalddaga 1. júní 1956.

Auk framangreindra víxla hefur stefnandi lagt fram víxil, að fjárhæð kr. 3.500,00. Er víxill þessi út gefinn af Njáli Gunnlaugssyni persónulega og samþykktur af honum pr.pr. Samvinnufélagið Björg til greiðslu í Útvegsbankanum í Reykjavík hinn 1. maí 1956, en víxil þennan, sem afsagður var vegna greiðslufalls 3. maí 1956, hefur Njáll Gunnlaugsson framselt eyðuframsali. Krefst stefnandi einnig greiðslu víxils þessa, þótt hann sé ekki til orðinn vegna fyrrgreinds samnings.

Kröfu sína sundurliðar stefnandi því þannig:

1.	Eftirstöðvar víxils að fjárhæð kr. 45.000,00 pr. 1. maí 1956	kr. 10.000,00
2.	Víxill pr. 1. júní 1956	— 30.000,00
3.	Víxill pr. 1. maí 1956	— 3.500,00
		Kr. 43.500,00

Af hálfu stefnda hefur verið skýrt svo frá, að í desember 1955 hafi stjórn stefnda ráðið nýjan framkvæmdastjóra til félagsins, Njál Gunnlaugsson. Síðar hafi átt að ganga frá starfssamningi við hann, en af því hafi ekki orðið. En prókúruumboð hans fyrir félagið var auglýst í Lögbirtingablaðinu 25. janúar 1956. Í viðtölum við einstaka stjórnarmenn og fleiri hafi Njáll haft á orði, að hann mundi koma með togbát og láta hann leggja upp afla sinn á Drangsnesi, ef úr ráðningu hans yrði. En mikil þörf hafi þá verið fyrir aukavinnu á Drangsnesi. Um áramótin, er Njáll tók við störfum, hafi ógreidd vinnulaun skipverja og verkafólks hjá félaginu frá fyrra ári numið um 120 þúsund krónum. Hafi skipverjar haft við orð, að þeir mundu ekki ráða sig að nýju á báta félagsins, fyrr en fullnaðargreiðsla til þeirra væri fyrir hendi. Hafi þá verið leitað hófanna um bráðabirgðalán til að reyna að kippa þessu í lag, sem og hafi tekizt, en einhverra hluta vegna hafi það fé farið í annað, svo að vinnulaunin greiddust ekki upp. Hafi framkvæmdastjórinn þá hafið eftirgrennslan hjá Útvegsbanka Íslands í Reykjavík um rekstrarlán fyrir heimabáta félagsins á Drangsnesi til að koma þeim á ný á veiðar. Að sögn fram-

kvæmdastjórans hafi lán getað fengizt þar, þó með því skilyrði, að stjórnarmenn félagsins gengju í persónulega ábyrgð fyrir láninu. Á stjórnarfundi í félaginu 26. janúar 1956 hafi svo verið ákveðið að taka fyrrgreint lán, og hafi allir stjórnarmenn félagsins skrifað upp á 120.000,00 kr. víxil, sem sendur hafi verið framkvæmdastjóranum í fullu trausti þess, að hann verði því fé, sem fyrir víxilinn fengist, til að greiða ógoldin vinnulaun á Drangsnesi, eins og stjórnin hafði samþykkt á fundinum 26. janúar. Víxilinn hafi framkvæmdastjórinn selt í Útvegsbankanum, eins og til stóð, en andvirði hans hafi aldrei komið til Drangsness, en peningunum hafi hann varið til að taka á leigu togbátinn Sigurð Pétur án allrar vitundar stjórnar félagsins og þvert ofan í fyrirmæli hennar. Um leigumálann hafi stjórnin frétt í marzmánuði, er hún meðtók veðskjöl, sem Útvegsbankinn sendi norður. En þar hafi komið í ljós, að 35% af aflaverðmæti skipsins höfðu verið veðsett, en tekið fram, að báturinn yrði gerður út frá Drangsnesi og aflinn yrði lagður þar á land. Er fyrrgreind veðskjöl bárust norður, hafi stjórnin strax gert ráðstafanir til að fá framkvæmdastjórann, sem sat í Reykjavík, norður til að gefa upplýsingar um málið auk skýrslna um ýmis önnur mál. Hafi hann komið norður 29. marz og mætt á stjórnarfundi félagsins. Um þetta segir m. a. í útdrætti af fundargerðabók stjórnarinnar, sem lagður hefur verið fram: „Þá var rætt um útgerð á Sigurði Pétri, sem er botnvörpuskip og framkvæmdastjóri hafði ráðizt í útgerð á án stjórnarsamþykkis. Kvaðst framkvæmdastjóri mundu reyna að útvega víxil til greiðslu á víxli þeim, er stjórnarmenn eru ábyrgðarmenn á, og þar með yrði skipið á sínum vegum, en ekki s/f Bjargar.“ Á fundi þessum lýsti formaður félagsstjórnar sig meðmæltan því, að Sigurður Pétur legði upp afla á Drangsnesi og að víxill stjórnarmanna yrði látinn standa og hann greiddur með væntanlegum fiski. Aðrir stjórnarmenn vildu losa víxilinn og vildu ekki skrifa upp á fleiri víxla, en framkvæmdastjóri hafði farið fram á það, að stjórnarmenn skrifuðu upp á tryggingarvíxil, að fjárhæð kr. 50.000,00, til tryggingar sjóveðskröfum á skipið Sigurð Pétur. Á fundi þessum lýsti framkvæmdastjórinn, Njáll, yfir því, að hann segði starfi sínu upp, og kvaðst mundu hætta störfum um leið og Magnús Guðmundsson, sem sagt hafði starfi sínu lausu, nema ráðinn yrði annar maður, sem væri „jafnkunnugur málavöxtum og Magnús,“ í stað Magnúsar. Frekari bókanir um þetta mál eru ekki í fundargerðinni. Á stjórnarfundi 2. júlí 1956 ákvað stjórn félagsins, að starfi Njáls í þágu félagsins

skyldi þar með lokið. Hinn 25. s. m. var afturköllun prókúruumboðs hans auglýst í Lögbirtingablaðinu.

Sýknukröfu sína í aðalsök byggir stefnda á því, að það sé ekki réttur aðili máls þessa. Telur stefnda, að prókúruhafinn, Njáll Gunnlaugsson, hafi ekki haft heimild til að samþykkja víxla þá, sem stefnandi hefur lagt fram, og gera leigumálann um fyrrgreint skip. Telur það Njál ekki hafa haft umboð til að undirrita skjöl þessi í nafni stefnda, og ekki hafi umboð til þess falizt í stöðu hans sem prókúruhafa. Eins og á stóð, hafi stefnandi átt að fá samþykki stjórnar stefnda. Auk þess beri á það að líta, að fyrrgreindur samningur brjóti í bág við tilgang með starfsemi og rekstri samvinnufélagsins. Að lokum hefur stefnda á það bent, að viðsemjandi Njáls, Jón Sigurðsson, hafi ekki verið í góðri trú, er hann gerði samninginn við Njál. Þá beri á það að líta, að framkvæmdastjórinn, Njáll Gunnlaugsson, hafi talið sig útgerðarmann m/s Sigurðar Péturs, er lögskráð var á skipið 17. marz 1956. Það hafi komið í ljós, að skipið lagði upp afla sinn víðar en á Drangsnesi, bæði á Siglufirði og Sauðárkróki, en um aflamagn og verðmæti viti stjórnin ekkert, þar sem Njáll hafi aldrei fengizt til að upplýsa það. Hins vegar sé það vitað, að verðmæti þess afla, sem á báðum fyrrgreindum stöðum var landað, hafi verið greitt af viðkomandi aðiljum.

Stefnandi heldur því fram, að framkvæmdastjóri hans hafi gert skipsleigusamninginn í góðri trú, enda hafi prókúruumboð framkvæmdastjóra stefnda verið tilkynnt í Lögbirtingablaðinu, löngu áður en samningurinn hafi verið gerður. Prókúristinn hafi ekki gert annað en það, er laut að þeirri atvinnu, er stefnda rak og reki enn, þ. e. útgerð fiskiskipa. Hafi hann því haft fullkomið umboð til að gera samninginn. Einnig megi á það benda, að stefnda hafi fengið rekstrarlán í Útvegsbankanum til útgerðar m/s Sigurðar Péturs, og hafi forráðamenn stefnda skrifað á rekstrarvíxilinn, svo að fráleitt sé að halda því fram, að þeim hafi eigi verið kunnugt um leigumálann.

Er fyrrgreindur skipsleigusamningur var undirritaður, hafði framkvæmdastjóri stefnda skömmu áður selt Útvegsbankanum í Reykjavík 120 þúsund króna víxil þann, sem áður greinir og stjórnarmenn stefnda voru ábyrgðarmenn á. Skipsleigusamningurinn virðist hafa verið gerður með vitund og í samráði við Útvegsbankann, enda er beinlínis tekið fram í honum, að Útvegsbankinn skuli hafa afrit af honum. Hefur lögfræðingur bankans, sem undirritaði samninginn sem vitundarvottur, komið fyrir dóm

og skýrt svo frá, að fyrrgreint lán hafi verið veitt sem rekstrarlán í sambandi við útgerð m/s Sigurðar Péturs. Í félagssamþykktum stefnda er tilgangur félagsins sagður vera „að reka verzlun, iðnað og útgerð í því skyni að efla atvinnu til almennra hagsbóta á félagssvæðinu". Það er einnig fram komið í málinu, að stefnda hafði útgerðarstarfsemi með höndum. Verður eigi séð, að leiga á fyrrgreindu skipi í þrjá og hálfan mánuð hafi verið óvenjuleg ráðstöfun félagsins, enda hefur ekkert komið fram í málinu né því haldið fram af hálfu stefnda, að leigusamningurinn hafi út af fyrir sig verið óhagstæður fyrir leigutaka. Þegar þetta er virt svo og það, að framkvæmdastjórinn hafði auglýst prókúruumboð fyrir stefnda, verður að telja, að hann hafi haft umboð til að gera skipsleigusamninginn og einnig til að samþykkja fyrrgreinda víxla, sbr. 25. gr. laga nr. 42/1903. Það er hins vegar ósannað gegn andmælum stefnanda, að Jón Sigurðsson hafi vitað eða mátt vita, að framkvæmdastjórann skorti heimild til að gera skipsleigusamninginn. Er stefnda því bundið af þessum ráðstöfunum og réttur aðili máls þessa. Ber því að taka kröfur stefnanda í aðalsök til greina að fullu, þar á meðal kröfu hans um málskostnað, er þykir hæfilega ákveðinn kr. 5.000,00.

Gagnsök.

Gagnstefnandi byggir kröfur sínar í gagnsök á því, að framkvæmdastjórann, Njál, hafi brostið heimild til að afhenda gagnstefnda tékka, að fjárhæð kr. 25.000,00, og björgunarfé, að fjárhæð kr. 30.000,00, samtals kr. 55.000,00, og beri gagnstefnda því skylda til að endurgreiða gagnstefnanda fjárhæð þessa.

Tékka þann, sem hér um ræðir, afhenti margnefndur framkvæmdastjóri gagnstefnanda gagnstefnda sem tryggingu í sambandi við fyrrgreindan skipsleigusamning. Hafði gagnstefnda, sem ekki hafði framvísað tékkanum til greiðslu, tékkann í vörzlum sínum, er málssókn þessi var hafin. Við hinn munnlega málflutning var umboðsmanni gagnstefnanda afhentur tékkinn, og lækkaði hann þá kröfu gagnstefnanda um tékkafjárhæðina, en krafðist þess, að málskostnaður yrði miðaður við 55.000,00 kr. kröfu, þar sem gagnstefnda hefði ekki afhent tékkann fyrr.

Gagnstefnda hefur viðurkennt að hafa tekið á móti 30 þúsund króna ávísun á Almennar tryggingar h/f úr hendi framkvæmdastjóra gagnstefnanda. Fjárhæð þessi hafi, eins og áður er getið, gengið upp í leigugjald skipsins Sigurðar Péturs fyrir aprílmánuð, og hefur því ekki verið mótmælt sérstaklega af hálfu gagnstefn-

anda. Gagnstefnda telur, að framkvæmdastjórinn hafi haft fullt umboð til að ávísa fjárhæðinni, og hefur algerlega andmælt því, að það sé skylt til að endurgreiða fé þetta.

Eins og fyrr er getið, er gagnstefnandi bundinn af skipsleigusamningnum. Afhending ávísunarinnar á innstæðu gagnstefnanda hjá Almennum tryggingum h/f til gagnstefnda var einn liður í framkvæmd leigumálans. Verður því að telja, að framkvæmdastjórinn hafi haft heimild til að ávísa innstæðunni, og er gagnstefnandi bundinn af þeirri ráðstöfun. Ber því að sýkna gagnstefnda af kröfu gagnstefnanda um endurgreiðslu á peningafjárhæð þessari.

Hins vegar ber að dæma gagnstefnda til að greiða gagnstefnanda málskostnað í gagnsök, sem eftir atvikum þykir hæfilega ákveðinn kr. 2.500,00.

Bjarni K. Bjarnason, fulltrúi borgardómara, kvað upp dóm þennan.

Dómsorð:

Í aðalsök greiði aðalstefnda, Samvinnufélagið Björg, aðalstefnanda, Skeggja h/f, kr. 43.500,00 með 7% ársvöxtum af kr. 13.500,00 frá 1. maí 1956 til 1. júní s. á. og af kr. 43.500,00 frá þeim degi til greiðsludags, ⅓% fjárhæðarinnar í þóknun, kr. 250,00 í stimpilgjald og afsagnarkostnað og kr. 5.000,00 í málskostnað.

Í gagnsök greiði gagnstefnda, Skeggi h/f, gagnstefnanda, Samvinnufélaginu Björgu, kr. 2.500,00 í málskostnað.

Dómi þessum ber að fullnægja innan 15 daga frá lögbirtingu hans að viðlagðri aðför að lögum.

Föstudaginn 20. marz 1959.

Nr. 151/1958. **Ákæruvaldið** (Guðm. Ásmundsson hrl.)
gegn
Angantý Agnari Áskelssyni,
Daníel Þór Emilssyni,
Pétri Þórarinssyni,
Sigurbergi Sverrissyni,
Vilhelm Sigmarssyni
(Þorvaldur Þórarinsson hdl.),
Eðvarð Helgasyni Vilmundarsyni
og
Sigurvini Sveinssyni
(Guðlaugur Einarsson hdl.).

Dóminn skipuðu hinir reglulegu dómarar Hæstaréttar.

Áfengislagabrot. Sératkvæði.

Dómur Hæstaréttar.

Eins og í héraðsdómi greinir, hafa ákærðu Eðvarð Helgason Vilmundarson og Sigurvin Sveinsson gengizt við kaupum þar greindra vínfanga, og verða þeir að bera ábyrgð samkvæmt því. Þá ber og að fallast á það með héraðsdómara, að þeir hafi eigi fært rök að því, að vínföngin hafi ekki verið ætluð til sölu, enda er framburður þeirra tortryggilegur um ýmis atriði í sambandi við áfengiskaupin. Með þessum athugasemdum þykir mega staðfesta héraðsdóminn að öðru leyti en því, að frestur til greiðslu sekta verði 4 vikur frá birtingu dóms þessa.

Ákærðu Angantýr Agnar Áskelsson, Daníel Þór Emilsson, Pétur Þórarinsson, Sigurbergur Sverrisson og Vilhelm Sigmarsson greiði in solidum málflutningslaun verjanda síns fyrir Hæstarétti, kr. 9.000,00. Ákærðu Eðvarð Helgason Vilmundarson og Sigurvin Sveinsson greiði in solidum málflutningslaun verjanda síns fyrir Hæstarétti, kr. 5.000,00. Annan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin málflutningslaun sækjanda fyrir Hæstarétti, kr. 12.000,00, greiði allir hinir ákærðu in solidum.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður að öðru en því, að frestur til greiðslu sekta verði 4 vikur frá birtingu dóms þessa.

Ákærðu Angantýr Agnar Áskelsson, Daníel Þór Emilsson, Pétur Þórarinsson, Sigurbergur Sverrisson og Vilhelm Sigmarsson greiði in solidum málflutningslaun verjanda síns fyrir Hæstarétti, Þorvalds Þórarinssonar héraðsdómslögmanns, kr. 9.000,00.

Ákærðu Eðvarð Helgason Vilmundarson og Sigurvin Sveinsson greiði in solidum málflutningslaun verjanda síns fyrir Hæstarétti, Guðlaugs Einarssonar héraðsdómslögmanns, kr. 5.000,00.

Annan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin málflutningslaun sækjanda fyrir Hæstarétti, Guðmundar hæstaréttarlögmanns Ásmundssonar, kr. 12.000,00, greiði allir hinir ákærðu in solidum.

Dóminum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Sératkvæði hæstaréttardómaranna Árna Tryggvasonar og Jóns Ásbjörnssonar.

Við erum sammála forsendum og niðurstöðu hæstaréttardómsins að öðru leyti en því, að málsvarnarlaun verjanda Eðvarðs Helgasonar Vilmundarsonar og Sigurvins Sveinssonar fyrir Hæstarétti teljum við hæfilega ákveðin kr. 3.000,00.

Dómur sakadóms Keflavíkur 8. ágúst 1958.

Ár 1958, föstudaginn 8. ágúst, var í sakadómi Keflavíkur, sem haldinn var í lögreglustöðinni af Loga Einarssyni setudómara með undirrituðum vottum, kveðinn upp dómur í málinu: Ákæruvaldið gegn Sigurbergi Sverrissyni, Vilhelm Sigmarssyni, Agnari Áskelssyni, Daníel Þór Emilssyni, Eðvarð Helgasyni Vilmundarsyni,

Sigurvini Sveinssyni og Pétri Þórarinssyni, en mál þetta var tekið til dóms 18. f. m.

Mál þetta er höfðað samkvæmt ákæruskjali, út gefnu í dómsmálaráðuneyti 1. júlí 1957, „gegn Sigurbergi Sverrissyni vélstjóra, Sóltúni 10, Keflavík, f. 20. júlí 1925, Vilhelm Sigmarssyni bílstjóra, Hringbraut 95, Keflavík, f. 5. marz 1925, Agnari Áskelssyni bílstjóra, Sóltúni 9, Keflavík, f. 22. sept. 1924, Daníel Þór Emilssyni bílstjóra, Skólavegi 22, Keflavík, f. 31. des. 1927, Eðvarð Helgasyni Vilmundarsyni, Vatnsnesvegi 34, Keflavík, f. 2. okt. 1932, Sigurvini Sveinssyni rafvirkjameistara, Vesturbraut 11, Keflavík, f. 9. júní 1925, og Pétri Þórarinssyni bílstjóra, S.P. 628, Keflavíkurflugvelli, f. 28. júlí 1933, fyrir áfengislagabrot.

1. Ákærði Daníel er ákærður fyrir:

a) að selja í janúar sl. 1 kassa (12 flöskur) af ákavíti,

b) að láta Sigurjón Jónsson, Túngötu 13, Keflavík, kaupa fyrir sig í Áfengisverzlun ríkisins í Reykjavík og flytja á bílnum Ö-68 til Keflavíkur 1. febr. sl. 10 flöskur af gin og 10 flöskur af ákavíti, er ákærði þykir hafa ætlað til sölu.

2. Ákærði Vilhelm er ákærður fyrir:

a) að selja 2 mönnum í janúar sl. 1 flösku af ákavíti fyrir kr. 150,00,

b) að láta Sigurjón Jónsson, Túngötu 13, Keflavík, kaupa fyrir sig í Áfengisverzlun ríkisins í Reykjavík og flytja á bílnum Ö-68 til Keflavíkur 1. febrúar sl. 5 flöskur af ákavíti, er ákærði þykir hafa ætlað til sölu.

3. Ákærði Agnar er ákærður fyrir að láta Sigurjón Jónsson, Túngötu 13, Keflavík, kaupa fyrir sig í Áfengisverzlun ríkisins í Reykjavík og flytja á bílnum Ö-68 til Keflavíkur 5 flöskur af gin og 5 flöskur af ákavíti, er ákærði þykir hafa ætlað til sölu.

4. Ákærði Pétur er ákærður fyrir að láta Gísla Óskarsson, Skólavegi 14, Keflavík, kaupa fyrir sig í Áfengisverzlun ríkisins í Reykjavík og flytja á bílnum Ö-68 til Keflavíkur 1. febrúar sl. 20 flöskur af ákavíti, 14 flöskur af gin og 6 flöskur af koníaki, er ákærði þykir hafa ætlað til sölu.

5. Ákærði Sigurbergur er ákærður fyrir að láta kaupa fyrir sig í Áfengisverzlun ríkisins í Reykjavík og flytja á bílnum Ö-68 til Keflavíkur 1. febr. sl. 8 flöskur af gin, er ákærði þykir hafa ætlað til sölu.

6. Ákærði Eðvarð er ákærður fyrir að láta kaupa fyrir sig í Áfengisverzlun ríkisins í Reykjavík og flytja á bílnum Ö-68 til Keflavíkur 1. febr. sl. 20 flöskur af gin, 18 flöskur af áka-

víti og 6 flöskur af koníaki, er ákærði þykir hafa ætlað til sölu.

7. Ákærði Sigurvin er ákærður fyrir að láta kaupa fyrir sig í Áfengisverzlun ríkisins í Reykjavík og flytja á bílnum Ö-68 til Keflavíkur 1. febr. sl. 16 flöskur af ákavíti, 15 flöskur af gin og 6 flöskur af koníaki, er ákærði þykir hafa ætlað til sölu.

Brot þau, er greinir í 1. tölul. b, 2. tölul. b og 3.—7. tölul. (incl.) hér að framan, þykja varða við áfengislög, nr. 58/1954, 19. gr., 4. mgr., sbr. 42. gr., 2. mgr. Brot þau, er greinir í 1. tölul. a og 2. tölul. a, þykja varða við nefnd lög, 18. gr., sbr. 39. gr.

Þess er krafizt, að ákærðu verði dæmdir til refsingar, til að þola upptöku alls þess áfengis, er greinir í 1. tölul. b, 2. tölul. b og 3.—7. tölul. (incl.) hér að framan, samkvæmt 41. gr. áfengislaga og 69. gr., 1. mgr., hegningarlaganna. Ákærðu verði og dæmdir til greiðslu sakarkostnaðar."

Eins og að framan getur, eru allir hinir ákærðu komnir yfir lögaldur sakamanna, og verður nú getið um þær kærur og refsingar, sem þeir hafa sætt samkvæmt sakavottorðum þeirra:

Ákærði Sigurbergur Sverrisson er fæddur í Grindavík. Hann hefur sætt þessum kærum og refsingum:

1945 6/4 Hafnarfj. 300 kr. sekt fyrir ölvun og óspektir.
1947 26/11 Keflavík. 25 kr. sekt fyrir brot á bifreiðalögum.
1957 1/9 Kærður fyrir þjófnað, en ákæru frestað í 3 ár.
1955 4/3 Reykjavík. 50 kr. sekt fyrir brot á 46. gr. lögreglusamþykktar Reykjavíkur.

Ákærði Vilhelm Sigmarsson er fæddur að Þverá í Fellshreppi í Skagafjarðarsýslu. Hinn 29/7 1957 sætti hann 200 kr. sekt á Keflavíkurflugvelli fyrir tolllagabrot.

Ákærði Agnar Áskelsson, sem fullu nafni heitir Angantýr Agnar, er fæddur í Hrísey. Á Keflavíkurflugvelli hefur hann tvívegis með dómsátt sætt sektum fyrir tolllagabrot: 1956, 4/1, 300 kr. sekt og 1957, 7/3, 600 kr. sekt.

Ákærði Daníel Þór Emilsson er fæddur í Breiðdalsvík í Breiðdalshreppi. Hann hefur sætt þessum kærum og refsingum á Keflavíkurflugvelli:

1955 31/12 100 kr. sekt fyrir brot á umferðarlögum.
1956 4/9 Áminning fyrir tolllagabrot.
1957 3/5 100 kr. sekt fyrir bifreiðalagabrot.

Ákærði Eðvarð Helgason Vilmundarson er fæddur í Grindavík. Hann er starfsmaður hjá Olíusamlagi Keflavíkur. Í Reykjavík hefur hann sætt þremur sektum:

1954 15/6 50 kr. sekt fyrir brot gegn 26. gr. bifreiðalaga.
1955 26/5 50 kr. sekt fyrir brot gegn 78. gr. lögreglusamþykktar og 8/10 sama ár 50 kr. sekt fyrir brot gegn lögum nr. 73/1952.

Ákærði Sigurvin Sveinsson er fæddur í Reykjavík, og þar hefur hann samkvæmt sakavottorði sætt þessum kærum og refsingum:

1934 Kærður fyrir þjófnað á peningum. Afgr. til barnaverndarnefndar.
1938 3/3 Kærður fyrir rúðubrot. Sams konar afgreiðsla.
1941 7/2 Kærður fyrir þjófnað. Sams konar afgreiðsla.
— 5/3 Kærður fyrir svik og fals. Sams konar afgreiðsla.
1944 29/9 Sátt, 20 kr. sekt fyrir brot á 32. gr. lögreglusamþykktar.
1946 29/1 Sátt, 20 kr. sekt fyrir lögreglusamþykktarbrot.
— 17/4 Sátt, 50 kr. sekt fyrir umferðarlagabrot.
— 8/10 Áminning fyrir ólöglegt bifreiðarstæði.
1948 23/3 Áminning fyrir brot á 34. gr. lögreglusamþykktar.

Ákærði Pétur Þórarinsson er fæddur að Ríp í Skagafirði. Á Keflavíkurflugvelli, 1956, 11/11, sætti hann 100 kr. sekt fyrir brot gegn 26. gr. bifreiðalaga. Í sakadómi Keflavíkur var hann hinn 29/10 1956 dæmdur í 4.500 kr. sekt fyrir brot gegn 1. og 2. mgr. 36. gr. laga nr. 63/1937, sbr. lög nr. 13/1941 og 38. gr. laga nr. 68/1956, og 3. gr. og 1. mgr. 19. gr. laga nr. 58/1954.

Verður nú greint frá málavöxtum:

I.

Föstudaginn 1. febr. 1957 fór yfirlögregluþjónninn í Keflavík, Sigtryggur Árnason, með þrjá fanga frá Keflavík í lögreglubifreið til Reykjavíkur. Á leið sinni til Reykjavíkur mætti hann á Reykjavíkurvegi í Hafnarfirði bifreiðinni Ö-68 á suðurleið. Segir Sigtryggur yfirlögregluþjónn, að grunur hafi leikið á því, að bifreið þessi hafi verið notuð til áfengisflutninga til Keflavíkur í stórum stíl. Taldi hann eða datt í hug, að bifreiðin væri í þessu tilviki notuð til slíkra flutninga og að áfengi, sem flutt væri í henni, væri ætlað til sölu. Hringdi hann því á lögregluvarðstofuna í Keflavík og bað um, að bifreiðin yrði stöðvuð og þetta athugað. Um klukkan 20.45 nefnt föstudagskvöld stöðvuðu lögreglumenn svo bifreiðina við mót Reykjanesbrautar og vegar til Njarðvíkur. Ók bifreiðinni Sigurjón Jónsson bifreiðar-

stjóri, Túngötu 13 í Keflavík, en með honum voru Gísli Óskarsson verkamaður, Skólavegi 14 í Keflavík, og Indriði Pétursson verkamaður, Kletti í Innri-Njarðvík. Í bifreiðinni var kjöt og annar varningur auk talsverðs magns af áfengi í 15 kössum og einum pakka, samtals 165 áfengisflöskur, sem allar báru merki Áfengisverzlunar ríkisins. Var áfengi þetta allt tekið í vörzlur lögreglunnar nema sennilega ein átekin ginflaska, sem Gísli Óskarsson var með.

Í lögregluskýrslu frá 1. febr. 1957 segir, að Sigurjón Jónsson hafi játað að hafa keypt mestallt áfengið fyrir bílstjóra hjá Fólksbílastöðinni í Keflavík. Nánar segir svo í lögregluskýrslunni um áfengið og eigendur þess:

„Við athugun á kössunum og innihaldi þeirra kom eftirfarandi í ljós:

Kassarnir voru merktir ýmsum mönnum, sem aka á Fólksbílastöðinni.

Er við fórum að athuga, hvað hver bílstjóri ætti mikið, kom þetta í ljós:

Runni átti merkt vín í kössunum. Mun það vera Runólfur Sölvason, er ekur bifreiðinni Ö-360. Honum voru merktar 16 flöskur ákavíti, 6 flöskur koníak, 15 flöskur gin, samtals 37 flöskur.

Agnar, sem mun vera Agnar Áskelsson, er ekur bifreiðinni Ö-7, átti þarna 5 flöskur ákavíti og 5 flöskur gin, samtals 10 flöskur.

Danni, mun vera Daníel Emilsson, er ekur bifreiðinni Ö-373, átti þarna merktar 10 flöskur gin og 10 flöskur ákavíti, samtals 20 flöskur.

Villa, mun vera Vilhelm Sigmarsson, er ekur bifreiðinni G-22, voru merktar 5 flöskur ákavíti, samtals 5 flöskur.

Didda, sem mun vera Sigurbergur Sverrisson, er ekur bifreiðinni ?, voru merktar 8 flöskur gin, samtals 8 flöskur.

G. Þ., sem mun vera Gísli Þorvaldsson, er ekur bifreiðinni Ö-405, voru merktar 20 flöskur af gin, 18 flöskur af ákavíti og 6 flöskur af koníaki, samtals 44 flöskur.

Sex flöskur af koníaki, 20 flöskur af ákavíti og 14 flöskur af gin voru merktar xx. Þessar flöskur sagðist Gísli Óskarsson eiga. Hann var og með eina átekna ginflösku, og að henni við lagðri hefur hann þá verið með 41 flösku.

Alls voru þetta 165 flöskur af víni frá Áfengisverzlun ríkisins.

Umslag hafði Sigurjón meðferðis, merkt Skeifubarnum. Í því voru nótur og svo peningar, að upphæð kr. 1.815,00.

Enn hafði Sigurjón meðferðis umslög, 5 að tölu, merkt áðurtöldum bílstjórum. Í þeim voru pantanir sem hér segir:

Eitt var merkt Runólfi Sölvasyni, Suðurgötu 40. Í því er áfengispöntun, og nemur upphæð hennar kr. 5.505,00.

Annað er merkt þeim Agnari og Didda. Í því var áfengispöntun fyrir Didda, að upphæð kr. 1.320,00, og einnig áfengispöntun fyrir Agnar, og nemur sú upphæð kr. 1.425,00. Svo voru í því umslagi kr. 45,00.

Þriðja umslagið var merkt Villa. Í því var áfengispöntun upp á kr. 600,00 og svo peningar í því, kr. 30,00.

Fjórða umslagið var merkt Danna. Það inniheldur áfengispöntun, er nemur kr. 2.850,00, og einnig peninga, kr. 50,00.

Fimmta umslagið er merkt G. Þ. og inniheldur reikning á hann fyrir áfengi. Nemur reikningurinn 6.720,00 krónum. Einnig eru í því umslagi peningar, kr. 150,00."

Sigurjón Jónsson, sem ekur frá Sendibílastöð Keflavíkur, kveður Runólf Jóhann Sölvason bifreiðarstjóra og einn af eigendum Mánabars í Keflavík, Skólavegi 14 þar, hafa fimmtudagskvöldið 31. jan. 1957 beðið sig um að fara til Reykjavíkur og sækja vörur fyrir veitingastofuna. Kveðst Sigurjón hafa lagt af stað til Reykjavíkur klukkan ellefu f. h. daginn eftir, föstudaginn 1. febr. 1957, og segir Runólf Jóhann hafa beðið sig um að kaupa fyrir hann áfengi, koníak, gin og ákavíti fyrir kr. 5.000,00, sem Runólfur Jóhann hafi látið hann fá. Þá segir Sigurjón bifreiðarstjóra hjá Fólksbílastöðinni í Keflavík, þá ákærðu Daníel Þór, Angantý Agnar og Vilhelm svo og Gísla Ingva Þorvaldsson leigubifreiðarstjóra, Hringbraut 39 í Keflavík, einnig hafa beðið sig um að kaupa áfengi fyrir þá, og hafi þeir fengið honum peninga til þessara kaupa. Hafi ákærði Daníel Þór látið hann fá kr. 2.700,00 til kr. 2.800,00 til kaupa á gin og ákavíti og Gísli Ingvi um kr. 6.000,00 til kaupa á gin, ákavíti og koníaki. Hve mikla peninga ákærði Angantýr Agnar lét hann fá, man Sigurjón ekki, en segist hafa keypt fyrir hann 5 flöskur af ákavíti og 8 flöskur af gin svo og aðrar 8 flöskur af gin fyrir einhvern Didda, sennilega ákærða Sigurberg, einnig að beiðni ákærða Angantýs Agnars. Fyrir ákærða Vilhelm segist Sigurjón hafa keypt 5 flöskur af ákavíti, sem þessi ákærði hafi fengið honum peninga fyrir. Ekki kveðst Sigurjón sjálfur hafa átt neitt af

því áfengi, sem hann flutti nefndan föstudag til Keflavíkur í bílnum Ö-68.

Í förina til Reykjavíkur með Sigurjóni fóru þeir Indriði Pétursson og Gísli Óskarsson, sem keypti talsvert magn af áfengi, eins og síðar verður vikið að, en ekki kveðst Sigurjón vita, hvort Gísli Óskarsson hafi keypt þetta áfengi fyrir sig sjálfan eða annan. Indriði fór í ferðina með Sigurjóni til að aðstoða hann, ef með þyrfti vegna ófærðar á vegum. Þeir eru sammála um, að Indriði hafi ekkert áfengi keypt og ekkert verið viðriðinn áfengiskaupin.

Sigurjón, sem eitt sinn stundaði akstur frá Fólksbílastöðinni, neitaði fyrir dómi að svara þeirri spurningu, hvort þeir, sem áfengið áttu, hefðu þá selt áfengi, og eins neitaði hann að svara þeirri spurningu, hvort hann hefði aldrei heyrt orðróm um, að einhverjir þeirra seldu áfengi, en hann telur, að framangreind áfengiskaup þeirra geti varla verið eðlileg.

Í janúarmánuði 1957 kveðst Sigurjón hafa keypt áfengi fyrir þá Runólf Jóhann og ákærða Daníel Þór, gin og ákavíti, að hann minnir, einn kassa, 12 flöskur, fyrir ákærða Daníel Þór og þrjá fyrir Runólf Jóhann, sem ekki kannast við þetta, en varðandi kaup á áfengiskassa fyrir ákærða Daníel Þór verður nánar vikið að síðar.

II.

Í máli þessu var þingað þegar 1. febr. 1957 og svo 2., 5., 6. og 9. sama mánaðar og einnig 13. janúar 1958 og 27. febr. sama ár. Samkvæmt endurriti úr sakadómsbók Keflavíkur háði Tómas Tómasson, fulltrúi bæjarfógeta í Keflavík, tvö fyrstu dómþingin, en hin Alfreð bæjarfógeti Gíslason. Laugardaginn 2. febr. 1957 komu fyrst fyrir dóm ákærðu Sigurbergur Sverrisson, Vilhelm Sigmarsson, Angantýr Agnar Áskelsson og Daníel Þór Emilsson. Báru þeir í fyrstu dag þennan, að þeir hefðu verið að útvega ýmsum mönnum áfengi það, sem Sigurjón Jónsson keypti fyrir þá greindan föstudag 1. febr. 1957, og neituðu að hafa ætlað það til sölu, en samkvæmt bókunum úr þinghaldi þennan sama dag játuðu þeir síðar að hafa sjálfir átt áfengi þetta og jafnframt, að þeir hafi ætlað það til sölu, eins og nánar verður síðar greint frá.

Hinn 15. jan. sl. komu hinir ákærðu Angantýr Agnar og Sigurbergur í skrifstofu bæjarfógeta Keflavíkur með bréf skipaðs verjanda síns, Þorvalds Þórarinssonar hdl., dags. 14. s. m., sem hann kveðst hafa ritað í samræmi við skýlausar óskir og bein

fyrirmæli skjólstæðinga sinna, ákærðu Angantýs Agnars, Sigurbergs og Daníels Þórs, en bréf verjandans er svo hljóðandi:

„Í sambandi við sakadómsmálið: Ákæruvaldið gegn Sigurbergi Sverrissyni o. fl. — hef ég átt tal við skjólstæðinga mína, þá Agnar Áskelsson, Daníel Þór Emilsson og Sigurberg Sverrisson. Þeir hafa hver í sínu lagi eindregið óskað þess að koma á ný fyrir sakadóminn og hafa því falið mér að krefjast framhaldsrannsóknar, að því er sig varðar, þar eð bókanir eftir þeim séu ýmist ekki í samræmi við staðreyndir málsins eða framburði þeirra sjálfra, enda hafi þeir og sjálfir borið rangt um tiltekin atriði í von um að sleppa við varðhaldsvist og/eða refsingu.

Þeir hafa falið mér að taka þetta fram fyrir sína hönd:

1. Agnar Áskelsson kveðst aldrei hafa viðurkennt, að hann ætlaði sér að selja áfengi það, er Sigurjón Jónsson keypti fyrir hann, enda hafi hann aldrei verið um þetta spurður. Hann kveðst aðeins hafa játað sölu á nokkrum áfengisflöskum fyrr af ótta við langvarandi gæzluvarðhald, sem hann hafi ekki treyst sér til að sitja í vegna erfiðra og sérstakra heimilisástæðna. Agnar rekur ekki minni til, að hann hafi staðfest bókunina á bls. 13 í endurriti úr sakadómsbókinni. Hann fullyrðir, að *hvorugur* hinna undirrituðu „votta" hafi verið viðstaddur þinghaldið. Enn fremur segir hann, að Alfreð Gíslason bæjarfógeti hafi sjálfur stjórnað þinghaldi í sakadómi 2. febr. 1957, en þess sjáist ekki getið í endurritinu, er skjölum málsins fylgir, og sagt, að fulltrúi hans hafi gert það.

2. Sigurbergur Sverrisson kveðst vilja taka fram, að hann hafi játað það, sem eftir honum er bókað á bls. 12 í endurritinu úr sakadómsbókinni, aðeins til þess að sleppa við gæzluvarðhald, sem hefði getað valdið eignatjóni, að upphæð mörgum milljónum króna, þar eð Sigurbergur var eini lærði vélamaðurinn hjá Hraðfrystihúsi Keflavíkur h/f. Hins vegar hafi hann aldrei ætlað að selja áfengi það, sem Sigurjón Jónsson keypti fyrir hann, og hefði aldrei játað slíkt á sig undir venjulegum kringumstæðum. Hann kveðst einnig vilja taka fram, að Alfreð Gíslason bæjarfógeti hafi sjálfur stjórnað þinghaldi í sakadómi 2. febr. 1957 og rannsókn málsins, að því er sig varðar, þótt þess sjáist ekki getið í bókunum frá þinghaldinu. Enn fremur kveðst hann láta þess getið, að „votturinn" Ragnar Friðriksson hafi ekki verið viðstaddur þinghaldið samtímis sér.

3. Daníel Þór Emilsson segir, að yfirlögregluþjónninn, Sigtryggur Árnason, hafi með fortölum fengið sig til þess að játa,

að hann hefði í hyggju að selja áfengi það, er Sigurjón Jónsson keypti fyrir hann. Hins vegar hafi hann aldrei játað að hafa selt 12 flöskur af ákavíti í janúar 1957. Sú bókun styðjist ekki við neitt. Hann kveðst fullyrða, að aldrei hafi verið lesin fyrir sér bókunin á bls. 12 í endurritinu. Að gefnu tilefni kveðst hann vilja skýra frá því, að *hvorugur* hinna undirrituðu „votta" hafi verið viðstaddur þinghaldið samtímis sér. Loks kveðst hann vilja geta þess, að Alfreð Gíslason bæjarfógeti hafi sjálfur stýrt sakadómi í þinghaldinu 2. febrúar 1957 kl. 13.15 og stjórnað spurningum, en hafi ekki verið inni kl. 14.30—14.40.

Þar eð ætlunin er að þingfesta mál þetta 17. þ. m. og hugmyndin er, að ég skili þá skriflegri vörn fyrir þessa skjólstæðinga mína, þætti mér vænt um, að hinar umbeðnu skýrslur yrðu teknar af þeim eigi síðar en 15. þ. m. og mér látið í té endurrit samdægurs, ef unnt er.

Bréf þetta boðsendi ég til þess að forðast tafir."

Eftir að bæjarfógeta, Alfreð Gíslasyni, hafði borizt bréf þetta í hendur, kvað hann upp úrskurð hinn 27. febr. sl. þess efnis, að hann viki sæti í málinu ex officio. Með bréfi dómsmálaráðuneytisins, dags. 2. apríl sl., var setudómari skipaður til þess að halda áfram rannsókn málsins og kveða síðan upp í því dóm.

Alfreð bæjarfógeti Gíslason skýrir svo frá, að föstudagskvöldið 1. febr. 1957 hafi lögreglumenn ekki náð til hans, er þeir höfðu stöðvað bifreiðina Ö-68 og handtekið bifreiðarstjórann, Sigurjón Jónsson, svo að Tómas Tómasson bæjarfógetafulltrúi hafi þá þegar byrjað á dómsrannsókn í málinu, en þá komu fyrir dóm þeir Sigurjón Jónsson, Indriði Pétursson og Gísli Óskarsson. Næsta dag, laugardaginn 2. febr. 1957, var rannsókn málsins haldið áfram klukkan 10.30. Kveðst bæjarfógeti þá strax hafa komið í dóminn, er fyrsti maður, ákærði Sigurbergur Sverrisson, var yfirheyrður, en þá hafi Tómas Tómasson fulltrúi verið búinn að setja dóminn, og segist bæjarfógeti ekki hafa forvitnazt um, hvor þeirra, hann eða Tómas, hafi verið skráður sem dómari í þingbókina (sakadómsbókina). Segir bæjarfógeti, að sér hafi verið ljóst, að málið mundi vera allumfangsmikið, enda mjög umrætt í bænum, og því hefði hann hugsað sér að annast rannsókn þess sjálfur. Kveður hann Tómas fulltrúa hafa bókað í sakadómsbók, en þeir hafi jöfnum höndum lagt spurningar fyrir þá, sem fyrir dóm komu, og hafi svör þeirra oft eða oftast verið bókuð eftir sinni fyrirsögn, er í öllum tilfellum hafi verið nákvæmlega samhljóða svörum þeirra, enda hafi þeir að sjálfsögðu haft tækifæri til að leið-

rétta, ef þeim sýndist svo, þar eð þeir hafi heyrt bókanir jafnharðan.

Samkvæmt endurriti úr sakadómsbók Keflavíkur, sem lagt hefur verið fram í máli þessu 21. apríl sl. sem dskj. nr. 3, eru vottar við þinghaldið laugardaginn 2. febr. 1957 Hjalti Sigurðsson lögreglumaður og Ragnar Friðriksson, en hann er skrifstofumaður hjá bæjarfógetanum í Keflavík.

Alfreð bæjarfógeti Gíslason segir, að það sé rétt, sem fram kemur í bréfi Þorvalds Þórarinssonar hdl., dags. 14. jan. sl., að Ragnar Friðriksson hafi ekki verið viðstaddur þinghaldið nefndan laugardag. Ástæðuna fyrir því, að hann er í endurriti dómsrannsóknarinnar þennan dag talinn annar votturinn, kveður bæjarfógeti vera þá, að Ragnar hafi verið vottur og bókari við þau þinghöld, sem hann (bæjarfógeti) háði síðar í máli þessu, og er hann hóf sjálfur að vélrita rannsóknina um miðjan maí 1957, kveðst hann hafa séð, að aðeins einn vottur hafi undirritað þinghaldið 2. febr. 1957, og þess vegna hefði sig í svipinn minnt, að Ragnar hefði þá einnig verið viðstaddur, en láðst að rita nafn sitt í þingbókina. Vegna þessa rangminnis kveðst bæjarfógeti hafa vélritað nafn Ragnars Friðrikssonar sem nafn annars vottsins í endurritið úr sakadómsbókinni nefndan laugardag án þess að athuga það nánar.

Ragnar Friðriksson segir það rétt, að hann hafi ekki verið viðstaddur í sakadómi Keflavíkur laugardaginn 2. febr. 1957, er mál þetta var þá til rannsóknar, og kveðst ekki heldur hafa skrifað sem vottur í sakadómsbók undir þinghald þetta. Frá því um klukkan 17.00 þriðjudaginn 5. febrúar 1957, er ákærði Sigurvin Sveinsson kom í síðara skiptið fyrir dóm dag þennan, segist Ragnar hafa verið viðstaddur þinghald í máli þessu og þar til dómi var slitið klukkan 18.50, en dómur var settur þennan þriðjudag klukkan 10.25 og slitið klukkan 18.50. Í endurriti rannsóknarinnar er ekki skráð, hvað klukkan hafi verið, þegar ákærði Sigurvin Sveinsson kom í síðara skiptið fyrir dóm, en sá, sem mætti á undan honum í dóminum, vék frá klukkan 17.10. Miðvikudaginn 6. febr. 1957 kveðst Ragnar hafa verið viðstaddur allan daginn við þinghald í máli þessu, enda skrifari þá eins og daginn áður, eftir að hann kom þá í dóminn.

Alfreð Gíslason bæjarfógeti kveður þá Sigtrygg Árnason yfirlögregluþjón og Hjalta Sigurðsson lögreglumann hafa verið viðstadda þinghaldið laugardaginn 2. febr. 1957 milli þess, sem þeir fluttu ákærðu í og úr dómi. Þá kveður bæjarfógeti sig og Tómas

fulltrúa stöðugt hafa verið viðstadda þinghaldið þennan dag, en segir þó ekki óhugsanlegt, að hann hafi sjálfur vikið sér frá í nokkrar mínútur, en lengur hafi það ekki getað verið.

Um þinghaldið laugardaginn 2. febr. 1957 er framburður Tómasar Tómassonar fulltrúa í samræmi við framburð bæjarfógeta, Alfreðs Gíslasonar. Segir Tómas þá jöfnum höndum hafa lagt spurningar fyrir þá, sem fyrir dóm komu, og það, sem bókað var, hafi jafnóðum verið lesið upp fyrir þeim og síðan framburðirnir í heild, þegar þeir viku úr dómi. Kveður Tómas lögreglumennina Sigtrygg Árnason og Hjalta Sigurðsson yfirleitt hafa verið viðstadda þinghald dag þennan, en þó hafi þeir hvor í sínu lagi af og til brugðið sér frá vegna rannsóknar málsins. Kannast Sigtryggur Árnason við að hafa verið viðstaddur þinghald þennan dag, eins og nánar verður síðar vikið að. Hjalti Sigurðsson lögreglumaður kveðst muna, að hann hafi verið lengi dags í sakadómi Keflavíkur laugardaginn 2. febr. 1957, er þingað var í máli þessu, en hvort hann hafi þá skroppið frá, segist hann ekki muna. Ekki kveðst hann muna eftir hverjum einstökum manni, er þá var yfirheyrður, né heldur muna eftir því, hvort bókanir hafi verið lesnar upp í þinghaldi greindan laugardag fyrir þeim, sem fyrir dóm komu.

Alfreð Gíslason bæjarfógeti kveðst hafa ávítað ákærða Angantý Agnar, er hann og ákærði Sigurbergur komu með nefnt bréf í bæjarfógetaskrifstofuna fyrir hádegi 15. jan. sl., fyrir þær dylgjur og ásakanir, sem bornar voru á bæjarfógeta í bréfinu. Kveður bæjarfógeti ákærða Agnar hafa sagt, að hann yrði að klóra í bakkann, en bæjarfógeti segir, að sér hafi skilizt, að verjandi þeirra ákærðu Angantýs Agnars og Sigurbergs, Þorvaldur Þórarinsson hdl., ætti mestan þátt í því, hvernig bréfið væri úr garði gert.

Eftir hádegi þennan dag segir Alfreð Gíslason bæjarfógeti ákærða Angantý Agnar hafa hringt til Tómasar Tómassonar fulltrúa og sagt, að þeir, hann (Angantýr Agnar) og ákærði Sigurbergur, vildu taka aftur efni bréfsins, en þeir hefðu ekki fengið ákærða Daníel Þór til að samþykkja það.

Ákærði Angantýr Agnar segir vel mega vera, að hann hafi sagt við bæjarfógeta, er hann og ákærði Sigurbergur komu með bréfið í bæjarfógetaskrifstofuna, eitthvað á þá leið, að hann yrði að klóra í bakkann. Nokkru síðar kveðst ákærði Angantýr Agnar hafa rætt í síma við Tómas fulltrúa um málið fram og til baka, og segist ákærði ekki þora að sverja fyrir það, að

eitthvað hafi farið á milli þeirra þess efnis, að hann (ákærði Angantýr Agnar) og ákærði Sigurbergur vildu taka bréfið til baka, en þeir hefðu ekki fengið ákærða Daníel Þór til að samþykkja það. Þá segist ákærði Angantýr Agnar ekki þora að fara með það, hvor þeirra, hann eða Tómas, hafi nefnt Daníel Þór á nafn. Hvernig orð féllu í þessu símtali, hefur Tómas Tómasson ekki getað greint frá, en hann minnir, að ákærði Angantýr Agnar hafi talað um nefnt bréf í einhvers konar „afturköllunartón" og eins og hann hálfsæi eftir því, að bréfið hefði komið fram. En ákærði Angantýr Agnar segir, að vel geti verið, að hann hafi haft orð á því við Tómas, að honum væri farið að leiðast allt þetta þóf í kringum málið.

Nokkru eftir að bæjarfógeta barst greint bréf Þorvalds Þórarinssonar hdl., komu hinir ákærðu Angantýr Agnar og Sigurbergur í skrifstofu bæjarfógeta í fylgd með Guðlaugi Einarssyni hdl. Segir Tómas fulltrúi, að sér hafi skilizt, að þeir væru þangað komnir í þeim tilgangi að afturkalla efni bréfsins, en bæjarfógeti hafi ekki verið viðlátinn, og kveðst Tómas hafa tjáð þeim, að málið hefði þegar verið sent dómsmálaráðuneytinu, og frekar hafi þá ekki verið að gert.

Ákærði Angantýr Agnar skýrir svo frá, að einhvern tíma eftir 14. jan. sl. hafi hann ekið að bæjarfógetaskrifstofunni, en þangað hafi verið beðið um bíl. Þarna hafi farþegi komið í bílinn, sem hann hafi ekkert kannazt við, en þeir hafi spjallað saman, m. a. um mál þetta, og þá kveðst ákærði hafa komizt að raun um, að farþeginn var Guðlaugur Einarsson hdl. Segir ákærði hann hafa kannazt við málið og vitað, að ákærði Sigurbergur var bendlaður við það. Þeir hafi þá farið og sótt ákærða Sigurberg, og síðan hafi þeir allir farið í skrifstofu bæjarfógeta til að ræða um málið, en er þangað kom, hafi bæjarfógeti ekki verið viðstaddur, svo að stutt hafi verið staðið við, en nokkuð rætt um málið fram og til baka við Tómas Tómasson fulltrúa. Ekki segist ákærði Angantýr Agnar hafa farið í neinum ákveðnum tilgangi í bæjarfógetaskrifstofuna í þetta skipti og ekki í þeim tilgangi að taka aftur efni bréfsins. Ákærði Sigurbergur kveður Guðlaug Einarsson hdl. hafa viljað fá þá, sig og ákærða Angantý Agnar, til að taka aftur margnefnt bréf Þorvalds Þórarinssonar hdl., en það segist hann (ákærði Sigurbergur) hvorki þá né í annan tíma hafa leyft Guðlaugi Einarssyni né nokkrum öðrum að gera fyrir sína hönd. Kveður hann Guðlaug hafa talað í síma

við bæjarfógeta, en hvað þeim hafi farið á milli, segist hann ekki vita.

Alfreð Gíslason bæjarfógeti skýrir frá því, að nokkru eftir að honum barst í hendur greint bréf Þorvalds Þórarinssonar hdl., hafi Guðlaugur Einarsson hdl. hringt heim til hans og beðið hann um að koma í skrifstofuna og setja dóm, því að ákærðu vildu afturkalla efni nefnds bréfs, en þessu kveðst bæjarfógeti hafa neitað.

Guðlaugur Einarsson héraðsdómslögmaður kom fyrir sakadóm hinn 26. júní sl. Kvaðst hann hvorki vilja né telja sér skylt að gefa nokkra skýrslu í máli þessu og neitaði að skýra frá för sinni í skrifstofu bæjarfógetans í Keflavík nokkru eftir 15. jan. sl. með þeim ákærðu Angantý Agnari og Sigurbergi Sverrissyni. Neitaði Guðlaugur Einarsson að svara spurningum dómara um, hvað hinum ákærðu og honum fór á milli, svo og frá símtali sínu við bæjarfógeta. Taldi Guðlaugur héraðsdómslögmaður Einarsson sér sem verjanda tveggja meðákærðu, Sigurvins Sveinssonar og Eðvarðs Helgasonar Vilmundarsonar, bæði óskylt, óheimilt og ósamboðið að gefa nokkrar upplýsingar í máli þessu, enda þótt hann gæti það.

III.

Ákærði Angantýr Agnar Áskelsson.

Af áfengi því, sem fannst í bifreiðinni Ö-68, átti ákærði Angantýr Agnar 5 ginflöskur og 5 flöskur af ákavíti, en á einum af miðum (áfengispöntunum) þeim, sem teknar voru af Sigurjóni Jónssyni, sbr. lögregluskýrsluna hér að framan, stendur:

„Agnar.
5 gin 165/- = 825
5 áka 120/- = 600

1425."

Á öðrum slíkum miða stendur:

„Diddi.
Kr. 1350 gin 10 fl.
Agnar 6 gin 810
6 áka 630 = 1440."

Laugardaginn 2. febr. 1957 kom ákærði Angantýr Agnar tvívegis fyrir sakadóm Keflavíkur. Í fyrra skiptið, sem hann sótti dómþing þennan dag, skýrði hann svo frá, að hann hefði beðið Sigurjón Jónsson um að kaupa áfengi fyrir sig og ákærða Sigur-

berg Sverrisson, en tveir aðrir nafngreindir menn hefðu beðið hann um að útvega sér áfengi, ef hann færi til Reykjavíkur. Í síðara skiptið, sem hann kom í dóm dag þennan, tók hann aftur þennan framburð sinn og viðurkenndi að hafa átt allt það áfengi, 5 flöskur af gin og 5 flöskur af ákavíti, sem Sigurjón keypti fyrir hann föstudaginn 1. febr. 1957, og er bókað í sakadómsbók, að hann viðurkenni að hafa ætlað allt þetta áfengi til sölu, ef tækifæri gæfist. Þá viðurkenndi hann að hafa áður selt áfengi, en ákaflega lítið hafi kveðið að því, hann hafi ekki selt fleiri en 10 flöskur og haft hagnað af hverri flösku kr. 45,00.

Er ákærði Angantýr kom fyrir dóm, eftir að setudómari hafði verið skipaður til að fara með rannsókn málsins, skýrði hann svo frá, að hann minntist þess ekki, að fyrri bókunin í þinghaldi 2. febr. 1957 hefði verið lesin upp fyrir sér, og fullyrðir hann, að dag þennan hafi ekki aðrir verið viðstaddir þinghald, þegar hann var þá í dómi, en bæjarfógeti, Alfreð Gíslason, Tómas Tómasson fulltrúi og Sigtryggur yfirlögregluþjónn Árnason. Segir ákærði bæjarfógeta hafa lagt fyrir sig spurningar, en Tómas fulltrúa hafa skrifað í stóra, þykka bók.

Kveðst ákærði hafa talið ólöglegt fyrir atvinnubifreiðarstjóra að eiga áfengi, og því hafi hann sagt tvo nafngreinda menn hafa beðið sig um að útvega þeim áfengi það, sem Sigurjón Jónsson keypti fyrir hann, þótt hann sjálfur væri eigandi þess.

Ákærði Angantýr Agnar kveðst ekki minnast þess, að hann hafi í sakadómi Keflavíkur hinn 2. febr. 1957 verið spurður um það, hvort hann hefði ætlað að selja áfengið, sem Sigurjón Jónsson keypti fyrir hann, og þá kveðst hann í síðastnefndu þinghaldi aldrei hafa viðurkennt að hafa ætlað að selja áfengi þetta. Ekki segist þessi ákærði muna til þess, að framburður hans, er hann í síðara skiptið 2. febr. 1957 kom fyrir sakadóm, hafi verið lesinn upp fyrir sér. Hann kveðst þó minnast þess, að hann hafi þá viðurkennt að hafa áður selt allt að 10 flöskum af áfengi, eins og fyrr getur. Þetta brot kveðst hann þó aldrei hafa framið, heldur játað það á sig til þess að losna úr gæzlu lögreglunnar, sem hann var hafður í talsverðan tíma þennan dag. Gefur hann þá nánari skýringu á þessari játningu sinni, að kona sín hafi verið langt gengin með, en hafi alið barn 21. febr. 1957. Þau hjón hafi átt þrjú ungbörn fyrir og heimilisástæður hafi því verið erfiðar, enda konan enga húshjálp haft.

Fyrir dómi hafa þeir Alfreð bæjarfógeti Gíslason, Tómas Tómasson fulltrúi og Sigtryggur Árnason yfirlögregluþjónn borið það,

að ákærði Angantýr hafi í sakadómi Keflavíkur 2. febr. 1957 viðurkennt að hafa ætlað sér að selja áfengi það, sem Sigurjón Jónsson keypti fyrir hann og mál þetta er risið af. Hjalti Sigurðsson lögreglumaður man ekki sérstaklega eftir því, að ákærði Angantýr Agnar kæmi fyrir dóm þennan dag, né heldur eftir framburði hans þá.

Eins og málsatvikum er að framan lýst, að því er varðar þátt ákærða Angantýs Agnars Áskelssonar í máli þessu, er þrátt fyrir framburð hans, eftir að setudómari tók við rannsókn málsins, sannað, að ákærði hafi í sakadómi Keflavíkur laugardaginn 2. febrúar 1957 viðurkennt að hafa ætlað til sölu 5 ginflöskur og 5 flöskur af ákavíti, sem Sigurjón Jónsson keypti fyrir hann föstudaginn 1. febrúar 1957 og teknar voru úr bifreiðinni Ö-68, svo og, að þetta hafi raunverulega verið ætlun ákærða.

Varðar þetta brot hans við 4. mgr. 19. gr. áfengislaga, nr. 58/1954.

Ákærði Angantýr Agnar er ekki ákærður fyrir að hafa áður selt áfengi, og verður honum þegar af þeirri ástæðu eigi gerð refsing fyrir brot gegn 18. gr., sbr. 39. gr. áfengislaga.

IV.

Ákærði Sigurbergur Sverrisson.

Ákærði Sigurbergur Sverrisson er vélgæzlumaður við Hraðfrystihús Keflavíkur h/f, en auk þess kveðst hann í frístundum sínum stunda akstur leigubifreiðar.

Af áfengi því, sem tekið var úr bifreiðinni Ö-68, átti ákærði Sigurbergur 8 flöskur af gin, en eins og að framan getur, stendur á einum af miðum þeim, sem Sigurjón Jónsson hafði meðferðis, er lögreglumenn stöðvuðu ferðir hans, eftirfarandi:

„Diddi
Kr. 1350 gin 10 fl.
Agnar 6 gin 810
6 áka 630 = 1440."

Á öðrum slíkum miða stendur:

„Diddi
8 gin 165/- = 1320."

Ákærði Sigurbergur kom tvívegis fyrir sakadóm Keflavíkur laugardaginn 2. febrúar 1957. Í fyrra skiptið neitaði hann eindregið að hafa ætlað að selja áfengið, sem hann átti með bifreiðinni, og skýrir hann svo frá, að hann hafi beðið meðákærða Angantý Agnar að kaupa fyrir sig 10 flöskur af gin, ef hann

færi til Reykjavíkur fyrir helgina 3. febrúar 1957, eins og meðákærði Angantýr Agnar ber, sbr. að framan, en þar sem ákærði Angantýr Agnar hafi ekki farið til Reykjavíkur, hafi hann beðið Sigurjón Jónsson um að annast þessi kaup, og átti ákærði Sigurbergur því aldrei tal við Sigurjón um áfengiskaupin. Til kaupa á þessum 10 ginflöskum kveðst ákærði Sigurbergur hafa látið ákærða Angantý Agnar fá kr. 1.350,00, en þar sem verð á áfengi hafi hækkað, hafi þessi fjárhæð ekki hrokkið nema til kaupa á 8 ginflöskum, en samkvæmt upplýsingum frá Áfengisverzlun ríkisins hækkaði verð á áfengi frá og með 1. febrúar 1957. Af þessum 8 flöskum kveðst ákærði Sigurbergur aðeins hafa átt eina, en nefnt laugardagskvöld kvaðst hann hafa ætlað að fara á þorrablót. Hinar flöskurnar sjö kvað hann nafngreinda menn hafa átt, sem beðið hafi hann um að útvega sér áfengi, og hafi þeir látið hann fá fé til kaupanna.

Í síðara skiptið, sem ákærði Sigurbergur kom fyrir sakadóm, laugardaginn 2. febrúar 1957, breytti hann þessum framburði sínum og kvaðst sjálfur eiga áfengið, sem Sigurjón Jónsson keypti fyrir hann. Þá viðurkenndi hann og að hafa haft í hyggju að selja áfengi þetta, ef tækifæri hefði boðizt, en þó hafi hann sjálfur ætlað að hafa eitthvað af því til drykkju.

Ákærði Sigurbergur kveður bæjarfógeta í bæði skiptin, sem hann mætti í sakadómi laugardaginn 2. febrúar 1957, hafa stjórnað þinghaldi, en fulltrúa hans, Tómas Tómasson, hafa bókað. Báða framburði sína úr þinghaldi þessu segir hann hafa verið lesna upp fyrir sér og kveðst hafa staðfest bókanir. Hjalta Sigurðsson lögreglumann segir hann hafa verið viðstaddan sem vott.

Eftir að setudómari tók að sér rannsókn málsins, kveðst ákærði Sigurbergur aldrei hafa ætlað að selja áfengið. Hann hafi játað þetta brot á sig í þinghaldi 2. febrúar 1957, þar sem lögreglan hafi tekið hann í sínar vörzlur, en þá hafi enginn annar lærður vélgæzlumaður en hann verið við Hraðfrystihús Keflavíkur h/f og 30 til 40 manns við vinnu og vélar gæzlulausar, en hætta hefði getað hlotizt af að skilja við vélar gæzlulausar, bæði sprengihætta og hætta fyrir fólk af ammóníaki. Ekki sagði ákærði þó bæjarfógeta af þessari hættu og ekki heldur lögreglumanni þeim, sem færði hann í varðhald í fangageymslu í Keflavík.

Suma þá menn, sem ákærði Sigurbergur í þinghaldi 2. febrúar 1957 tilnefndi sem eigendur áfengisins, kveðst hann hafa beðið að segja, ef bæjarfógeti spyrði þá um, hver áfengið ætti, að þeir

væru eigendur þess, en hver þeirra hefði átt að segjast eiga eina flösku.

Eftir að ákærði Sigurbergur hafði verið færður í fangageymsluna, kom í bæjarfógetaskrifstofuna í Keflavík Jón Þórarinsson Söring bifreiðarstjóri, Sóltúni 11 þar, og fékk leyfi til að tala við ákærða í varðhaldinu. Segir Alfreð bæjarfógeti Gíslason, að Jón Söring hafi óskað eftir því að fá að tala við ákærða Sigurberg og leiða honum fyrir sjónir, að bezt væri fyrir hann að skýra rétt frá, eða tjá ákærða, að hann mundi ekki bera það, að hann ætti áfengið, en Jón Söring var einn af þeim mönnum, sem ákærði í fyrstu tilnefndi sem einn af eigendum áfengisins. Telur bæjarfógeti, að Jón Söring hafi haft þau áhrif á ákærða Sigurberg, að hann breytti framburði sínum í sakadómi 2. febrúar 1957, eins og að framan er rakið, en ekki það, að vélar hraðfrystihússins kynnu að verða gæzlulausar. Jón Söring segir aftur á móti, að hann hafi eingöngu fengið leyfi til að tala við ákærða í fangageymslunni í þeim tilgangi að aðstoða hann, ef með þyrfti, t. d. með því að útvega honum lögfræðilega aðstoð, en ákærði hafi sagzt eigi þurfa á aðstoð að halda. Kveður Jón Söring þá að öðru leyti aðeins hafa rabbað saman um daginn og veginn.

Ákærði segir Jón Söring hafa boðizt til að ná í lögfræðing fyrir sig, en Jóni hafi verið kunnugt um, hve mikið væri í húfi í íshúsinu, meðan hann væri í haldi. Kveðst ákærði hafa sagt Jóni, að ekki væri annað fyrir sig að gera en játa á sig sök til þess að losna úr varðhaldinu, en annað hafi þeim ekki farið á milli.

Með eigin játningu ákærða Sigurbergs Sverrissonar í sakadómi Keflavíkur laugardaginn 2. febrúar 1957 er sannað, að hann hafi ætlað til sölu framangreindar 8 ginflöskur, sem Sigurjón Jónsson keypti fyrir hann. Afturköllun ákærða á játningu sinni á þeim forsendum, að hann hafi játað á sig brotið til að losna úr varðhaldi, vegna þess að mikið tjón og hætta hefði getað hlotizt af, ef vélar hraðfrystihússins yrðu gæzlulausar, verður ekki tekin til greina, enda gat ákærði Sigurbergur ekkert um hættu þessa við Alfreð Gíslason bæjarfógeta, fulltrúa hans, Tómas Tómasson, né heldur lögreglumann þann, sem færði hann í varðhald, auk þess sem afturköllun þessi kemur ekki fram fyrr en tæpu ári eftir, að ákærði játaði á sig brotið.

Brot ákærða Sigurbergs varðar við 4. mgr. 19. gr. áfengislaga.

Í ákæruskjali er ákærða ekki gefið að sök að hafa reynt að

fá menn til að bera rangt fyrir dómi, og verður honum því þegar af þeirri ástæðu ekki gerð refsing samkvæmt 1. mgr. 142. gr., sbr. 1. mgr. 20. gr. almennra hegningarlaga, nr. 19/1940.

V.

Ákærði Daníel Þór Emilsson.

Af framangreindu áfengi í bifreiðinni Ö-68 átti ákærði Daníel Þór Emilsson 10 flöskur af gin og 10 flöskur af ákavíti. Á tveimur miðum, sem Sigurjón Jónsson hafði meðferðis, er skráð:

„Danni.
1 kassa ákav. 1260
1 kassa gin 1620
2880."

„Danni.
10 áka = 1200
10 gin = 1650
2850."

Ákærði Daníel Þór kom tvívegis fyrir sakadóm Keflavíkur laugardaginn 2. febrúar 1957. Í fyrra skiptið var hann í dómi klukkan 13.15 til klukkan 14.10 og skýrði þá svo frá, að fjórir nafngreindir menn hefðu beðið hann um að kaupa fyrir sig áfengi, og hefðu þeir afhent honum miða, sem á hafi verið letrað það áfengismagn og sú áfengistegund, sem hver einstakur hefði óskað eftir, en alla mennina segir hann hafa greitt sér fyrir fram andvirði áfengisins. Voru miðar þessir lagðir fram í dóminum, og báru þeir nöfn greindra fjögurra manna.

Í síðara skiptið þennan laugardag var ákærði fyrir dómi klukkan 14.30 til klukkan 14.40. Er þá bókuð viðurkenning hans um, að hann eigi sjálfur áfengið, sem hann bað Sigurjón Jónsson um að kaupa fyrir sig, og eins viðurkenning hans um að hafa ætlað áfengi þetta allt til sölu. Áðurgreinda fjóra menn kvaðst hann hafa hitt kvöldið áður, föstudagskvöldið 1. febrúar 1957, og beðið þá um að gangast við að eiga áfengið. Þá er bókuð í þinghaldi þessu játning ákærða Daníels Þórs um að hafa snemma í janúar 1957 fengið einn kassa (12 flöskur) af ákavíti með Sigurjóni og að hafa selt þetta áfengi.

Verður nú vikið að framburði ákærða Daníels Þórs, eftir að setudómari var skipaður til að halda áfram rannsókn málsins, en framburður þessa ákærða var þá svo ruglingslegur og svo

mjög á reiki, að afar erfitt eða ómögulegt var að henda reiður á honum, sérstaklega að því er varðar framburð hans um áðurnefndan ákavítiskassa, 12 flöskur.

Kvaðst ákærði sjálfur eiga áfengi það, sem Sigurjón Jónsson keypti fyrir hann og mál þetta er risið af, en hann hafi talið óheimilt fyrir bifreiðarstjóra að eiga áfengi, og þess vegna hafi hann borið það, að nafngreindir fjórir menn væru eigendur þess. Neitaði ákærði að hafa ætlað áfengi þetta til sölu og sagðist bara svona hafa ætlað að eiga þetta vín sjálfur, eins og hann komst að orði. Sjálfur kveðst hann lítils áfengis neyta, en hann hafi gift sig á hvítasunnu í maí 1957, og þá hafi hann ætlað að nota þetta áfengi líka, eins og hann segir.

Í fyrra skiptið, sem ákærði Daníel Þór kom fyrir sakadóm, laugardaginn 2. febrúar 1957, segir hann bæjarfógeta, Alfreð Gíslason, hafa lagt fyrir sig spurningar, en Tómas Tómasson fulltrúa hafa bókað. Í síðara skiptið, sem ákærði var fyrir sakadómi dag þennan, þ. e. milli klukkan 14.30 og 14.40, og hann viðurkenndi að hafa átt áfengið sjálfur, segir hann engan annan hafa verið í dómi en Tómas Tómasson fulltrúa og sig. Bæjarfógeti hafi þá ekki verið viðstaddur og ekki heldur lögreglumennirnir Sigtryggur Árnason né Hjalti Sigurðsson. Segir ákærði Tómas fulltrúa hafa skrifað eitthvað, en eigi lesið það upp. Kveðst hann hafa spurt Tómas fulltrúa, hvort hann ætti ekki að skrifa undir bókunina, en því hafi Tómas neitað.

Nánar skýrir ákærði Daníel Þór svo frá, að er hann hafði verið yfirheyrður í fyrra skiptið í sakadómi Keflavíkur hinn 2. febrúar 1957, hafi Sigtryggur yfirlögregluþjónn Árnason átt að flytja hann í gæzlu, en þar sem ákærði hefði komið í bíl sínum að bæjarfógetaskrifstofunni, fékk hann leyfi til að fara fyrst heim til sín með bílinn, en í þeirri ferð var Sigtryggur yfirlögregluþjónn í bílnum með ákærða. Í þessari ferð kveður ákærði Sigtrygg hafa sagt, að bezt væri fyrir hann að viðurkenna, að hann hefði ætlað áfengið til sölu, en það mundi geta tekið allt að hálfum mánuði til þrjár vikur að rannsaka málið, og að á meðan yrði hann að vera í gæzlu, ef hann ekki viðurkenndi. Einnig kveður ákærði Sigtrygg hafa sagt, að reynt yrði að ljúka málinu með dómsátt, ef ákærði viðurkenndi brot sitt, og þá yrði ekki eins mikill kostnaður við málið. Vegna þessara ummæla Sigtryggs yfirlögreglumanns kveðst ákærði hafa viðurkennt að eiga áfengið og hafa ætlað það til sölu, þótt það hafi raunar ekki verið ætlun hans.

Um greindan ákavítiskassa, 12 flöskur, var framburður ákærða

mjög á reiki, er setudómari þingaði í málinu. Viðurkenndi ákærði Daníel Þór í fyrstu, þ. e. í þinghaldi 21. apríl sl., að hafa fengið þennan ákavítiskassa í janúar 1957 frá Reykjavík með Sigurjóni Jónssyni, eins og Sigurjón ber. Í sama þinghaldi er bókuð eftir honum játning um að hafa selt þetta áfengi, 12 flöskur, og jafnframt, að hann hafi játað þetta í þinghaldi laugardaginn 2. febrúar 1957. Litlu síðar í sama þinghaldi sagði ákærði, að hann myndi ekki til, að neitt sérstaklega hefði verið spurt um þennan kassa, þ. e. í sakadómi 2. febrúar 1957, og svo, að í janúar 1957 eða einhvern tíma hafi Sigurjón Jónsson komið með einn kassa af ákavíti til sín frá Reykjavík, en hann minnist þess ekki að hafa viðurkennt að hafa selt þessar 12 flöskur. Þá endurtók ákærði, að hann minntist þess ekki, að sérstaklega hefði verið minnzt á greindan ákavítiskassa, þ. e. í þinghaldi 2. febrúar 1957. Þá neitaði ákærði því að hafa játað fyrir dómi laugardaginn 2. febrúar 1957 að hafa selt 12 flöskur af ákavíti og kvað bókun þess efnis ranga.

Sigtryggur Árnason yfirlögregluþjónn skýrir svo frá, að er hann var kominn heim til ákærða Daníels Þórs í bíl hans, eins og að framan greinir, hafi ákærði stanzað og sagt: „Við skulum bíða svolítið, ég þarf að hugsa þetta svolítið," — en á leiðinni heim til ákærða segir Sigtryggur þá ekkert hafa rætt saman. Sigtryggur kveður ákærða svo hafa spurt sig, hverri refsingu það mundi varða, ef hann (ákærði) viðurkenndi að hafa ætlað áfengið til sölu. Kveðst Sigtryggur hafa sagt, að hann gæti engu um það svarað, en hins vegar teldi hann, að ef ákærði hefði eitthvað sannara að segja en hann hefði borið fyrir dómi, þá skyldi hann skýra frá því. Eftir nokkra þögn kveður Sigtryggur ákærða hafa sagt: „Það er bezt að vera ekki neitt að þessu, heldur fara og segja það, sem satt er. Ég sel því skarpara á eftir." Annað segir Sigtryggur þá ekki hafa talað saman, en haldið aftur í skrifstofu bæjarfógeta. Neitar ákærði að hafa viðhaft þau ummæli, sem Sigtryggur yfirlögregluþjónn hefur eftir honum.

Alfreð Gíslason bæjarfógeti kveður ákærða Daníel Þór að sér viðstöddum hafa játað í þinghaldi laugardaginn 2. febrúar 1957, er ákærði kom í síðara skiptið dag þann fyrir dóm, bæði að hafa ætlað til sölu áfengi það, sem Sigurjón Jónsson keypti fyrir hann og tekið var úr bifreiðinni Ö-68, og eins, að hann hefði selt einn kassa, 12 flöskur, af ákavíti í janúar 1957. En er þeir voru samprófaðir, neitaði ákærði að hafa í nefndu þinghaldi játað að hafa ætlað til sölu áfengið, sem Sigurjón Jónsson keypti fyrir hann hinn

1. febrúar 1957, og eins að hafa í janúar 1957 selt 12 flöskur af ákavíti. Hélt ákærði og fast við það, að bæjarfógeti hefði ekki verið viðstaddur í síðara skiptið, sem hann (ákærði) kom fyrir sakadóm nefndan laugardag.

Tómas Tómasson fulltrúi kveður ákærða Daníel Þór hafa viðurkennt í sakadómi laugardaginn 2. febrúar 1957 að hafa ætlað til sölu áfengið, sem Sigurjón Jónsson keypti fyrir hann 1. febrúar það ár, og eins að hafa í janúar sama ár selt 12 flöskur af ákavíti. Þeir lögreglumennirnir bera og, að þeir hafi í margnefndu þinghaldi greindan laugardag heyrt ákærða Daníel Þór viðurkenna að hafa ætlað til sölu áfengið, sem Sigurjón Jónsson keypti fyrir hann og tekið var úr bifreiðinni Ö-68. Þá segja þeir báðir sig minna, að ákærði hafi einnig í þinghaldi þessu viðurkennt að hafa áður selt áfengi, einn kassa, í janúar 1957, að því er Sigtrygg minnir.

Með vísun til þess, sem nú hefur verið rakið um þátt ákærða Daníels Þórs Emilssonar í máli þessu, er sannað, að hann hefur í sakadómi Keflavíkur laugardaginn 2. febrúar milli klukkan 14.30 og 14.40 viðurkennt að hafa ætlað til sölu 10 flöskur af gin og 10 flöskur af ákavíti, sem Sigurjón Jónsson keypti fyrir hann hinn 1. febrúar 1957 og teknar voru úr bifreiðinni Ö-68, og að hann hefur þá viðurkennt að hafa í janúar 1957 selt 12 flöskur af ákavíti. Fullyrðingar ákærða um, að rangbókað hafi verið eftir honum í nefndu þinghaldi, verða eigi taldar hafa við rök að styðjast, og þykir sannað, að hann hafi í janúar 1957 selt 12 flöskur af ákavíti, svo og, að hann hafi ætlað til sölu áðurnefndar 10 ginflöskur og 10 ákavítisflöskur.

Brot ákærða Daníels Þórs eru réttilega heimfærð í ákæruskjali til 18. gr. og 4. mgr. 19. gr. áfengislaga.

Ákærði Daníel Þór er ekki ákærður fyrir að hafa gert tilraun til að fá menn til að bera rangt fyrir dómi, og verður honum því þegar af þeirri ástæðu eigi gerð refsing samkv. 1. mgr. 142. gr., sbr. 1. mgr. 20. gr. almennra hegningarlaga.

VI.

Ákærði Vilhelm Sigmarsson.

Af áðurgreindu áfengi í bifreiðinni Ö-68 átti ákærði Vilhelm Sigmarsson 5 flöskur af ákavíti, en á einum af framangreindum miðum, sem Sigurjón Jónsson hafði meðferðis, stendur:

„Villi
5 áka 120/— = 600.“

Ákærði Vilhelm kom einu sinni fyrir sakadóm Keflavíkur laugardaginn 2. febrúar 1957 og skýrði þá í fyrstu svo frá, að nafngreindur maður hefði beðið hann um að útvega sér 6 flöskur af ákavíti. Til kaupa á þessum flöskum segist ákærði hafa afhent Sigurjóni Jónssyni úr eigin vasa kr. 630,00, en fjárhæð þessi hafi ekki hrokkið til kaupa nema á 5 flöskum. Þá viðurkenndi ákærði Vilhelm að hafa eitt sinn snemma í janúar 1957 selt tveimur mönnum, sem kallaðir eru Hannes og Stebbi, eina flösku af ákavíti fyrir kr. 150,00.

Í þessu sama þinghaldi er svo bókuð játning ákærða Vilhelms um, að hann væri sjálfur eigandi framangreindra 6 ákavítisflaskna og að hann hefði ætlað þær til sölu, ef tækifæri hefði boðizt. Hann hafi kvöldið áður, föstudagkvöldið 1. febrúar 1957, hitt hinn nafngreinda mann og beðið hann um að gangast við því að hafa beðið sig (ákærða) um að útvega honum áfengið.

Er setudómari þingaði í málinu 21. apríl sl., kom ákærði Vilhelm ótilkvaddur fyrir dóm og kvaðst ekki hafa ætlað framangreindar ákavítisflöskur til sölu. Kveðst ákærði ekki muna fyrir víst, hvort hann hafi viðurkennt þetta í sakadómi 2. febrúar 1957. Þá kveðst hann ekkert muna eftir því, hvort bókun í því þinghaldi hafi verið lesin upp fyrir sér. Nánar skýrði ákærði Vilhelm svo frá, að þar sem hann hafi viðurkennt að hafa selt eina ákavítisflösku í janúar 1957, þá hefði hann talið sér óheimilt sem atvinnubifreiðarstjóra að eiga þær 5 flöskur af ákavíti, sem Sigurjón Jónsson keypti fyrir hann. Vegna þessa kveðst ákærði hafa beðið nafngreindan mann í Keflavík að segjast eiga áfengið, ef hann (ákærði) yrði kvaddur fyrir dóm, en þó hafi ekki verið neitt ákveðið um það, hvort maðurinn mundi segjast eiga áfengið.

Í sakadómi Keflavíkur 2. febrúar 1957 kveðst ákærði hafa spurt, hvort hann mætti ekki eiga áfengið, greindar 5 flöskur, sjálfur, en þá hafi Sigtryggur yfirlögregluþjónn Árnason sagt, að hann skyldi viðurkenna að hafa ætlað áfengið til sölu, þar sem hann neytti ekki víns, en ákærði kveðst bragða áfengi, þótt hann sé enginn óreglumaður. Þá kveður ákærði Alfreð bæjarfógeta Gíslason hafa sagt, að hann skyldi ekki vera að þessu, heldur kannast við, að hann hafi ætlað áfengið til sölu, og segir bæjarfógeti vel geta verið, að hann hafi látið þessi orð falla. Vegna alls þessa kveðst ákærði hafa sagt, að þeir skyldu bóka það, sem þeir vildu.

Bæjarfógeti, Alfreð Gíslason, skýrir svo frá, að ákærði Vilhelm Sigmarsson hafi í þinghaldi 2. febrúar 1957 ótilneyddur viður-

kennt að hafa í janúar 1957 selt eina ákavítisflösku fyrir kr. 150,00 og eins að hafa ætlað til sölu áðurgreindar 5 flöskur af ákavíti. Kveður bæjarfógeti það rangt, að ákærði hafi sagt, „að þeir skyldu bóka það, sem þeir vildu," eða aðra setningu þess efnis. Þá segir hann bókanir hafa verið lesnar upp fyrir ákærða í þinghaldi 2. febr. 1957, eins og Tómas Tómasson fulltrúi hefur borið, en hann kveðst hafa heyrt ákærða Vilhelm viðurkenna áðurgreind brot. Kveðst Sigtryggur Árnason og hafa heyrt ákærða Vilhelm viðurkenna að hafa ætlað til sölu margnefndar 5 ákavítisflöskur.

Með framburði ákærða Vilhelms Sigmarssonar í sakadómi Keflavíkur laugardaginn 2. febrúar 1957, eins og hann er þar bókaður, er sannað, að ákærði Vilhelm hafi í janúar 1957 selt í Keflavík eina flösku af ákavíti fyrir kr. 150,00, svo og, að hann hafi ætlað til sölu þær 5 ákavítisflöskur, sem Sigurjón Jónsson keypti fyrir hann 1. febrúar 1957 og teknar voru úr bifreiðinni Ö-68. En breytingar ákærða og afturköllun hans á framburði í nefndu þinghaldi 2. febr. 1957, sem gerð er rúmu ári síðar, verður ekki tekin til greina. Varða brot ákærða við 18. gr. og 4. mgr. 19. gr. áfengislaga.

VII.

Ákærði Pétur Þórarinsson.

Af framangreindu áfengi, sem tekið var úr bifreiðinni Ö-68 föstudaginn 1. febrúar 1957, reyndist ákærði Pétur Þórarinsson vera eigandi að 20 flöskum af ákavíti, 14 flöskum af gin og 6 flöskum af koníaki, en sá, sem annaðist fyrir hann þessi áfengiskaup í Reykjavík nefndan föstudag, var Gísli Óskarsson verkamaður, Skólavegi 14 í Keflavík.

Er Gísli Óskarsson kom fyrst fyrir dóm, kvaðst hann sjálfur vera eigandi þessa áfengis, 40 flaskna, sem kostað hefðu kr. 5.000,00 og hann hefði ætlað til eigin nota, en ekki til sölu, enda hefði hann ekki fengið orð fyrir reglusemi.

Þessum framburði breytti Gísli á þann veg, að ákærði Pétur væri eigandi áfengisins að undanskildum ginflöskunum 10, en þær kveðst Gísli hafa ætlað að nota ásamt félögum sínum til að gera sér dagamun. Enn breytti Gísli framburði sínum og kvað ákærða Pétur eiganda alls áfengisins. Sagði hann ákærða hafa fengið sér á 6. þúsund króna til áfengiskaupa, en minna áfengismagn hefði fengizt fyrir þessa fjárhæð en ráð hafði verið fyrir gert, vegna hækkunar á áfengisverði, en eins og áður hefur verið skýrt frá, hækkaði verð á áfengi frá og með 1. febrúar 1957.

Kvaðst Gísli hafa ætlað að fá fyrir sig og félaga sína, er heim kæmi, 10 flöskur af gin hjá ákærða Pétri á réttu verði, en ákærði segir, að ekkert slíkt hafi komið til tals milli sín og Gísla.

Ákærði Pétur skýrir svo frá, að föstudaginn 1. febrúar 1957 hafi hann hitt Sigurjón Jónsson og frétt hjá honum, að hann ætlaði til Reykjavíkur til að sækja vörur. Kveðst ákærði því hafa beðið hann um að kaupa fyrir sig áfengi í Reykjavík og flytja það til Keflavíkur. Segist ákærði hafa farið heim til sín að ná í peninga, en þá hitt Gísla Óskarsson og fengið hann til að fara með Sigurjóni og kaupa áfengið. Kveðst ákærði hafa látið Gísla fá kr. 6.300,00 til þessara kaupa, og hafi Gísli átt að kaupa 20 flöskur af ákavíti og gin og koníak fyrir afganginn af fénu, en eigi hafi verið ákveðið, hve mikið skyldi vera af hvorri þeirra tegunda.

Neitar ákærði að hafa ætlað áfengi þetta til sölu, heldur hafi hann ætlað að eiga það, enda hafi hann frétt, að útsöluverð á áfengi ætti að hækka verulega.

Alkunna er, að sterkur grunur hefur lengi leikið á því, að ýmsir leigubifreiðarstjórar stundi áfengissölu. Hefur og ýmsum mönnum úr þeirri stétt á undanförnum árum verið refsað fyrir áfengissölu, en ákærði Pétur Þórarinsson er leigubifreiðarstjóri, og var hann í sakadómi Keflavíkur hinn 29. október 1956 dæmdur í 4.500,00 króna sekt fyrir áfengissölu, ólöglega vörzlu áfengis og tolllagabrot. Mjög ólíklegt verður að telja, að ákærði Pétur hafi ætlað að nota sjálfur framangreint áfengismagn, 40 flöskur, enda hefur hann ekki nefnt neitt sérstakt tilefni til eigin notkunar á svo miklu áfengismagni. Hann segir að vísu, að hann hafi frétt um, að útsöluverð á áfengi ætti að hækka verulega, sem og raunar varð. Ekki þykir þó þessi grunur hans eða vissa um hækkun áfengisverðs gera áfengiskaup þessi eðlileg. En árið 1956 kveðst hann hafa haft 50 þúsund króna peningatekjur auk vinnu sinnar á búi foreldra sinna fyrir norðan. Þegar allt þetta er haft í huga, verður niðurstaðan sú, að ákærði Pétur hafi eigi réttlætt það, að áfengið hafi ekki verið ætlað til sölu. Hefur hann því gerzt brotlegur við 4. mgr. 19. gr. áfengislaga.

VIII.

Ákærði Eðvarð Helgason Vilmundarson.

Af áfengi því, sem tekið var úr bifreiðinni Ö-68, eins og áður getur, kveðst ákærði Eðvarð Helgason Vilmundarson hafa átt 20 flöskur af gin, 18 flöskur af ákavíti og 6 flöskur af koníaki, en

áfengi þetta var merkt G. Þ., Gísla Ingva Þorvaldssyni leigubifreiðarstjóra, Hringbraut 93 í Keflavík.

Í einu af umslögum þeim, sem Sigurjón Jónsson hafði meðferðis, var reikningur, er á var ritað:

„G. Þ.

2	kassa gin	3240,00
2	— ákav.	2520,00
4	flöskur koníak	640,00
2	— genever	320,00
		6.720,00.“

Verður þrátt fyrir þessa merkingu á áfenginu að byggja á framburði ákærða Eðvarðs um, að hann sé raunverulegur eigandi þess.

Eins og áður getur, kveður Sigurjón Jónsson Gísla Ingva hafa afhent sér um 6.000,00 krónur til kaupa á gin, ákavíti og koníaki.

Gísli Ingvi skýrir svo frá, að nokkrum dögum fyrir 1. febrúar 1957 hafi ákærði Eðvarð afhent sér kr. 6.970,00 og beðið sig um að kaupa fyrir hann áfengi, greindar tegundir, og tvær skyrtur, sem báðar mundu kosta kr. 250,00, ef hann ætti leið til Reykjavíkur, en vegna ófærðar á vegum kveðst Gísli Ingvi ekki hafa getað annazt þetta og því beðið Sigurjón Jónsson um að kaupa áfengið, þar eð Sigurjón átti leið til Reykjavíkur.

Ákærði Eðvarð hefur bifreiðarstjórapróf, en ekki heimild til að aka leigubifreið til mannflutninga, enda kveðst hann ekki hafa stundað akstur leigubifreiðar né heldur unnið við afgreiðslustörf á bifreiðastöð. Hann kannast við að hafa afhent Gísla Ingva peninga til áfengiskaupa, eins og Gísli Ingvi skýrir frá, en fé þetta kveðst ákærði hafa haft á sér, er hann hitti Gísla Ingva og bað hann um að kaupa fyrir sig áfengið. Peningana til áfengiskaupanna kveðst ákærði, sem er mánaðarkaupsmaður, hafa fengið hjá meðákærða Sigurvini Sveinssyni í janúar 1957, en þetta fé segist ákærði hafa lánað meðákærða Sigurvini sumarið eða haustið 1956 án þess að fá skriflega viðurkenningu ákærða Sigurvins fyrir lánveitingunni. Hefur ákærði Eðvarð annars neitað að svara spurningum um fjárhag sinn. Ákærði Sigurvin kannast aftur á móti alls ekki við að hafa fengið að láni 6.000,00 krónur hjá ákærða Eðvarði, enda segist ákærði Sigurvin aldrei hafa fengið að láni peninga hjá ákærða Eðvarði nema smáfjárhæðir, um 100,00 krónur, sem fljótlega hafi verið endurgreiddar.

Ákærði Eðvarð neitar því að hafa ætlað til sölu framangreint

áfengi, samtals 40 flöskur, heldur kveðst hann hafa ætlað þetta vín til drykkjar sjálfur, enda drekki hann 2—3 flöskur af áfengi um helgar og stundum eina flösku í miðri viku.

Telja verður mjög ósennilegt, að ákærði Eðvarð hafi ætlað að nota áfengið til eigin neyzlu, enda hefur hann ekki nefnt neitt sérstakt tilvik, sem geri þessi áfengiskaup eðlileg. Að vísu hefur hann rökstutt kaup þessi með því, að hann væri mikill drykkjumaður, en þótt sú staðhæfing hans væri sönn, getur hún ekki veitt nægilega sterkar líkur fyrir því, að áfengið hafi ekki verið ætlað til sölu. Hefur ákærði Eðvarð því gerzt brotlegur við 4. mgr. 19. gr. áfengislaga.

IX.

Ákærði Sigurvin Sveinsson.

Af margnefndu áfengi því, sem tekið var úr bifreiðinni Ö-68 hinn 1. febrúar 1957, kveðst ákærði Sigurvin Sveinsson eiga 16 flöskur af ákavíti, 15 flöskur af gin og 6 flöskur af koníaki, samtals 37 flöskur, en áfengi þetta var merkt „Runni", Runólfi Jóhanni Sölvasyni leigubifreiðarstjóra, Skólavegi 14 í Keflavík.

Í einu af margnefndum umslögum var miði, sem á var ritað:

„Runni.

16 áki	=	1.920
5 gin 165/—	=	825
10 — 165/—	=	1.650
6 brandy 185/—	=	1.110
		5.505."

Þrátt fyrir þessa merkingu á áfenginu verður að byggja á því, að ákærði Sigurvin sé raunverulega eigandi þess, eins og hann ber.

Þeir ákærði Sigurvin og Runólfur Jóhann eru sammála um að hafa hitzt mánudaginn 28. janúar 1957, og þá hafi ákærði afhent Runólfi Jóhanni kr. 5.500,00 og beðið hann um að kaupa fyrir sig áfengi, 18 flöskur af gin og 6 flöskur af koníaki svo og 18 flöskur af ákavíti að sögn ákærða, en 16 flöskur af þessari áfengistegund að sögn Runólfs Jóhanns. Segir ákærði, að fjárhæðin, sem hann afhenti Runólfi til áfengiskaupanna, hafi verið miðuð við það, að ákavítisflaskan kostaði kr. 105,00, ginflaskan kr. 135,00 og koníaksflaskan kr. 140,00, en eins og áður getur, hækkaði útsöluverð á áfengi frá og með 1. febrúar 1957. Kveður ákærði Sigurvin Runólf Jóhann hafa sagzt mundu fara til Reykjavíkur sama dag, — 28. jan. 1957, — og þeir áttu tal saman um áfengiskaupin

eða næsta dag, en Runólfur Jóhann kveðst alls ekki sjálfur hafa ætlað að fara þá til Reykjavíkur, heldur hafi hann ætlað að biðja Sigurjón Jónsson um að annast þessi kaup, eins og hann gerði, enda hafi Sigurjón ætlað þangað.

Ákærði Sigurvin hefur hið minna próf bifreiðarstjóra. Kveðst hann og aldrei hafa ekið leigubifreið til mannflutninga og ekki heldur unnið við afgreiðslustörf á bifreiðastöð.

Hann kveðst hafa ætlað greint áfengi, samtals 37 flöskur, til eigin þarfa, en ekki til sölu. Þrátt fyrir þessa fullyrðingu ákærða Sigurvins verður að telja mjög ólíklegt, að hann hafi ætlað áfengið til eigin neyzlu eða veitinga, enda hefur hann ekki nefnt neitt sérstakt tilvik, sem hefði getað gefið eðlilegt tilefni til áfengiskaupa þessara. Verður því ekki talið, að ákærði hafi réttlætt það, að áfengið hafi ekki verið ætlað til sölu. Hefur hann því gerzt brotlegur við 4. mgr. 19. gr. áfengislaga.

X.

Refsingar. — Upptaka áfengis. — Sakarkostnaður.

Refsingar allra hinna ákærðu ber að ákveða samkvæmt 2. mgr. 42. gr. áfengislaga svo og samkvæmt 1. mgr. 39. gr. þeirra laga, að því er varðar ákærðu Daníel Þór og Vilhelm Sigmarsson.

Verð á áfengi því, sem ákærðu áttu með bifreiðinni Ö-68 og tekið var í vörzlu lögreglunnar í Keflavík föstudaginn 1. febrúar 1957, var sem hér segir: Ákavítisflaskan kostaði kr. 120,00, ginflaskan kr. 165,00 og koníaksflaskan kr. 185,00.

Þykja refsingar hinna ákærðu hæfilega ákveðnar þannig, að ákærði Sigurbergur Sverrisson sæti 6.600,00 króna sekt, ákærði Angantýr Agnar Áskelsson 7,125,00 króna sekt, ákærði Daníel Þór Emilsson 17.000,00 króna sekt, sbr. 77. gr. alm. hegningarlaga, ákærði Vilhelm Sigmarsson 4.000,00 króna sekt, sbr. 77. gr. alm. hegningarlaga, ákærði Pétur Þórarinsson 29.100,00 króna sekt, ákærði Eðvarð Helgason Vilmundarson 32.850,00 króna sekt og ákærði Sigurvin Sveinsson 27.525,00 króna sekt, en sektir þessar skulu allar renna í Menningarsjóð. Verði sektirnar eigi greiddar innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa, skal í stað sektar ákærða Sigurbergs koma varðhald í 45 daga, í stað sektar Angantýs Agnars varðhald í 60 daga, í stað sektar ákærða Daníels Þórs varðhald í 75 daga, í stað sektar ákærða Vilhelms varðhald í 30 daga, í stað sektar ákærða Péturs varðhald í 130 daga, í stað sektar ákærða Eðvarðs varðhald í 150 daga og í stað sektar ákærða Sigurvins varðhald í 120 daga.

Samkvæmt 2. mgr. 42. gr. áfengislaga og 1. mgr. 69. gr. almennra hegningarlaga ber að gera framangreint áfengi, sem lögreglumenn tóku úr bifreiðinni Ö-68 föstudaginn 1. febrúar 1957, 74 flöskur af ákavíti, 72 flöskur af gin og 18 flöskur af koníaki — eða samtals 164 flöskur, upptækt ríkissjóði til handa, þ. e. áfengi ákærða Sigurbergs 8 ginflöskur, áfengi ákærða Angantýs Agnars 5 ginflöskur og 5 ákavítisflöskur, áfengi ákærða Vilhelms 5 flöskur af ákavíti, áfengi ákærða Daníels Þórs 10 ginflöskur og 10 ákavítisflöskur, áfengi ákærða Péturs 20 flöskur af ákavíti, 14 flöskur af gin og 6 flöskur af koníaki, áfengi ákærða Eðvarðs 20 flöskur af gin, 18 flöskur af ákavíti og 6 flöskur af koníaki og áfengi ákærða Sigurvins 16 flöskur af ákavíti, 15 flöskur af gin og 6 flöskur af koníaki.

Í ákæruskjali er í sambandi við kröfu um upptöku áfengis þessa vísað til 41. gr. áfengislaga, en sýnt þykir, að þar sé um misritun að ræða, af vangá vísað til 41. gr. laganna í stað 2. mgr. 42. gr.

Ákærðu Sigurberg, Angantý Agnar, Daníel Þór, Vilhelm og Pétur ber að dæma in solidum til greiðslu málsvarnarlauna skipaðs verjanda þeirra, Þorvalds Þórarinssonar hdl., kr. 7.000,00, og ákærðu Eðvarð og Sigurvin einnig in solidum til greiðslu málsvarnarlauna skipaðs verjanda þeirra, Guðlaugs Einarssonar hdl., kr. 3.000,00. Allan annan sakarkostnað skulu allir hinir ákærðu greiða in solidum.

Dómsorð:

Ákærði Sigurbergur Sverrisson greiði 6.600,00 króna sekt til Menningarsjóðs, og komi 45 daga varðhald í stað sektarinnar, verði hún eigi greidd innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa.

Ákærði Angantýr Agnar Áskelsson greiði 7.125,00 króna sekt til Menningarsjóðs, og komi 60 daga varðhald í stað sektarinnar, verði hún eigi greidd innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa.

Ákærði Daníel Þór Emilsson greiði 17.000,00 króna sekt til Menningarsjóðs, og komi 75 daga varðhald í stað sektarinnar, verði hún eigi greidd innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa.

Ákærði Vilhelm Sigmarsson greiði 4.000,00 króna sekt til Menningarsjóðs, og komi 30 daga varðhald í stað sektarinnar, verði hún eigi greidd innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa.

Ákærði Pétur Þórarinsson greiði 29.100,00 króna sekt til

Menningarsjóðs, og komi 130 daga varðhald í stað sektarinnar, verði hún eigi greidd innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa.

Ákærði Eðvarð Helgason Vilmundarson greiði 32.850,00 króna sekt til Menningarsjóðs, og komi 150 daga varðhald í stað sektarinnar, verði hún eigi greidd innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa.

Ákærði Sigurvin Sveinsson greiði 27.525,00 króna sekt til Menningarsjóðs, og komi 120 daga varðhald í stað sektarinnar, verði hún eigi greidd innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa.

Framangreint áfengi, 74 flöskur af ákavíti, 72 flöskur af gin og 18 flöskur af koníaki, samtals 164 flöskur, eru upptækar til handa ríkissjóði.

Ákærðu Sigurbergur Sverrisson, Angantýr Agnar Áskelsson, Daníel Þór Emilsson, Vilhelm Sigmarsson og Pétur Þórarinsson greiði in solidum málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Þorvalds Þórarinssonar hdl., kr. 7.000,00.

Ákærðu Eðvarð Helgason Vilmundarson og Sigurvin Sveinsson greiði in solidum málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Guðlaugs Einarssonar hdl., kr. 3.000,00.

Allan annan sakarkostnað greiði allir ákærðu in solidum.

Dómi þessum skal fullnægja með aðför að lögum.

Föstudaginn 20. marz 1959.

Nr. 15/1959. **Lúðvíg Eggertsson** (Haukur Jónsson hdl.)
gegn
Ingolf Petersen
og
Sælgætisgerðinni Fríðu (enginn).

Dóminn skipuðu hinir reglulegu dómarar Hæstaréttar.

Héraðsdómur í víxilmáli ásamt fjárnámsgerð staðfestur.

Dómur Hæstaréttar.

Þórhallur Pálsson, fulltrúi borgarfógetans í Reykjavík, hefur framkvæmt fjárnámsgerð þá, sem áfrýjað er.

Áfrýjandi hefur skotið máli þessu til Hæstaréttar með

stefnu 26. janúar þ. á. að fengnu áfrýjunarleyfi sama dag. Krefst hann staðfestingar hins áfrýjaða dóms og hinnar áfrýjuðu fjárnámsgerðar. Einnig krefst hann málskostnaðar úr hendi stefndu fyrir Hæstarétti.

Stefndu hafa ekki komið fyrir Hæstarétt og enginn af þeirra hálfu, og er þeim þó löglega stefnt. Málið hefur því verið flutt skriflega samkvæmt 2. tl. 38. gr. laga nr. 112/1935 og er dæmt eftir fram lögðum skilríkjum.

Samkvæmt gögnum málsins ber að staðfesta hinn áfrýjaða dóm og áðurgreinda fjárnámsgerð.

Eftir þessum úrslitum verður stefndu dæmt að greiða áfrýjanda málskostnað fyrir Hæstarétti, er ákveðst kr. 2.000,00.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði dómur og fjárnámsgerð eiga að vera óröskuð.

Stefndu, Ingolf Petersen og Sælgætisgerðin Fríða, greiði áfrýjanda, Lúðvíg Eggertssyni, kr. 2.000,00 í málskostnað í Hæstarétti.

Dóminum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur bæjarþings Reykjavíkur 1. október 1958.

Mál þetta, sem dómtekið var í dag, er höfðað fyrir bæjarþinginu með stefnu, birtri 28. ágúst sl., af Lúðvíg Eggertssyni, Hverfisgötu 32 hér í bæ, gegn Ingolf Petersen, Ingólfsstræti 12 hér í bæ, persónulega og f. h. Sælgætisgerðarinnar Fríðu hér í bæ til greiðslu víxils, að fjárhæð 8.738,40 krónur, út gefins 10. júní 1958 af stefnda Ingólfi og samþykkts af honum f. h. Sælgætisgerðarinnar Fríðu, til greiðslu í Útvegsbankanum hér í bæ 30. júní 1958, en á víxli þessum, sem var afsagður sökum greiðslufalls 2. júlí 1958, er stefndi Ingolf ábekingur.

Hefur stefnandi krafizt þess, að stefndu verði in solidum dæmd til að greiða sér fjárhæð víxilsins, kr. 8.738,40, með 7% ársvöxtum frá 1. júlí 1958 til greiðsludags, ⅓% fjárhæðarinnar í þóknun, kr. 107, 00 í stimpil- og afsagnarkostnað og málskostnað að skaðlausu.

Stefndu hafa látið sækja þing, en engum rökstuddum andmælum hreyft gegn dómkröfum stefnanda, sem verða því teknar til greina.

Málskostnaður ákveðst kr. 1.400,00.

Jón G. Tómasson, fulltrúi borgardómara, kvað upp dóm þenna.

Dómsorð:

Stefndu, Ingolf Petersen og Sælgætisgerðin Fríða, greiði báðir fyrir annan og annar fyrir báða stefnanda, Lúðvíg Eggertssyni, kr. 8.738,40 með 7% ársvöxtum frá 1. júlí 1958 til greiðsludags, ⅓% fjárhæðarinnar í þóknun, kr. 107,00 í stimpil- og afsagnarkostnað og kr. 1.400,00 í málskostnað, allt innan 15 daga frá lögbirtingu dóms þessa að viðlagðri aðför að lögum.

Fjárnámsgerð fógetaréttar Reykjavíkur 24. október 1958.

Fyrir gerðarbeiðanda er mættur Haukur Jónsson hdl. og krefst fjárnáms til tryggingar skuld, að fjárhæð kr. 8.738,40, með 7% ársvöxtum frá 1. júlí 1958 til greiðsludags, kr. 29,00 í þóknun, kr. 107,00 í stimpil- og afsagnarkostnað, kr. 1.400,00 í málskostnað, kr. 64,00 fyrir birtingu og endurrit auk alls kostnaðar við gerð þessa og eftirfarandi uppboð, ef til kemur, allt á ábyrgð gerðarbeiðanda.

Gerðarþoli er sjálfur mættur og kveðst ekki greiða, en vísar á eignarhluta sinn í húsinu nr. 20 við Háteigsveg til fjárnáms.

Fógeti lýsti yfir fjárnámi í nefndri húseign til tryggingar kröfum gerðarbeiðanda. Fallið var frá virðingu.

Fógeti skýrði þýðingu fjárnámsins fyrir gerðarþola.

Föstudaginn 20. marz 1959.

Nr. 16/1959. **Lúðvíg Eggertsson** (Haukur Jónsson hdl.)
gegn
Ingolf Petersen
og
Sælgætisgerðinni Fríðu (enginn).

Dóminn skipuðu hinir reglulegu dómarar Hæstaréttar.

Héraðsdómur í víxilmáli ásamt fjárnámsgerð staðfestur.

Dómur Hæstaréttar.

Þórhallur Pálsson, fulltrúi borgarfógetans í Reykjavík, hefur framkvæmt fjárnámsgerð þá, sem áfrýjað er.

Áfrýjandi hefur skotið máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 26. janúar þ. á. að fengnu áfrýjunarleyfi sama dag. Krefst hann staðfestingar hins áfrýjaða dóms og hinnar áfrýjuðu fjárnámsgerðar. Einnig krefst hann málskostnaðar úr hendi stefndu fyrir Hæstarétti.

Stefndu hafa ekki komið fyrir Hæstarétt og enginn af þeirra hálfu, og er þeim þó löglega stefnt. Málið hefur því verið flutt skriflega samkvæmt 2. tl. 38. gr. laga nr. 112/1935 og er dæmt eftir fram lögðum skilríkjum.

Samkvæmt gögnum málsins ber að staðfesta hinn áfrýjaða dóm og áðurgreinda fjárnámsgerð.

Eftir þessum úrslitum verður stefndu dæmt að greiða áfrýjanda málskostnað fyrir Hæstarétti, er ákveðst kr. 2.500,00.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði dómur og fjárnámsgerð eiga að vera óröskuð.

Stefndu, Ingolf Petersen og Sælgætisgerðin Fríða, greiði áfrýjanda, Lúðvíg Eggertssyni, kr. 2.500,00 í málskostnað í Hæstarétti.

Dóminum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur bæjarþings Reykjavíkur 4. október 1958.

Mál þetta, sem dómtekið var í dag, er höfðað fyrir bæjarþinginu með stefnu, birtri 31. maí sl., af Lúðvíg Eggertssyni kaupmanni, Hverfisgötu 32, Reykjavík, gegn Ingolf Petersen, Ingólfsstræti 13, og gegn Ingolf Petersen f. h. Sælgætisgerðarinnar Fríðu í Reykjavík til greiðslu víxils, að fjárhæð 12.870,00 krónur, út gefins 1/5 1958 af stefnda Ingolf og samþykkts af stefnda Ingolf f. h. Sælgætisgerðarinnar Fríðu til greiðslu í Útvegsbankanum hér í bæ 15. maí 1958, en á víxli þessum, er var afsagður sökum greiðslufalls 17/5 1958, er stefndi Ingolf ábekingur.

Hefur stefnandi krafizt þess, að stefndu verði in solidum dæmd til að greiða sér fjárhæð víxilsins, kr. 12.870,00, með 7% ársvöxtum frá gjalddaga hans til greiðsludags, ⅓% fjárhæðarinnar í þóknun, kr. 147,00 í stimpil- og afsagnarkostnað og málskostnað að skaðlausu.

Stefndu hafa látið sækja þing, án þess að hreyft hafi verið andmælum gegn kröfum stefnanda, sem verða því teknar til greina að öllu leyti.

Málskostnaður ákveðst kr. 1.700,00.

Bjarni K. Bjarnason, fulltrúi borgardómara, kvað upp dóm þenna.

Dómsorð:

Stefndu, Ingolf Petersen og Sælgætisgerðin Fríða, greiði báðir fyrir annan og annar fyrir báða stefnda, Lúðvíg Eggertssyni, kr. 12.870,00 með 7% ársvöxtum frá 15. maí 1958 til greiðsludags, ⅓% fjárhæðarinnar í þóknun, kr. 147,00 í stimpil- og afsagnarkostnað og kr. 1.700,00 í málskostnað, allt innan 15 daga frá lögbirtingu dóms þessa að viðlagðri aðför að lögum.

Fjárnámsgerð fógetaréttar Reykjavíkur 24. október 1958.

Fyrir gerðarbeiðanda er mættur Haukur Jónsson hdl. og krefst fjárnáms til tryggingar skuld, að fjárhæð kr. 12.870,00, með 7% ársvöxtum frá 15. maí 1958 til greiðsludags, kr. 42,00 í þóknun, kr. 147,00 í stimpil- og afsagnarkostnað, kr. 64,00 fyrir endurrit og birtingu, kr. 1.700,00 í málskostnað auk alls kostnaðar við fjárnám og uppboð, ef til kemur, allt á ábyrgð gerðarbeiðanda.

Gerðarþoli er sjálfur mættur og kveðst ekki greiða, en vísar á eignarhluta sinn í húsinu nr. 20 við Háteigsveg til fjárnáms.

Fógeti lýsti yfir fjárnámi í nefndri húseign til tryggingar kröfum gerðarbeiðanda. Fallið var frá virðingu.

Fógeti skýrði þýðingu fjárnámsins fyrir gerðarþola.

Föstudaginn 20. marz 1959.

Nr. 6/1959. **Ingolf Petersen**
og
Sælgætisgerðin Fríða
gegn
Lúðvíg Eggertssyni.

Útivistardómur. Ómaksbætur.

Dómur Hæstaréttar.

Málssókn þessi fellur niður.

Áfrýjendur, Ingolf Petersen og Sælgætisgerðin Fríða, er eigi sækja dómþing í máli þessu, greiði kr. 200,00 útivistargjald til ríkissjóðs, ef þau vilja fá mál sitt tekið fyrir af nýju.

Einnig greiði þau in solidum stefnda, Lúðvíg Eggertssyni, sem hefur sótt dómþing og krafizt ómaksbóta, kr. 300,00 í ómaksbætur að viðlagðri aðför að lögum.

Föstudaginn 20. marz 1959.

Nr. 7/1959. **Ingolf Petersen**
og
Sælgætisgerðin Fríða
gegn
Lúðvíg Eggertssyni.

Útivistardómur. Ómaksbætur.

Dómur Hæstaréttar.

Málssókn þessi fellur niður.

Áfrýjendur, Ingolf Petersen og Sælgætisgerðin Fríða, er eigi sækja dómþing í máli þessu, greiði kr. 200,00 útivist-

argjald til ríkissjóðs, ef þau vilja fá mál sitt tekið fyrir af nýju.

Einnig greiði þau in solidum stefnda, Lúðvíg Eggertssyni, sem hefur sótt dómþing og krafizt ómaksbóta, kr. 300,00 í ómaksbætur að viðlagðri aðför að lögum.

Föstudaginn 20. marz 1959.

Nr. 8/1959. **Ingolf Petersen**
gegn
Heildverzluninni Kötlu h/f.

Útivistardómur. Ómaksbætur.

Dómur Hæstaréttar.

Málssókn þessi fellur niður.

Áfrýjandi, Ingolf Petersen, er eigi sækir dómþing í máli þessu, greiði kr. 200,00 útivistargjald til ríkissjóðs, ef hann vill fá mál sitt tekið fyrir af nýju.

Einnig greiði hann stefnda, Heildv. Kötlu h/f, sem sótt hefur dómþing og krafizt ómaksbóta, kr. 400,00 í ómaksbætur að viðlagðri aðför að lögum.

Föstudaginn 20. marz 1959.

Nr. 21/1959. **Einar Sigurðsson**
gegn
tollstjóranum í Reykjavík f. h. ríkissjóðs
og
borgarfógetanum í Reykjavík til réttargæzlu.

Útivistardómur.

Dómur Hæstaréttar.

Málssókn þessi fellur niður.

Áfrýjandi, Einar Sigurðsson, er eigi sækir dómþing í máli þessu, greiði kr. 200,00 útivistargjald til ríkissjóðs, ef hann vill fá mál sitt tekið fyrir af nýju.

Mánudaginn 13. apríl 1959.

Nr. 146/1958. **Ákæruvaldið** (Rannveig Þorsteinsdóttir hdl.)
gegn
Brandi Brynjólfssyni (Sigurður Hafstað hdl.).

Dóminn skipuðu hinir reglulegu dómarar Hæstaréttar.

Okur.

Dómur Hæstaréttar.

Eins og saksókn er háttað, verða í máli þessu lagðir til grundvallar vaxtareikningar þeir, sem í héraðsdómi greinir, enda er þá eigi á ákærða hallað.

Gunnar Hall hefur fyrir dómi neitað því, að víxillán þau, er í XII. og XVI. kafla héraðsdóms getur, hafi að nokkru verið innt af hendi með skuldabréfum, eins og þar greinir. Kemur mat á þeim skuldabréfum því eigi til álita í sambandi við vaxtakjör þau, sem um var að tefla.

Með þessum athugasemdum þykir mega staðfesta héraðsdóminn að öðru en því, að frestur til greiðslu sektar verði 4 vikur frá birtingu dóms þessa.

Ákærði greiði allan kostnað af áfrýjun málsins, þar með talin málflutningslaun sækjanda og verjanda fyrir Hæstarétti, kr. 20.000,00 til hvors.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður að öðru en því, að frestur til greiðslu sektar verði 4 vikur frá birtingu dóms þessa.

Ákærði, Brandur Brynjólfsson, greiði allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin laun sækjanda og verjanda fyrir Hæstarétti, Rannveigar Þorsteinsdóttur og Sigurðar Hafstaðs héraðsdómslögmanna, kr. 20.000,00 til hvors.

Dóminum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Dómur sakadóms Reykjavíkur 19. júní 1958.

Ár 1958, fimmtudaginn 19. júní, var í sakadómi Reykjavíkur, sem haldinn var á Fríkirkjuvegi 11, kveðinn upp dómur í málinu nr. 2869/1958: Ákæruvaldið gegn Brandi Brynjólfssyni, sem tekið var til dóms hinn 28. maí sama ár.

Ákærður er Brandur Brynjólfsson lögfræðingur, Baldursgötu 12 hér í bæ, fyrir að hafa:

1. a) veitt Ásgrími Albertssyni gullsmið, Kársnesbraut 15, Kópavogi, í des. 1953 lán, að fjárhæð kr. 20.000,00, samkvæmt víxli til þriggja mánaða og tekið 10% í vexti fyrir tímabilið,

b) framlengt nefndan víxil tvisvar, þrjá mánuði í hvort skipti, og taka þá í vexti 6% á mánuði,

c) veitt nefndum manni lán í byrjun apríl 1954, að fjárhæð kr. 16.000,00, samkvæmt víxli til þriggja mánaða og taka fyrir í vexti, þóknun og kostnað kr. 3.200,00 og veita Ásgrími síðan framlengingu á því láni í 4½ mánuð og taka þá í vexti 5% á mánuði,

d) framlengt við Ásgrím um miðjan ágúst 1954 af ofangreindum tveimur lánum kr. 20.000,00 með nýjum víxli með gjalddaga í byrjun okt. sama ár og taka þá í vexti af nefndum lánum frá í febrúar og marz 1954 og forvexti af þessum víxli samtals kr. 4.000,00 og veita síðan framlengingu á þessum víxli í þrjá mánuði og taka fyrir það í vexti kr. 2.000,00, er bættust við víxilupphæðina, þannig að hinn nýi víxill varð að fjárhæð kr. 22.000,00;

2. veitt Þórhalli B. Sigurjónssyni, Silfurtúni A 1, Garðahreppi, peningalán 30. okt. 1953 samkvæmt víxli, að fjárhæð kr. 23.000,00, með gjalddaga 30. jan. 1954 með 3% forvöxtum á mánuði og tryggt samkvæmt tryggingarbréfi með veðrétti í húseign og síðan framlengja lán þetta, venjulegast til þriggja mánaða í senn, nokkrum sinnum með sömu forvaxtafjárhæð, þar til lánið var framlengt í síðasta skipti, og taka þá 7% í vexti í 3 mánuði;

3. veitt Georg Pálssyni kyndara, Skipasundi 55, lán samkvæmt víxli til þriggja mánaða, að upphæð kr. 10.000,00, á árinu 1953 eða 1954 og taka fyrir í forvexti kr. 1.000,00;

4. veitt Guðjóni Ólafssyni, Víðimel 60, lán samkvæmt víxli, út gefnum 8. febr. 1954, til greiðslu 8. maí s. á., út gefnum af Guðjóni Einarssyni og samþykktum af Guðjóni Ólafssyni, með 5% forvöxtum á mánuði, tryggt með handveði í tveimur veðskuldabréfum, út gefnum af Guðjóni Þorsteinssyni, Kirkjuteigi 19;

5. keypt með 15% afföllum tvo víxla fyrri hluta árs 1954 af Jóhannesi Sæmundi Pálssyni rafvirkja, Hringbraut 86, er var samþykkjandi þeirra beggja, og var hvor um sig að fjárhæð kr. 15.000,00 og báðir til þriggja mánaða;

6. a) veitt Skóverzlun Björgúlfs Stefánssonar lán í júní 1954, að fjárhæð kr. 40.000,00, samkvæmt víxli til þriggja mánaða með 4% vöxtum á mánuði, víxillinn var samþykktur af Björgúlfi Stefánssyni, Blönduhlíð 10,

b) veitt sama fyrirtæki lán í júlí 1954, að fjárhæð kr. 40.000,00, með 4% eða 5% vöxtum á mánuði samkvæmt víxli til þriggja mánaða, út gefnum af nefndum Björgúlfi persónulega og samþykktum af Björgúlfi f. h. nefnds fyrirtækis,

c) veitt sama fyrirtæki í sept. 1954 lán, að fjárhæð kr. 60.000,00, til þriggja mánaða með 4% vöxtum á mánuði, samþykkjandi og útgefandi þeir sömu og greinir í b-lið,

d) veitt sama fyrirtæki í sept. 1954 lán, að fjárhæð kr. 80.000,00, til þriggja eða fjögurra mánaða með 4% vöxtum á mánuði, samþykkjandi og útgefandi þeir sömu og greinir í b-lið,

e) veitt sama fyrirtæki í des. 1954 framlengingu á víxilláni því, er greinir í c-lið hér að framan, með nýjum víxli til þriggja mánaða, að fjárhæð kr. 60.000,00, með 4% vöxtum á mánuði,

f) áskilið sér 14% ársvexti af innlagi, að fjárhæð kr. 100.000,00, er ákærði lofaði að leggja inn í Iðnaðarbankann til ráðstöfunar fyrir Skóverzlun Björgúlfs Stefánssonar, seint á árinu 1954 eða í ársbyrjun 1955,

g) veitt ofannefndu fyrirtæki um áramót 1954—1955 lán samkvæmt víxli til þriggja mánaða, að fjárhæð kr. 34.000,00, og taka í vexti og afföll af láninu kr. 2.500,00;

7. veitt Sigurði T. Magnússyni, Hlunnavogi 10, lán 6. okt. 1954 samkvæmt víxli til þriggja mánaða, að fjárhæð kr. 50.000,00, með 4% vöxtum á mánuði og veita síðan framlengingu á víxilláninu tvisvar, þrjá mánuði í hvort skipti, með sömu vaxtakjörum;

8. veitt Birni Steindórssyni bílstjóra, Klöpp, Seltjarnarnesi, á árinu 1954 lán, að fjárhæð kr. 40.000,00, með víxli til þriggja mánaða með 20% ársvöxtum, tryggðum með veðrétti í húsinu Skipasundi 86;

9. a) veitt Eyjólfi Jónssyni, Hófgerði 7, Kópavogi, á árinu 1954 lán, að upphæð kr. 71.500,00, samkvæmt 2 víxlum, öðrum að fjárhæð kr. 52.500,00, en hinum að fjárhæð kr. 19.000,00, með 10% vöxtum í 3 mánuði.

b) framlengt framangreint lán til þriggja mánaða samkvæmt

víxli með gjalddaga 18. jan. 1955, að fjárhæð kr. 71.500,00, með sömu vaxtakjörum,

c) framlengt framangreint lán til þriggja mánaða með tveimur víxlum, öðrum að fjárhæð kr. 69.000,00, en hinum að fjárhæð kr. 2.500,00, með sömu vaxtakjörum, gjalddagi víxla þessara var 18. apríl 1955,

d) framlengt mestan hluta nefnds láns með víxli til tveggja mánaða, að fjárhæð kr. 69.500,00, með sömu vaxtakjörum,

e) veitt nefndum Eyjólfi lán á árinu 1954, að upphæð kr. 50.000,00, samkvæmt víxli til þriggja mánaða með gjalddaga 5. desember 1954 með sömu vaxtakjörum,

f) framlengt víxil þann, er greinir í e-lið hér að framan, nokkrum sinnum með sömu vaxtakjörum, þar til víxillinn var greiddur 30. júlí 1955;

10. veitt um áramót 1954—1955 Hrafnkeli Guðjónssyni, Hverfisgötu 101, lán, að fjárhæð kr. 22.000,00, með 10% vöxtum í þrjá mánuði. Var lánið tryggt með handveði í víxli, að fjárhæð kr. 70.000,00, og tryggingarbréfi.

Brot þau, er greinir í 1. tölul. a, b og c, 2. tölul., 3. tölul., 7. tölul., 8. tölul., 9. tölul. og 10. tölul., þykja varða við lög nr. 73/1933, 2. gr., sbr. lög nr. 75/1952, og 2. mgr. 6. gr. laga nr. 73/1933.

Brot þau, er greinir í 1. tölul. d og 6. tölul., þykja varða við lög nr. 73/1933, 3. gr., og 2. mgr. 6. gr., og brot það, er greinir í 5. tölul., þykir einnig varða við 4. gr. laga nr. 73/1933.

11. Á árinu 1954 keypt af Gunnari Hall kaupmanni, Víðimel 64 hér í bæ, þáverandi framkvæmdastjóra og prókúruhafa fyrirtækisins Ragnars Blöndals h/f hér í bænum, eftirtalda fjórtán víxla, er greinir undir stafliðunum A og B, samtals að nafnverði kr. 927.000,00, samþykkta af Gunnari Hall f. h. nefnds fyrirtækis, Ragnars Blöndals h/f, gegn 5% mánaðarvöxtum af hverri einstakri víxilfjárhæð, en ákærða var kunnugt um, að Gunnar Hall var með víxlasölu þessari að taka lán til vörukaupa fyrir Ragnar Blöndal h/f.

A. 1) Víxill, út gefinn 11. jan. 1954 af Gunnari Hall f. h. Nærfataverksmiðjunnar Lillu h/f og ábektur (framseldur) af Gunnari Hall persónulega með gjalddaga 11. apríl 1954, að fjárhæð kr. 55.000,00.

2) Víxill, út gefinn af Gunnari Hall (útgáfudags er eigi getið) með gjalddaga 8. ágúst 1954, að fjárhæð kr. 50.000,00.

3) Víxill, út gefinn 18. maí 1954 af Gunnari Hall með gjalddaga 18. sept. 1954, að fjárhæð kr. 100.000,00.

4) Víxill, út gefinn 31. maí 1954 af Gunnari Hall með gjalddaga 30. nóv. 1954, að fjárhæð kr. 100.000,00.

5) Víxill, út gefinn 1. júní 1954 af Gunnari Hall með gjalddaga 4. sept. 1954, að fjárhæð kr. 60.000,00.

6) Víxill, út gefinn 19. júní 1954 af Gunnari Hall f. h. nefndrar nærfataverksmiðju, Lillu h/f, og ábektur (framseldur) af Gunnari Hall persónulega með gjalddaga 25. sept. 1954, að fjárhæð kr. 55.000,00.

7) Víxill, út gefinn 13. júlí 1954 af Gunnari Hall f. h. Nærfataverksmiðjunnar Lillu h/f með gjalddaga 10. okt. 1954, að fjárhæð kr. 20.000,00.

8) Víxill, út gefinn 14. júlí 1954 af Gunnari Hall f. h. nefndrar nærfataverksmiðju og ábektur (framseldur) af Gunnari Hall persónulega með gjalddaga 14. okt. 1954, að fjárhæð kr. 65.000,00.

9) Víxill, út gefinn 4. sept. 1954 af Gunnari Hall með gjalddaga 4. des. 1954, að fjárhæð kr. 60.000,00.

B. 1) Víxill, út gefinn 18. sept. 1954 af Gunnari Hall með gjalddaga 18. des. 1954, að fjárhæð kr. 100.000,00.

2) Víxill, út gefinn 14. okt. 1954 af Gunnari Hall f. h. Nærfataverksmiðjunnar Lillu h/f og ábektur (framseldur) af honum persónulega með gjalddaga 14. jan. 1955, að fjárhæð kr. 65.000,00.

3) Víxill, út gefinn 4. des. 1954 af Gunnari Hall með gjalddaga 4. marz 1955, að fjárhæð kr. 60.000,00.

4) Víxill, út gefinn 6. des. 1954 af Gunnari Hall með gjalddaga 6. marz 1955, að fjárhæð kr. 37.000,00.

5) Víxill, út gefinn af Gunnari Hall (útgáfudags er eigi getið) með gjalddaga 15. apríl 1955, að fjárhæð kr. 100.000,00.

Að því er framangreint brot varðar, er málið til vara höfðað gegn ákærða fyrir að hafa keypt af Gunnari Hall víxla þá, er getur undir stafliðunum A og B, með 10% afföllum af víxlum til þriggja mánaða og hlutfallslega hærri afföllum af víxlum til lengri tíma, þannig að afföll voru 20% af sex mánaða víxlum.

Teljast brot þau, er undir þessum tölulið, 11, greinir, varða við 3. gr. og 2. mgr. 6. gr. laga nr. 73/1933, um bann við okri, dráttarvexti o. fl.

12. Á árinu 1954 keypt af Gunnari Hall, þáverandi framkvæmdastjóra og prókúruhafa Ragnars Blöndals h/f, 40.000,00 króna víxil, samþykktan af Gunnari Hall f. h. Ragnars Blöndals h/f

og út gefinn af Gunnari Hall persónulega, með gjalddaga 15. des. 1954, gegn 5% mánaðarvöxtum af víxilfjárhæðinni, en ákærða var kunnugt um, að Gunnar Hall seldi víxil þennan til að útvega lán til vörukaupa fyrir Ragnar Blöndal h/f.

Að því er brot þetta varðar, er málið til vara höfðað gegn ákærða fyrir að hafa keypt nefndan 40.000,00 króna víxil af Gunnari Hall gegn allt að 20% afföllum af fjárhæð víxilsins.

Brot þau, er undir þessum tölulið, 12, greinir, teljast varða við 3. gr. og 2. mgr. 6. gr. laga nr. 73/1933.

13. Fyrri hluta árs 1954 keypt af Gunnari Hall, þáverandi framkvæmdastjóra og prókúruhafa Ragnars Blöndals h/f, 70.000,00 króna víxil, samþykktan af Gunnari Hall f. h. Ragnars Blöndals h/f og út gefinn af Gunnari Hall persónulega, með gjalddaga 21. nóvember 1954, en ákærða var kunnugt um, að Gunnar Hall var með sölu víxils þessa að taka peningalán til vörukaupa fyrir Ragnar Blöndal h/f.

Þetta brot telst varða við 3. gr. og 2. mgr. 6. gr. laga nr. 73/1933.

Að því er þetta síðastnefnda brot varðar, er málið til vara höfðað gegn ákærða fyrir að hafa á fyrri hluta árs 1954 sem milligöngumaður selt fyrir Gunnar Hall, þáverandi framkvæmdastjóra og prókúruhafa Ragnars Blöndals h/f, nefndan 70.000,00 króna víxil Hauki Heiðar bankafulltrúa, Tómasarhaga 27 hér í bæ, sem í kaupum þessum var milligöngumaður fyrir Jón Pálsson húsvörð, Hafnarstræti 14 hér í bænum, gegn 17½% afföllum af víxilfjárhæðinni, en þetta brot telst varða við 2. mgr. 6. gr., sbr. 3. gr. laga nr. 73/1933.

14. Á árinu 1954 keypt af Gunnari Hall, þáverandi framkvæmdastjóra og prókúruhafa Ragnars Blöndals h/f, 125.000,00 króna víxil, sennilega til sex mánaða, samþykktan af Gunnari Hall f. h. Ragnars Blöndals h/f og út gefinn af Gunnari Hall persónulega, með gjalddaga 15. jan. 1955, gegn 5% vöxtum af víxilfjárhæðinni miðað við mánuð, en ákærða var kunnugt um, að Gunnar var með sölu víxils þessa að útvega lán til vörukaupa fyrir Ragnar Blöndal h/f.

Að því er brot þetta varðar, er málið til vara höfðað gegn ákærða fyrir að hafa á árinu 1954 keypt nefndan 125.000,00 króna víxil af Gunnari Hall gegn 12% vöxtum af víxilfjárhæðinni, þ. e. 10% afföllum og 2% þóknun.

Brot þau, er undir þessum tölulið, 14, greinir, teljast varða við 3. gr. og 2. mgr. 6. gr. laga nr. 73/1933.

15. Í október 1954 keypt af Gunnari Hall, þáverandi framkvæmdastjóra og prókúruhafa Ragnars Blöndals h/f, 100.000,00 króna víxil, samþykktan af Gunnari Hall f. h. Ragnars Blöndals h/f, út gefinn 12. okt. 1954 og með gjalddaga 12. apríl 1955, gegn allt að 5% mánaðarvöxtum af víxilfjárhæðinni, en ákærða var kunnugt um, að Gunnar Hall var með sölu víxils þessa að taka lán til vörukaupa fyrir Ragnar Blöndal h/f.

Þetta brot telst varða við 3. gr. og 2. mgr. 6. gr. laga nr. 73/1933.

Að því er þetta síðastnefnda brot varðar, er málið til vara höfðað gegn ákærða fyrir að hafa verið milligöngumaður um að selja víxil þennan í Iðnaðarbankanum h/f gegn venjulegum bankavöxtum auk allt að 10.000,00 króna aukagreiðslu, þóknunar frá Gunnari Hall, en formlega gekk frá sölu víxils þessa í bankanum Ragnar Aðalsteinn Ingólfsson skrifstofumaður, Leifsgötu 4 hér í bæ.

Brot þetta telst varða við 2. mgr. 6. gr., sbr. 3. gr. laga nr. 73/1933.

16. Síðla árs 1954 keypt af Gunnari Hall, þáverandi framkvæmdastjóra og prókúruhafa Ragnars Blöndals h/f, 100.000,00 króna víxil, samþykktan af Gunnari Hall f. h. Ragnars Blöndals h/f og út gefinn af Gunnari Hall persónulega 2. des. 1954, með gjalddaga 28. febr. 1955, gegn 5% mánaðarvöxtum af víxilfjárhæðinni, en ákærða var kunnugt um, að Gunnar Hall var með sölu víxils þessa að taka lán til vörukaupa fyrir Ragnar Blöndal h/f.

Að því er þetta brot varðar, er málið til vara höfðað gegn ákærða fyrir að hafa keypt síðastnefndan 100.000,00 króna víxil af Gunnari Hall gegn 10% vöxtum af víxilfjáræðinni miðað við þrjá mánuði.

Brot þau, er undir þessum tölulið, 16, greinir, teljast varða við 3. gr. og 2. mgr. 6. gr. laga nr. 73/1933.

17. Síðla árs 1954 keypt af Gunnari Hall, þáverandi framkvæmdastjóra og prókúruhafa Ragnars Blöndals h/f, tvo víxla, samþykkta af Gunnari Hall f. h. Ragnars Blöndals h/f og út gefna af honum persónulega, annan að fjárhæð kr. 50.000,00, út gefinn 8. nóv. 1954, með gjalddaga 8. febr. 1955, en hinn að fjárhæð kr. 40.000,00, út gefinn 18. des. 1954, með gjalddaga 18. febr. 1955, gegn allt að 5% mánaðarvöxtum af hvorri víxilfjárhæð, en ákærða var kunnugt um, að Gunnar Hall var með

sölu víxla þessara að taka lán til vörukaupa fyrir Ragnar Blöndal h/f.

Þetta brot telst varða við 3. gr. og 2. mgr. 6. gr. laga nr. 73/1933.

Að því er síðastnefnt brot varðar, er málið til vara höfðað gegn ákærða fyrir að hafa sem milligöngumaður selt fyrir Gunnar Hall síðastgreinda tvo víxla, að fjárhæð kr. 50.000,00 og kr. 40.000,00, Steini Jónssyni héraðsdómslögmanni, Skaftahlíð 11 hér í bæ, gegn 10% afföllum af hvorri víxilfjárhæð, auk þess sem ákærði tók í þóknun fyrir milligöngu þessa 2% af hvorri víxilfjárhæð.

Brot þetta telst varða við 2. mgr. 6. gr., sbr. 3. gr. laga nr. 73/1933.

Framangreind brot voru öll framin í Reykjavík.

Þess er krafizt, að ákærði verði dæmdur til refsingar, greiðslu skaðabóta og alls sakarkostnaðar.

Ákærði er kominn yfir lögaldur sakamanna, fæddur 21. desember 1916 á Hellissandi. Hinn 19. febrúar 1947 var hann með réttarsátt sektaður um kr. 700,00 fyrir brot gegn 147. gr. hegningarlaganna. Hinn 27. apríl 1953 var hann dæmdur í þriggja mánaða fangelsi og sviptur kosningarrétti og kjörgengi og málflutningsleyfi fyrir brot gegn 248. gr., sbr. 138. gr. hegningarlaganna, og enn fremur fyrir brot gegn 106. gr., 1. mgr., og 218. gr. sömu laga. Öðrum refsingum hefur ákærði eigi sætt, svo að kunnugt sé.

Á fundi neðri deildar Alþingis hinn 24. marz 1955 var kosin 5 manna nefnd innandeildarmanna samkvæmt 39. gr. stjórnarskrárinnar til þess að rannsaka, að hve miklu leyti og með hvaða móti okur á fé viðgengist. Í nefndina voru kosnir þessir alþingismenn: Björn Ólafsson, Einar Ingimundarson, Gylfi Þ. Gíslason, Karl Guðjónsson og Skúli Guðmundsson.

Með bréfi, dagsettu 11. nóvember 1955, sendi nefndin dómsmálaráðherra greinargerð, byggða á frásögnum nokkurra lántakenda, um lánveitingar sjö tilgreindra manna, sem talið var, að lánað hefðu fé gegn óleyfilega háum vöxtum. Voru þar meðal annars raktar frásagnir þriggja manna, Þórhalls Sigurjónssonar, Guðjóns Einarssonar Long og Björgúlfs Stefánssonar, um lánveitingar ákærða, Brands Brynjólfssonar.

Nefndin gat þess í bréfi sínu, að upplýsingar þær, sem fram hefðu komið, gæfu tilefni til frekari rannsóknar á lánastarf-

semi þessara sjö manna, en þar sem nefndin hefði ekki sömu aðstöðu og rannsóknardómari til að upplýsa mál, teldi hún rétt, að ráðstafanir yrðu gerðar til þess, að fram færi dómsrannsókn í málinu.

Með bréfi dómsmálaráðuneytisins, dagsettu 14. nóvember 1955, lagði það fyrir sakadómara að hefja dómsrannsókn út af lánastarfsemi þeirra sjö manna, er ræðir um í fyrrnefndri greinargerð nefndarinnar.

Hófst dómsrannsókn hinn 21. nóvember sama ár, og var síðan að undangengnum úrskurði húsleit gerð að sakargögnum í híbýlum geindra 7 manna. Fundust nokkur sakargögn, meðal annars í skrifstofu ákærða, og hafa þau verið lögð fram í málinu.

Verður nú í töluliðum I—XVII rakið það, sem fram hefur komið í rannsókn málsins um ákæruatriðin á hendur ákærða.

I.

Í ársbyrjun 1953 hóf vitnið Ásgrímur Albertsson gullsmiður, Kársnesbraut 15, Kópavogi, rekstur verkstæðis í félagi við annan mann, og á sama ári festi það kaup á nefndri húseign, Kársnesbraut 15. Skorti vitnið af þessum ástæðum reiðufé. Vitnið hafði heyrt, að ákærði veitti mönnum lán, og sneri það sér til hans í því skyni að fá hjá honum lán. Veitti ákærði vitninu m. a. eftirtalin lán:

1. Fyrst veitti ákærði vitninu lán, að fjárhæð kr. 20.000,00, og samþykkti það víxil greindrar fjárhæðar til þriggja mánaða og með gjalddaga 18. marz 1954 fyrir láninu. Víxillinn var tryggður með veði í greindri húseign vitnisins samkvæmt tryggingarbréfi, dagsettu 18. desember 1953.

Vitnið kveðst hafa greitt ákærða í vexti, þóknun og kostnað vegna lánsins kr. 2.000,00, og hafi upphæðin verið dregin frá lánsfjárhæðinni. Mismuninn, kr. 18.000,00, hafi ákærði greitt þannig, að kr. 16.000,00 hafi það fengið í reiðufé, en kr. 2.000,00 í vefnaðarvöru og matvöru.

Vitnið kvaðst hafa fengið víxilinn framlengdan samtals í fjögur skipti á gjalddaga með því að samþykkja nýjan víxil til þriggja mánaða í hvert skipti. Vitnið man ekki, hvað það greiddi ákærða við fyrstu framlengingu, en minnir, að við aðra og þriðju framlengingu hafi það greitt honum 6% af víxilfjárhæðinni á mánuði og við þá fjórðu eitthvað lægra. Fjórði framlengingarvíxillinn hafi ekki verið framlengdur á gjalddaga í marz 1955, heldur verið óhreyfður fram í miðjan ágústmánuð það ár.

2. Þá veitti ákærði vitninu lán, að fjárhæð kr. 16.000,00, og mun það hafa verið veitt hinn 7. apríl 1954. Samþykkti vitnið víxil greindrar fjárhæðar til þriggja mánaða, þ. e. með gjalddaga 7. júlí 1954, og var víxillinn tryggður með veði í húseign vitnisins, Kársnesbraut 15. Vitnið kveðst hafa greitt ákærða í vexti, þóknun og kostnað vegna lánsins um kr. 3.200,00, og hafi þær verið dregnar frá lánsfjárhæðinni. Mismuninn, um kr. 12.800,00, hafi ákærði greitt því í reiðufé.

Vitnið kveðst hafa fengið víxilinn framlengdan á gjalddaga hans með nýjum víxli til þriggja mánaða. Á miðju tímabili hans hafi hann að beiðni ákærða verið framlengdur með nýjum víxli til þriggja mánaða. Hefur sá víxill verið lagður fram í málinu, og er hann út gefinn 21. ágúst og með gjalddaga 21. nóvember 1954. Þá kveður vitnið, að á gjalddaga hafi þessi víxill verið framlengdur með nýjum þriggja mánaða víxli, sem verið hafi óhreyfður fram í miðjan ágústmánuð 1955. Vitnið minnir, að það hafi greitt ákærða við fyrstu og aðra framlengingu 5% af víxilfjárhæðinni á mánuði, þ. e. í 4½ mánuð, en það man ekki, hvað það greiddi ákærða mikið við þriðju framlenginguna.

3. Vitnið kveðst hafa um miðjan ágúst 1954 gert upp áðurgreinda víxla, að fjárhæð kr. 20.000,00 og kr. 16.000,00, með þeim hætti, að það hafi greitt ákærða fjárhæð fyrri víxilsins út í reiðufé og samþykkt nýjan víxil, að fjárhæð kr. 20.000,00, með gjalddaga í byrjun október 1954. Víxill þessi hafi ekki verið tryggður með víxli í Kársnesbraut 15 eða annarri eign. Kr. 4.000,00 af víxilfjárhæðinni hafi verið vextir af fyrrgreindum 20 þúsund og 16 þúsund króna víxlum frá seinustu gjalddögum þeirra í febrúar og marz 1955 svo og vextir af nýja 20 þúsund króna víxlinum frá útgáfudegi til gjalddaga.

Þessi víxill hafi svo verið framlengdur á gjalddaga með því, að vitnið samþykkti nýjan víxil til þriggja mánaða. Sú framlenging hafi kostað kr. 2.000,00, en þar sem vitnið hafi ekki getað lagt þá upphæð út í reiðufé, hafi henni verið bætt við fjárhæð framlengingarvíxilsins og hann því verið hækkaður í kr. 22.000,00. Vitnið hafði ekki greitt víxil þenna hinn 17. janúar 1956, þó að hann væri þá nýfallinn í gjalddaga.

Ákærði hefur borið, að hann hafi veitt vitninu samtals þrjú lán. Vitnið hafi greitt honum af fyrsta láninu, að fjárhæð kr. 20.000,00, 7% ársvexti og kostnað vegna stimplunar skjala og þinglýsingar. Þessi upphæð hafi verið dregin frá lánsfjárhæð-

inni, og man hann ekki annað en vitnið hafi fengið allan mismuninn greiddan út í reiðufé. Víxillinn, sem vitnið samþykkti fyrir láninu, hafi verið framlengdur í 2—3 skipti, og hafi vitnið greitt ákærða fyrir hverja framlengingu 7% ársvexti af víxilfjárhæðinni svo og stimpilkostnað víxla. Víxillinn hafi verið greiddur fyrir áramót 1954—1955.

Vitnið hafi greitt honum af öðru láninu, að fjárhæð kr. 16.000,00, 7% ársvexti og kostnað við gerð og stimplun skjala og þinglýsingu. Þessi upphæð hafi verið dregin frá lánsfjárhæðinni og vitnið fengið mismuninn greiddan út í reiðufé. Víxillinn, sem vitnið samþykkti fyrir láninu, hafi verið framlengdur í eitt skipti eða oftar, og hafi vitnið greitt honum fyrir hverja framlengingu 7% ársvexti af víxilfjárhæðinni og stimpilkostnað víxla. Víxillinn hafi verið greiddur fyrir áramótin 1954—1955.

Þá kveðst ákærði hafa snemma á árinu 1955 veitt vitninu þriðja lánið, að fjárhæð kr. 20.000,00, og hafi vitnið samþykkt víxil þeirrar fjárhæðar til þriggja mánaða fyrir láninu. Til tryggingar hafi hann fengið veð í Kársnesbraut 15, og hafi gamla tryggingarbréfið fyrir fyrsta láninu, sömu fjárhæðar, verið notað. Vitnið hafi greitt 7% ársvexti af láninu svo og kostnað við gerð og stimplun víxilsins. Upphæðir þessar hafi verið dregnar frá víxilfjárhæðinni og vitnið fengið mismuninn greiddan í reiðufé. Víxill þessi hafi verið framlengdur með þriggja mánaða millibili fram til þess tíma, er ákærði var yfirheyrður um málið 24. janúar 1956, og hafi vitnið greitt fyrir hverja framlengingu 7% ársvexti af víxilfjárhæðinni og kostnað við stimplun víxla í reiðufé.

Samprófun ákærða og vitnisins hefur engan árangur borið, og vann vitnið drengskaparheit að framburði sínum.

Dómurinn verður að telja, að enda þótt litið sé á mál þetta í heild, þar sem fram kemur, að ákærði hafi í mörgum tilfellum gerzt brotlegur við lög nr. 73 19. júní 1933, sé eigi sönnuð á hann sök í þessu ákæruatriði, þar sem staðhæfing stendur gegn staðhæfingu og engin önnur gögn um viðskipti þessi er við að styðjast. Ber því að sýkna hann af ákæru þessa liðar.

II.

Fyrir nokkrum árum byggði vitnið Þórhallur Björn Sigurjónsson, verkamaður og smiður, Silfurtúni A 1, Garðahreppi, lítil timburhús til að selja þau síðan. Skorti vitnið reiðufé vegna þessara framkvæmda sinna og sneri sér síðla árs 1953 til ákærða

til að reyna að fá lán hjá honum. Kveður vitnið, að maður að nafni Margeir Jón Magnússon, verkamaður, Stýrimannastíg 9 hér í bæ, hafi verið búinn að segja því, að ákærði mundi geta útvegað því lán með 10% vöxtum í þrjá mánuði, en Margeir Jón hefur neitað því eindregið.

Vitnið hefur borið, að það hafi beðið ákærða um að útvega því 20 þúsund króna lán og ákærði sagzt mundu geta það, en lánskjörin væru 10% vextir til þriggja mánaða. Kveðst vitnið hafa gengið að þessu og samþykkt víxil, að fjárhæð kr. 23.000,00, fyrir láninu, út gefinn 30. október 1953, með gjalddaga 30. janúar 1954 og tryggðan með veði í húseign vitnisins, Silfurtúni A 1. Ákærði hafi þá um leið greitt vitninu 10—15 þúsund krónur og nokkrum sinnum síðar smáfjárhæðir, eða samtals kr. 20.000,00 í reiðufé.

Á gjalddaga kveðst vitnið hafa fengið víxilinn framlengdan með því að samþykkja nýjan þriggja mánaða víxil, þar sem 10% vöxtum í þrjá mánuði hafði verið bætt við fjárhæð fyrri víxilsins. Þessi víxill hafi síðan verið oft framlengdur til þriggja mánaða í senn. Stundum hafi vitnið greitt 10% vexti í þrjá mánuði út í reiðufé eða tékka, og þá hafi víxillinn verið framlengdur óbreyttur, en þegar vitnið hafi ekki getað gert það, hafi þeim verið bætt við víxilfjárhæðina. Vitnið kveðst ekki muna, hve oft víxillinn var framlengdur, en minnir, að það hafi greitt í um þrjú skipti vexti af honum, og það kveðst muna, að í eitt skipti greiddi það milli 3—4 þúsund krónur. Þá hafi það við seinustu framlengingu greitt ákærða kr. 10.000,00, en þá hafi fjárhæð víxilsins verið komin í 32—33 þúsund krónur.

Í þetta seinasta skipti hafi ákærði lækkað vextina úr 10% niður í 7% í þrjá mánuði. Ákærði hafi svo gengið að því til greiðslu víxilsins, og hafi það orðið að selja fyrrgreinda húseign sína til að geta staðið í skilum við hann, þ. e. greitt honum 27—28 þúsund krónur að meðtöldum kostnaði.

Ákærði hefur kannazt við að hafa veitt vitninu umrætt lán, að fjárhæð kr. 23.000,00. Vitnið hafi geitt 7% ársvexti af láninu svo og kostnað við stimplun víxilsins og þinglýsingu tryggingarbréfsins og þóknun fyrir samningu þess samkvæmt taxta Lögmannafélags Íslands. Þessar upphæðir hafi verið dregnar frá víxilfjárhæðinni, en mismuninn hafi hann greitt vitninu að meginhluta þá strax, en máski að einhverjum hluta síðar.

Á gjalddaga hafi vitnið ekki getað greitt víxilinn, og eftir langan frest hafi orðið úr, að vitnið hafi fengið hann fram-

lengdan með því að samþykkja nýjan víxil til þriggja mánaða. Sá víxill hafi verið að nokkru hærri en sá eldri, þ. e. sem nam venjulegum innheimtulaunum af eldri víxlinum samkvæmt taxta L.M.F.Í., og 7% ársvöxtum og stimpilgjaldi af nýja víxlinum. Nýi víxillinn hafi svo lengi legið í vanskilum, en vitnið hafi þó greitt hann, þegar ákærði gekk að því.

Nokkru eftir að vitnið og ákærði höfðu borið framangreint í málinu, lagði vitnið fram tvo víxla, samþykkta af því. Er annar dagsettur 30. júní 1954 með gjalddaga 30. september sama ár, að fjárhæð kr. 29.130,00, en hinn án útgáfudags, en með gjalddaga 30. apríl (ár ótilgreint), að fjárhæð kr. 33.770,00. Kveður vitnið, að þetta séu hvort tveggja gamlir víxlar til framlengingar á fyrrnefndum 23 þúsund króna víxli. Sýni fjárhæðir þeirra, að hinn fyrrnefndi sé eldri en hinn, og dagsetningar þeirra, að framlengingarvíxlar hafi einhvern tíma verið til tveggja mánaða.

Ákærði hefur kannazt við að hafa ritað efni beggja nefndra víxla, og kveður hann, að sá fyrrtaldi, að fjárhæð kr. 29.130,00, sé framlengingarvíxill fyrrgreinds 23 þúsund króna víxils. Minnir hann, að til viðbótar innheimtulaunum af upphaflega víxlinum og 7% ársvöxtum af framlengingarvíxlinum og stimpilgjaldi af honum hafi verið bætt við fjárhæð hans nokkurri upphæð, sem ákærði hafi lánað vitninu í sambandi við brúðkaup tveggja barna þess, en hann kveðst ekki geta tilgreint eða gizkað á, hve hátt lán þetta var. Þá kveður ákærði, að hinn víxillinn, að fjárhæð kr. 33.770,00, stafi frá allt öðrum viðskiptum hans og vitnisins. Hafi hann keypt víxilinn af því snemma á árinu 1955 með sömu kjörum og 23 þúsund króna víxilinn, þ. e. með 7% ársvöxtum auk stimpilkostnaðar. Þessar upphæðir hafi verið dregnar frá víxilfjárhæðinni, og mismuninn hafi hann greitt vitninu í reiðufé. Gjalddagi víxils þessa hafi átt að vera 30. apríl 1955, og hafi vitnið greitt hann þá að fullu.

Vitnið rekur ekki minni til, að einhver hluti af fyrri víxlinum, að fjárhæð kr. 29.130,00, hafi verið lán, er ákærði hafi veitt því í sambandi við brúðkaup barna þess um jólin 1953 eða af öðrum ástæðum, og staðhæfir, að seinni víxillinn, að fjárhæð kr. 33.770,00, sé einn af framlengingarvíxlum hins margnefnda 23 þúsund króna víxils.

Samprófun ákærða og vitnisins hefur engan árangur borið, og vann vitnið eið að framburði sínum.

Í málinu hefur verið lagt fram endurrit af tryggingarbréfi fyrrgreinds 23 þúsund króna víxils, og er það dagsett 30. októ-

ber, sem er í samræmi við framburð vitnisins Þórhalls Sigurjónssonar. Víxillinn hefur einnig verið út gefinn þann dag, og er það meira en tveimur árum áður en dómsrannsókn þessa máls hófst. Er því sök varðandi lánskjör þessa frumvíxils fyrnd samkvæmt 81. gr., 1. tölulið, almennra hegningarlaga, nr. 19 12. febrúar 1940, per analogiam.

Ákærði hefur viðurkennt, að fyrrnefndur víxill, að fjárhæð kr. 29.130,00, sé framlengingarvíxill 23 þúsund króna víxilsins, og hefur ekkert komið fram í málinu, sem bendi til þess, að bætt hafi verið við fjárhæð hans öðru láni, eins og ákærða hefur minnt. Þá hefur ekkert það komið fram í málinu, sem styðji þá staðhæfingu ákærða, að hinn víxillinn, að fjárhæð kr. 33.770,00, stafi frá öðrum viðskiptum ákærða og vitnisins Þórhalls, enda alveg óupplýst, að þeir hafi nokkru sinni átt í öðrum viðskiptum slíkra fjárhæða. Dómurinn verður því að líta svo á, að nefndir víxlar, að fjárhæð kr. 29.130,00 og kr. 33.770,00, séu báðir framlengingarvíxlar 23 þúsund króna víxilsins, eins og vitnið Þórhallur hefur haldið fram, og verður þá einnig að leggja framburð vitnisins um framlengingarkjör víxilsins til grundvallar í málinu.

Samkvæmt því hefur ákærði að minnsta kosti tekið í vexti 1) af víxli, að fjárhæð kr. 23.000,00, frá 30. janúar 1954 til 30. júní 1954 10% á þremur mánuðum, þ. e. kr. 3.833,33, 2) af víxli, að fjárhæð kr. 29.130,00, frá 30. júní 1954 til 30. janúar 1955 10% á þremur mánuðum, þ. e. kr. 6.797,00, og 3) af víxli, að fjárhæð kr. 29.130,00, frá 30. janúar 1955 til 30. apríl 1955, 7% á þremur mánuðum, þ. e. kr. 2.039,10, eða samtals kr. 12.669,43, en var leyfilegt að taka samtals kr. 2.012,50. Mismunurinn er kr. 10.656,93.

Hefur ákærði með þessu atferli sínu gerzt brotlegur gegn 2. gr. laga nr. 73 19. júní 1933, um bann við okri, dráttarvexti o. fl., sbr. 1. gr. laga nr. 75 25. nóvember 1952, um breyting á þeim lögum, sbr. 6. gr., 2. mgr., nefndra laga, nr. 73 19. júní 1933.

III.

Seinni hluta árs 1953 vanhagaði vitnið Georg Pálsson kyndara, Skipasundi 55 hér í bæ, um kr. 10.000,00. Talaði vitnið fyrst við kunningja sinn um málið og sneri sér síðan til ákærða, og lánaði hann því fjárhæð þessa. Samþykkti vitnið víxil, að fjárhæð kr. 10.000,00, til þriggja mánaða fyrir láninu, og var hann tryggður með veði í húseign vitnisins, Skipasundi 55.

Vitnið hefur borið, að það hafi fengið aðeins um kr. 9.000,00 greiddar út af lánsfjárhæðinni, en mismunurinn, um kr. 1.000,00, hafi verið vextir, sem ákærði hafi tekið af lánsfjárhæðinni, svo og þóknun og kostnaður.

Ákærði kveður, að vitnið hafi greitt honum 7% ársvexti af láninu og enn fremur kostnað við gerð og stimplun skjala og þinglýsingu tryggingarbréfs. Man hann ekki, hve mikilli upphæð þetta nam samtals, en segir, að það hafi alltaf verið innan við kr. 1.000,00. Upphæðin hafi verið dregin frá víxilfjárhæðinni, og hafi vitnið fengið mismuninn greiddan í reiðufé.

Frekara samræmi hefur ekki fengizt milli framburða ákærða og vitnisins þrátt fyrir samprófun þeirra, og vann vitnið eið að framburði sínum.

Dómurinn verður að telja, að enda þótt litið sé á mál þetta í heild, þar sem fram kemur, að ákærði hafi í mörgum tilfellum gerzt brotlegur við lög nr. 73/1933, sé eigi sönnuð á hann sök í þessu ákæruatriði, þar sem staðhæfing stendur gegn staðhæfingu og engin gögn önnur um viðskipti þessi er við að styðjast. Ber því að sýkna hann af ákæru þessa liðar.

IV.

Líklega í aprílmánuði árið 1953 stofnsetti vitnið Guðjón Ólafsson iðnaðarmaður, Víðimel 60 hér í bæ, sælgætisgerðina Sóló að Vitastíg 3. Vitnið skorti rekstrarfé, og fyrri hluta árs 1954 auglýsti það í dagblaði, að maður, sem gæti lagt fé í sælgætisgerð, ætti kost á því að fá atvinnu við hana og jafnvel gerast meðeigandi að henni.

Vitnið Guðjón Einarsson Long prentari, Álfhólsvegi 52, Kópavogi, sá auglýsinguna og sneri sér út af henni til vitnisins Guðjóns Ólafssonar og tjáði því, að það vildi gerast meðeigandi í sælgætisgerðinni. Kvaðst vitnið Guðjón Long ekki hafa reiðufé, en eiga tvö skuldabréf, hvort að fjárhæð kr. 50.000,00, með veði í húsinu nr. 19 við Kirkjuteig hér í bæ. Bréfin voru út gefin af Guðjóni Þorsteinssyni, Laugateigi 26 hér í bæ, hinn 1. október 1953. Var vitnið Guðjón Long fúst til að leggja fram annað þessara bréfa sem framlag til sælgætisgerðarinnar. Reyndu vitnin síðan að fá lán út á annað bréfið hjá vátryggingarfélagi einu, en það bar ekki árangur. Þá var ekki heldur unnt að fá lán út á bréfið í lánsstofnun.

Það varð því úr, að vitnið Guðjón Ólafsson ákvað að reyna að fá lán út á annað bréfið eða bæði hjá ákærða, en vitnið hafði

heyrt því fleygt, að hann útvegaði mönnum stundum fé, að vísu með háum vöxtum. Sýndi það ákærða afrit af veðskuldabréfunum tveimur, og kvaðst hann vera reiðubúinn að veita því lán, að fjárhæð ca. kr. 50.000,00, út á bréfin.

Vitnið Guðjón hefur borið það, að ákærði hafi krafizt þess, að vextir af láninu væru 5% á mánuði. Hafi því fundizt þetta vera mjög slæm vaxtakjör, en talið, að ekki væri um annað að gera en taka þeim til að tryggja rekstur sælgætisgerðarinnar. Skýrði vitnið Guðjón svo vitninu Guðjóni Long frá samtali sínu við ákærða. Kveður vitnið Guðjón Long, að vitnið Guðjón Ólafsson hafi sagt því, að ákærði krefðist þess að fá 15% í vexti af lánsfjárhæðinni, en tók ekki fram, í hve langan tíma, svo og að fá 3% í þóknun af víxilfjárhæðinni. Þessar upphæðir ættu að bætast ofan á lánsfjárhæðina, sem mundi því nema a. m. k. kr. 56.000,00. Þá yrði að setja bæði veðskuldabréfin að veði fyrir láninu. Samþykkti vitnið Guðjón Long að taka lánstilboði ákærða.

Vitnin Guðjón Long og Guðjón Ólafsson fóru því næst á skrifstofu ákærða og gengu frá láninu. Samþykkti vitnið Guðjón Ólafsson víxil, út gefinn 8. febrúar 1954, með gjalddaga 8. maí sama ár, að fjárhæð kr. 56.000,00, og var vitnið Guðjón Long útgefandi hans. Til tryggingar greiðslu víxilsins fékk ákærði fyrrgreind tvö veðskuldabréf.

Vitnið Guðjón Ólafsson hefur borið það, að ákærði hafi tekið 5% vexti á mánuði af víxilfjárhæðinni svo og 2—3% í þóknun, og hafi þessar upphæðir verið dregnar frá lánsfjárhæðinni í útborgun til þess. Einnig hafi verið dregin frá henni krafa, að fjárhæð kr. 1.200,00, sem Jóhann Steinason lögfræðingur hafði til innheimtu á vitnið. Kveðst vitnið Guðjón ekki hafa í þetta skipti fengið meira en kr. 45.000,00 greiddar út í reiðufé. Hafi ákærði tekið fram, að hann hefði þá ekki alveg tiltæka alla lánsupphæðina, og hafi hann afhent því sýningarvíxil, að fjárhæð 2—3 þúsund krónur, fyrir því, sem á vantaði. Ákærði hafi beðið vitnið að koma til sín síðar um daginn til að sækja þessa upphæð, og kveðst vitnið hafa fengið hana í hendur nokkrum dögum síðar. Vitnið segir, að nefndur víxill, að fjárhæð kr. 56.000,00, hafi verið ritaðar á skrifstofu ákærða við þetta tækifæri, og hafi vitnið Guðjón Long þá einnig verið þar viðstatt og afhent ákærða tryggingarbréfin tvö. Ákærði hafi svo, þegar kom að því að greiða út lánið, farið fram á, að vitnið Guðjón Long færi út úr herberginu og út á gang augnablik á meðan, og gerði

vitnið það. Vitnið Guðjón Ólafsson kveður því, að vitnið Guðjón Long muni ekki hafa séð ákærða taka fram eða afhenda því peninga. Vitnið Guðjón Long hafi svo komið aftur inn í skrifstofuna, og hafi peningarnir þá verið þar enn á borði, og muni það ef til vill hafa séð ákærða rita sýningarvíxilinn.

Vitnið Guðjón Long hefur borið það, að þegar það og vitnið Guðjón Ólafsson hafi verið nýkomin inn í skrifstofu ákærða, hafi hann beðið það um að fara snöggvast út, því að hann þyrfti að tala við vitnið Guðjón Ólafsson einslega, og hafi vitnið gert það. Vitnið hafi svo komið aftur inn í skrifstofuna og ritað nafn sitt á 56 þúsund króna víxilinn og afhent ákærða veðskuldabréfin tvö gegn kvittun, sem hann ritaði og afhenti því. Þá kveðst vitnið hafa séð ákærða leggja peningafúlgu á borðið, og hafi vitnið Guðjón Ólafsson talið peningana, en vitnið ekki, og því geti það ekki sagt um, hve upphæðin var há. Ákærði hafi sagt, að nokkur þúsund vantaði á upphæðina, og hafi hann ritað eitthvað á miða, sem hann afhenti vitninu Guðjóni Ólafssyni, og hafi vitnið (Guðjón Long) gengið út frá því, að þetta væri viðurkenning fyrir þeim peningum, sem á vantaði. Ákærði hafi beðið vitnið Guðjón Ólafsson að koma til sín síðar um daginn til að sækja afganginn, og kvaðst vitnið mundu gera það. Vitnið Guðjón Long kveðst svo hafa fylgzt með vitninu Guðjóni Ólafssyni út úr skrifstofu ákærða, þegar búið var að ganga frá viðskiptunum. Litlu síðar hafi vitnið Guðjón Ólafsson skýrt því frá, að ákærði hafi afhent því þá peninga, sem vantað hafi á lánsfjárhæðina.

Ákærði hefur neitað því eindregið, að hann hafi í samtali hans og vitnisins Guðjóns Ólafssonar áskilið sér 5% vexti á mánuði af víxilfjárhæðinni. Kveðst hann hafa tekið 7% ársvexti af víxilfjárhæðinni auk stimpilkostnaðar, 2,4 pro mille af fjárhæð víxilsins. Þessar upphæðir hafi verið dregnar frá víxilfjárhæðinni svo og innheimta, sem hann hafi haft með höndum á vitnið Guðjón Ólafsson. Heldur ákærði, að hún hafi verið yfir kr. 1.500,00, en man ekki með vissu upphæð hennar, og vera megi, að hún hafi verið frá Jóhanni Steinasyni lögfræðingi. Mismuninn á þessum upphæðum þremur og víxilfjárhæðinni hafi hann greitt vitninu Guðjóni Ólafssyni þá þegar nema, að því er hann minnir, einhvern hluta, sem hann hafi gefið vitninu skuldarviðurkenningu fyrir og greitt því nokkrum dögum síðar.

Ákærði skýrir svo frá, að vitnið Guðjón Ólafsson og hann hafi verið einir, þegar gengið hafi verið frá láninu. Vitnið hafi

reyndar komið með öðrum manni, sem ákærði komst síðan að, að væri vitnið Guðjón Long. Kveðst ákærði hafa beðið vitnið Guðjón Long um að bíða frammi á ganginum, á meðan vitnið Guðjón Ólafsson talaði við hann, og hafi vitnið Guðjón Long orðið við því. Hafi ákærði gert það vegna þess, að viðskipti hans og vitnisins Guðjóns Ólafssonar hafi verið einkamál þeirra. Ákærða minnir, að vitnið Guðjón Ólafsson hafi afhent honum 56 þúsund króna víxilinn fullgerðan, svo og veðskuldabréfin tvö. Segir ákærði, að það sé áreiðanlegt, að vitnið Guðjón Long hafi ekki verið inni í skrifstofunni, þegar hann afhenti vitninu peningana eða meðan þeir voru að ganga frá viðskiptunum. Vitnið Guðjón Long hafi viljað fá að vera inni í skrifstofunni, en ákærði hafi ekki viljað það, og hafi orðið smárimma milli þeirra um þetta, unz vitnið Guðjón Long hafi farið út fyrir. Þegar svo hann og vitnið Guðjón Ólafsson hafi verið búnir að ganga frá viðskiptunum og vitnið verið að kveðja hann, hafi vitnið Guðjón Long komið aftur inn í skrifstofuna, en ekki fyrr.

Vitnið Guðjón Long hefur lagt fram í málinu ljósmynd af kvittun þeirri, sem ákærði afhenti því, um leið og hann tók við veðskuldabréfunum tveimur. Segir í kvittuninni berum orðum, að ákærði hafi tekið við bréfunum af Guðjóni Einarssyni, Kirkjuteigi 19, til tryggingar greiðslu umræddrs 56 þúsund króna víxils. Ákærði hefur viðurkennt að hafa ritað kvittunina, en hefur þó haldið við það, að vitnið Guðjón Ólafsson hafi afhent honum bréfin.

Vitnið Jóhann Steinason héraðsdómslögmaður, Skálholti við Kaplaskjólsveg, hefur borið það, að það hafi komið fyrir, að ákærði hafi fengið það til að innheimta kröfur fyrir hann. Minnist vitnið þess, að einhvern tíma um veturinn 1954—1955 hafi ákærði afhent því til innheimtu víxil, sem vitnið Guðjón Ólafsson eða efnagerð hans hafi verið samþykkjandi að. Vitnið man ekki, hve hár víxillinn var eða hvert innihald hans var að öðru leyti. Vitnið kveðst hafa talað við vitnið Guðjón um víxilskuldina og víxillinn síðan legið hjá því í nokkurn tíma, en svo hafi ákærði komið til þess og skýrt því frá, að vitnið Guðjón væri búið að semja við hann um skuldina. Hafi ákærði þá fengið víxilinn afhentan. Samprófun ákærða og vitnanna Guðjóns Ólafssonar og Guðjóns Longs hefur ekki leitt til frekara samræmis, og hafa vitnin unnið eið að framburði sínum. Framburðir vitnanna Guðjóns Ólafssonar og Guðjóns Einarssonar Longs svo og málavextir, eins og þeir hafa hér að framan verið raktir,

þykja veita, þó að ákærði hafi ekki viljað við það kannast, nægja sönnun fyrir því, að hann hafi veitt 50 þúsund króna lán gegn 56 þúsund króna víxli til þriggja mánaða, tryggðum með veði í fasteign. Hafa vextirnir samkvæmt þessu verið 6.000,00 kr. í þrjá mánuði, en leyfilegir 7% vextir eigi nema kr. 980,00. Mismunur er kr. 5.020,00.

Hefur ákærði með þessu atferli sínu gerzt brotlegur gegn 2. gr. laga nr. 73 19. júní 1933, um bann við okri, dráttarvexti o. fl., sbr. 1. gr. laga nr. 75 25. nóvember 1952, um breyting á þeim lögum, sbr. 6. gr., 2. mgr., nefndra laga, nr. 73/1933. Að vísu hefur í ákæruskjali láðst að taka fram, við hvaða refsiákvæði nefnt atferli ákærða er talið varða, en samkvæmt 118. gr., 3. mgr., laga nr. 27 5. marz 1951, um meðferð opinberra mála per analogiam, þykir mega dæma ákærða eftir fyrrgreindum lagaboðum.

V.

Vitnið Jóhannes Sæmundur Pálsson rafvirki, Hringbraut 86, Keflavík, hefur borið það, að fyrri hluta árs 1954 hafi það reynt án árangurs að selja tvo víxla til þriggja mánaða, hvorn að fjárhæð kr. 15.000,00, í bönkum hér í bænum. Var vitnið samþykkjandi beggja víxlanna, en fyrirtækið Pólar h/f útgefandi annars og fyrirtækið Erlendur Blandon & Co. h/f útgefandi hins víxilsins. Víxlarnir hafa ekki verið lagðir fram í málinu, og er ekki vitað um útgáfudag eða gjalddaga þeirra. Vitnið kannaðist við ákærða og sneri sér til hans og spurði hann að því, hvort hann vildi kaupa víxlana. Varð úr, að ákærði keypti þá báða.

Vitnið kveður, að ákærði hafi greitt því kr. 12.750,00 í reiðufé fyrir hvorn víxil, en tekið kr. 2.250,00 af hvorum víxli í vexti, þóknun og kostnað. Ákærði hefur hins vegar borið það, að hann hafi keypt víxlana á nafnverði þeirra, en að frádregnum 8% ársvöxtum af fjárhæðum víxlanna og kostnaði við stimplun þeirra. Mismuninn hafi hann greitt vitninu í reiðufé.

Vitnið greiddi báða víxlana á gjalddaga þeirra.

Vitnið var ekki heitfest vegna hæstaréttardóms 29. janúar 1948.

Dómurinn verður að telja, að enda þótt litið sé á mál þetta í heild, þar sem fram kemur, að ákærði hafi í mörgum tilfellum gerzt brotlegur við lög nr. 73/1933, sé eigi sönnuð á hann sök í þessu ákæruatriði, þar sem staðhæfing stendur gegn staðhæfingu og engin gögn önnur um viðskipti þessi er við að styðjast, enda hefur ekki verið talið rétt að heitfesta vitnið Jóhannes Sæmund. Ber því að sýkna ákærða af ákæru þessa liðar.

VI.

Árið 1951 var skóverzlun Björgúlfs Stefánssonar að Laugavegi 22 hér í bæ breytt í hlutafélag og nefnd Skóverzlun B. Stefánssonar h/f. Varð sonur Björgúlfs, vitnið Björgúlfur Stefánsson kaupmaður, Blönduhlíð 10 hér í bæ, framkvæmdastjóri félagsins og gegndi því starfi þar til seinni hluta árs 1955. Félagið skorti mjög rekstrarfé og stafaði það að nokkru af því, að fé hafði verið tekið úr rekstri verzlunarinnar í húsbyggingar, áður en henni var breytt í hlutafélag. Varð þetta til þess, að vitnið sá sér ekki annan kost en taka lán f. h. félagsins og í þágu þess, og þar sem ekki var hægt að fá nægjanlegt lán í lánsstofnunum, neyddist vitnið til að leita til einstaklinga. Veittu þeir vitninu nokkur lán, m. a. ákærði. Hefur vitnið borið, að ákærði hafi veitt félaginu eftirtalin lán, sem ákært hefur verið út af í málinu:

1. Í júní 1954 hafi ákærði veitt því lán, að fjárhæð kr. 40.000,00. Hafi það samþykkt f. h. félagsins víxil þeirrar fjárhæðar til þriggja mánaða fyrir láninu. Vextir hafi verið 4% á mánuði af víxilfjárhæðinni og dregnir frá henni þannig, að vitnið hafi fengið kr. 35.200,00 greiddar út í reiðufé af lánsfjárhæðinni.

2. Í júlí 1954 hafi ákærði veitt því f. h. félagsins annað lán, að fjárhæð kr. 40.000,00. Hafi það f. h. félagsins samþykkt víxil þeirrar fjárhæðar til þriggja mánaða fyrir láninu, en vitnið persónulega hafi verið útgefandi víxilsins. Vextir hafi verið 4% eða 5% á mánuði af víxilfjárhæðinni og dregnir frá henni þannig, að vitnið hafi fengið aðeins kr. 34.000,00 eða kr. 35.200,00 greiddar út í reiðufé af lánsfjárhæðinni.

3. Í september 1954 hafi ákærði veitt því f. h. félagsins hið þriðja lán, að fjárhæð kr. 60.000,00. Hafi það samþykkt f. h. félagsins víxil þeirrar fjárhæðar til þriggja mánaða fyrir láninu, en vitnið persónulega hafi verið útgefandi víxilsins. Vextir hafi verið 4% á mánuði af víxilfjárhæðinni og dregnir frá henni þannig, að vitnið hafi fengið kr. 52.800,00 greiddar út í reiðufé af lánsfjárhæðinni.

4. Vitnið heldur því fram, að þegar 40 þúsund króna víxillinn, sem um ræðir í 1. lið, hafi fallið í gjalddaga í september 1954, hafi hann verið látinn liggja óhreyfður þar til hinn 40 þúsund króna víxillinn, sem ræðir um í 2. lið, var fallinn í gjalddaga um mánuði síðar. Þá hafi vitninu og ákærða komið saman um að gefa út nýjan víxil til þriggja eða fjögurra mánaða, að fjárhæð kr. 80.000,00, í stað fyrrgreindra tveggja víxla, hvors að fjárhæð kr. 40.000,00. Vitnið hafi verið samþykkjandi nýja víxilsins

f. h. margnefnds félags, en sjálft persónulega útgefandi hans. Vextir hafi verið 4% á mánuði, og hafi vitnið greitt ákærða þá í reiðufé, um kr. 10.800,00 eða kr. 12.800,00, við nafnritun á hinn nýja víxil.

5. Í desember 1954 hafi vitnið og ákærði orðið ásáttir um að framlengja 60 þúsund króna víxilinn, sem um ræðir í 3. lið. Hafi vitnið samþykkt f. h. félagsins nýjan víxil til þriggja mánaða, að fjárhæð kr. 60.000,00, og verið sjálft persónulega útgefandi hans. Vextir af víxlinum hafi verið 4% á mánuði, m. ö. o. kr. 7.200,00, og hafi vitnið greitt ákærða fjárhæðina við undirritun víxilsins. Víxil þenna svo og 80 þúsund króna víxilinn, sem um ræðir í 4. lið, hafi vitnið svo greitt með láni, sem það hafi fengið í Iðnaðarbankanum h/f.

6. Þá kveður vitnið, að ákærði hafi skuldbundið sig til að útvega innlag í Iðnaðarbankann, að fjárhæð kr. 100.000,00, til ráðstöfunar fyrir Skóverzlun B. Stefánssonar h/f. Ákærði hafi áskilið sér 14% ársvexti af láninu, þ. e. kr. 7.000,00 á 6 mánaða fresti. Þetta innlag hafi félagið aldrei fengið til ráðstöfunar.

Vitnið hefur framangreindu til sönnunar lagt fram í málinu skjal, dags. 25. nóvember 1954, undirritað af því og ákærða, svo hljóðandi:

„Það hefur orðið að samkomulagi, að Skóverzlun B. Stefánssonar h/f samþ. víxil, að upphæð kr. 80.000,00, og afhendi hann Brandi Brynjólfssyni. Til tryggingar þessum víxli afhendir Brandur Brynjólfsson Björgúlfi Stefánssyni víxil sömu upphæðar með sama gjalddaga, sem ábyrgðarmaður er á Hjörtur Hjartarson, Bankastræti 11, Rvík. Þá útvegar Brandur Brynjólfsson innlag í Iðnaðarbankann, kr. 100.000,00, — hundrað þúsund krónur, — sem bundið verður í eitt ár gegn 14% greiðslu, og greiðist 7 þúsund krónur á 6 mán. fresti. Innlag þetta er til ráðstöfunar fyrir Skóverzl. B. Stefánssonar."

7. Loks kveður vitnið, að í kringum áramótin 1954—1955 hafi það samþykkt f. h. Skóverzlunar B. Stefánssonar h/f víxil til þriggja mánaða, að fjárhæð kr. 34.000,00, en útgefandi hans hafi gerzt maður að nafni Ragnar Ingólfsson. Vitnið hafi afhent ákærða víxilinn til að reyna að selja hann í Iðnaðarbankanum h/f. Bankinn hafi keypt víxilinn eftir um mánaðartíma. Ákærði hafi tekið kr. 2.500,00 í vexti og afföll af víxilfjárhæðinni, en greitt því út kr. 27.300,00 í reiðufé og kr. 4.200,00 í tékka, sem gefinn hafi verið út af Magnúsi Guðmundssyni verzlunarstjóra. Innstæða hafi eigi reynzt vera til fyrir tékkanum, og hafi vitnið þá afhent hann

aftur til ákærða, sem gefið hafi vitninu viðurkenningu fyrir því að skulda því tékkafjárhæðina, en hana hafi vitnið ekki fengið greidda.

Verður nú rakinn framburður ákærða í málinu.

1. Ákærði kveðst hafa á miðju ári 1954 keypt af vitninu Björgúlfi Stefánssyni víxil, samþykktan af vitninu f. h. Skóverzlunar B. Stefánssonar h/f, út gefinn af vitninu persónulega til þriggja mánaða, að fjárhæð kr. 30.000,00 til kr. 40.000,00. Minnir ákærða, að gjalddagi víxilsins hafi verið í nóvember 1954. Ákærði kveðst hafa tekið 7% ársvexti af víxilfjárhæðinni auk venjulegs stimpilgjalds af víxlinum, og að þessum upphæðum frádregnum hafi hann greitt vitninu út fulla fjárhæð víxilsins í reiðufé. Vitnið hafi greitt víxilinn á gjalddaga hans.

2.—5. Ákærði kveðst hafa snemma á árinu 1955 keypt af vitninu með um hálfs mánaðar millibili tvo víxla, samþykkta af vitninu f. h. Skóverzlunar B. Stefánssonar h/f, út gefna af vitninu persónulega til þriggja mánaða. Hafi fyrri víxillinn verið að fjárhæð kr. 80.000,00, en sá seinni, að fjárhæð kr. 60.000,00, og minnir hann, að gjalddagar þeirra hafi verið í apríl eða maímánuði 1955. Ákærði kveðst hafa tekið 7% ársvexti af víxilfjárhæðunum auk venjulegs stimpilgjalds af víxlunum, og að þessum upphæðum frádregnum hafi hann greitt vitninu út fullar fjárhæðir víxlanna í reiðufé. Á gjalddaga hafi víxlarnir hvorki verið greiddir né framlengdir og séu þeir enn ógreiddir (2. des. 1955).

6. Ákærði hefur staðfest nafnritun sína undir fyrrgreint skjal, dags. 25. nóvember 1954, svo og efni þess. Kveður hann, að eins og skjalið sýni, hafi hann og vitnið komið sér saman um, að vitnið samþykkti f. h. Skóverzlunar B. Stefánssonar h/f víxil, að fjárhæð kr. 80.000,00, og afhenti hann ákærða til frjálsrar ráðstöfunar. Þetta hafi vitnið gert. Til tryggingar þessum víxli skyldi ákærði afhenda vitninu víxil sömu fjárhæðar og með sama gjalddaga, sem Hjörtur Hjartarson væri ábyrgðarmaður á. Þessi víxill hafi aldrei verið gerður, og hafi ákærði heldur aldrei talað við Hjört um málið. Í staðinn hafi vitnið samþykkt og fengið aðrar tryggingar, þ. e. handhafaskuldabréf, að fjárhæð kr. 90.000,00, út gefið af einum eiganda húseignarinnar Ásvallagötu 6 hér í bæ og tryggt með veði í hluta þeirrar eignar, svo og víxil, samþykktan af Valdimar Björnssyni, Keflavík, að fjárhæð kr. 50.000,00. Þá hafi falizt í samkomulagi ákærða og vitnisins, að hann útvegaði Skóverzlun B. Stefánssonar h/f innlag í Iðnaðarbankann h/f, að fjárhæð kr. 100.000,00, sem bundið yrði í eitt ár, gegn því, að vitn-

ið greiddi kr. 14.000,00 til innlagseigandans fyrir innlagið. Félagið hafi átt að hafa innlagið þannig til ráðstöfunar, að það gæti í sambandi við beiðni um sölu á víxlum í bankanum talið, að innlagið væri á þess vegum. Greindar kr. 14.000,00 hafi átt að greiðast með kr. 7.000,00 í tvö skipti með 6 mánaða millibili. Vitnið hafi ekki greitt þessa þóknun, og því hafi innlagið aldrei orðið að veruleika.

7. Ákærði hefur neitað því, að hann hafi tekið kr. 2.500,00 í vexti og afföll af víxli þeim, að fjárhæð kr. 34.000,00, sem um ræðir í framburði vitnisins Björgúlfs Stefánssonar. Kveðst hann aldrei hafa keypt víxil þenna, heldur selt hann fyrir vitnið í Iðnaðarbankanum h/f á nafnverði hans að frádregnum venjulegum bankakostnaði. Söluverðið hafi hann afhent vitninu að frádreginni 2% þóknun af víxilfjárhæðinni, sem hann hafi fengið fyrir viðvikið, og man hann ekki sérstaklega eftir því að hafa greitt vitninu hluta af söluverðinu með tékka.

Ákærði hefur staðhæft, að alla þá víxla, sem hann keypti samkvæmt framansögðu af vitninu Björgúlfi Stefánssyni, hafi hann keypt af því persónulega, en ekki af vitninu f. h. Skóverzlunar B. Stefánssonar h/f, m. ö. o., að hann hafi ekki keypt víxlana af samþykkjanda, heldur af ábeking þeirra.

Vitnið Björgúlfur Stefánsson kveður, að það sé rétt, að það hafi ekki greitt þóknun þá fyrir innlagið, sem um ræðir í niðurlagi fyrrgreinds skjals, dags. 25. nóvember 1954, og hafi ástæðan verið sú, að það hafi aldrei fengið í hendur andvirði tveggja víxla, sem seldir hafi verið í Iðnaðarbankanum h/f og það hafi átt að fá samkvæmt samkomulagi þess og ákærða, heldur hafi hann tekið andvirðið til eigin ráðstöfunar.

Samprófun ákærða og vitnisins hefur engan árangur borið, og vann vitnið eið að framburði sínum.

Samkvæmt „obligó" Skóverzlunar B. Stefánssonar h/f í Iðnaðarbankanum h/f hefur bankinn hinn 18. janúar 1955 keypt víxil, samþykktan af félaginu, út gefinn og ábektan af Ragnari Ingólfssyni, með gjalddaga 1. apríl 1955, að fjárhæð kr. 34.000,00. Víxillinn var greiddur 2. apríl 1955.

Nægileg sönnun þykir vera fram komin fyrir því með framburði vitnisins Björgúlfs Stefánssonar svo og sjálfu orðalagi fyrrgreinds skjals, dags. 25. nóvember 1954, að ákærði áskildi sér 14% ársvexti af innlagi, að fjárhæð kr. 100.000,00, sem hann lofaði að leggja inn í Iðnaðarbankann h/f til ráðstöfunar fyrir Skóverzlun B. Stefánssonar h/f, en þar sem innlag þetta var

aldrei til ráðstöfunar fyrir fyrirtækið, er hér aðeins um tilraunaverknað að ræða, sem er refsilaus.

Dómurinn verður að öðru leyti að telja, að enda þótt litið sé á mál þetta í heild, þar sem fram kemur, að ákærði hafi í mörgum tilfellum gerzt brotlegur við lög nr. 73/1933, sé eigi sönnuð á hann sök í þessum ákærulið, þar sem staðhæfing stendur gegn staðhæfingu og engin gögn önnur um viðskipti þessi er við að styðjast. Ber því að sýkna hann af ákæru þessa liðar.

VII.

Árið 1954 var vitnið Sigurður Torfi Magnússon verzlm., Hlunnavogi 10 hér í bæ, að reisa nefnt hús, nr. 10 við Hlunnavog, og skorti það fé til byggingarframkvæmdanna. Vitnið las í auglýsingu í dagblaði, að ákærði ræki verðbréfaviðskipti, og talaði það við hann í skrifstofu hans og spurði hann að því, hvort hann gæti útvegað því 50 þúsund króna lán gegn veði í nefndu húsi. Ákærði kvaðst vilja athuga málið, og þegar vitnið kom til hans skömmu síðar, kvaðst hann geta veitt því lánið. Samþykkti vitnið víxil til þriggja mánaða, að fjárhæð kr. 50.000,00, fyrir láninu. Víxillinn var dagsettur 6. október 1954 með gjalddaga 6. janúar 1955 og tryggður með veði í greindri húseign vitnisins að Hlunnavogi 10.

Vitnið hefur borið, að það hafi fengið aðeins kr. 44.000,00 greiddar út af víxilfjárhæðinni, en mismunurinn, kr. 6.000,00, hafi verið vextir og kostnaður, sem ákærði hafi tekið. Víxillinn hafi svo verið framlengdur tvisvar sinnum til þriggja mánaða í hvort skipti með nýjum víxli, og hafi vitnið orðið að greiða ákærða fyrir hvora framlengingu kr. 6.000,00 í vexti og þóknun auk einhvers smávægilegs innheimtukostnaðar, þegar það greiddi fyrir seinni framlengingu víxilsins.

Ákærði hefur hins vegar borið það, að vitnið hafi greitt honum 7% ársvexti af láninu og 2% víxilfjárhæðarinnar í þóknun auk kostnaðar við gerð og stimplun skjala og þinglýsingarkostnaðar. Víxillán þetta hafi líklega verið framlengt tvisvar sinnum með nýjum víxlum til þriggja mánaða í hvort skipti. Vitnið hafi greitt honum fyrir hvora framlengingu 7% ársvexti, 2% í þóknun, og enn fremur minnir hann, að vitnið hafi greitt innheimtukostnað í samræmi við taxta lögfræðinga af seinni framlengingarvíxlinum.

Samprófun ákærða og vitnisins hefur engan árangur borið, og vann vitnið eið að framburði sínum.

Dómurinn verður að telja, að enda þótt litið sé á mál þetta í

heild, þar sem fram kemur, að ákærði hafi í mörgum tilfellum gerzt brotlegur við lög nr. 73/1933, sé eigi sönnuð á hann sök í þessu ákæruatriði, þar sem staðhæfing stendur gegn staðhæfingu og engin gögn önnur um viðskipti þessi er við að styðjast. Ber því að sýkna hann af ákæru þessa liðar.

VIII.

Árið 1954 skorti vitnið Björn Steindórsson bifreiðarstjóra, Klöpp, Seltjarnarnesi, reiðufé vegna húsbyggingar þess. Vitnið hafði heyrt utan að sér, að ákærði veitti mönnum lán, og sneri hann sér til hans í því skyni að fá lán hjá honum. Veitti ákærði honum tvö lán, að fjárhæð kr. 40.000,00 og að fjárhæð kr. 20.000,00. Ákært hefur verið aðeins út af fyrrnefnda láninu. Vitnið samþykkti víxil til þriggja mánaða, að fjárhæð kr. 40.000,00, fyrir því láni. Hefur víxillinn verið dagsettur 6. ágúst 1954, og var gjalddagi hans 6. nóvember sama ár, og tryggður var hann með veði í húseign vitnisins að Skipasundi 86 hér í bæ.

Í fyrstu minnti vitnið, að ákærði hefði tekið í vexti og kostnað 10% af víxilfjárhæðinni, og skildist því, að upphæðin væri miðuð við heilt ár, en síðar við samprófun þess og ákærða skildist því, að upphæðin væri miðuð við hálft ár. Vitnið kveðst ekki muna, hve upphæðin var há, en hún hafi verið dregin frá víxilfjárhæðinni og vitnið fengið mismuninn greiddan út að nokkru í reiðufé og að nokkru í tékka. Vitnið man ekki, hve háa fjárhæð það fékk útborgaða.

Ákærði hefur hins vegar borið það, að vitnið hafi greitt honum 7% ársvexti af láninu auk kostnaðar við gerð og stimplun skjala og við þinglýsingu tryggingarbréfs. Hann kveðst ekki muna, hve þetta nam hárri upphæð samtals, en hún hafi verið dregin frá lánsfjárhæðinni, og mismuninn hafi hann greitt vitninu út að nokkru í reiðufé og að nokkru í tékka.

Frekara samræmi hefur ekki fengizt milli framburða ákærða og vitnisins, og vann vitnið eið að framburði sínum.

Dómurinn verður að telja, að enda þótt litið sé á mál þetta í heild, þar sem fram kemur, að ákærði hafi í mörgum tilfellum gerzt brotlegur við lög nr. 73/1933, sé eigi sönnuð á hann sök í þessu ákæruatriði, þar sem staðhæfing stendur gegn staðhæfingu og engin önnur gögn um viðskipti þessi er við að styðjast. Ber því að sýkna hann af ákæru þessa liðar.

IX.

Árið 1953 var vitnið Eyjólfur Jónsson verzlunarmaður, Hófgerði 7, Kópavogi, fjár þurfi vegna nýlenduvöruverzlunar, sem það rak þá í Blönduhlíð 35 hér í bæ. Leitaði vitnið til ákærða út af þessu, en vitnið er bróðir núverandi eiginkonu föður ákærða. Spurði vitnið ákærða að því, hvort hann gæti hjálpað því um lán, og kvaðst hann geta gert það. Hafi ákærði veitt honum meðal annars lán þau, sem í ákæruskjali getur, og atvik að þeim hafi verið þessi:

1. Á árinu 1954 hafi ákærði veitt vitninu lán, að fjárhæð kr. 71.500,00. Hafi það samþykkt tvo víxla fyrir láninu, annan að fjárhæð kr. 52.500,00, en hinn að fjárhæð kr. 19.000,00. Fyrrnefndi víxillinn hefur verið lagður fram í málinu, og er hann dagsettur 12. apríl 1954 og með gjalddaga 21. júlí sama ár. Víxlarnir hafi verið tryggðir með veði í eignarhluta vitnisins í Barmahlíð 37. Vitnið kveðst hafa greitt ákærða 10% vexti af láninu fyrir víxiltímabilið auk 2% þóknunar til hans. Upphæðir þessar hafi verið dregnar frá lánsfjárhæðinni, og hafi vitnið fengið mismuninn greiddan út.

2. Vitnið kveður, að á gjalddaga víxlanna tveggja, sem um ræðir í 1. lið, hafi þeir verið framlengdir með einum víxli til þriggja mánaða, að fjárhæð kr. 71.500,00. Hefur sá víxill verið lagður fram í málinu, og er hann dagsettur 18. júlí 1954 og með gjalddaga 18. október sama ár. Vitnið kveðst hafa greitt ákærða fyrir framlengingu þessa 10% í vexti af víxilfjárhæðinni fyrir víxiltímabilið auk 2% þóknunar til hans.

3. Vitnið kveður, að á gjalddaga víxils þess, sem um ræðir í 2. lið, hafi hann verið framlengdur með nýjum víxli til þriggja mánaða sömu fjárhæðar. Hefur sá víxill verið lagður fram í málinu, og er hann dagsettur 18. október 1954 og með gjalddaga 18. janúar 1955. Þessi víxill hafi síðan á gjalddaga verið framlengdur á ný með tveimur nýjum víxlum, öðrum að fjárhæð kr. 69.000,00, en hinum að fjárhæð kr. 2.500,00. Hafa víxlar þessir verið lagðir fram í málinu, og er 69 þúsund króna víxillinn dagsettur 18. janúar 1955, en 2.500 króna víxillinn er ódagsettur, en báðir með gjalddaga 18. apríl 1955. Vitnið kveður, að vaxtakjörin fyrir þessa framlengingu hafi verið hin sömu og áður, þ. e. 10% af víxilfjárhæðinni fyrir þriggja mánaða víxiltímabilið auk 2% þóknunar til ákærða.

4. Vitnið kveðst ekki hafa getað greitt fjárhæðir víxlanna tveggja, sem um ræðir í 3. lið, á gjalddaga þeirra, og eftir nokk-

urn tíma hafi þeir verið framlengdir með einum nýjum víxli, að fjárhæð kr. 69.500,00. Hefur sá víxill verið lagður fram í málinu, og er hann til tveggja mánaða, dagsettur 18. maí 1955 og með gjalddaga 18. júlí sama ár. Víxillinn hafi verið 2 þúsund krónum lægri en fyrri víxlarnir tveir, vegna þess að það heldur, að það hafi greitt þá fjárhæð upp í þá. Vitnið kveður, að vextir af þessum víxli hafi verið þeir sömu og áður, þ. e. 10% af víxilfjárhæðinni fyrir þriggja mánaða tímabilið frá 18. apríl 1955 til 18. júlí sama ár, þó að víxillinn hafi aðeins verið til tveggja mánaða. Á gjalddaga víxilsins hafi átt að ganga að hinni veðsettu eign, og hafi hann orðið þá fyrri til og selt eignarhluta sinn og gert upp víxilinn með því að greiða ákærða í reiðufé kr. 50.000,00 og samþykkja nýjan víxil, að fjárhæð kr. 19.500,00, en ekki var samið um vaxtakjör hans, og er hann ógreiddur (17. jan. 1956).

5. Þá kveður vitnið, að ákærði hafi á árinu 1954 veitt því lán, að fjárhæð kr. 50.000,00. Hafi það samþykkt víxil til þriggja mánaða þeirrar fjárhæðar fyrir láninu. Hefur sá víxill verið lagður fram í málinu, og er hann dagsettur 5. september 1954 og með gjalddaga 5. desember sama ár. Þá var hann tryggður með veði í eignarhluta vitnisins í húseigninni Barmahlíð 37. Vitnið kveðst hafa greitt ákærða 10% í vexti af láninu fyrir víxiltímabilið auk 2% þóknunar til hans. Víxillinn hafi síðan verið framlengdur í nokkur skipti með sömu kjörum, þar til hann hafi verið greiddur 30. júlí 1955. Samkvæmt þessu hafi vitnið greitt af víxlinum 10% í vexti fyrir þrjá mánuði í einu allan tímann frá 5. september 1954 til 30. júlí 1955.

Vitnið kveðst stundum hafa greitt vextina af lánunum að fullu í reiðufé, en stundum að nokkru í reiðufé og að nokkru með smávíxlum til stutts tíma.

Verður nú rakinn framburður ákærða í málinu:

1. Ákærði kveðst hafa á árinu 1954 veitt vitninu lán, að fjárhæð kr. 71.500,00, og hafi vitnið samþykkt tvo víxla til þriggja mánaða fyrir láninu. Hefur ákærði ekki vefengt, að annar hafi verið víxill sá, að fjárhæð kr. 52.500,00, sem um getur í 1. lið framburðar vitnisins, og muni hinn þá hafa verið að fjárhæð kr. 19.000,00. Ákærði kveðst hafa tekið 7% ársvexti af láninu, auk þess sem vitnið hafi greitt kostnað við gerð og stimplun skjala og þinglýsingu tryggingarbréfs. Upphæðir þessar hafi verið dregnar frá útborgaðri lánsfjárhæð.

2. Ákærði kveður, að á gjalddaga víxlanna tveggja, sem um

getur í 1. lið, hafi þeir verið framlengdir með víxli þeim, að fjárhæð kr. 71.500,00, sem um ræðir í 2. lið framburðar vitnisins. Vextir af víxli þessum hafi verið 7% ársvextir auk kostnaðar við stimplun hans.

3. Ákærði hefur borið, að á gjalddaga víxils þess, sem um getur í 2. lið, hafi hann verið framlengdur á ný með fyrst talda víxlinum, sem talinn er í 3. lið framburðar vitnisins, og með sömu kjörum og áður. Þessi víxill hafi síðan á gjalddaga verið framlengdur með víxlunum tveimur, að fjárhæð kr. 69.000,00 og að fjárhæð kr. 2.500,00, sem taldir eru í 3. lið framburðar vitnisins, og hafi kjörin verið hin sömu og áður.

4. Ákærði kveður, að á gjalddaga tveggja seinast töldu víxla í 3. lið hafi þeir eigi verið greiddir, og hafi dregizt nokkuð að framlengja þá. Þeir hafi síðan verið framlengdir með víxli þeim, að fjárhæð kr. 69.500,00, sem um getur í 4. lið framburðar vitnisins, en kr. 2.000,00 hafi vitnið verið búið að greiða upp í þá. Vaxtakjörin hafi áreiðanlega verið hin sömu og áður, þ. e. 7% ársvextir auk stimpilkostnaðar, og hafi vextirnir vafalaust verið miðaðir við þriggja mánaða tímabilið frá 18. apríl 1955 til 18. júlí sama ár. Vitnið hafi svo, þegar þessi seinasti víxill féll í gjalddaga, greitt hann upp, að undanteknum kr. 19.500,00, sem það hafi samþykkt sérstakan víxil fyrir.

5. Þá kveðst ákærði hafa veitt vitninu á árinu 1954 lán, að fjárhæð kr. 50.000,00, og hafi það samþykkt fyrir láninu víxil þann, sem um ræðir í 5. lið framburðar vitnisins. Vitnið hafi greitt honum 7% ársvexti af láninu svo og kostnað við gerð og stimplun skjala svo og þinglýsingarkostnað. Upphæðir þessar hafi verið dregnar frá lánsfjárhæðinni, og hafi vitnið fengið mismuninn greiddan út í reiðufé. Ákærði kveður, að víxillinn hafi ekki verið framlengdur, heldur hafi hann verið greiddur, eftir að hann féll í gjalddaga.

Ákærði hefur borið það, að vitnið hafi jafnan greitt vextina af framangreindum lánum í reiðufé.

Samprófun ákærða og vitnisins hefur engan árangur borið, og vann vitnið eið að framburði sínum.

Í málinu hefur verið lagt fram staðfest endurrit úr afsals- og veðmálabókum Reykjavíkur af tryggingarbréfi vitnisins, dagsettu 12. apríl 1954, þar sem það veitir handhöfum tveggja víxla veð í eignarhluta sínum í eigninni Barmahlíð 37. Samkvæmt bréfinu eru víxlarnir samþykktir af vitninu með gjalddaga 12. júlí og 21. júlí 1954, annar að fjárhæð kr. 17.000,00, en hinn að fjárhæð

kr. 52.500,00. Samkvæmt þessu verður að telja, að víxill sá, sem vitnið og ákærði telja í 1. lið framburða sinna vera að fjárhæð kr. 19.000,00, hafi verið að fjárhæð kr. 17.000,00.

Dómurinn verður að telja, að enda þó litið sé á mál þetta í heild, þar sem fram kemur, að ákærði hafi í mörgum tilfellum gerzt brotlegur við lög nr. 73/1933, sé eigi sönnuð á hann sök í þessu ákæruatriði, þar sem staðhæfing stendur gegn staðhæfingu og engin gögn önnur um viðskipti þessi er við að styðjast. Ber því að sýkna hann af ákæru þessa liðar.

X.

Hinn 29. ágúst 1955 kærði Hrafnkell Guðjónsson sjómaður, Hverfisgötu 101 hér í bæ, yfir viðskiptum, sem hann hefði átt við ákærða. Skýrði hann frá málavöxtum í kærunni og við rannsókn málsins á þá leið, að hann hefði á sumrinu áður byrjað að byggja íbúðarhúsið nr. 16 við Njörvasund. Þá um haustið vantaði hann fé til þess að gera húsið fokhelt, áður en vetur gengi í garð, og bauðst faðir hans, Guðjón Guðjónsson verkamaður, Hverfisgötu 101 hér í bæ, til að reyna að útvega honum lánsfé. Varð að ráði, að Guðjón leitaði til ákærða um lán, og segir Hrafnkell hann (Guðjón) hafa skýrt sér svo frá, að ákærði hefði tjáð sig fúsan til lánveitingar til húsbyggingarinnar eftir þörfum með 12% vöxtum. Skildist þeim feðgum, að þetta væru ársvextir, og vildu þeir sæta þessum kjörum út úr vandræðum og til bráðabirgða til að koma húsinu undir þak, svo að þeir gætu fengið fast lán út á það, og var þá ætlunin að greiða af því láni skuldina við ákærða. Kom þeim saman um að fara fram á 70 þúsund króna lán. Guðjón tjáði Hrafnkeli síðar, að hann hefði talað um þetta við ákærða, og fóru þeir feðgar síðan til ákærða, og samþykkti Hrafnkell þar 70.000,00 króna víxil til þriggja mánaða, og er hann dagsettur 25. október 1954. Jafnframt setti hann húsið Njörvasund 16 að veði fyrir greiðslu víxilsins með I. veðrétti. Eigi minnist Hrafnkell þess, að lánskjörin bærust í tal við þetta tækifæri. Upp úr þessu segir Hrafnkell föður sinn hafa smátt og smátt fengið hjá ákærða samtals kr. 22.000,00 út á víxilinn, og hafi það fé gengið til húsbyggingarinnar. Þegar þetta fé var fengið, segir Hrafnkell ákærða hafa gert sér boð að finna sig til að gefa út nýjan víxil og framlengja lánið, eins og hann hafi orðað það. Hrafnkell fór til hans, og í samtali við hann varð honum ljóst, að kjörin voru 12% vextir til þriggja mánaða. Taldi hann ekkert vit vera í að fá svo dýrt lánsfé, og varð það

þá ljóst milli hans og ákærða, að sá fyrrnefndi vildi ekki meira lánsfé frá ákærða með þessum kjörum. Skildist Hrafnkeli, að ákærði vildi, að hann samþykkti víxil, að upphæð kr. 24.640,00, að viðbættum 12% vöxtum fyrir þrjá næstu mánuðina, en í nefndri upphæð var sjálft lánsféð, kr. 22.000,00, og vextir fram að þessum samtalsdegi að áliti Hrafnkels. Hrafnkell neitaði að samþykkja víxilinn, og skildu þeir síðan í styttingi.

Nokkru síðar segir Hrafnkell föður sinn hafa skýrt sér svo frá, að hann hefði gefið ákærða kvittun fyrir kr. 24.640,00 og getið þess, að hjá því yrði ekki komizt.

Hinn 12. september 1955 bað Högni Jónsson hdl. f. h. ákærða um uppboð á víxlinum og tryggingarbréfinu til greiðslu kr. 24.640,00 ásamt 7% ársvöxtum frá 10. maí 1955 til greiðsludags auk kostnaðar. Til uppboðs kom ekki, því að Hrafnkell fékk um þessar mundir bankalán og greiddi af því skuldina við ákærða, svo sem krafið var.

Guðjón Guðjónsson hefur skýrt frá málavöxtum í samræmi við skýrslu Hrafnkels. Hann fór fram á lánið við ákærða, sem tók því líklega að lána til byggingarinnar allt að 70 þúsund krónum, og kvaðst hann taka 10% vexti og 2% þóknun, og skildist Guðjóni, að vextir þessir væru ársvextir. Tók ákærði fram, að lán sín væru til þriggja mánaða, og gerði það að skilyrði, að hann fengi fyrir fram í hendur þriggja mánaða víxil, að upphæð kr. 70.000,00, og I. veðréttar tryggingarbréf í Njörvasundi 16 til tryggingar víxlinum. Guðjón kvaðst eigi vilja láta þessi skjöl af hendi við hann nema fá peningana um leið, en ákærði kvaðst þá ekki eiga peningana sjálfur og ekki geta fengið þá nema hafa skjölin í höndunum. Féllst Guðjón þá á þetta, og undirritaði Hrafnkell skjölin, svo sem frá er sagt hér á undan. Minnist Guðjón þess ekki, að þeir feðgarnir væru samtímis staddir hjá ákærða nema í það eina skipti, þegar gengið var frá skjölunum, og eigi minnist hann þess, hvað þá var sérstaklega um talað.

Lánsfjárgreiðslur ákærða gengu síðan mjög dræmt að sögn Guðjóns, sem tók við þeim öllum, og samtals kveðst hann hafa tekið við kr. 22.000,00, eða að minnsta kosti muni hann ekki betur. Síðar segir hann það hafa orðið þeim feðgum ljóst, að vextir ákærða væru miklu hærri en þeir höfðu álitið, og ákváðu þeir þá að fá ekki meira lánsfé hjá honum. Kveðst Guðjón ekki mega með það fara með vissu, hve háir þeir vextir voru, sem þeir kom-

ust að, að væru á lánsfénu, en hann telur láta nærri, að það hafi verið ársfjórðungsvextir, sem þeir höfðu álitið ársvexti.

Ákærði skýrir svo frá, að um áramótin 1954 og 1955, — hefur verið fyrr, því að víxillinn er dagsettur 25. október 1954, — hafi þeir feðgar komið til sín og falazt eftir peningaláni handa Hrafnkeli til nefndrar húsbyggingar. Svaraði ákærði málaleitan þeirra á þá leið, að hann gæti keypt af Guðjóni 70.000,00 króna víxil, samþykktan af Hrafnkeli með I. veðréttar tryggingarbréfi í Njörvasundi 16, út gefnu af Hrafnkeli. Jafnframt setti hann upp þau kjör að fá 10% afföll af nafnverði víxilsins, sem væri til þriggja mánaða. Ákærði hafði í huga, að ef hann keypti víxilinn með þessum kjörum af Hrafnkeli, væri hann tvímælalaust brotlegur við okurlögin, en ef hann keypti víxilinn af Guðjóni, væri víxillinn orðinn verðbréf og um verðbréfakaup að ræða, en ekki lánveitingu. Þessar hugrenningar, minnir ákærða, að hann segði Guðjóni, þegar Hrafnkell var farinn af þessum fundi þeirra, en eigi minnist Guðjón þess, að ákærði hefði orð á þessu. Ákærði skýrir enn fremur svo frá, að Guðjón hafi gengið að áðurnefndum skilmálum, ákærði útbúið skjölin og Guðjón farið með þau til undirskriftar. Nokkru síðar hafi hann svo komið með skjölin undirskrifuð af Hrafnkeli, og hafi ákærði síðan greitt honum í tvennu lagi kr. 24.640,00, sem Guðjón hafi kvittað fyrir. Ætlunin var að sögn ákærða, að Guðjón fengi síðar það, sem á vantaði víxilfjárhæðina, að frádregnum afföllum, en þau hafi átt að greiðast af lokagreiðslunni. Úr þessu varð þó ekki, því að áður en til þess kæmi, tilkynnti Guðjón ákærða, að lán hefði fengizt út á II. veðrétt eignarinnar, og væri eigi þörf fyrir meira lánsfé frá ákærða. Ákærði lét þinglýsa tryggingarbréfinu og telur sig hafa gert það, strax eftir að hann greiddi Guðjóni fyrri greiðsluna. Um innheimtu og greiðslu fór í stórum dráttum svo sem áður segir.

Samprófun feðganna og ákærða bar eigi árangur.

Fram hefur verið lagt staðfest endurrit kvittunar Guðjóns fyrir kr. 24.640,00, dagsett 10. maí 1955, og verður eigi talið nægilega sannað, að lánsfjárgreiðslur ákærða hafi numið minni upphæð.

Ákærði heldur því fram, að hann hafi í þessu tilfelli verið kaupandi viðskiptabréfs, en ekki lánveitandi, og sé því eigi í þessu tilfelli um brot að ræða af sinni hendi gegn þeim lagaákvæðum, sem ákært er fyrir brot gegn. Þetta sjónarmið hans þykir þó eigi geta staðizt. Eðli málsins samkvæmt var hann

að veita Hrafnkeli lán gegn veði í fasteign, og fá engu um þetta breytt hugrenningar ákærða um sniðgöngu á ákvæðum laga um leyfilega vexti af slíkum lánum. Upplýst er, að Landsbanki Íslands tók á þeim tíma, sem hér skiptir máli, 7% vexti af fasteignaveðslánum, og var ákærða þá óheimilt að áskilja sér eða taka hærri vexti af því láni, sem hér er um að ræða. Samt áskildi hann sér samkvæmt eigin frásögn, sem leggja verður hér til grundvallar, 10% vexti í þrjá mánuði, sem svara til 40% ársvaxta, og hefur hann með því gerzt brotlegur við 2. gr. laga nr. 73/1933, sbr. lög nr. 75/1952, og 2. mgr. 6. gr. laga nr. 73/1933. Takmarkast sakarefni af ákæruskjali við kr. 22.000,00. Hefur ákærði áskilið sér í vexti af láninu kr. 1.815,00 umfram lögleyfða vexti.

XI.

Á árunum 1943 til 1955 rak Ragnar Blöndal h/f vefnaðarvöruverzlun í Austurstræti 10 hér í bæ, og var Gunnar Hall, Víðimel 64, framkvæmdastjóri félagsins og meðeigandi í því. Um áramótin 1954—1955 var félagið komið í slíkar fjárkröggur, að það hætti verzlunarrekstrinum á öndverðu árinu 1955. Hinn 26. febrúar þess árs lét Gunnar Hall af framkvæmdastjórastarfinu og afsalaði hlutafjáreign sinni og konu sinnar í hendur frú Ilse Blöndal og barna hennar, en hún var formaður félagsstjórnarinnar. Að tilmælum Búnaðarbanka Íslands og Útvegsbanka Íslands h/f og með samþykki Gunnars Hall, þáverandi framkvæmdastjóra félagsins, tók Ólafur Þorgrímsson hæstaréttarlögmaður að sér að rannsaka hag fyrirtækisins og leggja niðurstöðu sína fyrir bankana. Við athugun hans kom í ljós, að skuldir félagsins námu um 14 milljónum króna. Eignir félagsins voru seldar, og með samningum við skuldheimtumenn voru 60 hundraðshlutar skuldanna teknir sem fullnaðargreiðsla þeirra. Annaðist hæstaréttarlögmaðurinn samninga þessa og innti greiðslur af hendi.

Í rannsókn málsins skýrði framkvæmdastjórinn svo frá, að á árunum 1953 og 1954 hefði hann lagt kapp á að birgja verzlunina að vörum, og samþykkti hann fyrir félagsins hönd víxla fyrir andvirði hinna keyptu vara, og námu þeir að hans sögn geysimiklum upphæðum samtals. Þegar að skuldadögum kom, skorti félagið fé til greiðslna, og leiddi þetta meðal annars til þess, að framkvæmdastjórinn leitaði eftir lánsfé utan lánastofnana. Sú viðleitni bar þann árangur, að honum tókst að selja

ýmsum einstaklingum allmikið af víxlum, sem félagið hafði samþykkt, og heldur hann því fram, að hann hafi orðið að sæta háum afföllum af víxlum þessum, þ. e. a. s., að vextir víxillána þessara hafi farið langt fram úr því, sem heimilt sé.

Einn þeirra, sem hér eiga hlut að máli, er ákærði, og eru víxlar þeir, sem þessi ákæruliður fjallar um, af þessum viðskiptum sprottnir. Víxlarnir A 1—9 voru allir greiddir fyrir skuldaskilin, en víxlarnir B 1—5 voru greiddir í skuldaskilunum með 60% af nafnverði.

Ákærði og Gunnar Hall eru sammála um, að þessi viðskipti þeirra hafi hafizt árið 1953, — seint á árinu, að því er ákærði telur, — og verið nokkur á því ári. Aðallega hafi þau þó gerzt 1954, einkum síðari hluta þess. Viðskiptin voru að sögn ákærða eingöngu í því fólgin, að hann keypti víxla af Gunnari, sem voru allir samþykktir af Ragnari Blöndal h/f, en út gefnir ýmist af Nærfatagerðinni Lillu h/f eða Gunnari sjálfum og ábektir af sömu aðiljum, þ. e. a. s. þeim þeirra, sem ekki var útgefandi. Á víxlana ritaði Gunnar fyrir hönd fyrirtækjanna, og var ákærða ljóst allan viðskiptatímann, að hann var framkvæmdastjóri beggja fyrirtækjanna.

Um viðskiptakjörin greinir ákærða og Gunnar á. Sá síðarnefndi heldur því fram, að ákærði hafi undantekningarlaust tekið 5% mánaðarvexti af víxilupphæðunum og að um annað hafi aldrei verið að ræða, en ákærði, að afföllin hafi verið 10% á þriggja mánaða víxlum og hlutfallslega hærri, ef víxlarnir voru til lengri tíma, svo sem að 20% afföll hafi verið af sex mánaða víxlum. Engin aukagjöld voru, þegar ákærði var sjálfur kaupandi, svo sem var um alla þá víxla, sem í þessum ákærulið getur, en þegar hann var milligöngumaður milli Gunnars Hall og kaupenda víxla, tók hann 2% víxilupphæðarinnar í lántökugjald, og var það gjald jafnt, til hve langs tíma sem víxlarnir voru, og talið með afföllunum, ósundurliðað, gagnvart Gunnari.

Um kjörin eru eigi aðrir til frásagnar en Gunnar og ákærði, og skrifleg gögn um þau hafa engin komið fram. Verður því að leggja frásögn ákærða um þau til grundvallar í úrlausn málsins.

Ákærði heldur því fram, að Gunnar hafi gengið eftir sér um viðskipti þessi. Hann hafi borið sig vel og eigi nefnt, að hann væri í fjárkröggum, heldur að hann þarfnaðist skyndilána til að kaupa auðseljanlegar vörur, sem aðrir kaupmenn gætu ekki leyst inn og hann ætti kost á. Var ákærða kunnugt um, að þá undanfarið höfðu verið nokkur brögð að því, að pantendur vara

höfðu ekki getað leyst þær út og þær þá staðið öðrum til boða án álagningar pantendanna. Yfirleitt segir ákærði sér hafa verið ljóst, að þessi vörupartíakaup hafi verið fyrir Ragnar Blöndal h/f og að vörurnar ættu að fara í sölubúð félagsins, en fyrir hafi einnig komið, að um hafi verið að ræða kaup á efnivörum handa Nærfatagerðinni Lillu h/f í vörur, sem síðan voru seldar Ragnari Blöndal h/f. Vegna áðurnefndra kjara kveðst ákærði ekki hafa talið sér heimilt að kaupa víxlana af samþykkjanda þeirra, Ragnari Blöndal h/f, og þess vegna hafa sjálfur litið svo á, að hann keypti þá af Nærfatagerðinni Lillu h/f eða Gunnari Hall sjálfum, sem voru útgefendur þeirra og ábekingar. Hafi hann því bæði í upphafi viðskiptanna og síðan öðru hverju, meðan þau stóðu yfir, talað um það við Gunnar, að hann gæti ekki keypt víxlana af samþykkjanda þeirra, heldur yrði hann að kaupa þá af öðrum hinna aðiljanna til að koma þessum viðskiptum inn á grundvöll verðbréfaviðskipta, og hafi Gunnar verið því samþykkur. Þessu neitar Gunnar og heldur því fram, að ákærði hafi aldrei minnzt á þetta við sig.

Af þessum málavöxtum telur dómurinn, að ákærði hafi samkvæmt eðli málsins verið lánveitandi í þeim tilfellum, sem hér um ræðir. Hefur hann með því að taka og áskilja sér sem svarar 40% ársvexti af víxlum þeim, sem þessi ákæruliður fjallar um, gerzt brotlegur við 3. gr. og 2. mgr. 6. gr. laga nr. 73/1933. Af víxlunum í A-lið hefur hann tekið kr. 56.420,00 í vexti umfram hina lögleyfðu og áskilið sér af víxlunum í B-lið kr. 28.960,00 í vexti umfram hina lögleyfðu.

XII.

Um víxil þann, sem þessi ákæruliður fjallar um, er skýrsla ákærða á þá leið, að hann hafi kringum útgáfudaginn, 15. september 1954, keypt víxilinn, sem var til þriggja mánaða, af Gunnari Hall fyrir 35.000,00 krónur, sem hann greiddi með kr. 20.000,00 í peningum og kr. 15.000,00 í skuldabréfum Útgerðarfélags Akraness, en gangverð þeirra var á þessum tímum um 80% nafnverðs að sögn ákærða. Gunnar Hall heldur því fram, að kjörin hafi verið 5% vextir á mánuði eins og á öllum þeim víxlum, sem ákærði hafi keypt af sér. Um kjörin eru eigi aðrir til frásagnar en Gunnar og ákærði, og skrifleg gögn um þau hafa engin komið fram. Verður því að leggja frásögn ákærða um þau til grundvallar í úrlausn málsins. Telur dómarinn með tilvísun til 11. ákæruliðar, að ákærði hafi samkvæmt eðli málsins

verið lánveitandi í þessu tilfelli, og þar sem hann hefur a. m. k. áskilið sér sem svarar 50% ársvexti af víxlinum, hefur hann gerzt brotlegur við 3. gr. og 2. mgr. 6. gr. laga nr. 73/1933. Hefur hann þannig áskilið sér kr. 4.200,00 í vexti af víxlinum umfram hina lögleyfðu.

XIII.

Í marz 1954 stóð þannig á, að Haukur Heiðar bankafulltrúi, Tómasarhaga 27, hafði áhuga á að ávaxta sem ríkulegast kr. 70.000,00 fyrir Jón Pálsson húsvörð, Ingólfshvoli. Þetta tjáði hann ákærða, sem hann segir, að áður hafi látið í ljós við sig, að hann gæti ávaxtað fé, ef svo byði við að horfa. Varð það úr, að ákærði hafði milligöngu um það, að fé þetta ávaxtaðist, með því að kaupa fyrir það 70.000,00 króna víxil, út gefinn af Gunnari Hall og samþykktan af Ragnari Blöndal h/f, dagsettan 21. maí 1954 og með gjalddaga 21. nóvember sama ár. Voru afföll að sögn ákærða 17½%, þar af 2% lántökugjald til ákærða. Víxli þessum var síðar skipt í þrjá víxla, sem allir lentu í skuldaskilum Ragnars Blöndals h/f og voru greiddir með 40% afslætti.

Um þessi viðskipti gegnir að áliti dómsins sama máli og þau, sem 11. ákæruliður fjallar um, og að þau eru í eðli sínu lánveiting til Ragnars Blöndals h/f, þó þannig, að ákærði er eigi lánveitandi, heldur milligöngumaður. Taka lántökugjaldsins, 2%, telst vítalaus, en með því að vera milligöngumaður um lánveitingu þessa með 15½% vöxtum í sex mánuði, sem svarar til 31% ársvaxta, hefur ákærði gerzt brotlegur við 2. mgr. 6. gr., sbr. 3. gr. laga nr. 73/1933.

Áskildir vextir fram yfir hina lögleyfðu eru í þessu tilfelli kr. 8.050,00.

XIV.

Einn þeirra víxla, sem lýst var í margnefnd skuldaskil og greiddur þar með 60% af nafnverði, var út gefinn af Nærfatagerðinni Lillu h/f hinn 15. júlí 1954, að upphæð kr. 125.000,00, samþykktur til greiðslu 15. janúar 1955 af Ragnari Blöndal h/f og ábektur af Gunnari Hall. Víxil þennan hafði ákærði að eigin sögn keypt af Gunnari Hall með 20% afföllum og greitt með andvirði skuldabréfa, sem hann hafði til sölu fyrir Viðey h/f. Afhenti hann síðan Viðey h/f víxilinn sem andvirði skuldabréfanna.

Um þessi viðskipti gegnir að áliti dómsins sama máli og þau,

sem 11. ákæruliður fjallar um, og að þau eru í eðli sínu lánveiting til Ragnars Blöndals h/f, þó þannig, að ákærði er eigi lánveitandi, heldur milligöngumaður. Með milligöngu sinni um þessa lánveitingu með vöxtum, sem svara til 40% ársvaxta, hefur ákærði gerzt brotlegur við 2. mgr. 6. gr., sbr. 3. gr. laga nr. 73/1933.

Áskildir vextir fram yfir hið lögleyfða eru í þessu tilfelli kr. 20.000,00.

XV.

Víxil þann, sem þessi liður ákærunnar er um, segir Gunnar Hall vera einn víxilinn úr viðskiptum sínum við ákærða.

Einhvern tíma síðari hluta árs 1954, þegar þeir höfðu lengi átt viðskipti saman, segir hann ákærða hafa tjáð sér, að hann gæti útvegað peninga úr Iðnaðarbankanum og mundi geta selt þar víxil eða víxla. Í framhaldi af þessu samþykkti Gunnar víxilinn f. h. Ragnars Blöndals h/f og afhenti ákærða hann, en eftir nokkra daga greiddi ákærði honum nafnverð víxilsins að frádregnum 5% víxilupphæðarinnar á mánuði, en þá vexti segir Gunnar ákærða hafa tekið af lánum til sín, svo sem áður segir. Í millitíðinni fylgdist Gunnar ekki með ferli víxilsins, en ákærði sagði honum frá því, að Baldvin Jónsson hæstaréttarlögmaður hefði ábekt víxilinn og að Ragnar Aðalsteinn Ingólfsson verzlunarmaður, Leifsgötu 4, hefði farið með víxilinn í Iðnaðarbankann og annazt sölu á honum þar. Heldur Gunnar því fram, að Ragnar hafi að vísu verið viðstaddur í skrifstofu ákærða, þegar Gunnar afhenti ákærða víxilinn þar samþykktan, en sjálfur kveðst hann aldrei hafa talað við Ragnar um víxilinn.

Ákærði skýrir svo frá málavöxtum um víxil þennan, sem út gefinn er af Ragnari Ingólfssyni f. h. Sveins Jónssonar & Co., að skömmu fyrir útgáfudag víxilsins hafi Gunnar komið til sín í skrifstofuna, og hafi Ragnar þá verið þar staddur, en Ragnar var þá starfsmaður í Almennu fasteignasölunni í sama húsi. Ákærði var eigandi þess fyrirtækis, og vann Ragnar í því upp á ágóðahlut. Ákærði heldur því fram, að Gunnar hafi nú leitað hófanna bæði hjá sér og Ragnari, — talað jafnt til þeirra beggja — um, hvort eigi mundi vera unnt að selja fyrir Ragnar Blöndal h/f víxil í Iðnaðarbankanum, og hafi þeir lofað að athuga það. Upp úr þessu hafi svo Ragnar farið með víxilinn í Iðnaðarbankann alveg á eigin spýtur, og fylgdist ákærði þá ekki með gangi málsins. Eftir förina í bankann skýrði Ragnar ákærða svo frá, að

bankinn vildi því aðeins kaupa víxilinn, að á honum væri einn ábyrgðarmaður til viðbótar því, sem var. Til að ráða bót á þessu kveðst ákærði hafa mælzt til þess við Baldvin Jónsson hrl., að hann skrifaði upp á víxilinn, og hafi Baldvin gert það og eingöngu í greiðaskyni.

Hefur hæstaréttarlögmaðurinn staðfest þessa frásögn sem rétta.

Fór Ragnar síðan aftur með víxilinn í bankann og seldi hann þar, og fékk Gunnar andvirði víxilsins að frádregnum 5%, sem Ragnar áskildi sér fyrir milligöngu sína. Önnur afskipti af víxli þessum en nú hafa verið rakin neitar ákærði að hafa af honum haft. Neitar hann því að hafa eignazt víxilinn eða að hafa verið milligöngumaður um sölu hans.

Ragnar Aðalsteinn Ingólfsson skýrir svo frá, að einhvern tíma seint á árinu 1954, sennilega í nóvember, hafi Gunnar Hall hitt sig og mælzt til þess, að hann reyndi að selja fyrir sig 100.000,00 króna víxil, samþykktan af Ragnari Blöndal h/f. Ragnar tók vel þeirri málaleitan og fékk víxilinn frá Gunnari. Telur hann, að þetta viðtal og afhending víxilsins hafi farið fram einhvers staðar á gangi í húsinu, þar sem skrifstofa ákærða er, og var enginn viðstaddur tal þeirra. Eigi kveðst hann vita til þess, að Gunnar hafi beðið ákærða að selja víxilinn. Ragnar fór nú með víxilinn til bankastjóra Iðnaðarbankans, sem eigi vildi kaupa hann, nema fyrir honum væri sett trygging eða einhver ábyrgðarmaður fengist á hann. Frá þessu skýrði Ragnar ákærða sem kunningja, en eigi sökum þess, að víxillinn væri honum viðkomandi, og leysti ákærði vandann með því að fá Baldvin Jónsson hrl. til að ábekja víxilinn. Með víxilinn þannig breyttan fór Ragnar aftur til bankastjórans, sem nú keypti hann með venjulegum bankakjörum. Ragnar kom gagnvart bankanum fram sem seljandi víxilsins, og er það staðfest af bankastjóranum, sem segir sér hafa verið ókunnugt um, að ákærði væri á nokkurn hátt riðinn við víxil þennan. Ragnar kveðst hafa farið með andvirði víxilsins til Gunnars í skrifstofuna í Austurstræti 10A og afhent honum það þar, en Gunnar þá jafnframt greitt sér 5% víxilupphæðarinnar eða því sem næst í þóknun fyrir söluna. Ragnar, sem gaf út víxilinn f. h. Sveins Jónssonar & Co., kveðst hafa sagt ákærða a. m. k. að einhverju leyti frá gangi þessa máls, en málið hafi þó verið honum óviðkomandi.

Samprófun Gunnars Hall við þá ákærða og Ragnar bar engan árangur.

Samkvæmt því, sem nú er rakið um víxil þennan, er ósannað, að ákærði hafi átt refsiverðan þátt í ráðstöfun hans, og verður hann því sýknaður af þessum ákærulið.

XVI.

Um víxil þann, sem þessi ákæruliður fjallar um, er skýrsla ákærða á þá leið, að hann hafi keypt hann í fyrri hluta desember 1954 af Gunnari Hall fyrir kr. 65.000,00 í peningum og kr. 35.000,00 í skuldabréfum Útgerðarfélags Akraness, en gangverð þeirra bréfa hafi á þeim tíma verið um 80% nafnverðs. Áður hafði ákærði að vísu í rannsókn málsins haldið því fram, að kjörin á öllum víxlakaupum sínum af Gunnari hafi verið svo sem getið er í 11. ákærulið hér að framan, en þegar þessi sérstaki víxill kom fram í rannsókninni, hélt hann fram þeim kjörum, sem nefnd voru.

Gunnar staðhæfir hins vegar, að kjörin á þessum víxli hafi verið eins og á öllum hinum, 5% mánaðarvexti, og að aldrei hafi komið til tals, að hann fengi skuldabréf Útgerðarfélags Akraness fyrir víxilinn.

Þar sem engir eru til frásagnar um kjörin á þessum víxli aðrir en Gunnar og ákærði og engin skrifleg gögn um þau hafa fram komið, er eigi sönnun fram komin fyrir sekt ákærða samkvæmt þessum ákærulið, og ber því að sýkna hann af honum.

XVII.

Árið 1954 stundaði Steinn héraðsdómslögmaður Jónsson verðbréfaviðskipti hér í bænum, og leituðu þá til hans tveir menn, sem nafngreindir eru í rannsókn málsins, og óskuðu eftir kaupum á verðbréfum. Héraðsdómslögmaðurinn og ákærði voru kunningjar, og var hinum fyrrnefnda kunnugt um, að hinn síðarnefndi hefði ýmis verðbréf á boðstólum. Kom þar tali þeirra, að ákærði kvaðst geta boðið þá víxla, sem í þessum lið eru greindir, 40.000,00 króna víxil til tveggja mánaða og 50.000,00 króna víxil til þriggja mánaða, og varð það úr, að héraðsdómslögmaðurinn keypti þá í nóvember 1954, að hann fastlega minnir. Eru þeir sammála um, að söluverðið hafi verið 90% nafnverðs.

Ákærði kveðst í þessum viðskiptum hafa verið milligöngumaður milli Gunnars Hall og héraðsdómslögmannsins, sjálfur hafa haldið 2% víxilupphæðanna í þóknun, en greitt Gunnari 88% þeirra. Gunnar Hall heldur því fram, að á þessum víxlum hafi verið sömu kjör og á öðrum víxlum, sem ákærði keypti, þ. e. a. s. 5% afföll á mánuði.

Um þessi viðskipti gegnir að áliti dómsins sama máli og þau, sem 11. ákæruliður fjallar um, og að þau eru í eðli sínu lánveiting til Ragnars Blöndals h/f, þó þannig, að ákærði er eigi lánveitandi, heldur milligöngumaður. Taka 2% þóknunarinnar telst vítalaus, en með hinum háu vaxtakjörum hefur ákærði gerzt brotlegur við 2. mgr. 6. gr., sbr. 3. gr. laga nr. 73/1933. Af 40.000,00 króna víxlinum voru tekin 10% í 2 mánuði, sem svarar til 60% ársvaxta, en af 50.000,00 króna víxlinum 10% í 3 mánuði, sem svarar til 40% ársvaxta. Samanlagðir áskildir vextir af báðum víxlunum voru því kr. 7.466.67 umfram lögleyfða vexti.

Niðurlag:

Þar sem hinir ólöglega teknu og áskildu vextir nema samkvæmt því, sem rakið hefur verið, samtals kr. 142.488,60, þykir refsing ákærða hæfilega ákveðin 570.000,00 króna sekt til ríkissjóðs, og komi eins árs varðhald í stað sektarinnar, verði hún eigi greidd innan fjögurra vikna frá birtingu dómsins.

Ákærða ber að dæma til greiðslu alls sakarkostnaðar.

Valdimar Stefánsson sakadómari kveður upp dóm þennan.

Dómsorð:

Ákærði, Brandur Brynjólfsson, greiði kr. 570.000,00 í sekt til ríkissjóðs, og komi varðhald í eitt ár í stað sektarinnar, verði hún eigi greidd innan fjögurra vikna frá birtingu dóms þessa.

Ákærði greiði allan sakarkostnað.

Dómi þessum skal fullnægja með aðför að lögum.

Laugardaginn 18. apríl 1959.

Nr. 144/1958. **Ákæruvaldið** (Rannveig Þorsteinsdóttir hrl.)
gegn
Herði Ólafssyni (Ragnar Jónsson hrl.).

Dómendur:
hæstaréttardómararnir Árni Tryggvason, Gizur Bergsteinsson, Jón Ásbjörnsson og Þórður Eyjólfsson og prófessor Theodór B. Líndal.

Okur.

Dómur Hæstaréttar.

Samkvæmt vaxtareikningum löggilts endurskoðanda hefur ákærði áskilið sér í vexti af víxillánum kr. 47.905,60 umfram lögleyfða 8% ársvexti, og eins og saksókn er háttað, ber að leggja vaxtareikninga þessa til grundvallar, enda er þá eigi á ákærða hallað. Verður því samkvæmt 3. gr. og 2. mgr. 6. gr. laga nr. 73/1933 að dæma ákærða kr. 191.625,00 sekt til ríkissjóðs, og komi varðhald 8 mánuði í stað sektarinnar, ef hún greiðist eigi innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa.

Ákvæði héraðsdóms um málskostnað staðfestist.

Eftir þessum úrslitum ber að dæma ákærða til að greiða allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin málflutningslaun skipaðs sækjanda og verjanda fyrir Hæstarétti, kr. 5.000,00 til hvors.

Dómsorð:

Ákærði, Hörður Ólafsson, greiði kr. 191.625,00 sekt til ríkissjóðs, og komi varðhald 8 mánuði í stað sektarinnar, ef hún greiðist eigi innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa.

Ákvæði héraðsdóms um málskostnað á að vera óraskað.

Ákærði greiði allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin málflutningslaun sækjanda og verjanda fyrir

Hæstarétti, Rannveigar Þorsteinsdóttur og Ragnars Jónssonar hæstaréttarlögmanna, kr. 5.000,00 til hvors.

Dóminum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Dómur sakadóms Reykjavíkur 19. júní 1958.

Ár 1958, fimmtudaginn 19. júní, var í sakadómi Reykjavíkur, sem haldinn var á Fríkirkjuvegi 11 af Valdimar Stefánssyni sakadómara, kveðinn upp dómur í málinu nr. 2871/1958: Ákæruvaldið gegn Herði Ólafssyni, sem tekið var til dóms hinn sama dag.

Ákærður er Hörður Ólafsson héraðsdómslögmaður, Smiðjustíg 4 hér í bæ, fyrir að hafa, svo sem í ákæruskjali segir:

„*I.* Seint á árinu 1953 eða snemma á árinu 1954 keypt af Gunnari Hall kaupmanni, Víðimel 64 hér í bæ, þáverandi prókúruhafa og framkvæmdastjóra fyrirtækisins Ragnars Blöndals h/f hér í bæ, þriggja mánaða víxil, að fjárhæð allt að kr. 20.000,00, samþykktan af Gunnari Hall f. h. nefnds fyrirtækis, en út gefinn og ábektan af honum persónulega, gegn allt að 3% vöxtum af víxilfjárhæðinni á mánuði, en ákærða var kunnugt um, að Gunnar var að taka lán þetta til vörukaupa fyrir nefnt fyrirtæki.

Að því er greint brot varðar, er málið til vara höfðað gegn ákærða fyrir að hafa keypt nefndan víxil, eins og að framan getur, gegn 10% vöxtum af víxilfjárhæðinni í 3 mánuði og 2% af henni í þóknun.

II. Á árinu 1954 keypt af Gunnari Hall, þáverandi framkvæmdastjóra og prókúruhafa greinds fyrirtækis, eftirtalda tíu víxla, samtals að fjárhæð kr. 234.528,00, sem allir voru til þriggja mánaða, samþykkta af Gunnari Hall f. h. Ragnars Blöndals h/f, en út gefna og framselda af Gunnari persónulega, gegn 3% mánaðarvöxtum af hverri einstakri víxilfjárhæð, en ákærða var ljóst, að hann tók lán þessi til vörukaupa fyrir nefnt fyrirtæki:

1) Víxill, út gefinn 21. febr. 1954 með gjalddaga 21. maí s. á., að fjárhæð kr. 40.000,00.
2) Víxill, út gefinn 27. marz 1954 með gjalddaga 27. júní s. á., að fjárhæð kr. 10.000,00.
3) Víxill, út gefinn 27. marz 1954 með gjalddaga 27. júní s. á., að fjárhæð kr. 10.000,00.

4) Víxill, út gefinn 29. marz 1954 með gjalddaga 29. júní s. á., að fjárhæð kr. 12.000,00.
5) Víxill, út gefinn 8. apríl 1954 með gjalddaga 8. júlí s. á., að fjárhæð kr. 12.528,00.
6) Víxill, út gefinn 1. júní 1954 með gjalddaga 1. sept. s. á., að fjárhæð kr. 20.000,00.
7) Víxill, út gefinn 1. júní 1954 með gjalddaga 1. sept. s. á., að fjárhæð kr. 20.000,00.
8) Víxill, út gefinn 3. júní 1954 með gjalddaga 3. sept. s. á., að fjárhæð kr. 20.000,00.
9) Víxill, út gefinn 2. júlí 1954 með gjalddaga 2. okt. s. á., að fjárhæð kr. 50.000,00.
10) Víxill, út gefinn 23. ágúst 1954 með gjalddaga 23. nóv. s. á., að fjárhæð kr. 40.000,00.

Að því er varðar framangreint brot, sem getur undir II., 1—10, er málið til vara höfðað gegn ákærða fyrir að hafa á árinu 1954 keypt af Gunnari Hall, þáverandi framkvæmdastjóra og prókúruhafa Ragnars Blöndals h/f, þá tíu víxla, er þar greinir, gegn 12% vöxtum (afföllum) af hverri einstakri víxilfjárhæð miðað við 3 mánuði.

III. Á árinu 1954 keypt af Gunnari Hall, þáverandi framkvæmdastjóra og prókúruhafa Ragnars Blöndals h/f, eftirtalda tíu víxla, samtals að fjárhæð kr. 234.528,00, sem allir voru til þriggja mánaða, samþykkta af Gunnari Hall f. h. Ragnars Blöndals h/f, en út gefna og framselda af Gunnari persónulega, eða tekið þá sem greiðslu (framlengingu) á öðrum víxlum sömu fjárhæða gegn 3% mánaðarvöxtum af hverri einstakri víxilfjárhæð, en ákærða var ljóst, að Gunnar Hall tók eða hafði tekið lán þessi til vörukaupa fyrir nefnt fyrirtæki:

1) Víxill, út gefinn 27. júní 1954 með gjalddaga 27. sept. s. á., að fjárhæð kr. 10.000,00.
2) Víxill, út gefinn 27. júní 1954 með gjalddaga 27. sept. s. á., að fjárhæð kr. 10.000,00.
3) Víxill, út gefinn 29. júní 1954 með gjalddaga 29. sept. s. á., að fjárhæð kr. 12.000,00.
4) Víxill, út gefinn 8. júlí 1954 með gjalddaga 8. okt. s. á., að fjárhæð kr. 12.528,00.
5) Víxill, út gefinn 21. ágúst 1954 með gjalddaga 21. nóv. s. á., að fjárhæð kr. 40.000,00.
6) Víxill, út gefinn 1. sept. 1954 með gjalddaga 1. des. s. á., að fjárhæð kr. 20.000,00.

7) Víxill, út gefinn 1. sept. 1954 með gjalddaga 1. des. s. á., að fjárhæð kr. 20.000,00.
8) Víxill, út gefinn 3. sept. 1954 með gjalddaga 3. des. s. á., að fjárhæð kr. 20.000,00.
9) Víxill, út gefinn 2. okt. 1954 með gjalddaga 2. jan. 1955, að fjárhæð kr. 50.000,00.
10) Víxill, út gefinn 23. nóv. 1954 með gjalddaga 23. febr. 1955, að fjárhæð kr. 40.000,00.

Að því er varðar framangreind brot, sem getur undir III., 1—10, er málið til vara höfðað gegn ákærða fyrir að hafa á árinu 1954 keypt af Gunnari Hall, þáverandi framkvæmdastjóra og prókúruhafa Ragnars Blöndals h/f, þá tíu víxla, er þar greinir, eða tekið þá sem greiðslu (framlengingu) á öðrum víxlum sömu fjárhæða gegn 12% vöxtum (afföllum) af hverri einstakri víxilfjárhæð miðað við þrjá mánuði.

IV. Fyrri hluta árs 1955 við skuldaskil nefnds fyrirtækis, Ragnars Blöndals h/f, — en af skuldum þess voru almennt greidd 60% og því gefið eftir af þeim 40%, — tekið í innheimtulaun af víxlum þeim, sem greinir undir III., 1—10, að framan og ákærði átti sjálfur, kr. 5.996,50.

Framangreind brot, sem getur undir I.—IV. og öll voru framin hér í bæ, eru í ákæruskjali talin varða við 3. gr. og 2. mgr. 6. gr. laga nr. 73/1933, um bann við okri, dráttarvexti o. fl.

Þess er krafizt, að ákærði verði dæmdur til refsingar og greiðslu alls sakarkostnaðar."

Ákærði er kominn yfir lögaldur sakamanna, fæddur 12. september 1921 á Ísafirði.

Á árunum 1947 og 1948 sætti hann þrisvar áminningu fyrir ólöglegt bifreiðarstæði og á síðara árinu hlaut hann 50 kr. sekt fyrir sams konar brot. Aðrar refsingar, sem hann hefur hlotið, eru þessar:

1950 4/10 300 kr. sekt fyrir gjaldeyrisbrot.
1951 23/7 75 kr. sekt fyrir lögreglusamþykktarbrot.
1955 23/2 75 kr. sekt fyrir of hraðan bifreiðarakstur.
1955 30/8 50 kr. sekt fyrir sams konar brot.
1956 24/1 Dómur, 2.500,00 kr. sekt og 6 mánaða ökuleyfissvipting fyrir brot gegn áfl., bifrl. og umfl.

Á árunum 1943 til 1955 rak Ragnar Blöndal h/f vefnaðarvöruverzlun í Austurstræti 10 hér í bæ, og var Gunnar Hall, Víðimel 64, framkvæmdastjóri félagsins og meðeigandi í því. Um áramótin 1954—1955 var félagið komið í slíkar fjárkrögg-

ur, að það hætti verzlunarrekstrinum á öndverðu ári 1955. Hinn 26. febrúar þess árs lét Gunnar Hall af framkvæmdastjórastörfum og afsalaði hlutafjáreign sinni og konu sinnar í hendur frú Ilse Blöndal og barna hennar, en hún var formaður félagsstjórnarinnar. Að tilmælum Búnaðarbanka Íslands og Útvegsbanka Íslands og með samþykki Gunnars Hall, þáverandi framkvæmdastjóra félagsins, tók Ólafur Þorgrímsson hæstaréttarlögmaður að sér að rannsaka hag fyrirtækisins og leggja niðurstöðu sína fyrir bankana.

Við athugun kom í ljós, að skuldir félagsins námu um 14 milljónum króna.

Eignir félagsins voru seldar, og með samningum við skuldheimtumenn voru 60 hundraðshlutar skuldanna teknir sem fullnaðargreiðsla þeirra. Annaðist hæstaréttarlögmaðurinn samninga þesssa og innti greiðslur af hendi.

Í rannsókn málsins skýrði framkvæmdastjórinn svo frá, að á árunum 1953 og 1954 hefði hann lagt kapp á að birgja verzlunina að vörum, og samþykkti hann fyrir félagsins hönd víxla fyrir andvirði hinna keyptu vara, og námu þeir að hans sögn geysimiklum upphæðum samtals. Þegar að skuldadögum kom, skorti félagið fé til greiðslna, og leiddi þetta meðal annars til þess, að framkvæmdastjórinn leitaði eftir lánsfé utan lánastofnana. Sú viðleitni bar þann árangur, að honum tókst að selja ýmsum einstaklingum allmikið af víxlum, sem félagið hafði samþykkt, og heldur hann því fram, að hann hafi orðið að sæta háum afföllum af víxlum þessum, þ. e. a. s., að vextir víxillána þessara hafi farið langt fram úr því, sem heimilt sé. Einn þeirra, sem hér eiga hlut að máli, er ákærði, og heldur Gunnar Hall því fram, að afföllin af víxlum þeim, sem hann keypti, hafi verið 3% á mánuði eða þar um bil. Kveðst hann ekki muna það nákvæmlega.

Ákærði hefur skýrt svo frá, að seint á árinu 1953 eða snemma á árinu 1954 hafi einhver, sem hann man ekki, hver var, falið sér innheimtu 10 þúsund króna víxils á Ragnar Blöndal h/f. Þegar Gunnar Hall greiddi víxilinn, áttu þeir nokkurt tal saman. Gunnar tjáði ákærða, að sig skorti rekstrarfé, bankarnir lánuðu sér ekki svo sem hann hefði þörf á, og fór hann fram á, að ákærði útvegaði sér lán, ef hann gæti. Ákærði innti hann eftir því, hve mikið fé hann þyrfti og hvaða afföll hann gæti sætt sig við, og heldur hann því fram, að Gunnar hafi stungið upp á 12% á þriggja mánaða víxli. En hvor þeirra, sem stungið

hefur upp á þessum kjörum, þá varð það að samkomulagi þeirra, að þessi yrðu kjörin. Vissi Gunnar ekki um neina skiptingu endurgjaldsins, en ákærði kveðst hafa talið afföllin vera 10% á þremur mánuðum, en 2% lántökugjald. Er ágreiningslaust, að töluverð viðskipti urðu milli ákærða og Gunnars með þessum kjörum. Ákærði var kaupandi allra víxlanna, sem voru til þriggja mánaða, samþykktir af Ragnari Blöndal h/f og út gefnir og framseldir af Gunnari Hall sjálfum. Aldrei kom það fyrir, svo að ákærði muni, að Gunnar Hall greiddi fallinn víxil með peningum án þess að fá nýtt víxillán til þess að greiða hinn fallna víxil, og voru þá áðurnefnd kjör á hinum nýja víxli.

Ákærði heldur því fram, að hann minnist þess ekki, að Gunnar minntist á það við sig, hvort Ragnar Blöndal h/f eða hann sjálfur væri seljandi víxlanna, en sjálfur kveðst hann hafa litið svo á, að Gunnar væri sjálfur seljandi sem útgefandi víxlanna, enda þótt ákærði áliti, að andvirði víxlanna mundi hann verja til vörukaupa fyrir Ragnar Blöndal h/f. Ákærði telur sig muna, að Gunnar hafi upphaflega viljað láta víxlana frá sér án áritaðs útgefanda, en það hafi ákærði talið hæpið og verr tryggt en vera skyldi, og hafi það því orðið úr, að Gunnar gaf þá út sjálfur.

Á síðara stigi rannsóknarinnar hélt ákærði því fram, að hann minntist þess ekki, að hann og Gunnar hefðu nokkurn tíma minnzt á vexti eða lán í framangreindum viðskiptum. Heldur hann því fram, að um verðbréfakaup hafi verið að ræða, og taki lög nr. 73/1933 því eigi til viðskiptanna. Tilgangur Gunnars með viðskiptum þessum var að hans sögn sá að afla félaginu rekstrarfjár, og kveðst hann hafa talið sig fá fé að láni í formi víxlanna. Hefur hann nefnt víxla ákærða og fleiri aðilja svartamarkaðsvíxla og getið þess, að hlutaðeigendur, þ. á m. ákærði, hafi ætlazt til þess, að þeir væru hvergi „gefnir upp“, og hafi í því falizt, að þeir væru eigi færðir í bókhaldið og kæmust ekki til vitundar skattyfirvalda.

Að áliti dómsins var efni viðskipta ákærða og Gunnars það, að sá fyrrnefndi lánaði Ragnari Blöndal h/f fé gegn víxlunum með áðurnefndum kjörum, og þar sem ákærði var sjálfur lánveitandinn, átti hann eigi rétt á þóknun fyrir lánsútvegun, svo að endurgjaldið fyrir lánveitingarnar hefur verið 12% vextir í þrjá mánuði, sem svarar til 48% ársvaxta. Á þetta við um alla víxlana, sem taldir eru í ákæruskjalinu, I. til III. lið, og varðar þetta ákærða refsingu samkvæmt 3. gr., sbr. 6. gr., 2.

mgr., laga nr. 73/1933. Allur vafi um upphæð víxilsins, sem um ræðir í I. lið ákæruskjalsins, verður ákærða í hag, og verður við ákvörðun refsingarinnar gert ráð fyrir, að upphæð hans hafi verið kr. 10.000,00. Hefur ákærði því áskilið sér í vexti af víxillánunum kr. 47.005,60 fram yfir hina lögleyfðu 8% vexti, sbr. 3. gr. laga nr. 73/1933.

Í skuldaskilum Ragnars Blöndals h/f, sem áður eru nefnd og fram fóru fyrri hluta árs 1955, lýsti ákærði víxilkröfum sínum á hendur félaginu, samtals kr. 234.528,00 (sbr. ákærulið nr. III). Samkvæmt samkomulaginu um fullnaðargreiðslu með 60% upphæðarinnar fékk hann greiddar kr. 140.716,80, en eftirgjöf nam kr. 93.811,20. Í innheimtulaun fékk ákærði greiddar kr. 5.996,50 með samkomulagi við Ólaf Þorgrímsson hrl., sem annaðist skuldaskilin. Samkvæmt upplýsingum hins síðarnefnda voru lögmönnum greidd innheimtulaun af þeim kröfum, sem þeir lýstu í skuldaskilin, ákærða eins og öðrum, og gekk hæstaréttarlögmaðurinn út frá því, að þeir væru umboðsmenn kröfuhafanna. Hvorki hæstaréttarlögmaðurinn né ákærði minnast þess, að til tals kæmi milli þeirra, hvort ákærði væri eigandi víxlanna eða ekki.

Telja verður, að innheimtulaun þessi séu annars eðlis en vextir þeir eða endurgjald fyrir lánveitingu eða umlíðun skuldar, sem um ræðir í 3. gr. og 2. mgr. 6. gr. laga nr. 73/1933, og að ákvæði þessi taki ekki til þeirra. Ber því að sýkna ákærða af ákærunni um töku þeirra.

Refsing ákærða fyrir brot þau gegn lögum nr. 73/1933, sem að framan eru rakin, þykir hæfilega ákveðin kr. 188.100,00 í sekt til ríkissjóðs, og komi varðhald í eitt ár í stað sektarinnar, verði hún eigi greidd innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa.

Ákærða ber að dæma til greiðslu alls sakarkostnaðar.

Valdimar Stefánsson sakadómari kveður upp dóm þennan.

Dómsorð:

Ákærði, Hörður Ólafsson, greiði kr. 188.100,00 í sekt til ríkissjóðs, og komi varðhald í eitt ár í stað sektarinnar, verði hún eigi greidd innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa.

Ákærði greiði allan sakarkostnað.

Dómi þessum skal fullnægt með aðför að lögum.

Mánudaginn 20. apríl 1959.

Nr. 52/1959. **Páll Magnússon**
gegn
Sveini Jónssyni og
Inga Kröyer.

Dómendur:
hæstaréttardómararnir Jónatan Hallvarðsson, Gizur Bergsteinsson, Jón Ásbjörnsson og Þórður Eyjólfsson og prófessor Theodór B. Líndal.

Kærumál. Kröfu um frestun fógetaréttarmáls hrundið.

Dómur Hæstaréttar.

Þorsteinn S. Thorarensen, fulltrúi borgarfógetans í Reykjavík, hefur kveðið upp hinn áfrýjaða úrskurð.

Sóknaraðili hefur skotið máli þessu til Hæstaréttar með kæru 17. marz 1959, sem barst Hæstarétti 25. s. m., og krefst þess, að hinn kærði úrskurður verði úr gildi felldur, honum verði veittur frestur í málinu og honum dæmdur kærumálskostnaður úr hendi varnaraðilja í Hæstarétti.

Varnaraðili Sveinn Jónsson krefst þess, að hinn kærði úrskurður verði staðfestur og sóknaraðilja verði dæmt að greiða honum kærumálskostnað eftir mati dómsins.

Af hendi varnaraðilja Inga Kröyers hafa hvorki kröfur né greinargerð verið lögð fyrir Hæstarétt.

Dómur bæjarþings Reykjavíkur í málinu nr. 584/1956: Sveinn Jónsson gegn Inga Kröyer — greinir Svein Jónsson einan sem dómhafa. Þenna dóm, sem eigi hefur verið áfrýjað, verður fógeti að leggja til grundvallar. Ber því að staðfesta hinn kærða úrskurð.

Eftir þessum úrslitum ber að dæma sóknaraðilja til að greiða varnaraðilja Sveini Jónssyni kærumálskostnað, sem ákveðst kr. 1.200,00.

Dómsorð:

Hinn kærði úrskurður á að vera óraskaður.

Sóknaraðili, Páll Magnússon, greiði varnaraðilja Sveini Jónssyni kærumálskostnað, kr. 1.200,00, að viðlagðri aðför að lögum.

Úrskurður fógetaréttar Reykjavíkur 12. marz 1959.

Hinn 6. marz 1957 fór fram fjárnámsgerð í bifreiðinni R-348 eftir kröfu Gunnars A. Pálssonar hrl. skv. dómi bæjarþings Reykjavíkur, nr. 584/1956: Sveinn Jónsson gegn Inga Kröyer. Fjárnámskröfurnar voru þessar: höfuðstóll skuldar kr. 35.000,00, 8% ársvextir frá 1. nóvember 1955 til greiðsludags, ⅓% af kr. 35.000,00 í þóknun, kr. 84,00 í stimpilkostnað, kr. 1.078,25 í vátryggingariðgjald, kr. 2.800,00 í málskostnað auk kostnaðar við fjárnám og uppboð.

Fjárnámsgerð þessi var endurupptekin hinn 1. nóv. 1957 skv. kröfu Gunnars A. Pálssonar f. h. Sveins Jónssonar, sem krafðist þess, að hin fjárnumda bifreið yrði tekin úr vörzlu gerðarþola til sölu á nauðungaruppboði.

Í þessu réttarhaldi var mættur Gunnar A. Pálsson f. h. gerðarbeiðanda svo og gerðarþoli, Ingi Kröyer. Einnig mætti gerðarbeiðandi málsins, Sveinn Jónsson, nú til heimilis að Rauðarárstíg 38, og lýsti yfir því, að hann væri því mótfallinn, að bifreiðin yrði að sinni tekin af gerðarþola.

Að beiðni Gunnars A. Pálssonar var málinu frestað að sinni til gagnaöflunar. Á fresti þessum fór fram sakamálsrannsókn á hendur gerðarbeiðanda, Sveini Jónssyni, í tilefni kæru Páls Magnússonar, Bergstaðastræti 4, á hendur honum. Hélt Páll því fram við rannsókn þessa, að hann væri eigandi kröfu þeirrar, sem fógetamál þetta er af sprottið, en samningum hefði verið bundið við Svein Jónsson, að innheimtan færi fram í hans nafni. Sveinn Jónsson mótmælti þessari staðhæfingu Páls og kvaðst vera eigandi kröfunnar. Sjá hér rskj. nr. 3 og 4.

Næst er mál þetta tekið fyrir í fógetaréttinum hinn 26. febrúar sl. Mætti þá í réttinum Þorvaldur Ari Arason hdl. vegna ofannefnds Páls Magnússonar og ítrekaði, að Páll væri eigandi dómkröfu þessarar, og hafði uppi eftirfarandi réttarkröfur: *aðallega*, að mál þetta yrði rekið áfram í nafni Sveins Jónssonar að forminu til, en efnislega fyrir Pál Magnússon, en *til vara*, að Páll Magnússon gengi inn í málið og málið yrði rekið í hans nafni.

Gerðarbeiðandi, Sveinn Jónsson, mætti í málinu og lýsti yfir því, að hann tæki umboð til innheimtu kröfu þessarar af Gunnari A. Pálssyni hrl. og fengi það í hendur Guðmundi Ásmundssyni hrl., sem var mættur með honum í réttinum. Ítrekaði Sveinn þá staðhæfingu sína, að hann væri einn eigandi dómkröfunnar

og hefði á sínum tíma falið Gunnari umboð til innheimtunnar í sínu eigin nafni.

Er þingað var í máli þessu hinn 4. þessa mánaðar, lagði Þorvaldur Ari Arason fram endurrit sáttakæru og sýndi um leið birt frumrit hennar. Í skjali þessu er því haldið fram, að Páll Magnússon, Bergstaðastræti 4, sé eigandi oftnefndrar dómkröfu, og ef sátt takist ekki um, að gerðarbeiðandi, Sveinn Jónsson, viðurkenni það, þá muni höfðað mál fyrir bæjarþingi Reykjavíkur og þess krafizt, að viðurkenndur verði eignarréttur Páls á dómkröfunni.

Nú bar Þorvaldur Ari Arason fram þá kröfu hér í fógetaréttinum, að meðferð fógetamálsins yrði frestað, meðan dómstólar fjölluðu um þá kröfugerð, sem fram kom í ofannefndri sáttakæru.

Af hálfu Sveins Jónssonar var því mótmælt, að fógetamálinu yrði frestað af þessum sökum. Fór þegar í stað fram munnlegur flutningur um atriði þetta, og er það hér til úrskurðar svo og kröfur umboðsmanna Páls Magnússonar og Sveins Jónssonar um málflutningslaun hér fyrir rétti, settar fram í hinum munnlega flutningi um ágreininginn.

Rskj. 2 í máli þessu tilgreinir Svein Jónsson einan sem dómhafa, og hefur þessum bæjarþingsdómi ekki verið breytt með úrlausn æðra dóms. Ekkert virðist hafa komið fram í máli þessu því til hnekkis, að Sveinn Jónsson sé eigandi og umráðamaður dómkröfunnar. Verður ekki annað fyrir hendi en vísa á bug þeim afskiptum Páls Magnússonar af fógetamáli þessu, sem fram koma í frestsbeiðni hans.

Ekki þykir verða hjá því komizt að úrskurða Pál Magnússon til að greiða gerðarbeiðanda, Sveini Jónssyni, málflutningslaun vegna fógetamáls þessa. Þykja þau hæfilega ákveðin kr. 1.000,00.

Því úrskurðast:

Umbeðinn frestur verður ekki veittur.

Páll Magnússon, Bergstaðastræti 4, greiði Sveini Jónssyni, Rauðarárstíg 38, kr. 1.000,00 í málskostnað hér fyrir réttinum innan 15 daga frá birtingu úrskurðar þessa að viðlagðri aðför að lögum.

Mánudaginn 20. apríl 1959.

Nr. 25/1959. **Ákæruvaldið** (Gunnar Þorsteinsson hrl.)
gegn
Heiðmundi Ottóssyni (Ragnar Ólafsson hrl.).

Dómendur:
hæstaréttardómararnir Árni Tryggvason, Gizur Bergsteinsson, Jón Ásbjörnsson og Þórður Eyjólfsson og Valdimar Stefánsson sakadómari.

Brot á áfengis- og bifreiðalögum.

Dómur Hæstaréttar.

Sakaratriðum er rétt lýst í héraðsdómi, og er háttsemi ákærða færð þar til réttra ákvæða laga, er þá giltu. Eftir uppsögu héraðsdóms hafa lög nr. 23 og 24 frá 1941 verið numin úr gildi. Brot ákærða gegn þeim lögum varðar samkvæmt 2. gr. laga nr. 19/1940 nú við 2. málsgr. 25. gr. umferðarlaga, nr. 26/1958, en hins vegar verður ákærða ekki dæmd þyngri refsing fyrir þetta brot en sekt, sbr. 2. gr. laga nr. 6/1951 og áður tilvitnaða gr. hegningarlaga, enda gætir ekki ítrekunaráhrifa fyrri dóma yfir ákærða. Þykir mega staðfesta ákvæði héraðsdóms um sektarrefsingu að öðru en því, að frestur til greiðslu sektar ákveðst 4 vikur frá birtingu dóms þessa. Eftir atvikum þykir rétt, að ákærði verði sviptur ökuleyfi 3 ár.

Ákvæði héraðsdóms um sakarkostnað staðfestast.

Þá ber og að dæma ákærða til að greiða allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin laun sækjanda og verjanda fyrir Hæstarétti, kr. 1.500,00 til hvors.

Það athugast, að lögreglumennirnir Björn Albert Bjarnason og Sigurður Björn Jónsson hafa ekki verið látnir staðfesta vætti sitt fyrir dómi og ákærði hefur ekki verið samprófaður við vitni.

Dómsorð:

Ákærði, Heiðmundur Ottósson, greiði 3.000,00 króna sekt í ríkissjóð, og komi varðhald 15 daga í stað sekt-

ar, ef hún greiðist ekki innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa.

Ákærði er sviptur ökuleyfi 3 ár frá birtingu héraðsdóms.

Ákvæði héraðsdóms um sakarkostnað eiga að vera óröskuð.

Ákærði greiði allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin málflutningslaun sækjanda og verjanda fyrir Hæstarétti, hæstaréttarlögmannanna Gunnars Þorsteinssonar og Ragnars Ólafssonar, kr. 1.500,00 til hvors.

Dóminum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Dómur sakadóms Gullbringu- og Kjósarsýslu 31. marz 1958.

Ár 1958, mánudaginn 31. marz, var í sakadómi Gullbringu- og Kjósarsýslu, sem haldinn var í skrifstofu embættisins af Jóni Finnssyni, fulltrúa sýslumanns, kveðinn upp dómur í sakadómsmálinu nr. 137/1958: Ákæruvaldið gegn Heiðmundi Ottóssyni.

Mál þetta, sem dómtekið var hinn 29. þessa mánaðar, er af ákæruvaldsins hálfu höfðað með ákæruskjali, út gefnu 6. febrúar 1958, gegn Heiðmundi Ottóssyni járnsmið, til heimilis í vélsmiðjunni í Sandgerði, fyrir að hafa laugardagsmorguninn 24. ágúst sl. ekið bifreiðinni G-1402 með áhrifum áfengis heiman að frá sér að Bursthúsum í Miðneshreppi. Brot þetta telst varða við 1. mgr. 24. gr., sbr. 45. gr. áfengislaga, nr. 58/1954, 1. mgr. 23. gr., sbr. 1. mgr. 38. gr. bifreiðalaga, nr. 23/1941, sbr. 2. gr. laga nr. 6/1951, um breyting á bifreiðalögum, svo og við 2. mgr. 4. gr., sbr. 1. mgr. 14. gr. umferðarlaga, nr. 24/1941.

Til vara er málið höfðað gegn ákærða fyrir að hafa í greindu tilviki ekið bifreiðinni haldinn slíkri þreytu og sljóleika sökum undanfarandi ölvunar, að hann gat eigi á tryggilegan hátt stjórnað bifreið, en það brot telst varða við 3. mgr. 23. gr., sbr. 1. mgr. 38. gr. bifreiðalaga.

Þess er krafizt, að ákærði verði dæmdur til refsingar og sviptingar bifreiðarstjóraréttinda samkvæmt 1. mgr. 24. gr. áfengislaga og 1. mgr. 39. gr. bifreiðalaga, svo og verði hann dæmdur til greiðslu alls sakarkostnaðar.

Ákærði er kominn yfir lögaldur sakamanna, fæddur 28. okt.

1924 að Suður-Götum í Mýrdal, og hefur sætt eftirtöldum kærum og refsingum:

1943 25/1 Rvík. Sátt, 20 kr. sekt fyrir brot á 3. mgr. 31. gr. lögreglusamþykktar Reykjavíkur.

1943 17/11 Rvík. Dómur lögregluréttar, 10 daga varðhald og svipting ökuskírteinis í 3 mánuði fyrir ölvun við bifreiðarakstur.

1945 14/7 Rvík. Áminning fyrir akstur bifreiðar án skrásetningarmerkis.

1947 27/1 Rvík. Sátt, 50 kr. sekt fyrir brot gegn 15. og 44. gr. lögreglusamþ. Reykjavíkur og bifreiðalögum.

1947 21/8 Rvík. Sátt, 40 kr. sekt fyrir brot gegn 15. gr. lögreglusamþ. Reykjavíkur.

1947 26/11 Rvík. Sátt, 75 kr. sekt fyrir ólöglegt bifreiðarstæði.

1948 9/1 Rvík. Sátt, 250 kr. sekt fyrir ógætilega meðferð skotvopna, 4 byssur gerðar upptækar.

1948 5/4 Rvík. Áminning fyrir vöntun á skrásetningarmerki bifreiðar.

1948 16/4 Rvík. 60 kr. sekt fyrir brot gegn reglum um aðalgötur og hliðargötur.

1949 9/10 Rvík. Kærður fyrir líkamsárás með hníf og hnefum. Kæran afturkölluð, málssókn felld niður skv. bréfi dómsmálaráðun. 26/9 1950.

1950 25/10 Rvík. Áminning fyrir ólöglegt bifreiðarstæði.

1951 25/10 Rvík. Dómur, 1.500,00 kr. sekt, sviptur ökuleyfi í 1 ár fyrir brot á áfengisl. og bifreiðal.

1953 24/3 Rvík. Kærður fyrir gripdeild. Sættir tókust, málið fellt niður.

1955 30/3 Rvík. Áminning fyrir umferðarlagabrot.

1955 18/7 Rvík. Sátt, 150,00 kr. sekt fyrir ölvun og óspektir.

1956 30/1 Rvík. Áminning fyrir brot á 6. gr. lögreglusamþ.

1956 30/1 Rvík. Sátt, 50,00 kr. sekt fyrir brot á 28. gr. lögreglusamþ.

1956 16/9 Rvík. Sátt, 100,00 kr. sekt fyrir brot á 21. gr. áfengisl.

1957 12/5 Hf. Sátt, 50,00 kr. sekt fyrir ólögl. bifreiðarstæði.

Málavextir eru þessir:

Laugardaginn 24. ágúst 1957 um kl. 10.20 var lögreglunni á Keflavíkurflugvelli tilkynnt um bifreið, sem hefði þá um morguninn verið ekið út úr Sandgerðisþorpi áleiðis suður á Stafnes. Voru það lögreglumenn frá Keflavíkurflugvelli, búsettir í Sandgerði, sem höfðu haft spurnir af bifreið þessari og báðu flug-

vallarlögregluna að athuga þetta nánar, þar sem grunur léki á, að ökumaður hennar væri undir áhrifum áfengis og auk þess með skotvopn meðferðis.

Tveir lögreglumenn fóru á vettvang og fundu umrædda bifreið heima á hlaði á bænum Bursthúsum.

Lögreglumennirnir höfðu uppi á bifreiðarstjóranum, sem var heima á bænum, og reyndist hann vera Heiðmundur Ottósson, ákærði í máli þessu.

Vitnið Sigurður Björn Jónsson, er var annar framangreindra lögreglumanna, hefur skýrt svo frá, að ákærði hafi viðurkennt, að hann hefði ekið bifreiðinni frá Sandgerði heim að Bursthúsum. Ekki var ákærði viss um, hvað klukkan hefði verið, er hann var á ferðinni, taldi í fyrstu, að hún hefði verið um 06, en er í ljós kom, að vél bifreiðarinnar var ekki orðin köld, breytti hann tímanum og kvaðst álíta, að kl. hefði verið um 08. Vitnið segir, að kl. hafi verið um 10.50, er lögreglan kom á vettvang. Í bifreið ákærða, sem er af Oldsmobile-gerð, skrásetningarnúmer G-1402, voru skotvopn, skotfæri og tveir hundar, og tóku lögreglumennirnir farangur þennan og hundana ásamt ákærða í sínar vörzlur. Var ákærði fluttur til Keflavíkur og honum tekið blóð til alkóhólrannsóknar um kl. 11.30. Ekki hafði ákærði byssuleyfi eða ökuskírteini meðferðis, er hann var tekinn, en lögreglumenn gengu úr skugga um það síðar, að hann hafði hvort tveggja heima hjá sér.

Vitnið kveður ákærða hafa skýrt þeim lögreglumönnunum frá því, að hann hafi ætlað út að bænum Bala til þess að kaupa bílvél, en við Bursthús hafi loftið farið úr hjólbarða hjá sér, og því hafi hann farið heim á bæinn.

Sagði ákærði lögregluþjónunum, að hann hefði jafnan skotvopn með sér, er hann færi suður á Nes. Ákærði viðurkenndi það fyrir lögregluþjónunum á leiðinni til Keflavíkur, að hann væri undir áhrifum áfengis, en hins vegar hefði hann ekki byrjað að neyta þess fyrr en eftir að hann kom heim að Bursthúsum, og hefði hann ekki ekið bifreiðinni í því ástandi. Vitninu Sigurði Birni virtist ákærði undir áfengisáhrifum. Var hann sljór til augna og rauðeygur, óskýr í máli, óviss í hreyfingum og allsterkur vínþefur úr vitum hans.

Framburður vitnisins Björns Alberts Bjarnasonar lögregluþjóns um málsatvik er í samræmi við framburð vitnisins Sigurðar Björns, sem vitnið var með. Það kveður bifreið ákærða hafa staðið á þrem hjólum á hlaðinu í Bursthúsum. Er ákærði

kom út úr bænum, kveðst vitnið strax hafa séð, að hann var mjög ölvaður. Hafi hann verið reikull í spori og málrómurinn drafandi. Vitnið innti ákærða eftir áfengisflösku þeirri, er hann hefði drukkið úr, en ákærði gat ekki vísað á hana, en kvaðst hafa verið við drykkjuna inni í Bursthúsum. Húsfreyjan í Bursthúsum tjáði vitninu, að ákærði hefði drukkið hjá henni kaffi, en ekki hefði hún séð hann neyta áfengis.

Annar lögregluþjónanna, sem búsettur er í Sandgerði, Guðjón Valdimarsson, er kvaddi lögregluna á Keflavíkurflugvelli á vettvang, hefur mætt fyrir dómi, en framburður hans skiptir ekki máli um úrslit málsins, enda sá hvorugur þessara lögregluþjóna ákærða.

Vitnið Sesselja Júníusdóttir, húsfreyja að Bursthúsum, hefur skýrt svo frá fyrir dómi, að ákærði hafi komið heim að Bursthúsum kl. tæplega 09 umrætt sinn. Bað ákærði húsfreyju að gefa sér kaffi, og bauð vitnið honum inn, bar honum kaffi, en fór síðan út í fjós að sinna mjöltum. Vitninu virtist ákærði undir áhrifum áfengis og dró þá ályktun af því, að henni virtist hann reika í spori. Önnur merki áfengisáhrifa sá vitnið ekki á ákærða, enda hugaði það ekki sérstaklega að þeim.

Vitnið fylgdist ekki sérstaklega með ferðum eða athöfnum ákærða, meðan hann dvaldist í Bursthúsum, en áleit, að merki áfengisáhrifa hefðu aukizt, meðan hann dvaldi þar, en ekki sá það ákærða hafa áfengi um hönd.

Hinn 7. nóv. sl. mætti fyrir sakadómi sem vitni Theódór Einarsson, bóndi að Bæjarskerjum í Miðneshreppi. Vitnið skýrði frá því, að sl. sumar hefði það verið statt við veginn suður á Stafnes á níunda tímanum að morgni, en þá flytur vitnið mjólk sína á brúsapallinn við þjóðveginn. Þarna var einnig Júlíus Eiríksson, bóndi í Miðkoti, sömu erinda. Voru þeir Júlíus að tala saman, er ákærða bar þar að í bifreið. Stanzaði ákærði og ávarpaði þá Júlíus. Sagði hann þeim, að hann væri að fara á minkaveiðar suður á Stafnes. Vitnið kveðst strax hafa talið, að ákærði væri með víni, hann hafi viðhaft ýmsa kæki, er vitnið minntist ekki að hafa séð hann viðhafa allsgáðan, svo sem að nikka til höfðinu í sífellu.

Vitnið Júlíus Eiríksson, bóndi í Miðkoti, kveðst strax hafa veitt því athygli, að aksturslag bifreiðar ákærða var mjög einkennilegt. Bifreiðin hafi í sífellu slangrað til milli vegarbrúnanna, og hægri hjólbarði bifreiðarinnar var sprunginn og loftlaus. Vitninu ber saman við vitnið Theódór um það, að ákærði

hafi sagzt ætla á minkaveiðar. Vitnið, sem ekki kveðst þekkja ákærða, segir, að sér hafi virzt ákærði koma alleinkennilega fyrir sjónir. Hafi hann verið ör í hreyfingum og tali. Vitnið taldi, að klukkan mundi hafa verið á seinni tímanum í níu.

Enda þótt tvö framangreind vitni hafi ekki tímasett atvik þetta upp á dag, má telja upplýst, að þetta hafi gerzt sama morgun sem um ræðir í máli þessu.

Vitnið Óskar Þorgils Pálsson verkamaður, Brautarholti í Sandgerði, hefur borið, að seinni part sl. sumars laust fyrir kl. 7.20 hafi það verið statt hjá spennistöðinni í Sandgerði ásamt fleiri mönnum, er ákærða bar þar að í bifreið og stanzaði 5—7 metra frá vitninu og gaf sig á tal við menn, sem þarna voru staddir, en fór ekki út úr bifreiðinni. Þótt vitnið hafi ekki getað tímasett atvik þetta, minntist það þess, að Guðjón Valdimarsson lögregluþjónn hefði komið til þess einum til tveim dögum síðar og spurt það að því, hvort það hefði séð áfengisáhrif á ákærða. Má því telja öruggt, að vitnið hafi einmitt séð ákærða þann morgun, sem um ræðir. Vitnið segir, að því hafi virzt ákærði sjúskaður í andliti, rauður og voteygur, og taldi það, að ákærði hefði verið með áhrifum áfengis við akstur bifreiðarinnar.

Síðastgreind 4 vitni hafa staðfest framburð sinn fyrir dómi.

Niðurstaða alkóhólrannsóknar leiddi í ljós, að í blóði ákærða voru reducerandi efni, er samsvara 2,18‰ af alkóhóli.

Ákærði hefur sjálfur skýrt svo frá, að hann hafi verið að skemmta sér föstudaginn 23. ágúst og þá neytt svo mikils áfengis, að hann hafi „fallið í valinn" um kl. 22 um kvöldið. Hann hafi vaknað við góða heilsu og vel út sofinn um kl. 08 morguninn eftir. Síðan hafi hann farið suður á Stafnes og ferðinni verið heitið að Bala til að kaupa vél í bíl. Er ákærði átti um 1 km ófarinn að Bursthúsum, varð hann þess var, að hægra afturhjól var orðið loftlítið, og þar sem hann var varadekkslaus, ákvað hann að halda heim að Bursthúsum í von um að fá aðstoð. Ákærði segir, að áður en hann lagði af stað í bifreiðinni, hafi hann fundið meira en ½ flösku af óblönduðu áfengi í bifreiðinni. Hafi hann veifað flösku þessari framan í nokkra menn, er stóðu fyrir framan frystihús H/f Miðness, um leið og hann ók fram hjá. Er ákærði hafði stöðvað bifreiðina á hlaðinu í Bursthúsum, kveðst hann hafa gripið til flöskunnar og drukkið vænan slurk úr henni. Ákvað ákærði að hans sögn að láta viðgerð á bílnum bíða að sinni og hringja til bóndans í Bursthúsum, er vann í Sandgerði, og biðja hann um að færa sér varadekk,

er hann kæmi heim í hádeginu. Kveðst hann hafa ætlað að taka lífinu létt þennan dag og ekki aka bifreiðinni meira, en biðja búandann í Bursthúsum eða mann þann, er hann átti erindi við á Bala, að annast um bifreiðina fyrir sig. Knúði hann nú dyra í Bursthúsum og ætlaði að bíða bóndans þar. Hann kveðst hafa geymt áfengið í bifreiðinni og skroppið nokkrum sinnum út í hana og fengið sér áfengi að drekka.

Hann kveðst telja, að hann hafi tekið flöskuna með sér inn og drukkið af henni þar, eftir að hann hafði farið út í bifreiðina nokkrum sinnum og fengið sér snafs, og hafi hann verið búinn að ljúka úr flöskunni, er lögreglan kom, a.m.k. hafi hún ekki komið fram, og ekki vissi hann, hver urðu afdrif hennar. Kvað hann minni sitt óljóst, er hann var við drykkjuna í Bursthúsum. Fyrir sakadómi taldi ákærði, að klukkan mundi hafa verið um 9, er hann kom að Bursthúsum.

Eins og nú hefur verið rakið, var framburður ákærða um það, hvenær hann kom heim að Bursthúsum, og um erindi hans suður á Stafnes mjög á reiki. Fyrir sakadómi ber hann þó, að kl. hafi verið um níu um morguninn, er hann kom að Bursthúsum, og kemur það heim við framburð vitnanna tveggja, er hann talaði við við Stafnesveginn, og húsfreyjunnar í Bursthúsum. Lögreglan kom á vettvang um kl. 10.50, og hefur ákærði þá að hans sögn drukkið meira en hálfa flösku af óblönduðu áfengi, frá því að hann kemur að Bursthúsum, þótt hann gæti ekki gert grein fyrir því, hvað orðið hefði af flöskunni. Verður að telja, að þessi frásögn ákærða af áfengisneyzlu hans á þessum skamma tíma, sem hann hafði til umráða, sé með ólíkindum.

Lítur rétturinn svo á, að með framburði þeirra þriggja vitna, er sannanlega sáu ákærða við akstur bifreiðarinnar, hinu mikla áfengismagni, er fannst í blóði hans, og með hliðsjón af öðrum atvikum málsins sé fullsannað, að ákærði hafi ekið bifreið sinni undir áhrifum áfengis frá Sandgerði að Bursthúsum að morgni hins 24. ágúst sl.

Með atferli sínu hefur ákærði gerzt brotlegur við 1. mgr. 24. gr., sbr. 45. gr. áfengislaga, nr. 58/1954, 1. mgr. 23. gr., sbr. 1. mgr. 38. gr. bifreiðalaga, nr. 23/1941, og 2. mgr. 4. gr., sbr. 1. mgr. 14. gr. umferðarlaga, nr. 24/1941. Ítrekunaráhrif af fyrri brotum ákærða, er hefur tvisvar áður verið dæmdur fyrir áfengis- og bifreiðalagabrot og sviptur ökuréttindum, eru fyrnd. Þykir refsing hans með hliðsjón af 2. gr. laga nr. 6/1951 hæfilega

ákveðin 3.000,00 kr. sekt í ríkissjóð, og komi 15 daga varðhald í hennar stað, verði hún eigi greidd innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa.

Þá ber samkv. 1. mgr. 24. gr. áfengislaga og 1. mgr. 39. gr. bifreiðalaga að svipta ákærða bifreiðarstjóraréttindum í 2 ár frá birtingu dóms þessa.

Ákærða ber að dæma til greiðslu alls sakarkostnaðar, þar með talin málsvarnarlaun, kr. 800,00, til Inga R. Helgasonar lögfræðings.

Því dæmist rétt vera:

Ákærði, Heiðmundur Ottósson, greiði 3.000,00 kr. sekt til ríkissjóðs, og komi 15 daga varðhald í stað sektarinnar, verði hún eigi greidd innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa.

Ákærði er sviptur ökuleyfi í 2 ár frá birtingu dómsins, og frestar áfrýjun ekki þessum verkunum hans.

Ákærði greiði allan kostnað sakarinnar, þar með taldar kr. 800,00 til skipaðs talsmanns síns, Inga R. Helgasonar lögfræðings.

Dóminum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Föstudaginn 24. apríl 1959.

Nr. 158/1958. **Ákæruvaldið** (Baldvin Jónsson hrl.)
gegn
Aldísi Bjarnadóttur (Páll S. Pálsson hrl.).

Dóminn skipuðu hinir reglulegu dómarar Hæstaréttar.

Brot á lögum nr. 10/1957.

Dómur Hæstaréttar.

Framhaldspróf hafa verið háð í máli þessu eftir uppkvaðningu héraðsdóms, en ekki leiðir það, er fram kom við próf þessi, til breytinga á úrlausn héraðsdóms, sem ber að staðfesta að öðru en því, að frestur til greiðslu sektar verður 4 vikur frá birtingu dóms þessa.

Þá ber og að dæma ákærðu til að greiða áfrýjunarkostn-

að sakarinnar, þar með talin laun sækjanda og verjanda fyrir Hæstarétti, kr. 2.000,00 til hvors.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður að öðru en því, að frestur til greiðslu sektar verður 4 vikur frá birtingu dóms þessa.

Ákærða, Aldís Bjarnadóttir, greiði allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin málflutningslaun sækjanda og verjanda fyrir Hæstarétti, hæstaréttarlögmannanna Baldvins Jónssonar og Páls S. Pálssonar, kr. 2.000,00 til hvors.

Dóminum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Dómur sakadóms Reykjavíkur 26. september 1958.

Ár 1958, föstudaginn 26. september, var í sakadómi Reykjavíkur, sem haldinn var í skrifstofu dómsins af Guðm. Ingva Sigurðssyni, kveðinn upp dómur í málinu nr. 4568/1958: Ákæruvaldið gegn Aldísi Bjarnadóttur, sem dómtekið var í gær.

Málið er höfðað gegn Aldísi Bjarnadóttur húsfreyju, til heimilis að Kárastíg 11 hér í bæ. Er hún samkvæmt ákæruskjali, dagsettu 24. júní sl., ákærð „fyrir að hafa frá 1. júlí sl. leigt neðri hæðina í húsi sínu, nr. 10 A við Vitastíg í Reykjavík, undir hárgreiðslustofu, en áður hafði umrætt húsnæði verið notað til íbúðar eða fram að 6. janúar f. á. Þykir þetta varða við 1. mgr. 2. gr., sbr. 4. gr. laga nr. 10/1957, um afnot íbúðarhúsa í kaupstöðum, sbr. bráðabirgðalög nr. 63/1956, um sama efni.

Þess er krafizt, að ákærð verði dæmd til refsingar og greiðslu alls sakarkostnaðar."

Ákærð er fædd 5. júlí 1883 á Sandi í Kjós. Hún hefur ekki, svo að kunnugt sé, sætt kæru eða refsingu fyrr.

Málavextir eru þessir:

Með bréfi, dagsettu 20. janúar sl., kærði húsnæðismálastjórn til sakadómara yfir því, að hárgreiðslustofa hefði tekið til starfa á neðri hæð hússins Vitastíg 10 A hér í bæ, en áður hafði verið þar íbúð, tvö herbergi og eldhús.

Við rannsókn málsins upplýstist þetta:

Húsið Vitastígur 10 A er steinsteypuhús, jarðhæð og rishæð. Flatarmál neðri hæðar er um 31 fermetri. Á neðri hæð eru tvö herbergi og salerni, sem er undir stiga upp á loftið. Uppi er eitt herbergi og bað. Eigandi hússins er ákærð, sem er ekkja. Ákærð og maður hennar bjuggu í húsinu frá árinu 1932, og eftir að maður ákærðrar dó, bjó hún áfram í húsinu til 6. janúar 1957. Ekkert eldhús í venjulegum skilningi var í húsinu. Ákærð eldaði allan mat uppi. Þar hafði hún rafmagnsplötu og vask. Eftir að ákærð fluttist úr húsinu, lét hún framkvæma nokkuð víðtæka viðgerð á húsinu. Um mánaðamótin júní—júlí 1957 leigði ákærð neðri hæðina undir hárgreiðslustofu, sem hefur verið rekin þar síðan. Herbergið uppi er notað til íbúðar, og býr þar sonur ákærðrar.

Leitað var til heilbrigðisnefndar um umsögn um húsnæðið á neðri hæðinni, sbr. 1. gr. l. nr. 10/1957, um afnot íbúðarhúsa í kaupstöðum. Umsögnin barst 27. ágúst sl. Þar segir m. a. á þessa leið: .... „Húsnæðið er tvö herbergi, forstofa og stigauppgangur, en undir stiganum er vatnssalerni með handlaug, en án loftræstingar. Annað herbergið er að flatarmáli 13,75 m^2, en hitt 8,6 m^2. Lofthæð 283 sm.

Vegna legu og smæðar herbergjanna eru ekki fyrir hendi skilyrði til þess að geta gert húsnæði þetta að íbúð samkvæmt gildandi ákvæðum heilbrigðissamþykktar Reykjavíkur um íbúðir, sjá 31. gr., 2. mgr., 32. gr. og 33. gr.

Hins vegar verður að telja, að herbergin út af fyrir sig séu íbúðarhæf, og má gera ráð fyrir, að þau hafi verið það sem einstaklingsherbergi einnig í janúar 1957, án þess að verulegar endurbætur hafi þurft að koma til."

Framangreind atvikalýsing máls þessa er byggð á eigin framburði ákærðrar, sem er í samræmi við önnur gögn málsins.

Hér er um að ræða, að ákærð hefur tekið tvö íbúðarherbergi ásamt salerni undan íbúð sinni á Vitastíg 10 A og leigt þau út undir önnur afnot en til íbúðar. Með þessu atferli hefur ákærð brotið gegn 1. mgr. 2. gr. l. nr. 10/1957.

Samkvæmt 4. gr. sömu laga og með hliðsjón af því, að hér er um lítið húsnæði að ræða, þykir refsing ákærðrar hæfilega ákveðin kr. 10.000,00 sekt til byggingarsjóðs ríkisins, sbr. l. nr. 42/1957. Verði sektin eigi greidd innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa, komi í hennar stað varðhald 50 daga.

Ákærða ber að dæma til greiðslu alls sakarkostnaðar, þar

með talin málsvarnarlaun skipaðs verjanda, Páls S. Pálssonar hrl., er þykja hæfilega ákveðin kr. 1.500,00.

Dómsorð:

Ákærð, Aldís Bjarnadóttir, greiði kr. 10.000,00 í sekt til byggingarsjóðs ríkisins, og komi varðhald 50 daga í stað sektarinnar, verði hún eigi greidd innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa.

Ákærð greiði allan sakarkostnað, þar með talin málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Páls S. Pálssonar hrl., að upphæð kr. 1.500,00.

Dómi þessum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Föstudaginn 24. apríl 1959.

Nr. 171/1958. **Ákæruvaldið** (Einar Ásmundsson hrl.)
gegn
Daníel Jóni Kjartanssyni
(Sigurður Ólason hrl.).

Dóminn skipuðu hinir reglulegu dómarar Hæstaréttar.

Manndráp af gáleysi. Brot á bifreiðalögum.

Dómur Hæstaréttar.

Theódór S. Georgsson, fulltrúi bæjarfógetans í Vestmannaeyjum, hefur kveðið upp hinn áfrýjaða dóm.

Svo sem segir í héraðsdómi, hefði ákærði átt að veita telpunni, sem fyrir slysinu varð, og stallsystrum hennar eftirtekt, ef hann hefði sýnt fulla aðgæzlu, er hann ók yfir gatnamót Vestmannabrautar og Bárugötu í umrætt skipti. Bar honum þá að fylgjast með ferðum þeirra og haga akstri sínum svo, að þeim stafaði sem minnst hætta af. Með aðgæzluskorti sínum hefur hann gerzt sekur við þau lagaboð, sem í héraðsdómi greinir. Á hinn bóginn ber á það að líta, að ákærði ók varlega að vætti vitna og að telpan hljóp út á akbrautina í veg fyrir bifreiðina. Þegar litið er til þessa, þykir refsing ákærða hæfilega ákveðin kr.

1.500,00 sekt í ríkissjóð, og komi varðhald 8 daga í stað sektarinnar, verði hún ekki greidd innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa.

Staðfesta má ákvæði héraðsdóms um sviptingu ökuréttinda og um sakarkostnað.

Ákærði greiði allan kostnað af áfrýjun málsins, þar með talin málflutningslaun skipaðs sækjanda og verjanda fyrir Hæstarétti, kr. 1.500,00 til hvors.

Dómsorð:

Ákærði, Daníel Jón Kjartansson, greiði kr. 1.500,00 sekt í ríkissjóð, og komi varðhald 8 daga í stað sektarinnar, verði hún ekki greidd innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa.

Ákvæði héraðsdóms um sviptingu ökuréttinda og um sakarkostnað eiga að vera óröskuð.

Ákærði greiði allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin málflutningslaun skipaðs sækjanda og verjanda í Hæstarétti, hæstaréttarlögmannanna Einars Ásmundssonar og Sigurðar Ólasonar, kr. 1.500,00 til hvors.

Dóminum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Dómur sakadóms Vestmannaeyja 16. október 1958.

Mál þetta, sem dómtekið var 26. fyrra mánaðar, er höfðað af ákæruvaldsins hálfu með ákæruskjali, út gefnu 19. sept. 1957 af dómsmálaráðherra, gegn Daníel Jóni Kjartanssyni verzlunarmanni, Heiðarvegi 51, Vestmannaeyjum, „fyrir að hafa laugardaginn 27. júlí sl. um kl. 12.10 ekið bifreiðinni V-166 af Hilmisgötu og norður Bárustíg í Vestmannaeyjum án þess að sýna nægilega aðgæzlu við aksturinn, með þeim afleiðingum, að bifreiðin fór yfir stúlkuna Soffíu Bogadóttur, sem hljóp í þessu yfir Bárustíg á móts við húsið Garða, en stúlkan beið þegar bana.“ Þykir þetta varða við 215. gr. alm. hegningarlaga, nr. 19/1940, og 1. mgr. 27. gr. bifreiðalaga, nr. 23/1941.

Ákærist því framangreindur Daníel Jón Kjartansson til að sæta refsingu skv. 215. gr. alm. hegningarlaga, nr. 19/1940, og

38. gr. bifreiðalaga, nr. 23/1941, til ökuleyfissviptingar skv. 1. mgr. 39. gr. bifreiðalaga, til greiðslu skaðabóta, ef krafizt verður, svo og til greiðslu alls sakarkostnaðar.

Ákærði er fæddur 12. janúar 1940 á Ísafirði og hefur ekki sætt kæru eða refsingu, svo að kunnugt sé.

Málavextir eru þessir:

Laugardaginn 27. júlí 1957 um kl. 12.10 ók ákærði vörubifreiðinni V-166 um gatnamót Vestmannabrautar og Bárustígs. Nefnd bifreið er eign firmans Kjartans Friðbjarnarsonar & Co., og er hún vöruflutningabifreið af gerðinni Bedford með stýrið hægra megin. Ákærði var einn í bifreiðinni. Áður en ákærði kom að gatnamótunum, hafði hann stöðvað bifreiðina fyrir framan verzlun Einars Lárussonar, Vestmannabraut 35. Ók ákærði bifreiðinni þaðan aftur á bak og inn á Hilmisgötu, þar eð ákærði ætlaði að aka niður Bárustíg, sem er í beinu framhaldi af Hilmisgötu. Þegar ákærði hafði ekið aftur á bak aðeins inn á Hilmisgötu, stöðvaði hann bifreiðina og skipti vél hennar úr aftur á bak ganghraðastigi í 2. ganghraðastig og ók áfram yfir Vestmannabraut inn á Bárustíg. Ákærði kveðst hafa ekið hægt yfir gatnamótin og út á vinstri vegarhelming Bárustígs, og kveðst hann hafa litið til vinstri, um leið og hann ók yfir Vestmannabraut, en horfði svo aftur beint fram fyrir bifreiðina, er hann ók inn á Bárustíg. Að sögn ákærða fannst honum eins og vinstra framhjól bifreiðarinnar færi yfir stein, eftir að bifreiðin var nýkomin inn á götuna. Fannst ákærða einkennilegt, að bifreiðin skyldi fara yfir stein á þessum stað, enda gatan malborin og slétt. Ákærði kveðst því hafa litið út um afturrúðu bifreiðarinnar rétt á eftir og kveðst hafa séð tvær telpur standa grátandi á gangstéttinni við húsið Vestmannabraut 32 (Garða), Bárustígs megin, og er ákærði gáði betur að, sá hann, hvar telpa lá á götunni nokkuð fyrir aftan bifreiðina. Ákærði stöðvaði vél bifreiðarinnar og tók vélina úr sambandi (úr gír) og fór síðan út úr bifreiðinni til þess að aðgæta, hvað komið hefði fyrir. En bifreiðin tók þá að renna áfram niður götuna, svo að ákærði hljóp aftur inn í bifreiðina og setti hana aftur í gír. Ákærði fór síðan þangað, sem telpan lá, og var Erling Ágústsson rafvirki kominn þar að, svo og kom fleira fólk á slysstaðinn í þessu. Ákærði lét bifreiðina síðan vera kyrra á staðnum, unz lögreglan hafði lokið athugunum sínum á slysstaðnum. Ákærði kveðst ekki hafa tekið eftir neinum telpum við gatnamótin, er hann ók inn á Bárustíg, og ekki hafa orðið var við telpuna, sem fyrir

bifreiðinni varð, fyrr en slysið hafði átt sér stað. Ákærði kveðst hafa ekið mjög hægt, er slysið varð, enda nýbúinn að taka bifreiðina af stað. Ákærði fékk bifreiðarstjóraréttindi 24. janúar 1957.

Svo sem að framan greinir, mun slys þetta hafa orðið um kl. 12.10, og mun veður þá hafa verið þurrt og bjart.

Stúlkubarnið, sem fyrir bifreið ákærða varð, hét Soffía Bogadóttir og átti heima í Hlíðarhúsi hér í bæ. Hún var 7 ára gömul, er slysið varð (fædd 13.7. 1950), og beið samstundis bana, enda fór hjól bifreiðarinnar yfir höfuð barnsins. Rannsókn fór fram á líki telpunnar á sjúkrahúsi Vestmannaeyja strax eftir slysið, og framkvæmdi hana Björn Júlíusson læknir, og lýsir hann banameini stúlkunnar þannig í vottorði sínu um líkrannsóknina:

„Líkið er af stúlkubarni, mælist 120 sm langt. Það er í nankinsfötum, buxum og blússu, strigaskór á fótum. Höfuð og brjóst er allt atað blóði og óhreinindum. Höfuðið er mjög aflagað, nær lagt saman frá hlið til hliðar. Við þreifingu finnst, að höfuðbeinin eru laus og mölbrotin. Um það bil tveim sm fyrir ofan hægra eyra er þverlægt gapandi sár, ca. 20 sm langt, út úr því ganga höfuðbeinin, svo að sér í heilann, sem vellur út, þegar komið er við höfuðið. Blóð rennur úr vitum, eyrum, nefi og munni. Hruml eru á vinstra handarbaki, en aðra áverka er ekki að finna.

Ályktun: Barnið hefur dáið vegna þess, að þungi hefur nær lagt höfuð þess saman."

Nokkrir sjónarvottar voru að slysi þessu, og verða nú framburðir þeirra raktir nokkuð varðandi slysið.

Vitnið Erling Ágústsson rafvirki ber, að það hafi ekið bifreið sinni, V-102, upp (suður) Bárustíg, og við hlið vitnisins sat Hilmar Sigurðsson bátasmiður. Þegar vitnið kom á móts við húsið Bárustíg 15 eða um 25 m frá slysstaðnum, að því er vitnið telur, sá vitnið, hvar telpa hljóp út á götuna frá gangstéttinni við húsið Garða, sem er á horni Bárustígs og Vestmannabrautar. Vitnið kveður telpuna hafa hlaupið fyrir bifreið, sem kom akandi á hægri ferð eftir vinstra vegarhelmingi Bárustígs. Vitnið kveður telpuna hafa hlaupið út á götuna fyrir bifreiðina það nálægt bifreiðinni, að vitnið kveðst efast um, að bifreiðarstjórinn hafi orðið var við, að telpan hljóp fyrir bifreiðina. Vitnið kveðst ekki betur hafa séð en telpan hrasaði á götunni fyrir framan bifreiðina, og var bifreiðin þá alveg komin að telpunni. Virtist vitninu telpan ætla að rísa á fætur, en fannst svo eins

og telpan veltist einhvern veginn undir bifreiðina og færi milli framhjóla bifreiðarinnar án þess að lenda undir þeim. Vitnið kveðst ekki hafa séð gjörla það, sem skeði næst, en telur, að hægra afturhjól bifreiðarinnar hafi farið yfir barnið. Vitnið stöðvaði strax bifreið sína og hljóp þangað, sem telpan lá á götunni. Vitnið varð fyrst á staðinn, og kveður það telpuna hafa legið þannig á götunni, að höfuð hennar vísaði í áttina að húsinu Vestmannabraut 31. Telpan lá sem næst á vinstri hliðinni. Er vitnið gætti betur að, sá það, að höfuðkúpan var brotin og blæddi úr gagnaugum.

Vitnið Hilmar Sigurðsson skipasmiður skýrir svo frá, að það hafi setið við hlið vitnisins Erlings Ágústssonar í bifreið þess, sem kom akandi upp Bárustíg. Um það bil, sem bifreiðin var á móts við húsið Bárustíg 15, kveðst vitnið hafa séð telpu hlaupa af gangstéttinni vinstra megin (vestanmegin) og út á götuna fyrir bifreið, sem kom akandi hægt niður Bárustíg á vinstra vegarhelmingi. Vitnið kveðst hugsa, að telpan hafi hlaupið út á götuna um ½ m fyrir framan bifreiðina. Þegar telpan var komin aðeins fram fyrir miðja framhögghlífina, að því er vitnið telur, lenti högghlífin á telpunni. Sýndist vitninu telpan ekki detta strax, heldur ætla að snúa við til baka upp á gangstéttina, en féll í sama bili í götuna og þvældist einhvern veginn undir bifreiðina, að sögn vitnisins. Virtist vitninu vinstra afturhjól bifreiðarinnar fara yfir höfuð stúlkunnar. Telur vitnið, að hægt hefði verið að afstýra slysi þessu, hefði bifreiðarstjórinn hemlað strax, þegar bifreiðin lenti á telpunni.

Vitnið Þórður Stefánsson skipstjóri ber, að það hafi komið gangandi eftir syðri gangstétt Vestmannabrautar að gatnamótunum. Vitnið gekk út á Hilmisgötu og kveðst þá hafa séð, hvar barn lá undir bifreið, sem var í sömu andrá ekið hægt niður Bárustíg spölkorn frá vitninu. Barnið lá fyrir framan afturhjól bifreiðarinnar, og sá vitnið, að hendur barnsins hreyfðust. Vitnið snarstanzaði, þegar það sá þetta, og kveðst hafa séð, að hægra afturhjól bifreiðarinnar fór yfir höfuð barnsins, en síðan lá barnið hreyfingarlaust. Bifreiðin ók hægt á vinstra vegarhelmingi, er þetta skeði, en vitninu virtist bifreiðin ekki vera bein á götunni, en bifreiðarstjórinn rétti bifreiðina af, um leið og hún fór yfir barnið. Vitnið sá ekki, hvaðan telpan kom, þar eð vitnið kom fyrst auga á hana, þar sem hún lá undir bifreiðinni. Vitnið gekk síðan að telpunni og kveður hana hafa legið á vinstri hlið. Mikið blæddi úr telpunni, og kveður vitnið hana

hafa verið látna. Bifreiðin nam staðar nokkru neðar en slysið varð. Vitnið kveður svo til enga umferð hafa verið um gatnamótin í þann mund, er slysið varð, en allmargt fólk var neðar á Bárustíg.

Tvær smátelpur, 5 og 6 ára, sem voru með Soffíu, hafa skýrt svo frá, að þær þrjár hafi verið að koma frá Mjólkurbúðinni á Vestmannabraut 38. Þegar telpurnar voru staddar á gangstéttinni á horni Bárustígs og Vestmannabrautar og voru 1 eða 2 m frá horninu, hljóp Soffía út á götuna og datt skammt frá gangstéttinni, og var eins og hún hefði rekið tána í stein. Soffía settist upp að sögn telpnanna. Önnur telpan kveðst þá hafa tekið eftir bifreið, sem kom akandi í áttina til Soffíu, en hin telpan kvaðst fyrst hafa komið auga á bifreiðina, er hún kom akandi yfir Vestmannabraut. Telpurnar segja nefnda bifreið hafa rekizt í höfuð Soffíu, svo að hún lagðist alveg í götuna og lenti undir bifreiðinni. Báðar telpurnar segja, að vinstra afturhjólið hafi farið yfir telpuna.

Samkvæmt því, sem hér hefur verið rakið, verður að telja, að meginorsök slyssins hafi verið sú, að telpan, sem lét lífið í slysinu, hljóp skyndilega út á götuna rétt fyrir framan bifreið ákærða, sem þá var ekið hægt skammt frá vinstri gangstéttarbrún Bárustígs. Ekki verður rengd sú frásögn ákærða, að hann hafi ekki veitt telpunni neina athygli og ekki haft hugmynd um ferðir hennar, áður en slysið varð, enda hefur ekkert komið fram við rannsókn málsins, sem bendir til annars. Á hinn bóginn verður að telja, að ákærði hefði séð til ferða telpnanna þriggja, ef hann hefði sýnt fyllstu varúð og varkárni. Að vísu er stýri bifreiðarinnar hægra megin og því erfiðara fyrir ákærða að fylgjast með umferðinni vinstra megin við bifreiðina, en þegar þau atriði eru virt, *að* ákærði kom akandi á hægri ferð inn á Bárustíg frá Hilmisgötu, sem er í beinu framhaldi af fyrrnefndri götu, og ákærði virðist því með fyllstu aðgæzlu hafa átt að koma auga á telpurnar og haga akstri bifreiðarinnar í samræmi við það, meðan bifreiðin ók fram hjá telpunum, *að* umferð um gatnamótin var lítil, er slysið átti sér stað, svo og, *að* skv. frásögn sjónarvotta má ætla, að ákærði hefði getað afstýrt slysinu, ef hann hefði hemlað, eftir að telpan hljóp fyrir bifreiðina, telst eftir atvikum nokkuð hafa skort á aðgæzlu hjá ákærða, er slysið varð.

Með aðgæzluskorti sínum telst ákærði hafa gerzt brotlegur við 1. mgr. 27. gr. bifreiðalaga, nr. 23/1941, sbr. nú umferðar-

lög, nr. 26/1958, 37. gr., 1. mgr. Þá telst ákærði hafa brotið 215. gr. almennra hegningarlaga, nr. 19/1940, með því að gerast samvaldur að slysi, sem mannsbani hlauzt af, með akstri sínum, sem eftir atvikum telst ekki hafa verið nægilega gætilegur.

Þykir refsing ákærða skv. 215. gr. alm. hegningarlaga, nr. 19/1940, og 38. gr. bifreiðalaga, nr. 23/1941, sbr. nú umferðarlög, nr. 26/1958, 80. gr., hæfilega ákveðin 3.000,00 kr. sekt til ríkissjóðs, og komi varðhald í 15 daga í stað sektarinnar, verði hún eigi greidd innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa.

Þá þykir rétt skv. 39. gr. bifreiðalaga, nr. 23/1941, sbr. nú 81. gr. umferðarlaga, nr. 26/1958, að svipta ákærða ökuréttindum í 6 mánuði frá birtingu dóms þessa að telja.

Loks ber að dæma ákærða til að greiða allan kostnað sakarinnar, þar með talin málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Jóns Hjaltasonar hdl., kr. 800,00.

Dómsorð:

Ákærði, Daníel Kjartansson, greiði 3.000,00 kr. sekt til ríkissjóðs, og komi 15 daga varðhald í stað sektarinnar, verði hún ekki greidd innan 4 vikna frá lögbirtingu dómsins.

Ákærði er sviptur ökuréttindum í 6 mánuði frá birtingu dóms þessa.

Ákærði greiði allan kostnað sakarinnar, þar með talin málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Jóns Hjaltasonar hdl., kr. 800,00.

Dóminum skal fullnægja með aðför að lögum.

Miðvikudaginn 29. apríl 1959.

Nr. 93/1958. **Óskar Jörgensen**
og
Ingólfur Þorsteinsson
f. h. ólögráða sonar síns,
Arnar B. Ingólfssonar (Einar Ásmundsson hrl.)
gegn
Sigurði Kristjánssyni
(Benedikt Sigurjónsson hrl.).

Dóminn skipuðu hinir reglulegu dómarar Hæstaréttar.

Héraðsdómur ómerktur.

Dómur Hæstaréttar.

Áfrýjendur hafa skotið máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 23. júní 1958, að fengnu áfrýjunarleyfi 19. s. m. Krefjast þeir ómerkingar hins áfrýjaða dóms og málsmeðferðar í héraði svo og frávísunar málsins frá héraðsdómi. Þá krefjast þeir og málskostnaðar úr hendi stefnda í héraði og fyrir Hæstarétti.

Stefndi hefur ekki haft uppi nein andmæli gegn kröfum áfrýjenda.

Stefndi höfðaði mál þetta í héraði með stefnu 11. febrúar 1957 og gerði þá dómkröfu, að viðurkennd yrði skaðabótaskylda áfrýjenda vegna árekstrar bifreiða þeirra, er í málinu greinir. Þar sem fjárhæð dómkröfu er ekki tiltekin, er hún ódómhæf, sbr. 88. gr. laga nr. 85/1936, og verður því að ómerkja hinn áfrýjaða dóm og meðferð málsins í héraði og vísa málinu frá héraðsdómi. Þá ber og að dæma stefnda til að greiða áfrýjendum málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti, samtals kr. 3.000,00.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði dómur og málsmeðferð í héraði eiga að vera ómerk, og vísast málinu frá héraðsdómi.

Stefndi, Sigurður Kristjánsson, greiði áfrýjendum, Óskari Jörgensen og Ingólfi Þorsteinssyni f. h. Arnar

B. Ingólfssonar, kr. 3.000,00 í málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur bæjarþings Hafnarfjarðar 14. nóvember 1957.

Ár 1957, fimmtudaginn 14. nóvember, var í bæjarþingi Hafnarfjarðar af Kristni Ólafssyni, fulltrúa bæjarfógeta, kveðinn upp dómur í framangreindu máli, sem dómtekið var í gær.

Mál þetta hefur stefnandi, Sigurður Kristjánsson, Brunnastöðum, Vatnsleysuströnd, höfðað hér fyrir bæjarþinginu með stefnu, út gefinni 11. febrúar 1957, á hendur Óskari Jörgensen, Skipasundi 20, Reykjavík, og Ingólfi Þorsteinssyni, Bergþórugötu 37, Reykjavík, fyrir hönd ólögráða sonar hans, Arnar B. Ingólfssonar, sama staðar, og gerir þær réttarkröfur, að viðurkennd verði skaðabótaskylda þeirra vegna árekstrar bifreiðanna R-7150 og G-1209 við Kúagerði á Vatnsleysuströnd hinn 22. des. 1956. Þá krefst stefnandi málskostnaðar að mati réttarins.

Af hálfu stefnda Óskars Jörgensens er krafizt sýknu af öllum kröfum stefnanda og að honum verði dæmdur málskostnaður að skaðlausu.

Sömu kröfur eru hafðar uppi af hálfu stefnda Ingólfs Þorsteinssonar f. h. Arnar Ingólfssonar, hvor sem talinn sé eiga sök á árekstrinum.

Þá hefur Vátryggingarfélaginu h/f, Reykjavík, verið stefnt til réttargæzlu í máli þessu, en báðar bifreiðarnar voru tryggðar hjá því félagi. Engar kröfur hafa verið gerðar á hendur réttargæzlustefnda, og hann hefur engar kröfur gert.

Samkomulag var um það milli aðilja að skipta málinu skv. heimild í 71. gr. einkamálalaganna, i. f., og að það skyldi aðeins sótt og varið, að því er skaðabótaskylduna varðar, með áskildum rétti til að ræða síðar kröfuhæð og annað.

Málavextir eru þessir:

Hinn 22. desember 1956 var stefnandi í máli þessu á leið til Hafnarfjarðar í bifreið sinni, G-1209, sem er vöruflutningabifreið af Dodge-gerð. Ók hann sem leið liggur eftir Reykjanesbraut. Með honum í bifreiðinni var kona hans og sonur, 11 ára að aldri. Við svonefnt Kúagerði á Vatnsleysuströnd mætti stefnandi bifreiðinni R-7150, sem er stór vöruflutningabifreið af Volvo-gerð, eign stefnda Óskars Jörgensens, Reykjavík, en henni var ekið af stefnda Erni Ingólfssyni. Varð árekstur inn, um leið og bifreiðarnar mættust, með þeim afleiðingum, að þær

urðu fyrir allmiklum skemmdum, einkum þó G-1209. Myrkur var á, og óku báðar bifreiðarnar með ljósum. Bifreiðin R-7150 var með ca. 3 tonn af timbri, en ekki er upplýst, að G-1209 hafi verið með farm.

Stefnandi hefur borið, að hann hafi ekið mjög rólega og algerlega á sínum vinstri vegarhelmingi, er R-7150 rakst á bifreið hans með mikilli ferð. Kveðst hann skömmu áður hafa mætt annarri bifreið, og hafi hann þá lækkað ljósin á sinni bifreið og dregið úr hraða hennar í 25—30 km miðað við klst. Hann skýrði svo frá í lögregluskýrslu 23/12 1956, að ljósin frá bifreið stefnda hafi verið mjög sterk, og hafi hann ætlað að stöðva sína bifreið, þar sem hann sá illa vegna ljósanna, en sú fyrrnefnda hafi þá rekizt á hana, um leið og hún var að stöðvast. Fyrir bæjarþinginu 9. apríl sl. leiðrétti stefnandi framburð sinn á þann veg, að hann hefði verið búinn að stoppa bifreið sína, er áreksturinn varð.

Stefndi Örn Ingólfsson hefur skýrt svo frá, að hann hafi verið á leið til Keflavíkur í umrætt skipti. Hann kveðst hafa veitt bifreið stefnanda athygli, er hann átti skammt ófarið að Kúagerði, og hafi hún þá verið í 200—300 metra fjarlægð frá beygju, sem þar er á veginum, en óeðlilega mikið á hægri kanti séð frá honum. Hafi bifreiðin verið að færa sig yfir á vinstri kant, er bifreiðarnar nálguðust, og hafi hann reiknað með því, að hin bifreiðin kæmist fram hjá. Telur stefndi, að hann hafi ekið með ca. 40—50 km hraða miðað við klst., áður en bifreiðarnar mættust, en þá dregið mikið úr hraðanum, enda hafi bróðir hans, Guðmundur Ármann Ingólfsson, er var farþegi í bifreiðinni, haft við orð, að hann skyldi passa sig. Framburður vitnisins Guðmundar Ármanns, bróður stefnda, er mjög á sömu lund, að því undanskildu, að stefndi kveðst ekki hafa veitt því athygli, að bifreiðin G-1209 hafi snöggbeygt yfir á sinn vinstri vegarhelming, áður en áreksturinn varð, eins og bróðir hans hefur borið. Ber vitnið, að við þetta hafi G-1209 skekkzt á veginum, og hafi afturendi hennar staðið út á veginn, og óhugsandi hafi verið að aka fram hjá bifreiðinni. Telur það hægra pallhorn R-7150 hafa lent á hægra frambretti G-1209 og frambretti hennar á hægri hlið, þar sem hús og pallur mætast. Við þetta hafi G-1209 kastazt til að aftan, svo að afturhluti hennar lenti úti á kanti vegarins, en bifreiðin hafi lítið gengið til að framanverðu.

Stefndi kveðst hafa hemlað, en ekki fyrr en bifreiðarnar skullu

saman, en þar sem bifreið sín hafi ekki látið að stjórn, hafi hann látið hana renna yfir á hægri vegarbrún og stöðvað hana þar. Kom í ljós, að sprungið hafði á hægra framhjóli.

Skömmu eftir áreksturinn kom fólksbifreiðin R-8373 á staðinn, og hafa fjögur vitni, er í henni voru, sem athuguðu verksummerki að beiðni stefnda, gefið skýrslu hjá lögreglunni. Ber þeim saman um, að greinileg hjólför og hemlaför hafi verið eftir R-7150 frá vinstri vegarbrún á þeim stað, sem þeim virtist áreksturinn hafa orðið, eða þar, sem G-1209 stóð, þangað sem R-7150 hafði numið staðar eftir áreksturinn á hægri vegarhelmingi.

Lögreglan í Hafnarfirði kom á slysstaðinn og gerði afstöðuteikningu af honum, sem aðiljar eru sammála um, að sé rétt. Voru bifreiðarnar óhreyfðar, eins og þær höfðu stöðvazt eftir áreksturinn, en hjólför þau, sem vitni og stefndi Örn Ingólfsson telja sig hafa séð eftir R-7150 á vinstri vegarhelmingi, voru þá ekki sjáanleg þar, og af verksummerkjum þótti lögregluþjónunum mega ráða, að G-1209 hefði lítið færzt til við áreksturinn, því að hægra afturhjól hennar, sem var sprungið, hafði grópazt niður í kantinn á veginum, og var þar far eftir. Töldu lögregluþjónar, að pallhorn bifreiðanna hefðu rekizt saman og G-1209 dregizt þannig til, að framendi hennar vísaði út í veginn, en afturendi hennar farið út í kant og stöðvazt þar á vinstri vegarbrún.

Vitnið Úlfar Haraldsson, er kom á staðinn skömmu eftir áreksturinn, kveðst hafa veitt athygli holu 40—50 sm fyrir framan hægra afturhjól G-1209, er hann telur, að hafi myndazt við það, að bifreiðarstjórinn hafi staðið á bremsunni, er áreksturinn varð.

Af því, sem að framan hefur verið rakið, virðist ljóst, að bifreiðin G-1209 hafi lítið færzt úr stað við áreksturinn, og engin verksummerki á staðnum, er sýna, að henni hafi verið ekið á röngum vegarhelmingi. Hér við bætist, að bifreiðin G-1209 virðist einnig hafa verið um það bil að stöðvast, er áreksturinn varð. Hins vegar er R-7150 ekið með 40—50 km hraða skömmu fyrir áreksturinn, en dregið eitthvað úr hraðanum, áður en þær mættust, enda bifreiðarstjórinn verið sérstaklega aðvaraður af bróður sínum, er sat við hlið hans. Bifreiðarstjórinn á R-7150 beitir ekki hemlum bifreiðarinnar til þess að stöðva hana, fyrr en bifreiðarnar skella saman, að hann sjálfur segir, og hafði hann þó áður að eigin sögn séð bifreið koma á móti sér, sem

ekið var á hans vinstri vegarhelmingi. Þegar bifreiðarnar skella saman, er hraði R-7150 það mikill, að hún stöðvast ekki fyrr en 22 metrum fyrir aftan G-1209 og er þá komin fast út á hægri vegarbrún, enda segir hann, að bifreið hans hafi ekki látið að stjórn. Telur hann það hafa verið sökum þess, að sprungið hafði á hægra framhjóli.

Það er upplýst í málinu, að bifreiðin R-7150 var með timburfarm og áætlaður þungi hennar um 7 tonn.

Að þessu athuguðu virðist dómaranum, að stefndi hafi ekið of hratt og of innarlega á veginum, þegar áreksturinn varð, og alls ekki sýnt þá aðgæzlu, sem honum bar eftir öllum aðstæðum, sbr. 26. gr. og 28. gr. bifreiðalaga, nr. 23 frá 1941, og ber því að leggja alla sök á árekstrinum á hann.

Samkvæmt ákvæðum 35. gr. bifreiðalaga, nr. 23/1941, er ökumaður bifreiðar auk eiganda hennar skaðabótaskyldur, ef ökumaður á sök á slysi, og ber að taka til greina kröfu stefnanda um að dæma stefndu bótaskylda in solidum, eins og krafizt hefur verið.

Því ber og að dæma stefndu in solidum til greiðslu málskostnaðar í þessum hluta málsins, er þykir hæfilega ákveðinn kr. 800,00.

Því dæmist rétt vera:

Stefndu, Óskar Jörgensen og Ingólfur Þorsteinsson f. h. ólögráða sonar síns, Arnar B. Ingólfssonar, skulu skyldir að bæta in solidum stefnandanum tjón hans af árekstri bifreiðanna R-7150 og G-1209 hinn 22. des. 1956.

Þá greiði stefndu stefnandanum in solidum málskostnað með kr. 800,00 innan 15 daga frá lögbirtingu dóms þessa að viðlagðri aðför að lögum.

Miðvikudaginn 29. apríl 1959.

Nr. 55/1957. **Einar Pétursson** (Egill Sigurgeirsson hrl.)
gegn
Metcalfe, Hamilton, Smith, Beck Companies
(Benedikt Sigurjónsson hrl.).

Dóminn skipuðu hinir reglulegu dómarar Hæstaréttar.

Krafa um greiðslu fæðiskostnaðar. Skýring á kjarasamningi.

Dómur Hæstaréttar.

Áfrýjandi hefur skotið máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 26. marz 1957. Hann krefst þess, að stefnda verði dæmt að greiða honum kr. 15.900,00 ásamt 6% ársvöxtum frá 31. október 1955 til greiðsludags og málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti eftir mati dómsins.

Stefndi krefst *aðallega* staðfestingar héraðsdóms og málskostnaðar fyrir Hæstarétti eftir mati dómsins, en *til vara*, að honum verði einungis dæmt að greiða kr. 2.517,50 með 6% ársvöxtum frá 21. febrúar 1956 til greiðsludags og málskostnaður í héraði og fyrir Hæstarétti falli niður.

Ákvæði í kjarasamningum Félags íslenzkra rafvirkja og Félags löggiltra rafvirkjameistara í Reykjavík um ókeypis fæði rafvirkja við vinnu utan Reykjavíkur verða í skiptum málsaðilja eigi örugglega skýrð á þann veg, að áfrýjandi hafi átt rétt til nefndra hlunninda við vinnu í þjónustu stefnda á Keflavíkurflugvelli, þar sem var hérlent heimilisfang og aðalstarfsstöð stefnda. Verður héraðsdómurinn því staðfestur.

Eftir atvikum er rétt, að málskostnaður fyrir Hæstarétti falli niður.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður.

Málskostnaður fyrir Hæstarétti fellur niður.

Dómur bæjarþings Reykjavíkur 29. desember 1956.

Mál þetta, sem var dómtekið 26. f. m., hefur Einar rafvirki Pétursson, Flókagötu 12 hér í bæ, höfðað á bæjarþinginu með stefnu, út gefinni 22. febr. sl., gegn Metcalfe, Hamilton, Smith, Beck Companies, Keflavíkurflugvelli, til greiðslu skuldar, að fjárhæð kr. 15.000,00, með 6% ársvöxtum frá 31. október 1955 til greiðsludags og málskostnaðar að skaðlausu.

Stefndi hefur *aðallega* krafizt sýknu og málskostnaðar, en *til vara* stórfelldrar lækkunar á dómkröfum stefnanda og að málskostnaður verði látinn falla niður.

Málavextir eru þeir, að stefnandi réðst starfsmaður stefnda á Keflavíkurflugvelli hinn 4. maí 1953 og starfaði þar til 31. október 1955. Í samningi milli Félags íslenzkra rafvirkja og Félags löggiltra rafvirkjameistara í Reykjavík frá 20. des. 1952 er ákvæði um það, að rafvirki skuli hafa ókeypis fæði á vinnustað, þegar unnið er utan lögsagnarumdæmis Reykjavíkur. Ákvæði þetta er og í samningi sömu félaga frá 12. júní 1955 með nokkuð breyttu orðalagi. Telur stefnandi, að samkvæmt þessum ákvæðum hafi stefnda borið að láta sér í té ókeypis fæði allan þann tíma, er hann starfaði á Keflavíkurflugvelli, eða 30 mánuði, og telur hann fæðiskostnað sinn hafa numið kr. 530,00 á mánuði. Kveður stefnandi stefnda hafa vanefnt þessa skyldu sína, þrátt fyrir það að Félag ísl. rafvirkja hafi síðan á árinu 1952 borið fram margítrekaðar kröfur um, að þessum ákvæðum yrði framfylgt. Hefur stefnandi því höfðað mál þetta til heimtu fæðiskostnaðarins.

Stefndi byggir sýknukröfu sína á því, að með greindu samningsákvæði sé átt við það, að vinnuveitandinn sendi launþegann burt úr Reykjavík til starfa, en aðalvinnustaður og heimili beggja sé í Reykjavík. Hins vegar hafi stefndi aðalatvinnustað sinn og heimili á Keflavíkurflugvelli og beri því ekki að sjá starfsmönnum sínum fyrir ókeypis fæði, þegar vinnan fer þar fram. Varakröfuna byggir stefndi á því, að fæðiskostnaður stefnanda hafi ekki numið kr. 530,00 á mánuði, svo og, að þótt stefnandi kynni að eiga rétt á ókeypis fæði samkvæmt kjarasamningi rafvirkja frá 12. júní 1955, hafi hann ekki átt þann rétt samkvæmt samningnum frá 20. des. 1952. Loks hefur stefndi talið, að með því að vinna og taka við launagreiðslum í meira en tvö ár án athugasemda, hafi stefnandi svipt sig þeim rétti, sem hann kynni að hafa átt til þess að krefja fé þetta.

Í 4. tl. 6. gr. fylgiskjals II með l. nr. 110 frá 1951 segir m. a. svo um íslenzka borgara, sem ráðnir eru til starfa hjá liði Bandaríkjanna: „Ráðningarkjör og vinnuskilyrði, einkum vinnulaun, launauppbætur og öryggisráðstafanir við vinnu, skulu fara að íslenzkum lögum og venjum.“ Samkomulag er um það við varnarliðið, að með þessu sé átt við þau starfskjör, sem tíðkast í hverri starfsgrein í Reykjavík samkvæmt lögum, venjum og samningum, viðurkenndum af Alþýðusambandi Íslands. Stefndi, sem er bundinn við sömu skilyrði að þessu leyti sem varnarliðið, er því skyldur að veita starfsmönnum sínum sams konar kjör sem þau, er gilda í Reykjavík, en hins vegar verður ekki séð, að framangreind ákvæði leiði til þess, að starfsmenn stefnda skuli vera að öllu leyti svo settir sem væru þeir ráðnir til starfa í Reykjavík hjá vinnuveitanda, er hefði þar aðsetur. Ákvæði kjarasamninga kunna því að vera svo staðbundin við Reykjavík, að eigi sé unnt né eðlilegt að beita þeim um ráðningarkjör starfsmanna hjá stefnda.

Samningur sá, er hér um ræðir, er annars vegar af hálfu Félags íslenzkra rafvirkja, hvar á landi sem þeir kunna að eiga lögheimili, en hins vegar af hálfu Félags löggiltra rafvirkjameistara í Reykjavík. Er af þessu ljóst, að ákvæðið um vinnu utan lögsagnarumdæmis Reykjavíkur er eingöngu miðað við athafnasvæði og aðsetur vinnuveitandans, en ekki við lögheimili rafvirkjans, enda er hvergi í samningnum á það minnzt. Þegar virtar eru allar aðstæður, þykir ekki fært að telja, að þetta ákvæði hafi þýðingu fyrir stefnda, sem hefur aðsetur sitt og athafnasvæði á Keflavíkurflugvelli, eins og stefnanda var kunnugt, þegar er hann réðst til hans starfsmaður.

Samkvæmt framanrituðu þykir stefnandi ekki eiga kröfu til ókeypis fæðis hjá stefnda samkvæmt margnefndu samningsákvæði, og ber því að taka sýknukröfu stefnda til greina, en eftir atvikum þykir rétt, að málskostnaður falli niður.

Bjarni Bjarnason, fulltrúi borgardómara, kvað upp dóminn.

Dómsorð:

Stefndi, Metcalfe, Hamilton, Smith, Beck Companies, skal vera sýkn af kröfum stefnanda, Einars Péturssonar, í máli þessu, en málskostnaður falli niður.

Miðvikudaginn 29. apríl 1959.

Nr. 33/1958. **Kaupfélag Suðurnesja**
(Guðm. Ásmundsson hrl.)
gegn
Júníusi Ólafssyni (Áki Jakobsson hrl.)
og gagnsök.

Dómendur:
hæstaréttardómararnir Árni Tryggvason, Gizur Bergsteinsson, Jón Ásbjörnsson og Jónatan Hallvarðsson og Ármann Snævarr prófessor.

Slysabætur. Sératkvæði.

Dómur Hæstaréttar.

Aðaláfrýjandi, sem hefur skotið máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 4. marz 1958, að fengnu áfrýjunarleyfi 27. febrúar s. á., gerir *aðallega* þær dómkröfur, að hann verði algerlega sýknaður og að sér verði dæmdur málskostnaður úr hendi gagnáfrýjanda bæði í héraði og fyrir Hæstarétti. *Til vara* krefst hann þess, að dæmd fjárhæð verði lækkuð og að málskostnaður í héraði verði felldur niður, en gagnáfrýjanda dæmt að greiða honum málskostnað í Hæstarétti að mati dómsins.

Gagnáfrýjandi hefur skotið máli þessu til Hæstaréttar af sinni hálfu með stefnu 25. marz 1958, að fengnu áfrýjunarleyfi 19. s. m. Krefst hann þess, að aðaláfrýjanda verði dæmt að greiða honum kr. 170.495,00 ásamt 6% ársvöxtum af þeirri fjárhæð frá 7. september 1953 til greiðsludags og málskostnað fyrir báðum dómum að mati Hæstaréttar.

Eftir uppsögu héraðsdóms hefur Bergþór læknir Smári að nýju skoðað gagnáfrýjanda hinn 6. marz sl. Telur hann skoðun sína ekki leiða neitt nýtt í ljós og því ekki unnt að breyta fyrra örorkumati frá 12. febrúar 1955.

Þá hefur Guðjón Hansen tryggingafræðingur reiknað tjón gagnáfrýjanda sökum varanlegrar örorku með tilliti til þeirra breytinga, sem orðið hafa á kaupgjaldi verkamanna og tekjum háseta á fiskiskipum frá því í september 1957 þar til í marzmánuði sl. Reiknast honum örorkutjónið kr.

120.593,00, þegar miðað er eingöngu við breytingar, sem orðið hafa á Dagsbrúnartaxta á þessu tímabili, en kr. 127.337,00, ef gert er ráð fyrir, að gagnáfrýjandi hefði aðalatvinnu af sjósókn, en af landvinnu að nokkru leyti, svo sem gert var í reikningum K. G. Guðmundssonar, dags. 30/4 1955 og 30/9 1957 og nánar er rakið í héraðsdómi. Er hvort tveggja miðað við slysdag.

Verður nú vikið að efni málsins.

Áður en gagnáfrýjandi og unglingar þeir, sem með honum áttu að vinna, tækju til starfa í lest v/s Hegra að morgni þess dags, er slysið varð, bar verkstjóra aðaláfrýjanda að athuga, hvernig umhorfs var í lestinni, gera nauðsynlegar varúðarráðstafanir og segja fyrir um, hvernig haga skyldi vinnunni, m. a. með það fyrir augum, að sem minnst slysahætta stafaði af. Telja verður nægjanlega sannað, að hann lét þetta undir höfuð leggjast, enda ber að meta vafa um sönnunaratriði aðaláfrýjanda í óhag, þar eð hann hlutaðist ekki til um rannsókn á atvikum að slysinu, svo sem boðið er í 26. gr. laga nr. 23/1952. Er aðaláfrýjandi því skaðabótaskyldur vegna slyssins. Hins vegar verður að telja í ljós leitt, að gagnáfrýjandi og piltur sá, sem með honum vann, hafi fyrst tekið til affermingar pokaröð þá, er var fyrir framan aðalstæðuna. Átti gagnáfrýjandi, sem var ekki með öllu óvanur affermingu á sementi, að sjá, að því fylgdi nokkur aukin áhætta sökum þess, hversu aðalstæðan var há. Verður gagnáfrýjandi því að bera sjálfur nokkurn hluta þess tjóns, er hann hlaut af slysinu. Þykir hæfilegt, að aðaláfrýjandi bæti honum $\frac{4}{5}$ hluta þess, en að hann beri sjálfur $\frac{1}{5}$ hluta.

Tjón gagnáfrýjanda sökum atvinnumissis og örorku telst hæfilega metið kr. 80.000,00. Að öðru leyti ber að fallast á ákvörðun héraðsdóms um fjárhæð tjónsins. Verður aðaláfrýjanda því dæmt að greiða gagnáfrýjanda $\frac{4}{5}$ hluta af kr. 101.000,00 (kr. 80.000,00 + kr. 20.000,00 + kr. 1.000,00), þ. e. kr. 80.800,00, ásamt 6% ársvöxtum frá 7. september 1953 til greiðsludags. Svo greiði aðaláfrýjandi og gagn-

áfrýjanda málskostnað fyrir báðum dómum, sem ákveðst samtals kr. 14.000,00.

Dómsorð:

Aðaláfrýjandi, Kaupfélag Suðurnesja, greiði gagnáfrýjanda, Júníusi Ólafssyni, kr. 80.800,00 auk 6% ársvaxta frá 7. september 1953 til greiðsludags og kr. 14.000,00 í málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti.

Dóminum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Sératkvæði
Gizurar Bergsteinssonar hæstaréttardómara.

Hinn 7. september 1953 var gagnáfrýjandi ráðinn til að vinna þann dag að uppskipun á sementi úr norsku skipi og var settur til vinnu í þriðju lest skipsins. Var hann bakborðs megin að starfa ásamt ungmenni, en tvö ungmenni stjórnborðs megin.

Þá er þeir hófu vinnu, var lokið við að skipa upp sementspokum þeim, sem í miðju lestarinnar höfðu verið. Stóðu starfsmennirnir á gólfi lestarinnar, en umhverfis þá var sementspokastæða meðfram veggjum lestarinnar í rúmlega axlarhæð, að því er helzt má ráða af frásögnum. Fyrir framan aðalstæðuna var pokastallur. Byrjuðu þeir gagnáfrýjandi og félagi hans að taka poka þessa. Því næst teygði gagnáfrýjandi sig upp á aðalstæðuna, sem virðist hafa slútt fram, til þess að ná ofan af henni sementspoka. Við það hrundi stæðan fram, og varð gagnáfrýjandi undir henni og hlaut lærbeinsbrot á vinstra fæti.

Það liggur í augum uppi, að gagnáfrýjandi, sem er roskinn maður og reyndur, fór gálauslega að ráði sínu, er hann seildist til efsta pokans á stæðunni, er hallaðist fram, og kippti honum niður, enda hrundi pokastæðan þá yfir gagnáfrýjanda. Hins vegar bar verkstjóra aðaláfrýjanda skylda til að stjórna verki við uppskipunina þannig, að gætt væri fyllstu varkárni. Þetta vanrækti hann, þar sem

umbúnaðurinn um sementspokana í lestinni var hættulegur, þá er gagnáfrýjandi tók til starfa þar. Að öllum málavöxtum athuguðum er hæfilegt að skipta sök á slysinu þannig, að lögð sé á aðaláfrýjanda ⅔ ábyrgðar á tjóni því, sem gagnáfrýjandi beið vegna slyssins. Þykir það hæfilega metið þannig:

1.–2.	Atvinnu- og orkutjón gagnáfrýjanda	kr. 80.000,00
3.	Þjáningabætur	— 20.000,00
4.	Kostnaður	— 1.000,00
		Alls kr. 101.000,00

Ber að dæma aðaláfrýjanda til að greiða ⅔ þeirrar fjárhæðar, þ. e. kr. 67.333,33, ásamt 6% ársvöxtum frá 7. september 1953 til greiðsludags og svo málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti, sem þykir hæfilega ákveðinn kr. 12.000,00.

Dómsorð:

Aðaláfrýjandi, Kaupfélag Suðurnesja, greiði gagnáfrýjanda, Júníusi Ólafssyni, kr. 67.333,33 ásamt 6% ársvöxtum frá 7. september 1953 til greiðsludags og kr. 12.000,00 málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti að viðlagðri aðför að lögum.

Sératkvæði
Jónatans Hallvarðssonar hæstaréttardómara.

Aðaláfrýjandi hlutaðist eigi til um opinbera rannsókn á slysförum gagnáfrýjanda, svo sem boðið er í 26. gr. laga nr. 23/1952, um öryggisráðstafanir á vinnustöðum. Verður aðaláfrýjandi því að bera hallann af því, að sum atvik málsins liggja eigi ljóst fyrir.

Er gagnáfrýjandi kom til starfs í lest v/s Hegra að morgni hinn 7. september 1953, var aðstaða til vinnu þar hættuleg vegna bratta og hæðar sementsstálsins, eins og í héraðsdómi greinir. Bar aðaláfrýjanda því samkvæmt 1. mgr. 24. gr. nefndra laga að gera nauðsynlegar öryggisráðstafanir til varnar gegn slysum á verkamönnum, sem í lest-

inni unnu. Eigi einungis var þetta vanrækt, heldur lét verkstjóri aðaláfrýjanda undir höfuð leggjast að koma í lestina til eftirlits og forsagnar um starfstilhögun. Þá er ósannað, að verkstjórinn hafi umræddan dag sett verkamönnum starfsreglur, eins og hann hefur borið og rakið er í héraðsdómi. Á hinn bóginn verður eigi talið örugglega í ljós leitt, að gagnáfrýjandi hafi, svo að máli skipti, hagað vinnu sinni á annan veg en verkstjórinn telur sig hafa til ætlazt.

Að svo vöxnu máli þykja gagnáfrýjanda í máli þessu eigi verða metin til sakar vinnubrögð hans né það, að hann hóf vinnu þrátt fyrir greindar aðstæður af hendi aðaláfrýjanda. Ber því að staðfesta ákvæði héraðsdóms um ábyrgð aðaláfrýjanda á tjóni gagnáfrýjanda.

Bætur úr hendi aðaláfrýjanda samkvæmt 1. og 2. kröfulið gagnáfrýjanda þykja hæfilega ákveðnar kr. 80.000,00, en staðfesta ber úrlausn héraðsdóms um 3. og 4. kröfulið. Samkvæmt þessu á aðaláfrýjandi að greiða gagnáfrýjanda kr. 101.000,00 ásamt 6% ársvöxtum frá 7. september 1953 til greiðsludags og málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti, samtals kr. 16.000,00.

Dómsorð:

Aðaláfrýjandi, Kaupfélag Suðurnesja, greiði gagnáfrýjanda, Júníusi Ólafssyni, kr. 101.000,00 ásamt 6% ársvöxtum frá 7. september 1953 til greiðsludags og málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti, kr. 16.000,00, að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur bæjarþings Reykjavíkur 26. október 1957.

Mál þetta, sem tekið var til dóms 16. þ. m., hefur Júníus Ólafsson, Arnarhóli, Blesugróf hér í bæ, höfðað á bæjarþinginu með stefnu, út gefinni 25. maí 1955, gegn Kaupfélagi Suðurnesja, Keflavík, til greiðslu skaðabóta, að fjárhæð kr. 170.459,00, ásamt 6% ársvöxtum frá 7. september 1953 til greiðsludags og málskostnaðar eftir mati dómsins.

Stefndi hefur *aðallega* krafizt sýknu og málskostnaðar, en

til vara, að krafa stefnanda verði stórlega lækkuð og málskostnaður látinn niður falla.

Málsatvik eru þessi:

Í byrjun september 1953 lá norskt flutningaskip, Hegra frá Þrándheimi, í Keflavíkurhöfn og losaði sementsfarm til stefnda. Að morgni hins 7. þess mánaðar var unnið að því að losa III. lest skipsins. Sementið var í pokum, svo sem venja er til, og var pokunum staflað á fleka niðri í lestinni, en síðan voru flekarnir dregnir upp úr lestinni með togvindum skipsins og settir á bíla, er stóðu við skipshlið. Er vinna hófst umræddan morgun, voru fjórir menn sendir til vinnu í lest þessari, stefnandi og þrír unglingar, en verkamenn, sem væntanlegir munu hafa verið frá Reykjavík, voru þá enn eigi komnir. Kom þeim félögum saman um að haga verkinu svo, að tveir væru við hvern fleka í stað þess að vera fjórir, svo sem annars var venja. Er unnið hafði verið skamma hríð, hrundi sementsstaflinn niður þeim megin í lestinni, sem stefnandi stóð, og grófst hann í sementspokum upp að mitti. Hlaut stefnandi brot á efri enda vinstri lærleggs við hnjask þetta.

Rannsókn á tildrögum slyss þessa hófst ekki fyrr en í byrjun marz 1954 og lauk í maí s. á., en að beiðni lögmanns stefnanda í bréfi, dags. 6. janúar 1954, til bæjarfógetans í Keflavík var málið þá rannsakað af lögreglunni í Keflavík. Undir rekstri málsins hér á bæjarþinginu hafa stefnandi og sjónarvottar að slysinu einnig gefið skýrslur um tildrög þess. Verða skýrslur þessar nú raktar í höfuðdráttum.

Stefnandi skýrir svo frá, að á þeim tíma, er slysið varð, hafi hann verið sjómaður á báti frá Keflavík, en þar eð landlega var um þessar mundir, hafi hann ráðið sig til vinnu þessarar hjá stefnda umræddan dag. Er þeir vinnufélagarnir komu niður í lestina um morguninn, hafi þannig hagað til þar, að autt hafi verið orðið um miðja lestina allt niður að gólfi, en allt umhverfis hafi verið staflar af sementspokum. Framan við staflann bakborðs megin í lestinni hafi verið stallur úr einfaldri röð af pokum, og hafi hæð stallsins numið tveim pokaþykktum. Frá stalli þessum hafi efri brún aðalstaflans náð manni í öxl. Hinn 15. febrúar 1956 skýrir stefnandi svo frá fyrir dómi, að hann muni þá ekki, „hvað af sementinu hann byrjaði að afgreiða, en minnir þó, að hann hafi tekið fyrst af stæðunni fremstu pokaröðina". Virðist þar átt við aðalstaflann, en ekki stall þann, sem stefnandi kveður hafa verið fyrir framan hann. Er slysið

varð, kveðst stefnandi hafa teygt sig upp á aðalstæðuna eftir sementspoka, en um leið og hann hreyfði við pokanum, hafi stæðan hrunið með fyrrgreindum afleiðingum. Stefnandi kveðst ekki minnast þess, að verkstjóri stefnda við uppskipun sementsins færi með þeim félögum niður í lestina um morguninn, er vinna hófst, en hann muni, að verkstjórinn hafi engar fyrirskipanir gefið þeim um tilhögun verksins né aðvarað þá á nokkurn hátt. Ekki kveðst stefnandi muna, hvort „lúgumaðurinn" kallaði fyrirskipanir niður í lestina til þeirra. Getur stefnandi þess í því sambandi, að heyrn hans sé ekki góð.

Vitnið Karl Steinar Guðnason skýrir svo frá, að það og stefnandi hafi verið að verki bakborðs megin í lestinni. Er þeir hófu vinnu um morguninn, hafi pokastæðan þeim megin í lestinni ekki verið stölluð, heldur hafi stál hennar verið lóðrétt og stæðan slútt fram í lestina. Fyrir framan stæðuna hafi þó verið tvær eða þrjár pokaraðir, en hæð þeirra hafi verið misjöfn, 2—6 pokar í hæðinni. Þeir stefnandi hafi byrjað að taka pokaraðir þessar, en ekki tekið til við sjálfa stæðuna fyrr en að því verki loknu. Hafi þeir þá teygt sig upp á brún hennar og fyrst tekið fremstu röðina. Er þeir hrófluðu við pokunum, hafi hreyfing komið á stæðuna, en nokkra poka hafi þeir verið búnir að taka, er stæðan hrundi. Gat vitnið forðað sér, en það kveður stefnanda hafa orðið undir stæðunni, þar eð brettið, sem sementið var sett á, hafi verið fyrir framan hann og verið fyrir honum, er hann hafi ætlað að forða sér. Vitnið segir, að í umrætt sinn hafi verið unnið að töku sementsins í lestinni með sama hætti og áður hafi verið gert, þannig að hver stallur, sem byrjað var á, hafi verið tekinn niður í gólf. Vitnið segir, að áður en vinna hófst umræddan morgun, hafi verkstjórinn fylgt þeim vinnufélögum fjórum um borð í skipið og sett þá til vinnu í lest þessari, en engar fyrirskipanir gefið þeim aðrar, hvorki um tilhögun verksins né annað.

Vitnið Ísleifur S. Vilhjálmsson skýrði svo frá við lögregluranns óknina út af slysinu, að það hefði verið annar þeirra manna, er unnu stjórnborðs megin í lest skipsins, er slysið varð. Rúmum tveim árum síðar skýrði það hins vegar svo frá fyrir dómi, að það hefði verið að verki bakborðs megin í lestinni. Hvikaði vitnið ekki frá þeirri staðhæfingu, er það var þá nánar innt eftir þessu. Við lögregluranns óknina kvað vitnið þannig hafa verið umhorfs í lestinni, er vinna hófst um morguninn, að aðalstaflinn hafi verið heill, en fyrir framan hann hafi verið tveir

lágir stallar, en autt rúm á gólfinu fram undan þeim. Fyrir dómi í fyrrnefnt sinn lýsti vitnið þessu nánar. Kvað það stalla þessa hafa verið misháa, og hafi stallur sá, er nær var stæðunni sjálfri, verið hærri en hinn, sem fjær var. Kvað vitnið efri brún stæðunnar mundu hafa náð því í öxl, hefði það staðið uppi á hærri stallinum, en efri brún þess stalls náð því í mitti, hefði það staðið uppi á neðri stallinum. Og hefði það staðið á lestargólfinu, mundi efri brún neðri stallsins hafa náð því í svipaða hæð. Vitnið kveður sig minna, að í hvorum stalli hafi verið einföld röð poka, svo og, að endar pokanna hafi snúið fram og aftur í lestinni. Þá minni það, að það og sá, er með því vann, hafi byrjað á því um morguninn að taka pokana efst úr stæðunni. Vitnið kveður svo hafa verið umhorfs sem að framan er lýst í þeim hluta lestarinnar, sem það vann í. Hins vegar hafi það ekki veitt því athygli, hvernig sementspokunum var staflað þeim megin í lestinni, sem stefnandi vann. Vitni þetta kveðst hafa unnið að losun sements úr skipi þessu næstu dagana fyrir slysið. Hafi verkstjórinn þá gefið þeim, er í lestunum unnu, þau ein fyrirmæli um tilhögun verksins, að þeir skyldu grafa sig niður í botn sitt hvorum megin í skipinu með þeim hætti að stalla sementsstaflann. Hafi hann og mælt svo fyrir, að stallarnir skyldu ekki hafðir mjög háir, til þess að ekki hlytist slys af. Engin slík fyrirmæli hafi verkstjórinn hins vegar gefið umræddan morgun.

Vitnið Brynjar Valdimarsson kveðst hafa verið að verki stjórnborðs megin í lest skipsins í umrætt sinn ásamt Ísleifi S. Vilhjálmssyni. Við lögreglurannsókn komu engin atriði fram í skýrslu þessa vitnis, er máli skipta, og fyrir dómi skýrði vitnið svo frá um 2½ ári eftir slysið, að atburðir umræddsmorguns væru óljósir orðnir í minni þess.

Vitnið Jón Eiríksson, sem var verkstjóri stefnda við verk það, sem um ræðir, skýrir svo frá, að það hafi ekki farið ofan í margnefnda lest um morguninn fyrr en eftir, að slysið varð. Kvöldið áður hafi hins vegar verið svo umhorfs í lest þessari, að sementið hafi verið stallað niður, og hafi stallarnir verið um það bil mittishár. Hvergi hafi sementsstæðan verið hærri en um ein mannhæð, og um miðja lestina bakborðs megin, þar sem slysið varð, hafi stæðan verið „heil út við síðuna", en einn stallur fyrir framan hana. Autt hafi þá verið orðið í miðri lestinni allt að gólfi. Ekki kveðst vitnið muna, hvort röð pokanna í stalli þessum hafi verið einföld eða tvöföld. Vitnið kveðst hafa farið um borð í skipið

um morguninn og gefið stefnanda og félögum hans fyrirmæli um að taka fyrst ofan af aðalstæðunni með því að standa uppi á stallinum, sem fyrir framan hana var, þar eð hann hafi óttazt, að hætta gæti stafað af því að taka stallinn fyrst. Er þeir félagarnir hófu verk sitt í lestinni, hafi hann áréttað þessi fyrirmæli sín, þar eð einn þeirra hafi þá þegar ætlað að byrja að taka af stallinum. Kveðst vitnið hafa álitið, að þeir félagar hafi heyrt fyrirskipanir þess og áminningar, en eigi hafi það vitað, að stefnandi væri heyrnarsljór. Það hafi heldur ekki vitað, hvort stefnandi fór eftir fyrirmælum þess við vinnu sína, þar sem það hafi farið aftur í land til þess að skipuleggja önnur störf við uppskipunina. Kveðst vitnið hafa verið á bryggjunni, er því var skýrt frá slysinu.

Vitnið Baldvin Jónsson, sem var „lúgumaður" við III. lest í umrætt sinn, skýrir svo frá, að Jón verkstjóri hafi komið um borð í skipið um morguninn og gefið stefnanda og félögum hans fyrirmæli um að vinna tveir og tveir saman í hvorri síðu skipsins, en ekki kveðst vitnið muna, hvort verkstjórinn gæfi þeim frekari fyrirskipanir. Það minni þó, að hann hafi mælt svo fyrir, að stalla skyldi sementið, en ekki „rífa undan". Vitnið kveðst hafa staðið landmegin við lestaropið, örlítið til hliðar við það, og hafi það þá ekki getað fylgzt með athöfnum þeirra, sem bakborðs megin unnu í lestinni. Skömmu eftir að vinna hófst um morguninn, hafi fyrrnefndur Ísleifur Vilhjálmsson og sá, er með honum vann, flutt sig úr stjórnborðshlið lestarinnar yfir í bakborðshliðina, þar sem stefnandi var. Kveðst vitnið hafa beðið þá að vera kyrra, þar sem þeir höfðu verið, en það hafi komið fyrir ekki. Er slysið varð, hafi þeir félagar því allir verið bakborðs megin í lestinni. Ekki gat vitni þetta um það borið, hvernig umhorfs var í lestinni, er vinna hófst um morguninn.

Stefnandi reisir kröfu sína í málinu á því, að slys þetta hafi orðið með þeim hætti, að stefndi beri fébótaábyrgð á tjóni því, sem af því hlauzt. Ljóst sé, að stæða sú, sem niður féll, hafi verið of há orðin, vegna þess að verkamenn þeir, sem unnið höfðu í lestinni daginn áður, hafi ekki gætt þess að stalla hana niður jafnóðum. Hafi verkstjóri stefnda ekki litið nægilega vel eftir því, að þess væri gætt, en mjög sé háskalegt við uppskipun á sementi, að stæðurnar í lestunum verði of háar. Þá bendir stefnandi á, að hann hafi engar leiðbeiningar fengið um það, hvernig verkinu skyldi hagað, en hann telji, að ekki hafi verið hægt að framkvæma það öðruvísi en gert var, að minnsta kosti ekki með þeim mannafla, sem í lestinni var.

Stefndi reisir sýknukröfuna á því, að ekki hafi annað verið leitt í ljós en slys það, sem mál þetta er sprottið af, hafi eingöngu orðið vegna gáleysis og mistaka stefnanda sjálfs. Af framburði verkstjórans, Jóns Eiríkssonar, verði eigi annað séð en hann hafi veitt stefnanda og þeim, sem með honum unnu, fullar leiðbeiningar um það, hvernig losun sementsins skyldi hagað, og verði eigi annað ráðið af framburði hans en þær leiðbeiningar hafi í einu og öllu verið réttar. Hins vegar beri framburður vitnisins Karls Guðnasonar það með sér, að það og stefnandi hafi ekki gætt þeirrar aðferðar við verkið, sem verkstjórinn hafi mælt fyrir um, þar sem þeir hafi byrjað á því að taka pokana úr stallinum fyrir framan sjálfa aðalstæðuna í stað þess að lækka stæðuna, eins og sjálfsagt hafi verið.

Er vinna hófst umræddan morgun, bar verkstjóra stefnda að fara niður í lestina með stefnanda og vinnufélögum hans til þess að kynna sér, hvernig umhorfs væri þar, og gefa þeim glögg fyrirmæli um það, hvernig þeim bæri að ganga að verki, svo og að fylgjast með því, að farið væri að fyrirmælum hans. Leitt er í ljós, að verkstjórinn vanrækti þetta. Var þó sérstaklega rík ástæða til slíkrar árvekni af hans hendi, þar sem menn þessir voru vart af barnsaldri utan stefnandi, en starf þetta allhættusamt og nauðsynlegt, að gætt væri fyllstu aðgæzlu. Að þessu athuguðu og þegar þess jafnframt er gætt, að telja verður nægjanlega fram komið, að svo hafi verið frá sementspokastaflanum gengið bakborðs megin í lestinni af þeim, sem fyrr höfðu unnið þar, að veruleg hætta væri á því, að úr staflanum hryndi, ef við honum væri hróflað, þá þykir bera að leggja á stefnda fébótaábyrgð á slysinu.

Þess var áður getið, að af hendi stefnda var ekki hlutazt til um, að opinber rannsókn færi þegar fram á tildrögum slyssins, svo sem rétt var og skylt, heldur dróst úr hömlu, að slík rannsókn væri framkvæmd. Með skírskotun til þess og þar sem ekki er örugglega leitt í ljós, að orsök slyssins verði að einhverju leyti rakin til gáleysis stefnanda eða mistaka, eru ekki efni til að takmarka fébótaábyrgð stefnda á slysinu. Verður honum því gert að bæta stefnanda tjón hans að fullu.

Kröfu sína hefur stefnandi sundurliðað þannig:

1.	Atvinnutjón í 6 mánuði	kr. 15.750,00
2.	Örorkutjón	— 99.745,00
3.	Bætur fyrir sársauka, vanlíðan og lýti	— 50.000,00
4.	Lækniskostnaður	— 5.000,00
		Samtals kr. 170.495,00

Við málflutning hinn 21. þ. m. hækkaði stefnandi fjárhæð 2. kröfuliðar í kr. 113.937,00, en lækkaði að sama skapi 3. kröfulið í kr. 39.808,00 og 4. kröfulið í kr. 1.000,00. Af hendi stefnda var ekki hreyft athugasemdum gegn breytingu þessari á sundurliðun kröfunnar, enda er samanlögð fjárhæð hennar hin sama og áður.

Þegar eftir slysið var stefnandi fluttur í Landspítalann. Við skoðun kom í ljós, að efri endi vinstri lærleggs hafði brotnað, og höfðu brotendarnir gengið mjög á misvíxl. Daginn eftir var brotið lagfært með skurðaðgerð og brotendarnir festir saman með 3 skrúfum. Lá stefnandi í sjúkrahúsinu til 26. október 1953, en eftir það heima, þar til rúmir þrír mánuðir voru liðnir frá aðgerðinni, en þá byrjaði hann að hafa fótavist.

Hinn 30. desember 1953 skoðaði Snorri Hallgrímsson yfirlæknir stefnanda. Í vottorði læknisins, dags. 2. janúar 1954, segir á þessa leið:

.... „Við skoðun hinn 30. f. m. kemur eftirfarandi í ljós: Áberandi helta á vinstra fæti, gengur við einn staf. Á utanverðri v. mjöðm er ör eftir áðurnefnda skurðaðgerð, vel gróið. Nokkur þroti er þó í kringum mjaðmahnútuna, og finnur maður þar móta fyrir naglahausunum. Vinstri ganglimur er 3 sm styttri en sá hægri. Vinstri kálfi mælist 2 sm rýrari en sá hægri og v. lærleggur 1½ sm rýrari. Hreyfingar í vinstri mjöðm eru verulega takmarkaðar. Út- og innrótation er sama og engin, abduction 40 gr., flexion eðlileg, en um 15 gr. flexionskontraktur í mjöðminni. Hreyfing í hné og ökla er eðlileg. Grófur kraftur er sæmilegur. Líklegt þykir, að síðar meir muni reynast nauðsynlegt að fjarlægja skrúfurnar úr vinstra lærlegg."

Bergþór Smári læknir hefur metið örorku stefnanda vegna meiðsla þeirra, er hann hlaut við slysið. Í örorkumati hans, dags. 12. febrúar 1955, segir á þessa leið:

.... „Slasaði mætti til viðtals og skoðunar í skrifstofu tryggingayfirlæknis 9. febr. 1955. Hann hefur unnið sl. ár, þar af 3—4 sl. mánuði á línubát. Hann kvartar um þreytuverki í vinstri ganglim, mjöðm og baki, einkum við áreynslu.

Skoðun: 5 sm stytting er á vinstra læri. Engin vöðvarýrnun er mælanleg. Beyging og rétting í mjöðm er eðlileg, en fráfærsla (abduction) og hverfihreyfing (rotation) eru talsvert hindraðar. Slasaði gengur haltur.

Röntgenmynd, tekin í Landspítalanum 1/2 '55, sýnir gróið mjaðmarbrot (fract. peritrochanterica fem. sin.).

Tímabært telst að meta varanlega örorku slasaða af völdum nefnds slyss, og þykir hún hæfilega áætluð

25%."

Í byrjun árs 1957 kom það fram í samtali, er formaður dómsins átti við stefnanda, að hann hefði verið til lækninga hjá Ragnari Sigurðssyni lækni vegna meiðsla þeirra, er hann hlaut við slysið. Með hliðsjón af því og þar eð tæp tvö ár voru þá liðin, frá því að mat Bergþórs læknis Smára á örorku stefnanda fór fram, varð það að ráði í samráði við lögmenn aðiljanna, að aflað yrði vottorðs læknis þessa um meiðsli stefnanda og batahorfur. Í vottorði læknisins, sem dags. er 14. febrúar 1957, segir á þessa leið:

„Júníus ... er með mjög sverar arthrosur í báðum mjaðmarliðum. Spondylarthroitiskar breytingar í col. lumbosacralis. Að sögn sjúkl. var hann algjörlega symptomafrír fyrir slys þau, er hann varð fyrir þ. 27/9 '49 og þ. 7/9 '53 (enda þótt ekki sé ósennilegt, að smávægilegar breytingar hafi verið komnar í liðina). Ástand hans núna verður því að telja beina afleiðingu af þeim meiðslum, er hann hlaut, og þeirra sequaele.

Sjúkl. hefur verið hér tvisvar í therapie með þeim árangri, að verstu kvalirnar hafa minnkað um nokkurra mánaða skeið. Búast má við, að ástandið fari jafnt og þétt versnandi og erfiðara og erfiðara verði að eiga við sjúkl."

Svo sem fram kemur í læknisvottorði þessu, hafði stefnandi orðið fyrir slysi 27. september 1949. Er meiðslum þeim, er hann hlaut í því slysi, og afleiðingum þeirra lýst í vottorði prófessors Snorra Hallgrímssonar, dags. 4. febrúar 1950, en vottorð þetta hefur verið lagt fram í málinu. Samkvæmt því hlaut stefnandi m. a. í hinu fyrra slysi brot aftan til á hægri lærlegg. Upplýsingar um slys þetta og meiðsli þau, er stefnandi hlaut af því, lágu ekki fyrir í málinu, er mat Bergþórs Smára á örorku hans fór fram. Af þeim sökum lét lögmaður stefnanda lækninum í té afrit af nefndu vottorði Snorra Hallgrímssonar og fór þess jafnframt á leit, að hann léti uppi skriflegt álit á því, hvort þessi eldri meiðsli stefnanda hefðu haft áhrif á örorkumatið. Í bréfi Bergþórs Smára, dags. 28. febrúar 1956, er það gefið til kynna, að eldri meiðslin séu örorkumati þessu óviðkomandi.

Vegna vottorðs Ragnars læknis Sigurðssonar þótti rétt, að örorka stefnanda yrði metin að nýju. Var stefnandi í því skyni

skoðaður af Bergþóri Smára hinn 30. marz 1957. Í vottorði læknisins um skoðun þessa, dags. sama dag, segir á þessa leið:

„Við skoðun kemur í ljós, að vinstra læri er 5 sm styttra en hægra. Utanvert á lærlegg á móts við lærhnútuna er 18 sm langt ör eftir skurðaðgerð. Engin vöðvarýrnun er mælanleg. Beyging og rétting í mjöðminni eru eðlilegar, en fráfærsla og hverfihreyfing eru talsvert minnkaðar. Slasaði gengur nokkuð haltur."

Metur læknirinn varanlega örorku stefnanda sem fyrr 25%. Í niðurlagi vottorðsins ítrekar læknirinn, að örorkumatið sé eingöngu vegna slyssins, sem mál þetta fjallar um, en fyrra slysinu algjörlega óviðkomandi.

Stefnandi er fæddur 10. júní 1897 og hefur því verið 56 ára gamall, er hann varð fyrir umræddu slysi 7. september 1953. Hann er kvæntur. Á skattframtali hans árið 1955 er þess getið, að hann hafi tvö börn á framfæri sínu, en eitt barn er talið á framfæri hans á skattframtali 1956. Samkvæmt staðfestum afritum af skattframtölum stefnanda hafa atvinnutekjur hans árin 1951—'55 verið sem hér segir: árið 1951 kr. 48.673,00, árið 1952 kr. 27.468,00, árið 1953 kr. 29.743,00, árið 1954 kr. 26.258,00 og árið 1955 kr. 42.192,00.

Hinn 30. apríl 1955 var áætlað atvinnutjón stefnanda miðað við 25% varanlega örorku reiknað út af K. G. Guðmundssyni tryggingafræðingi. Er útreikningur þessi byggður á atvinnutekjum stefnanda árin 1951—53, en tekjur hans þessi ár munu ýmist hafa verið hásetahlutur eða fyrir vinnu í landi. Kveðst hinn sérfróði maður hafa skipt atvinnutekjum stefnanda að þessu leyti eftir upplýsingum frá honum sjálfum. Hann kveðst miða við, að sá hluti atvinnuteknanna, sem samkvæmt þessu var hásetahlutur, hafi ekki tekið öðrum breytingum en þeim að hækka í janúar 1953 eftir hlutfallinu 122:105. Hins vegar gerir hann ráð fyrir, að tekjur af vinnu í landi hafi breytzt á sama hátt og Dagsbrúnarkaup. Reiknað á þennan hátt telst honum atvinnutjón stefnanda þetta:

1. árið eftir slysið	....	kr. 10.973,00
2. — — —	....	— 10.994,00
Eftir það árlega	.....	— 11.006,00

eða verðmæti atvinnutjónsins alls kr. 99.745,00.

Önnur atriði í reikningsgrundvellinum en að framan greinir eru 4% vextir p.a., dánarlíkur karla samkvæmt íslenzkri reynslu

frá árunum 1921—'30 og líkur fyrir missi starfsorku í lifanda lífi eftir sænskri reynslu.

Hinn 30. september 1957 var áætlað atvinnutjón stefnanda að nýju reiknað út af K. G. Guðmundssyni. Kveðst hinn sérfróði maður í þeim útreikningi ekki sjá ástæðu til að breyta fyrri áætlun um vinnutekjur stefnanda 1. árið eftir slysið. Hins vegar telji hann eftir þeim upplýsingum, sem nú liggi fyrir, að eftir það sé áætlunin of lág. Kveðst hann hafa í fórum sínum athugun, er gerð hafi verið af hagfræðingi eftir skattframtölum á vinnutekjum nokkurra giftra sjómanna árin 1954 og 1956. Athugunin nái til manna búsettra í Reykjavík, 8 kaupstöðum og 7 kauptúnum. Athugun þessi nái til sömu staða bæði árin og að mestu leyti sömu manna. Megi því gera ráð fyrir, að úrtakið sýni nokkurn veginn rétt breytinguna á vinnutekjum frá 1954 til 1956 hjá mönnum, er hafa aðalatvinnu sína af sjómennsku. Sýni úrtakið 24,3% hækkun frá 1954 til 1956. Auk framangreindra upplýsinga kveðst hinn sérfróði maður og hafa nákvæmar upplýsingar um vinnutekjur á úthaldsdag á togurum Bæjarútgerðar Reykjavíkur um nokkur undanfarin ár. Sýni þær upplýsingar meiri hækkun frá 1954 til 1956 heldur en fyrrgreind athugun hagfræðingsins. Með því að styðjast að nokkru við hvorar tveggja þessar upplýsingar, en þó meira við athugun hagfræðingsins, reiknast hinum sérfróða manni atvinnutjón stefnanda nú vera sem hér segir:

1.	árið	eftir	slysið	sama og áður
2.	—	—	—	kr. 12.131,00
3.	—	—	—	— 13.331,00
Eftir	það	árlega		— 13.640,00

eða verðmæti atvinnutjónsins alls kr. 113.937,00 miðað við slysdag. Er það sú fjárhæð, sem lögð er til grundvallar 2. lið kröfunnar.

Í þessum síðari útreikningi er reiknað með 6% vöxtum p.a., dánarlíkum fyrir íslenzka karla samkvæmt reynslu frá árunum 1941—'50 og líkum fyrir missi starfsorku í lifanda lífi eftir sænskri reynslu.

Fjárhæð 1. kröfuliðar er fengin þannig fram, að gert er ráð fyrir, að stefnandi hafi verið að öllu ófær til vinnu fyrstu 6 mánuðina eftir slysið. Er atvinnutjón hans á mánuði þann tíma reiknað kr. 3.500,00 eða alls kr. 21.000,00. Frá þeirri fjárhæð eru dregin 25%, sem felast í útreikningi tryggingafræðingsins, en svo sem áður greinir, er hann miðaður við slysdag. Mismunurinn, kr. 15.750,00, er þá fjárhæð þessa kröfuliðar.

Af hálfu stefnda hefur báðum framangreindum kröfuliðum verið mótmælt sem of háum. Varðandi fyrra liðinn vekur hann athygli á því, að örorkumötin beri það ekki með sér, frá hvaða tíma beri að reikna hina varanlegu örorku stefnanda, og eigi heldur, hver örorka stefnanda hafi verið frá slysdegi til þess tíma. Sé þessi liður því með öllu órökstuddur. Varðandi síðari liðinn er því haldið fram, að tryggingafræðingurinn leggi of háar árstekjur til grundvallar útreikningum sínum. Þá komi það fram, að enginn frádráttur sé gerður í útreikningunum vegna opinberra gjalda. Að lokum er þess krafizt, að greiðslur til stefnanda frá Tryggingastofnun ríkisins vegna slyssins, að fjárhæð kr. 26.292,29, komi til frádráttar.

Þegar það allt er virt, sem að framan er rakið, svo og önnur þau atriði, sem hér skipta máli, þá þykir hæfilegt að taka þessa tvo kröfuliði til greina með kr. 90.000,00. Hafa þá verið dregnar frá bætur þær, er stefnandi hefur fengið greiddar frá Tryggingastofnun ríkisins upp í tjón sitt, en þær eru dagpeningar kr. 6.435,00 og örorkubætur kr. 19.777,29. Jafnframt er þá tekið tillit til þess, að af gögnum þeim, sem að framan eru rakin um sjúkrasögu stefnanda, er ljóst, að hann hefur verið að öllu óvinnufær fyrst eftir slysið, þótt eigi verði séð, hve lengi.

Um 3. Stefndi hefur mótmælt kröfulið þessum sem allt of háum.

Með hliðsjón af því, sem að framan er rakið um meiðsli stefnanda og afleiðingar þeirra, þykir hæfilegt að taka kröfulið þenna til greina með kr. 20.000,00.

Um 4. Um fjárhæð þessa kröfuliðar er ekki ágreiningur, og verður hún lögð til grundvallar óbreytt.

Samkvæmt framansögðu telst tjón stefnanda nema kr. 111.000,00 (kr. 90.000,00 + kr. 20.000,00 + 1.000,00). Verður stefndi dæmdur til að greiða stefnanda þá fjárhæð auk vaxta, svo sem krafizt er.

Eftir þessum málalokum ber að dæma stefnda til að greiða stefnanda málskostnað, sem ákveðst kr. 8.500,00.

Gunnar M. Guðmundsson, fulltrúi borgardómara, kvað upp þenna dóm ásamt meðdómurunum Jónasi Jónassyni og Pétri Björnssyni skipstjórum.

Dómsorð:

Stefndi, Kaupfélag Suðurnesja, greiði stefnanda, Júníusi Ólafssyni, kr. 111.000,00 auk 6% ársvaxta frá 7. september

1953 til greiðsludags og kr. 8.500,00 í málskostnað innan 15 daga frá lögbirtingu dóms þessa að viðlagðri aðför að lögum.

Miðvikudaginn 29. apríl 1959.

Nr. 53/1959. **Niels Jörgensen**
gegn
Gregers Kappel og
borgarfógetanum í Reykjavík.

Dóminn skipuðu hinir reglulegu dómarar Hæstaréttar.

Kærumál. Frávísun. Sératkvæði.

Dómur Hæstaréttar.

Kærð er dómsákvörðun Þorsteins S. Thorarensens, fulltrúa borgarfógeta í Reykjavík.

Með dómi bæjarþings Reykjavíkur í víxilmáli, er upp var kveðinn 7. marz 1959, var varnaraðilja Gregers Kappel dæmt að greiða sóknaraðilja, Niels Jörgensen, tilteknar fjárhæðir innan 15 daga frá lögbirtingu dómsins. Dómurinn var birtur Gregers Kappel 14. marz 1959.

Sóknaraðili sendi borgarfógeta afrit af dóminum með bréfi, dags. 24. marz 1959. Í bréfinu er þess getið, að varnaraðili Gregers Kappel hafi pantað far með flugvél, sem fara eigi til Þýzkalands 27. marz 1959. Af þeim sökum kveðst sóknaraðili krefjast þess, að fógeti leggi farbann á nefndan varnaraðilja samkvæmt 2. tölulið 8. gr. laga nr. 18/1949 til tryggingar því, að unnt verði að gera aðför í eignum hans, þegar aðfararfresti ljúki hinn 29. marz 1959.

Kyrrsetningarmálið var tekið fyrir í fógetadómi Reykjavíkur, sem haldinn var í skrifstofu lögreglustjóra hinn 25. marz 1959. Krafðist fógeti tryggingar af sóknaraðilja vegna farbannskröfunnar, en umboðsmaður sóknaraðilja taldi ekki skylt að setja tryggingu. Lýsti fógeti þá þeirri ákvörðun sinni, að hann mundi ekki framkvæma kyrrsetn-

ingargerðina, nema sett væri trygging, að fjárhæð kr. 15.000,00. Umboðsmaður sóknaraðilja kærði þá þegar ákvörðun fógeta til Hæstaréttar samkvæmt 4. tölulið 198. gr. laga nr. 85/1936, og barst Hæstarétti kæran 4. apríl 1959. Krefst sóknaraðili þess, að hrundið verði framangreindri ákvörðun fógeta um fétryggingu og varnaraðiljunum, Gregers Kappel og borgarfógetanum í Reykjavík, svo og lögreglustjóranum í Reykjavík verði dæmt að greiða kærumálskostnað in solidum. Það athugast, að heimildarlaust er að bera fram kröfur á hendur lögreglustjóra í kærumáli þessu, og verður því ekki sinnt kröfu um kærumálskostnað, að því er til hans tekur.

Frá varnaraðilja hafa Hæstarétti ekki borizt neinar kröfur né greinargerð.

Í ódagsettri greinargerð sóknaraðilja, sem barst Hæstarétti 4. apríl 1959, er því lýst, að varnaraðili Gregers Kappel sé enn hér á landi, og með því að aðfararfrestur samkvæmt bæjarþingsdóminum sé liðinn, muni þess ekki lengur verða krafizt af fógeta, að hann framkvæmi kyrrsetningargerðina. Kveður sóknaraðili sig ekki skipta máli, hver verði úrslit kærumáls þessa í Hæstarétti, að öðru leyti en því einu, að hann vilji fá úr því skorið, hvort fógetinn hafi farið rétt að.

Með því að sóknaraðili hefur samkvæmt framansögðu ekki lengur neinna lagahagsmuna að gæta í kærumáli þessu, ber að vísa því frá Hæstarétti. Eftir atvikum er rétt, að kærumálskostnaður falli niður.

Það athugast, að fógeta bar að kveða upp sjálfstæðan úrskurð í samræmi við ákvæði 2. og 3. málsgr. 190. gr. laga nr. 85/1936, en eins og málið liggur nú fyrir, eru ekki efni til að vísa því heim í hérað til uppkvaðningar úrskurðar.

Dómsorð:

Kærumáli þessu er vísað frá Hæstarétti.

Kærumálskostnaður falli niður.

Sératkvæði
Gizurar Bergsteinssonar hæstaréttardómara.

Hinn 7. marz 1959 var varnaraðilja Gregers Kappel með dómi bæjarþings Reykjavíkur dæmt að greiða sóknaraðilja, Niels Jörgensen, víxilskuld, kr. 7.913,37, ásamt vöxtum og kostnaði innan 15 daga frá birtingu dómsins. Var dómurinn birtur Gregers Kappel 14. marz 1959.

Með bréfi 24. marz 1959 sendi sóknaraðili borgarfógetanum í Reykjavík endurrit af dóminum og krafðist þess, að fógeti legði samkvæmt 2. tl. 8. gr. laga nr. 18/1949 farbann á varnaraðilja Gregers Kappel, sem pantað hafði flugfar til Þýzkalands 27. marz 1959, til tryggingar því, að unnt yrði að gera aðför í eignum hans að loknum aðfararfresti hinn 29. marz 1959.

Þá er málið kom til meðferðar í fógetadómi 25. marz 1959, lýsti fógetinn því, að hann teldi eigi heimilt að lögum að framkvæma kyrrsetningargerðina, nema sett yrði trygging, að fjárhæð kr. 15.000,00. Umboðsmaður sóknaraðilja, sem er löglærður, kvaðst þá kæra þessa ákvörðun til Hæstaréttar í því skyni, að henni yrði hrundið, og barst Hæstarétti kæran 4. apríl 1959.

Umboðsmanni sóknaraðilja var rétt, er hann vildi eigi hlíta fétryggingu, að krefjast formlegs úrskurðar fógeta um framgang kyrrsetningargerðarinnar, þótt fétrygging hefði eigi verið sett, sbr. 190. gr. laga nr. 85/1936, og áfrýja síðan úrskurði fógeta samkvæmt 4. tl. 198. gr. sömu laga, ef úrskurðurinn gekk á móti honum. Hinni óformlegu yfirlýsingu mátti sóknaraðili því aðeins skjóta til Hæstaréttar sem réttarneitun, að fógeti hefði neitað að kveða upp formlegan úrskurð, en eigi er hin minnsta ástæða til að ætla, að til slíkrar réttarneitunar af hendi fógeta hefði komið.

Samkvæmt því, sem nú var rakið, er málskotið löglaust, og ber því þegar af greindum ástæðum að vísa málinu frá Hæstarétti.

Kröfur hafa eigi borizt frá varnaraðilja, og fellur því málskostnaður niður.

Dómsorð:
Máli þessu vísast frá Hæstarétti.
Málskostnaður fellur niður.

Miðvikudaginn 29. apríl 1959.

Nr. 50/1959. **Bragi Sigurbergsson**
gegn
borgarstjóranum í Reykjavík f. h. bæjarsjóðs.

Útivistardómur.

Dómur Hæstaréttar.

Málssókn þessi fellur niður.

Áfrýjandi, Bragi Sigurbergsson, er eigi sækir dómþing í máli þessu, greiði kr. 200,00 útivistargjald til ríkisjóðs, ef hann vill fá mál sitt tekið fyrir af nýju.

Miðvikudaginn 29. apríl 1959.

Nr. 51/1959. **Jóhannes Jósefsson**
gegn
Karólínu Jósefsson
og til réttargæzlu
Pétri Daníelssyni og
Ragnari Guðlaugssyni.

Útivistardómur. Ómaksbætur.

Dómur Hæstaréttar.

Málssókn þessi fellur niður.

Áfrýjandi, Jóhannes Jósefsson, er eigi sækir dómþing í máli þessu, greiði kr. 200,00 útivistargjald til ríkissjóðs, ef hann vill fá mál sitt tekið fyrir af nýju.

Einnig greiði hann stefndu, Karólínu Jósefsson, sem hefur sótt dómþing í málinu og krafizt ómaksbóta, kr. 1.500,00 í ómaksbætur að viðlagri aðför að lögum.

Miðvikudaginn 6. maí 1959.

Nr. 135/1958. **Björn Björnsson** (Jóhann Steinason hdl.)
gegn
Guðnýju Aradóttur
og
Jóni Jónssyni (Ragnar Jónsson hrl.)
og gagnsök.

Dómendur:
hæstaréttardómararnir Árni Tryggvason, Gizur Bergsteinsson, Jónatan Hallvarðsson og Þórður Eyjólfsson og prófessor Magnús Þ. Torfason.

Dánarbætur.

Dómur Hæstaréttar.

Aðaláfrýjandi hefur skotið máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 22. september 1958. Krefst hann sýknu af dómkröfum gagnáfrýjanda að undanskildum ⅔ hlutum af 2. og 3. kröfulið í héraði og að hvor aðilja verði látinn bera kostnað sinn af málinu í héraði og fyrir Hæstarétti.

Gagnáfrýjendur hafa skotið málinu af sinni hálfu til Hæstaréttar með stefnu 22. september 1958. Krefjast þau þess, að aðaláfrýjanda verði dæmt að greiða þeim kr. 150.000,00 eða aðra lægri fjárhæð að mati dómsins ásamt 6% ársvöxtum frá 30. nóvember 1954 til greiðsludags og málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti að mati dómsins.

Í Hæstarétti hefur verið lögð fram ný áætlun tryggingafræðings þess, er getur í héraðsdómi, og hækkar niðurstöðutalan vegna verðbreytinga í kr. 100.930,00.

Með skírskotun til forsendna héraðsdóms ber að staðfesta hann.

Þá ber og að dæma aðaláfrýjanda til greiðslu málskostnaðar fyrir Hæstarétti, er ákveðst kr. 4.000,00.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður.

Aðaláfrýjandi, Björn Björnsson, greiði gagnáfrýjend-

um, Guðnýju Aradóttur og Jóni Jónssyni, kr. 4.000,00 í málskostnað í Hæstarétti að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur bæjarþings Reykjavíkur 24. júní 1958.

Mál þetta, sem tekið var til dóms 11. þ. m., hefur Ragnar Jónsson hæstaréttarlögmaður hér í bæ vegna hjónanna Jóns bónda Jónssonar og Guðnýjar Aradóttur að Fagurhólsmýri í Öræfum höfðað á bæjarþingi Reykjavíkur með stefnu, út gefinni 7. júlí 1957, gegn Birni Björnssyni stórkaupmanni, London, Englandi, til greiðslu skaðabóta, að fjárhæð kr. 150.000,00, auk 6% ársvaxta frá 30. nóvember 1954 til greiðsludags og málskostnaðar að skaðlausu.

Stefndi hefur *aðallega* krafizt sýknu og málskostnaðar að skaðlausu, en *til vara*, að stefnukrafan verði lækkuð verulega og málskostnaður látinn niður falla.

Vátryggingafélaginu h/f hér í bæ er stefnt til að gæta réttar síns í málinu, en síðargreind bifreið stefnda var vátryggð hjá því tryggingafélagi. Á hendur réttargæzlustefnda eru ekki gerðar kröfur í málinu, og hann hefur engar kröfur gert.

Málsatvik eru þessi:

Um kl. 17.30 mánudaginn 29. nóvember 1954 var sonur stefnenda, Gústaf Albert að nafni, á reiðhjóli á leið frá vinnu sinni hjá Flugfélagi Íslands h/f á Reykjavíkurflugvelli. Lá leið hans austur Njarðargötu. Er hann var kominn skammt austur fyrir skemmtigarðinn Tívolí, bar bifreið stefnda að á eftir honum, og skipti það engum togum, að hann varð fyrir bifreið þessari. Hlaut hann af slysi þessu slík lemstur, að hann lézt litlu síðar. Bifreið stefnda, sem bar skrásetningarmerkið 226-Z-1147, var ný 6 manna fólksbifreið af gerðinni Mercedes-Benz. Ók henni Einar Árnason lögfræðingur. Einn farþegi var í bifreiðinni, Gísli Sveinsson að nafni.

Einar Árnason skýrir svo frá, að hann hafi verið á leið frá skálum Landleiða h/f við Reykjavíkurveg í umrætt sinn. Hafi hann ekið á réttum götuhelmingi á um 35 km hraða miðað við klukkustund á að gizka. Rétt áður en slysið varð, hafi hann mætt bifreið með eðlilegum ljósum. Hafi hann þá skipt ljósum sinnar bifreiðar á lægri ljósgeisla og ekið með þeim ljósum, er slysið varð. Hann kveðst ekki hafa orðið Gústafs heitins var fyrr en rétt í þann mund, er slysið varð. Hafi hann þá séð hann sem þúst fram undan bílnum án þess að gera sér grein fyrir

því, að hann var á reiðhjóli. Einar kveðst ekki gera sér ljóst, hvort hann hafi hemlað þá samstundis, en það hafi engum togum skipt, að bifreiðin lenti á manninum. Frekar kveðst Einar ekki geta lýst atvikum að slysinu. Er hann kom út úr bifreiðinni eftir slysið, hafi Gústaf heitinn legið á bakinu langsum á götunni við vinstri hlið bifreiðarinnar. Hafi hann þá verið meðvitundarlaus. Hafi hann kropið niður að honum og hlustað eftir hjartslætti hans, er honum hafi virzt eðlilegur. Reiðhjól hans hafi legið á móts við vinstri afturhurð bifreiðarinnar.

Vitnið Gísli Sveinsson, sem áður er nefnt, sat í framsæti bifreiðarinnar. Það kveðst ekki geta sagt nákvæmlega til um hraða bifreiðarinnar, en því hafi virzt hann eðlilegur, eins og á stóð, og alls ekki mikill. Í þessu sambandi skýrir vitnið svo frá, að er bifreið stefnda var um það bil að koma inn á Njarðargötuna, hafi bifreið komið á móti þeim. Hafi bifreiðarstjórinn þá dregið mjög úr hraða bifreiðarinnar og tengt vélina í fyrsta ganghraða. Megi af því ráða, að hraðinn hafi ekki getað verið mikill orðinn, er slysið varð. Vitnið kveðst ekki hafa orðið vart við Gústaf heitinn fyrr en alveg um leið og slysið varð. Það hafi heyrt höggið af árekstrinum og séð um leið eitthvað í loftinu, sem skollið hafi á framrúðu bifreiðarinnar vinstra megin. Það hafi fundið, að bifreiðarstjórinn hemlaði, um leið og slysið varð, og því hafi fundizt bifreiðin stöðvast svo til strax, eða a. m. k. hafi það ekki gert sér grein fyrir öðru. Vitnið lýsir svo verksummerkjum á slysstaðnum, að Gústaf heitinn hafi legið meðfram vinstri hlið bifreiðarinnar með höfuðið á móts við framaurhlífina. Reiðhjól hans hafi legið á móts við vinstri afturhurðina, en rétt aftan við það, á móts við vinstra afturhorn bifreiðarinnar, hafi legið bláleit handtaska. Úti í skurði norðan götunnar, á móts við afturenda bifreiðarinnar, hafi legið pakki með árituðu nafni Gústafs heitins.

Vitnið Anna Sigríður Björgúlfsdóttir, sem unnið hafði um alllangt skeið með Gústaf heitnum hjá Flugfélagi Íslands h/f á Reykjavíkurflugvelli, skýrir svo frá, að um það leyti, er Gústaf heitinn hélt heim frá vinnu í umrætt sinn, hafi hún verið sótt í bifreið, er maður að nafni Jón Ágúst Guðbjörnsson ók. Hafi þau ekið sem leið liggur út af flugvallarsvæðinu yfir á Njarðargötu, en síðan suður á Reykjavíkurveg og vestur í bæ. Er þau voru rétt komin að Njarðargötu, hafi þau ekið fram hjá Gústaf heitnum, er þar hafði farið á hjóli sínu utarlega á vinstri götubrún. Kveðst vitnið ekki hafa séð Gústaf, fyrr en bifreiðin var

„eiginlega alveg komin að honum". Kveðst það vera öruggt um, að reiðhjólið hafi verið ljóslaust bæði að framan og aftan.

Vitnið Jón Ágúst Guðbjörnsson kveðst hafa haft lægri ökuljós bifreiðar sinnar tendruð, er það ók fram hjá Gústaf heitnum. Hafi bifreiðin verið komin mjög nálægt honum, er það sá hann. Gizkar vitnið á, að fjarlægðin á milli bifreiðarinnar og reiðhjólsins hafi þá verið um 3 metrar. Vitnið kveður þetta þó ekki hafa komið að sök vegna þess, hve utarlega á götubrúninni Gústaf heitinn hafi hjólað. Vitnið kveðst engin ljós hafa séð á reiðhjólinu.

Á sama tíma og slysið varð kom stór farþegabifreið eftir Njarðargötu úr austri. Ók henni Skarphéðinn Dalmann Eyþórsson, en í bifreiðinni var einn farþegi, Pétur Guðmundsson að nafni. Hvorugur þessara manna hefur getað borið um ökuhraðann á bifreið stefnda né heldur, með hverjum hætti slysið varð. Þó hefur vitnið Skarphéðinn Dalmann skýrt svo frá, að 80—100 metrar hafi verið á milli bifreiðanna, er það veitti því athygli, að eitthvað skyggði skyndilega á ökuljósin á bifreið stefnda. Jafnframt hafi það séð eitthvað kastast upp framan við bifreiðina og falla til jarðar vinstra megin við hana.

Þegar eftir slysið komu lögregluþjónar á vettvang bæði úr götulögreglu og rannsóknarlögreglu. Var þá ummerkjum á slysstaðnum enn óraskað.

Í málinu liggur fyrir ýtarleg skýrsla frá Kristmundi J. Sigurðssyni lögregluþjóni um athuganir hans á slysstaðnum. Þykir rétt að rekja hér meginefni skýrslu þessarar, en þar segir m. a. á þessa leið:

„Er við létum lýsa upp götuna aftan við bifreiðina, fundum við glerbrot úr vinstri framlukt bifreiðarinnar ásamt smærri glerkornum úr framrúðu bílsins á svæði, sem náði 21.25 m aftur fyrir bílinn, mælt að vinstra afturhjóli. Virtist því bifreiðin hafa runnið þessa vegalengd, eftir að slysið skeði. Búið var að aka á bifreiðum og reiðhjólum rétt að bifreiðinni að aftan, var því ekki hægt að mæla nema tveggja metra hemlaför eftir bifreiðina, þótt þau geti hafa verið lengri, þar sem búið var af öðrum bifreiðum að aka ofan í hjólför hennar.

Gatan var alveg holulaus, en hallar aðeins í þá átt, sem bílnum var ekið. Yfirborð hennar virtist fast, miðað við malborna götu, eða þar sem hún er mest ekin. Lausamöl er á jöðrum götunnar, en bifreiðinni virtist hafa verið ekið innan við lausu

mölina eða eðlilega eftir vinstri helmingi götunnar miðað við leið þá, sem bílstjórinn ók.

Eftir skemmdum bifreiðarinnar virtist mega ályktа, að maðurinn, sem fyrir slysinu varð, hafi við ákeyrsluna aftan á reiðhjól hans kastazt upp af hjólinu og upp fyrir vélarhússþak bílsins og skollið með sitjandann eða bakið á framrúðu bílsins vinstra megin, beint framan við sæti ökumanns.

Rúðan, sem er úr seigu gleri, brotnaði, en datt þó ekki úr, en glermulningur mun þó hafa hrunið úr henni. Bungaði rúðan inn.

Fyrir aftan gluggakarminn var dæld í þaki bílsins, og virtist ekki ósennilegt, að hnakki mannsins hafi skollið þar á, og við það hefur maðurinn reigzt aftur á gluggakarminum, sem veitt hefur mesta mótstöðu, og líklegt, að maðurinn hafi fengið aðalhöggið af honum. Neðst á vinstra frambretti bílsins var dæld og smágöt á brettinu, sem munu hafa komið af keðjustrekkjurum reiðhjólsins. Er ég athugaði reiðhjólið, var afturgjörðin klesst saman og dekkið af henni og slangan út úr því. Afturbretti var vafið saman og afturgaffall boginn. Benda skemmdir hjólsins eindregið til þess, að höggið hafi komið beint aftan á það, en engin merki sáust til þess, að það hefði lent undir hjólum bílsins.

Á „stellinu" að framan var lukt glerlaus, og sást greinilega, að gler hefur ekki verið í henni, er slysið vildi til, og ekki ljósapera. Enginn „dýnamór" var á hjólinu, en þráður frá luktinni lá aftur á „stellið". Á afturbrettinu voru tvö göt, sem bentu til, að þar hafi verið fest „kattarauga". Ekki var hægt að sjá, að það hefði verið þar, er slysið vildi til, og ekkert úr því, hvorki hulstur eða rauð glerbrot fundust á staðnum."

Baldur Kristjánsson lögregluþjónn fullyrðir í skýrslu, sem hann síðar hefur staðfest fyrir dómi, að reiðhjól Gústafs heitins hafi verið algerlega ljóslaust.

Bifreið stefnda var samdægurs skoðuð af bifreiðaeftirlitsmanni. Í vottorði hans um skoðunina, dags. 30. nóvember 1954, segir m. a. á þessa leið:

„Bifreiðin var óhreyfð á slysstaðnum, er ég skoðaði hana. Reyndi ég bifreiðina í akstri þar á staðnum og ók henni á 25 km hraða norður Njarðargötuna. Bifreiðina var hægt að stöðva þegar í stað. Voru hemlar, stýrisútbúnaður og flauta í fullkomnu lagi."

Opinbert mál var höfðað gegn ökumanni 226-Z-1147 vegna slyss þessa. Og með dómi sakadóms Reykjavíkur, upp kveðnum 2. marz

1955, var hann með akstri sínum í umrætt sinn talinn hafa gerzt brotlegur við eftirfarandi lagaákvæði: 215. gr. laga nr. 19/1940, 1., 2., 4. og 5. mgr. 26. gr. og 1. mgr. 27. gr., sbr. 1. mgr. 38. gr. laga nr. 23/1941, 2. gr. og 3. mgr. 4. gr., sbr. 1. mgr. 14. gr. umferðarlaga, nr. 24/1941, svo og við 1. mgr. 28. gr. og 46. gr., sbr. 1. mgr. 96. gr. lögreglusamþykktar fyrir Reykjavík, nr. 2/1930.

Dómi þessum var áfrýjað til Hæstaréttar. Gekk dómur í málinu í Hæstarétti 1. nóvember 1955. Var bifreiðarstjórinn með þeim dómi talinn hafa gerzt sekur um brot gegn öllum framangreindum lagaákvæðum.

Daginn eftir slysið var lík Gústafs heitins krufið af Níels Dungal prófessor. Í skýrslu hans um krufninguna, dags. sama dag, segir á þessa leið í niðurlagi:

„Ályktun: Við krufninguna fannst mikil blæðing í vinstra brjóstholi, sem stafað hafði af brotnu rifbeini, sem stungizt hafði inn í lungað. Enn fremur fannst hryggurinn þverbrotinn milli 3. og 4. hryggjarliðs. Þá fannst dálítil sprunga á miltinu, og hafði lítið eitt blætt frá henni.

Banameinið virðist hafa verið lost eftir blóðmissi, sennilega heilahristingur ásamt blæðingu inn í bæði lungu, þannig að blóð hefur komizt inn í lungnaberkjurnar og það valdið köfnun."

Dómkröfur sínar í málinu reisa stefnendur á því, að stefndi beri óskorað fébótaábyrgð á tjóni því, er af fráfalli sonar þeirra leiddi. Er um ástæður fyrir því skírskotað til fyrrgreinds dóms Hæstaréttar.

Eins og áður getur, hefur stefndi aðallega krafizt sýknu af kröfum stefnenda, þó „að undanskildum jarðarfararkostnaði, kr. 5.400,00", eins og komizt er að orði í greinargerð hans. Þrátt fyrir þetta orðalag verður eigi annað ráðið af málflutningi umboðsmanns stefnda en sá varnagli sé hér sleginn, að stefnendum verði ekki dæmdur þessi liður kröfu þeirra nema að því leyti, sem stefndi yrði talinn bera fébótaábyrgð á slysinu, kæmi til þess, að henni yrði skipt. Í greinargerð eru þau rök færð fram fyrir sýknukröfunni, að stefnendur hafi ekkert tjón beðið við fráfall sonar þeirra. Enn fremur kemur það fram í greinargerðinni, að stefndi telur sig ekki bera fébótaábyrgð á slysinu, þótt engin tilraun sé gerð til að færa að þeirri málsástæðu rök. Við munnlegan flutning málsins kom það fram, að stefndi reisir þessa síðargreindu sýknuástæðu á því, að Gústaf heitinn hafi sjálfur átt sök á slysinu með því að hjóla á ljóslausu reiðhjóli, eftir að myrkt var orðið.

Eins og í hinum tilvitnaða dómi Hæstaréttar segir, bera skemmdirnar á bifreið stefnda og ummerki á slysstaðnum þess vott, að ökumaður bifreiðarinnar hefur ekið óhæfilega hratt, eins og á stóð, og ekki gætt nægrar varkárni og aðgæzlu í akstri og stjórn bifreiðarinnar. Ber því stefndi að því leyti, sem slysið verður til þessa gáleysis ökumannsins rakið, fébótaábyrgð á slysinu, sbr. 1. mgr. 35. gr. laga nr. 23/1941.

Á hinn bóginn þykir sýnt, að slysið megi að nokkru rekja til þess gáleysis Gústafs heitins að vera á ljóslausu reiðhjóli á Njarðargötunni, eftir að dimmt var orðið.

Eins og atvikum er hér háttað, þykir rétt, að stefndi bæti með fé ⅔ þess tjóns, sem af slysinu hlauzt.

Stefnendur sundurliða kröfu sína í málinu þannig:

1.	Dánarbætur	kr.	144.000,00
2.	Útfararkostnaður	—	5.400,00
3.	Útreikningur dánarbóta	—	600,00
		Alls kr.	150.000,00

Um 1.

Er Gústaf heitinn lézt, var hann tæplega 21 árs gamall, fæddur 24. desember 1933. Hann var næstyngstur 8 systkina. Faðir hans var þá 68 ára gamall, fæddur 12. febrúar 1886, en móðir hans 63 ára, fædd 2. júlí 1891. Stefnendur eru eigendur að ¼ hluta Fagurhólsmýrar í Öræfum og reka þar búskap. Af börnum þeirra eru fjögur búsett í Reykjavík, en tvö þau yngstu eru enn heima og vinna á búi foreldra sinna. Er annað þeirra sonurinn Sigurgeir, fæddur 24. maí 1932. Elzti sonurinn býr einnig í föðurgarði, en hefur fyrir eiginkonu og tveimur börnum að sjá. Mun hann starfa að allmiklu leyti utan búsins.

Stefnendur telja, að þau hafi orðið fyrir framfærslutjóni vegna fráfalls Gústafs heitins, þar sem svo hafi verið til ætlazt og um það þegjandi samkomulag í fjölskyldunni, að yngstu bræðurnir tveir önnuðust þau í ellinni. Er í því efni skírskotað til þess, að þeir hafi báðir unnið á búinu, en aflað tekna utan þess þann tíma ársins, sem það krafðist ekki óskiptra starfskrafta þeirra.

Samkvæmt staðfestum afritum af skattframtölum Gústafs heitins hafa nettótekjur hans árin 1952 og '53 verið þessar: árið 1952 kr. 12.788,00 fyrir vinnu utan heimilis, en kr. 1.200,00 af landbúnaði, og árið 1953 kr. 14.888,00 fyrir vinnu utan heimilis, en kr. 2.009,00 af landbúnaði. Hrein eign hans í árslok hefur numið kr. 21.978,00.

Staðfest afrit af framtölum stefnandans Jóns gefa til kynna,

að nettótekjur hans, að langmestu leyti af búskap, á árunum 1952—1954 hafa verið þessar: árið 1952 kr. 9.497,00, árið 1953 kr. 8.718,00 og árið 1954 kr. 10.062,50.

Stefnendur hafa fengið K. G. Guðmundsson tryggingafræðing til að gera áætlun um framfærslutjón þeirra vegna fráfalls Gústafs heitins. Í útreikningi sínum, sem dags. er 10. apríl 1957, gerir tryggingafræðingurinn ráð fyrir, að stefnendur hefðu orðið kyrrir á Fagurhólsmýri, og miðar útreikning sinn við það, hvað á kunni að skorta, að þau geti lifað þar sómasamlegu lífi til æviloka. Reiknar hann fyrst út áætlað verðmæti framfærslukostnaðar hjónanna. Telst honum það nema miðað við slysdag kr. 131.984,00 fyrir stefnandann Guðnýju og kr. 107.173,00 fyrir mann hennar. Er þá gert ráð fyrir, að hvort hjónanna hefði þurft kr. 12.000,00 á ári til sómasamlegs framfæris miðað við verðlag, er Gústaf heitinn lézt, en síðan hækkandi með verðlagi. Til samanburðar getur tryggingafræðingurinn þess, að daggjald á elliheimilinu í Hveragerði hafi verið kr. 55,00 eða kr. 20.075,00 alls á ári.

Í annan stað reiknar tryggingafræðingurinn út verðmæti ellilífeyris þess, er stefnendur njóta samkvæmt almannatryggingalögum. Reiknast honum verðmæti hans nema kr. 68.042,00 fyrir bæði hjónin.

Í þriðja lagi er svo metin til fjár með líkindareikningi starfsorkan, sem stefnendur áttu eftir, er Gústaf heitinn féll frá. Vegna aldursmunar þeirra áætlar tryggingafræðingurinn þeim jafnar vinnutekjur um það leyti, er Gústaf heitinn lézt. Reiknast honum þær kr. 4.817,00 á ári fyrir hvort hjónanna. Verðmæti þeirra tekna á slysdegi reiknast honum þá, að nemi kr. 28.611,00 fyrir Guðnýju, en kr. 21.897,00 fyrir mann hennar.

Samkvæmt þessu telst hinum sérfróða manni, að kr. 90.126,00 vanti, til þess að stefnendur geti lifað við þau kjör, sem áður greinir. Reiknar hann þá með því til viðbótar því, sem hér að framan greinir, að eignir stefnenda nemi kr. 30.481,00, en samkvæmt skattframtali eru það eignir þeirra í árslok 1954 (þar af er bústofn kr. 29.900,00, en jörðin og hús á henni kr. 3.000,00).

Í lok greinargerðar sinnar kveðst tryggingafræðingurinn ekki geta um það sagt, hvað sé eðlilegt að áætla, að mikill hluti nefndrar fjárhæðar hefði fallið á Gústaf heitinn, hefði honum enzt líf. En þann hluta beri að lækka lítið eitt (innan við 5%) vegna þess möguleika, að Gústaf hefði fallið frá eða misst starfsorkuna, áður en foreldrar hans voru báðir dánir.

Auk þeirra atriða, sem nefnd hafa verið, er útreikningur þessi

byggður á 6% vöxtum p.a., dánarlíkum samkvæmt reynslu hér á landi árin 1941 til 1950 og líkum fyrir missi starfsorku í lifanda lífi eftir sænskri reynslu.

Stefnendur fallast ekki á framangreindan útreikning, að því er varðar áætlað verðmæti framfærslukostnaðar þeirra. Telja þau, að 12.000,00 króna framfærslueyrir á ári til handa hvoru þeirra, miðað við verðlag á dánardægri Gústafs heitins, sé of lágur til sómasamlegs framfæris. Beri í því efni að miða við vistgjöld á elliheimili, sem leitt sé í ljós, að séu mun hærri. Er því fjárhæð sú, sem krafizt er undir þessum lið, áætluð af hálfu stefnenda.

Eins og áður er getið, er því haldið fram af stefnda, að stefnendur hafi ekkert fjártjón beðið vegna fráfalls sonar þeirra. Þessu til stuðnings er sérstök athygli vakin á eftirfarandi atriðum: Í fyrsta lagi sé ljóst, að eignir þeirra séu mun meiri en upp er gefið, þar sem skattmat jarðar og húsa sé bersýnilega of lágt og algerlega úrelt miðað við verðlag nú til dags. Í annan stað sé það leitt í ljós, að hrein eign Gústafs heitins, er hann féll frá, hafi numið kr. 21.978,00. Verði eigi annað séð en eignir þessar hafi fallið til stefnenda að honum látnum. Í þriðja lagi komi það fram á skattframtölum stefnenda, að þeim hafi nægt minni framfærslueyrir en tryggingafræðingurinn gerir ráð fyrir í útreikningi sínum. Í fjórða lagi telur stefndi svo óvíst, að nokkurn tíma hefði til þess komið, að Gústaf hefði framfært foreldra sína, þótt honum hefði enzt líf og heilsa og vilji beggja aðilja hefði til þess staðið, að ógerlegt sé að gera ráð fyrir því sem líklegu, hvað þá, að nokkuð verði fullyrt í því efni.

Af sjö börnum stefnenda eru, eins og áður er getið, tvö í heimahúsum, sem bæði vinna á búi þeirra, svo og þriðja barnið, sem stundar önnur störf og hefur fyrir fjölskyldu að sjá. Af hinum börnunum fimm, sem að heiman eru flutt, eru þrjú gift og hafa fyrir börnum að sjá, en tvö eru einhleyp. Er annað þeirra dóttir, fædd 1929, en hitt sonur, fæddur 1924. Starfar hann sem kennari hér í bænum.

Eins og atvikum er hér háttað, verður að telja fram komnar nægar líkur fyrir því, að Gústaf heitinn hefði framfært stefnendur, a. m. k. að nokkru leyti, ef honum hefði enzt líf. Eiga þau því rétt á bótum samkvæmt þessum lið. Með hliðsjón af hreinni eign Gústafs heitins, er hann féll frá, sem gera verður ráð fyrir, að runnið hafi óskipt til stefnenda, framangreindri skiptingu fébótaábyrgðar og bótum, sem stefnendur hafa fengið frá Trygg-

ingastofnun ríkisins vegna fráfalls sonarins, að fjárhæð kr. 9.400,00, ákveðast bætur til þeirra fyrir missi sonarins sem framfæranda kr. 25.000,00.

Um 2. og 3.

Liðir þessir sæta ekki andmælum, og verða þeir teknir til greina með kr. 4.000,00 (⅔ af kr. 5.400,00 + ⅔ af kr. 600.00).

Úrslit málsins verða þá þau, að stefndi verður dæmdur til að greiða stefnendum kr. 29.000,00 ásamt vöxtum eins og krafizt er. Eftir þessum málalokum verður stefndi dæmdur til greiðslu málskostnaðar, sem eftir atvikum ákveðst kr. 3.150,00.

Einar Arnalds borgardómari kvað upp þenna dóm.

Dómsorð:

Stefndi, Björn Björnsson, greiði stefnanda, Ragnari Jónssyni vegna Jóns Jónssonar og Guðnýjar Aradóttur, kr. 29.000,00 ásamt 6% ársvöxtum frá 30. nóvember 1954 til greiðsludags og kr. 3.150,00 í málskostnað innan 15 daga frá lögbirtingu dóms þessa að viðlagðri aðför að lögum.

Mánudaginn 11. maí 1959.

Nr. 140/1957. **Ákæruvaldið** (Sveinbjörn Jónsson hrl.)
gegn
Arthur Salter (Lárus Fjeldsted hrl.).

Dómendur:
hæstaréttardómararnir Árni Tryggvason, Gizur Bergsteinsson, Jónatan Hallvarðsson og Þórður Eyjólfsson og prófessor Theodór B. Líndal.

Fiskveiðibrot. Sératkvæði.

Dómur Hæstaréttar.

Eftir uppsögu héraðsdóms hefur Friðrik V. Ólafsson, skólastjóri Stýrimannaskólans, framkvæmt athugun á mælingum varðskipsins Þórs 6. júlí 1957 og markað á sjóuppdrætti staði togarans samkvæmt þeim mælingum. Reyndist staður togarans um 0,5 sm. innan fiskveiðimarka kl. 07.25,

um 0,4 sm. innan fiskveiðimarkanna kl. 07.31. Staður dufls þess, sem varðskipið lagði út í kjölfar togarans kl. 07.50, reyndist samkvæmt mælingu varðskipsins kl. 08.58 rétt utan við fiskveiðimörkin.

Varðskipið Þór gaf ákærða bendingu um að nema staðar með flaggmerki kl. 07.30 og með hljóðmerki kl. 07.46. Samkvæmt vætti og mælingum varðskipsmanna sigldi togari ákærða út frá landi frá því kl. 07.25 og til 07.48, er varðskipið nam staðar um skipslengd frá togaranum og í kjölfari hans. Þá er varðskipið kom að togaranum kl. 07.48, var hann með stjórnborðsvörpuna í sjó, og reyndist lifandi fiskur í vörpunni, er hún var innbyrt. Varðskipið setti kl. 07.50 dufl út á þeim stað, þar sem það nam staðar kl. 07.48. Mældist duflstaðurinn rétt utan við fiskveiðimörkin. Samkvæmt því, er rakið var, er sannað, að ákærði hefur verið að veiðum innan fiskveiðimarkanna. Ákærði hefur því gerzt sekur við 1., sbr. 3. gr. laga nr. 5/1920, sbr. 1. gr. laga nr. 5/1951 og 1. gr. laga nr. 82/1952, sbr. enn fremur 1. gr. laga nr. 4/1924.

Refsing ákærða þykir hæfilega ákveðin kr. 100.000,00 sekt til Landhelgissjóðs Íslands, og komi 8 mánaða varðhald í stað sektarinnar, ef hún verður eigi greidd innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa.

Ákvæði héraðsdóms um upptöku afla og veiðarfæra og málskostnað í héraði eiga að vera óröskuð.

Ákærða ber að greiða allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin málflutningslaun sækjanda og verjanda fyrir Hæstarétti, kr. 6.000,00 til hvors.

Dómsorð:

Ákærði, Arthur Salter, greiði kr. 100.000,00 sekt í Landhelgissjóð Íslands, og komi 8 mánaða varðhald í stað sektarinnar, ef hún verður eigi greidd innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa.

Ákvæði héraðsdóms um upptöku afla og veiðarfæra og málskostnað í héraði staðfestast.

Ákærði greiði allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin málflutningslaun sækjanda og verjanda fyrir Hæstarétti, hæstaréttarlögmannanna Sveinbjörns Jónssonar og Lárusar Fjeldsteds, kr. 6.000,00 til hvors.

Dóminum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Sératkvæði
Þórðar Eyjólfssonar hæstaréttardómara í framangreindu máli.

Ég tel laun sækjanda og verjanda fyrir Hæstarétti hæfilega ákveðin kr. 4.500,00 til hvors. Að öðru leyti er ég samþykkur forsendum og niðurstöðu hæstaréttardómsins.

Dómur sakadóms Akureyrar og Eyjafjarðarsýslu 9. júlí 1957.

Mál þetta, sem dómtekið var í dag, er höfðað hér fyrir dómi með ákæru, út gefinni af dómsmálaráðuneytinu í dag, á hendur Arthur Salter, skipstjóra á botnvörpungnum Loch Oskaig, H 431, frá Hull, til heimilis Hull, Englandi, fyrir að hafa gerzt sekur um brot á fiskveiðilöggjöfinni samkv. 1. gr. laga nr. 5/1920, sbr. 1. gr. laga nr. 82/1952, með því að hafa verið að botnvörpuveiðum á nefndum togara milli kl. 07.00 og 08.00 laugardaginn 6. júlí 1957 út af Svínalækjartanga við Þistilfjörð innan markalínunnar samkvæmt 1. gr. reglugerðar nr. 21 frá 1952, samanber lög nr. 44/1948 og lög nr. 81/1952, — til vara fyrir að hafa gerzt sekur um brot samkv. 2. gr. laga nr. 5/1920 með því að hafa við ofangreint tækifæri ekki haft veiðarfæri í búlka innan borðs.

Ákærist því nefndur Arthur Salter til að sæta refsingu samkvæmt 3. gr. laga nr. 5/1920, sbr. lög nr. 5/1951, upptöku afla og veiðarfæra nefnds togara og til greiðslu alls sakarkostnaðar.

Ákærði er kominn yfir lögaldur sakamanna, fæddur 27/4 1918 í Englandi. Hann hefur ekki áður, svo að kunnugt sé, sætt ákæru né refsingu fyrir landhelgisbrot hér við land.

Málavextir eru þessir:

Samkvæmt skýrslu skipherrans á varðskipinu Þór var varðskipið á eftirlitsferð á leið austur yfir Þistilfjörð. Kl. 07.15 sást togari, er virtist grunsamlega nálægt Svínalækjartanga, og reyndist þetta vera togarinn Loch Oskaig, H 431, frá Hull. Varðskipið sigldi síðan í átt til togarans.

Kl. 07.25 var gerð eftirfarandi staðarákvörðun:

	Togari	>	14° 20′
	Langanestá	>	63° 03′
△	Gunnólfsvíkurfjall	>	49° 21′
△	Viðarfjall		

Fjarlægð í togara 4,7 sjóm., er gefur stað hans 0,6 sjóm. innan fiskveiðitakmarkanna, að því er í skýrslunni segir.

Kl. 07.30 var sett upp stöðvunarmerki. Kl. 07.31 var gerð eftirfarandi staðarákvörðun:

	Togari	>	17° 17′
	Langanestá	>	65° 03′
△	Gunnólfsvíkurfjall	>	48° 15′
△	Viðarfjall		

Fjarlægð í togarann var 3,1 sjóm., er gefur stað hans 0,5 sjóm. innan fiskveiðitakmarkanna.

Kl. 07.46 var blásið stöðvunarmerki. Kl. 07.50 var dufl sett út í kjölfar togarans Loch Oskaig, H 431, og var hann með stjórnborðsvörpuna í sjó. Kl. 08.05 var bátur settur út á varðskipinu og skipstjóri togarans, sem er ákærði í máli þessu, sóttur, og var þá verið að taka vörpuna inn á togarann, og var lítils háttar af fiski í pokanum. Kl. 08.58 var gerð eftirfarandi staðarákvörðun við dufl varðskipsins Þórs:

	Langanestá	>	66° 24′
△	Gunnólfsvíkurfjall	>	44° 32′
△	Viðarfjall		

Dýpi var þarna 90 metrar, er gefur stað duflsins á línu fiskveiðitakmarkanna.

Eftir þetta var haldið að óþekktu dufli frá útlendum togara, en ekki kvaðst ákærði eiga það. Var staður duflsins kl. 09.42:

	Langanestá			
	Læknisstaðir	>	71° 31′	Dýpi 84
△	Viðarfjall	>	46° 39′	metrar,

sem gefur stað duflsins 1,1 sjóm. innan fiskveiðitakmarkanna.

Samkvæmt skýrslunni hafði skipstjóri togarans haldið því fram, að hann hefði stöðvað skip sitt kl. 07.10, og hefði áðurnefnt dufl miðazt þá í VSV fjarlægð ca. 0,4 sjóm., síðan hefði skip hans legið kyrrt, þar til hann hefði kastað vörpunni, en því hefði verið lokið kl. 07.40. Ákærði fylgdist með mælingum við bæði duflin. Vindur var mjög lítill eða SA3 og straumur lítill.

Að þessu athuguðu þótti öruggt, að togarinn hefði verið á landhelgissvæðinu, frá því að hann sást fyrst kl. 07.15, þar til

duflið var sett út í kjölfar hans kl. 07.50. Ákærða var síðan tilkynnt, að farið yrði með hann til dómara til frekari rannsóknar. Var dufl varðskipsins síðan tekið upp, skipstjóri fluttur um borð í skip sitt og haldið til Akureyrar kl. 11.28 og komið þangað kl. 22.15. III. stýrimaður og annar maður af varðskipinu voru í togaranum á leiðinni. Skipherrann á varðskipinu Þór hefur borið eftirfarandi: Þegar togarinn sást fyrst, hafði hann stefnu út frá landi. Skömmu síðar hafi hann snúið, er hann var á milli staðanna, sem merktir eru I og II á kortinu, og sagði skipherrann það vera álit sitt, að togarinn hefði þá verið að kasta vörpunni.

Þegar varðskipið kom að togaranum, var togarinn með stjórnborðsvörpuna í botni. Varðskipið sigldi þannig að togaranum, að það stefndi svo nálægt fyrir aftan hann, að skipherra sagði, að það hefði verið of nálægt, ef togarinn hefði verið að hífa, og stöðvuðu þeir varðskipið þarna kl. 07.48 og biðu svo í tvær mínútur til að vera öruggir um, að „trollið" væri komið undan, og settu svo niður baujuna, og var kl. þá 07.50, og tók hann fram, að ekki hefði þetta tekið nema augnablik. Strax að þessu loknu sigldu þeir að togaranum og kölluðu til hans í hátalara. Um niðursetningu baujunnar hefur skipherra borið í tilefni af framburði ákærða, að fjarlægðin frá varðskipinu, þar sem það stöðvaði togarann, þegar þeir komu að honum, hafi ekki verið nema um 40—50 m eða um skipslengd.

Var þá lagt fyrir hann að taka upp vörpuna. Þegar varpan kom upp, sáu þeir, að lítils háttar fiskur var í henni, og sagði togaraskipstjórinn, að það hefði verið um ein til tvær körfur.

Þá hefur skipherrann bent á, að vera megi, að bauja sú, sem merkt er B á sjókortinu og reyndist vera 1,1 sjómílu innan fiskveiðitakmarkanna og skipstjórinn kvaðst ekki eiga, hafi villt hann, og bendir það til þess, að svo hafi verið, að hann sagði, að Svínalækjartangi hefði verið í SSV, fjarlægð 5 sjómílur, en sjálfur hefði hann þá verið 0,4 sjómílur frá duflinu, og miðaðist þá duflið í VSV.

Skipherrann hefur einnig skýrt svo frá, að það hafi verið I. og II. stýrimaður varðskipsins, sem gerðu allar staðarákvarðanir, en sjálfur hafi hann fylgzt með þeim. Allar mælingar voru gerðar með sextant, og skyggni hafi verið mjög gott. Fjarlægðin í tangann var gerð með ratsjá. Skipherrann hefur skýrt svo frá, að skipsklukkan hafi verið leiðrétt að jafnaði daglega eftir tímamerkinu í brezka útvarpinu.

Vitnið Sigurður Þorkell Árnason, I. stýrimaður á varðskipinu Þór, hefur borið eftirfarandi: Hann kveðst hafa gert allar mælingar ásamt II. stýrimanni og skipherra. Vitnið segir, að fyrst er sást til togarans, hafi hann verið á mjög hægri ferð og haft stefnu sem næst í norður, en snúið á milli þess, er þeir tóku fyrstu og aðra staðarákvörðun. Þegar varðskipið kom að togaranum, var stjórnborðsvarpan úti og vírarnir aftur með síðunni, en ekki voru þeir í togblökkinni. Þeir settu þá út bauju í kjölfar togarans eins nálægt honum og þeir þorðu vegna vörpunnar. Þegar varpan var dregin inn, sá vitnið, að svolítill fiskur var í pokanum. Gizkaði ákærði á, að það væri um tvær körfur. Vitnið segir, að skyggni hafi verið gott og öll skilyrði til mælinga góð.

Vitnið Kristján Sveinsson, II. stýrimaður á varðskipinu Þór, hefur skýrt svo frá, að er þeir komu að togaranum, hafi hann verið með stjórnborðsvörpuna úti, en ekki hafi togvírarnir verið slegnir úr blökkinni. Þegar varpan kom upp, sá vitnið, að dálítill fiskur var í pokanum. Vitnið segir, að skyggni hafi verið gott og allar aðstæður til mælinga hafi verið góðar. Vitnið skýrir einnig svo frá, að þegar það hafi fyrst séð til togarans, hafi stefnan verið dálítið vestan við norður, en svo virtist því hann beygja tvisvar til austurs, fyrra sinnið lítið, síðara sinnið meira, og hafi stefnan verið eftir það nálægt því í réttvísandi norður. Hins vegar segir stýrimaðurinn, að hann hafi ekki verið stöðugt í brúnni, svo að ekki sé öruggt, að hann hafi fylgzt með öllum stefnubreytingum togarans.

Vitnið Benedikt Hans Alfonsson III. stýrimaður hefur skýrt svo frá: Hann kveðst ekki hafa verið uppi, þegar fyrst sást til togarans, en komið upp, meðan verið var að sigla að honum, og verið í brúnni eftir það, þar til báturinn var settur niður. Þegar vitnið sá fyrst til togarans, er það kom upp kl. 7.40, stefndi hann til lands, en beygði svo til hafs með stefnu nálægt norðri. Þegar þeir nálguðust togarann, sagði hann, að stjórnborðsvarpan hefði verið í sjónum, en taldi, að þeir hefðu þá ekki verið að toga, því að vírarnir hefðu ekki verið í togblökkinni. Vitnið fór svo í léttibátnum í togarann. Varpan hafði þá verið dregin inn, og lá pokinn ófráleystur á þilfari, og voru í honum 2—3 körfur af lifandi fiski.

Ákærði hefur stöðugt neitað að vera sekur og borið eftirfarandi:

Hann kveðst hafa verið nýkominn upp að landinu til fiskveiða.

Fyrst hafi hann kastað vörpunni austur af Hvalbak, en fengið þar svo að segja engan afla. Hélt hann þá norður fyrir land og fór norður fyrir Langanes um kl. 6 að morgni hinn 6. þ. m. Kl. 07.10, segir hann, að vél skipsins hafi verið stöðvuð, en skriður hafi þá verið á skipinu, og hafi það svo rekið í ca. NNV þar til kl. 07.45. Þó hefur hann viðurkennt að hafa sagt við yfirmenn varðskipsins, að hann hafi sett í gang um kl. 07.40. Kl. 07.10 eða þegar stöðvað var, segir hann, að skipshöfnin hafi farið til morgunverðar og komið aftur á þilfar kl. 07.30, og var þá strax farið að undirbúa að kasta vörpunni, en hann kveður veiðarfærin þá hafa verið búlkuð. Á þessum tíma kvaðst hann hafa mælt fjarlægðina í Svínalækjartanga með ratsjá, og hafi hún reynzt 6 sjómílur. Kl. 07.45 kveður hann „trollið" hafa verið komið útbyrðis, og beygði þá togarinn til stjórnborða og kastaði til norðurs og slakaði út vírunum.

Þegar varðskipið kom að togaranum, kvaðst ákærði hafa verið að snúa skipinu til að fá „trollið" rétt fyrir. Varpan hafi þá ekki verið komin til botns, þar eð ekki hafi verið komnir út nema 25 faðmar af vírunum. Þegar búið var að taka beygjuna og stefna til norðurs, var slakað á togvírunum.

Ákærði kvaðst ekki hafa séð, er varðskipið setti baujuna niður, en er varðskipið fór fyrir aftan hann, gizkaði hann á, að 1—2 tíundu hlutar úr mílu hafi verið milli skipanna. Eftir að varðskipið hafði sett út baujuna, sagði ákærði, að togarinn hefði sigið út um hálfa sjómílu, og hafi þá verið búið að slaka út 200 föðmum af togvír, þegar hann stanzaði, og hafi hann þá byrjað að draga inn „trollið". Ákærði hefur haldið því fram, að ekki hafi verið búið að setja í togblökkina, þegar varðskipið kom að þeim, en það hafi verið gert eftir það.

Eins og áður greinir, hefur ákærði stöðugt neitað að hafa verið að ólöglegum veiðum í greint sinn, en ekki hefur hann þó vefengt staðarákvarðanir varðskipsmanna og hefur viðurkennt að hafa verið við, þegar staður baujunnar var settur út, og einnig hefur hann viðurkennt, að þegar baujan var sett niður, hafi klukkan verið 07.50.

John Henry Brown, stýrimaður á togaranum Loch Oskaig, segir, að þeir hafi ekki hreyft við veiðarfærunum fyrr en kl. 07.30, er þeir höfðu lokið morgunverði. Hann kvað það ekki hafa tekið lengri tíma en 8—10 mín. að koma veiðarfærunum í sjóinn, þar sem öll skilyrði til þess hafi verið sérstaklega góð. Þá hefur hann haldið því fram, að þegar varðskipið skar kjöl-

far togarans, hafi þeir verið að slaka út vírunum, en því hafi ekki verið lokið, þegar þeir komu, en alls hafi þeir slakað út 200 föðmum. Hann hélt því fram, að togvírinn hefði ekki verið settur í blökkina, fyrr en varðskipið kom að þeim fyrst.

Percy Alfred Coulman, bátsmaður á togaranum, hefur skýrt svo frá, að þeir hafi ekki hreyft veiðarfærin fyrr en kl. 07.30. Þeir hefðu þá farið að undirbúa að kasta, og hafi það tekið 7—8 mínútur að koma vörpunni í sjóinn. Þegar búið var að snúa skipinu, var vírunum slakað út. Hann segir, að togvírinn hafi verið tekinn í blökkina, en ekki hafi liðið meir en 5—10 mín., þar til skipað var að slá úr henni aftur. Hafi varðskipið þá verið komið til þeirra.

Harold Richardson, skipverji á togaranum, hefur borið, að ekki hafi verið hreyft við veiðarfærum fyrr en kl. 07.30. Hann segist hafa sett togvírinn í blökkina og gizkar á, að klukkan hafi þá verið um 07.45—07.50. Hann kveðst telja, að varðskipið hafi þá verið fyrir aftan þá. Ekki kvað hann hafa liðið meira en 5—10 mínútur, þar til vírarnir voru aftur slegnir úr blökkinni.

Thomas William Muse, I. vélstjóri á togaranum, hefur skýrt svo frá, að hann hafi komið á vakt kl. 07.30. Kl. 07.40 hafi verið gefin skipun um að setja vélina af stað, fyrst hæga ferð, síðan hálfa ferð og loks fulla ferð. Stöðvunarmerki hafi verið gefið um kl. 07.50—08.00. Vélstjórinn tók það fram, að hann hefði haft klukku, en ekki fylgzt nákvæmlega með henni.

Skipverjar ákærða fylgdust ekki nákvæmlega með klukku, og er framburður manna á togaranum yfirleitt óljós og meira og minna mótsagnakenndur. Enginn þeirra virðist hafa fylgzt með ratsjármælingum ákærða.

Skipherra varðskipsins og I. og II. stýrimaður þess hafa allir staðfest framburð sinn með eiði og allir borið, að mjög góð skilyrði hafi verið til staðarákvarðana. Skýrslu III. stýrimanns var ekki mótmælt að neinu leyti.

Samkvæmt því, er að framan hefur verið rakið, má telja eftirfarandi atriði sönnuð: Ákærði fer vísvitandi inn fyrir línuna og stöðvast þar, að því er reyndist, til veiða. Hann fer svo að hefja veiðiundirbúning án þess að ganga örugglega úr skugga um, að hann væri ekki innan við línuna. Skipherra og I. stýrimaður álíta, að togaranum hafi verið snúið til að rétta vörpuna milli kl. 07.25 og 07.31, og má það teljast líklegt. En þótt það teljist ekki öruggt, þá má telja það nægilega upplýst með játningu ákærða, sem styðst m. a. við vitnisburð I. vélstjóra,

að sett hafi verið í gang til að snúa skipinu og hefja togveiðar kl. 07.40, en um eða upp úr kl. 07.30 var byrjað að setja vörpuna í sjó. Jafnframt er sannað með eiðsvörnum framburðum yfirmanna varðskipsins, að baujan var sett svo að segja alveg við skut togarans, og sömu menn hafa borið og ákærði viðurkennt, að klukkan hafi þá verið 07.50. En staður baujunnar reyndist vera alveg á línu fiskveiðimarkanna. Rétturinn lítur því svo á, að fyllilega sé í ljós leitt, að ákærði hafi framið veiðiaðgerðir innan friðunarlínunnar, er falli undir ákvæði 1. greinar laga nr. 5/1920. Hefur ákærði þannig brotið í bág við ákvæði þau, er greinir undir aðalkröfunni í ákærunni. Samkvæmt refsiákvæðum þeim, sem þar eru talin og áður eru rakin, og með tilliti til stærðar togarans, sem samkvæmt mælingarbréfi er 534,47 brúttó-smálestir, og með tilliti til núverandi gengis íslenzkrar krónu þykir refsing ákærða hæfilega ákveðin kr. 74.000,00 sekt til Landhelgissjóðs Íslands, og komi 7 mánaða varðhald í stað sektarinnar, verði hún ekki greidd innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa. Enn fremur ber að dæma, að allur afli og veiðarfæri, þar með taldir dragstrengir togarans Loch Oskaig, H 431, verði upptæk ger til Landhelgissjóðs Íslands. Dæma ber ákærða til greiðslu alls sakarkostnaðar.

Dóm þennan kváðu upp Sigurður M. Helgason, settur bæjarfógeti, og meðdómsmennirnir Gísli Eyland og Þorsteinn Stefánsson skipstjórar.

Dómsorð:

Ákærði, Arthur Salter, greiði 74.000,00 króna sekt til Landhelgissjóðs Íslands, og komi 7 mánaða varðhald í stað sektarinnar, verði hún ekki greidd innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa.

Allur afli og veiðarfæri, þar með taldir dragstrengir togarans Loch Oskaig, H 431, skulu vera upptæk til Landhelgissjóðs Íslands. Ákærði greiði allan kostnað sakarinnar.

Dóminum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Mánudaginn 11. maí 1959.

Nr. 170/1958. **Ákæruvaldið** (Ragnar Ólafsson hrl.)
gegn
Kristjáni Högnasyni
(Guðlaugur Einarsson hdl.).

Dóminn skipuðu hinir reglulegu dómarar Hæstaréttar.

Manndráp af gáleysi. Brot á bifreiðalögum o. fl. Sératkvæði.

Dómur Hæstaréttar.

Sakaratriðum er rétt lýst í héraðsdómi, og er ákærði sekur samkvæmt þar greindum lagaboðum, sbr. og 2. gr. laga nr. 19/1940 og 81. gr. laga nr. 26/1958. Eftir málavöxtum þykir refsing ákærða hæfilega ákveðin 7.000,00 króna sekt í ríkissjóð, og komi varðhald 45 daga í stað sektarinnar, verði hún eigi greidd innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa. Þá þykir og rétt að svipta ákærða ökuleyfi ævilangt.

Ákvæði héraðsdóms um málskostnað ber að staðfesta.

Ákærði greiði allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin málflutningslaun sækjanda og verjanda fyrir Hæstarétti, kr. 2.500,00 til hvors.

Dómsorð:

Ákærði, Kristján Högnason, greiði 7.000,00 króna sekt í ríkissjóð, og komi varðhald 45 daga í stað sektarinnar, ef hún greiðist ekki innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa.

Ákærði er sviptur ökuleyfi ævilangt.

Ákvæði héraðsdóms um málskostnað á að vera óraskað.

Ákærði greiði allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin laun sækjanda og verjanda fyrir Hæstarétti, Ragnars Ólafssonar hæstaréttarlögmanns og Guðlaugs Einarssonar héraðsdómslögmanns, kr. 2.500,00 til hvors.

Dóminum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Sératkvæði
hæstaréttardómaranna Árna Tryggvasonar og Gizurar Bergsteinssonar.

Maður sá, er varð fyrir bifreið ákærða og hlaut bana af, kom gangandi suður yfir Hringbraut og átti aðeins ófarið eitt skref eða svo að syðri gangstéttarbrún, er ákærði ók á hann. Er ljóst, að mjög hefur skort á, að ákærði hafi beint nægilegri athygli að ferðum mannsins og að hann hefur ekið of hratt. Með þessum akstri sínum hefur ákærði brotið gegn þeim ákvæðum laga og lögreglusamþykktar, sem greind eru í héraðsdómi, sbr. 2. gr. laga nr. 19/1940, og þykir refsing ákærða hæfilega ákveðin varðhald þrjá mánuði. Þá ber og að svipta hann ökuleyfi ævilangt, sbr. 81. gr. laga nr. 26/1958.

Ákvæði héraðsdóms um málskostnað á að vera óraskað.

Ákærði greiði allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin laun sækjanda og verjanda í Hæstarétti, kr. 2.500,00 til hvors.

Dómsorð okkar er því þannig:

Ákærði, Kristján Högnason, sæti varðhaldi 3 mánuði. Hann er sviptur ökuleyfi ævilangt.

Ákvæði héraðsdóms um málskostnað á að vera óraskað.

Ákærði greiði allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin málflutningslaun sækjanda og verjanda í Hæstarétti, Ragnars Ólafssonar hæstaréttarlögmanns og Guðlaugs Einarssonar héraðsdómslögmanns, kr. 2.500,00 til hvors.

Dóminum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Dómur sakadóms Reykjavíkur 8. júlí 1958.

Ár 1958, þriðjudaginn 8. júlí, var í sakadómi Reykjavíkur, sem haldinn var í skrifstofu dómsins af Gunnlaugi Briem, kveðinn upp dómur í málinu nr. 4085/1958: Ákæruvaldið gegn Kristjáni Högnasyni, sem dómtekið var 1. júlí sl.

Málið er höfðað samkv. ákæruskjali, dagsettu 13. febrúar sl., gegn Kristjáni Högnasyni leigubifreiðarstjóra, Rauðarárstíg 11 hér í bæ, fyrir að hafa um klukkan 07.40 laugardagsmorguninn 23. nóvember sl. ekið bifreiðinni R-7697 hratt og ógætilega vestur Hringbraut hér í bæ með þeim afleiðingum, að Harald-

ur Thorsteinsson Hamar, Elliheimilinu Grund, sem var á gangi suður yfir syðri akbraut Hringbrautar móts við Brávallagötu, varð fyrir bifreiðinni og slasaðist svo mjög, að hann beið bana af.

Með framangreindum akstri sínum þykir ákærði hafa gerzt brotlegur við 215. gr. almennra hegningarlaga, nr. 19/1940, 1. og 4. mgr. 26. gr. og 1. mgr. 27. gr., sbr. 1. mgr. 38. gr. bifreiðalaga, nr. 23/1941, 2. gr. og 3. mgr. 4. gr., sbr. 1. mgr. 14. gr. umferðarlaga, nr. 24/1941, svo og við 46. gr., sbr. 1. mgr. 96. gr. lögreglusamþykktar Reykjavíkur, nr. 2/1930.

Þess er krafizt, að ákærði verði dæmdur til refsingar og sviptingar bifreiðarstjóraréttinda samkvæmt 1. mgr. 68. gr. almennra hegningarlaga og 1. mgr. 39. gr. bifreiðalaga, svo og verði hann dæmdur til greiðslu alls sakarkostnaðar.

Ákærði er kominn yfir lögaldur sakamanna, fæddur 6. september 1925 í Reykjavík. Sakavottorð hans er svohljóðandi:

1942 3/12 Rvík. Sátt, 5 kr. sekt fyrir brot á 50. gr. lögreglusamþ. Reykjavíkur.
1946 3/5 Rvík. Sátt, 150 kr. sekt fyrir brot gegn 1. mgr. 27. gr. bifreiðalaga, sbr. 4. mgr. 26. gr. sömu l. og 219. gr. hegningarlaga.
1947 14/5 Rvík. Sátt, 40 kr. sekt fyrir brot gegn 1. mgr. 27. gr. bifreiðalaga.
— 4/11 Rvík. Sátt, 25 kr. sekt fyrir ólöglegt bifreiðarstæði.
1951 2/3 Rvík. Kærður fyrir ólöglegt bifreiðarstæði. Fellt niður.
1952 22/4 Rvík. Sátt, 50 kr. sekt fyrir brot á bifreiða- og umferðarlögum.
1953 20/10 Rvík. Dómur, fangelsi 4 mánuði, sviptur kosningarétti og kjörgengi fyrir brot á 142. gr. hegningarlaga.
1954 30/1 Rvík. Sátt, 75 kr. sekt fyrir brot á bifreiðalögum og umferðarlögum.
1955 22/8 Rvík. Kærður fyrir umferðarlagabrot. Fellt niður.
— 28/10 Rvík. Kærður fyrir ólöglegt bifreiðarstæði.
1956 27/6 Rvík. Áminning fyrir ólöglegt bifreiðarstæði.

Málavextir eru þessir:

Laugardaginn 23. nóvember 1957 kl. 07.40 var tilkynnt á lögreglustöðina, að skömmu áður hefði orðið umferðarslys á Hringbraut. Reyndust tildrög slyssins hafa verið þau, að ákærði hafði komið akandi á leigubifreiðinni R-7697 vestur Hringbraut. Er hann var að koma á móts við húsið nr. 43, var Haraldur Thorsteinsson, fæddur 20. febrúar 1891, þar á ferð áleiðis suður yfir götuna. Skipti engum togum, að hann varð fyrir bifreiðinni

og hlaut svo mikil meiðsli af, að hann andaðist í sjúkrahúsi kl. 11.20 sama morgun. Að slysinu afstöðnu stóð bifreiðin R-7697 á syðri akbraut Hringbrautar á móts við Brávallagötu. Hún var við ytri gangstéttarbrún næstum beint fyrir í götunni, en vísaði þó aðeins til vinstri. Á syðri gangstétt, á móts við afturenda bifreiðarinnar vinstra megin, var blóðpollur rúman metra frá gangstéttarbrúninni. Hafði Haraldur heitinn legið þar að slysinu afstöðnu. Bifreiðin hafði rétt farið fram hjá ljósastaur, er slysið varð. Er slysið varð, var myrkur, rigning og færi þar af leiðandi blautt. Yfirborð vegarins á slysstaðnum er malbikað. Hemlaför voru ekki sjáanleg á götunni. Raflýsing var talin slæm í götunni. Bifreiðaeftirlitsmenn skoðuðu bifreiðina R-7697, sem er af Dodge-gerð af árgangi 1955, og reyndist hún vera í fyllsta lagi. Við slysið hafði umgerð á vinstra ljóskeri bifreiðarinnar gengið úr skorðum, en ekki voru aðrar skemmdir sjáanlegar á bifreiðinni.

Ákærði hefur skýrt frá því, að hann hafi verið við leiguakstur umræddan morgun á bifreið sinni, R-7697. Hafði hann verið kvaddur frá bifreiðasíma Hreyfils í Kleppsholti að Rauðalæk 75. Hélt ákærði þangað og tók þar í bifreiðina Ágúst Guðmundssson slökkviliðsmann. Þessu næst ók ákærði áleiðis út á Seltjarnarnes, en þangað hafði Ágúst verið kvaddur vegna eldsvoða. Ákærði kvað Ágúst hafa sagt sér frá eldsvoðanum, en ekki hafði hann orð á því, að hann þyrfti að hafa hraðan á. Kvað ákærði það vera þegjandi samkomulag við bifreiðastjóra að hraða ferðinni, er þannig stendur á. Ákærði ók sem leið lá vestur á Hringbraut og hana til vesturs. Rigning var um morguninn og skyggni slæmt. Hafði ákærði þurrkur á framrúðu í gangi. Ákærði taldi, að hann hefði ekið á 40 km hraða eða á venjulegum hraða á Hringbraut, að því er hann sagði. Stýrið er vinstra megin í bifreið ákærða, og sat Ágúst í framsætinu við hlið hans hægra megin. Ákærði hafði lágu ljósin á bifreiðinni, en þau lýstu stutt fram fyrir hana. Er ákærði var kominn út í gatnamót Brávallagötu, sá hann mann á akbrautinni fram undan bifreiðinni. Taldi ákærði, að hann hefði þá átt 4—6 metra ófarna að manninum. Um leið og ákærði kom auga á manninn, kallaði Ágúst upp: „Passaðu þig!“ Ákærði hemlaði með fullu átaki á fóthemla, um leið og hann kom auga á manninn, en á sömu stundu lenti maðurinn vinstra megin að framan á bifreiðinni. Við ákeyrsluna lyftist maðurinn upp og fór upp

á vinstri aurhlíf, en síðan féll hann í götuna við hlið bifreiðarinnar upp á gangstéttina. Taldi ákærði, að maðurinn hefði komið á ská yfir götuna. Bifreiðin fór um hálfa lengd sína áfram, eftir að hún lenti á manninum. Taldi ákærði, að verið gæti, að hann hefði gefið eftir á hemlum. Ákærði nam nú staðar og fór út úr bifreiðinni. Maðurinn, er var meðvitundarlaus, lá á grúfu upp á gangstétt til hliðar við bifreiðina langsum í götunni. Sneru fætur hans í norðvestur, en höfuð í suðaustur. Samkvæmt ummerkjum á bifreiðinni kvað ákærði manninn hafa lent á framvara hennar og ljóskeri vinstra megin. Ákærði sá ekki til ferða mannsins, fyrr en hann var kominn fram fyrir bifreiðina, eins og áður greinir. Kveðst hann því ekki hafa vitað, hvaðan maðurinn hafi verið að koma. Ákærði kvaðst hafa haft það á tilfinningunni, að bifreiðin hefði lent á vinstri hlið mannsins. Ákærði kvaðst hafa verið vel fyrir kallaður við aksturinn, og ekkert hefði truflað sig. Taldi hann, að þeir Ágúst hefðu ekki verið að tala saman. Maðurinn var í gráum yfirfrakka með hatt á höfði.

Vitnið Ágúst Karl Guðmundsson, er var með ákærða í bifreiðinni, er slysið varð, hefur skýrt frá í öllum verulegum atriðum á sama hátt og ákærði. Vitnið kvaðst hafa beðið ákærða að aka sér út á Seltjarnarnes vegna eldsvoða. Vitnið bað þó ákærða ekki um að flýta sér, en hann ók frekar greitt að sögn þess. Er það ætlun vitnisins, að hann hafi ekið með allt að 30—40 km hraða miðað við klukkustund, og var hann á þeim hraða, er hann nálgaðist slysstaðinn. Er bifreiðin var að komast inn á gatnamót Brávallagötu, varð vitnið vart við mann, er var um það bil eina bifreiðarlengd fyrir framan hana. Vitnið kallaði til ákærða og sagði honum frá manninum, er kom skáhallt yfir götuna í áttina að bifreiðinni. Hemlaði ákærði rétt í því, en næstum á sömu stundu varð slysið. Vitnið kvaðst búast við því, að ákærði hefði hemlað eftir sinni fyrirsögn, þar sem hann virtist ekki hafa séð manninn. Maðurinn virtist ekki hafa veitt bifreiðinni athygli, en hann var rétt að sleppa yfir götuna, er bifreiðin lenti á vinstri hlið hans. Maðurinn kastaðist frá bifreiðinni og út fyrir vinstri hlið hennar. Bifreiðinni var ekið með ljósum, en rigning var og skyggni slæmt. Bifreiðin stöðvaðist mjög fljótt, eftir að maðurinn varð fyrir henni. Maðurinn lá á grúfu á syðri gangstéttinni aftur með bifreiðinni að slysinu afstöðnu. Hann var þversum, og vísaði höfuð hans út að akbraut-

inni, en fætur í suður. Vitninu virtist ákærði vera vel fyrir kallaður og hafa óskipta athygli við aksturinn. Þeir voru ekki að tala saman, er slysið varð.

Vitnið Þórður Áskell Magnússon kennari, Hringbraut 43, hefur skýrt frá því, að það hafi staðið fyrir utan dyrnar heima hjá sér, er umrætt slys varð. Vitnið kvaðst hafa séð Harald heitinn, þar sem hann kom af Brávallagötu og gekk suður yfir Hringbraut aðeins austan gatnamótanna. Hann gekk hægt og beint yfir götuna. Er hann var kominn á syðri akbraut Hringbrautar, bar að bifreiðina R-7697, er kom austan götuna á mikilli ferð, að því er vitninu virtist. Vitninu virtist Haraldur heitinn líta í þá átt, sem bifreiðin kom úr, og fór hann þá að flýta sér yfir götuna. Er hann var rétt kominn að gangstéttinni sunnan Hringbrautar, skipti engum togum, að bifreiðinni var ekið á hann. Vitnið taldi, að Haraldur heitinn hefði átt eitt skref eða svo ófarið að gangstéttarbrúninni, er hann varð fyrir bifreiðinni. Haraldur heitinn kastaðist í loft upp og lenti uppi á bifreiðinni vinstra megin ofan til við ljóskerið eða yfir framenda hennar vinstra megin. Hann féll svo niður á syðri gangstétt. Haraldur heitinn lá að slysinu afstöðnu á grúfu þversum í götunni, þannig að höfuðið vísaði að akbrautinni, en fæturnir að húsaröðinni. Vitnið taldi víst, að ljós hefði verið á bifreiðinni R-7697, þar sem það kvaðst hafa tekið eftir því, ef svo hefði ekki verið.

Vitnið Guðlaug Sigríður Karlsdóttir nemandi, Birkimel 10 A, 15 ára að aldri, hefur skýrt frá því, að það hafi verið statt á syðri gangstétt Hringbrautar milli húsanna nr. 41 og 43, er umrætt slys varð, og verið að bíða eftir strætisvagni. Vitnið kvaðst hafa heyrt hljóðmerki frá bifreið og séð þá, hvar bifreiðin R-7697 kom austan götuna á mjög miklum hraða. Kvað vitnið bifreiðinni hafa verið ekið mun hraðar en bifreiðum er almennt ekið þarna. Í sömu andránni og vitnið sá bifreiðina sá það Harald heitinn á leið suður yfir syðri akbraut Hringbrautar, og var hann næstum kominn yfir götuna. Bifreiðin átti skammt ófarið að Haraldi heitnum, og skipti engum togum, að henni var ekið á hann. Haraldur heitinn kastaðist í loft upp yfir vinstri framaurhlíf bifreiðarinnar, en síðan féll hann á gangstéttina og lá þar hreyfingarlaus. Vitnið hafði ekki séð til ferða Haralds heitins fyrr en næstum á sömu stundu og slysið varð. Vitnið varð ekki vart við það, að bifreiðinni R-7697 væri hemlað fyrr en

í sömu andránni og slysið varð. Haraldur heitinn lá að sögn vitnisins á grúfu þversum í götunni að slysinu afstöðnu. Sneri höfuð hans að götunni, en fætur í suður. Vitnið vissi ekki, hvort ljós voru á bifreiðinni R-7697.

Vitnið Theódór Sigurbergsson nemandi, Víðimel 21, hefur skýrt frá því, að það hafi verið á leið vestur Hringbraut eftir syðri gangbraut með Magnúsi Guðmundssyni, Hringbraut 21, er framangreint slys varð. Er þeir voru rétt komnir vestur fyrir húsið nr. 41, tók vitnið eftir Haraldi heitnum, sem var á gangi áleiðis suður yfir syðri akbraut Hringbrautar. Vitnið taldi, að hann hefði gengið beint eða alveg þvert yfir götuna, en var ekki öruggt um það. Haraldur heitinn gekk frekar hægt og nokkuð frá gatnamótum Hringbrautar og Brávallagötu. Hann var kominn nálægt gangstéttarbrúninni, og vitnið taldi, að hann mundi ná að komast yfir akbrautina, áður en bifreiðina R-7697. er var á vesturleið, bæri að. Vitninu fannst bifreiðinni R-7697 ekið nokkuð hratt eða hraðar en bifreiðum er almennt ekið þarna. Vitnið gat þó ekki sagt fyrir víst um ökuhraðann. Bifreiðin var komin aðeins vestur fyrir þá Magnús, er henni var hemlað. Bifreiðin rann áfram, og vitnið sá Harald heitinn kastast í loft upp, en síðan féll hann upp á syðri gangstétt. Bifreiðin rann aðeins áfram, eftir að Haraldur heitinn féll á gangstéttina. Haraldur heitinn lá að slysinu afstöðnu á grúfu langsum í götunni, og sneri höfuð hans í austur, en fætur í vestur. Vitnið varð ekki vart við það, að Haraldur heitinn veitti bifreiðinni neina athygli. Vitnið tók ekki eftir því, hvort ljós voru á bifreiðinni R-7697. Rigning var, er slysið varð, og kvað vitnið hafa verið vont að sjá Harald heitinn.

Vitnið Magnús Guðmundsson nemandi, Hringbraut 41, 14 ára að aldri, var með síðastnefndu vitni á gangi, er slysið varð. Vitnið kvaðst ekki hafa séð Harald heitinn fyrr en á sömu stundu og slysið varð. Var bifreiðin R-7697 þá komin nokkuð fram fyrir þá félaga. Taldi vitnið, að bifreiðin hefði verið komin út í gatnamót Brávallagötu, er henni var hemlað, og rétt í því sá það Harald heitinn kastast í loft upp og falla á gangstéttina á grúfu, og varð hattur hans undir andlitinu. Haraldur heitinn lá að slysinu afstöðnu langsum í götunni með höfuðið í austur og fætur í vestur. Vitninu fannst bifreiðinni R-7697 ekið fremur hratt, en vitnið kvaðst þó oft hafa séð bifreiðum ekið með sama hraða um Hringbraut þarna.

Páll Sigurðsson læknir tók á móti Haraldi heitnum á Slysavarðstofunni skömmu eftir slysið. Segir svo í vottorði hans, dagsettu 25. nóvember 1957:

„Hinn 23.11. 1957 kl. 07.30 var komið með ofannefndan mann til Slysavarðstofunnar í sjúkrabíl, og hafði hann orðið fyrir bíl. Við komuna á stofuna er maðurinn með meðvitund, en man ekki, hvað við hefur borið; kvartar um höfuðverk, svima og ógleði og verk í vinstri mjöðm. — Skoðun við komu: Maðurinn er mjög horaður og veiklulegur. Blóðþr. 90/70, æðaslög 80/mín. Á enni er flipaskurður og annar á hvirfli. Smávegis hrufl er á vinstra hné og legg, einnig á fingrum vinstri handar og úlnlið. Vinstri ganglimur liggur snúinn út á við í 90 gr. í mjaðmarlið, og mikill sársauki við hreyfingatilraunir. Röntgenskoðun af vinstri mjöðm leiddi í ljós brot á lærleggshálsi. Skurðirnir voru hreinsaðir og saumaðir í deyfingu og búið um sárin. Maðurinn dvaldist á Slysavarðstofunni um það bil 2 tíma, en var þá fluttur í Landakotsspítala."

Prófessor Níels Dungal krufði lík Haralds heitins Thorsteinssonar. Segir svo í skýrslu hans um krufninguna:

„.... Líkið er af mjög horuðum manni, sem er varla nema skinn og bein. Það er 169 sm á lengd, með litlum líkblettum á baki, lítið stirt. Mikið hrufl er á nefinu, þannig að húðin er hér um bil öll hrufluð af brjóskhluta nefsins. Á enninu sést 6 sm langt samansaumað sár, sem er á ofanverðu miðju enni, og gengur þaðan beint upp undir hvirfil, og í efri enda sársins gengur annað sár þvert yfir það, og er það um 3 sm á lengd, einnig samansaumað. Á hökunni er einnig 3 sm langt samansaumað sár, sem gengur þvert yfir neðanverða hökuna. Önnur áberandi áverkamerki sjást ekki á líkinu ....

Í grindarholinu var mikil blæðing á bak við lífhimnuna, sérstaklega vinstra megin. Var skorið inn á grindabeinin þar, og fundust beinin þar þá mikið brotin. Vinstra mjaðmarbein var þverbrotið yfir mjaðmarspaðann ofan til, þannig að mannslófastórt stykki var brotið ofan af og hafði þrýstst inn í vöðvann á bak við það. Neðar var os ischii (setbeinið) þverbrotið, þannig að stórt gat sást inn í mjaðmarliðinn, þar sem augnakallinn blasti við. Í kringum þessi brot var mjög mikil blæðing um allt grindarholið undir lífhimnunni, og vinstra megin náði blæðingin upp undir nýra. Sennilega hefur blætt a.m.k. sem svarar 1 lítra á þessu svæði.

Á hægra mjaðmarbeini sást aðeins ein 5 sm löng sprunga inn við grindarholið.

Ályktun: Svo virðist sem maðurinn hafi hlotið mjög mikinn áverka framan á vinstri mjöðm og skollið við það á andlitið. Blæðingin frá beinbrotinu hefur leitt manninn til bana."

Ákærði hefur viðurkennt að hafa ekið með 40 km hraða, er umrætt slys varð, og vitnin hafa borið, að hann hafi ekið hratt. Þykir þannig sannað, að ákærði hafi ekið með ólöglegum hraða og allt of hratt miðað við aðstæður. Þá lítur dómarinn svo á, að, ákærði hafi átt að geta séð til ferða Haralds heitins yfir götuna, þar sem ekkert skyggði á hann, og þannig komið í veg fyrir slysið. Verður að telja, að ákærði eigi með umræddri óaðgætni sinni sök á slysinu.

Með framangreindu atferli sínu telst ákærði hafa gerzt brotlegur gegn 215. gr. alm. hegningarlaga, nr. 19/1940, 1. og 4. mgr. 26. gr. og 1. mgr. 27. gr., sbr. 1. mgr. 38. gr. bifreiðalaga, nr. 23/1941, 2. gr. og 3. mgr. 4. gr., sbr. 1. mgr. 14. gr. umferðarlaga, nr. 24/1941, og 46. gr., sbr. 1. mgr. 96. gr. lögreglusamþykktar Reykjavíkur, nr. 2/1930, sbr. nú 1. mgr. 37. gr. og 1., 2. og 3. mgr. 49. gr., sbr. 80. gr. umferðarlaga, nr. 26/1958.

Refsing ákærða þykir hæfilega ákveðin 5.000,00 kr. sekt, er renni til ríkissjóðs, og komi varðhald í 25 daga í stað sektarinnar, verði hún ekki greidd innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa.

Skv. 1. mgr. 39. gr. bifreiðalaga þykir rétt að svipta ákærða ökuleyfi í 2 ár frá birtingu dóms þessa.

Ákærða ber að dæma til greiðslu alls sakarkostnaðar, þar með talin málsvarnarlaun til skipaðs verjanda síns, Guðlaugs Einarssonar héraðsdómslögmanns, kr. 1.500,00.

Dómsorð:

Ákærði, Kristján Högnason, greiði 5.000,00 kr. sekt til ríkissjóðs, og komi varðhald í 25 daga í stað sektarinnar, verði hún eigi greidd innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa.

Ákærði skal frá birtingu dóms þessa sviptur ökuleyfi í 2 ár.

Ákærði greiði allan kostnað sakarinnar, þar með talin málsvarnarlaun til skipaðs verjanda síns, Guðlaugs Einarssonar hdl., kr. 1.500,00.

Dóminum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Föstudaginn 15. maí 1959.

Nr. 71/1956. **Hilmar Ludvigsson** (Gunnar Möller hrl.)
gegn
Sigurði Berndsen (Egill Sigurgeirsson hrl.).

Dóminn skipuðu hinir reglulegu dómarar Hæstaréttar.

Endurheimt ofgreidds fjár.

Dómur Hæstaréttar.

Áfrýjandi hefur skotið máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 15. maí 1956 og fengið gjafsókn hér fyrir dómi. Krefst hann þess *aðallega,* að stefnda verði dæmt að greiða honum kr. 68.990,00, en *til vara* kr. 20.235,69, ásamt 6% ársvöxtum af dæmdri fjárhæð frá 24. febrúar 1954 til greiðsludags. Hann krefst og málskostnaðar úr hendi stefnda í héraði svo og fyrir Hæstarétti, eins og málið væri ekki gjafsóknarmál, og að skipuðum talsmanni hans verði dæmd hæfileg málssóknarlaun fyrir Hæstarétti.

Stefndi krefst staðfestingar hins áfrýjaða dóms og málskostnaðar fyrir Hæstarétti eftir mati dómsins.

Tildrög máls þessa eru sem hér segir: Áfrýjandi kveðst hafa haft í hyggju vorið 1952 að reisa smáíbúðarhús í Kópavogi í félagi við mann að nafni Gísli Jakobsson. Af því tilefni gaf Gísli út víxil, að fjárhæð kr. 30.000,00, með gjalddaga 20. desember 1952. Áfrýjandi samþykkti víxil þenna og gaf jafnframt út tryggingarbréf með honum með veði í húseign sinni, Snælandi II við Nýbýlaveg. Steingrímur Stefánsson, sem getið er í héraðsdómi, tók að sér að selja víxilinn fyrir þá áfrýjanda og Gísla. Keypti Guðjón Hólm hdl. víxilinn og fékk jafnframt í hendur tryggingarbréfið. Áfrýjandi kveður andvirði víxilsins hafa orðið að eyðslueyri hjá sér og Gísla, og varð ekkert úr fyrirætlun þeirra um húsbygginguna.

Þegar kom að gjalddaga víxilsins, höfðu þeir áfrýjandi og Gísli ekkert fé handbært til að greiða hann með. Kveður áfrýjandi Steingrím Stefánsson þá hafa stungið upp á því, að gefinn yrði út nýr víxill, að fjárhæð kr. 100.000,00, sem

Steingrímur tæki að sér að selja. Varð það úr, að maður að nafni Finnur Th. Jónsson gaf út víxil með nefndri fjárhæð hinn 18. desember 1952, er greiðast skyldi hinn 18. ágúst 1953. Samþykkti Steingrímur víxilinn, en áfrýjandi ritaði nafn sitt á hann sem ábekingur. Jafnframt gaf áfrýjandi út tryggingarbréf með víxlinum með veði í húseigninni Snælandi II. Það varð að samkomulagi með þeim áfrýjanda og Steingrími, að Steingrímur fengi til bráðabirgða til eigin ráðstöfunar helming andvirðis þess, er fyrir víxilinn fengist.

Steingrímur Stefánsson seldi stefnda, Sigurði Berndsen, hinn nýja víxil ásamt tryggingarbréfinu í janúar 1953. Af andvirðinu greiddi stefndi Guðjóni Hólm fjárhæð eldra víxilsins, kr. 30.000,00, ásamt áföllnum vöxtum og kostnaði. Eftirstöðvar andvirðisins runnu til Steingríms Stefánssonar. Kveður áfrýjandi Steingrím aðeins hafa greitt sér kr. 5.000,00 af þeim hluta andvirðisins.

Þegar víxillinn féll í gjalddaga hinn 18. ágúst 1953, gerðu víxilskuldarar engin skil. Krafðist stefndi þá uppboðs á hinni veðsettu húseign, en á uppboðsþingi 24. febrúar 1954 leysti áfrýjandi til sín víxilskuldina ásamt áföllnum vöxtum og kostnaði með kr. 109.016,00.

Í héraðsdómi er lýst rökum fyrir aðalkröfu áfrýjanda og fjárhæð hennar. Er krafan á því reist, að stefnda hafi mátt vera ljóst, þegar hann keypti framangreindan víxil, að Steingrímur Stefánsson væri með viðskiptum sínum við áfrýjanda að hafa af honum fé með refsiverðum hætti. Hafi stefndi með kaupum á víxlinum gerzt hlutdeildarmaður í því atferli Steingríms og þar með bakað sér ábyrgð á öllu tjóni áfrýjanda, sem leitt hafi af víxilábyrgð hans og útgáfu tryggingarbréfsins. Hér verður ekki úr því leyst, hvort framferði Steingríms við áfrýjanda hafi verið refsivert eða ekki, en að því er til stefnda tekur, þá hefur ekki verið leitt í ljós, að hann hafi með kaupum á víxlinum fellt á sig fébótaábyrgð gagnvart áfrýjanda. Ber því að staðfesta úrlausn héraðsdóms um aðalkröfu áfrýjanda.

Verður þá vikið að varakröfu áfrýjanda. Hún er á því

reist, að stefndi hafi, er hann keypti víxilinn af Steingrími, áskilið sér vexti og annað endurgjald fyrir lánveitinguna fram yfir það, sem heimilt er samkvæmt 2. gr. laga nr. 73/1933, sbr. lög nr. 75/1952, og sé þá það, sem umfram var greitt, endurkræft eftir 1. málsgr. 6. gr. laga nr. 73/1933.

Stefndi hefur lýst því, að við kaup á víxlinum hafi hann áskilið sér 2% af kr. 100.000,00 í svonefnt lántökugjald, þ. e. kr. 2.000,00 og 7½% forvexti p.a., þ. e. kr. 5.000,00 í 8 mánuði. Andvirðið hafi hann svo greitt að nokkru leyti með víxli, samþykktum af Inga Kröyer, að eftirstöðvum kr. 16.390,51, og að öðru leyti með peningum.

Áfrýjandi heldur því fram, að víxill sá, samþykktur af Inga Kröyer, sem Steingrímur fékk í hendur, hafi verið verðlaus með öllu. Hefur Steingrímur Stefánsson hinn 25. janúar 1955 framselt áfrýjanda allan þann rétt, sem hann kynni að hafa átt á hendur stefnda vegna þess, að nefndur víxill sé verðlaus eða verðminni en nafnverði eftirstöðvanna nemur.

Áfrýjandi miðar fjárhæð varakröfunnar við það, að stefnda sé skylt að endurgreiða honum allt það endurgjald, sem stefndi áskildi sér við kaup á 100 þúsund kr. víxlinum umfram það, sem heimilt var eftir ákvæðum vaxtalaga. Það verður þó ekki talið, að áfrýjandi hafi öðlazt beinan rétt gagnvart stefnda til heimtu slíks fégjalds. Kemur því aðeins til álita, hvort áfrýjandi hafi með framangreindu framsali frá Steingrími Stefánssyni fengið endurgreiðslukröfu á hendur stefnda.

Víxill sá, samþykktur af Inga Kröyer, sem Steingrímur fékk frá stefnda, var upphaflega að fjárhæð kr. 20.300,00 og greinir útgáfudag 6. júní 1951 og gjalddaga 1. október 1951. Hafði stefndi veitt Inga peningalán gegn víxli þessum og fengið til tryggingar því veðrétt í rishæð hússins nr. 16 við Langholtsveg í Reykjavík. Ingi greiddi ekki víxilskuld þessa á gjalddaga, og gekk stefndi þá að veðinu. Við sölu á veðinu á uppboðsþingi 21. desember 1951 var stefndi hæstbjóðandi, og var honum lögð rishæðin út sem ófullnægðum veðhafa. Hrökk veðið aðeins til greiðslu á kr. 3.909,49

af víxilskuldinni. Stóðu þá eftir ógreiddar af víxlinum kr. 16.390,51. Í málinu er komið fram, að hinn 6. febrúar 1954 fór fram árangurslaus fjárnámsgerð hjá Inga Kröyer, og sjálfur hefur hann lýst því fyrir dómi 15. júlí 1954, að hann sé ekki fær um að greiða eftirstöðvar umrædds víxils. Gegn þeim staðreyndum, sem þannig liggja fyrir um fjárhag Inga Kröyers, hefur stefndi, sem tók við 100 þúsund kr. víxlinum fulltryggðum, ekki fært að því neinar líkur í máli þessu, að víxilkrafan á hendur Inga Kröyer hafi verið nokkurs virði, er hann afhenti Steingrími hana. Ber honum því samkvæmt framsalinu frá Steingrími Stefánssyni og með skírskotun til 1. málsgr. 6. gr. laga nr. 73/1933 að greiða áfrýjanda fjárhæð víxilsins, svo sem hann var að eftirstöðvum, kr. 16.390,51, enda hefur þeirri fjárhæð ekki verið sérstaklega mótmælt. Þá ber stefnda og að endurgreiða oftekna forvexti, 7½% p.a. í 8 mánuði (18. desember 1952—18. ágúst 1953) af kr. 16.390,51, þ. e. kr. 819,52, og oftekna vexti, 6% p.a. af sömu fjárhæð í 6 mánuði (18. ágúst 1953—18. febrúar 1954), þ. e. kr. 491,72. Nema þessar fjárhæðir samtals kr. 17.701,75. Þá ber stefnda og að greiða 6% ársvexti af dæmdri fjárhæð frá 24. febrúar 1954 til greiðsludags.

Eftir þessum úrslitum er rétt, að stefndi greiði áfrýjanda málskostnað í héraði, kr. 2.000,00, svo greiði hann og málskostnað fyrir Hæstarétti, kr. 3.500,00. Af þeirri fjárhæð renni kr. 2.000,00 til talsmanns áfrýjanda fyrir Hæstarétti og kr. 1.500,00 til ríkissjóðs.

Dómsorð:

Stefndi, Sigurður Berndsen, greiði áfrýjanda, Hilmari Ludvigssyni, kr. 17.701,75 ásamt 6% ársvöxtum frá 24. febrúar 1954 til greiðsludags. Stefndi greiði áfrýjanda kr. 2.000,00 í málskostnað í héraði. Svo greiði hann og málskostnað fyrir Hæstarétti, kr. 3.500,00, þar af kr. 2.000,00 til málflutningsmanns áfrýjanda í Hæstarétti, Gunnars Möllers hæstaréttarlögmanns, og kr. 1.500,00 í ríkissjóð.

Dóminum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur bæjarþings Reykjavíkur 11. apríl 1956.

Mál þetta, sem dómtekið var 3. þ. m., hefur Hilmar Ludvigsson, Sólvangi við Fífuhvammsveg í Kópavogi, höfðað fyrir bæjarþinginu með stefnu, út gefinni 8. febrúar 1955, gegn Sigurði Berndsen, Flókagötu 57 hér í bænum, og hefur gert þær dómkröfur *aðallega,* að stefndi verði dæmdur til að greiða honum kr. 68.990,00 auk 6% ársvaxta frá 24. febrúar 1954 til greiðsludags, en *til vara* krefst hann þess, að stefndi verði dæmdur til að greiða honum kr. 19.963,66 með vöxtum eins og í aðalkröfu greinir. Þá krefst hann málskostnaðar úr hendi stefnda, hvernig sem málið fer.

Stefndi hefur gert þær dómkröfur, að hann verði sýknaður af öllum kröfum stefnanda og honum verði tildæmdur málskostnaður úr hendi stefnanda eftir mati dómarans.

Stefnandi hefur skýrt svo frá málavöxtum, að í desember 1952 hafi fallið á hann víxill, að fjárhæð kr. 30.000,00, sem Steingrímur nokkur Stefánsson, er kallar sig fasteignasala, hafi selt fyrir hann og annan mann. Hafi víxill þessi verið tryggður með veði í húsi, er hann átti, Snælandi 2 við Nýbýlaveg. Kveðst stefnandi ekki hafa getað greitt víxilinn á gjalddaga. Hafi Steingrímur þá fengið hann til að veðsetja hús sitt fyrir nýjum víxli, að fjárhæð kr. 100.000,00. Hafi hann (stefnandi) gengizt inn á, að Steingrímur fengi víxil þennan til ráðstöfunar og að hann mætti til bráðabirgða, en um mjög skamman tíma, taka til sinna nota helming víxilandvirðisins, en eldri víxillinn hafi þó átt að greiðast, þegar Steingrímur seldi hundrað þúsund króna víxilinn. Nýja víxilinn, sem var út gefinn af Finni Th. Jónssyni, eignalausum manni, nú búsettum á Bolungarvík, og samþykktur af Steingrími, en ábektur af honum sjálfum, hafi Steingrímur selt stefnda, sem gekk að húseign hans samkvæmt ákvæðum veðbréfsins, er víxillinn var ekki greiddur á gjalddaga.

Fyrir víxilinn kveðst stefnandi aðeins hafa fengið kr. 35.500,00, kr. 30.000,00, er eldri víxillinn var greiddur með, kr. 500,00, er var áfallinn kostnaður á þeim víxli, og kr. 5.000,00, er Steingrímur greiddi honum 22. desember 1952.

Tjón sitt kveður hann hafa verið kr. 68.990,00, en það er sú fjárhæð, er aðalkrafa hans nemur, en hún sundurliðast þannig:

1. Víxilfjárhæðin	kr.	100.000,00		
að frádregnu því, sem hann fékk greitt	—	35.500,00	kr.	64.500,00
2. Greiddir vextir 6% í 6 mánuði	kr.	3.000,00		
Frádr. vextir af kr. 35.500,00	—	1.065,00	—	1.935,00
3. Greidd innheimtulaun	kr.	4.908,00		
Frádr. innhl. af kr. 35.500,00	—	2.353,00	—	2.555,00
			Kr.	68.990,00

Hefur stefnandi haldið því fram, að Steingrímur Stefánsson hafi féflett hann á refsiverðan hátt með því að fá hann til að ábekja hundrað þúsund króna víxilinn og að fá hann til að gefa út veðskuldabréfið til tryggingar honum. Þá telur stefnandi, að stefnda hljóti að hafa verið ljóst vegna kunnugleika síns á ferli Steingríms, að Steingrímur hafi einmitt haft þetta í huga. Með því að kaupa umræddan víxil með þessa vitneskju hafi stefndi því beinlínis gerzt hlutdeildarmaður í hinum refsiverða verknaði Steingríms. Stefndi beri því sem slíkur fulla ábyrgð á öllu tjóni því, sem hann (stefnandi) varð fyrir.

Stefndi kveðst engin viðskipti hafa átt við stefnanda um kaup á framangreindum víxli. Hann segist að vísu hafa hringt til hans, áður en hann keypti víxilinn, og spurt hann, hvort ekki væri allt í lagi með, að hann keypti víxilinn, það sé venja hjá sér, þegar hann kaupi háar víxilkröfur. Hafi stefnandi ekkert haft við það að athuga.

Þá segir stefndi, að hann hafi að vísu ekki haft mikla trú á greiðslugetu Steingríms Stefánssonar, en mótmælir algerlega, að hann hafi átt nokkra hlutdeild í því, að fé væri haft ólöglega út úr stefnanda, og þá mótmælir hann því einnig, að stefnandi hafi yfirleitt verið féflettur.

Það þykir ekki nægjanlega sannað, að Steingrímur Stefánsson hafi haft fé af stefnanda á refsiverðan hátt í sambandi við framangreind víxilviðskipti, og ber þegar af þeirri ástæðu að sýkna stefnda af aðalkröfu stefnanda.

Varakröfu sína byggir stefnandi á því, að stefndi hafi greitt Steingrími hundrað þúsund króna víxilinn meðal annars með víxli, samþykktum af Inga Kröyer bifreiðarstjóra. Hafi sá víxill upphaflega verið kr. 20.300,00, en samkvæmt áritun borgarfógeta hinn 3. marz 1952 höfðu við nauðungaruppboð komið upp í víxil-

inn kr. 3.909,49. Hljóðaði víxillinn því upp á kr. 16.390,51. Víxill þessi hafi reynzt verðlaust plagg, sem meðal annars sjáist á því, að árangurslaust fjárnám hafi verið gert fyrir annarri kröfu hjá Inga Kröyer 6. febrúar 1954. Hafi stefnda verið fullljóst, er hann afhenti Steingrími víxil þenna, að hann var gerónýtt kröfubréf, sem Steingrímur mundi aldrei fá neitt fyrir. Fjárhæð þessi sé því endurkræf samkvæmt 6. gr. laga nr. 73/1933, þar sem skoða beri afhendingu víxilsins sem oftekið endurgjald fyrir umlíðan lánsins.

Þá telur stefnandi, að 2% þóknun sú, er stefndi tók af víxilfjárhæðinni, eða kr. 2.000,00, sé endurkræf samkvæmt sömu lagagrein, þar sem stefndi veitti sjálfur lánið og hafði því ekki heimild til að taka umrædda þóknun.

Samkvæmt þessu hafi stefndi a. m. k. greitt kr. 18.390,51 minna fyrir 100.000,00 kr. víxilinn en honum bar. En auk þessa hafi hann reiknað sér 7½% forvexti af allri víxilfjárhæðinni í 8 mánuði og þar með einnig af kr. 18.390,51 fjárhæðinni. Nemi þeir forvextir kr. 929,50, og séu þeir ólöglega teknir og endurkræfir samkvæmt 6. gr. laga nr. 73/1933. Þá hafi í vaxtagreiðslunni í uppboðsrétti hinn 24. febrúar 1954 verið innifaldir 6% ársvextir af kr. 18.390,51 fjárhæðinni eða kr. 643,65, sem einnig séu endurkræfar samkvæmt sömu ákvæðum laga.

Alls telur stefnandi því endurkræfar samkvæmt 6. gr. laga nr. 73/1933 kr. 19.963,66.

Stefndi hefur mótmælt því, að víxill Inga Kröyers hafi verið verðlaus eða að honum hafi verið um það kunnugt, er hann afhenti Steingrími hann, og aldrei hafi verið fullreynt með gjaldþroti, að Ingi Kröyer ætti ekki fyrir skuldum. Hin árangurslausa fjárnámsgerð, er fram fór 6. febrúar 1954, skeri á engan hátt úr þessu, meðal annars af þeirri ástæðu, að sú fógetagerð fór fram um það bil ári eftir, að hann afhenti víxilinn.

Þá hefur stefndi mótmælt því, að hann hafi tekið of háa vexti fyrir víxillánið, og þótt svo yrði litið á, að svo hafi verið, þá sé stefnandi ekki réttur aðili til að endurheimta þá fjárhæð.

Stefnandi, sem lagt hefur fram framsal frá Steingrími Stefánssyni fyrir hugsanlegum kröfum Steingríms á hendur stefnda vegna framangreinds „víxils" Inga Kröyers, þykir ekki hafa fært sönnur á, að Ingi Kröyer hafi verið ógjaldfær, er stefndi afhenti fyrrgreindan „víxil" hans til Steingríms Stefánssonar.

Þá þykir stefnandi ekki hafa sýnt fram á, að hann hafi heimild

til að endurheimta vexti, er stefndi kann að hafa oftekið af Steingrími Stefánssyni.

Samkvæmt þessu ber að sýkna stefnda einnig af varakröfu stefnanda.

Eftir atvikum þykir rétt, að málskostnaður falli niður.

Bjarni K. Bjarnason, fulltrúi borgardómara, kvað upp dóm þenna, en uppsaga hans hefur dregizt nokkuð vegna anna.

Dómsorð:

Stefndi, Sigurður Berndsen, á að vera sýkn af kröfum stefnanda, Hilmars Ludvigssonar, í máli þessu, en málskostnaður falli niður.

Föstudaginn 22. maí 1959.

Nr. 145/1958. **Ákæruvaldið** (Rannveig Þorsteinsdóttir hrl.)
gegn
Eiríki Kristjánssyni (Áki Jakobsson hrl.).

Dómendur:
hæstaréttardómararnir Árni Tryggvason, Jón Ásbjörnsson, Jónatan Hallvarðsson og Þórður Eyjólfsson og prófessor Theodór B. Líndal.

Okur.

Dómur Hæstaréttar.

Eftir gögnum málsins, sem rakin eru í héraðsdómi, hafa víxillán Sigurðar Berndsens numið samtals eigi lægri fjárhæð en kr. 100.000,00 og vextir af þeim verið minnst 18% p.a. Þá er og í ljós leitt, að víxillán Guðlaugs A. Ásgeirssonar hafa eigi numið lægri fjárhæð alls en kr. 150.000,00 og vextir af þeim minnst 20% p.a. Sjálfur kveður ákærði víxillán þessi og vexti hafa verið hærri. Guðlaugur Ásgeirsson telur víxillán sín hafa numið á þriðja hundrað þúsund krónum, og Gunnar Hall segir vexti af öllum þeim lánum, sem um er að tefla, hafa verið 60% p.a. Má því

ætla, að umræddar láns- og vaxtafjárhæðir hafi verið hærri en í upphafi greinir, þó eigi verði staðhæft, hve miklu það muni. Að svo vöxnu máli og að öðru leyti með skírskotun til raka héraðsdóms, þykir refsing ákærða hæfilega ákveðin 60.000,00 króna sekt til ríkissjóðs, og komi varðhald 4 mánuði í stað sektarinnar, verði hún ekki greidd innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa.

Ákvæði héraðsdóms um málskostnað ber að staðfesta.

Ákærði greiði allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin málflutningslaun sækjanda og verjanda fyrir Hæstarétti, kr. 4.500,00 til hvors.

Dómsorð:

Ákærði, Eiríkur Kristjánsson, greiði 60.000,00 króna sekt í ríkissjóð, og komi varðhald 4 mánuði í stað sektarinnar, verði hún eigi greidd innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa.

Ákvæði héraðsdóms um málskostnað á að vera óraskað.

Ákærði greiði allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin laun sækjanda og verjanda fyrir Hæstarétti, Rannveigar Þorsteinsdóttur og Áka Jakobssonar hæstaréttarlögmanna, kr. 4.500,00 til hvors.

Dóminum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Dómur sakadóms Reykjavíkur 19. júní 1958.

Ár 1958, fimmtudaginn 19. júní, var í sakadómi Reykjavíkur, sem haldinn var á Fríkirkjuvegi 11, kveðinn upp dómur í málinu nr. 2870/1958: Ákæruvaldið gegn Eiríki Kristjánssyni, sem tekið var til dóms hinn 29. maí sama ár.

Ákærður er Eiríkur Kristjánsson kaupmaður, Víðimel 62 hér í bæ, fyrir að hafa, svo sem í ákæruskjali segir:

I. Á árinu 1954, sennilega 30. sept., keypt af Gunnari Hall kaupmanni, Víðimel 64 hér í bæ, þáverandi framkvæmdastjóra og prókúruhafa fyrirtækisins Ragnars Blöndals h/f hér í bænum, víxil til fjögurra mánaða, að nafnverði kr. 50.000,00, samþykktan

af Gunnari Hall f. h. Ragnars Blöndals h/f, út gefinn af Gunnari f. h. Nærfataverksmiðjunnar Lillu h/f hér í bæ og ábektan (framseldan) af Gunnari persónulega, gegn 5% vöxtum af víxilfjárhæðinni miðað við mánuð, en ákærða var kunnugt um, að Gunnar tók lán þetta til vörukaupa fyrir Ragnar Blöndal h/f.

Að því er framangreint brot varðar, er málið til vara höfðað gegn ákærða fyrir að hafa keypt nefndan 50.000,00 króna víxil af Gunnari Hall fyrir kr. 44.000,00 og tekið þannig 6.000,00 króna afföll af víxilfjárhæðinni.

Framangreint brot, sem framið var hér í bænum, telst varða við 3. gr. og 2. mgr. 6. gr. laga nr. 73/1933, um bann við okri, dráttarvexti o. fl.

II. Á árinu 1953 sem milligöngumaður selt Sigurði Berndsen, Flókagötu 57 hér í bæ, fyrir Gunnar Hall tvo víxla, sennilega til þriggja mánaða eða fjögurra mánaða, samtals að fjárhæð (nafnverði) allt að kr. 130.000,00, samþykkta af Gunnari Hall f. h. fyrirtækisins Ragnars Blöndals h/f, sem hann var framkvæmdastjóri og prókúruhafi fyrir, út gefna af honum f. h. Nærfataverksmiðjunnar Lillu h/f og ábekta (framselda) af honum persónulega, gegn allt að 30% ársforvöxtum af hvorri víxilfjárhæð, auk þess sem ákærði fékk frá Gunnari allt að 2% hvorrar víxilfjárhæðar í þóknun fyrir milligöngu sína, en ákærða var kunnugt um, að Gunnar var hér að taka lán til vörukaupa fyrir Ragnar Blöndal h/f.

III. Á árinu 1953 og fyrra hluta árs 1954 sem milligöngumaður selt Guðlaugi Adolf Ásgeirssyni klæðskera, Sauðagerði C við Reynimel hér í bæ, fyrir Gunnar Hall nokkra víxla, sennilega til þriggja eða fjögurra mánaða, samtals að fjárhæð (nafnverði) allt að kr. 180.000,00 eða nokkuð á þriðja hundrað þúsund krónur, samþykkta af Gunnari Hall f. h. Ragnars Blöndals h/f, út gefna af Gunnari f. h. Nærfataverksmiðjunnar Lillu h/f og ábekta (framselda) af honum persónulega, gegn 25% ársforvöxtum af hverri einstakri víxilfjárhæð, auk þess sem ákærði fékk frá Gunnari allt að 2% hverrar víxilfjárhæðar í þóknun fyrir milligöngu sína, en ákærða sem Guðlaugi Adolf var kunnugt um, að Gunnar Hall tók lán þessi til vörukaupa fyrir Ragnar Blöndal h/f.

Að því er brot þessi varðar, er hér næst að framan (III) greinir, er málið til vara höfðað gegn ákærða fyrir að hafa selt víxla þá, er þar getur, gegn 5% vöxtum miðað við þrjá mánuði af hverri einstakri víxilfjárhæð.

Framangreind brot, sem getur undir II og III og öll voru framin hér í bæ, teljast varða við 2. mgr. 6. gr., sbr. 3. gr. laga nr. 73/1933.

Þess er krafizt, að ákærði verði dæmdur til refsingar og greiðslu alls sakarkostnaðar.

Ákærði er kominn yfir lögaldur sakamanna, fæddur 25. ágúst 1893 á Sauðárkróki.

Hefur hann á árunum 1938 til 1949 verið sektaður fjórum sinnum fyrir ölvunarbrot og auk þess sætt þessum sektum:

1928 4/10 5 kr. sekt fyrir lögreglusamþykktarbrot á Akureyri.
1935 11/9 400 kr. sekt fyrir tolllagabrot.
1940 20/4 200 kr. sekt fyrir verðlagsbrot.
1949 15/2 300 kr. sekt fyrir verðlagsbrot.

Öðrum refsingum hefur ákærði eigi sætt, svo að kunnugt sé.

Á árunum 1943 til 1955 rak Ragnar Blöndal h/f vefnaðarvöruverzlun í Austurstræti 10 hér í bæ, og var Gunnar Hall, Víðimel 64, framkvæmdastjóri félagsins og meðeigandi í því. Um áramótin 1954—1955 var félagið komið í slíkar fjárkröggur, að það hætti verzlunarrekstrinum á öndverðu árinu 1955. Hinn 26. febrúar þess árs lét Gunnar Hall af framkvæmdastjórastarfinu og afsalaði hlutafjáreign sinni og konu sinnar í hendur frú Ilse Blöndal og barna hennar, en hún var formaður félagsstjórnarinnar. Að tilmælum Búnaðarbanka Íslands og Útvegsbanka Íslands h/f og með samþykki Gunnars Hall, þáverandi framkvæmdastjóra félagsins, tók Ólafur Þorgrímsson hæstaréttarlögmaður að sér að rannsaka hag fyrirtækisins og leggja niðurstöðu sína fyrir bankana. Við athugun hans kom í ljós, að skuldir félagsins námu um 14 milljónum króna. Eignir félagsins voru seldar, og með samningum við skuldheimtumenn voru 60 hundraðshlutar skuldanna teknir sem fullnaðargreiðsla þeirra. Annaðist hæstaréttarlögmaðurinn samninga þessa og innti greiðslur af hendi.

Í rannsókn málsins skýrði framkvæmdastjórinn svo frá, að á árunum 1953 og 1954 hefði hann lagt kapp á að birgja verzlunina að vörum, og samþykkti hann fyrir félagsins hönd víxla fyrir andvirði hinna keyptu vara, og námu þeir að hans sögn geysimiklum upphæðum samtals. Þegar að skuldadögum kom, skorti félagið fé til greiðslna, og leiddi þetta meðal annars til þess, að framkvæmdastjórinn leitaði eftir lánsfé utan lánastofnana. Sú viðleitni bar þann árangur, að honum tókst að selja ýmsum einstaklingum allmikið af víxlum, sem félagið hafði samþykkt, og heldur hann því fram, að hann hafi orðið að sæta háum afföll-

um af víxlum þessum, þ. e. a. s., að vextir víxillána þessara hafi farið langt fram úr því, sem heimilt sé.

Einn þeirra, sem hér eiga hlut að máli, er ákærði. Hefur hann skýrt svo frá, að hann hafi flutzt búferlum hingað til bæjarins árið 1953 og síðan átt heima í næsta húsi við Gunnar Hall. Skömmu eftir flutninginn bar fundum þeirra saman, og fór Gunnar þá fram á, að ákærði lánaði sér peninga, kvaðst eiga kost á hagstæðum vörukaupum, en vanta peninga í svipinn. Ákærði kvaðst hafa spurt Gunnar, hvernig á því stæði, að hann með þessa glæsilegu verzlun, Ragnar Blöndal h/f, væri að biðja sig um peninga, kvaðst enga peninga eiga til að lána honum, en hann (ákærði) gæti reynt að athuga, hvort unnt væri að útvega honum þá. Upp úr þessu útvegaði ákærði Gunnari í nokkur skipti kaupendur að víxlum, og var Gunnar oft mjög áfjáður í slík viðskipti og gekk eftir ákærða um milligöngu í þeim. Bar hann því að jafnaði við, að hann ætti kost á hagstæðum vörukaupum, en vantaði fé til þeirra í bili. Við þessa frásögn ákærða hefur Gunnar eigi gert athugasemd að öðru leyti en því, að hann hefur skýrt svo frá, að þessi viðskipti við ákærða hafi skipt hundruðum þúsunda króna, en að hve miklu leyti ákærði keypti víxlana sjálfur eða var milligöngumaður um sölu þeirra, hafi sér eigi verið kunnugt. Hafi ákærði sagt sér, að hann væri í sambandi við einhverja menn, sem hann nafngreindi aldrei, sem gætu lagt fram peninga. Verður af þessum sökum að leggja til grundvallar í máli þessu skýrslu ákærða um það, að hve miklu leyti hann lagði fram féð sjálfur og að hve miklu leyti hann var milligöngumaður. Í bókhaldi Ragnars Blöndals h/f er viðskipta þessara ekki getið.

Um kjörin eru ákærði og Gunnar mjög ósammála. Sá síðarnefndi heldur því fram, að þau hafi verið hin sömu á öllum lánsvíxlunum, 5% vextir á mánuði, og að í einstökum tilfellum hafi ákærði fengið 1% víxilupphæðarinnar í sölulaun auk vaxtanna.

Sá fyrrnefndi heldur því fram, að hann hafi keypt einn víxil af Gunnari, að upphæð kr. 50.000,00, út gefinn af Nærfataverksmiðjunni Lillu h/f 30. september 1954, samþykktan af Ragnari Blöndal h/f og ábektan af Gunnari Hall. Þennan víxil, sem var til fjögurra mánaða, keypti ákærði á útgáfudegi, að hann minnir, af Gunnari Hall og greiddi fyrir hann kr. 44.000,00. Eigi gerði hann Gunnari neina grein fyrir skiptingu affallanna, en taldi, að kr. 5.000,00 væru afföll, en kr. 1.000,00 væru 2% „provision".

Um kjörin eru eigi aðrir til frásagnar en þeir Gunnar og ákærði, og engin gögn eru fram komin um þau önnur en skýrslur þeirra. Verður því að leggja skýrslu ákærða um þau til grundvallar dómi í málinu.

Telja verður, eðli málsins samkvæmt, að í viðskiptum þessum hafi ákærði verið lánveitandi í skilningi laga nr. 73/1933, og þar sem raunverulegir vextir af lánsfénu voru 36% ársvextir, hefur hann gerzt brotlegur við 3. gr. nefndra laga. Sá ágóði, sem ákærði áskildi sér samkvæmt eigin skýrslu umfram lögmæta vexti, 8% á ári, var kr. 4.666,66, en um greiðslu víxilsins fór þannig, að ákærði lýsti honum í skuldaskil Ragnars Blöndals h/f og fékk greidd 60% upphæðarinnar, þ.e.a.s. kr. 30.000,00.

Um víxla þá, sem ákærða er gefið að sök að hafa sem milligöngumaður selt Sigurði Berndsen, Flókagötu 57 hér í bæ, fyrir Gunnar Hall, er það að segja, að ákærði kveðst fyrir tilmæli Gunnars, sem áður eru nefnd, hafa selt Sigurði fyrir hann tvo eða þrjá víxla árið 1953, alls að upphæð um kr. 130.000,00. Segir hann Sigurð hafa tekið af víxlunum 25—30% forvexti yfir árið auk stimpilgjalds, og sjálfur kveðst hann (ákærði) hafa fengið 2% víxilupphæðanna fyrir milligönguna. Sigurður Berndsen minnist þess að hafa árið 1953 keypt víxla á Ragnar Blöndal h/f af ákærða, og gizkar hann á, að víxlarnir hafi verið tveir, að nafnverði samtals kr. 100.000,00. Samprófaðir um upphæðina hefur hvorugur sagzt muna betur en nú hefur verið nefnt. Hvorugur man, til hve langs tíma þessir víxlar voru, en Sigurð minnir, að þeir hafi verið til þriggja mánaða. Heldur Gunnar Hall því fram, að þeir hafi verið til þriggja eða í mesta lagi til fjögurra mánaða. Sigurður heldur því fram, að hann hafi keypt víxla þessa með 18% ársforvöxtum, og bar samprófun hans og ákærða um kjörin engan árangur. Víxlar þessir voru að sögn ákærða út gefnir af Nærfataverksmiðjunni Lillu h/f, samþykktir af Ragnari Blöndal h/f og ábektir af Gunnari Hall.

Á árinu 1953 og fyrri hluta ársins 1954 kveðst ákærði einnig hafa sem milligöngumaður selt Guðlaugi Adolf Ásgeirssyni klæðskera, Sauðagerði C hér í bænum, nokkra víxla, út gefna, samþykkta og ábekta af sömu aðiljum og áður eru nefndir í sambandi við hina víxlana. Kveðst ákærði alltaf hafa álitið, að Guðlaugur væri ekki hinn raunverulegi kaupandi víxlanna, en ókunnugt hafi sér verið, hver eða hverjir kaupendurnir voru. Heldur ákærði því fram, að víxlar þessir hafi samtals numið

kr. 150.000,00—180.000,00 og að Guðlaugur hafi tekið 25% ársvexti. Fékk ákærði hjá honum víxilupphæðirnar að vöxtum frádregnum og afhenti Gunnari, en fékk hjá honum 2% í sölulaun. Guðlaugur Adolf Ásgeirsson, sem nú er látinn, skýrði svo frá, að hann hefði keypt talsvert af víxlum á Ragnar Blöndal h/f af ákærða, meira en ákærði heldur fram, eða samtals að upphæð eitthvað á þriðja hundrað þúsund krónur, og hafi hann tekið í afföll 5% í þrjá mánuði. Samprófunin um upphæðina og kjörin reyndist árangurslaus.

Hliðstætt því, sem sagt var um áðurnefndan 50.000,00 króna víxil, verður að telja eðli málsins samkvæmt, að í báðum þessum tilfellum (ákæruliðum II og III) hafi verið um lánveitingar að ræða í skilningi laga nr. 73/1933. Að vísu annaðist ákærði lánsútveganir þessar eftir beiðni Gunnars Hall, en þar sem hann gerði sér milligöngu um lán þessi að tekjulind og vextir af lánsfénu voru yfir 8% á ári, hefur ákærði með milligöngunni gerzt brotlegur við 2. mgr. 6. gr., sbr. 3. gr. laga nr. 73/1933.

Vegna þess ósamræmis, sem er milli ákærða og Sigurðar annars vegar og ákærða og Guðlaugs hins vegar um upphæðir víxillánanna, verður að leggja til grundvallar við úrlausn máls þessa þær tölur lægstar, sem ákærði hefur haldið fram. Eru það 130.000,00 krónur í viðskiptunum við Sigurð og 150.000,00 kr. í viðskiptunum við Guðlaug.

Samkvæmt framansögðu er eigi fyllilega sannað, hve mikinn ólöglegan ágóða ákærði hefur áskilið sér í viðskiptum þeim, sem ákæran nær til, og verður því samkvæmt 6. gr. laga nr. 73/1933 að ákveða sektina eftir málavöxtum. Þykir sektin hæfilega ákveðin kr. 66.300,00 til ríkissjóðs, og komi 5 mánaða varðhald í stað sektarinnar, verði hún eigi greidd innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa.

Ákærða ber að dæma til greiðslu alls sakarkostnaðar, þar með talin málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Áka Jakobssonar hrl., kr. 3.000,00.

Valdimar Stefánsson sakadómari kveður upp dóm þennan.

Dómsorð:

Ákærði, Eiríkur Kristjánsson, greiði kr. 66.300,00 í sekt til ríkissjóðs, og komi varðhald í 5 mánuði í stað sektarinnar, verði hún eigi greidd innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa

Ákærði greiði allan kostnað sakarinnar, þar með talin málsvarnarlaun verjanda síns, Áka Jakobssonar hrl., kr. 3.000,00.

Dómi þessum skal fullnægja með aðför að lögum.

Mánudaginn 25. maí 1959.

Nr. 17/1959. **Ákæruvaldið** (Guðm. Ásmundsson hrl.)
gegn
Jóni Friðrikssyni (Guðm. Pétursson hrl.).

Dóminn skipuðu hinir reglulegu dómarar Hæstaréttar.

Manndráp af gáleysi. Brot á bifreiðalögum.

Dómur Hæstaréttar.

Eftir uppsögu héraðsdóms hefur nokkur frekari rannsókn verið háð í málinu.

Sakaratriðum er rétt lýst í hinum áfrýjaða dómi og brot ákærða færð til réttra refsiákvæða. Þykir refsing hans hæfilega ákveðin 4.000,00 króna sekt í ríkissjóð, og komi varðhald 20 daga í stað sektar, ef hún greiðist ekki innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa. Ekki þykir næg ástæða til að svipta ákærða ökuleyfi.

Ákvæði héraðsdóms um málskostnað staðfestist.

Ákærða ber að greiða allan áfrýjunarkostnað málsins, þar með talin málflutningslaun sækjanda og verjanda í Hæstarétti, kr. 3.500,00 til hvors.

Dómsorð:

Ákærði, Jón Friðriksson, greiði 4.000,00 króna sekt í ríkissjóð, og komi varðhald 20 daga í stað sektarinnar, ef hún greiðist ekki innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa.

Ákvæði héraðsdóms um málskostnað á að vera óraskað.

Ákærði greiði allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin málflutningslaun sækjanda og verjanda í Hæstarétti, hæstaréttarlögmannanna Guðmundar Ásmundssonar og Guðmundar Péturssonar, kr. 3.500,00 til hvors.

Dóminum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Dómur sakadóms Reykjavíkur 24. október 1958.

Ár 1958, föstudaginn 24. október, var í sakadómi Reykjavíkur, sem haldinn var í skrifstofu dómsins af Gunnlaugi Briem, kveðinn upp dómur í málinu nr. 5341/1958: Ákæruvaldið gegn Jóni Friðrikssyni, sem dómtekið var 11. október sl.

Málið er höfðað skv. ákæruskjali, dags. 26. júlí sl., gegn Jóni Friðrikssyni strætisvagnsstjóra, Hólmgarði 28 hér í bæ, fyrir að hafa um klukkan 20.20 mánudaginn 15. apríl sl. eigi sýnt næga aðgæzlu, er hann var að aka strætisvagninum R-6789 af stað af Sogavegi frá biðstöð strætisvagna rétt við gatnamót Sogavegar og Skeiðvallarvegar, með þeim afleiðingum, að konan María Jónsdóttir, Arnarholti við Breiðholtsveg, fædd 23. jan. 1897, varð undir öðru (ytra) vinstra afturhjóli vagnsins og slasaðist svo mjög, að hún beið bana af nokkru síðar. En konan hafði verið að ganga út um dyr strætisvagnsins á vinstri hlið hans, er kápa hennar festist milli stafs og hurðar eða hurðarstýringar, þegar ákærði lokaði dyrunum og ók af stað, og féll konan við það á götuna og varð undir strætisvagninum með framangreindum afleiðingum.

Telst brot ákærða varða við 215. gr. alm. hegningarlaga, nr. 19/1940, og 1. mgr. 27. gr., sbr. 1. mgr. 38. gr. bifreiðalaga, nr. 23/1941, sbr. 1. mgr. 26. gr., sbr. 1. mgr. 80. gr. umferðarlaga, nr. 26/1958.

Þess er krafizt, að ákærði verði dæmdur til refsingar og sviptingar bifreiðarstjóraréttinda samkvæmt 1. mgr. 68. gr. alm. hegningarlaga og 1. mgr. 39. gr. bifreiðalaga, sbr. 1. mgr. 81. gr. umferðarlaga, nr. 26/1958, svo og verði hann dæmdur til greiðslu alls sakarkostnaðar.

Ákærði er kominn yfir lögaldur sakamanna. fæddur 2. jan. 1918 að Stóra-Ósi í Ytri-Torfustaðahreppi. Sakavottorð hans er svo hljóðandi:

1944 7/12 Rvík. Sátt, 20 kr. sekt fyrir rangstæði bifreiðar á einstefnuakstursgötu.
1948 23/2 Rvík. Sátt, 100 kr. sekt fyrir ofhraða á bifreið.
1951 3/12 Rvík. Áminning fyrir brot á 1. mgr. 27. gr. bifreiðalaga.

Málavextir eru þessir:

Mánudaginn 15. apríl sl. kl. 20.20 var tilkynnt á lögreglustöðina, að umferðarslys hefði orðið á Sogavegi við gatnamót Skeiðvallarvegar. Er á staðinn kom, lá María Jónsdóttir, Arnarholti við Breiðholtsveg, í götunni meðvitundarlaus. Tildrög slyssins reyndust hafa verið þau, að María, sem fædd var 23. janúar 1897, hafði komið með strætisvagninum R-6789 á nefndan stað, en þar er viðkomustaður strætisvagna. Hafði vagninn komið suður Skeiðvallarveg og verið beygt vestur Sogaveg. Fór hún þarna út úr vagninum um dyr, sem eru vinstra megin á vagninum rétt fyrir aftan miðju. Er hún var að stíga niður úr vagninum, var hurð hans lokað. Við það, var talið, að kápa hennar hefði festst í stýringu, sem er á hurðinni að neðan. Er vagninn var tekinn af stað, dróst hún með honum stuttan spöl, áður en hún féll í götuna, en þá fór afturhjól vagnsins, sem er tvöfalt, yfir mjöðm hennar og upp eftir baki hennar. Strætisvagninum var ekið á brott að slysinu afstöðnu. Ekki náðist til ökumanns vagnsins fyrr en vestarlega á Sogavegi, og var honum þá tilkynnt um slysið. Hélt hann þegar á slysstaðinn. Hann skýrði frá því, að hann hefði á engan hátt orðið slyssins var. Það upplýstist, að María hafði komið upp í vagninn á Lækjartorgi og verið á leið heim til sín. María var færð í sjúkrahús, en þar andaðist hún af afleiðingum slyssins rétt fyrir kl. 00.30 um nóttina. María heitin lá að slysinu afstöðnu á Sogavegi sunnan megin götunnar skammt frá Skeiðvallarvegi, og var þar blóðblettur á götunni. Við athugun á kápu hennar sáust för eftir hjól strætisvagnsins á vinstri hliðinni. Við skoðun reyndust stjórn- og öryggistæki strætisvagnsins R-6789, sem er af Volvogerð frá 1956, vera í lagi. Vagninn er skráður fyrir 80 farþega, 30 í sætum og 50 stæði, og er stýrið á honum hægra megin. Þrennar dyr eru á vinstri hlið vagnsins, og stjórnar ökumaður opnun og lokun hurða með hægri hendi. Færir hann til stjórntæki hurðarinnar fram eða aftur eftir því, hvort opna á eða loka. Þrýstiloft er notað við þessa stjórn hurðanna. Ökumanni vagnsins er ætlað að fylgjast með farþegum í speglum, sem komið er fyrir í fyrsta lagi fyrir ofan og vinstra megin við vinstri

framrúðu og svo öðrum fremst sitt á hvorri hlið, og getur ökumaður í þeim séð aftur með hlið vagnsins. Þá er einnig hringing inni í vagninum, sem farþegar geta notað, ef með þarf, ef tilkynna þarf ökumanni um að stöðva. Töldu bifreiðaeftirlitsmenn, að konan hefði fest kápu sína milli hurðar og stafs í stýringu, sem hurðin fellur í og er ofan á neðri tröppunni. Hurðarstýringin er til þess, að hurðin sé föst að neðan, þegar henni hefur verið lokað. Stýring þessi er V-mynduð, 5 sm á hæð, 5 á breidd og 5 á dýpt. Dyr þær, sem María heitin fór út um, eru 75 sm á breidd, og er stigið niður tröppur, er farið er út úr bifreiðinni. Frá gólfi í efri tröppu eru 27 sm, í neðri 32 sm og niður á götu 47 sm. Segir í vottorði bifreiðaeftirlitsins, að dyr, hurðir og tröppur séu í fullu samræmi við erlendar yfirbyggingar frá Svíþjóð, en á samsvarandi yfirbyggingum þaðan er hurðarstýring þessi 8 sm á hæð, breidd og dýpt, og sízt betri en á íslenzku yfirbyggingunum.

Er slysið varð, var dagsbirta, heiðskírt veður og færi þurrt. Yfirborð vegarins á slysstaðnum var malborið og laust.

Ákærði hefur skýrt frá því, að hann hafi hafið akstur strætisvagnsins um kl. 19.15 umrætt kvöld. Gekk strætisvagninn leiðina Sogamýri—Rafstöð, og hafði ákærði ekið á þeirri leið sl. 10 ár. Ákærði var í annarri ferð sinni frá Lækjartorgi, er slysið varð. Fór hann af stað kl. 22.00 og ók inn að rafstöð. Kl. 20.15 ók hann frá rafstöðinni út á Skeiðvallarveg og hann til suðurs. Af Skeiðvallarvegi beygði ákærði inn á Sogaveg og nam staðar á viðkomustað þar, sem er rétt við gatnamótin. Á biðstöð þessari kom fólk upp í vagninn, og taldi ákærði, að um 6—8 manns hefði verið að ræða. Ákærði kvaðst hafa stanzað eðlilega á syðri jaðri Sogavegar, en vagninn var þó ekki alveg réttur fyrir í götunni, því að framendi hans var nær syðri vegjaðri. Er ákærði hafði staðnæmzt, opnaði hann hurðirnar 3, sem eru á vinstri hlið vagnsins. Farþegar komu síðan inn í vagninn, eins og áður greinir, og enn fremur fóru einhverjir úr honum, en hve margir þeir voru, kvaðst ákærði ekki vita. Að því búnu kvaðst ákærði hafa litið í spegil, sem er utanvert á fremri dyrastaf við framhurðina. Er það venja hans að gá í speglana, sem eru í vagninum, áður en ekið er af stað. Ákærði sá, að fólk var við vinstri hlið vagnsins á móts við miðju hans, og gat hann ekki annað séð en að það væri allt komið út úr vagninum og laust frá honum. Ákærði ók nú af stað með eðlilegum hætti og lokaði hurðunum. Varð hann ekki var við annað en allt

væri með felldu. Hann heyrði ekki hljóð né fann, að vagninn færi yfir neitt. Ók ákærði sem leið lá vestur Sogaveg. Var nokkuð af farþegum í vagninum, líklega 20—30 manns. Ekki gerði neinn þeirra ákærða aðvart um það, að neitt hefði gerzt. Ákærði nam fyrst staðar á viðkomustað við gatnamót Bústaðavegar, síðan á viðkomustað við Tunguveg, þá Borgargerði, Réttarholtsveg og að lokum við Breiðagerði. Var ákærði stöðvaður þar í akstri af ökumanni á vörubifreið, og skýrði hann honum frá slysinu. Ákærði fór úr vagninum á slysstaðinn, en annar tók við honum og ók honum áfram. Ákærði sá blóð í götunni á slysstaðnum, þar sem hann taldi sig hafa stöðvað vagninn í umrætt skipti. Ákærði kvaðst ekki hafa tekið sérstaklega eftir konu þeirri, sem beið bana í slysinu, er hún kom upp í vagninn, og ekki vissi hann um ferðir hennar, er hún fór úr honum. Ákærði kvaðst ekki hafa vitað um það, að föt gætu festst, er hurð væri lokað á þá, sem eru að fara út úr vagninum. Taldi hann slíkt óhugsandi. Ákærði var vel fyrirkallaður og hafði hugann við aksturinn. Taldi hann sig hafa sýnt venjulega aðgæzlu, er hann ók af stað. Nokkur hávaði er í hreyfli strætisvagnsins R-6789, og rykkjast slíkir vagnar aðeins til, er þeim er ekið af stað.

Vitnið Björg Einarsdóttir, D-götu 7 við Breiðholtsveg, hefur skýrt frá því, að þær María heitin hafi orðið samferða í strætisvagninum R-6789, er slysið varð. Fóru þær báðar út úr vagninum á viðkomustaðnum. Vitnið var á undan, en það kvaðst hafa vitað af Maríu heitinni rétt fyrir aftan sig. Er vitnið hafði stigið báðum fótum á götuna á leið sinni út úr vagninum, sneri það sér við til að hjálpa Maríu heitinni út úr vagninum. Stóð hún þá á neðri pallinum við dyrnar. Hurð vagnsins var nú lokað, og um leið var vagninum ekið af stað. María heitin steig niður úr vagninum, eftir að hann var kominn af stað. Kom hún fótunum fyrir sig í fyrstu, en vitnið sá svo, að hún féll í götuna við hlið vagnsins. María heitin losnaði frá vagninum, er var ekið áfram, og sá vitnið, að ytri hjólbarði vinstra afturhjóls lenti ofan á aftanverðu hægra læri hennar. Fór hjólið upp eftir lærinu upp að mjöðm, en þá var eins og það lenti út af líkama hennar. Vagninum var ekið hiklaust áfram, og virtist enginn í honum verða var við slysið. María heitin rak ekki upp óp, er slysið varð. Hún lá svo kyrr langsum í götunni með höfuðið í vestur, en fætur í austur. Hún var fyrst með meðvitund, en síðan fór að draga af henni.

Vitnið Lilja Eiðsdóttir, Bústaðabletti 9, hefur skýrt frá því, að það hafi verið statt heima hjá sér, er umrætt slys varð, en heimili þess stendur sunnan við Sogaveg gegnt gatnamótum Skeiðvallarvegar. Vitnið átti hálft í hvoru von á fólki með strætisvagni, er það sá koma suður Skeiðvallarveg. Vitnið horfði á strætisvagninn, er honum var beygt af Skeiðvallarvegi inn á Sogaveg til vesturs. Er vagninn hafði verið stöðvaður, kom allmargt fólk út úr honum um miðdyrnar. Fylgdist vitnið með ferðum þess. Vitnið sá, að kona kom síðast út úr vagninum. Er hún var komin á neðri tröppuna án þess að vera farin að stíga niður á götuna, var hurð vagnsins lokað, og ýtti hún á konuna. Kom fát á konuna við þetta, fálmaði hún út í loftið og reyndi að grípa um eitthvað. Konan steig til jarðar og kom vel fyrir sig fótum, en þá um leið var vagninum ekið af stað. Fór hann eðlilega af stað og alls ekki hratt. Vitnið veitti því svo athygli, að konan var eitthvað föst við vagninn, því að í fyrstu hljóp hún með honum. Konan fór síðan að hallast fram yfir sig, og loks féll hún í götuna fram yfir sig við vinstri hlið vagnsins. Konan dróst með vagninum stuttan spöl, en síðan losnaði hún frá honum. Vitnið sá ekki, er afturhjólin fóru yfir konuna. Vagninum var ekið hiklaust áfram, og hvarf hann vitninu sjónum. Konan lá langsum í götunni að slysinu afstöðnu á hægri hliðinni. Sneri höfuð hennar í austur, en fætur í vestur.

Vitnið Guðmundur Guðjónsson, Hólmgarði 10, var á leið vestur Sogaveg á vörubifreið. Vitnið veitti strætisvagni athygli, þar sem hann stóð á viðkomustað á Sogavegi rétt vestan við gatnamót Skeiðvallarvegar. Strætisvagninum var ekið af stað, er vitnið átti skamman spöl ófarinn að honum. Er vitnið var komið fram hjá vagninum, tók það eftir konunni, þar sem hún lá á syðri vegjaðri Sogavegar. Vitnið vissi ekki, hvað gerzt hafði, en nam staðar og hélt að konunni. Konan lá kreppt á hægri hliðinni, og sneri andlit hennar í suður. Höfuð hennar sneri í vestur. Vitnið tók strax eftir því, að greinilegt hjólfar sást á vinstri hliðinni á kápu konunnar, og lá far þetta á ská upp á vinstra læri hennar, síðan eftir allri vinstri hliðinni, þar til það endaði upp undir vinstra herðablaði, en síðan stefndi það út af hlið konunnar fyrir ofan mjöðm. Vitnið veitti strætisvagnsstjóranum eftirför og gerði honum aðvart um slysið.

Vitnið Jóhanna Gunnars Björnsdóttir, Álfhólsvegi 75, hefur skýrt frá því, að það hafi komið upp í strætisvagninn R-6789 á Sogavegi á biðstöðinni við Skeiðvallarveg, er umrætt slys varð.

Vitnið kvað a.m.k. 5 manns hafa komið upp í vagninn þarna. Vitnið vissi ekki, hvernig vagninn stóð. Vitnið varð fyrst upp í vagninn og fékk sér sæti í honum miðjum, hægra megin. Sat vitnið aðeins aftur af miðhurðinni, sem er vinstra megin í vagninum. Vitnið veitti ekki athygli fólki því, sem fór út úr vagninum. Vitnið kvaðst hafa séð, er hurðin, sem er á miðju vagnsins, lokaðist. Varð vitninu litið af algerri tilviljun á hurð þessa, er hún var að lokast. Sá það, að hluti af rauðri kápu var í gættinni milli hurðarinnar og aftari dyrastafsins. Vitninu datt í hug, að kápan mundi festast og hætta væri á ferðum, en þar sem enginn annar í vagninum virtist taka eftir neinu, taldi vitnið, að allt væri með felldu, og veitti þessu ekki frekari athygli. Vitnið sá ekki, er hurðin lokaðist á kápuna, og gat vitnið ekki sagt um það, hvort vagninn var þá kominn á ferð. Vagninum var ekið eðlilega af stað, og varð vitnið ekki á neinn hátt vart við það, að slys hefði orðið. Vitnið hafði ekki veitt því athygli, er kona í rauðri kápu fór út úr vagninum. Vagninn var svo stöðvaður, er hann var kominn vestur fyrir viðkomustaðinn við Breiðagerði. Heyrði vitnið þá, að slys hefði orðið, og datt í hug rauða kápan, er það sá, að klemmzt hafði í gættinni. Vitnið kvað ekki hafa verið fólk í öllum sætum í vagninum.

Vitnið Magnús Magnússon, Mel við Breiðholtsveg, hefur skýrt frá því, að það hafi verið farþegi í strætisvagninum R-6789 í umrætt skipti. Eftir að vagninn hafði staðnæmzt á biðstöðinni, þar sem slysið varð, stóð hann skakkur fyrir, þannig að framendinn var nær syðri vegjaðri Sogavegar en afturendinn. Vitnið fór út úr vagninum um öftustu dyrnar, en flestir aðrir fóru út um miðdyrnar. Vitnið var komið út úr vagninum og rétt byrjað að ganga austur Sogaveg, er það heyrði konu reka upp óp. Sneri vitnið sér þá við, og sá það þá eldri konu liggja í götunni við vinstri hlið vagnsins, og kvaðst vitnið ekki hafa betur séð en konan væri alveg laus við vagninn. Vitnið kvaðst svo hafa séð, að ytri hjólbarði á afturhjóli lenti ofan á vinstri fæti konunnar. Síðan fór hjólið áfram upp eftir læri konunnar upp að mjöðm og síðan áfram og svo út af baki hennar um herðarnar. Konan lá kyrr eftir í götunni langsum á hægri hliðinni, og sneri höfuð hennar í vestur. Vagninum var ekið áfram vestur Sogaveg, og virtist enginn í honum verða var við slysið.

Níels Dungal prófessor krufði lík Maríu heitinnar. Segir svo í ályktun hans við krufningu um dánarorsök:

„Við krufninguna fundust mjög miklar blæðingar í grindarholinu og út frá því. Stöfuðu þær frá tveimur miklum brotum, öðru á hægra skammbeini, sem var þverbrotið yfir og hinu á vinstra þjóbeini (os ischii), sem einnig var þverbrotið yfir, og hafði blætt mjög mikið frá þessum brotum.

Banameinið hefur verið hin miklu beinbrot og blæðingarnar út frá þeim, svo að konan hefur fengið lost og dáið."

Samkvæmt því, sem nú hefur verið rakið, þá þykir ákærði ekki hafa sýnt nægilega aðgæzlu, er hann ók af stað, án þess að hafa fullvissað sig um það áður, að allir þeir, sem ætluðu úr vagninum, væru komnir alveg út úr honum og úr hættu, en til þess hafði ákærði aðstæður, sbr. það, sem að framan hefur verið rakið.

Telst ákærði með umræddri óaðgætni sinni hafa gerzt brotlegur gegn 215. gr. almennra hegningarlaga, nr. 19/1940, 1. mgr. 27. gr., sbr. 1. mgr. 38. gr. bifreiðalaga, nr. 23/1941, sbr. nú 1. mgr. 26. gr., sbr. 1. mgr. 80. gr. umferðarlaga, nr. 26/1958.

Refsing ákærða þykir hæfilega ákveðin 2.000,00 kr. sekt, er renni til ríkissjóðs, og komi varðhald í 10 daga í stað sektarinnar, verði hún ekki greidd innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa.

Ekki þykir næg ástæða til að svipta ákærða ökuleyfi, og ber því að sýkna hann af þeim lið ákærunnar.

Ákærða ber að dæma til að greiða allan kostnað sakarinnar, þar með talin málsvarnarlaun til skipaðs verjanda síns, Guðmundar Péturssonar hrl., kr. 1.500,00.

Dómsorð:

Ákærði, Jón Friðriksson, greiði 2.000,00 króna sekt til ríkissjóðs, og komi varðhald í 10 daga í stað sektarinnar, verði hún ekki greidd innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa.

Ákærði á að vera sýkn af ákærunni um sviptingu ökuleyfis.

Ákærði greiði allan kostnað sakarinnar, þar með talin málsvarnarlaun til skipaðs verjanda síns, Guðmundar Péturssonar hrl., kr. 1.500,00.

Dóminum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Mánudaginn 25. maí 1959.

Nr. 76/1959. **Björn Bjarnason**
gegn
Árna S. Böðvarssyni
og
Jóni Sveinbjörnssyni.

Dóminn skipuðu hinir reglulegu dómarar Hæstaréttar.

Kærumál. Málskostnaður.

Dómur Hæstaréttar.

Með kæru 18. apríl þ. á., er barst Hæstarétti 2. þ. m., hefur sóknaraðili kært málskostnaðarákvæði héraðsdóms, er upp var kveðinn 25. marz sl. í máli sóknaraðilja gegn varnaraðiljum. Krefst sóknaraðili þess, að varnaraðiljum verði dæmt að greiða málskostnað í héraði að mati Hæstaréttar svo og kærumálskostnað. Sóknaraðilja barst eigi vitneskja um héraðsdóminn fyrr en 13. apríl þ. á.

Frá varnaraðilja hafa hvorki borizt kröfur né greinargerð.

Eftir atvikum þykir mega staðfesta úrlausn héraðsdóms um málskostnað.

Dómsorð:

Hið kærða málskostnaðarákvæði héraðsdóms á að vera óraskað.

Dómur bæjarþings Kópavogs 25. marz 1959.

Mál þetta, sem dómtekið var 25. fyrra mánaðar, hefur Björn Bjarnason höfðað fyrir bæjarþinginu með stefnu, út gefinni hinn 16. nóvember 1957, gegn þeim Árna S. Böðvarssyni, Grenimel 35, Reykjavík, og Jóni Sveinbjörnssyni, Bræðraborgarstíg 34, Reykjavík. Stefnandi gerir þær dómkröfur, að stefndu verði in solidum dæmdir til að greiða sér kr. 2.300,00 auk 6% ársvaxta frá 1. október 1954 og málskostnað að skaðlausu. Í greinargerð er stefnukrafan skýrð svo, að hún sé vegna lagfæringa á þvottahúsi og geymslu við húsið Digranesblett 58 A, en skv. samningum og loforðum hafi stefndu borið að lagfæra þetta hvort

tveggja, en ekki staðið við. Dómkvaddir matsmenn mátu viðgerðarkostnað við að lagfæra allan skúr þann, er þvottahús og geymsla eru í, á kr. 9.200,00. Hluti stefnanda sé hins vegar ¼ af þeirri upphæð eða kr. 2.300,00. Stefndu hafa *aðallega* krafizt sýknu, en *til vara* við munnlegan málflutning, að þeir verði sýknaðir gegn greiðslu á kr. 117,25 (undirmatskostnaður kr. 701,00 + yfirmatskostnaður kr. 2.001,00, sem dregst frá niðurstöðum yfirmats, kr. 3.171,00, = 469,00; ¼ af því kr. 117,25). Þá krefjast þeir og málskostnaðar að skaðlausu eftir mati réttarins.

Málavextir eru þeir, að með kaupsamningi 31. maí 1954 keypti stefnandi af stefnda Árna S. Böðvarssyni risíbúð í austurenda hússins Digranesbletts 58 A. Afsal gefa stefndu báðir út til stefnanda hinn 12. júní 1954. Í afsali var ákveðið, að íbúðin yrði altilbúin 15. júní 1954, en lokið skyldi smíði þvottahúss og geymslu eigi síðar en 1. ágúst 1954.

Eftir að kaupin voru gerð, taldi stefnandi, að fram hefðu komið ýmsir gallar á íbúðinni. Taldi stefnandi, að margt skorti á, að íbúðin sjálf og það, sem henni átti að fylgja, væri í því ástandi, sem seljendur höfðu lofað. Spunnust af þessu málaferli, og lauk þeim svo, að stefndu í máli þessu, þeir Árni S. Böðvarsson og Jón Sveinbjörnsson, voru með dómi, upp kveðnum á bæjarþingi Kópavogs hinn 27. febrúar 1957, dæmdir til að greiða stefnanda skaðabætur vegna þessara galla og vanefnda.

Í dóminum frá 27. febrúar 1957 (dskj. nr. 3 í þessu máli) voru stefndu, Árni S. Böðvarsson og Jón Sveinbjörnsson, sýknaðir að svo stöddu af greiðslu 2.300,00 króna kröfu vegna vanefnda á lagfæringu þvottahúss og geymslu. Var sýkna á greiðslu kröfunnar byggð á því, að með bréfi umboðsmanns stefnanda til stefndu (dskj. nr. 4) hefði þeim verið bannað að ljúka við lagfæringarnar og þar með að efna skyldur sínar við stefnanda í þessu efni. Er komizt svo að orði í fyrrnefndum dómi, að þykja beri að „sýkna stefndu að svo stöddu af þessum kröfulið, þar til útséð er um, hvort þeir efna skyldur sínar skv. samningum, er þeim hefur verið heimilað að vinna að nýju".

Vegna óbreytts ástands, að því er lagfæringar snertir við ofannefnt þvottahús og geymslu, frá því er dómur bæjarþings Kópavogs frá 27. febrúar 1957 var upp kveðinn, er mál þetta risið.

Stefndu reisa sýknukröfu sína á því, að þeir hafi gert að mestu allt, sem þeim ber að gera í skúrnum. Þá telja stefndu, að mikið af því, sem þeir voru búnir að gera, hafi verið eyðilagt. Telja stefndu, að þeir geti ekki borið ábyrgð á þeim skemmdum. Þá

telja þeir, eins og nú er komið, að þeim sé ómögulegt að vinna verkið.

Skal þá tekin afstaða til skaðabótakröfu stefnanda:

1. Það er fram komið í málinu, að stefnandi telur sig hafa skorað á stefndu að hefja vinnu á ný í skúrnum á sumri 1957. Einnig er það fram komið (dskj. nr. 7), að stefndu telja sig hafa ætlað að hefja vinnu á ný sumarið 1957. Það verður því að álíta, að bannið við framkvæmdum hafi fallið niður það sumar. Hins vegar er ekki upplýst upp á dag, hvenær bann við framkvæmdum hefur verið afnumið, en fallast verður á það með stefnanda, að stefndu hafi með dóminum frá 27. febrúar 1957 verið gefinn kostur á að hefja vinnu á ný við skúrinn frá þeim degi.
2. Í dómi bæjarþings Kópavogs frá 27. febrúar 1957 er því slegið föstu, að stefndu hafi skyldur skv. samningum (sbr. 10. tölulið á dskj. nr. 3) um lagfæringu þvottahúss og geymslu.

Stefndu héldu því fram í hinu fyrra máli, að ástæða þess, að ekki hefði verið fullgengið frá þvottahúsi og geymslu, hefði verið bann umboðsmanns stefnanda við frekari framkvæmdum. Jafnframt var því þá lýst yfir af stefndu, að þeir væru reiðubúnir að ljúka framkvæmdum, strax og bannið væri afnumið. Nú hafa stefndu krafizt sýknu m. a. á þeirri forsendu, að þeir séu að mestu búnir að gera allt, sem þeim bar í skúrnum.

Það er ljóst af skjölum málsins, að ekkert hefur verið að því unnið að lagfæra nefndan skúr frá 27. febrúar 1957. Það er einnig fram komið í málinu, að talsvert af því, sem búið var að gera í skúrnum, til þess að hann yrði hæfur sem þvottahús og geymsla, hefur verið eyðilagt, meðan framkvæmdir lágu niðri. Hefur stefnandi ekki fært sönnur á, að þær skemmdir séu að neinu leyti sök stefndu, og bera þeir því ekki ábyrgð á þeim. Rétturinn lítur hins vegar svo á, að eyðilegging þessi geti ekki komið í veg fyrir greiðslu bóta úr hendi stefndu vegna þess, er þeir hafa látið ógert við skúrinn, svo að hann gæti talizt nothæfur. Um það, hvað ógert hafi verið í skúrnum, svo og um ákvörðun skaðabóta verður að leggja til grundvallar yfirmatsgerðina á dskj. nr. 10, en þar er sundurliðað það, sem talið er ógert, og einnig gefið upp matsverð á hverjum einstökum lið:

1. Ganga þarf frá tvöföldum bílskúrshurðum og gera hæfilega stórar inngöngudyr, klæða innan með asbesti og utan með pappa ..... kr. 610,00
2. Setja upp borð og bekk ..... — 420,00

3.	Ganga frá gleri í glugga	kr.	50,00
4.	Framlengja vatnslögn í þvottahús	—	263,00
5.	Pappi á þak á upprunalegum skúr	—	490,00
6.	Klæða loft með asbesti	—	1.238,00
7.	Steypa kant við geymsluskilrúm	—	100,00
		Alls kr.	3.171,00

Þar eð stefnandi er eigandi skúrsins að ¼, verða bæturnar því ákveðnar ¼ af niðurstöðutölu yfirmatsins eða kr. 792,75. Eftir atvikum þykir rétt, að málskostnaður falli niður.

Dráttur á dómsuppsögu stafar af miklum embættisönnum. Dóm þenna hefur kveðið upp Bergur Bjarnason, fulltrúi bæjarfógeta, ásamt meðdómsmönnunum Jóni Þorsteinssyni byggingameistara og Sveini S. Einarssyni verkfræðingi.

Dómsorð:

Stefndu, Árni S. Böðvarsson og Jón Sveinbjörnsson, greiði stefnanda, Birni Bjarnasyni, kr. 792,75 með 6% ársvöxtum frá 27. febrúar 1957 til greiðsludags. Málskostnaður fellur niður.

Dóminum ber að fullnægja innan 15 daga frá lögbirtingu hans að viðlagðri aðför að lögum.

Mánudaginn 25. maí 1959.

Nr. 75/1959. **Ingólfur Pálmason**
gegn
Árna S. Böðvarssyni
og
Jóni Sveinbjörnssyni.

Dóminn skipuðu hinir reglulegu dómarar Hæstaréttar.

Kærumál. Málskostnaður.

Dómur Hæstaréttar.

Með kæru 18. apríl þ. á., er barst Hæstarétti 2. þ. m., hefur sóknaraðili kært málskostnaðarákvæði héraðsdóms, er upp var kveðinn 25. marz sl., í máli sóknaraðilja gegn

varnaraðiljum. Krefst sóknaraðili þess, að varnaraðiljum verði dæmt að greiða málskostnað í héraði að mati Hæstaréttar svo og kærumálskostnað. Sóknaraðilja barst eigi vitneskja um héraðsdóminn fyrr en 13. apríl þ. á.

Frá varnaraðiljum hafa hvorki borizt kröfur né greinargerð.

Eftir atvikum þykir mega staðfesta úrlausn héraðsdóms um málskostnað.

Dómsorð:

Hið kærða málskostnaðarákvæði héraðsdóms á að vera óraskað.

Dómur bæjarþings Kópavogs 25. marz 1959.

Mál þetta, sem dómtekið var 25. fyrra mánaðar, hefur Ingólfur Pálmason, Reykjavík, höfðað fyrir bæjarþinginu með stefnu, út gefinni 16. nóvember 1957, gegn þeim Árna S. Böðvarssyni, Grenimel 35, Reykjavík, og Jóni Sveinbjörnssyni, Bræðraborgarstíg 34, Reykjavík. Stefnandi gerir þær dómkröfur, að stefndu verði in solidum dæmdir til að greiða sér kr. 2.300,00 auk 6% ársvaxta frá 1. október 1954 og málskostnað að skaðlausu. Í greinargerð er stefnukrafan skýrð svo, að hún sé vegna lagfæringa á þvottahúsi og geymslu við húsið Digranesblett 58 A, Kópavogi, en skv. loforði hafi stefndu borið að lagfæra þetta hvort tveggja. Dómkvaddir matsmenn mátu viðgerðarkostnað við að lagfæra allan skúr þann, er þvottahús og geymsla eru í, á kr. 9.200,00. Hluti stefnanda sé hins vegar ¼ af þeirri upphæð eða kr. 2.300,00. Stefndu hafa *aðallega* krafizt sýknu, en *til vara* við munnlegan flutning málsins, að þeir verði sýknaðir gegn greiðslu á kr. 117,25 (undirmatskostnaður kr. 701,00 + yfirmatskostnaður kr. 2.001,00, sem dregst frá niðurstöðu yfirmats, kr. 3.171,00 = 469,00; ¼ af því kr. 117,25). Þá krefjast stefndu málskostnaðar að skaðlausu eftir mati réttarins.

Málavextir eru þeir, að með kaupsamningi 24. maí 1954 keypti stefnandi af stefndu ¼ hluta húseignarinnar nr. 58 A við Digranesblett í Kópavogi, þ. e. íbúð á 1. hæð, vesturenda, 3 herbergi, eldhús, vatnssalerni með steypibaði, innri forstofu, ⅓ af ytri forstofu á móti rishæð, miðstöð að ¼ hluta, bílskúr að ¼ hluta með geymslu og þvottahúsi og ¼ af leigulóðarréttindum. Í af-

sali er tekið fram, að íbúðin seljist fullgerð og skuli afhendast 20. júní 1954.

Eftir að stefnandi tók við íbúðinni, taldi hann, að fram hefðu komið ýmsir gallar á henni. Taldi stefnandi, að margt skorti á, að íbúðin sjálf og það, sem henni átti að fylgja, væri í því ástandi, sem seljendur höfðu lofað. Spunnust af þessu málaferli, og lauk þeim svo, að stefndu í máli þessu, þeir Árni S. Böðvarsson og Jón Sveinbjörnsson, voru með dómi, upp kveðnum á bæjarþingi Kópavogs hinn 27. febrúar 1957, dæmdir til að greiða stefnanda skaðabætur vegna þessara galla og vanefnda.

Í dóminum frá 27. febrúar 1957 (dskj. nr. 3 í þessu máli) voru stefndu, Árni S. Böðvarsson og Jón Sveinbjörnsson, sýknaðir að svo stöddu af 2.300,00 króna kröfu vegna vanefnda á viðgerð á þvottahúsi og geymslu. Var sýkna á greiðslu kröfunnar byggð á því, að með bréfi umboðsmanns stefnanda til stefndu (dskj. nr. 4) hefði þeim verið bannað að ljúka við lagfæringarnar og þar með að efna skyldur sínar við stefnanda í þessu efni. Er komizt svo að orði í fyrrnefndum dómi, að þykja beri að „sýkna stefndu að svo stöddu af þessum kröfulið, þar til útséð er um, hvort þeir efna skyldur sínar skv. samningum, er þeim hefur verið heimilað að vinna að nýju".

Vegna óbreytts ástands, að því er lagfæringar snertir við ofannefnt þvottahús og geymslu, frá því er dómur bæjarþings Kópavogs frá 27. febrúar 1957 var upp kveðinn, er mál þetta risið.

Stefndu reisa sýknukröfu sína á því, að þeir hafi gert að mestu allt, sem þeim ber að gera í skúrnum. Þá telja stefndu, að mikið af því, sem þeir voru búnir að gera, hafi verið eyðilagt. Telja stefndu, að þeir geti ekki borið ábyrgð á þeim skemmdum. Þá telja þeir, eins og nú er komið, að þeim sé ómögulegt að vinna verkið.

Skal þá tekin afstaða til skaðabótakröfu stefnanda:

1. Það er fram komið í málinu, að stefnandi telur sig hafa skorað á stefndu að hefja vinnu á ný í skúrnum á sumri 1957. Einnig er það fram komið (dskj. nr. 7), að stefndu telja sig hafa ætlað að hefja vinnu á ný við skúrinn á sumri 1957. Það verður því að telja, að banni við frekari framkvæmdum við skúrinn hafi verið aflétt það sumar. Af gögnum málsins verður ekki séð upp á dag, hvenær banni hefur verið aflétt, en það þykir mega fallast á með stefnanda, að stefndu hafi verið gefinn kostur á að hefja framkvæmdir á ný við skúrinn með dómi bæjarþings Kópavogs frá 27. febrúar 1957.

2. Í dómi bæjarþings Kópavogs frá 27. febrúar 1957 er því slegið föstu, að stefndu hafi skyldur skv. samningum um lagfæringu þvottahúss og geymslu (sbr. 10. tölulið á dskj. nr. 3).

Stefndu héldu því fram í hinu fyrra máli, að ástæða þess, að ekki hefði verið fullgengið frá þvottahúsi og geymslu, hefði verið bann umboðsmanns stefnanda við frekari framkvæmdum. Jafnframt var því þá lýst yfir af stefndu, að þeir væru reiðubúnir að ljúka framkvæmdum, strax og bannið væri afnumið. Nú hafa stefndu krafizt sýknu m. a. á þeirri forsendu, að þeir séu að mestu búnir að gera allt, sem þeim bar í skúrnum.

Það er ljóst af skjölum málsins, að ekkert hefur verið að því unnið að lagfæra nefndan skúr frá 27. febrúar 1957. Það er einnig fram komið í málinu, að talsvert af því, sem búið var að gera í skúrnum, til þess að hann yrði hæfur sem þvottahús og geymsla, hefur verið eyðilagt, meðan framkvæmdir lágu niðri. Hefur stefnandi ekki fært sönnur á, að þær skemmdir séu að neinu leyti sök stefndu, og bera þeir því ekki ábyrgð á þeim. Rétturinn lítur hins vegar svo á, að eyðilegging þessi geti ekki komið í veg fyrir greiðslu bóta úr hendi stefndu vegna þess, er þeir hafa látið ógert við skúrinn, svo að hann gæti talizt nothæfur. Um það, hvað ógert hafi verið í skúrnum, svo og um ákvörðun skaðabóta verður að leggja til grundvallar yfirmatsgerðina á dskj. nr. 10, en þar er sundurliðað það, sem talið er ógert, og einnig gefið upp matsverð á hverjum einstökum lið:

1.	Ganga þarf frá tvöföldum bílskúrshurðum og gera hæfilega stórar inngöngudyr, klæða innan með asbesti og utan með pappa	kr.	610,00
2.	Setja upp borð og bekk	—	420,00
3.	Ganga frá gleri í glugga	—	50,00
4.	Framlengja vatnslögn í þvottahús	—	263,00
5.	Pappi á þak á upprunalegum skúr	—	490,00
6.	Klæða loft með asbesti	—	1.238,00
7.	Steypa kant við geymsluskilrúm	—	100,00
		Alls kr.	3.171,00

Þar eð stefnandi er eigandi skúrsins að ¼, verða bæturnar því ákveðnar ¼ af niðurstöðutölu yfirmatsins eða kr. 792,75. Eftir atvikum þykir rétt, að málskostnaður falli niður.

Dráttur á dómsuppsögu stafar af miklum embættisönnum. Dóm þenna hefur kveðið upp Bergur Bjarnason, fulltrúi bæjar-

fógeta, ásamt meðdómsmönnunum Jóni Þorsteinssyni byggingameistara og Sveini S. Einarssyni verkfræðingi.

Dómsorð:

Stefndu, Árni S. Böðvarsson og Jón Sveinbjörnsson, greiði stefnanda, Ingólfi Pálmasyni, kr. 792,75 með 6% ársvöxtum frá 27. febrúar 1957 til greiðsludags. Málskostnaður falli niður.

Dóminum ber að fullnægja innan 15 daga frá lögbirtingu hans að viðlagðri aðför að lögum.

Mánudaginn 25. maí 1959.

Nr. 194/1958. **Jóhanna Waage** (Ragnar Jónsson hrl.)
gegn
fjármálaráðherra f. h. ríkissjóðs
(Benedikt Sigurjónsson hrl.).

Dóminn skipuðu hinir reglulegu dómarar Hæstaréttar.

Slysabætur.

Dómur Hæstaréttar.

Áfrýjandi hefur skotið máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 29. desember 1958. Krefst hún þess, að stefnda verði dæmt að greiða kr. 257.080,00 eða aðra lægri fjárhæð að mati dómsins ásamt 6% ársvöxtum frá 19. janúar 1956 til greiðsludags og málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti að mati dómsins.

Stefndi krefst staðfestingar héraðsdóms og málskostnaðar í Hæstarétti úr hendi áfrýjanda.

Af hálfu stefnda er viðurkennd óskoruð fébótaábyrgð vegna slyss þess, er í málinu greinir. Hann hreyfir og engum andmælum gegn 1.—4. kröfulið áfrýjanda í héraði, og verða þeir því teknir til greina.

Eftir uppsögu héraðsdóms hefur K. G. Guðmundsson tryggingafræðingur áætlað áhrif kaupbreytinga, sem orðið hafa að undanförnu, á niðurstöðu áætlunar hans frá 19. nóvember f. á. Lækkar niðurstaðan úr kr. 69.390,00 í kr.

68.855,00. Einnig hefur tryggingafræðingurinn áætlað hækkun niðurstöðunnar, ef áfrýjanda eru auk tekna af vinnu utan heimilis ætlaðar tekjur sem húsmóður vegna vinnu á eigin heimili. Ef vinnutekjutap er miðað við vinnutekjur utan heimilis að viðbættu fæði og húsnæði samkvæmt skattmati, reiknast tryggingafræðingnum til, að verðmætið hækki í kr. 96.971,00. Sé áfrýjanda auk þess reiknað lágt ráðskonukaup, áætlar hann, að verðmætið hækki í kr. 122.231,00.

Fyrir Hæstarétti hefur og verið leitt í ljós, að áfrýjandi hafði um tveggja ára skeið, áður en slysið varð, unnið störf á Keflavíkurflugvelli og fengið fyrir kr. 3.000,00 á mánuði. Var sú vinnuráðning ekki tímabundin. Að öllu athuguðu þykir atvinnutjón áfrýjanda því hæfilega metið kr. 100.000,00.

Staðfesta ber úrlausn héraðsdóms um 6. kröfulið.

Úrslit málsins verða því þau, að stefnda verður dæmt að greiða áfrýjanda kr. 2.080,00 + kr. 100.000,00 + kr. 30.000,00 = kr. 132.080,00 að frádregnum þegar greiddum kr. 15.000,00, þ. e. kr. 117.080,00, ásamt vöxtum eins og krafizt er.

Þá verður og stefnda dæmt að greiða áfrýjanda málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti, samtals kr. 18.000,00.

Dómsorð:

Stefndi, fjármálaráðherra f. h. ríkissjóðs, greiði áfrýjanda, Jóhönnu Waage, kr. 117,080,00 með 6% ársvöxtum frá 19. janúar 1956 til greiðsludags og kr. 18.000,00 í málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti.

Dómur bæjarþings Reykjavíkur 6. desember 1958.

Mál þetta, sem tekið var til dóms 25. f. m., hefur Jóhanna Waage, Þórustíg 22, Ytri-Njarðvík, höfðað á bæjarþinginu með stefnu, út gefinni 12. júní 1958, gegn fjármálaráðherra vegna ríkissjóðs til greiðslu skaðabóta, að fjárhæð kr. 257.080,00, ásamt 6% ársvöxtum frá 19. janúar 1956 til greiðsludags og málskostnaði samkvæmt gjaldskrá LMFÍ.

Stefndi krefst stórlegrar lækkunar á fjárhæð stefnukröfunnar og að málskostnaður verði látinn niður falla.

Tildrög málsins eru þau, að hinn 19. janúar 1956 ók varnarliðsbifreiðin VL-2677 aftan á bifreiðina R-8338 á Keflavíkurflugvelli með þeim afleiðingum, að miklar skemmdir urðu á síðargreindu bifreiðinni aftanverðri og nokkrir farþegar, sem sátu aftan til í henni, slösuðust. Bifreið þessi er stór farþegaflutningabifreið og var á þessum tíma í reglubundnum áætlunarferðum milli flugvallarins, Keflavíkur og Njarðvíkur á vegum varnarliðsins. Var hún fullskipuð farþegum í umrætt sinn. Í hópi farþega var stefnandi, sem sat lengst til vinstri í aftasta sæti bifreiðarinnar. Kveðst hún við árekstur inn hafa kastazt fram í sætinu, en jafnframt hafi fætur hennar skorðazt fastir á milli aftasta sætis og næsta sætis fyrir framan, þannig að hún hafi ekki getað hreyft sig. Kveðst stefnandi hafa kvalizt og hljóðað mikið, meðan hún sat þarna föst, og fullri rænu hafi hún haldið, þar til hjálp barst. Kveðst stefnandi halda, að hún hafi verið tekin út um glugga bifreiðarinnar. Var hún sett á sjúkrabörur og farið með hana til sjúkrahúss varnarliðsins á flugvellinum, þar sem meiðsli hennar voru könnuð. Samdægurs var hún svo flutt í Sjúkrahús Keflavíkur, þar sem hún dvaldist í rúma 13 mánuði. Hafði stefnandi við slysið hlotið heilahristing og brot á báðum fótum auk smærri áverka.

Stefnandi telur vafalaust, að ökumaður varnarliðsbifreiðarinnar hafi átt alla sök á árekstrinum, og beinir kröfum sínum um fébætur á hendur ríkissjóði með vísun til laga nr. 110/1951.

Stefndi vefengir ekki, að hann beri óskorað fébótaábyrgð á slysi þessu, en telur, að bótafjárhæðin, sem krafizt er, sé allt of há.

Verður bótakrafan nú tekin til athugunar, en hana sundurliðar stefnandi þannig:

1.	Lækniskostnaður	kr.	80,00
2.	Örorkumat	—	400,00
3.	Útreikningur örorkubóta	—	600,00
4.	Fatatjón	—	1.000,00
5.	Atvinnutjón	—	150.000,00
6.	Þjáningar, lýti og önnur röskun ...	—	120.000,00
		Kr.	272.080,00
	Frá dregst fjárhæð, sem stefndi hefur þegar greitt stefnanda	—	15.000,00
		Kr.	257.080,00

Um 1.—4.

Fjárhæðir þessara kröfuliða sæta ekki andmælum og verða teknar til greina óbreyttar.

Um 5.

Meiðslum stefnanda af völdum umrædds slyss er lýst í vottorði Bjarna Sigurðssonar læknis, dags. 15. marz 1957. Segir í því á þessa leið:

„Meiðsli hennar voru: heilahristingur. Sjúkl. var meðvitundarlaus, þegar hún kom á sjúkrahúsið. Mar, bólga og eymsli á vinstri olnboga og vinstri upphandlegg. Hægri fótleggur var brotinn í miðju. Fótleggurinn var allur mikið bólginn, og voru samkvæmt röntgenmynd báðar pípur brotnar. Vinstri fótleggur var allur stokkbólginn, og voru þar einnig báðar pípur brotnar í miðju, samanber röntgenmynd. Á miðjum leggnum framanverðum var ca. 4 sm langur skurður yfir brotstaðnum, og hafði blætt mikið úr sárinu.

Líðan sjúkl. var slæm fyrstu 3 vikurnar, sem hún lá á sjúkrahúsinu, hafði hita og mikla verki í báðum fótleggjum. Sökum þess, hve brotin greru seint, af því að beinmyndun var svo hægfara, lá sjúkl. í gipsumbúðum þar til 27.9. 1956. Þá fór sjúkl. að hafa fótavist og gekk með 2 hækjur.

Sjúkl. útskrifaðist af sjúkrahúsinu hinn 24. 2. 1957.

Skoðun 24. 2. 1957:

Líðan sjúkl. er góð. Bæði brotin eru orðin föst. Röntgen-kontrolmynd: Góð staða á báðum brotunum, nægilega mikil callus-myndun. Engin stytting. Hreyfanleiki í báðum hné- og öklaliðum eðlilegur. Sjúkl. gengur staflaus og er óhölt. Vinstri fótur bólgnar enn við áreynslu.

Sennilega verður sjúkl. ekki orðin full-vinnufær fyrr en eftir 6 mánuði hér frá."

Hinn 3. september 1957 var stefnandi skoðuð af Þórarni Sveinssyni lækni, og mat læknirinn örorku hennar af völdum slyssins. Í örorkumatinu, sem dags. er 12. s. m., segir svo:

.... „Nú þreytist hún við stöður og göngur og kvartar um óþægindi í vinstri upphandlegg og öxl. Segist vera sæmilega góð í höfðinu. Skoðun: Kona í meðalholdum. Hefur eðlilega framkomu. Sjón og heyrn telur hún óbreytta. Ekkert að athuga við höfuð né háls.

Blóðþrýstingurinn mældist 160/85. Hjartahljóð voru hrein og

regluleg. Ekki voru hreyfingarhindranir í upplimum, og kraftar voru eðlilegir. Reflexar sömuleiðis eðlilegir.

Ganglimir: H. fótleggur: Engin stytting á ganglimnum. Um miðjan fótlegginn skagar lítils háttar hnútur fram. Þegar þreifað er um brotstaðinn, finnst, að þar er um ójöfnu á beininu að ræða. Aftan á kálfanum er ör eftir skurð, er konan segir, að hafi komið af sætisbrúninni við áreksturinn. Ör þetta mældist 8 sm á lengd og er gegnt brotinu þvert yfir kálfann. Lítils háttar sveigja fram á við er þarna á leggpípunum. Hreyfing í hnélið er rúmlega í 90°, og er öklahreyfing eðlileg. Hreyfingin í vöðvunum hindrast lítillega að framan um brotstaðinn. Er sýnilega nokkur festa þar við beinið á brotstaðnum. Kraftar eru sæmilegir, og reflexar voru eðlilegir.

V. fótleggur: Engin stytting. Fótleggurinn er beinni en hægra megin, og missmíða gætir lítið á brotstaðnum. Hreyfingar í liðamótum hnés og öklaliðar eru eðlilegar. Kraftar eru eðlilegir og reflexar sömuleiðis. Konan gengur óhölt. Smá-örblettur er framan á leggnum.

Ályktun: Um er að ræða meiðsli, er urðu í bílslysi. Báðir fótleggir brotnuðu, og konan hlaut heilahristing og mar á vinstri handlegg. Brotið greri í góðri stöðu, en hægt. Bati hefur, eftir að heim kom, farið eftir vonum.

Örorka vegna slyssins telst hæfilega metin:

Fyrir	13	mán.	fyrst	eftir	slysið	.....	100% örorka
—	1	—	þar	á	eftir	.....	85% —
—	1	—	—	-	—	.....	70% —
—	1	—	—	-	—	.....	55% —
—	1	—	—	-	—	.....	40% —
—	1	—	—	-	—	.....	30% —
—	1	—	—	-	—	.....	25% —

Úr því 20% örorka um 1 árs bil og 18% varanleg örorka."

Stefnandi er fædd 19. desember 1918. Hefur hún því verið 37 ára gömul, er hún varð fyrir slysi þessu. Stefnandi er ekkja og hefur á framfæri sínu þrjú börn sín, er öll dvöldust hjá henni og voru á þessum tíma á aldrinum 6, 11 og 13 ára. Ekki er annað fram komið en stefnandi hafi verið heilsuhraust fyrir slysið. Kveðst hún hafa haft á hendi það starf að taka til í íbúðum yfirmanna í varnarliðinu á Keflavíkurflugvelli og kveðst hafa haft kr. 3.000,00 í kaup á mánuði. Samkvæmt staðfestum afritum af skattframtölum stefnanda námu atvinnutekjur henn-

ar næstu tvö árin fyrir slysið þessum fjárhæðum: árið 1954 kr. 17.133,00 og árið 1955 kr. 15.000,00. Bæði þessi ár naut stefnandi mæðralauna og lífeyris með börnunum, um kr. 9.000,00 hvort ár.

Stefnandi hefur fengið K. G. Guðmundsson, cand. act., til að reikna út áætlað atvinnutjón hennar af völdum slyssins. Við útreikning þenna leggur tryggingafræðingurinn til grundvallar vinnutekjur stefnanda árin 1954 og 1955 og gerir ráð fyrir hækkunum í samræmi við breytingar þær, er orðið hafa á kaupgjaldsvísitölu. Enn fremur gerir hann ráð fyrir, að grunnkaup hafi hækkað um 11% vorið 1955. Reiknað á þenna hátt verður verðmæti atvinnutjónsins miðað við framangreinda örorku kr. 66.839,00. Útreikningur þessi er miðaður við slysdag, og er reiknað með 6% ársvöxtum, dánarlíkum íslenzkra kvenna samkvæmt reynslu frá árunum 1941—50 og líkum fyrir missi starfsorku í lifanda lífi eftir sænskri reynslu. Frádráttur vegna opinberra gjalda er ekki gerður, og tekur hinn sérfróði maður það fram, að hann mundi verða mjög lítill í þessu tilviki, þar sem í hlut eigi fremur tekjulítil ekkja með þrjú börn á framfæri.

Vegna kaupbreytinga, sem orðið hafa, eftir að framangreindur útreikningur var gerður, hefur stefnandi fengið K. G. Guðmundsson, cand. act., til að reikna áætlað atvinnutjón hennar út af nýju. Er þessi nýi útreikningur dags. 19. nóvember 1958. Kaupbreytingar þær, sem um er að ræða, eru lögákveðin 5% grunnkaupshækkun frá 1. júní sl. að telja, tveggja stiga hækkun vísitöluuppbótar hinn 1. september sl. og grunnkaupshækkanir samkvæmt samningum. Fyrstgreindar tvær kauphækkanir, kveður hinn sérfróði maður, að hækki niðurstöðutölu fyrra útreiknings í kr. 69.390,00. Um áhrif umsaminna kauphækkana kveðst hann aftur á móti ekki geta fullyrt, þar sem honum hafi ekki unnizt tími til að rannsaka, hvaða grunnkaupshækkanir kunni að hafa verið samið um í þeim starfsgreinum, sem stefnandi hefur stundað.

Jafnframt getur hann þess, að í sumar og haust hafi flestar starfsstéttir samið um grunnkaupshækkanir til viðbótar hinni lögákveðnu. Grunnkaupshækkanir þessar nemi yfirleitt frá 5% til 9½%. Getur hinn sérfróði maður þess að lokum til leiðbeiningar, að fyrir hvert 1%, sem kaup hafi hækkað í starfsgreinum stefnanda frá því í ágúst sl., hafi niðurstaða útreikningsins hækkað um ca. 0,6%. Þannig hefði 5% kauphækkun hækkað niðurstöðuna í kr. 71.458,00. Forsendur þesssa síðara útreikn-

ings eru hinar sömu og hins fyrra að öðru leyti en nú hefur verið rakið.

Til rökstuðnings þessum kröfulið vísar stefnandi til framangreindra útreikninga, en krefst þó mun hærri bóta fyrir atvinnutjón en þeir gefa efni til. Kveður stefnandi þar einkum tvennt koma til. Í fyrsta lagi séu útreikningarnir eingöngu miðaðir við tekjur þær, er hún næstu árin fyrir slysið aflaði utan heimilis, en ekkert tillit tekið til heimilisstarfa hennar, sem að sjálfsögðu hafi orðið að ganga fyrir, eins og heimilishögum hennar sé háttað. Í annan stað sé í útreikningunum miðað við vísitölu, sem engar líkur séu fyrir, að fái staðizt stundinni lengur.

Stefndi hefur mótmælt kröfulið þessum sem allt of háum. Telur hann, að eðlilegra hefði verið að miða útreikning á áætluðu atvinnutjóni stefnanda við tekjur fleiri ára fyrir slysið en gert er. Þá er því mótmælt sem ósönnuðu, að um fjárhagstjón í sambandi við heimilisstörf stefnanda sé að ræða.

Eftir atvikum þykir tjón stefnanda samkvæmt þessum lið hæfilega metið kr. 60.000,00.

Um 6.

Stefndi hefur mótmælt þessum kröfulið sem allt of háum. Fram lagðar ljósmyndir af fótum stefnanda sýna, að um nokkur lýti er að ræða af völdum slyssins. Með hliðsjón af meiðslum stefnanda og öðrum atriðum, er hér koma til álita, þykja bætur samkvæmt þessum lið hæfilega ákveðnar kr. 30.000,00.

Tjón stefnanda nemur þá samkvæmt framanskráðu alls kr. 92.080,00 (kr. 80,00 + kr. 400,00 + kr. 600,00 + kr. 1.000,00 + kr. 60.000,00 + kr. 30.000,00). Frá þeirri fjárhæð dragast kr. 15.000,00, sem stefndi hefur þegar greitt stefnanda upp í tjón hennar. Mismuninn, kr. 77.080,00, verður stefndi dæmdur til að greiða ásamt vöxtum eins og krafizt er.

Eftir þessum málalokum verður stefndi dæmdur til að greiða stefnanda málskostnað, sem ákveðst kr. 8.300,00. Er þar með talinn útlagður kostnaður stefnanda samkvæmt dskj. nr. 15 og 20, alls kr. 150,00.

Gunnar M. Guðmundsson, fulltrúi borgardómara, kvað upp þenna dóm.

Dómsorð:

Stefndi, fjármálaráðherra vegna ríkissjóðs, greiði stefnanda, Jóhönnu Waage, kr. 77.080,00 ásamt 6% ársvöxtum

frá 19. janúar 1956 til greiðsludags og kr. 8.300,00 í málskostnað innan 15 daga frá lögbirtingu dóms þessa að viðlagðri aðför að lögum.

Mánudaginn 25. maí 1959.

Nr. 159/1958. **Oddviti Breiðuvíkurhrepps f. h. hreppsins**
(Sigurður Ólason hrl.)
gegn
Olíufélaginu Skeljungi h/f
(Gunnar Þorsteinsson hrl.).

Dóminn skipuðu hinir reglulegu dómarar Hæstaréttar.

Útsvarsmál. Sératkvæði.

Dómur Hæstaréttar.

Hinrik Jónsson, sýslumaður í Snæfellsness- og Hnappadalssýslu, hefur kveðið upp hinn áfrýjaða úrskurð.

Áfrýjandi hefur skotið máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 30. október 1958. Krefst hann þess, að hinn áfrýjaði úrskurður verði felldur úr gildi, en staðfest verði lögtaksgerð hreppstjóra Breiðuvíkurhrepps frá 31. júlí 1958, sem um ræðir í máli þessu. Svo krefst hann og málskostnaðar úr hendi stefnda í héraði og fyrir Hæstarétti eftir mati dómsins.

Stefndi krefst staðfestingar hins áfrýjaða úrskurðar og málskostnaðar hér fyrir dómi eftir mati Hæstaréttar.

Samkvæmt samningi, dags. 27. júní og 1. júlí 1951, sem h/f Shell á Íslandi gerði við Ingólf Guðmundsson, bónda á Litla-Kambi í Breiðuvíkurhreppi, skal sala á benzíni og bifreiðaolíu frá h/f Shell fara fram á Litla-Kambi. H/f Shell skal leggja til endurgjaldslaust neðanjarðargeymi fyrir benzín og benzíndælu og annast viðhald á hvoru tveggja á sinn kostnað. Þá skal og h/f Shell flytja vöruna til sölustaðar Ingólfi að kostnaðarlausu. Ingólfur skal kaupa vöruna komna í geymi og hafa á hendi sölu hennar, og er hon-

um óheimilt að kaupa sams konar vöru frá öðrum en h/f Shell. Kaupverð skal vera í samræmi við ákvörðun verðlagsyfirvalda um útsöluverð á vörunni, meðan hún lýtur slíkum fyrirmælum, en ella almennt gangverð (útsöluverð) á vörunni. Ingólfur skal hins vegar fá afslátt frá greindu kaupverði, sem nemi 8 aurum af benzínlítra og 10.25% af kaupverði bifreiðaolíu.

Stefndi, Olíufélagið Skeljungur h/f, er nú orðinn aðili að framangreindum samningi í stað h/f Shell á Íslandi.

Þó að Ingólfur Guðmundsson sé talinn verða eigandi benzínsins, þegar það er komið í geyminn, bera önnur atriði samningsins með sér, að salan fer raunverulega fram á vegum stefnda. Hann á mannvirki þau og tæki, sem nauðsynleg eru til starfrækslunnar, og kostar viðhald á þeim, enda mun salan vera einn þáttur í víðtækara sölukerfi hans. Verður því að telja, að stefndi hafi verið útsvarsskyldur í Breiðuvíkurhreppi samkvæmt a-lið 2. málsgr. 8. gr. laga nr. 66/1945. Á lögtaksgerð hreppstjóra því að vera óröskuð, en hinn áfrýjaði úrskurður að falla úr gildi.

Samkvæmt þessum úrslitum þykir rétt, að stefndi greiði áfrýjanda málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti, samtals kr. 3.000,00.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði fógetaúrskurður er úr gildi felldur, og á lögtaksgerð hreppstjóra að vera óröskuð.

Stefndi, Olíufélagið Skeljungur h/f, greiði áfrýjanda, oddvita Breiðuvíkurhrepps f. h. hreppsins, kr. 3.000,00 í málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti að viðlagðri aðför að lögum.

Sératkvæði
Jóns Ásbjörnssonar hæstaréttardómara.

Með skírskotun til forsendna hins áfrýjaða úrskurðar ber að fallast á, að viðskipti stefnda við Ingólf bónda Guðmundsson, Litla-Kambi í Breiðuvíkurhreppi, geti ekki talizt

heimilisföst atvinnustofnun þar í hreppi skv. a-lið 8. gr. laga nr. 66/1945, sbr. lög nr. 59/1947. Eru og engin gögn fram komin, er sýni, að viðskiptum aðilja þessara hafi verið öðruvísi háttað en í samningi þeirra greinir. Þá verður eigi heldur séð, að um útsvarsskyldu stefnda skv. b-lið 8. gr. hinna fyrrnefndu laga hafi verið að ræða, enda á hann þar engar eignir aðrar en neðanjarðargeymi ásamt dælu fyrir benzín, sem hann ljær Ingólfi til afnota, en hefur hvorki arðbær lóðarréttindi né annað það, sem í nefndum lið er talið. Ber því að staðfesta hinn áfrýjaða úrskurð.

Eftir atvikum tel ég rétt, að áfrýjandi greiði stefnda málskostnað í Hæstarétti, kr. 1.000,00.

Dómsorð mitt verður því á þessa leið:

Hinn áfrýjaði úrskurður á að vera óraskaður.

Áfrýjandi, hreppsnefnd Breiðuvíkurhrepps, greiði stefnda, Olíufélaginu Skeljungi h/f, málskostnað í Hæstarétti, kr. 1.000,00, að viðlagðri aðför að lögum.

Úrskurður fógetaréttar Snæfellsness- og Hnappadalssýslu 27. september 1958.

Mál þetta er tekið fyrir í fógetarétti Snæfellsness- og Hnappadalssýslu skv. 9. gr. laga nr. 29 frá 16. des. 1885, en er risið af lögtaksgerð, sem hreppstjóri Breiðuvíkurhrepps hér í sýslu framkvæmdi hjá Olíufélaginu Skeljungi h/f hinn 31. júlí 1958 skv. kröfu oddvita nefnds hrepps, en til tryggingar vangreiddu útsvari gerðarþola, kr. 400,00, fyrir árið 1957 til Breiðuvíkurhrepps.

Umboðsmaður gerðarþola hefur *aðallega* krafizt þess, að nefnd gerð hreppstjóra Breiðuvíkurhrepps verði ómerkt, og heldur hann því fram, að lögtaksgerðina hefði átt að byrja á varnarþingi gerðarþola, þ. e. í Reykjavík, en ekki í Breiðuvíkurhreppi, enda þótt gerðarþoli eigi benzíngeymi ásamt dælu í þeim hreppi. Í þessu sambandi skírskotar hann meðal annars til 7. gr. laga nr. 29 frá 16. des. 1885 og 33. gr. laga nr. 19 frá 1887.

Þessari kröfu hefur umboðsmaður gerðarbeiðanda mótmælt og telur það misskilning hjá gagnaðilja, að lögtaksgerð skuli ætíð byrja á (aðal)varnarþingi gerðarþola, því að slíkt mundi leiða til óhagræðis fyrir sveitarfélög og aukins kostnaðar fyrir gerðarþola, og heldur hann því fram, að heimilt sé að hefja

lögtaksgerð þar, sem útsvar er á lagt og eignir gerðarþola eru fyrir.

Með skírskotun til 2. mgr. 33. gr. laga nr. 19 frá 1887 verður að telja, að heimilt hafi verið að byrja aðför þessa í Breiðuvíkurhreppi, þar sem útsvar var þar lagt á gerðarþola og fjármunir hans voru fyrir hendi. Verður því greind ómerkingarástæða ekki tekin til greina.

Þá hefur umboðsmaður gerðarþola haldið því fram, að gerðarþoli hafi ekki verið útsvarsskyldur í Breiðuvíkurhreppi árið 1957, og í því sambandi hefur hann sett fram varakröfu um, að lögtaksgerð hreppstjóra Breiðuvíkurhrepps verði felld úr gildi. Kröfu þessa styður hann með því, að gerðarþoli hafi einungis selt Ingólfi Guðmundssyni bónda, Breiðuvíkurhreppi, benzín og aðrar tilgreindar vörur gegn ákveðnum, umsömdum kjörum og að nefndur Ingólfur selji síðan vörur þessar á eigin ábyrgð og kostnað. Hann kveður Ingólf algerlega ráða því, hverjum hann selji varning þennan og hvort hann veiti gjaldfrest eða ekki og að Ingólfur beri einn ábyrgð og áhættu slíkra ráðstafana. Þá staðhæfir nefndur umboðsmaður, að Ingólfur hlíti ekki ákvörðun gerðarþola um útsöluverð, því að það sé algerlega háð ákvörðun verðlagsyfirvalda. Einnig heldur umboðsmaður gerðarþola því fram, að gerðarþoli eigi enga fasteign í hreppnum og greiði þar hvorki fasteignaskatt né lóðarleigu, en að benzíngeymirinn sé á lóð nefnds Ingólfs og að fyrir það komi ekkert endurgjald.

Umboðsmaður gerðarbeiðanda heldur því hins vegar fram, að greint útsvar sé lagt á gerðarþola vegna benzínsölu hans í Breiðuvíkurhreppi og eignar hans þar og að slík útsvarsálagning eigi stoð í a- og b-liðum 8. gr. laga nr. 66 frá 1945. Þá heldur hann því fram, að samningur gerðarþola og Ingólfs Guðmundssonar sé, að því er virðist, gerður til þess, að gerðarþoli komist undan útsvarsgreiðslu til Breiðuvíkurhrepps. Enn fremur heldur hann því og fram, að gerðarþoli eigi fasteign í Breiðuvíkurhreppi, með því að hann hafi þar leigulaus lóðarafnot.

Í máli þessu hefur verið lagður fram samningur, sem gerður var milli h/f Shell á Íslandi annars vegar og nefnds Ingólfs Guðmundssonar hins vegar. Er samningur þessi gerður á árinu 1951 og uppsegjanlegur með 3 mánaða fyrirvara. Ekkert hefur komið fram í máli þessu, sem gefur ástæðu til þess að ætla, að greindur samningur sé ekki enn í gildi.

Með nefndum samningi skuldbindur Ingólfur Guðmundsson sig til þess að kaupa á samningstímabilinu allt benzín og allar

bifreiðaolíur, bæði til eigin nota og sölu, hjá h/f Shell á Íslandi. Benzínið skal sent til hans honum að kostnaðarlausu. Kaupverðið skal vera samkvæmt ákvörðun verðlagsyfirvalda, á meðan þeim ber slík ákvörðun, en ella almennt gangverð. Kaupandi fær ákveðinn afslátt sér til handa. Seljandi skal lána kaupanda endurgjaldslaust geymi og dælu, en kaupandi leggur til lóð án sérstaks endurgjalds. Kaupandi skal mánaðarlega greiða úttekt sína.

Af hálfu gerðarbeiðanda hafa ekki verið lögð fram nein þau gögn í máli þessu, sem renna stoðum undir framangreinda málsútlistun hans um, að réttmætt hafi verið að leggja útsvar á gerðarþola í Breiðuvíkurhreppi árið 1957. Hins vegar hefur gerðarþoli eða umboðsmaður hans mótmælt álagningunni og lagt fram áðurnefndan samning, en í samningi þessum kemur berlega fram, eins og áður segir, að Ingólfur Guðmundsson hefur verið kaupandi þess varnings, er hér um ræðir, og hefur fengið benzíngeymi og dælu að láni frá seljanda og lætur í té lóð undir geyminn án þess að fá fé úr annars hendi fyrir vikið.

Rétturinn lítur því svo til, að framgangur nefndrar gerðar hafi ekki verið nægjanlega réttlættur gegn nefndum mótmælum, studdum af fram lögðum samningi, og því ber að fella úr gildi lögtaksgerð hreppstjóra Breiðuvíkurhrepps, sem fram fór hinn 31/7 '58 hjá gerðarþola máls þessa.

Þá hefur umboðsmaður gerðarþola krafizt málskostnaðar samkvæmt mati dómsins, og eftir atvikum þykir rétt að gera oddvita Breiðuvíkurhrepps að greiða honum 200,00 krónur í málskostnað.

Dráttur á uppkvaðningu úrskurðar þessa stafar ýmist af embættisönnum sem og því, að umboðsmanni gerðarþola hafði verið veittur frestur í málinu og greinargerð umboðsmanns gerðarbeiðanda barst ekki fyrr en 20. sept. sl.

Því úrskurðast:

Lögtaksgerð hreppstjóra Breiðuvíkurhrepps, sem fram fór hinn 31/7 1958 hjá gerðarþola máls þessa, er úr gildi felld. Oddviti Breiðuvíkurhrepps skal greiða Olíufélaginu Skeljungi h/f kr. 200,00 í málskostnað.

Fullnægja má úrskurði þessum með aðför að lögum að liðnum 15 dögum frá birtingu hans.

Föstudaginn 29. maí 1959.

Nr. 188/1958. **Þórdís Halldórsdóttir** (Ragnar Jónsson hrl.)
gegn
Páli Blöndal (Guðmundur Pétursson hrl.)
og
Sigurði Gíslasyni (Magnús Thorlacius hrl.).

Dóminn skipuðu hinir reglulegu dómarar Hæstaréttar.

Landamerkjamál.

Dómur Hæstaréttar.

Héraðsdóm hafa upp kveðið Jón sýslumaður Steingrímsson og samdómendurnir Guðmundur Jónsson skólastjóri og Kristján Guðmundsson afgreiðslumaður.

Áfrýjandi, Þórdís Halldórsdóttir, eigandi Neðra-Ness í Stafholtstungum, hefur skotið máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 17. desember 1958 og gert þessar dómkröfur:

1. að landamerki Neðra-Ness annars vegar og Stafholtseyjar og Hamraenda hins vegar verði ákveðin eftir línu þeirri, sem dregin er með bláum lit á uppdrætti, dskj. nr. 43, og mörkuð er samkvæmt mælingum á dskj. nr. 39 um punktana 1-2-3-7-8-9-10-11-17-18, og
2. að henni verði dæmdur málskostnaður í héraði úr hendi stefndu, Páls Blöndals, eiganda Stafholtseyjar, og Sigurðar Gíslasonar, eiganda Hamraenda, og fyrir Hæstarétti úr hendi stefnda Páls Blöndals.

Hvor hinna stefndu krefst þess, að landamerkjadómurinn verði staðfestur og að sér verði dæmdur málskostnaður úr hendi áfrýjanda fyrir Hæstarétti eftir mati dómsins.

Engin gögn eru fram komin um, að hin svonefnda Kríueyri hafi á tíma, er máli getur skipt, verið tangi úr landi Neðra-Ness. Að þessu athuguðu og með skírskotun til forsendna hins áfrýjaða dóms, sem eigi hefur verið gagnáfrýjað, ber að staðfesta hann.

Eftir þessum úrslitum ber að dæma áfrýjanda til að greiða stefndu málskostnað fyrir Hæstarétti, Páli Blöndal kr. 2.000,00 og Sigurði Gíslasyni kr. 1.500,00.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður.

Áfrýjandi, Þórdís Halldórsdóttir, greiði málskostnað fyrir Hæstarétti, stefnda Páli Blöndal kr. 2.000,00 og stefnda Sigurði Gíslasyni kr. 1.500,00, að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur landamerkjadóms Mýra- og Borgarfjarðarsýslu 18. september 1958.

Mál þetta er höfðað með stefnu, út gefinni 16/6 1955, þingfest sama dag, áreið gerð 9/8 1955 og dæmt 10. s. m.

Var þeim dómi áfrýjað til Hæstaréttar, og með dómi hans 18/6 1956 var hinn áfrýjaði dómur ómerktur og málinu vísað heim í hérað. Taldi Hæstiréttur, að dómur um eignarrétt yfir Kríueyri skipti Sigurð Gíslason, eiganda Hamraenda, máli, og bæri því að veita honum færi á að gerast aðili að málinu. Hafði Sigurður Gíslason í vitnamáli fyrir bæjarþingi Reykjavíkur 14/6 1956 — eða alllöngu eftir, að málið var dæmt í héraði, lýst yfir því, að hann teldi sig eiga land undir Þverá á móts við Kríueyri, svo sem farvegur Þverár var, áður en landbrot hófst af landspildu hans, svonefndri Brennu, er liggur gegnt Kríueyri.

Málið var að nýju tekið fyrir í landamerkjadóminum 14/9 1956, og gerðist Sigurður Gíslason þá aðili þess. Hinn 11/8 1958 var áreið gerð að nýju og málið síðan tekið til dóms 16. þ. m.

I. Landamerki milli Stafholtseyjar og Neðra-Ness.

Eigandi Stafholtseyjar hefur gert þær dómkröfur, að svonefnd Kríueyri og aðrar eyrar í Hvítá, sem liggja út af svonefndu Eyjarfaxi, verði með dómi réttarins taldar tilheyra jörðinni Stafholtsey og að landamerki Stafholtseyjar og Neðra-Ness verði ákveðin eftir rauðri línu, sem dregin er á uppdrátt af hinu umdeilda landssvæði, en lagður er fram sem dómskjal nr. 43 í málinu, og dregin er frá punkti 16 um punkta 15, 14, 13, 12 og að punkti 11. Jafnframt krefst hann, að sér verði dæmdur málskostnaður úr hendi eiganda Neðra-Ness og Hamraenda in solidum.

Eigandi Neðra-Ness hefur gert þær dómkröfur, að landamerki Neðra-Ness annars vegar og Stafholtseyjar og Hamraenda hins vegar verði ákveðin eftir línu, sem dregin er með bláum lit á uppdrættinum á dómskjali 43 frá punkti 1 um 2, 3, 7, 8, 9, 10, 11, 17 og að 18. Einnig hefur hún krafizt, að sér verði

dæmdur málskostnaður úr hendi eigenda Stafholtseyjar og Hamraenda in solidum.

Til rökstuðnings kröfum sínum hefur eigandi Stafholtseyjar lagt fram landamerkjabréf þeirrar jarðar, dags. 31/5 1890 og þinglesið sama dag, þar sem segir, að Hvítá ráði merkjum milli Stafholtseyjar og Neðra-Ness, með þessari viðbót: „Það er að segja meginám, bæði fyrir ofan og neðan, þar er Þverá fellur í hana. Eyrar þær, er liggja í ánni út af svonefndu Eyjarfaxi, liggja undir Stafholtsey."

Þá hefur hann lagt fram vottorð manna um og leitt vitni að, að um 1890 hafi sú kvísl Hvítár, er rennur sunnan Kríueyrar, verið örgrunn og lengi þar á eftir verið vatnsminni en hún er nú, — enn fremur, að eggjataka, að vísu lítilfjörleg, hafi átt sér stað af hálfu Stafholtseyjarbónda á Kríueyri um nokkurt árabil.

Loks fullyrðir hann, að frá því nokkru fyrir 1940 hafi hann leigt laxveiði fyrir Kríueyri veiðifélagi því, er hafi Þverá á leigu, og fengið árlega greiðslu fyrir þau afnot.

Að lokum bendir hann á, að á herforingjaráðskorti frá 1910 sé sýslu- og hreppamarkalína sýnd um norðurkvísl Hvítár hjá Kríueyri.

Eigandi Neðra-Ness hefur lagt fram til rökstuðnings kröfum sínum landamerkjabréf fyrir Neðra-Nesslandi, dags. í maí 1890 og þinglesið 1892, og annað, dags. 8/12 1922, þinglesið 26/6 1923, og segir í báðum þessum landamerkjabréfum, að Hvítá ráði merkjum milli Neðra-Ness og Stafholtseyjar.

Þá hefur hún leitt vitni um, að um alllangan tíma hafi fé frá Neðra-Nesi runnið á Kríueyri, en eigi fé frá Stafholtsey.

Enn fremur hefur hún lagt fram vottorð frá þeim Ásbirni Guðmundssyni, Þorsteini Kristjánssyni og Guðmundi Einarssyni frá Miðdal og leitt þá Ásbjörn, Þorstein og Friðrik Þórðarson sem vitni þar um, að þeir hafi á árabilinu 1930—40 stundað stangaveiði fyrir Kríueyri samkvæmt leyfi Þorbjarnar bónda Sigurðssonar í Neðra-Nesi.

Loks hefur hún lagt fram leigusamning, dags. í jan. 1939, þar sem Þorbjörn Sigurðsson leigir þeim Ólafi Þorsteinssyni, Kristni Hallgrímssyni, Þorsteini Kristjánssyni og Guðjóni Jónssyni laxveiðirétt í Hvítá fyrir landi Neðra-Ness frá 1939 til 1943, og annan leigusamning, dags. 29/4 1952, þar sem hún leigir Ásgeiri Ásgeirssyni veiði fyrir Neðra-Nesslandi í Hvítá móti Brennuveiðum í fimm ár.

Við framhaldsflutning málsins hefur loks af hennar hálfu

verið lagt fram afrit af lögfestu Sigurðar Jónssonar fyrir Neðra-Nesi frá 10/1 1746 á dómskjali 27, er hún telur styðja dómkröfur sínar.

Landamerkjadómurinn telur — eftir að hafa athugað uppdrættina á dómskjölum 9 til 43, gert áreiðar á þrætustaðinn og heyrt framburð vitna, að augljóst sé, að miklar breytingar hafi orðið á rennsli Hvítár í námunda við Kríueyri frá 1890 til þessa tíma. Hann telur sannað, að um 1890 hafi aðalvatnsstraumur Hvítár fallið með Nesfaxi ofan Kríueyrar og síðan sameinazt Þverá og runnið norðan hennar. Samtímis hefur kvísl sú, er rann sunnan Kríueyrar, verið fremur grunn. Kemur þetta glögglega í ljós í landamerkjabréfi Stafholtseyjar, dómskj. 3, þar sem segir, að Þverá falli í meginána. Á næstu áratugum hefur þetta breytzt þannig, að vatn það, er fellur sunnan Kríueyrar, fer vaxandi, og um 1920 er svo komið, að áhöld eru orðin um, hvort meira vatn rennur norðan hennar eða sunnan. Eftir þann tíma hefur syðri kvíslin farið sífellt vaxandi og er nú orðin miklu vatnsmeiri en norðurkvíslin. Eyrar þær, sem þarna eru, hafa og breytzt allmikið á þessu tímabili. Má gera ráð fyrir, að Faxeyrin hafi lengzt til vesturs og einnig eyrin fram af Stóru-Fit. Jafnframt mun Kríueyrin hafa breikkað að ofanverðu, en eyrin, sem mun hafa verið rétt undir Eyjarfaxinu, horfið.

Landamerkjabréfin, dómskjöl 3 og 6, eru bæði gerð í maímánuði 1890. Eru þau samhljóða um það atriði, að Hvítá ráði merkjum milli Stafholtseyjar og Neðra-Ness, en landamerkjabréf Stafholtseyjar skilgreinir það nánar með því að segja, að megináin, er Þverá fellur í, ráði merkjum, og bætir því við, að eyrar út af Eyjarfaxi liggi undir Stafholtsey. Í landamerkjabréfi Neðra-Ness frá 1922 eru ákvæði úr landamerkjabréfi þeirrar jarðar frá 1890 tekin upp orðrétt, að því er varðar landamerki gagnvart Stafholtsey. Er viðurkennt af umboðsmanni eiganda Neðra-Ness, að bréfið muni hafa verið ritað upp vegna breyttra landamerkja gagnvart Kaðalstöðum. Virðist eigandi Stafholtseyjar hafa undirritað það án athugasemda, þar sem það er orðrétt ritað eftir fyrra bréfi, en eigi athugað, að landamerkjabréf Stafholtseyjar frá 1890 var fyllra eða hvaða breytingar kynnu að hafa orðið á rennsli árinnar frá 1890.

Um not aðilja á þrætulandinu er það að segja, að þau virðast um langan tíma hafa verið næsta lítil. Það er vitað, að Stafholtseyjarmenn hafa nokkuð sótt egg á Kríueyri, en aldrei í þeim mæli, að til atvinnu geti talizt. Hins vegar hefur í seinni tíð fé

frá Neðra-Nesi runnið á Kríueyri, en eigi virðast þau not geta talizt sönnun fyrir eignarrétti.

Hins vegar er það upplýst, að eigandi Neðra-Ness leigði laxveiði í Hvítá fyrir landi jarðar sinnar árið 1937, árin 1939 til 1943 og árin 1952 og síðan fyrir nokkurt gjald. Jafnframt er það upplýst, að leigjendur að veiði þessari stunduðu að einhverju leyti stangaveiði frá Kríueyri og byggðu rétt sinn til þeirrar veiði á samningi sínum við eiganda Neðra-Ness. Er ekki vitað, að eigandi Stafholtseyjar hafi mótmælt þessum veiðum. Hins vegar fullyrðir hann, og er eigi mótmælt af gagnaðilja, að hann hafi þegar fyrir árið 1940 leigt laxveiðirétt sinn fyrir Kríueyri félagi því, er hafði Þverá á leigu, fyrir árlega greiðslu. Því til sönnunar hefur hann lagt fram kvittun fyrir leigunni árin 1953 og 1954. Virðast þannig báðir aðiljar hafa talið sig eiga Kríueyri og tekið gjald fyrir afnot hennar um árabil.

Landamerkjadómurinn telur, að er landamerkjabréfin á dómskj. 3 og 6 voru gerð, hafi aðalvatnsmagn Hvítár fallið norðan Kríueyrar. Beri því að líta svo á, að Kríueyri hafi á þeim tíma tilheyrt Stafholtsey, samanber tilfærð ummæli í landamerkjabréfi þeirrar jarðar. Til stuðnings því má geta þess, að á herforingjaráðskortinu frá 1910, dómskjali 22, virðist aðalvatnsmagn árinnar þá enn þá liggja í norðurkvíslinni, enda er merkjalína, er dregin er eftir Hvítá, lögð í þeirri kvísl. Virðist landamerkjabréf Neðra-Ness frá 1922 eigi geta hnekkt þessari niðurstöðu, því að það virðist undirritað út frá þeirri forsendu, að engar breytingar eigi með því að gera á landamerkjunum frá 1890, enda ósannað, að norðurkvíslin á þeim tíma hafi verið orðin meiri en syðri kvíslin. Þá ber og hér að hafa í huga ákvæði 2. málsgr. 3. gr. vatnalaga, nr. 15 frá 1923.

Eigi telur landamerkjadómurinn, að lögfestan á dómskjali 27 styðji kröfur eiganda Neðra-Ness, því að sennilegt er, að á þeim tíma, er hún er rituð, hafi meginvatnsmagn Hvítár runnið með Nesfaxi og norðan Kríueyrar.

Þá telur landamerkjadómurinn, að afnot þau, er eigandi Neðra-Ness hefur haft af veiði fyrir Kríueyri á undanförnum árum, geti eigi helgað henni eignarrétt að eyrinni, enda koma þar á móti sams konar afnot eiganda Stafholtseyjar af eyrinni.

Loks hefur eigandi Neðra-Ness haldið því fram, að allar þær eyrar, sem eru þarna á mótum Þverár og Hvítár, væru myndaðar af framburði ánna og breyttust ár frá ári og jafnvel hyrfu eitt árið og kæmu upp annað árið á öðrum stað, og bæri því ekki að ákveða

landamerki með tilliti til þeirra. En á þessa skoðun hans getur landamerkjadómurinn ekki fallizt, því að honum virðist ljóst, að Kríueyri hafi staðið með svipuðum ummerkjum frá því fyrir 1890, og er hún nokkuð gróin að ofan, enda þótt sjá megi, að áin fer yfir hana í mjög miklum vöxtum.

Samkvæmt framansögðu verður landamerkjadómurinn að líta svo á, að taka beri til greina dómkröfu eiganda Stafholtseyjar um, að Kríueyri verði talin tilheyra þeirri jörð. Hins vegar getur hann eigi tekið til greina dómkröfu hans um, að eyrar í Hvítá ofan Kríueyrar og út af Eyjarfaxi (Faxeyri og eyri fram af Stóru-Fit) séu eign Stafholtseyjar, enda hefur hann sjálfur skýrt svo frá, að hann telji eigi víst, að Stafholtsey eigi þær eyrar. Þá ber og að líta á það, að líklegt má telja, að verulegur hluti af eyrum þessum hafi myndazt á síðari árum, er vatnsmagn minnkaði í nyrðri kvísl Hvítár, en jókst í syðri kvíslinni.

Landamerkjadómurinn lítur svo á, að eyrar þær, er liggja ofan Kríueyrar, séu lausar fyrir og breytist árlega og einnig lænur þær, er milli þeirra liggja. Telur hann því eigi unnt að ákveða varanleg merki milli jarðanna eftir þeim, eins og þær nú liggja. Ákveður hann því, að landamerki milli Stafholtseyjar og Neðra-Ness á þessu svæði skuli vera bein lína, dregin úr punkti 11 á uppdrættinum dómskjali 43 móts við Brennuodda í punkt a á línu milli punkta 2 og 3 105 metra frá punkti 2. Hefur dómurinn sett punkt a á uppdráttinn og dregið punktalínu milli hans og punkts nr. 11.

Verða þá landamerki milli Stafholtseyjar og Neðra-Ness sem hér segir: Frá punkti 11 á uppdrættinum dómskjali 43 bein lína í punkt a, þaðan í punkt 2 og þaðan í stefnu á punkt 1 móts við landamerki milli Stafholtseyjar og Langholts.

II. Landamerki milli Stafholtseyjar og Hamraenda.

Eigendur Stafholtseyjar og Hamraenda hafa orðið sammála um þá dómkröfu, að merki milli þeirra jarða verði ákveðin eftir rauðri og grænni línu, er dregin hefur verið á uppdráttinn á dómskjali 43 frá punkti 11 um 20, 21, 7, 5 í punkt 4.

Þá hefur eigandi Hamraenda krafizt, að sér verði dæmdur málskostnaður úr hendi eigenda Stafholtseyjar og Neðra-Ness in solidum.

Landamerkjadómurinn lítur svo á, að þar sem því er þegar slegið föstu með dóminum, að Kríueyri tilheyri Stafholtsey, og eigendur Stafholtseyjar og Hamraenda hafa komið sér saman um

landamerkjalínu milli jarðanna, þá sé ekkert því til fyrirstöðu að taka það samkomulag þeirra til greina.

Eigendur Neðra-Ness og Hamraenda hafa dregið inn á uppdráttinn dómskjal 43 sameiginlega línu frá punkti 11 um 17 til 18 og virðast sammála um, að Þverá ráði merkjum milli jarðanna, svo sem segir í landamerkjabréfum þeirra.

Kostnaður við landamerkjadóminn ákveðst þannig:

1.	Kostnaður við uppdrátt	kr. 6.502,00
2.	Bifreiðakostnaður dómenda	— 1.065,00
3.	Dagkaup meðdómenda (5 dagar hvor)	— 2.000,00
	Samtals	kr. 9.567,00

og virðist eftir atvikum rétt að dæma málsaðilja til að greiða þann kostnað í þessum hlutföllum: Eigandi Stafholtseyjar greiði ⅜ hluta, eigandi Neðra-Ness greiði ⅜hluta og eigandi Hamraenda ¼ hluta. Að öðru leyti fellur málskostnaður niður.

Dómsorð:

Landamerki milli Stafholtseyjar í Andakílshreppi í Borgarfjarðarsýslu og Neðra-Ness í Stafholtstungnahreppi í Mýrasýslu skulu vera þannig: Bein lína úr punkti 11 á uppdrætti á dómskjali nr. 43 í máli þessu í punkt a, þaðan í punkt 2 og þaðan í stefnu á punkt 1, þar til kemur á móts við landamerki milli Stafholtseyjar og Langholts við Hvítá.

Landamerki milli Stafholtseyjar og Hamraenda í Stafholtstungnahreppi skulu vera þannig: Lína frá punkti 11 á uppdrætti á dómskjali nr. 43 í máli þessu um punkta 20, 21, 7, 5 og í punkt 4.

Kostnaður við landamerkjadóminn, samtals að upphæð kr. 9.567,00 — níu þúsund fimm hundruð sextíu og sjö krónur — greiðist þannig, að Páll J. Blöndal, Stafholtsey, greiðir ⅜ — þrjá áttundu — hluta hans, Þórdís Halldórsdóttir, Neðra-Nesi, ⅜ — þrjá áttundu — hluta hans og Sigurður Gíslason, Hamraendum, ¼ — einn fjórða — hluta.

Að öðru leyti fellur málskostnaður niður.

Dóminum ber að fullnægja innan 14 daga frá birtingu að viðlagðri aðför að lögum.

Föstudaginn 29. maí 1959.

Nr. 82/1959. **Ingveldur Þorsteinsdóttir**
gegn
Þorvarði Jónssyni.

Dóminn skipuðu hinir reglulegu dómarar Hæstaréttar.

Kærumál. Frestur.

Dómur Hæstaréttar.

Með héraðsstefnu 13. marz 1959 höfðaði Þorvarður Jónsson bílaviðgerðarmaður, Sólvangi í Hafnahreppi, mál á bæjarþingi Hafnarfjarðar gegn Ingveldi Þorsteinsdóttur, Stóru-Vallá í Kjalarnesshreppi, „til að fá hana dæmda til að afhenda“ honum „foreldravald og umráð yfir barninu Þorbjörgu Stefaníu“, er verið hefur í fóstri Ingveldar, en telpan, sem fædd er 14. janúar 1952, er dóttir Þorvarðs og eiginkonu hans, Láru Grímsdóttur. Þá var og í stefnu krafizt málskostnaðar.

Af hendi Ingveldar var krafizt sýknu og málskostnaðar.

Er þingað var í málinu hinn 8. þ. m., fór lögmaður Ingveldar „fram á 4 vikna frest til að fá úrskurð barnaverndarnefndar og barnaverndarráðs“ um málsefni. Jafnframt lagði lögmaðurinn fram endurrit bréfs síns til barnaverndarnefndar Kjalarnesshrepps, dags. 7. f. m., þar sem hann m. a. beiðist úrskurðar nefndarinnar um, „hvort taka beri barnið af Ingveldi með tilliti til barnsins sjálfs“ og hvort nefndin telji „andlegri og líkamlegri velferð barnsins hættu búna við að taka það nú af Ingveldi“. Enn fremur lagði lögmaðurinn í greindu þinghaldi fram endurrit af bréfi til barnaverndarráðs, dags. 8. þ. m., þar sem hann lýsir málavöxtum og óskar úrskurðar ráðsins um, „hvort taka beri barnið af Ingveldi eða það verði áfram hjá henni“. Umboðsmaður stefnanda andmælti fresti, og héraðsdómarinn, Kristinn Ólafsson, fulltrúi bæjarfógetans í Hafnarfirði, hratt frestsbeiðninni með úrskurði, er sóknaraðili hefur skotið til Hæstaréttar með kæru 11. þ. m., er barst dóminum 12. s. m.

Sóknaraðili gerir þær dómkröfur, að úrskurður héraðs-

dómara verði úr gildi felldur, að veittur verði frestur í aðalmálinu samkvæmt kröfu hennar fyrir héraðsdómi og að henni verði dæmdur kærumálskostnaður úr hendi varnaraðilja.

Varnaraðili krefst staðfestingar hins kærða úrskurðar og kærumálskostnaðar af sóknaraðilja.

Rétt er að veita sóknaraðilja frest til öflunar gagna þeirra, sem um er að tefla. Verður úrskurður héraðsdóms því úr gildi felldur og varnaraðilja dæmt að greiða sóknaraðilja kærumálskostnað, kr. 600,00.

Dómsorð:

Hinn kærði úrskurður er úr gildi felldur.

Varnaraðili, Þorvarður Jónsson, greiði sóknaraðilja, Ingveldi Þorsteinsdóttur, kærumálskostnað, kr. 600,00, að viðlagðri aðför að lögum.

Úrskurður bæjarþings Hafnarfjarðar 8. maí 1959.

Hjónin Þorvarður Jónsson og Lára Grímsdóttir, Sólvangi í Höfnum, eiga dóttur, Þorbjörgu Stefaníu, sem fædd er 14. janúar 1952.

Hefur telpan verið hjá stefndu, Ingveldi Þorsteinsdóttur, nokkrum sinnum, nú síðast síðan um páskaleytið 1955, og er hún þar enn.

Rétt fyrir síðustu jól hafði kona stefnanda hringt til Ingveldar, sem þá átti heima í Arnarholti í Kjalarnesshreppi, og viljað fá dóttur sína, en hún segir, að Ingveldur hafi ekki talið fallega gert að taka barnið um jólin, og þá hafi hún ekki talið, að það breytti miklu, þó að það drægist fram yfir afmæli telpunnar. Þegar til kom, neitaði stefnda að láta barnið af hendi við foreldrana, og leituðu þau þá til embættisins hér.

Segir kona stefnanda, að reynt hafi verið samkomulag, ef Ingveldur vildi afhenda barnið 14. nóv., og hafi hún virzt geta sætt sig við það, en svo hafi það farið út um þúfur.

Af hálfu stefnanda er krafizt, að stefnda, Ingveldur, skili barninu, enda hafi hún engan rétt til þess og hafi ekkert borið fyrir sig, er hún gæti byggt slíkan rétt á.

Í málinu liggur fyrir álit skólanefndarmanna í Hafnahreppi, dags. 18. jan. sl., um hjónin Þorvarð Jónsson og Láru Grímsdóttur, sem búa í Höfnum, og heimili þeirra.

Af hálfu stefndu er haldið fram, að hún láti ekki barnið af hendi ótilneydd, þar sem hún telur velferð barnsins í veði, ef hún geri það.

Er mál þetta kom fyrir rétt í dag, krafðist umboðsmaður stefndu að fá frest í 4 vikur til að leggja málið fyrir barnaverndarráð, sem hann kvaðst hafa snúið sér til með bréfi, dags. 8. maí sl., þ. e. í dag.

Af hálfu stefnanda var neitað fresti þessum, þar sem verið sé að reyna að draga málið óþarflega á langinn með þessu, og auk þess sé barnaverndarnefnd og barnaverndarráð eigi bær að kveða upp í máli þessu úrskurð, sem dómstólar séu bundnir af.

Eins og mál þetta horfir við hér fyrir réttinum, virðist engin ástæða til að veita meiri frest í máli þessu í því skyni að bera það undir barnaverndarráð, enda verður ekki séð, að úrslit þess þar skipti máli fyrir þessum dómstól, eins og málið liggur fyrir. Auk þess hefur stefnda haft meira en næga fresti til að leggja málið fyrir barnaverndarráð og fá álit þess, en hefur ekki notað þá fresti.

Því ber að neita stefndu um frekari frest í þessu skyni nú.

Því úrskurðast:

Umbeðinn frestur skal eigi veittur.

Föstudaginn 29. maí 1959.

Nr. 178/1958. **V. Árnason & Co. h/f** (Áki Jakobsson hrl.)
gegn
Gotfred Bernhöft,
Lárusi Óskarssyni
og
Gotfred Bernhöft & Co.
(Hörður Ólafsson hdl.)
og gagnsök.

Dómendur:
hæstaréttardómararnir Árni Tryggvason, Jón Ásbjörnsson, Jónatan Hallvarðsson og Þórður Eyjólfsson og Valdimar Stefánsson sakadómari.

Verzlunarskuld.

Dómur Hæstaréttar.

Aðaláfrýjandi, sem hefur skotið máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 25. nóvember 1958, gerir þær dómkröfur, að gagnáfrýjendum verði dæmt að greiða honum kr. 29.950,85 ásamt 6% ársvöxtum frá 23. júní 1955 til greiðsludags og málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti að mati Hæstaréttar. Gagnáfrýjendur hafa áfrýjað málinu af sinni hálfu með stefnu 26. nóvember 1958. Gera þeir *aðallega* þær dómkröfur, að þeir verði algerlega sýknaðir, en *til vara*, að dæmd fjárhæð verði lækkuð. Þeir krefjast *aðallega* málskostnaðar fyrir báðum dómum að mati Hæstaréttar, en *til vara*, að málskostnaður falli niður.

Svo sem segir í héraðsdómi, var í héraði ágreiningslaust með aðiljum, að gagnáfrýjandi Gotfred Bernhöft & Co. hefði keypt hjá aðaláfrýjanda vörur fyrir kr. 267.021,00, en greitt honum í peningum kr. 207.337,95. Enn fremur var ágreiningslaust, að nefndur gagnáfrýjandi ætti rétt til umboðslauna, að fjárhæð kr. 10.215,20. Hér fyrir dómi hafa gagnáfrýjendur vefengt ýmsar þessara talna, en samkvæmt framanskráðu er ekki unnt að taka vefengingar þessar til greina gegn andmælum aðaláfrýjanda, enda virðast þær á engum rökum reistar.

Aðaláfrýjandi viðurkennir, að gagnáfrýjandi Gotfred Bernhöft & Co. hafi skilað aftur vörum, að verðmæti kr. 19.517,00, en neitar, að hann hafi endursent honum aðrar vörur.

Eftir að dómur gekk í héraði, hefur Vigfús Guðbrandsson, sem var starfsmaður aðaláfrýjanda á þeim tíma, er viðskipti þau gerðust, sem mál þetta er risið af, komið fyrir dóm og borið vætti í málinu. Kveðst vitni þetta hafa unnið að því ásamt Sigmundi Júlíussyni, starfsmanni gagnáfrýjanda Gotfreds Bernhöfts & Co. að búa um 6 eða 7 teppi og nokkra gólfdregla, sem aðaláfrýjandi ætlaði að taka við aftur, og kveðst hann hafa séð um flutning á þeim til aðaláfrýjanda. Nam andvirði þessa samkvæmt fram lögðum reikningi kr. 19.517,00, og hefur aðaláfrýjandi fært gagnáfrýjanda Gotfred Bernhöft & Co. þetta til tekna, svo sem getið er í héraðsdómi. Hins vegar neitar vitni þetta því, að vörur samkv. reikningi, að fjárhæð kr. 14.639,00 (reikningur F 122 á héraðsdómsskj. nr. 9), hafi verið endursendar, svo sem gagnáfrýjendur hafa haldið fram. Vitni þetta er hluthafi í firma aðaláfrýjanda.

Þá hefur vitnið Sigmundur Indriði Júlíusson komið að nýju fyrir dóm, en þar er um vitni það að ræða, sem skýrt er frá í héraðsdómi, að unnið hafi að því ásamt starfsmanni frá stefnanda í héraði, þ. e. aðaláfrýjanda hér fyrir dómi, að búa 6 eða 7 teppi til flutnings, er aðaláfrýjandi hafi ætlað að taka aftur. Skýrði vitni þetta nú svo frá, að Vigfús Guðbrandsson hefði verið maður sá, er vann með því að „innpökkun" á teppum og gangadreglum, og kvaðst það ekki vita til þess, að nokkrum öðrum teppum eða dreglum hefði verið skilað til aðaláfrýjanda en það hefur tilgreint í framburði sínum. Er ljóst, að hér er um sömu sendingu að ræða og Vigfús Guðbrandsson viðurkennir í framburði sínum, að tekin hafi verið aftur og reiknuð er á kr. 19.517,00 í viðskiptum aðilja.

Samkvæmt þessu er með öllu ósannað, að gagnáfrýjandi Gotfred Bernhöft & Co. hafi skilað aðaláfrýjanda aftur vörum að verðmæti kr. 14.639,00 auk teppa þeirra og dregla,

sem nú hefur verið rætt um og aðaláfrýjandi hefur kannazt við.

Staðfesta ber úrlausn héraðsdóms um teppi þau, þrjú að tölu, sem gagnáfrýjendur hafa sagt gölluð.

Samkvæmt framanskráðu ber að taka kröfur aðaláfrýjanda í máli þessu til greina að fullu og dæma gagnáfrýjendur til að greiða honum kr. 29.950,85 ásamt vöxtum eins og krafizt er. Svo ber þeim og að greiða aðaláfrýjanda málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti, sem eftir atvikum þykir hæfilega ákveðinn kr. 5.000,00.

Dómsorð:

Gagnáfrýjendur, Gotfred Bernhöft, Lárus Óskarsson og Gotfred Bernhöft & Co., greiði aðaláfrýjanda, V. Árnasyni & Co. h/f, kr. 29.950,85 ásamt 6% ársvöxtum frá 23. júní 1955 til greiðsludags og samtals kr. 5.000,00 í málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti.

Dóminum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur sjó- og verzlunardóms Reykjavíkur 3. október 1958.

Mál þetta, sem dómtekið var 27. f. m., hefur firmað V. Árnason & Co. h/f hér í bæ höfðað fyrir sjó- og verzlunardómi Reykjavíkur með stefnu, út gefinni 23. júní 1955, gegn Gotfred Bernhöft, Skaftahlíð 15, og Lárusi Óskarssyni, Langholtsvegi 200, báðum persónulega og fyrir hönd firmans Gotfreds Bernhöfts & Co., öllum hér í bænum, til greiðslu skuldar, að fjárhæð kr. 46.554,80, auk 6% ársvaxta frá stefnudegi til greiðsludags og málskostnaðar að skaðlausu.

Við munnlegan flutning málsins lækkaði stefnandi kröfu sína niður í kr. 29.950,85, en hélt fast við stefnukröfurnar að öðru leyti.

Stefndu hafa í greinargerð krafizt algerrar sýknu af kröfum stefnanda og hæfilegs málskostnaðar úr hendi hans eftir mati dómsins. Við munnlegan flutning málsins kröfðust þeir til vara, að hin umkrafða fjárhæð yrði lækkuð til verulegra muna.

Það er ágreiningslaust með aðiljum, að stefndu hafi á árinu 1954 keypt teppi og gangadregla hjá stefnanda fyrir kr. 267.021,00. Þá er ágreiningslaust, að stefndu hafa greitt stefnanda í peningum kr. 207.337,95, að þeir eiga rétt til umboðslauna af viðskiptunum, kr. 10.215,20, og hafa skilað stefnanda aftur teppum fyrir kr. 19.517,00. Þegar þessar þrjár fjárhæðir eru dregnar frá andvirði hinna keyptu vara, kemur hin umkrafða skuld, kr. 29.950,85, fram.

Mótmæli sín reisa stefndu í fyrsta lagi á því, að þeir hafi skilað stefnanda 6 teppum fyrir kr. 14.639,00, sbr. reikning auðkenndan F 122 á dskj. nr. 9, umfram teppi þau, sem stefnandi hefur viðurkennt að hafa tekið aftur. Hefur stefndi Gotfred skýrt svo frá fyrir dómi, að hann hafi verið viðstaddur, er teppi þessi voru endursend, og hafi tveir menn frá stefnanda komið og sótt þau. Þá hefur nafngreindur maður, sem var starfsmaður hjá stefndu á þeim tíma, er umrædd viðskipti áttu sér stað, borið það fyrir dómi, að hann hafi vitað, að 6 eða 7 teppum að meðtöldum gangadreglum hafi verið skilað aftur til stefnanda. Kveðst hann hafa unnið að því ásamt starfsmanni frá stefnanda að búa um vörur þessar til flutnings, og hafi maður þessi sagt, að taka ætti vörurnar aftur. Að vísu kveðst hann ekki hafa verið viðstaddur, er vörurnar voru teknar, en hann hafi veitt því athygli, að þær hafi horfið úr herberginu, sem um þær hafi verið búið í.

Vitnið Steingrímur Þórisson, sem var starfsmaður hjá stefnanda um það leyti, er hér skiptir máli, segist fyrir dómi ekki minnast þess, að stefndu hafi skilað aftur umræddum teppum eða öðrum teppum en þeim, sem stefnandi viðurkennir að hafa tekið aftur, en vitni þetta, sem mun að verulegu leyti hafa af hálfu stefnanda annazt viðskipti þau, er fjallað er um í málinu, fullyrðir ekki, að svo hafi ekki getað verið. Það þykir því mega leggja skýrslu stefnda Gotfreds og fyrrverandi starfsmanns stefndu hér fyrir dómi til grundvallar um umrætt ágreiningsatriði, og verður þá talið nægilega í ljós leitt, að stefndu hafi skilað stefnanda aftur umræddum 6 teppum. Kemur andvirði þeirra, kr. 14.639,00, því til frádráttar hinni umkröfðu fjárhæð.

Í öðru lagi reisa stefndu mótmæli sín á því, að koma eigi til frádráttar kröfu stefnanda andvirði þriggja gallaðra teppa, kr. 7.737,00, sem liggi reiðubúin til afhendingar í vörugeymslu þeirra. Hefur stefndi Gotfred skýrt svo frá fyrir dómi, að teppi þessi hafi upphaflega verið seld öðrum, en kaupendurnir hafi skilað

teppunum aftur vegna galla á þeim. Ástæðan til þess, að teppum þessum hafi ekki verið skilað aftur til stefnanda, sé sú, að skrifstofa hans hafi verið lokuð langtímum saman og enginn fundizt til að veita þeim viðtöku. Þá hafi áðurnefndur starfsmaður stefnanda margoft lofað að taka teppin aftur, en vanefnt öll þau loforð.

Í málinu liggur ekkert fyrir nema staðhæfing stefnda Gotfreds um það, hvernig sé ásigkomulag umræddra þriggja teppa. Þá er allsendis ósannað gegn andmælum stefnanda, að nefndur starfsmaður hans hafi lofað að taka teppi þessi aftur. Ekki er heldur í ljós leitt, að stefndu hafi gert nokkra tilraun til að skila teppunum eða beint til stefnanda áskorun um að taka þau.

Að þessu athuguðu þykir eigi unnt að taka umrædda varnarástæðu stefndu til greina.

Úrslit máls þessa verða því samkvæmt framansögðu þau, að stefndu verða dæmdir til að greiða stefnanda kr. 15.311,85 (kr. 29.950,85 ÷ kr. 14.639,00) með vöxtum eins og krafizt er svo og málskostnað, er þykir eftir atvikum hæfilega ákveðinn kr. 1.600,00.

Ísleifur Árnason, fulltrúi borgardómara, kvað upp dóm þenna ásamt meðdómsmönnunum Jóhanni Ólafssyni forstjóra og Árna Árnasyni kaupmanni.

Dómsorð:

Stefndu, Gotfred Bernhöft og Lárus Óskarsson, báðir persónulega og fyrir hönd firmans Gotfreds Bernhöfts & Co., greiði stefnanda, firmanu V. Árnason & Co. h/f, kr. 15.311,85 með 6% ársvöxtum frá 23. júní 1955 til greiðsludags og kr. 1.600,00 í málskostnað innan 15 daga frá lögbirtingu dóms þessa að viðlagðri aðför að lögum.

Föstudaginn 29. maí 1959.

Nr. 84/1959. **Árni Markússon**
gegn
Bæjarútgerð Reykjavíkur.

Útivistardómur.

Dómur Hæstaréttar.

Málssókn þessi fellur niður.

Áfrýjandi, Árni Magnússon, er eigi sækir dómþing í máli þessu, greiði kr. 200,00 útivistargjald til ríkissjóðs, ef hann vill fá málið tekið fyrir af nýju.

Mánudaginn 1. júní 1959.

Nr. 138/1958. **Hilmar Welding** (Haukur Jónsson hdl.)
gegn
Birni Bjarnasyni
og
Sigurði Péturssyni (Páll S. Pálsson hrl.).

Dóminn skipuðu hinir reglulegu dómarar Hæstaréttar.

Krafa um riftun á íbúðarkaupum.

Dómur Hæstaréttar.

Áfrýjandi hefur skotið máli þessu til Hæstaréttar með stefnu, dags. 23. september 1958. Eru kröfur hans þessar:

1. að stefndu verði dæmt að þola riftun á kaupum áfrýjanda á íbúð í húsinu nr. 10 við Hraunbrekku í Hafnarfirði, er fram fóru hinn 16. október 1956,

2. að stefndu verði in solidum dæmt að endurgreiða áfrýjanda kr. 40.000,00 ásamt 6% ársvöxtum frá 16. október 1956 til greiðsludags,

3. að stefnda Birni Bjarnasyni verði dæmt að skila áfrýjanda aftur skuldabréfi, að fjárhæð kr. 38.300,00, út gefnu

af áfrýjanda hinn 16. október 1956, eða jafnvirði þess í peningum auk 7% ársvaxta frá útgáfudegi til greiðsludags,

4. að stefndu verði in solidum dæmt að endurgreiða áfrýjanda kr. 2.886,62, sem hann hafi greitt af skuld stefnda Sigurðar Péturssonar til Sparisjóðs Hafnarfjarðar,

5. að stefndu verði in solidum dæmt að greiða áfrýjanda málskostnað fyrir Hæstarétti eftir mati dómsins.

Stefndu krefjast staðfestingar hins áfrýjaða dóms og málskostnaðar fyrir Hæstarétti úr hendi áfrýjanda eftir mati dómsins.

Með skírskotun til forsendna hins áfrýjaða dóms ber að staðfesta hann.

Það athugast, að um málskostnað í héraði í máli þessu var dæmt í Hæstarétti í kærumáli hinn 24. september 1958. Eftir atvikum þykir rétt, að málskostnaður fyrir Hæstarétti falli niður.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður.

Málskostnaður fyrir Hæstarétti falli niður.

Dómur bæjarþings Hafnarfjarðar 24. júní 1958.

Ár 1958, þriðjudaginn 24. júní, var í bæjarþingi Hafnarfjarðar af fulltrúa bæjarfógeta, Kristni Ólafssyni, ásamt meðdómsmönnum, þeim Sigurgeiri Guðmundssyni byggingafræðingi og Þóroddi Hreinssyni byggingameistara, upp kveðinn dómur í framangreindu máli, sem dómtekið var 18. þ. m.

Mál þetta er höfðað fyrir bæjarþinginu með stefnu, út gefinni 4. apríl 1957 af Hilmari Welding, þá til heimilis Hraunbrekku 10 hér, gegn þeim Birni Bjarnasyni, Norðurbraut 27 B og Sigurði Péturssyni bifreiðarstjóra, Lækjarkinn 20, báðum í Hafnarfirði, in solidum til að fá þá dæmda til að þola riftun á kaupum stefnanda á íbúð í húsinu nr. 10 við Hraunbrekku í Hafnarfirði, er fram fóru hinn 16/10 1956, svo og að fá þá dæmda til að endurgreiða andvirði hins selda í peningum, kr. 40.000,00, til að skila aftur skuldabréfi, er stefnandi gaf út til greiðslu á hluta af andvirði íbúðarinnar, kr. 38.300,00, og til að leysa stefnanda undan þeirri skyldu að borga áhvílandi skuldir á íbúðinni, en þær

voru við afsalsgerð kr. 11.700,00. Þá er krafizt vaxta 7% p. a. af kr. 40.000,00 frá 16/10 1956 til greiðsludags og málskostnaðar að skaðlausu.

Af hálfu stefndu er krafizt sýknu og málskostnaðar úr hendi stefnanda.

Málavextir eru þessir:

Í októbermánuði 1956 keypti stefnandi, Hilmar Welding, íbúð í neðri hæð (kjallara) hússins nr. 10 við Hraunbrekku hér á kr. 90.000,00 samkv. tilboði, sem hann hafði gert fáum dögum fyrr. Greiddi hann 40 þús. kr. í peningum, gaf út skuldabréf, kr. 38.300,00, og tók að sér að greiða áhvílandi skuld, kr. 11.700,00.

Telur stefnandi, að húsið hafi þá litið vel út, er hann fluttist inn í það, nýir dúkar verið á gólfum og raki ekki sjáanlegur, enda hefði þurrkatíð þá verið búin að ganga lengi. Hins vegar hafi fljótt komið í ljós, að íbúðin hafi verið stórgölluð, því að gólf og veggir hafi lekið og allt runnið út í slaga. Hafi svo mikil brögð verið að þessu, að íbúðin hafi ekki reynzt forsvaranlegur mannabústaður. Stefnandi hefur látið meta galla íbúðarinnar, og niðurstaða þessa mats varð sú, að til þess að gera íbúðina nothæfa þurfi að kosta upp á hana kringum 20.000,00 kr. eða meira en fimmta hluta kaupverðs. Stefnandi telur svo verulega galla á íbúðinni, að hann krefst riftunar á kaupum þessum.

Raunverulegur eigandi að umræddri íbúð var stefndi Björn Bjarnason, en skráður eigandi Sigurður Pétursson, sem gaf því út afsal fyrir henni til handa stefnanda.

Af hálfu stefndu er haldið fram, að stefnandi hafi skoðað íbúðina utan og innan, áður en hann gerði kaupin, og sætt sig við ástand hennar að öllu leyti, þó að hann vissi, að einangrun í veggjum og gólfi væri áfátt. Jafnframt er því alveg neitað, að íbúðin hafi lekið, en hitt hafi stefnanda verið fullkunnugt, að raki hafi verið áður í íbúðinni, enda hafi það ekki leynt sér. Stefnanda hafi því við kaupin verið kunnugt um þá galla, sem voru á íbúðinni, og engu leyndur í því efni.

Af gögnum, sem fram hafa verið lögð í málinu, svo og af framburðum vitna virðist ljóst, að í íbúðinni hafi verið mikill raki og bleyta, eftir að stefnandi fór að búa þar. Eitthvað virðist og hafa borið á leka, sennilega gegnum sprungur í veggjum, en hins vegar ekki fundizt lekastaðir í gólfi.

Þegar stefnandi keypti íbúðina, var honum kunnugt, að einangrun hennar væri áfátt og að húsið væri byggt úr holsteini, enda virðist verð íbúðarinnar hafa verið sett lægra vegna þess.

Í fram lagðri matsgerð er á það bent, að einangrun vanti í gólf, því að steypa þar, sem annars er fullnægjandi að þykkt, væri steypt beint á hraunið, án þess að sérstök einangrun væri gerð þar á milli. Í þessu sambandi vill dómurinn sérstaklega benda á, að slíkur frágangur á neðsta gólfi hefur tíðkazt hér í bæ í íbúðarhúsum til skamms tíma, þegar byggt var á hrauni, og er talið, að slíkt hafi ekki komið að sök.

Dómurinn telur, að gallar þeir, sem komið hafa fram í umræddri íbúð, séu ekki óeðlilega miklir, þegar það er haft í huga, að einangrun er mjög ófullkomin, húsið byggt úr holsteini og gólf steypt beint á hraun, að því viðbættu, að nauðsynlegt viðhald hefur verið vanrækt, einkum utan húss.

Telur dómurinn, að með góðri einangrun á veggi og gólf og betra viðhaldi utan húss og ef til vill lítils háttar endurbótum megi búast við, að gallar þeir, sem eru á íbúðinni vegna raka og bleytu, hverfi, a. m. k. að verulegu leyti.

Með vísun til þessa og með hliðsjón af því, að stefnanda var kunnugt um hina ófullkomnu einangrun, telur dómurinn, að eigi séu fyrir hendi fullnægjandi ástæður til riftunar á kaupum, og verður krafa stefnanda því ekki tekin til greina.

Eftir atvikum þykir rétt, að málskostnaður falli niður.

Því dæmist rétt vera:

Stefndu, Björn Bjarnason og Sigurður Pétursson, skulu sýknir vera af kröfum stefnanda, Hilmars Weldings, í málinu.

Málskostnaður fellur niður.

Fimmtudaginn 4. júní 1959.

Nr. 68/1959. **Guðmundur Ásbjörnsson**
gegn
fjármálaráðherra f. h. ríkissjóðs.

Dómendur:
hæstaréttardómararnir Árni Tryggvason, Gizur Bergsteinsson, Jónatan Hallvarðsson og Þórður Eyjólfsson og prófessor Ármann Snævarr.

Kærumál. Frávísunardómur staðfestur.

Dómur Hæstaréttar.

Sóknaraðili hefur skotið máli þessu til Hæstaréttar með kæru 14. apríl þ. á. Kærumálið hefur verið flutt munnlega fyrir dóminum, sbr. 3. mgr. 199. gr. laga nr. 85/1936.

Sóknaraðili krefst þess, að hinn kærði dómur verði úr gildi felldur og að varnaraðilja verði dæmt að greiða kærumálskostnað að mati Hæstaréttar.

Varnaraðili krefst staðfestingar hins kærða dóms og kærumálskostnaðar úr hendi sóknaraðilja samkvæmt mati Hæstaréttar.

Ekkert er vitað um verðmæti húss þess, er í málinu greinir, eftir að bannað var að nota það til sundmarðaeldis. Ber því að staðfesta niðurstöðu héraðsdómara um frávísun á kröfulið þeim, er getur í hinum kærða dómi.

Eftir þessum úrslitum verður sóknaraðilja dæmt að greiða varnaraðilja kærumálskostnað, er ákveðst kr. 1.500,00.

Dómsorð:

Hinn kærði dómur á að vera óraskaður.

Sóknaraðili, Guðmundur Ásbjörnsson, greiði varnaraðilja, fjármálaráðherra f. h. ríkissjóðs, kr. 1.500,00 í kærumálskostnað að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur bæjarþings Reykjavíkur 9. apríl 1959.

Mál þetta, sem dómtekið var 19. f. m., hefur Guðmundur Ásbjörnsson, Hlíðarvegi 13 í Kópavogi, höfðað fyrir bæjarþinginu

með utanréttarstefnu, birtri 27. apríl 1956, gegn fjármálaráðherra f. h. ríkissjóðs til greiðslu skaðabóta, að fjárhæð kr. 249.460,00, ásamt 6% ársvöxtum frá 31. desember 1952 til greiðsludags og málskostnaðar að skaðlausu.

Stefndi hefur krafizt sýknu af dómkröfum stefnanda og málskostnaðar úr hans hendi eftir mati dómarans.

Málavextir eru þeir, að árið 1948 reisti stefnandi sundmarðabú á lóð sinni, nr. 13 við Hlíðarveg í Kópavogi. Sundmarðabú þetta var reist eftir uppdrætti, árituðum af loðdýraræktarráðunaut 15. október 1947 og eftir hans fyrirsögn. Með lögum nr. 11/1951 var sundmarðaeldi bannað, en stefnandi hélt þó áfram eldi fram á árið 1956 samkvæmt heimild í lögunum.

Stefnandi byggir kröfu sína í málinu á því, að hér hafi verið um eignarnám að ræða af hálfu ríkisvaldsins, og beri stefnda að bæta tjón það allt, sem stefnandi hafi orðið fyrir af þeim sökum. Er krafa hans í málinu miðuð við verðmæti sundmarðabúsins, eins og það var metið af tveim dómkvöddum mönnum hinn 24. október 1955, húsið á kr. 230.000,00 og búr og tæki á kr. 19.460,00. Krefst stefnandi greiðslu fjárhæða þessara úr hendi stefnda gegn afhendingu hinna metnu verðmæta.

Stefndi styður sýknukröfu sína þeim rökum, að bann við eldi sundmarða sé ekki eignarnám. Alþingi hafi með lagasetningu sinni lagt niður ákveðna atvinnugrein, og hafi því verið það heimilt án bótaskyldu ríkisvaldsins gagnvart þeim, sem með því yrðu að leggja niður atvinnu þá, er bannið tók til.

Með setningu laganna um bann gegn eldi sundmarða er atvinnufrelsi skert. Verður að telja löggjafarvaldinu það heimilt þrátt fyrir ákvæði 69. gr. stjórnarskrárinnar, enda virðist það sjálft eiga fullnaðarmat á því, að skilyrði greinarinnar um það, að almenningsheill krefji, sé fullnægt. Þótt menn séu þannig sviptir möguleika til að stunda þá atvinnu, sem þeir hafa lagt fyrir sig, þá er þeim frjálst að hagnýta þau verðmæti eða eignir, sem í tengslum hafa verið við atvinnuna. Verður því ekki talið, að ríkisvaldinu sé skylt að leysa til sín eignir þessar og greiða fullt verð fyrir. Af þessum ástæðum þykir eigi unnt að telja framangreinda löggjöf eignarnám, og verður því bótakrafa stefnanda ekki á þeim rökum byggð.

Hins vegar kann að vera, að stefnandi eigi rétt á bótum úr hendi stefnda vegna margnefndrar lagasetningar fyrir þau verðmæti eða eignir, sem beinlínis hafa farið forgörðum eða á annan hátt rýrnað að verðmæti við það, að þau verða ekki hagnýtt á þann

hátt, sem efni stóðu til. Stefndi hefur lýst yfir því, að hann sé fús til að greiða stefnanda bætur fyrir hið beina tjón hans af setningu laganna. Þessi yfirlýsing hans kom fram við munnlegan flutning máls þessa hinn 29. janúar 1957. Með bréfi á dskj. 14 er yfirlýsing þessi ítrekuð og þá jafnframt fallizt á að leggja framangreinda matsfjárhæð um búr og tæki til grundvallar bótum, að því er til þeirra verðmæta tekur. Hins vegar taldi stefndi ekki hafa verið sýnt fram á það, að hús það, sem um getur í matsgerðinni, hafi rýrnað í verði, og hefur því ekki léð máls á að greiða bætur vegna þess. Að fram kominni þessari yfirlýsingu var málið endurupptekið af hálfu aðilja með tilliti til hennar. Ekkert fór þó fram af þeirra hálfu í þá átt að sannreyna, hvort húsið hefði rýrnað að verðmæti af framangreindum sökum, og var málið lagt til dóms öðru sinni án nokkurra upplýsinga að því leyti. Dómarinn hefur farið á vettvang og skoðað margnefnt hús. Af þeirri skoðun má ætla, að húsið hafi að einhverju leyti rýrnað að verðmæti við það, að það verður ekki hagnýtt á þann hátt, sem ætlað var við byggingu þess, eða vegna breytinga, sem á því kynni að verða þörf til annarrar hagnýtingar.

Af þessu, sem nú hefur verið rakið, þykir ljóst, að mjög skortir á, að ákvæða laga nr. 85/1936 um skýran málatilbúnað, rækilega gagnasöfnun og fullnægjandi reifun máls hafi verið gætt við rekstur málsins, að því er varðar kröfu stefnanda um bætur fyrir oftnefnda húseign. Þykir af þeim sökum bera að vísa þeim kröfulið hans frá dómi ex officio.

Afstaða til málskostnaðar í þessum hluta málsins verður tekin við efnisdóm í málinu.

Emil Ágústsson, fulltrúi borgardómara, kvað upp dóm þenna.

Dómsorð:

Framangreindum lið í kröfugerð stefnanda vísast sjálfkrafa frá dómi.

Föstudaginn 5. júní 1959.

Nr. 1/1959. **Dánarbú Guðmundar P. Kolka**
(Páll S. Pálsson hrl.)
gegn
Júlíusi Halldórssyni (Ágúst Fjeldsted hrl.)
og gagnsök.

Dómendur:
hæstaréttardómararnir Árni Tryggvason, Gizur Bergsteinsson, Jónatan Hallvarðsson og Þórður Eyjólfsson og prófessor Ármann Snævarr.

Endurgreiðslukrafa. Ráðstöfun innflutnings- og gjaldeyrisleyfis. Sératkvæði.

Dómur Hæstaréttar.

Aðaláfrýjandi hefur skotið máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 2. janúar 1959 og krafizt þess, að honum verði dæmd sýkna af kröfum gagnáfrýjanda og gagnáfrýjanda verði dæmt að greiða málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti eftir mati dómsins.

Gagnáfrýjandi hefur skotið málinu til Hæstaréttar með stefnu 15. janúar 1959 og krafizt þess, að aðaláfrýjanda verði dæmt að greiða honum kr. 56.000,00 ásamt 6% ársvöxtum frá 5. október 1955 til greiðsludags svo og málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti eftir mati dómsins.

Guðmundur heitinn Kolka keypti á sínum tíma gamla togara hér á landi og seldi þá erlendis til niðurrifs. Taldi hann tap á þessari verzlun nema kr. 240.000,00. Innflutningsskrifstofan veitti honum heimild til að kaupa fiskibáta erlendis fyrir þann gjaldeyri, að því er virðist £ 36.000-0-0, sem fékkst fyrir brotajárnið, sbr. bréf Innflutningsskrifstofunnar 18. janúar 1955. Gagnáfrýjandi, sem hafði hug á að kaupa fiskibát, frétti þetta og sneri sér til Guðmundar Kolka með tilmælum um fyrirgreiðslu. Með bréfi 23. apríl 1955 skuldbatt Guðmundur Kolka sig til að láta gagnáfrýjanda „fá til eigin ráðstöfunar eitt af fjórum innflutnings- og gjaldeyrisleyfum fyrir fiskibátum“, sem Guðmundi Kolka höfðu verið veitt 18. janúar 1955. Í bréfinu sagði Guðmundur Kolka

enn fremur, að gjaldeyririnn kæmi af andvirði gamalla togara, sem seldir hefðu verið úr landi, og að hann hefði sótt um lán úr Fiskveiðasjóði Íslands, að meðaltali kr. 350.000,00 á hvern bát, er keyptur yrði. Sama dag, 23. apríl 1955, gerði gagnáfrýjandi annars vegar og Guðmundur Kolka og Magnús Magnússon, sem hafði átt einn hinna gömlu togara, hins vegar samning, þar sem þeir Guðmundur Kolka og Magnús skuldbundu sig til „að halda óráðstöfuðum gjaldeyri í dönskum krónum, jafnvirði £ 9.000 — níu þúsund punda sterling — til kaupa á fiskibát samkvæmt yfirlýsingu Guðmundar P. Kolka til Júlíusar Halldórssonar, og verði gjaldeyririnn til ráðstöfunar í síðasta lagi 1. september nk.“ Gagnáfrýjandi skuldbatt sig í samningnum til að hafa samráð við þá Guðmund Kolka og Magnús Magnússon um bátskaupin, enda skyldu þeir aðstoða persónulega við þau. Í aðiljaskýrslu sinni fullyrti Guðmundur Kolka, að hann hefði gert gagnáfrýjanda tilboð um að láta honum í té innflutningsleyfi fyrir fiskibát og gjaldeyrisleyfi, að fjárhæð £ 9.000-0-0, útvega honum lán úr Fiskveiðasjóði og aðstoða hann við bátskaupin gegn því, að gagnáfrýjandi tæki á sig að greiða einn fjórða af tapi því, sem orðið hafi á sölu brotajárnsins, þ. e. kr. 60.000,00, og greiddi sér, Guðmundi Kolka, auk þess kr. 8.226,00 fyrir kostnað og umstang við bátskaupin. Hafi gagnáfrýjandi gengið að þessu og samþykkt víxil til sín, Guðmundar Kolka, fyrir þessum fjárhæðum, kr. 68.226,00. Magnús Magnússon, sem viðstaddur var, hefur lýst því, að skýrsla Guðmundar Kolka væri rétt um þetta. Gagnáfrýjandi hefur í aðiljaskýrslu hins vegar skýrt svo frá, að Guðmundur Kolka hafi krafizt kr. 60.000,00, sem skyldu vera eins konar tryggingarfé upp í kaupverð báts þess, er gagnáfrýjandi hafði í hyggju að kaupa. Jóhannes Kristján Magnússon skrifstofumaður, eiginmaður systur gagnáfrýjanda, sem var auk Magnúsar Magnússonar viðstaddur viðræður þeirra Guðmundar Kolka og gagnáfrýjanda, hefur tekið undir skýrslu gagnáfrýjanda. Eru vætti þeirra Magnúsar og Jóhannesar því andstæð hvort öðru.

Hinn 10. maí 1955 símsendi gagnáfrýjandi Guðmundi

Kolka um Útibú Landsbankans á Akureyri kr. 54.000,00 og hinn 14. s. m. kr. 14.226,00.

Í júnímánuði 1955 fór gagnáfrýjandi til Danmerkur og skoðaði fiskibáta ásamt Kristni Einarssyni skipafræðingi, sem Guðmundur Kolka hafði fengið til að vera gagnáfrýjanda til aðstoðar og ráðuneytis. Lyktir urðu þær, að gagnáfrýjandi gerði samning við aðilja í Danmörku um kaup á fiskibát fyrir d. kr. 165.000,00, og var bráðabirgðasamningur (slutseddel) um kaupin gerður 12. september 1955. Er ágreiningslaust, að gagnáfrýjandi hagnýtti sér við kaupin innflutnings- og gjaldeyrisleyfi, sem Guðmundur Kolka hafði látið í té. Virðast yfirvöld hafa samþykkt þetta.

Gagnáfrýjandi gerði í sjálfs sín nafni samninginn við hinn danska seljanda og stóð honum skil á andvirði fiskibátsins. Tók gagnáfrýjandi nú að endurkrefja Guðmund Kolka um kr. 60.000,00 af fé því, sem gagnáfrýjandi hafði sent honum. Síðar lækkaði gagnáfrýjandi endurkröfuna um kr. 4.000,00, þar sem Guðmundur Kolka hafði innt af hendi kr. 4.000,00 fyrir gagnáfrýjanda til lúkningar á leyfisgjöldum.

Í raun og veru er deilt um það í máli þessu, hvort téðar kr. 60.000,00 hafi verið fyrirframgreiðsla upp í kaupverð báts þess, sem gagnáfrýjandi hugðist kaupa í Danmörku, eða sérstök greiðsla fyrir þá aðstöðu, sem Guðmundur Kolka ásamt Magnúsi Magnússyni veitti gagnáfrýjanda til bátskaupanna. Þá er gangur og vöxtur máls þessa er athugaður og haft í huga horf gjaldeyrismála hér á landi, eru talsverðar líkur fyrir því, að Guðmundur Kolka hafi haft útispjót til þess að hafa meira upp úr aðstöðu sinni til bátskaupa í Danmörku en þær kr. 8.226,00, sem hann tók af gagnáfrýjanda fyrir kostnað og umstang. Það veikir skýrslur gagnáfrýjanda, að hann sendi Guðmundi Kolka nefndar kr. 60.000,00 án nokkurra meðfylgjandi skilmála um, að féð ætti að ganga til bátskaupa. Málavextir eru þannig þeir, að gagnáfrýjandi hefur greitt Guðmundi Kolka áminnzta fjárhæð og eigi leitt gegn ýmsum andlíkum sönnur að þeirri skýrslu sinni, að féð hafi átt að ganga til bátskaupa, enda verður eigi neitt með vissu ráðið af orðum Guðmundar Kolka

í bréfi 20. júlí 1955 um, að hann muni ganga frá greiðslu vegna tryggingar. Eru því eigi efni til að heimila gagnáfrýjanda riftun greiðslunnar, sem innt var af hendi án sýnilegs fyrirvara, og verður endurheimtukrafan eigi til greina tekin.

Samkvæmt framanskráðu ber að sýkna aðaláfrýjanda af kröfum gagnáfrýjanda í málinu, en eftir atvikum er rétt, að málskostnaður í héraði og fyrir Hæstarétti falli niður.

Dómsorð:

Aðaláfrýjandi, dánarbú Guðmundar P. Kolka, á að vera sýkn af kröfum gagnáfrýjanda, Júlíusar Halldórssonar, í máli þessu.

Málskostnaður í héraði og fyrir Hæstarétti fellur niður.

Sératkvæði
hæstaréttardómaranna Jónatans Hallvarðssonar og Þórðar Eyjólfssonar.

Í ársbyrjun 1955 virðist Guðmundur Kolka hafa haft heimild frá Innflutningsskrifstofunni til milligöngu um útvegun á fiskibátum frá útlöndum til hérlendra kaupenda og mátt nota til kaupanna erlendan gjaldeyri, sem Guðmundur hafði aflað með sölu brotajárns til útlanda. Gagnáfrýjandi, sem er búsettur á Akureyri, sneri sér af þessu tilefni til Guðmundar og æskti aðstoðar hans um kaup á fiskibáti frá útlöndum. Varð að samningum með þeim hinn 23. apríl 1955, að Guðmundur skyldi leita fyrir sér um kaup á bát handa gagnáfrýjanda, enda skyldi varið til kaupanna gjaldeyri, sem Guðmundur hafði samkvæmt framansögðu aflað erlendis.

Hinn 10. og 14. maí 1955 símsendi gagnáfrýjandi Guðmundi Kolka samtals kr. 68.226,00. Ekki var þess þá getið, hvernig fé þessu skyldi varið.

Eftir þetta kom Guðmundur gagnáfrýjanda í samband við nafngreindan atvinnurekanda í Svendborg í Danmörku, sem hafði fiskibát til sölu. Fór gagnáfrýjandi þangað til að kynna sér bátinn í júnímánuði 1955, og varð það síðar úr, að hann festi kaup á honum með kaupsamningi, dags. 12. september

1955. Aðiljar eru sammála um, að notaður hafi verið til kaupanna gjaldeyrir sá, sem Guðmundur hafði tekið að sér að útvega gagnáfrýjanda. Þá ritaði og Guðmundur Fiskveiðasjóði Íslands bréf og mæltist til þess, að sjóðurinn veitti gagnáfrýjanda lán til kaupanna.

Í flutningi máls þessa hefur gagnáfrýjandi lýst því, að af fyrrgreindri fjárhæð, kr. 68.226,00, hafi kr. 8.226,00 verið umsamin þóknun til Guðmundar Kolka fyrir aðstoð hans og fyrirgreiðslu við kaupin. Þessu hefur Guðmundur Kolka samsinnt í aðiljaskýrslu, sem fram var lögð í héraði. Hins vegar greinir aðilja á um það, í hvaða skyni 60 þúsund króna greiðslan hafi farið fram. Gagnáfrýjandi hefur fullyrt, að hér hafi verið um að ræða fyrirframgreiðslu upp í væntanlegt kaupverð bátsins, og hafi hún jafnframt átt að vera til tryggingar því, að hann hætti ekki við kaupin á síðustu stundu. Og þar sem hann hafi greitt andvirði bátsins að fullu með öðrum hætti, eigi hann rétt til að fá fjárhæð þessa endurgreidda, þó að frádregnum kr. 4.000,00, sem Guðmundur Kolka hafi lagt fram hans vegna til greiðslu leyfisgjalda. Guðmundur Kolka hélt því hins vegar fram, og hefur dánarbú hans haft þá málsástæðu uppi, að gagnáfrýjandi hafi lofað að taka þátt í tjóni, sem Guðmundur hafi áður orðið fyrir við sölu brotajárns til útlanda. Hafi 60 þúsund króna greiðslan farið fram til efnda á því loforði. Gegn andmælum gagnáfrýjanda hefur aðaláfrýjandi þó engar sönnur né líkur að því fært, að gagnáfrýjandi hafi gefið slíkt loforð. Samningur þeirra Guðmundar og gagnáfrýjanda frá 23. apríl 1955 víkur ekkert að slíku.

Í þeim samningi er ekki heldur minnzt á fyrirframgreiðslu eða tryggingu, en í bréfi Guðmundar Kolka til gagnáfrýjanda, dags. 20. júlí 1955, þar sem rætt er um kaup á bátnum, kveðst hann vera reiðubúinn að „ganga frá greiðslunni vegna tryggingarinnar", og gæti þetta samrýmzt staðhæfingu gagnáfrýjanda um, að nefndar kr. 60.000,00 hafi verið settar að tryggingu, enda verður ekki séð af gögnum málsins, að um aðra tryggingu hafi verið að ræða í skiptum aðilja.

Það er ljóst, að umrædd 60 þúsund króna greiðsla hefur

staðið í sambandi við þau viðskipti Guðmundar Kolka og gagnáfrýjanda, sem að framan eru greind. Ekki verður við það miðað, að fjárhæðin hafi átt að vera þóknun til Guðmundar fyrir aðstoð hans við kaupin til viðbótar við þær kr. 8.226,00, sem aðiljar eru sammála um, að fyrir fram hafi verið um samið. Þá er ekki heldur leitt í ljós, að 60 þúsund króna greiðslan hafi átt að vera endurgjald til Guðmundar fyrir að láta gagnáfrýjanda í té gjaldeyri þann, sem notaður var til kaupanna, enda var Guðmundi óheimilt að lögum að áskilja sér slíkt gjald. Og ekki hefur aðaláfrýjandi bent á, að gagngjald hafi komið fyrir greiðsluna með öðrum hætti. Að svo vöxnu máli og þar sem skýrsla gagnáfrýjanda um tilefni greiðslunnar fær staðizt, eins og viðskiptunum var háttað, ber að staðfesta héraðsdóminn. Eftir atvikum þykir rétt, að málskostnaður fyrir Hæstarétti falli niður.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður.
Málskostnaður fyrir Hæstarétti fellur niður.

Dómur bæjarþings Reykjavíkur 14. nóvember 1958.

Mál þetta, sem var dómtekið í dag, hefur Júlíus Halldórsson, Skipagötu 1, Akureyri, höfðað á bæjarþinginu með stefnu, út gefinni 27. júní 1956, gegn Guðmundi P. Kolka, Sindra við Nesveg hér í bænum, til greiðslu á skuld, að fjárhæð kr. 60.000,00, með 6% ársvöxtum frá 12. september 1955 til greiðsludags og málskostnaðar að skaðlausu. Við dómtöku málsins lækkaði stefnandi kröfu sína í kr. 56.000,00 með vöxtum frá 5. október 1955, en þann dag var stefnda, Guðmundi, ritað kröfubréf.

Stefndi hefur krafizt sýknu og málskostnaðar.

Stefndi andaðist eftir höfðun málsins, og kemur dánarbú hans í stað hans.

Málavextir eru þeir að sögn stefnanda, að stefndi, Guðmundur, hafi haft nokkra milligöngu um kaup á vélbát, er stefnandi keypti í Danmörku á árinu 1955. Kveðst stefnandi hafa greitt stefnda, Guðmundi, kr. 60.000,00 sem eins konar tryggingarfé upp í kaupverð bátsins, en hafa hins vegar orðið að greiða seljanda bátsins kaupverðið að fullu. Stefndi, Guðmundur, hafi samt neitað að skila tryggingarfénu, en til frádráttar þeirri fjár-

hæð eigi að koma kr. 4.000,00, sem stefndi, Guðmundur, hafi lagt út fyrir stefnanda til greiðslu á leyfisgjöldum.

Sýknukrafa stefnda er byggð á því, að stefndi, Guðmundur, hafi á sínum tíma fengizt við að selja gamla togara og brotajárn til útlanda. Á þeirri verzlun hafi af ýmsum orsökum hlotizt nokkuð mikið tap eða um kr. 240.000,00. Verzlun þessi hafi verið leyfð gegn því, að hingað til lands yrðu keyptir fiskibátar fyrir andvirði hins selda. Hafi stefndi, Guðmundur, því hugsað sér að flytja inn sjálfur hina nýju báta og jafna tapið með hagnaði af sölu þeirra. Hins vegar hafi það orðið að samkomulagi, að stefnandi gengi inn í viðskiptasamband þetta sem félagi án íhlutunar (sleeping partner) gegn greiðslu á kr. 60.000,00 í eitt skipti fyrir öll án tillits til þess, hvort stefndi, Guðmundur, hefði af því hag eða óhag. Með þessum skilmálum hafi stefnandi öðlazt ráðstöfunarrétt á fjórðungi þess erlenda gjaldeyris, sem fékkst fyrir togarana og járnið.

Stefnandi og stefndi, Guðmundur, hafa báðir komið fyrir dóm, og hefur hvor um sig haldið fast við sína lýsingu á viðskiptunum, eins og greindi hér að framan. Tveir menn voru viðstaddir, er þeir sömdu með sér, og hafa þeir báðir komið fyrir dóm. Annað þessara vitna var eigandi eins hinna gömlu togara, sem stefndi, Guðmundur, var að selja. Kvaðst vitni þetta muna það glögglega, að stefndi, Guðmundur, hefði á fundi þessum tekið það greinilega fram, að 60 þúsund króna greiðslan væri jöfnunarverð í sambandi við sölu togaranna. Vitni þetta kvaðst hafa fengið sinn hluta af greiðslu þessari. Hitt vitnið var eiginmaður systur stefnanda. Það kvaðst ekki minnast annars en 60 þúsund króna greiðslan væri til tryggingar því, að stefnandi gengi ekki frá kaupum á bátnum, og að hún skyldi ganga til greiðslu á andvirði hans. Þegar athugað er samband vitnanna við málið og aðiljana, verður ekki talið, að vætti þeirra hafi úrslitaþýðingu, og stendur því staðhæfing gegn staðhæfingu. Þegar á allt er litið, verður að telja sönnunarbyrðina hvíla á stefnda um það meginatriði, að stefnandi hafi gerzt aðili að sölu togaranna og greiðsla hans sé af þeim rótum runnin. Stefnda hefur eigi tekizt að færa á þetta sönnur gegn hinum eindregnu mótmælum stefnanda, og er því ekki unnt að taka sýknukröfuna til greina.

Viðtaka greiðslunnar er viðurkennd af hálfu stefnda, og ber samkvæmt öllu framanrituðu að dæma stefnda til að greiða dómkröfuna, kr. 56.000,00, með vöxtum frá 5. október 1955. Með

hliðsjón af málavöxtum öllum þykir rétt, að málskostnaður falli niður.

Bjarni Bjarnason, fulltrúi borgardómara, kvað upp dóminn.

Dómsorð:

Stefndi, dánarbú Guðmundar P. Kolka, greiði stefnanda, Júlíusi Halldórssyni, kr. 56.000,00 með 6% ársvöxtum frá 5. október 1955 til greiðsludags, en málskostnaður falli niður.

Dóminum ber að fullnægja innan 15 daga frá lögbirtingu hans að viðlagðri aðför að lögum.

Miðvikudaginn 10. júní 1959.

Nr. 128/1958. **Ákæruvaldið** (Jón N. Sigurðsson hrl.)
gegn
Wallace Boden (Ágúst Fjeldsted hrl.).

Dóminn skipuðu hinir reglulegu dómarar Hæstaréttar.

Fiskveiðibrot.

Dómur Hæstaréttar.

Friðrik V. Ólafsson, skólastjóri Stýrimannaskólans, hefur markað á sjóuppdrátt staðarákvarðanir í máli þessu. Reyndist staður gæzluflugvélarinnar Ránar yfir skipi ákærða hinn 13. apríl 1958 kl. 19.09 um 1,5 sm., kl. 19.12 um 1,4 sm. og kl. 19.16 tæplega 0,9 sm. innan fiskveiðimarkanna og staður flugvélarinnar kl. 19.52 yfir dufli, sem hún hafði varpað í sjó kl. 19.14, rúmlega 0,9 sm. innan sömu marka. Gæzlumenn framkvæmdu staðarákvarðanir þessar með hornamælingum, og er þeim eigi hnekkt af neinu, sem fram hefur komið í málinu. Er með þeim sannað, að ákærði hefur verið að veiðum innan fiskveiðimarkanna og brotið gegn lagaboðum þeim, sem í ákæruskjali eru talin.

Refsing ákærða þykir hæfilega ákveðin 100.000,00 króna sekt til Landhelgissjóðs Íslands, og komi varðhald 8 mánuði í stað sektar, verði hún ekki greidd innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa.

Ákvæði héraðsdóms um upptöku og málskostnað ber að staðfesta.

Ákærði greiði allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin laun sækjanda og verjanda fyrir Hæstarétti, kr. 5.000,00 til hvors.

Dómsorð:

Ákærði, Wallace Boden, greiði 100.000,00 króna sekt í Landhelgissjóð Íslands, og komi varðhald 8 mánuði í stað sektar, ef hún greiðist ekki innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa.

Ákvæði héraðsdóms um upptöku og málskostnað eiga að vera óröskuð.

Ákærði greiði allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin laun sækjanda og verjanda fyrir Hæstarétti, Jóns N. Sigurðssonar og Ágústs Fjeldsteds hæstaréttarlögmanna, kr. 5.000,00 til hvors.

Dóminum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Dómur sakadóms Reykjavíkur 15. apríl 1958.

Ár 1958, þriðjudaginn 15. apríl, var í sakadómi Reykjavíkur, sem haldinn var á Fríkirkjuvegi 11, kveðinn upp dómur í málinu nr. 1615/1958: Ákæruvaldið gegn Wallace Boden, sem tekið var til dóms sama dag.

Ákærður er Wallace Boden, skipstjóri á brezka togaranum Loyal, GY-344, til heimilis á 30 Robson Road, Cleethorpes, Lincolnshire, fyrir að hafa gerzt sekur um fiskveiðibrot samkvæmt 1. gr. laga nr. 5 18. maí 1920, um bann gegn botnvörpuveiðum, sbr. 1. gr. laga nr. 82 8. desember 1952, um breyting á þeim lögum, með því að hafa verið á botnvörpuveiðum á nefndum togara síðdegis sunnudaginn 13. apríl 1958 vestur af Vestmannaeyjum innan markalínu þeirrar, sem ákveðin er í 1. gr. reglugerðar nr. 21 19. marz 1952, sbr. lög nr. 44/1948 og lög nr. 82/1952.

Ákærist hann til að sæta refsingu samkvæmt 3. gr. laga nr. 5/1920, sbr. 1. gr. laga nr. 5/1951 og 1. gr. laga nr. 81/1952, upptöku afla og veiðarfæra nefnds togara og til greiðslu alls sakarkostnaðar.

Ákærði er kominn yfir lögaldur sakamanna, fæddur 7. ágúst 1921 í Liverpool, og hefur hvorki sætt ákæru né refsingu fyrr hér á landi, svo að kunnugt sé.

Samkvæmt skýrslu Guðmundar Kjærnesteds, skipstjóra í þjónustu landhelgisgæzlunnar, eru málavextir þessir:

Sunnudaginn 13. þ. m. var gæzluflugvélin Rán á eftirlitsflugi fyrir vestan Þrídranga á austurleið. Kl. 19.04 var flogið í miðinu: Einidrang bar í n-brún Helliseyjar, fjarlægð í Einidrang um 10 sjómílur. Um leið mældust nokkrir togarar um 45° á stjórnborða í fjarlægð 3,5 til 4,0 sjómílur. Þar eð sýnt þótti, að hér mundi vera um fiskveiðibrot að ræða, var þegar farið að þeim togara, sem virtist vera grynnst, en hann togaði í SA-læga stefnu, en beygði út um, skömmu áður en flugvélin kom að honum.

Kl. 19.09 var gerð eftirfarandi staðarákvörðun yfir þessum togara, Loyal, GY-344, sem var að toga með stjórnborðsvörpu: Einidrang bar í n-brún á Stórhöfða, fjarlægð í Einidrang um 8,0 sjómílur. Gefur þetta stað togarans um 1,4 sjómílur fyrir innan fiskveiðitakmörkin.

Kl. 19.12 var gerð önnur staðarákvörðun yfir togaranum, sem togaði nú í v-læga stefnu:

Þrídrangaviti Einidrangur △	>	15° 23′
Geirfuglasker (miðjan)	>	26° 45′

Um leið sást, hvar Einidrang bar syðst í Eiðið norður af Stórhöfða. Gefur þetta stað togarans um 1,4 sjómílur innan fiskveiðitakmarkanna.

Kl. 19.14 var settur út belgur rétt aftan við togarann í kjölfar hans.

Kl. 19.16 var gerð eftirfarandi staðarákvörðun yfir togaranum:

Þrídrangaviti Einidrangur △	>	14° 09′
Geirfuglasker (miðjan)	>	28° 04′

Um leið sást, hvar Einidrang bar í hæðina uppi af Stakkavík. Gefur þetta stað togarans um 0,9 sjómílur innan fiskveiðitakmarkanna.

Kl. 19.22 var togarinn að draga inn vírana, og var þá skotið að honum stöðvunarskoti. Þar sem sýnt þótti, að togarinn væri örugglega fyrir innan fiskveiðitakmörkin, og þar sem um fleiri skip var að ræða, sneri flugvélin sér að næsta skipi.

Kl. 19.52 var gerð staðarákvörðun yfir belgnum, sem settur var út kl. 19.14:

Þrídrangaviti			
Einidrangur △	>	14°	18′
Geirfuglasker (miðjan)	>	27°	56′

Gefur þetta stað belgsins um 0,9 sjómílur fyrir innan fiskveiðitakmörkin.

Kl. 19.58 var kallað á togarann með loftskeytum, og svaraði hann nær samstundis. Var hann beðinn að bíða eftir v/s Albert, en síðar var því breytt í v/s Hermóð, en bæði þessi skip voru á leiðinni á vettvang eftir beiðni flugvélarinnar.

Kl. 20.10 kom v/s Hermóður að síðu togarans, þar sem hann var að ljúka við að taka inn stjórnborðsvörpu. Var óskað eftir því úr flugvélinni, að v/s Hermóður færi með togarann til Reykjavíkur til frekari rannsóknar. Einnig var v/s Hermóði vísað á belginn og hann beðinn að taka hann og gera á honum staðarákvörðun, ef unnt væri.

Þegar kl. var orðin 20.30, var myrkur að skella á og versnandi veður. Gat flugvélin þá eigi verið lengur á staðnum og hélt kl. 21.33 til Reykjavíkur.

Veður kl. 19.00: v-kaldi, skýjað, skyggni um 20 sjómílur.

Hornamælingarnar gerðu Guðmundur Kjærnested skipstjóri og Þröstur Sigtryggsson stýrimaður, hvor með sínum sextant, sem þeir lásu báðir af, en loftskeytamaðurinn, Garðar Ingi Jónsson, gerði ratsjárathuganirnar. Flugstjórinn, Guðjón Benedikt Jónsson, gaf merki um, hvenær flugvélin var beint uppi yfir togaranum og belgnum. Flughraði við mælingarnar var um 100 sjómílur á klukkustund og flughæð yfir togaranum 400—500 fet, en yfir belgnum 200—300 fet.

Allir hafa þessir menn staðfest sem vitni og með eiði mælingarnar og að skilyrði til mælinganna hafi verið góð, mælistaðir greinilegir. Loftskeytamaðurinn og Ásgeir Þorleifsson flugmaður köstuðu út belgnum og sáu báðir, að hann kom niður um 2—3 skipslengdum aftan við togarann. Í honum var lína, 250 yards, og fyrir akker var 10—15 kg málmstykki.

Guðmundur Kjærnested skipstjóri ber, að belgurinn hafi komið niður um 2—3 skipslengdum aftan við togarann, og í næsta aðflugi að togaranum, eftir að belgnum var kastað, sá flugstjórinn hann skammt aftur undan togaranum.

Skýrsla Guðna Thorlacius, skipstjóra á v/s Hermóði, er á þessa leið:

„Síðastliðinn sunnudag var skipið statt vestan við Vestmannaeyjar á leið til Reykjavíkur, þegar flugvél sást sveima fyrir fram-

an skipið yfir togurum, sem þar voru. Enn fremur heyrðist gæzluflugvélin Rán vera að kalla í varðskipið Albert í radíó. Varð þetta til þess, að v/s Hermóður svaraði Rán, sem óskaði þess, að Hermóður tæki fastan togara, sem hún hefði staðið að meintum ólöglegum veiðum. Var strax haldið til hans, og voru nánari atvik þessi:

Kl. 19.28 var staður v/s Hermóðs: Þrídranga ≠ Einidrang, fjarlægð 3,8 sjómílur, vegmælir 28,7, stefna r/v 308°, sem er rétt innan við fiskveiðitakmörkin.

Kl. 19.58 miðast togarinn 10° til stjórnborða, fjarlægð 2,1 sjómíla, vegmælir 33,4. Siglt með fullri ferð að togaranum, sem sneri í þessu til að draga inn vörpuna, sem var stjórnborðsvarpa.

Kl. 20.10 var staðnæmzt við togarann. Vegmælir 35,5. Var þá eftirfarandi athugun gerð með ratsjá:

Álsey miðast í r/v 111°, fjarlægð 16,0 sjómílur. Þrídrangar miðast í 92°, fjarlægð 11,0 sjómílur, dýpi 88 metrar.

Togarinn, sem reyndist vera Loyal, GY-344, var að taka inn vörpuna. Varðmenn voru settir um borð í hann, og var lagt af stað til Reykjavíkur kl. 21.45. Áður hafði varðskipið farið að belgnum, sem flugvélin hafði kastað út, og gert við hann staðarákvörðun: n.k. Stórhöfða laus við Einidrang, radíófjarlægð frá Álsey 15,7 sjómílur, dýpi 88 metrar. Kl. 21.30 var belgurinn tekinn inn og var þá vel fastur.

Á meðan á töku togarans stóð, var vestan 4—6 vindstig og tilsvarandi sjór. Skyggni: skúrir, en bjart á milli.

Mæling varðskipsins á stað belgsins er í samræmi við mælingu flugvélarinnar á stað hans."

Þessa skýrslu hefur I. stýrimaður varðskipsins, Ólafur Gísli Jóhannesson, staðfest að öllu leyti, og báðir hafa þeir, skipstjórinn og stýrimaðurinn, staðfest skýrslur sínar með eiði.

Ákærði viðurkennir að hafa verið að veiðum með stjórnborðsvörpu, þegar flugvélin kom yfir togarann, og hafa dregið inn vörpuna, meðan flugvélin sveimaði yfir honum, en eigi getur hann um það sagt, hvað klukkan var, í þessu sambandi. Hann neitar því að hafa verið innan fiskveiðitakmarkanna í þetta sinn og heldur því fram, gagnstætt öllum landhelgisgæzlumönnunum í flugvélinni, að sökum dimmviðris hafi ekki verið skilyrði til hornamælinga. Sjálfur kveðst hann engar slíkar mælingar hafa getað gert vegna dimmviðris.

48 klukkustundum áður en flugvélin kom yfir togarann, kveðst

hann hafa sett út fiskidufl með ljósi á, flaggi og radar-reflektor, og merkti hann stað dufls þessa á sjókort sitt nokkru utan fiskveiðitakmarkanna. Stað þess kveðst hann hafa fundið með því að mæla með ratsjá fjarlægðina til Geirfuglaskers, 13 sjómílur, og Kvennagönguhóla, 32 sjómílur. Þegar flugvélin kom yfir togarann, mældi hann á sama hátt til sömu staða, og var þá 16½ sjómíla til Geirfuglaskers og 28½ sjómíla til Kvennagönguhóla. Þegar varðskipið kom að togaranum, mældi ákærði enn fjarlægðir sínar frá sömu stöðum, og voru þá 16 sjómílur til Geirfuglaskers og 29 sjómílur til Kvennagönguhóla. Þá staði, sem hann taldi þessar mælingar sýna, merkti hann á kort sitt, og eru þeir talsvert utan fiskveiðitakmarkanna. Eigi kveðst ákærði við þessar mælingar hafa athugað, í hvaða stefnu mælistaðirnir voru frá togaranum.

Ákærði heldur því fram, gagnstætt áðurnefndum skýrslum þeirra, sem í flugvélinni voru, að belgurinn, sem kastað var úr flugvélinni, hafi komið niður langt fyrir innan togarann, og hafi stormur og flughraði vélarinnar valdið þessu. Kveðst hann aldrei hafa séð belginn á sjónum.

Eigi minntist ákærði á fiskidufl sitt við varðskipsmenn. Eftir að rannsókn málsins var hafin, leitaði varðskipið Ægir að dufli þessu og fann á umræddum slóðum dufl, sem ákærði fullyrðir, að sé fiskidufl sitt. Varðskipsmenn mældu stað dufls þessa og reyndist hann vera:

Þrídrangar Einidrangur	>	11° 59′
Geirfuglaskersviti	>	37° 27′
Þríhyrningur Elliðaey n.k.	>	37° 51′
Geirfuglaskersviti	>	41° 29′

Er staður þessi mjög skammt fyrir utan fiskveiðitakmarkalínuna.

Undir rannsókn málsins voru dómkvaddir tveir kunnáttumenn til að athuga ratsjár flugvélarinnar, varðskipsins Hermóðs og togarans. Hafa þeir gefið vottorð um athuganir sínar, og kemur þar fram, að ratsjá flugvélarinnar er í mjög góðu lagi.

Með mælingum landhelgisgæzlumannanna í flugvélinni, studdum af mælingum skipstjóra og stýrimanns á v/s Hermóði, telur dómurinn sannað gegn staðhæfingum ákærða, að hann hafi í

umrætt skipti verið á þeim stöðum, sem mælingar landhelgisgæzlumanna sýndu, og að botnvörpuveiðum var hann, svo sem viðurkennt er.

Varðar þessi verknaður við þau lagaákvæði, sem talin eru í ákæru. Samkvæmt þeim refsiákvæðum, sem þar eru talin og áður eru rakin, og með tilliti til stærðar togarans, 580,70 brúttó rúmlestir, og núverandi gullgildis íslenzkrar krónu þykir refsing ákærða hæfilega ákveðin 74.000,00 króna sekt til Landhelgissjóðs Íslands, og komi varðhald í 7 mánuði í stað sektarinnar, verði hún eigi greidd innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa. Auk þess skulu allur afli og veiðarfæri, þar með taldir dragstrengir, togarans Loyal, GY-344, vera upptæk til handa Landhelgissjóði Íslands.

Ákærða ber að dæma til greiðslu alls sakarkostnaðar, þar með talin málsvarnarlaun verjanda síns, Ágústs Fjeldsteds hrl., kr. 2.000,00.

Dóm þennan kveða upp Valdimar Stefánsson sakadómari og meðdómendurnir Jónas Jónasson og Pétur Björnsson skipstjórar.

Dómsorð:

Ákærði, Wallace Boden, greiði 74.000,00 króna sekt til Landhelgissjóðs Íslands, og komi varðhald í 7 mánuði í stað sektarinnar, verði hún eigi greidd innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa.

Allur afli og veiðarfæri, þar með taldir dragstrengir, togarans Loyal, GY-344, skulu vera upptæk til handa Landhelgissjóði Íslands.

Ákærði greiði allan sakarkostnað, þar með talin málsvarnarlaun verjanda síns, Ágústs Fjeldsteds hrl., kr. 2.000,00.

Dómi þessum skal fullnægja með aðför að lögum.

Föstudaginn 12. júní 1959.

Nr. 96/1959. **Páll S. Dalmar**
gegn
Daða Kristjánssyni.

Dómendur:
hæstaréttardómararnir Árni Tryggvason, Jón Ásbjörnsson, Jónatan Hallvarðsson og Þórður Eyjólfsson og prófessor Ármann Snævarr.

Kærumál. Synjað um frest.

Dómur Hæstaréttar.

Með kæru 27. f. m., sem barst Hæstarétti 30. s. m., hefur sóknaraðili kært til dómsins úrskurð, upp kveðinn á bæjarþingi Kópavogs 27. f. m., í máli varnaraðilja gegn sóknaraðilja. Krefst sóknaraðili þess, að hinn kærði úrskurður verði úr gildi felldur og honum veittur hæfilegur frestur til að skila greinargerð í bæjarþingsmálinu. Þá krefst hann og kærumálskostnaðar úr hendi varnaraðilja.

Varnaraðili krefst staðfestingar hins kærða úrskurðar og kærumálskostnaðar úr hendi sóknaraðilja.

Með skírskotun til forsendna hins kærða úrskurðar ber að staðfesta hann.

Eftir þessum úrslitum verður sóknaraðilja dæmt að greiða varnaraðilja kærumálskostnað, er ákveðst kr. 1.000,00.

Dómsorð:

Hinn kærði úrskurður á að vera óraskaður.

Sóknaraðili, Páll S. Dalmar, greiði varnaraðilja, Daða Kristjánssyni, kr. 1.000,00 í kærumálskostnað að viðlagðri aðför að lögum.

Úrskurður bæjarþings Kópavogs 27. maí 1959.

Mál þetta, sem tekið var til úrskurðar 21. þ. m., er höfðað fyrir bæjarþinginu með stefnu, út gefinni 27. f. m., af Daða Kristjánssyni, Sólvöllum 4, Garðahreppi, gegn Páli S. Dalmar, Hlíðarvegi 35, Kópavogi.

Stefnukröfur eru þær:

1) að viðurkennt verði með dómi, að kaupsamningur, dags. 27. desember 1958, milli stefnanda og stefnda sé úr gildi fallinn vegna vanefnda stefnda sem kaupanda,
2) að viðurkennt verði með dómi, að stefnandi hafi öll umráð fasteignarinnar Hlíðarvegar 35 sem löglegur eigandi hennar, og sé stefnda, Páli S. Dalmar, skylt að rýma húsnæðið tafarlaust að viðlögðum útburði,
3) að viðurkennt verði, að stefndi, Páll S. Dalmar, sé skaðabótaskyldur gagnvart stefnanda vegna samningsrofa og framkomu og sé dæmdur til að greiða stefnanda í skaðabætur kr. 70.000,00, er samsvari 20% af verði eignarinnar. Auk þess krefst hann málskostnaðar að skaðlausu.

Málið er þingfest 30. apríl sl., og lagði þá stefnandi fram stefnu, greinargerð, samrit kaupsamnings og samrit bréfs. Stefndi mætti þá með lögmann með sér og fékk 2 vikna frest til samningar greinargerðar. Málið var tekið fyrir á bæjarþingi 14. þ. m., og mætti stefndi þá sjálfur án lögmanns. Hann lagði ekki fram neina greinargerð þá og bar því við, að lögmaður hans hefði farið fyrirvaralaust til útlanda, en málið hefði verið falið öðrum lögmanni, sem ekki hefði sagzt geta tekið það að sér vegna anna. Í þinghaldi þessu benti dómarinn stefnda á rétt hans til leiðbeininga, ef hann fengi sér ekki lögmann, og brýndi jafnframt fyrir honum að nota vel væntanlegan framhaldsgreinargerðarfrest og fá strax aðstoð dómarans, ef hann þyrfti. Varð síðan samkomulag um frestun málsins til 21. þ. m. til samningar greinargerðar, enda lofaði stefndi að nota þann frest jafnframt til gagnaöflunar, en lögmaður stefnanda lýsti yfir því, að hann mundi enga frekari fresti samþykkja. Hinn 21. þ. m. kom málið enn fyrir bæjarþing. Hafði stefndi þá engan lögmann og lagði ekki fram greinargerð eða nein gögn. Ekki hafði hann þá leitað til dómarans um leiðbeiningar, en einu sinni rætt við dómarann og sagzt mundu fá lögfræðing. Lögmaður stefnanda synjaði um frestsveitingu og krafðist dómtöku málsins, en stefndi krafðist frests í viku eða hálfan mánuð. Rökstuddi stefndi frestskröfu sína með því, að hann þyrfti að safna gögnum, sem tæki langan tíma, og hélt fram sömu röksemdum, eftir að dómarinn hafði skýrt fyrir honum muninn á samningu greinargerðar og gagnaöflun.

Málavextir eru að öðru leyti þessir samkvæmt þegar fram komnum skjölum:

Hinn 27. desember f. á. gera aðiljar máls þessa með sér kaupsamning um eignina Hlíðarveg 35 hér í bæ, sem stefnandi átti. Kaupin skyldu miðast við 1. marz 1959, en útgáfa afsals fara fram 15. maí 1959, er kaupandi (stefndi) hefði að fullu innt af hendi greiðslu útborgunar samkvæmt kaupsamningi. Kaupverð var ákveðið kr. 380.000,00, og skyldi kaupandi greiða það þannig, að hann yfirtæki veðskuldir, að upphæð kr. 199.666,67, en greiddi í peningum hinn 1. marz 1959 kr. 140.000,00 og hinn 15. maí 1959 kr. 40.333,33. Stefnandi kveður stefnda alls enga greiðslu hafa innt af hendi.

Stefndi hefur átt nægan kost á að semja eða láta semja greinargerð af sinni hálfu í máli þessu. Hann hefur átt kost á aðstoð dómarans við að semja greinargerð og leiðbeiningar um gagnaöflun, en ekki hirt um að nota það. Þykir hann því ekki eiga rétt á frekari fresti til greinargerðar. Ber því að synja frestskröfu stefnda.

Ályktunarorð:
Hinn umbeðni frestur veitist ekki.

Föstudaginn 12. júní 1959.

Nr. 27/1959. **Fiskimjöl og lýsi h/f**
(Vilhjálmur Jónsson hrl.)
gegn
Angantý Jónssyni
(Benedikt Sigurjónsson hrl.)
og gagnsök.

Dómendur:
hæstaréttardómararnir Jónatan Hallvarðsson, Gizur Bergsteinsson, Jón Ásbjörnsson og Þórður Eyjólfsson og prófessor Ármann Snævarr.

Sýknað af kröfu um slysabætur.

Dómur Hæstaréttar.

Aðaláfrýjandi hefur skotið máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 16. febrúar 1959 og krafizt þess *aðallega*, að honum verði dæmd sýkna og gagnáfrýjanda verði dæmt

að greiða honum málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti eftir mati dómsins, en *til vara*, að dæmdar fjárhæðir verði lækkaðar og gagnáfrýjanda verði dæmt að greiða honum málskostnað fyrir Hæstarétti eftir mati dómsins.

Gagnáfrýjandi hefur áfrýjað málinu með stefnu 9. marz 1959 og krafizt þess, að aðaláfrýjanda verði dæmt að greiða honum kr. 122.870,00 með 6% ársvöxtum frá 3. maí 1956 til greiðsludags og málskostnað bæði í héraði og fyrir Hæstarétti eftir mati dómsins.

Lemstur gagnáfrýjanda stafar af því, að hann stakk vinstri handlegg sínum svo langt upp í mjöltrektina, að fjórir fingur vinstri handar urðu fyrir rafsnældu þeirri, sem snerist inni í trektinni, og sködduðust fingurnir. Hvorki forráðamönnum né verkstjóra aðaláfrýjanda verður að svo vöxnu máli gefin sök á slysinu, enda skiptir hér eigi máli, þótt rofi rafsnældunnar væri eigi á sjálfri trektinni. Samkvæmt þessu ber að sýkna aðaláfrýjanda af kröfum gagnáfrýjanda í málinu.

Eftir atvikum er rétt, að málskostnaður í héraði og fyrir Hæstarétti falli niður, en ríkissjóður greiði laun talsmanns gagnáfrýjanda í héraði, kr. 4.000,00.

Dómsorð:

Aðaláfrýjandi, Fiskimjöl og lýsi h/f, á að vera sýkn af kröfum gagnáfrýjanda, Angantýs Jónssonar, í máli þessu.

Málskostnaður í héraði og fyrir Hæstarétti fellur niður.

Laun talsmanns gagnáfrýjanda í héraði, Árna Guðjónssonar héraðsdómslögmanns, kr. 4.000,00, greiðist úr ríkissjóði.

Dómur bæjarþings Reykjavíkur 16. desember 1958.

Mál þetta, sem tekið var til dóms 28. f. m., hefur Angantýr Jónsson verkamaður, Hraunhamri, Grindavík, höfðað á bæjarþinginu, að fengnu gjafsóknarleyfi, dags. 8. nóvember 1957, með

stefnu, út gefinni 18. febrúar 1958, gegn Fiskimjöli & lýsi h/f, Grindavík, til greiðslu skaðabóta, að fjárhæð kr. 122.870,00, ásamt 7% ársvöxtum frá 3. maí 1956 til greiðsludags og málskostnaði eftir mati dómsins, eins og málið væri ekki gjafsóknarmál.

Stefndi hefur *aðallega* krafizt sýknu og málskostnaðar eftir mati dómsins, en *til vara* stórlegrar lækkunar á kröfum stefnanda og að málskostnaður verði látinn niður falla.

Tildrög máls þessa eru þau, að hinn 3. maí 1956 um kl. 10 að morgni varð stefnandi fyrir því slysi, er hann var að starfi sínu í beinamjölsverksmiðju stefnda í Grindavík, að vinstri hönd hans lenti í viftuspöðum með þeim afleiðingum, að þrír fingur handarinnar sködduðust.

Vifta þessi er staðsett inni í trekt mjölkvarnar. Er trektin keilulaga efst, og endar sá hlutinn í hringlaga gati, sem er 16 sm í þvermál. Neðan við gat þetta er áðurnefndri viftu komið fyrir, en hún er eins konar loka í trektinni, þannig að mjölið kemst ekki niður trektina, nema viftan snúist. Er viftan rafknúin, og var rofinn, sem hún er tengd við, á þessum tíma staðsettur í um þriggja til fjögurra metra fjarlægð frá mjöltrektinni. Neðan við viftuna er annað hringlaga gat, og er það 18 sm í þvermál. Frá því liggur neðsti hluti trektarinnar. Er hann klofinn að endilöngu, og endar hvor helmingur í opi, sem er um 30 sm í þvermál. Er mjölpokunum fest á op þessi, meðan mjöli er rennt í þá.

Stefnandi skýrir svo frá, að unnið hafi verið á vöktum í beinamjölsverksmiðjunni, og hafi fjórir menn verið á hverri vakt, þrír verkamenn og verkstjóri. Starfsmenn hafi skipt með sér verkum þannig, að einn hafi verið í svonefndri beinaþró tvær klukkustundir í senn, en tveir við mjölmóttöku jafnlangan tíma. Umræddan morgun hafi hann byrjað vinnu í beinaþrónni, og þar hafi hann verið að starfi sínu skömmu fyrir kl. 10, er forstjóra verksmiðjunnar bar þar að. Hafi hann verið að leita að verkstjóranum. Forstjórinn hafi látið þau orð falla, að ekki væri gott í efni, því að mjöltrektin væri stífluð og mjölið ryki út um allt þak verksmiðjunnar. Stefnandi kveðst hafa svarað því til, að þessu yrði að kippa í lag. Hafi hann síðan horfið frá verki sínu í beinaþrónni og fylgzt með forstjóranum að mjöltrektinni. Kveðst stefnandi ekki hafa gefið sér tíma til að hafa fataskipti, enda hafi mikið legið við, að stíflunni í trektinni yrði eytt. Hafi hann því verið bæði blautur á höndum og í slorugum fótabúnaði. Er að mjöltrektinni kom, hafi forstjórinn brugðið sér út úr verksmiðjunni til þess að svipast um eftir verkstjóranum, en stefnandi kveðst

hafa þrifið járntein, 30—35 sm langan, er þarna var nærhendis og notaður, þegar svona stóð á. Hafi hann slegið teininum utan í trektina til þess að kanna, hvar í trektinni stíflan væri. Hafi hann þá orðið þess áskynja, að stíflan var ekki ofarlega. Hann hafi nú tekið mjölpokann undan trektaropinu og horft upp eftir trektinni. Hafi þá komið í ljós, að smástífla var í trektaropinu rétt fyrir neðan viftuna. Er hér var komið, kveðst stefnandi hafa rekið járnteininn upp í trektina til þess að freista þess að losa um stífluna með því móti. Hafi hann orðið að standa hálfboginn undir trektinni, meðan þessu fór fram, þar eð hún hafi einungis verið í eins metra fjarlægð frá gólfi. Við þetta hafi stíflan losnað, en um leið hafi járnteinninn runnið úr greip hans og fallið á gólfið. Við það hafi komið smáslinkur á hann og hönd hans lyfzt ofar í trektina, svo að fingurnir snertu viftuspaðana með þeim afleiðingum, sem áður getur.

Stefnandi skýrir svo frá, að það hafi komið fyrir í fáein skipti, að stífla myndaðist í trektinni neðan við viftuna, eins og hér varð raunin. Þegar um meiri háttar stíflur var að ræða, hafi það verið venja að rjúfa rafstrauminn til viftunnar, áður en hafizt væri handa um losun, en við minni háttar stíflur eins og þá, er hér ræðir um, hafi viftan ávallt verið höfð í gangi, meðan stíflunni var eytt, enda valdi stöðvun viftunnar truflun á rekstri verksmiðjunnar. Stefnandi kveðst hafa séð samstarfsmenn sína losa slíkar stíflur á þenna sama hátt, en ekki kveðst hann minnast þess, að verkstjóri eða verksmiðjustjóri hafi verið viðstaddir eða séð til starfsmanna, þegar svona stóð á.

Sjónarvottar virðast ekki hafa verið að slysinu, og er stefnandi einn til frásagnar. Hefur lýsing hans á atvikum ekki verið vefengd.

Hinn 25. marz 1958 voru á bæjarþingi Reykjavíkur dómkvaddir tveir óvilhallir kunnáttumenn til þess að segja álit sitt á tilteknum atriðum í sambandi við atvik að slysinu og gera uppdrátt af umræddri mjöltrekt. Völdust til þessa starfs verkfræðingarnir Jóhannes Zoëga og Sveinn Einarsson. Eru álitsgerðin og uppdrátturinn dags. 2. maí 1958. Þau atriði, sem álits var beiðzt um, eru eftirfarandi:

„1. . . . hvort líklegt sé, að umrædd mjöltrekt geti stíflazt af mjöli neðan við viftu (snigil),

2. . . . hvort slys eins og það, sem um ræðir í máli þessu, hafi getað gerzt með þeim hætti, að verkamaður missi úr hendi sér járn, sem hann er að reka upp í trektina, og við það komi

sá slinkur á höndina, að hún rekist upp í gegnum neðsta hluta trektarinnar og snerti viftuna (snigilinn).“

Í álitsgerðinni segir, að hinir dómkvöddu menn hafi farið til Grindavíkur 29. apríl 1958 og skoðað umræddan vélbúnað í verksmiðju stefnda. Var viðstaddur skoðun auk stefnanda forstjóri verksmiðjunnar, Jón Sigurðsson. Síðan segir á þessa leið orðrétt í álitsgerðinni:

„1. Að sögn þeirra Jóns Sigurðssonar og Angantýs Jónssonar stendur umrædd mjölkvörn nú á öðrum stað en hún var, er slysið vildi til. Þeir telja þó, að ekki hafi verið gerðar neinar breytingar á henni í sambandi við flutning hennar aðrar en þær, að neðri brún trektarinnar er nú um 10 sm hærra frá gólfi en áður var og rofi fyrir hreyfil umræddrar „viftu“ er nú staðsettur við mjöltrektina . . .

2. Við venjulegar aðstæður er ólíklegt, að mjöltrektin stíflist af mjöli neðan við viftuna. Líklegt er aftur á móti, að trektin geti við og við stíflazt ofan við viftuna. Trektin er þar keilulöguð, sbr. uppdráttinn, og getur því mjög hæglega brúað yfir opið niður í viftuna. Verksummerkin sýna og, að neðri hluti keilunnar hefur mikið verið barinn með bareflum, væntanlega í þeim tilgangi að losa um stíflur á þessum stað.

Hins vegar er hugsanlegt, að trektirnar neðan við viftuna geti stíflazt, ef poki stendur yfirfullur undir trektinni nokkurn tíma og mjölið er illa þurrkað.

3. Eins og meðfylgjandi uppdráttur sýnir, er lengd hvorrar álmu trektarinnar neðan við viftuna 51—52 sm. Lengd framhandleggs Angantýs Jónssonar frá olnbogabót fram á enda löngutangar hægri handar mældist okkur vera sem næst 43 sm. Hæð neðri brúna trektarinnar frá gólfi er nú 107 sm, en virðist hafa verið um 97 sm, þegar slysið vildi til.

Að þessu athuguðu virðist okkur það útilokað, að slysið hafi getað orðið með þeim hætti, að Angantýr hafi staðið uppréttur til hliðar við trektina og rekið járn upp í hana, því að þá hefði olnbogabót numið við neðri brún trektarinnar og fingur hans með engu móti getað náð upp í spaðana í viftunni. Skiptir hér ekki máli, hvort slinkur hefur komið á höndina eða ekki.

Til þess að ná með fingrum upp í spaðana hefur Angantýr orðið að reka handlegginn upp fyrir olnboga upp í trektina, en til þess að geta það hefur hann orðið að standa hálfboginn neðan við trektina . . .

Þegar Angantýr stendur hálfboginn á hálum fótabúnaði, er

að flýta sér og réttir handlegginn upp fyrir olnboga inn í trektina, sem hann getur þá ekki séð upp í, hefði það vel getað atvikazt, að fát kæmi á hann og þar með hreyfing á höndina við það, að hann missir járnið, er hann heldur á, sem valdi því, að hann færi með fingurna í spaðana . . ."

Kröfur sínar í málinu reisir stefnandi á því, að stefndi beri óskipta fébótaábyrgð á slysi því, sem um ræðir, þar sem honum hafi verið falin framkvæmd hættulegs verks við mjög slæmar aðstæður.

Sýknukröfuna reisir stefndi á því, að ekki verði séð, að útbúnaði mjöltrektarinnar hafi í nokkru verið áfátt, að því er öryggi starfsmanna snerti, enda sé ekki hægt að gera ráð fyrir, að fullorðnir menn láti sér til hugar koma að stinga höndum sínum inn í hlíf, þar sem vifta sé í gangi. Ljóst sé, að stefnanda sé hér einan um að saka, þar sem hann hafi látið undir höfuð leggjast að stöðva viftuna, áður en hann freistaði þess að losa stífluna, svo sem sjálfsagt hafi verið.

Þegar mjölstífla myndaðist í umræddri trekt, eins og hér varð raunin, bar fyrst af öllu að rjúfa rafstrauminn til viftunnar, því að með því móti var losun stíflunnar á þann hátt, sem lýst hefur verið, með öllu hættulaus. Svo er að sjá, að nokkur brögð hafi að því verið, að slíkar mjölstíflur mynduðust, og var þá skjótra úrbóta þörf, til þess að verðmæti færu ekki til spillis. Þegar þetta hvort tveggja er haft í huga, er ljóst, að sjálfsagt var, að rofi viftunnar væri staðsettur á sjálfri mjöltrektinni. Þá var og nauðsynlegt að brýna sérstaklega fyrir starfsmönnum verksmiðjunnar, sem virðast hafa verið óbreyttir verkamenn, hverra öryggisráðstafana bar að gæta í þessu sambandi, t. d. með því að koma fyrir á áberandi stað á trektinni aðvörunarmerki þar að lútandi. Eigi verður séð, að nein viðleitni í þessa átt hafi verið sýnd af forráðamönnum stefnda eða verkstjóra. Auðsætt er af þessu, sem nú hefur verið rakið, að hér hefur ekki gætt þess öryggis af hendi atvinnurekandans, sem kostur var og krefjast verður. Verður því stefnda gert að bæta tjón stefnanda að nokkru.

Það er á hinn bóginn augljóst, að stefnandi hefur sýnt af sér mikið gáleysi með því að fara að á þann hátt, sem hér að framan var lýst, án þess að slökkva áður á vifturofanum, enda kunni hann góð skil á mjöltrektinni og hlaut því að sjá í hendi sér, hver hætta honum var hér búin. Að þessu athuguðu þykir verða að leggja á stefnanda sjálfan verulegan hluta þess tjóns, er hann telst hafa beðið af völdum slyssins.

Eftir atvikum þykir fébótaábyrgð á slysinu réttilega skipt þannig, að stefndi beri ⅓ hluta hennar.

Fjárhæð dómkröfunnar sundurliðar stefnandi þannig:

1.	Atvinnutjón	kr.	127.858,00
2.	Þjáningar og lýti	—	15.000,00
3.	Kostnaður af sjúkradvöl í Keflavík	—	993,00
4.	Ferðir til Reykjavíkur	—	300,00
5.	Örorkumat	—	250,00
6.	Útreikningur á atvinnutjóni	—	600,00
	Alls	kr.	145.001,00
	Frá dragast bætur, er stefnandi hefur fengið frá Tryggingastofnun ríkisins upp í tjón sitt	—	22.131,00
		Kr.	122.870,00

Um 1.

Þegar eftir slysið var stefnandi fluttur í sjúkrahús Keflavíkur, þar sem gert var að meiðslum hans. Kveðst stefnandi hafa legið í sjúkrahúsinu í þrjár vikur. Gögn frá sjúkrahúsinu um meiðsli stefnanda liggja ekki fyrir í málinu.

Hinn 21. maí 1957 var stefnandi skoðaður af Bergþóri Smára, sérfræðingi í lyflækningum. Mat læknir þessi örorku stefnanda af völdum slyssins. Í örorkumatinu, sem dags. er 4. júní s. á., segir á þessa leið m. a.:

„... Vinstri hönd (örvhentur): Fremsti köggull á baugfingri og löngutöng er numinn brott, og mikill stirðleiki er í miðlið þeirra fingra, þannig að gómar ná ekki nærri í lófa. Fremsti liður vísifingurs og litlafingurs handarinnar eru nær alveg stífir, og ná gómar rétt aðeins í lófa, þegar fingurnir eru beygðir.

Samkvæmt símtali við Ragnar Sigurðsson nuddlækni telur hann ekki líklegt, að bæta megi ástandið með neinum aðgerðum, og slasaði hefur verið svipaður í hendinni nú um langt skeið.

Að þessu athuguðu þykir ástæðulaust að fresta varanlegu örorkumati vegna nefnds slyss, og þykir örorkan hæfilega metin svo sem hér segir:

Frá slysdegi (3. maí '56) til 30. júní '56 100%
Frá 1. júlí '56—31. ágúst '56 ..... 60%
Frá 1 sept. '56—31. okt. '56 ..... 40%
Úr því varanleg örorka *20%*."

Hinn 22. september sl. skýrði stefnandi svo frá fyrir dómi, að hann hefði hafið vinnu af nýju um 2½ mánuði eftir slysið. Kvaðst

hann geta stundað léttari verkamannavinnu, en eiga erfitt með að beita vinstri hendinni að fullu gagni. Jafnframt kvað hann mikinn kulda sækja að gómum hinna stýfðu fingra.

Stefnandi er talinn fæddur 11. maí 1910. Hefur hann því verið 45 ára gamall, er hann varð fyrir slysi þessu. Stefnandi er kvæntur. Í munnlegum flutningi málsins kom það fram, að stefnandi var búsettur á Skagaströnd, en fluttist búferlum til Grindavíkur fyrir nokkrum árum vegna slæmra afkomumöguleika á Skagaströnd.

Í málinu liggja frammi staðfest afrit af skattframtölum stefnanda árin 1954 og 1956. Samkvæmt þeim hafa hreinar atvinnutekjur stefnanda árið 1953 verið kr. 24.528,00 (þar af tekjur af báti og kú kr. 4.100,00) og árið 1955 kr. 43.117,00. Bæði árin hefur eiginkona stefnanda unnið fyrir tekjum utan heimilis. Námu þær fyrra árið kr. 5.578,00, en síðara árið kr. 15.336,00. Samkvæmt vottorðum yfirskattanefndar, dags. 22. júní 1957 og 10. desember sl., voru hreinar atvinnutekjur stefnanda árið 1954 kr. 48.949,00 og árið 1957 kr. 45.133,22. Að því er varðar árið 1954, kemur það ekki fram í vottorðinu, hvort um er að ræða tekjur stefnanda sjálfs eingöngu eða hvort tekjur eiginkonu eru þar með taldar.

Hinn 5. september 1957 var áætlað atvinnutjón stefnanda miðað við framangreint örorkumat reiknað út af Guðjóni Hansen tryggingafræðingi. Útreikningur þessi er þríþættur. Í fyrsta lagi er miðað við tekjur Dagsbrúnarverkamanns. Er þar reiknað með tímakaupi Dagsbrúnar, 48 stunda vinnuviku, 48 vinnuvikum á ári og 6% orlofsfé. Á þennan hátt reiknast tryggingafræðingnum, að árstekjur stefnanda nemi kr. 43.399,00 á slysdegi, en fari síðan hækkandi og nemi, er útreikningurinn er gerður, kr. 45.914,00. Er þá reiknað með vísitölu 183 stig. Verðmæti atvinnutjónsins á slysdegi nemur samkvæmt þessum útreikningi alls kr. 116.701,00, þar af kr. 13.951,00 á tímabilinu frá slysdegi til loka október 1956.

Í öðru lagi er útreikningurinn byggður á umreiknuðum meðaltekjum áranna 1953—'55, en þær nema á slysdegi kr. 46.631,00. Reiknað á þessum grundvelli nemur verðmæti atvinnutjónsins kr. 125.392,00.

Í þriðja lagi er svo reiknað eftir umreiknuðum tekjum ársins 1955, þ. e. ársins fyrir slysið, en þær nema kr. 47.548,00 á slysdegi. Með því móti nemur verðmæti atvinnutjónsins kr. 127.858,00.

Það er sameiginlegt framangreindum útreikningum, að reikn-

að er með 6% vöxtum p. a. og íslenzkri reynslu af langlífi karla á árunum 1941—'50.

Stefnandi leggur hæstu niðurstöðutöluna í útreikningi tryggingafræðingsins til grundvallar kröfu sinni samkvæmt þessum lið. Bendir hann á í því sambandi, að í verstöðvum sem Grindavík hafi verkamenn meiri atvinnu en svari til 48 stunda vinnuviku. Atvinnuleysi hafi og verið með öllu óþekkt á þessum stað síðastliðin 18 ár.

Stefndi hefur mótmælt kröfulið þessum sem of háum. Telur hann, að miða eigi bætur til stefnanda samkvæmt þessum lið við þann þátt í útreikningi tryggingafræðingsins, sem byggður er á tekjum Dagsbrúnarverkamanns.

Tjón stefnanda samkvæmt þessum lið þykir hæfilega metið kr. 75.000,00. Hafa þá verið dregnar frá bætur þær, sem stefnandi samkvæmt framanskráðu hefur fengið upp í tjón sitt frá Tryggingastofnun ríkisins, kr. 22.131,00.

Um 2.

Stefndi hefur mótmælt kröfulið þessum sem of háum.

Dómurinn hefur skoðað lýti þau, er stefnandi ber á vinstri hendi eftir slysið. Með hliðsjón af þeim og öðrum atriðum, er hér koma til álita, þykir kröfuliður þessi við hóf. Verður hann því lagður til grundvallar óbreyttur.

Um 3—6.

Þessir kröfuliðir sæta ekki mótmælum og verða teknir til greina óbreyttir.

Tjón stefnanda telst þá samkvæmt framanskráðu nema alls kr. 92.143,00 (kr. 75.000,00 + kr. 15.000,00 + kr. 993,00 + kr. 300,00 + kr. 250,00 + kr. 600,00). Af þeirri fjárhæð verður stefndi dæmdur til að greiða ⅓ hluta eða kr. 30.714,33 ásamt vöxtum eins og krafizt er, þó svo, að eigi verða dæmdir hærri vextir en 6% p. a.

Eftir þessum málalokum verður stefndi dæmdur til að greiða málskostnað, sem ákveðst kr. 4.200,00. Af þeirri fjárhæð hljóti skipaður málflutningsmaður stefnanda, Árni héraðsdómslögmaður Guðjónsson, kr. 4.000,00, en ríkissjóður kr. 200,00.

Gunnar M. Guðmundsson, fulltrúi borgardómara, kvað upp þennan dóm ásamt meðdómendunum Þorsteini Loftssyni vélfræðiráðunaut og Ögmundi Jónssyni verkfræðingi.

Dómsorð:

Stefndi, Fiskimjöl & lýsi h/f, greiði stefnanda, Angantý Jónssyni, kr. 30.714,33 ásamt 6% ársvöxtum frá 3. maí 1956 til greiðsludags.

Stefndi greiði kr. 4.200,00 í málskostnað. Af þeirri fjárhæð hljóti skipaður málflutningsmaður stefnanda, Árni héraðsdómslögmaður Guðjónsson, kr. 4.000,00 í málflutningslaun, en ríkissjóður kr. 200,00.

Dómi þessum ber að fullnægja innan 15 daga frá lögbirtingu hans að viðlagðri aðför að lögum.

Þriðjudaginn 16. júní 1959.

Nr. 89/1959. **Helga G. Sveinsdóttir**
gegn
borgardómaranum í Reykjavík f. h. ríkissjóðs.

Dóminn skipuðu hinir reglulegu dómarar Hæstaréttar.

Kærumál. Frávísun.

Dómur Hæstaréttar.

Með kæru 11. maí þ. á., sem barst Hæstarétti 23. s. m., hefur sóknaraðili kært til Hæstaréttar frávísunardóm bæjarþings Reykjavíkur, upp kveðinn 5. maí þ. á., í málinu: Þórarinn Jónsson gegn Ólafi Jónssyni og Helgu G. Sveinsdóttur. Krefst sóknaraðili þess, að hinn kærði frávísunardómur verði felldur úr gildi og að varnaraðilja verði dæmt að greiða sóknaraðilja málskostnað í Hæstarétti eftir mati dómsins.

Jafnframt því, að sóknaraðili kærði framangreindan dóm til Hæstaréttar, var hann einnig kærður f. h. Ólafs Jónssonar. Sú kæra stafaði af vangá, og kemur hún því ekki til álita.

Frá varnaraðilja hafa hvorki borizt greinargerð né kröfur í málinu.

Stefndi í héraði hefur samkvæmt framanskráðu einn kært

framangreindan frávísunardóm til breytingar og beint kæru sinni og kröfum að héraðsdómara einum. Slíkt málskot hefur ekki stoð í lögum, og ber því að vísa kærumáli þessu frá dómi.

Málskostnaðarkrafa sóknaraðilja verður ekki tekin til greina.

Dómsorð:

Máli þessu er vísað frá Hæstarétti.

Dómur bæjarþings Reykjavíkur 5. maí 1959.

Mál þetta hefur Þórarinn Jónsson verkstjóri, Vestmannaeyjum, höfðað fyrir bæjarþinginu með stefnu, út gefinni 21. nóvember 1958, á hendur Ólafi Jónssyni, Víðimel 51, og Helgu G. Sveinsdóttur, Bústaðavegi 67, báðum hér í bæ, til greiðslu in solidum á kr. 15.000,00 ásamt 6% ársvöxtum frá 1. janúar 1957 til greiðsludags og málskostnaði að mati dómarans. Til vara er málið höfðað á hendur Ólafi Jónssyni til greiðslu framangreindra fjárhæða.

Stefnandi kveður hina umstefndu fjárhæð vera peningalán, er hann veitti stefnda Ólafi hinn 26. nóvember 1956, en fjárhæðina muni stefndi Ólafur hafa notað til að greiða hluta af kaupverði bifreiðarinnar R-870, er hann notaði til leiguaksturs.

Stefndu í máli þessu gengu í hjónaband á árinu 1951. Með bréfi dómsmálaráðuneytisins, dags. 6. júní 1958, var þeim veitt leyfi til skilnaðar að borði og sæng. Jafnframt var félagsbú þeirra tekið til opinberra skipta og gefin út innköllun til skuldheimtumanna þess. Var kröfu stefnanda lýst í félagsbúið, en mótmælt af stefndu Helgu sem búinu óviðkomandi. Hefur stefnandi höfðað málið fyrir bæjarþinginu til að fá viðurkenningu á skuldinni á hendur stefndu in solidum.

Af hálfu stefnda Ólafs hefur kröfum stefnanda ekki verið mótmælt. Stefnda Helga hefur hins vegar krafizt sýknu og málskostnaðar úr hendi stefnanda, enda telur hún skuldina vera sér og búinu óviðkomandi.

Eins og fram er komið, var bú stefndu tekið til opinberra skipta, og var kröfu stefnanda lýst í búið. Í málinu hefur eigi annað verið upplýst en krafan bíði úrskurðar skiptaréttar Reykjavíkur, enda verður að telja, að skiptaréttinum beri að

úrskurða um kröfuna, sbr. 35. og 38. gr. laga nr. 3/1878. Ber því með vísan til 68. gr., sbr. 3. mgr. 104. gr. laga nr. 85/1936, að vísa máli þessu frá bæjarþinginu ex officio.

Eftir þessum úrslitum og með tilliti til þess, að stefndu hafa ekki hreyft athugasemdum við rekstri málsins fyrir bæjarþinginu, þykir rétt, að málskostnaður falli niður.

Jón G. Tómasson, fulltrúi borgardómara, kvað upp dóm þenna.

Dómsorð:

Máli þessu er vísað frá dómi af sjálfsdáðum.
Málskostnaður fellur niður.

Þriðjudaginn 16. júní 1959.

Nr. 90/1959. **Helga G. Sveinsdóttir**
gegn
borgardómaranum í Reykjavík f. h. ríkissjóðs.

Dóminn skipuðu hinir reglulegu dómarar Hæstaréttar.

Kærumál. Frávísun.

Dómur Hæstaréttar.

Með kæru 11. maí þ. á., sem barst Hæstarétti 23. s. m., hefur sóknaraðili kært til Hæstaréttar frávísunardóm bæjarþings Reykjavíkur, upp kveðinn 5. maí þ. á., í málinu: Eli Auðunsson gegn Ólafi Jónssyni og Helgu G. Sveinsdóttur. Krefst sóknaraðili þess, að hinn kærði frávísunardómur verði felldur úr gildi og að varnaraðilja verði dæmt að greiða sóknaraðilja málskostnað í Hæstarétti eftir mati dómsins.

Jafnframt því, að sóknaraðili kærði framangreindan dóm til Hæstaréttar, var hann einnig kærður f. h. Ólafs Jónssonar. Sú kæra stafaði af vangá, og kemur hún því ekki til álita.

Frá varnaraðilja hafa hvorki borizt greinargerð né kröfur í málinu.

Stefndi í héraði hefur samkvæmt framanskráðu einn kært framangreindan frávísunardóm til breytingar og beint kæru sinni og kröfum að héraðsdómara einum. Slíkt málskot hefur ekki stoð í lögum, og ber því að vísa kærumáli þessu frá dómi.

Málskostnaðarkrafa sóknaraðilja verður ekki tekin til greina.

Dómsorð:

Máli þessu er vísað frá Hæstarétti.

Dómur bæjarþings Reykjavíkur 5. maí 1959.

Mál þetta hefur Elí Auðunsson húsasmiður, Kópavogi, höfðað fyrir bæjarþinginu með stefnu, út gefinni 21. nóvember 1958, á hendur Ólafi Jónssyni, Víðimel 51, og Helgu G. Sveinsdóttur, Bústaðavegi 67, báðum hér í bæ, til greiðslu in solidum á kr. 20.000,00 með 6% ársvöxtum frá 5. september 1958 til greiðsludags og málskostnaði að mati dómarans. Til vara er málið höfðað á hendur Ólafi Jónssyni til greiðslu framangreindra fjárhæða.

Stefnandi kveður hina umstefndu skuld vera samkvæmt víxli, samþykktum af stefnda Ólafi til greiðslu 5. september 1958 og tryggðum með 2. veðrétti í húseign stefndu að Bústaðavegi 67.

Stefndu í máli þessu gengu í hjónaband á árinu 1951. Með bréfi dómsmálaráðuneytisins 6. júní 1958 var þeim veitt leyfi til skilnaðar að borði og sæng. Jafnframt var félagsbú þeirra tekið til opinberra skipta og gefin út innköllun til skuldheimtumanna þess. Var kröfu stefnanda lýst í búið, en mótmælt af hálfu stefndu Helgu sem búinu óviðkomandi. Hefur stefnandi höfðað málið fyrir bæjarþinginu til að fá viðurkenningu á skuldinni á hendur stefndu in solidum.

Af hálfu stefnda Ólafs hefur kröfum stefnanda ekki verið mótmælt. Stefnda Helga hefur hins vegar *aðallega* krafizt þess, að málinu verði vísað frá dómi, en *til vara* krefst hún sýknu. Þá krefst hún málskostnaðar úr hendi stefnanda. Aðalkröfu sína reisir stefnda Helga á því, að skuld sú, sem stefnt er fyrir, sé ekki víxilskuld, þar sem útgefanda vanti á skjalið. Sýknukröfu sína byggir hún á þeim rökum, að skuldin sé sér og búinu óviðkomandi.

Eins og fram er komið, var bú stefndu tekið til opinberra

skipta, og var kröfu stefnanda lýst í búið. Í málinu hefur eigi annað verið upplýst en krafan bíði úrskurðar skiptaréttar Reykjavíkur, enda verður að telja, að skiptaréttinum beri að úrskurða um kröfuna, sbr. 35. og 38. gr. laga nr. 3/1878. Ber því með vísan til 68. gr., sbr. 3. mgr. 104. gr. laga nr. 85/1936, að vísa máli þessu frá bæjarþinginu ex officio.

Eftir þessum úrslitum og með tilliti til þess, að stefndu hafa ekki hreyft athugasemdum við rekstri málsins fyrir bæjarþinginu, þykir rétt, að málskostnaður falli niður.

Jón G. Tómasson, fulltrúi borgardómara, kvað upp dóm þenna.

Dómsorð:

Máli þessu er vísað frá dómi af sjálfsdáðum.
Málskostnaður fellur niður.

Þriðjudagur 16. júní 1959.

Nr. 5/1959. **Bæjarfógetinn á Akranesi f. h. ríkissjóðs** (Sigurður Ólason hrl.)
gegn
Jóni Kristjánssyni (Sveinbjörn Jónsson hrl.).

Dóminn skipuðu hinir reglulegu dómarar Hæstaréttar.

Skattamál. Búfjársala, sem var ekki þáttur í atvinnurekstri, undanþegin tekjuskatti.

Dómur Hæstaréttar.

Valgarður Kristjánsson, fulltrúi bæjarfógetans á Akranesi, hefur kveðið upp hinn áfrýjaða úrskurð.

Áfrýjandi hefur skotið máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 8. janúar 1959. Hann krefst þess, að úrskurður fógeta verði úr gildi felldur, að kveðið verði á um lögtak hjá stefnda fyrir kr. 2.431,00 auk dráttarvaxta og kostnaðar, og svo, að stefnda verði dæmt að greiða málskostnað fyrir Hæstarétti eftir mati dómsins.

Stefndi krefst staðfestingar hins áfrýjaða úrskurðar og málskostnaðar fyrir Hæstarétti eftir mati dómsins.

Stefndi, sem rak kúabú á Akranesi, seldi fasteign sína þar Sementsverksmiðju ríkisins með kaupsamningi 23. september 1954 og afsali 31. desember 1956, og eru málsaðiljar samsaga um það, að eignin hefði vegna byggingar verksmiðjunnar verið tekin eignarnámi, ef um kaup hefði eigi samizt, sbr. 3. gr. laga nr. 35/1948. Leiddi þetta til þess, að stefndi brá búi og seldi kýr sínar, eins og í úrskurði fógeta greinir. Að svo vöxnu máli verður sala kúnna eigi í merkingu skattalaga talin þáttur í atvinnurekstri stefnda og hagnaður af sölunni því eigi til skattskyldra tekna hans. Samkvæmt þessu ber að staðfesta niðurstöðu hins áfrýjaða úrskurðar.

Eftir þessum úrslitum er rétt, að áfrýjandi greiði stefnda málskostnað fyrir Hæstarétti, kr. 3.500,00.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði úrskurður á að vera óraskaður.

Áfrýjandi, bæjarfógetinn á Akranesi f. h. ríkissjóðs, greiði stefnda, Jóni Kristjánssyni, málskostnað fyrir Hæstarétti, kr. 3.500,00.

Úrskurður fógetaréttar Akraness 4. desember 1958.

Í máli þessu, sem tekið var til úrskurðar 14. f. m., hefur gerðarbeiðandinn, innheimtumaður ríkissjóðs á Akranesi, krafizt þess, að lögtak verði gert hjá gerðarþola, Jóni Kristjánssyni, Jaðarsbraut 35, Akranesi, til tryggingar greiðslu þinggjalds fyrir árið 1957, samtals að fjárhæð kr. 7.401,00. Hefur gerðarbeiðandi eigi haft uppi aðrar kröfur í málinu.

Gerðarþoli hefur mótmælt hluta lögtakskröfunnar sem röngum og gert þær dómkröfur, að neitað verði um framkvæmd umbeðins lögtaks. Þá krefst gerðarþoli og málskostnaðar úr hendi gerðarbeiðanda að mati dómsins.

Málavextir eru þessir:

Við álagningu tekjuskatts fyrir árið 1957 var gerðarþola gert að greiða tekjuskatt kr. 3.989,00. Neitaði gerðarþoli að greiða svo háan tekjuskatt fyrir umrætt ár á þeim forsendum, að sér hefðu verið ranglega taldar til skattskyldra tekna kr.

20.000,00, sem var mismunur á matsverði og söluverði 10 kúa, sem hann seldi á árinu 1956.

Lögðu því aðiljar málið undir úrskurð fógetadómsins.

Gerðarþoli telur, að eigi beri að reikna sér til skattskyldra tekna nokkuð af söluverði gripa þeirra, er hann seldi, þar sem hann hafi átt alla gripina lengur en þrjú ár, og beri því ekki að reikna hugsanlegan gróða sem tekjur. Enda telur gerðarþoli, að sér hafi verið reiknaðir gripirnir til tekna, jafnóðum og hann ól þá upp og áður en þeir komust í not.

Gerðarþoli heldur því fram, að þótt tekjuáætlun skattyfirvalda kunni í vissum tilfellum að hafa reynzt lægri en söluverð hvers grips reyndist síðar, þá heimili það ekki, að mismunurinn sé reiknaður til skattskyldra tekna, að minnsta kosti ekki, hafi hann átt gripina uppkomna í 3 ár eða lengur.

Til vara telur gerðarþoli, að framleiðslukostnaður hvers grips hafi reynzt miklu hærri en skattyfirvöldin hafi áætlað og því hafi þau áætlað sér of lítið til frádráttar, en sá mismunur áætlaðs og raunverulegs framleiðslukostnaðar hefði að minnsta kosti átt að dragast frá.

Það, sem hér liggur fyrir að úrskurða, er raunar fyrst og fremst það, hvort telja beri til skattskyldra tekna mismuninn á matsverði og söluverði kúa þeirra, sem gerðarþoli seldi, þ. e. áðurgreindar kr. 20.000,00.

Þegar athuguð eru ákvæði laga nr. 46/1954, um tekjuskatt og eignarskatt, hér að lútandi, svo og reglugerðar nr. 147/1955, um sama efni, virðist það vera meginregla, að tekjur af sölu lausafjár beri eigi að telja til skattskyldra tekna, svo framarlega sem salan falli ekki undir atvinnurekstur, t. d. verðbréfaverzlun eða annað slíkt, né heldur, að seljandi hafi keypt eða öðlazt viðkomandi eign í því skyni að selja hana aftur með ágóða, og loks, hafi seljandi átt hina seldu lausafjármuni lengur en 3 ár.

Gerðarþoli staðhæfir, að hann hafi átt allar þær kýr, sem um ræðir í máli þessu, lengur en 3 ár, og einnig, að hann hafi af utanaðkomandi ástæðum verið tilneyddur að hætta búskap og selja kýrnar. Hafi því ekki verið um að ræða sölu í atvinnuskyni.

Þessu hefur ekki verið mótmælt af hálfu gerðarbeiðanda. Lítur því fógetadómurinn svo á, að samkvæmt 9. gr., sbr. 7. gr. laga nr. 46/1954, um tekjuskatt og eignarskatt, sbr. og 2. stafl. 19. gr., sbr. 15. gr. reglugerðar nr. 147/1955, um sama efni,

beri ekki að telja áðurgreindan 20.000,00 króna mismun á matsverði og söluverði þeirra 10 kúa, sem gerðarþoli seldi, til skattskyldra tekna, heldur sé hér í eðli sínu fremur um að ræða eignarbreytingu.

Kemur því varakrafa gerðarþola um, að tekið verði tillit til þess, að framleiðslukostnaður hvers grips hafi reynzt miklu hærri en skattyfirvöldin hafi áætlað, ekki til álita í máli þessu. Með því að niðurstaða fógetadómsins er sú, að skattskyldar tekjur gerðarþola fyrir árið 1956 hafi verið oftaldar um kr. 20.000,00 og honum því gert að greiða mun hærri tekjuskatt á árinu 1957 en honum bar, verður að synja um framkvæmd hins umbeðna lögtaks.

Eftir atvikum þykir rétt, að málskostnaður falli niður.

Því úrskurðast:

Hið umbeðna lögtak skal ekki fara fram.

Málskostnaður fellur niður.

Þriðjudaginn 16. júní 1959.

Nr. 80/1958. **Finnbogi Kjartansson** (Sigurður Ólason hrl.)
gegn
Unni Á. Jónsdóttur,
Gunnari Sigurðssyni
og
Jónínu Jónsdóttur (Sveinbjörn Jónsson hrl.).

Dóminn skipuðu hinir reglulegu dómarar Hæstaréttar.

Útburðarbeiðni synjað.

Dómur Hæstaréttar.

Þorsteinn S. Thorarensen, fulltrúi borgarfógeta í Reykjavík, hefur kveðið upp hinn áfrýjaða úrskurð.

Áfrýjandi hefur með stefnu 9. júní 1958 skotið máli þessu til Hæstaréttar, að því er það varðar stefndu Unni Á. Jónsdóttur. Þá hefur hann með framhaldsstefnu 27. nóvember 1958 og að fengnu áfrýjunarleyfi 19. s. m. áfrýjað málinu, að því er snertir stefndu Gunnar Sigurðsson og eigin-

konu hans, Jónínu Jónsdóttur. Krefst áfrýjandi þess, að ákveðinn verði útburður á stefndu Gunnari Sigurðssyni og Jónínu Jónsdóttur úr íbúð þeirri, sem stefnda Unnur Á. Jónsdóttir hefur til afnota í húsinu nr. 54 við Háteigsveg, og að stefndu Unni Á. Jónsdóttur og Gunnari Sigurðssyni verði dæmt að greiða honum málskostnað in solidum í héraði og hér fyrir dómi eftir mati Hæstaréttar.

Stefndu krefjast staðfestingar hins áfrýjaða úrskurðar og málskostnaðar úr hendi áfrýjanda fyrir Hæstarétti eftir mati dómsins.

Vegna hjónaskilnaðar málsaðiljanna Finnboga Kjartanssonar og Unnar Á. Jónsdóttur hefur bú þeirra verið tekið til opinberra skipta samkvæmt ákvæðum 6. kapítula skiptalaga, nr. 3/1878, og VII. kafla laga um réttindi og skyldur hjóna, nr. 20/1923, og er skiptum ekki lokið. Skiptaráðandi á úrskurðarvald um ágreining, sem með hjónum verður, meðan á skiptum stendur, um meðferð og ráðstöfun á eignum búsins. Áfrýjandi, sem átelur hagnýtingu stefndu Unnar Á. Jónsdóttur á íbúð þeirri í húsinu nr. 54 við Háteigsveg, sem hún hefur fengið til afnota, átti því, eins og hér stóð á, að æskja úrlausnar skiptaráðanda um þetta deiluefni. Með þessari athugasemd ber að staðfesta niðurstöðu hins áfrýjaða fógetaúrskurðar.

Eftir þessum úrslitum er rétt, að áfrýjandi greiði stefndu málskostnað fyrir Hæstarétti, stefndu Unni Á. Jónsdóttur kr. 700,00 og stefndu Gunnari Sigurðssyni og Jónínu Jónsdóttur sameiginlega kr. 700,00.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði úrskurður á að vera óraskaður.

Áfrýjandi, Finnbogi Kjartansson, greiði stefndu Unni Á. Jónsdóttur málskostnað fyrir Hæstarétti, kr. 700,00, og stefndu Gunnari Sigurðssyni og Jónínu Jónsdóttur sameiginlega málskostnað fyrir Hæstarétti, kr. 700,00.

Dóminum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Úrskurður fógetadóms Reykjavíkur 23. maí 1958.

Gerðarbeiðandi, Finnbogi Kjartansson, hefur krafizt þess, að gerðarþoli Gunnar Sigurðsson verði ásamt öllu, sem honum tilheyrir, borinn út úr húsnæði því, sem hann hefur að undanförnu haft til afnota í húsinu nr. 54 við Háteigsveg. Hann hefur krafizt þess, að ofannefndum Gunnari og gerðarþolanum Unni Áslaugu Jónsdóttur verði in solidum gert að greiða sér málskostnað.

Gerðarþolar hafa mótmælt framgangi útburðar og krafizt málskostnaðar úr hendi gerðarbeiðanda.

Mál þetta var tekið til úrskurðar að loknum munnlegum flutningi, er fram fór hinn 20. marz sl. Uppkvaðning úrskurðar þessa hefur dregizt vegna annríkis við embættið.

Gerðarbeiðandi, Finnbogi Kjartansson, og gerðarþoli Unnur Á. Jónsdóttir mættu fyrir borgardómaranum í Reykjavík miðvikudaginn 13. febrúar 1957 í sambandi við skilnaðarkröfu Unnar. Samþykkti Finnbogi kröfu hennar um skilnað að borði og sæng. Enn fremur samþykkti hann, að hún fengi þá þegar afnotarétt af íbúð félagsbúsins og héldi honum, þar til endanlega yrði gengið frá skiptum. Hefur endurrit úr hjónaskilnaðarbók Reykjavíkur verið lagt fram í málinu. Félagsbú þetta hefur að undanförnu verið til meðferðar í skiptarétti Reykjavíkur.

Gerðarbeiðandi ritar fógetarétti Reykjavíkur hinn 11. nóvember 1957 og skýrir svo frá, að gerðarþoli Unnur Á. Jónsdóttir hafi leigt óviðkomandi fólki hluta af íbúð þessari. Var þess krafizt, að fólk þetta yrði borið út úr íbúðinni, en nafna fólksins ekki getið, og var fyrst bætt úr því í bréfi gerðarbeiðanda, dags. 9. janúar sl.

Er þess nú krafizt, að gerðarþoli Gunnar Sigurðsson verði borinn út úr ofangreindri íbúð ásamt öllu, sem honum tilheyrir. Því er fastlega haldið fram, að samþykki gerðarbeiðanda til þess, að gerðarþoli Unnur fengi afnot húsnæðisins, hafi verið gefið á þeirri ákveðnu forsendu, að hún notaði húsnæðið aðeins fyrir sig persónulega og barn þeirra gerðarbeiðanda, og hefði ekki komið til mála, að gerðarbeiðandi hefði samþykkt þessi afnot með öðru móti. Hún hafi í algeru leyfisleysi leigt Gunnari Sigurðssyni hluta af íbúðinni, þar á meðal eldhúsafnot með sér, og þurfi gerðarbeiðandi engan veginn að sætta sig við þetta og það því síður sem hann eigi ýmsa persónulega muni sína í íbúðinni.

Af hálfu gerðarþolanna er því haldið fram, að afnotaréttur gerðarþola hafi á engan hátt verið takmarkaður, er gerðarbeiðandi gaf samþykki sitt til afnotanna. Megi hún því notfæra sér húsnæðið að eigin vild að því tilskildu, að hún fari ekki út fyrir venjuleg afnot slíkra íbúða. Með því að hún geti alls ekki verið ein með barnið í íbúðinni, bæði vegna þess, að hún vinni úti á daginn, og eins vegna þess, að hún hafi orðið fyrir ýmsum búsifjum af gerðarbeiðanda, og vísar hún til lögregluskýrslna, sem lagðar hafa verið fram í málinu sem rskj. 5—9 incl., hafi hún ráðizt í það að leigja gerðarþola Gunnari 2 herbergi og eldhúsaðgang. Hafi Gunnar og kona hans gengið mjög vel um húsnæðið og engum munum spillt þar, enda noti þau aðeins eigin húsgögn.

Því er haldið fram af hálfu gerðarþolanna, að Unnur hafi á engan hátt brotið í bág við samkomulag við gerðarbeiðanda með þessari ráðstöfun, og mótmæla gerðarþolarnir framgangi útburðarins á þeim grundvelli. Þau vefengja, að gerðarbeiðandi hafi nokkurn rétt til að fara fram á útburðargerðina, þar eð félagsbúið sé undir opinberum skiptum.

Ekki þykir ástæða til þess að fara út í skýrslur lögreglunnar, sem að framan hefur verið minnzt á.

Skv. endurriti úr hjónaskilnaðarbók Reykjavíkur heimilaði gerðarbeiðandi gerðarþola Unni Á. Jónsdóttur afnotarétt af íbúð félagsbús þeirra, þar til endanlega yrði gengið frá skiptum. Skiptum er enn ekki lokið. Verður ekki talið, að fógetarétturinn sé bær að útkljá þetta deiluefni aðiljanna með beinni fógetagerð, og þegar af þeirri ástæðu verður synjað um framgang hinnar umbeðnu útburðargerðar.

Rétt þykir, að málskostnaður falli niður.

Því úrskurðast:

Umbeðin útburðargerð skal ekki fara fram.

Málskostnaður fellur niður.

Fimmtudaginn 18. júní 1959.

Nr. 107/1957. **Ákæruvaldið** (Einar B. Guðmundsson hrl.)
gegn
John Henry Hogarth (Ágúst Fjeldsted hrl.).

Dóminn skipuðu hinir reglulegu dómarar Hæstaréttar.

Fiskveiðibrot.

Dómur Hæstaréttar.

Friðrik V. Ólafsson skólastjóri hefur markað á sjóuppdrátt staðarákvörðun varðskipsins Ægis 30. apríl 1957 við dufl það, sem varðskipið setti út hjá togara ákærða kl. um 00.15 þann dag, og reyndist staður þessi um 0,5—0,6 sm. fyrir innan fiskveiðimörkin.

Dómkvaddir kunnáttumenn fundu hinn 30. apríl 1957 um 1° miðunarskekkju og um 1,5% fjarlægðarskekkju á 12 sm. mælikvarða Cossor-ratsjár Ægis, sem notaður var. Friðrik V. Ólafsson skólastjóri hefur sett stað duflsins í sjóuppdrátt þannig, að skekkjur þessar eru látnar vera ákærða í hag. Reyndist þá staður duflsins vera 0,3—0,4 sm. innan fiskveiðimarkanna.

Samkvæmt gögnum málsins er ljóst, að ákærði hafði togað um stund, 5—10 mínútur, í áttina frá Geirfugladrang, er duflið var sett út.

Samkvæmt framanrituðu er sannað, að ákærði hefur verið að botnvörpuveiðum í landhelgi á nefndum tíma. Varðar brot ákærða við 1., sbr. 3. gr. laga nr. 5/1920, sbr. 1. gr. laga nr. 5/1951 og 1. gr. laga nr. 82/1952, sbr. enn fremur 1. gr. laga nr. 4/1924. Þykir refsing ákærða hæfilega ákveðin kr. 100.000,00 sekt til Landhelgissjóðs Íslands, og komi varðhald 8 mánuði í stað sektarinnar, ef hún verður eigi greidd innan 4 vikna frá birtingu dómsins.

Ákvæði héraðsdóms um upptöku afla og veiðarfæra og um málskostnað í héraði eiga að vera óröskuð.

Ákærða ber að greiða allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin málflutningslaun sækjanda og verjanda fyrir Hæstarétti, kr. 6.000,00 til hvors.

Dómsorð:

Ákærði, John Henry Hogarth, greiði kr. 100.000,00 sekt til Landhelgissjóðs Íslands, og komi 8 mánaða varðhald í stað sektarinnar, ef hún greiðist eigi innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa.

Ákvæði héraðsdóms um upptöku afla og veiðarfæra og um málskostnað í héraði staðfestast.

Ákærði greiði allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin málflutningslaun sækjanda og verjanda fyrir Hæstarétti, Einars B. Guðmundssonar og Ágústs Fjeldsteds hæstaréttarlögmanna, kr. 6.000,00 til hvors.

Dóminum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Dómur sakadóms Reykjavíkur 1. maí 1957.

Ár 1957, miðvikudaginn 1. maí, var í sakadómi Reykjavíkur, sem haldinn var á Fríkirkjuvegi 11, kveðinn upp dómur í málinu nr. 1336/1957: Ákæruvaldið gegn John Henry Hogarth, sem tekið var til dóms sama dag.

Ákærður er John Henry Hogarth, skipstjóri á brezka togaranum Howard, H-271, til heimilis í 3 Well Lane, Willerby, Yorkshire á Englandi, fyrir að hafa gerzt sekur um fiskveiðibrot samkvæmt 1. gr. laga nr. 5/1920, um bann gegn botnvörpuveiðum, sbr. 1. gr. laga nr. 82/1952, um breyting á þeim lögum, með því að hafa verið á botnvörpuveiðum á nefndum togara um miðnætti aðfaranótt 30. apríl 1957 í grennd við Geirfugladrang innan markalínu þeirrar, sem ákveðin er í 1. gr. reglugerðar nr. 21/1952, sbr. lög nr. 44/1948 og lög nr. 82/1952.

Er þess krafizt, að ákærði sæti refsingu samkvæmt 3. gr. laga nr. 5/1920, sbr. 1. gr. laga nr. 5/1951 og 1. gr. laga nr. 81/1952, svo og, að upptæk verði gerð afli og veiðarfæri nefnds togara og að ákærði verði dæmdur til greiðslu alls sakarkostnaðar.

Ákærði er kominn yfir lögaldur sakamanna, fæddur 2. júlí 1915 í Hull, og hefur hvorki sætt ákæru né refsingu hér á landi, svo að kunnugt sé.

Samkvæmt eiðfestri skýrslu Þórarins Björnssonar, skipherra

á varðskipinu Ægi, var varðskipið statt norðaustur af Eldey hinn 29. apríl 1957 kl. 23.46. Varð þá í ratsjá skipsins vart við skip, sem reyndist vera togarinn Howard, H-271, og var það auðsjáanlega innan fiskveiðitakmarkanna við Geirfuglagrang. Kl. 23.46 miðaðist Eldey frá varðskipinu réttvísandi 102°, fjarlægð 8,2 sjómílur, en togarinn réttvísandi 204°, fjarlægð 3,3 sjómílur. Gefur það stað togarans 1,3 sjómílur innan fiskveiðitakmarkanna. Kl. 23.50 miðaðist Eldey réttvísandi 104°, fjarlægð 7,9 sjómílur, en togarinn 208°, fjarlægð 3,4 sjómílur. Gefur það stað togarans 1,2 sjómílur innan fiskveiðitakmarkanna. Kl. 23.56 miðaðist Eldey réttvísandi 099°, fjarlægð 8,0 sjómílur, en togarinn réttvísandi 210°, fjarlægð 2,4 sjómílur. Gefur það stað togarans 1 sjómílu innan fiskveiðitakmarkanna. Kl. 00.07 hinn 30. apríl var skotið tveimur púðurskotum að togaranum, en hann sinnti því ekki. Kl. 00.08 var skotið púðurskoti að honum, og var varðskipið þá komið fast að honum. Kl. 00.11 var enn skotið að honum púðurskoti, og kl. 00.13 var hægt á ferð varðskipsins og fylgzt með togaranum, sem eigi nam enn staðar. Kl. 00.15 var skotið púðurskoti að togaranum, sem þá nam staðar, sló úr blökkinni og fór að hala inn stjórnborðsvörpuna. Dufl var þá sett út við hlið togarans, mjög nærri honum, og við staðarákvörðun við það miðaðist Eldey réttvísandi 087°, fjarlægð 9,7 sjómílur, sem gefur stað duflsins 0,5 sjómílur innan fiskveiðitakmarkanna. Dýpi á þessum stað var 163 metrar. Bátur var sendur frá varðskipinu eftir ákærða, en töluverður tími leið, þar til hann kom yfir í varðskipið, og stafaði sú töf af því, að ákærði gat ekki farið frá skipi sínu, fyrr en varpan hafði verið innbyrt. Skipherra benti ákærða á, hvar skip hans hefði verið innan fiskveiðitakmarkanna. Var síðan haldið að duflinu og staðarathugunin endurtekin, og reyndist hún hin sama og áður. Ákærði leit í ratsjá varðskipsins og taldi fjarlægðina frá Eldey vera 9,8 sjómílur. Mótmælti hann staðarákvörðun varðskipsins og kvaðst hafa verið utan fiskveiðitakmarkanna eftir sinni ratsjá. Sagðist hann hafa verið að kasta vörpunni, sem hefði verið úti í um fimm mínútur. Honum var boðið að bíða birtu í þeirri von, að unnt yrði að gera hornamælingar, en þar sem veðurútlit var slæmt, óskaði hann ekki eftir að bíða, og héldu skipin þá til Reykjavíkur. Þegar þessir atburðir gerðust, var náttmyrkur og þokusúld, svo að skyggni var mjög lítið. Vindur var SV 4, sjór SV 3 og skyggni 2,3 sjómílur.

Allar mælingar varðskipsins voru gerðar með ratsjá og gíróáttavita, og unnu að þeim sameiginlega skipherrann og I. og II. stýrimaður, en þeir síðarnefndu hafa báðir staðfest framanskráðar mælingar og unnið eið að. Einnig hafa þeir staðfest skýrslu skipherrans að öðru leyti, þar á meðal, að duflið hafi verið sett út mjög skammt frá togaranum í þann mund, sem hann byrjaði að draga inn vörpuna. I. stýrimaður skaut öllum skotunum. III. stýrimaður varðskipsins hefur borið, að duflið hafi verið sett út mjög nálægt togaranum, meðan dragstrengir hans voru úti. Loftskeytamaður varðskipsins telur aftur á móti, að allt að ½ sjómíla hafi verið milli skipanna, þegar duflið var sett út, en kveðst ekki eiga gott með að áætla fjarlægðir á sjó.

Ákærði skýrir svo frá, að hann hafi kastað vörpunni kl. 00.05—00.10 í NNV og togað síðan örstutta stund í þá átt. Rétt áður en hann kastaði, gerði hann staðarákvörðun með ratsjá togarans og seguláttavita, og var fjarlægðin frá Eldey 8 sjómílur og stefnan þangað SAaA. Þegar togarinn nam staðar vegna aðgerða varðskipsins og byrjað var að draga inn vörpuna, gerði ákærði aðra staðarákvörðun með sömu tækjum, og var fjarlægðin frá Eldey þá 9,1 sjómíla og stefnan þangað SA ¾ A. Meðan verið var að innbyrða vörpuna, færðist togarinn aftur á staðinn, sem fyrr var mældur. Með ákærða við mælingar þessar var stýrimaður togarans, og hefur hann skýrt frá þeim í samræmi við skýrslu ákærða og staðfest skýrslu sína með eiði. Báðir þessir staðir eru nokkuð utan fiskveiðitakmarkanna. Tveir aðrir staðir togarans, sem ákærði kveðst hafa mælt einn síðar, áður en haldið var til hafnar, eru einnig utan fiskveiðitakmarkanna. Ákærði sá ekki, þegar dufl varðskipsins var sett út, en heldur því fram, að það hafi verið sett á stað, sem togarinn hafi ekki verið á. Þessi vefenging hans á, að duflið hafi verið sett út á stað, sem togarinn hafi ekki komið á, fær þó ekki skipt máli, þar sem sannað er með skýrslum varðskipsmanna, svo sem að framan segir, að enda þótt duflið væri ekki sett í kjölfar togarans, þá hafi það verið sett út mjög nálægt honum, meðan hann var að veiðum.

Þá heldur ákærði því fram, að þegar hann leit í ratsjá varðskipsins við duflið, hafi fjarlægðin frá Eldey verið 9,8 sjómílur, en ekki 9,7, eins og varðskipsmenn halda fram. Eigi kveðst ákærði hafa heyrt nema tvö skot frá varðskipinu. Þegar II. stýrimaður varðskipsins kom um borð í togarann til að sækja

ákærða og einnig þegar III. stýrimaður varðskipsins kom um borð í togarann til að vera þar á verði á leið til hafnar, mæltist ákærði til þess, að þeir athuguðu afstöðu togarans í ratsjá hans, en hvorugur þeirra sinnti þeim tilmælum.

Í rannsókn málsins kvaddi dómurinn þá Ríkarð Sigmundsson rafvirkjameistara, Ólaf Jónsson útvarpsvirkjameistara og Ingólf Þórðarson siglingafræðikennara til að athuga ratsjár varðskipsins og togarans. Hafa þeir staðfest, að ratsjár beggja skipanna séu í góðu ástandi, hvað fjarlægðarmælingar snertir, en nokkur ágalli sé á báðum með tilliti til miðana. Í ratsjá togarans er miðpunktur myndarinnar áberandi til bakborða, en eigi telja skoðunarmennirnir sér fært að segja um, hvaða áhrif þetta hafi á miðunarhæfnina. Í ratsjá varðskipsins er miðpunktur myndarinnar lítið eitt á bakborða og höfuðlínan sömuleiðis eina gráðu á bak, og er það álit tveggja skoðunarmannanna, að þetta valdi einnar gráðu skekkju í miðunarnákvæmni tækisins. Dómurinn hefur athugað, hvaða áhrif þetta gæti haft á staðarmælingar varðskipsins í þessu máli, og komizt að raun um, að enda þótt tekið væri tillit til þessarar ónákvæmni ákærða í hag, yrði staður duflsins samt sem áður innan fiskveiðitakmarkanna. Hafði ákærði þó, þegar duflið var sett út, kastað og togað í 5—10 mínútur í stefnu út að línunni.

Af því, sem nú hefur verið rakið, er ljóst, bæði af skýrslum varðskipsmanna og ákærða, að hann var að botnvörpuveiðum, þegar varðskipið kom að honum, og með mælingum skipherra og I. og II. stýrimanns varðskipsins þykir sannað, að ákærði hafi þá verið innan fiskveiðitakmarkalínunnar, sem ákveðin er í 1. gr. reglugerðar nr. 21/1952, sbr. lög nr. 44/1948 og lög nr. 82/1952, og hafði hann þó samkvæmt eigin skýrslu verið nokkru innar, þegar veiðiaðgerðirnar hófust.

Með þessu hefur ákærði gerzt brotlegur við þau lagaákvæði, sem talin eru í ákæru. Samkvæmt þeim refsiákvæðum, sem þar eru talin og áður eru rakin, og með tilliti til stærðar togarans, 466,25 brúttó rúmlestir, og núverandi gullgildis íslenzkrar krónu þykir refsing ákærða hæfilega ákveðin 74.000,00 króna sekt til Landhelgissjóðs Íslands, og komi varðhald í 7 mánuði í stað sektarinnar, verði hún eigi greidd innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa.

Auk þess skulu allur afli og veiðarfæri, þar með taldir dragstrengir, togarans Howards, H-271, vera upptæk til handa Landhelgissjóði Íslands.

Ákærða ber að dæma til greiðslu alls sakarkostnaðar, þar með talin málsvarnarlaun verjanda síns, Ágústs Fjeldsteds hrl., kr. 1.000,00.

Dóm þennan kveða upp Valdimar Stefánsson sakadómari og meðdómendurnir Jónas Jónasson og Pétur Björnsson skipstjórar.

Dómsorð:

Ákærði, John Henry Hogarth, greiði 74.000,00 króna sekt til Landhelgissjóðs Íslands, og komi 7 mánaða varðhald í stað sektarinnar, verði hún eigi greidd innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa.

Allur afli og veiðarfæri, þar með taldir dragstrengir, togarans Howards, H-271, skulu vera upptæk til handa Landhelgissjóði Íslands.

Ákærði greiði allan sakarkostnað, þar með talin málsvarnarlaun verjanda síns, Ágústs Fjeldsteds hrl., kr. 1.000,00.

Dómi þessum skal fullnægja með aðför að lögum.

Mánudaginn 22. júní 1959.

Nr. 80/1959. **Sementsverksmiðja ríkisins**
(Guttormur Erlendsson hrl.)
gegn
Þorbjörgu Einarsdóttur
(Haukur Jónsson hdl.).

Dóminn skipuðu hinir reglulegu dómarar Hæstaréttar.

Orlofsfé. Sératkvæði.

Dómur Hæstaréttar.

Áfrýjandi hefur skotið máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 11. maí þ. á. Krefst hann þess, að hann verði sýknaður af kröfum stefndu og henni dæmt að greiða málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti að mati dómsins.

Stefnda krefst staðfestingar héraðsdóms og málskostnaðar í Hæstarétti úr hendi áfrýjanda.

Stefndu, sem átti rétt til 34 daga orlofs vegna starfa síns

hjá áfrýjanda, hafði verið sagt upp starfanum með þriggja mánaða uppsagnarfresti. Stefnda hætti störfum að vilja áfrýjanda, þegar tveir mánuðir voru eftir af uppsagnarfrestinum, og telur áfrýjandi, að stefnda, sem naut fulls kaups þennan tíma, hafi þar með notið þess orlofs, er hún átti rétt til, og ríflega það. Ekki verður talið, að þessi tími, er uppsagnarfrestur var að líða að lokum og ætla má, að einnig hafi þurft að nota til leitar að nýju starfi, hafi orðið orlofstími, nema samþykki beggja samningsaðilja kæmi til. Ósannað er, að svo hafi verið, og á því stefnda rétt til þess orlofsfjár úr hendi áfrýjanda, sem hún krefst. Ber því að staðfesta niðurstöðu hins áfrýjaða dóms.

Eftir þessum úrslitum verður áfrýjanda dæmt að greiða stefndu málskostnað fyrir Hæstarétti, er ákveðst kr. 1.500,00.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður.

Áfrýjandi, Sementsverksmiðja ríkisins, greiði stefndu, Þorbjörgu Einarsdóttur, kr. 1.500,00 í málskostnað í Hæstarétti að viðlagðri aðför að lögum.

Sératkvæði
Gizurar Bergsteinssonar hæstaréttardómara.

Áfrýjandi neytti eigi ákvæða 9. og 10. gr. laga nr. 16/1943 til að veita stefndu orlof, áður en hann lét hana fara úr þjónustu sinni, en eigi er það í merkingu nefndra laga orlof, þótt áfrýjandi greiddi stefndu laun tvo síðustu mánuði starfstímans og hafnaði jafnframt vinnu hennar þann tíma.

Samkvæmt þessu á stefnda rétt til þess orlofsfjár, sem hún gerir kröfu til, með þeim hætti og skilyrðum, er greinir í lögum nr. 16/1943 og lögum nr. 8/1957, sbr. einkum 5. mgr. 4. gr., 12. gr., 13. gr. og 16. gr. laga nr. 16/1943.

Ber því að dæma áfrýjanda til að inna af hendi samkvæmt nefndum lögum til stefndu orlofsfé, kr. 4.459,10, ásamt 6% ársvöxtum frá 16. október 1958 til greiðsludags. Svo greiði áfrýjandi stefndu málskostnað í héraði, kr. 1.000,00, og málskostnað fyrir Hæstarétti, kr. 1.500,00.

Dómsorð mitt er:

Áfrýjandi, Sementsverksmiðja ríkisins, greiði stefndu, Þorbjörgu Einarsdóttur, orlofsfé, kr. 4.459,10, með 6% ársvöxtum frá 16. október 1958 til greiðsludags, kr. 1.000,00, málskostnað í héraði, og kr. 1.500,00, málskostnað í Hæstarétti að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur bæjarþings Reykjavíkur 19. febrúar 1959.

Mál þetta, sem dómtekið var 17. þ. m., hefur Þorbjörg Einarsdóttir, Bakkatúni 22, Akranesi, höfðað fyrir bæjarþinginu með stefnu, út gefinni 9. október 1958, á hendur Sementsverksmiðju ríkisins til greiðslu vangoldins orlofsfjár, að fjárhæð kr. 4.459,10, auk 6% ársvaxta frá 16. október 1958 til greiðsludags og málskostnaðar að mati dómarans.

Stefnda hefur krafizt sýknu af kröfum stefnanda og málskostnaðar úr hennar hendi.

Málavextir eru þeir, að stefnandi vann sem ráðskona hjá stefndu frá því í apríl 1957. Í júnímánuði 1958 var henni sagt upp starfi. Féllst stefnda á, að stefnandi ætti rétt á þriggja mánaða uppsagnarfresti, og greiddi henni samkvæmt því full laun til septemberloka það ár, en hins vegar mun hún hafa hætt störfum í lok júlímánaðar. Taldi stefnandi sér þá vangoldið orlofsfé af launum þeim, er hún hafði þegið frá stefndu, þ. e. kr. 131,15 á dag í 34 daga. Er stefnukrafan byggð á útreikningum starfsmanna stefndu, og hefur henni ekki verið mótmælt tölulega.

Sýknukröfu sína styður stefnda þeim rökum, að þar sem stefnanda hafi verið goldin laun í tvo mánuði, eftir að hún hætti vinnu, hafi stefndu verið heimilt að telja þann tíma sem orlof hennar og ríflega það. Telur stefnda fráleitt, að stefnandi eigi kröfu til greiðslu orlofsfjár jafnframt því, sem henni voru greidd laun í tvo mánuði, eftir að hún hætti vinnu hjá stefndu.

Eins og fyrr greinir, þá er ekki um það deilt, að stefnandi hafi átt rétt til þriggja mánaða uppsagnarfrests. Réttur stefnanda samkvæmt lögum nr. 16 frá 26. febrúar 1943 til orlofsfjár er óháður þessum rétti hennar til uppsagnarfrests. Það tilvik, að stefnandi, að því er virðist, að vilja stefndu, lætur af störfum tveim mánuðum áður en uppsagnarfresturinn er liðinn, getur því engin áhrif haft á framangreindan rétt hennar til orlofsfjár af því kaupi, sem hún hafði þegið frá stefndu. Verða

því kröfur stefnanda teknar til greina að öllu leyti, en málskostnaður þykir hæfilega ákveðinn kr. 1.050,00.

Jón G. Tómasson, fulltrúi borgardómara, kvað upp dóm þenna.

Dómsorð:

Stefnda, Sementsverksmiðja ríkisins, greiði stefnanda, Þorbjörgu Einarsdóttur, kr. 4.459,10 með 6% ársvöxtum frá 16. október 1958 til greiðsludags og kr. 1.050,00 í málskostnað innan 15 daga frá lögbirtingu dóms þessa að viðlagðri aðför að lögum.

Mánudaginn 22. júní 1959.

Nr. 22/1959. **Árnason, Pálsson & Co. h/f**
gegn
Brandi Brynjólfssyni.

Útivistardómur.

Dómur Hæstaréttar.

Málssókn þessi fellur niður.

Áfrýjandi, Árnason, Pálsson & Co. h/f, er eigi sækir dómþing í máli þessu, greiði kr. 200,00 útivistargjald til ríkissjóðs, ef hann vill fá mál sitt tekið fyrir af nýju.

Mánudaginn 22. júní 1959.

Nr. 92/1957. **Haraldur Júlíusson**
gegn
Vagni Jónssyni.

Útivistardómur.

Dómur Hæstaréttar.

Málssókn þessi fellur niður.

Áfrýjandi, Haraldur Júlíusson, er eigi sækir dómþing í

máli þessu, greiði kr. 200,00 útivistargjald til ríkissjóðs, ef hann vill fá mál sitt tekið fyrir af nýju.

Mánudaginn 22. júní 1959.

Nr. 135/1957. **Karl H. Björnsson**
gegn
landbúnaðarráðherra f. h. jarðeignadeildar ríkissjóðs og fjármálaráðherra f. h. ríkissjóðs.

Útivistardómur.

Dómur Hæstaréttar.

Málssókn þessi fellur niður.

Áfrýjandi, Karl H. Björnsson, er eigi sækir dómþing í máli þessu, greiði kr. 200,00 útivistargjald til ríkissjóðs, ef hann vill fá mál sitt tekið fyrir af nýju.

Mánudaginn 22. júní 1959.

Nr. 18/1958. **Jens Runólfsson**
gegn
Jóni Jóhannssyni f. h. Birgis Jónssonar.

Útivistardómur.

Dómur Hæstaréttar.

Málssókn þessi fellur niður.

Áfrýjandi, Jens Runólfsson, er eigi sækir dómþing í máli þessu, greiði kr. 200,00 útivistargjald til ríkissjóðs, ef hann vill fá mál sitt tekið fyrir af nýju.

Mánudaginn 22. júní 1959.

Nr. 107/1958. **Margrét Sveinsdóttir**
gegn
Byggingarfélagi verkamanna, Siglufirði.

Útivistardómur.

Dómur Hæstaréttar.

Málssókn þessi fellur niður.

Áfrýjandi, Margrét Sveinsdóttir, er eigi sækir dómþing í máli þessu, greiði kr. 200,00 útivistargjald til ríkissjóðs, ef hún vill fá mál sitt tekið fyrir af nýju.

Mánudaginn 22. júní 1959.

Nr. 156/1958. **Anton Erlendsson**
gegn
Jóhanni Gestssyni.

Útivistardómur.

Dómur Hæstaréttar.

Málssókn þessi fellur niður.

Áfrýjandi, Anton Erlendsson, er eigi sækir dómþing í máli þessu, greiði kr. 200,00 útivistargjald til ríkissjóðs, ef hann vill fá mál sitt tekið fyrir af nýju.

Mánudaginn 22. júní 1959.

Nr. 180/1958. **Garðar Jónsson**
gegn
Böðvari Bjarnasyni.

Útivistardómur.

Dómur Hæstaréttar.

Málssókn þessi fellur niður.

Áfrýjandi, Garðar Jónsson, er eigi sækir dómþing í máli þessu, greiði kr. 200,00 útivistargjald til ríkissjóðs, ef hann vill fá mál sitt tekið fyrir af nýju.

Mánudaginn 22. júní 1959.

Nr. 26/1959. **Ingibjörg Ingólfsdóttir**
og
Hilmar Lúthersson
gegn
Áfengisverzlun ríkisins.

Útivistardómur.

Dómur Hæstaréttar.

Málssókn þessi fellur niður.

Áfrýjendur, Ingibjörg Ingólfsdóttir og Hilmar Lúthersson, er eigi sækja dómþing í máli þessu, greiði kr. 200,00 útivistargjald til ríkissjóðs, ef þau vilja fá mál sitt tekið fyrir af nýju.

Mánudaginn 22. júní 1959.

Nr. 49/1959. **Ingolf Petersen f. h. Kökugerðarinnar h/f**
gegn
bæjargjaldkeranum í Reykjavík f. h. bæjarsjóðs.

Útivistardómur.

Dómur Hæstaréttar.

Málssókn þessi fellur niður.

Áfrýjandi, Ingolf Petersen f. h. Kökugerðarinnar h/f, greiði kr. 200,00 útivistargjald til ríkissjóðs, ef hann vill fá mál sitt tekið fyrir af nýju.

Mánudaginn 22. júní 1959.

Nr. 54/1959. **Ingolf Petersen f. h. Sælgætisgerðarinnar Fríðu**
gegn
Áslaugu Valdimarsdóttur.

Útivistardómur. Ómaksbætur.

Dómur Hæstaréttar.

Málssókn þessi fellur niður.

Áfrýjandi, Ingolf Petersen f. h. Sælgætisgerðarinnar Fríðu, er eigi sækir dómþing í máli þessu, greiði kr. 200,00 útivistargjald til ríkissjóðs, ef hann vill fá mál sitt tekið fyrir af nýju.

Einnig greiði hann stefndu, Áslaugu Valdimarsdóttur, sem hefur sótt dómþing og krafizt ómaksbóta, kr. 300,00 í ómaksbætur að viðlagðri aðför að lögum.

Mánudaginn 22. júní 1959.

Nr. 55/1959. **Ingolf Petersen f. h. Sælgætisgerðarinnar Fríðu**
gegn
Elísabetu Jónsdóttur.

Útivistardómur. Ómaksbætur.

Dómur Hæstaréttar.

Málssókn þessi fellur niður.

Áfrýjandi, Ingolf Petersen f. h. Sælgætisgerðarinnar Fríðu, er eigi sækir dómþing í máli þessu, greiði kr. 200,00 útivistargjald til ríkissjóðs, ef hann vill fá mál sitt tekið fyrir af nýju.

Einnig greiði hann stefndu, Elísabetu Jónsdóttur, sem hefur sótt dómþing og krafizt ómaksbóta, kr. 300,00 í ómaksbætur að viðlagðri aðför að lögum.

Mánudaginn 22. júní 1959.

Nr. 56/1959. **Ingolf Petersen f. h. Sælgætisgerðarinnar Fríðu**
gegn
Þuríði Guðmundsdóttur.

Útivistardómur. Ómaksbætur.

Dómur Hæstaréttar.

Málssókn þessi fellur niður.

Áfrýjandi, Ingolf Petersen f. h. Sælgætisgerðarinnar Fríðu, er eigi sækir dómþing í máli þessu, greiði kr. 200,00 útivistargjald til ríkissjóðs, ef hann vill fá mál sitt tekið fyrir af nýju.

Einnig greiði hann stefndu, Þuríði Guðmundsdóttur, sem

hefur sótt dómþing og krafizt ómaksbóta, kr. 300,00 í ómaksbætur að viðlagðri aðför að lögum.

Mánudaginn 22. júní 1959.

Nr. 58/1959. **Ingolf Petersen**
gegn
Hrafni Jónssyni.

Útivistardómur.

Dómur Hæstaréttar.

Málssókn þessi fellur niður.

Áfrýjandi, Ingolf Petersen, sem eigi sækir dómþing í máli þessu, greiði kr. 200,00 útivistargjald til ríkissjóðs, ef hann vill fá mál sitt tekið fyrir af nýju.

Mánudaginn 22. júní 1959.

Nr. 59/1959. **Ingolf Petersen sjálfur og f. h. Sælgætisgerðarinnar Fríðu**
gegn
Lúðvíg Eggertssyni.

Útivistardómur.

Dómur Hæstaréttar.

Málssókn þessi fellur niður.

Áfrýjandi, Ingolf Petersen f. h. Sælgætisgerðarinnar Fríðu, er eigi sækir dómþing í máli þessu, greiði kr. 200,00 útivistargjald til ríkissjóðs, ef hann vill fá mál sitt tekið fyrir af nýju.

Mánudaginn 22. júní 1959.

Nr. 66/1959. **Ingolf Petersen**
gegn
tollstjóranum í Reykjavík.

Útivistardómur.

Dómur Hæstaréttar.

Málssókn þessi fellur niður.

Áfrýjandi, Ingolf Petersen, er eigi sækir dómþing í máli þessu, greiði kr. 200,00 útivistargjald til ríkissjóðs, ef hann vill fá mál sitt tekið fyrir af nýju.

Mánudaginn 22. júní 1959.

Nr. 81/1959. **Vesturhús h/f**
gegn
Boga Finnbogasyni.

Útivistardómur. Ómaksbætur.

Dómur Hæstaréttar.

Málssókn þessi fellur niður.

Áfrýjandi, Vesturhús h/f, er eigi sækir dómþing í máli þessu, greiði kr. 200,00 útivistargjald til ríkissjóðs, ef hann vill fá mál sitt tekið fyrir af nýju.

Einnig greiði hann stefnda, Boga Finnbogasyni, sem hefur sótt dómþing og krafizt ómaksbóta, kr. 300,00 í ómaksbætur að viðlagðri aðför að lögum.

Mánudaginn 22. júní 1959.

Nr. 27/1954. **Helgi Lárusson og Ólafur Bjarnason, eigendur Efri-Steinsmýrar að ¾ hlutum,**
(Kristján Guðlaugsson hrl.)
gegn
landbúnaðarráðherra f. h. ríkissjóðs, eiganda Syðri-Steinsmýrar (Sveinbjörn Jónsson hrl.).

Dóminn skipuðu hinir reglulegu dómarar Hæstaréttar.

Landamerkjamál.

Dómur Hæstaréttar.

Áfrýjendur hafa skotið máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 5. marz 1954, að fengnu áfrýjunarleyfi 2. s. m. Krefjast þeir þess, að hinn áfrýjaði dómur verði ómerktur og málinu vísað heim í hérað til dómsálagningar af nýju. Þá krefjast þeir og málskostnaðar í Hæstarétti úr hendi stefnda.

Stefndi krefst staðfestingar héraðsdóms og málskostnaðar í Hæstarétti úr hendi áfrýjenda.

Hinum áfrýjaða dómi er að vísu áfátt um lýsingu málsatvika og málsástæðna svo og um rökstuðning af hálfu dómenda. Ekki þykir þó næg ástæða til að ómerkja dóminn af þeim sökum, og þar sem ekki eru aðrir þeir annmarkar á meðferð málsins, er valda eigi ómerkingu, verður ómerkingarkrafa áfrýjenda ekki tekin til greina. Verður málið því dæmt að efni til hér fyrir dómi, sbr. 2. gr. laga nr. 69/1954, enda verður að telja samkvæmt málflutningi, að tilætlun áfrýjenda sé að fá efnisdóm, er ómerkingarkröfunni er hrundið.

Eins og segir í hinum áfrýjaða dómi, er viðurkennt, að varða á Hrauntangabrún og svonefnd Sótabakkavarða séu rétt staðsettar, en bein lína milli varða þessara myndar mörk milli jarðanna Efri-Steinsmýrar og Efri-Fljóta. Hins vegar er ágreiningur milli aðilja máls þessa um framhald þessarar línu í átt til marka Kirkjubæjarhrepps og Hörgslandshrepps, en sú lína myndar mörk milli jarðanna Efri- og Syðri-Steins-

mýrar. Telja áfrýjendur, að lína þessi skuli dregin bein frá Sótabakkavörðu um tilgreinda grjótvörðu norðan rústa Gamlabæjar fram að áðurgreindum hreppamörkum. Stefndi telur hins vegar, að línu þessa beri að draga í beinu framhaldi, miðað við áðurgreindar vörður á Hrauntanga og Sótabakka.

Samkvæmt elztu landamerkjaskrá, frá 11. febrúar 1845, sem lögð hefur verið fram í málinu, voru landamerki Efri-Steinsmýrar á því svæði, er hér skiptir máli, ákveðin þannig: Úr „Þrívörðuhóli aftur þvert vestur í brunahraun, en þegar brunahrauninu sleppir fyrir sunnan nefnda jörð, eru landamerki austur úr miðjum bæjarfarvegnum þvert austur í hólma í kvíslinni fyrir ofan Gamlabæ og þaðan austur í mela." Að því er varðar Syðri-Steinsmýri, stendur svo í sömu skrá: „Úr Sótabakka aftur fyrir norðan nefnda jörð og í hólmann (í) kvíslinni fyrir ofan Gamlabæ og úr honum í Stórubót, þaðan og í sjó." Samkvæmt landamerkjaskrá 3. maí 1886 er lýsingin á nefndum mörkum þessi: „Suðvesturhornmark er grjótvarða, hlaðin á háu skeri, úr henni beina stefnu á aðra vörðu á hraunbrúninni á móts við miðjan fljótsfarveginn, sem er fyrir framan bæinn Efri-Steinsmýri, úr þeirri vörðu beina stefnu í vörðu á Sótabakka, úr þeirri vörðu beina stefnu í vörðu fyrir ofan Gamlabæ og þaðan sjónhendingu beina leið samkvæmt hinni fyrr skráðu stefnu, þar til hún og austur-landssuðursstefnan koma saman." Og 13. júní s. á. undirrituðu fyrirsvarsmenn jarðanna Efri- og Syðri-Steinsmýra og Efri- og Syðri-Fljóta svofellt samkomulag um landamerki: „Úr Sótabakka að vestan í Araþúfu og úr henni í Gljábakkamark, beint til sjávar, og aftur að ofanverðu úr Sótabakka í vörðu fyrir ofan Gamlabæjarkvísl, beint til sjávar." Eftir merkjagöngu, sem síðar verður nánar vikið að, var enn gerð landamerkjaskrá, undirrituð 1. júní 1923 og 31. maí 1929 af forsvarsmönnum Efri-Steinsmýrar og nágrannajarða hennar. Segir þar m. a. svo: „1. Suðvesturhornmark er stór grjótvarða með staur, hlaðin á háu skeri, sem nefnt er Þrívörðusker og er í eldhrauninu, í suður-suðaustur af skerinu Grímu. Þaðan liggja mörkin beina sjón-

hendingu í vörðu á hrauntanganum norðan við Fljótakrók, þaðan eftir Fljótsfarvegi að Hólmalæknum norðan við ytra Hólmatagl og áfram eftir norðurbakka Hólmalækjarins í vörðu úr torfi og grjóti á Sótabökkum norðanverðum ..... 3. Frá Sótabakkavörðu í austur bein stefna í grjótvörðu með stiku norðan við eyðibæinn Gamlabæ, þaðan sama stefna í stiku í sjávarmelunum og sama stefna áfram, þar til er þessi landamerkjalína og norðausturmarkalína jarðarinnar .... „skerast", eða austur að Hörgslandsmörkum". Er tekið fram, að Syðri-Steinsmýrarland liggi að landamerkjalínu samkvæmt 3. tölulið.

Ýmis vitni hafa borið vætti í málinu.

Annars vegar eru vitnin Bjarni Eyjólfsson og Guðmundur Bjarnason, sem telja, að grjótvarða sú nálægt rústum Gamlabæjar, er áfrýjendur miða kröfur sínar við, sé rétt mark. Bjarni Eyjólfsson, sem hefur verið ábúandi ¼ hluta Efri-Steinsmýrar frá því á árinu 1926, gekk fyrst á merki 1950 og taldi sig þá sjá, að nefnd varða mundi vera rétt mark samkvæmt landamerkjaskrám. Guðmundur Bjarnason, sem var ábúandi á Efri-Steinsmýri á árunum 1926—1947, telur og, að sama varða hafi á þessum árum verið ágreiningslaus landamerkjavarða milli Efri- og Syðri-Steinsmýrar.

Á hinn bóginn eru allmörg vitni, sem bera á annan veg um þessi atriði. Bjarnfreður Ingimundarson, sem fluttist frá Efri-Steinsmýri árið 1946, eftir að hafa dvalizt þar rúm 50 ár, ber, að allan þann tíma hafi ágreiningslaus landamerkjalína milli Efri- og Syðri-Steinsmýrar verið í beinu framhaldi af línunni milli Hrauntangavörðu og Sótabakkavörðu, og hafi sú lína legið um smávörðu með tréstiku alllangt norðan Gamlabæjarrústa. Smávarða þessi hafi verið staðsett á norðurbakka svonefndrar Gömlubæjarkvíslar, sem nú mun ekki sýnileg ofan jarðar, en vitnið kveðst með uppgrefti hafa fundið farveg hennar. Grjótvörðu þá, er áfrýjendur vitna til, segir vitni þetta hins vegar vera sunnan nefndrar kvíslar. Vitnið var og meðal þeirra, er gengu á merki á þessum slóðum, áður en merkjaskráin frá 1923 og 1929 var gerð, og staðhæfir vitnið, að þá hafi verið ágreiningslaust, að landa-

merkjalínan skyldi miðuð við beint framhald línunnar milli Hrauntangavörðu og Sótabakkavörðu. Páll Jónsson, ábúandi á Syðri-Steinsmýri I, og Sveinn Sveinsson, sem fluttist frá Efri-Steinsmýri um árið 1933, eftir að hafa búið þar um 10 ár, voru einnig á nefndri merkjagöngu. Bera þeir og, að lína sú, er vitnið Bjarnfreður tilgreinir, hafi þá verið ágreiningslaus af öllum. Vitnið Sveinn svo og vitnið Jóhann Þorsteinsson bera einnig, að stórgripagirðing, sem Efri-Steinsmýrarmenn hafi nokkru síðar sett upp, hafi verið sett í þessi mörk, og er það í samræmi við fram lagðan, óvefengdan uppdrátt af þrætulandinu. Vitnið Eyjólfur Eyjólfsson, sem einnig var með á merkjagöngunni eftir 1920, ber og, að engin ákvörðun hafi þá verið tekin um breytta línu frá Sótabakkavörðu frá því, sem áður var. Halldór Davíðsson, ábúandi á Syðri-Steinsmýri og eigandi ¼ hluta Efri-Steinsmýrar, stóð að því, að framangreind stórgripagirðing var sett upp, og ber hann, að þá hafi verið ágreiningslaust, að girðing þessi hafi verið sett í rétt mörk gagnvart Efri-Steinsmýri. Halldór hefur eigi viljað taka þátt í málssókn þessari með áfrýjendum. Loks liggur fyrir í málinu vottorð Hávarðs Jónssonar, sem ekki hefur verið mótmælt sem óstaðfestu. Hefur Hávarður það eftir gömlum mönnum, að markavarðan hjá Gamlabæ hafi verið fyrir norðan Gömlubæjarkvísl, en hins vegar sé grjótvarða sú, er áfrýjendur vilja miða við, tvímælalaust sunnan kvíslarinnar.

Þegar litið er til þess, sem nú hefur verið rakið, verður að telja nægilega sannað, að mörk á þrætulandinu liggi eins og stefndi heldur fram. Þau mörk samrýmast og þeim ákvæðum landamerkjaskrárinnar frá 3. maí 1886, sem áður hafa verið rakin, og greina skilmerkilegast frá stefnum, en vitni, sem voru á merkjagöngunni, áður en skráin frá 1923 og 1929 var gerð, bera, að ekki hafi þá verið ætlunin að breyta fyrri stefnu markalínunnar á þessum slóðum. Dómkröfur stefnda verða því teknar til greina.

Ákvæði héraðsdóms um málskostnað staðfestast, en áfrýjendum verður dæmt að greiða stefnda kr. 5.000,00 í málskostnað í Hæstarétti.

Það athugast, að ekki hefur verið ákveðið um þóknun og ferðakostnað dómenda í héraði í samræmi við 6. málsgr. 9. gr. laga nr. 41/1919.

Dómsorð:

Landamerki milli jarðanna Efri- og Syðri-Steinsmýrar ákveðast þannig: bein lína frá Sótabakkavörðu, miðuð við framhald línu milli þeirrar vörðu og Hrauntangavörðu, þar til línan sker mörk Kirkjubæjarhrepps og Hörgslandshrepps.

Ákvæði héraðsdóms um málskostnað staðfestist.

Áfrýjendur, Helgi Lárusson og Ólafur Bjarnason, greiði stefnda, landbúnaðarráðherra f. h. ríkissjóðs, kr. 5.000,00 í málskostnað í Hæstarétti.

Dóminum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur landamerkjadóms Skaftafellssýslu 28. ágúst 1953.

Mál þetta, sem dómtekið var 27. ágúst þ. á., er tekið upp ex officio samkvæmt landamerkjalögum, nr. 41/1919, og þingfest 17. þ. m. fyrir aukadómþingi Skaftafellssýslu. Er það risið út af ágreiningi um landamerki milli jarðanna Efri- og Syðri-Steinsmýrar í Leiðvallarhreppi.

Eigandi Syðri-Steinsmýrar er ríkissjóður, og eigendur Efri-Steinsmýrar eru Helgi Lárusson að hálfum hluta jarðarinnar, Ólafur Bjarnason að einum fjórða og Halldór Davíðsson að einum fjórða.

Ágreiningur er um, hvernig stefna landamerkjalínu þessara jarða er frá Sótabakkavörðu og til sjávar.

Eigandi Syðri-Steinsmýrar gerir þær dómkröfur, að landamerkjalínan verði ákveðin bein lína allt frá Hrauntangavörðu um Sótabakkavörðu og sama stefna allt til sjávar eða þar sem línan kann að skerast af landamörkum Hörgslandshrepps.

Helgi Lárusson og Ólafur Bjarnason, eigendur að ¾ hlutum Efri-Steinsmýrar, gera þær dómkröfur, að landamerki nefndra jarða verði ákveðin svo sem þau eru skráð í 3. lið landamerkja-

skrár fyrir Efri-Steinsmýri, dags. 1. júní 1923 og 31. maí 1929, en þar segir svo:

„Frá Sótabakkavörðu í austur bein stefna í grjótvörðu með stiku norðan við eyðibæinn Gamlabæ, þaðan sama stefna í stiku í sjávarmelunum og sama stefna áfram, þar til þessi landamerkjalína og norðausturmarkalína jarðarinnar (undir tölulið 2) „skerast", eða austur í Hörgslandsmörkum. Að landamerkjalínu tölulið 1 liggur að suðvestan Efri-Fljótaland, að tölulið 2 að vestan Botnaland, að norðan og austan Hraunaland og Arnardrangs, að tölulið 3 Syðri-Steinsmýrarland. Að austan verður Hörgslandsland."

Halldór Davíðsson, eigandi ¼ hluta Efri-Steinsmýrar, gerir engar sjálfstæðar kröfur í málinu.

Báðir málsaðiljar krefjast málskostnaðar sér til handa eftir mati dómsins.

Í landamerkjaskrá „kringum eignarlönd þjóðjarðarinnar Steinsmýrar efri" frá 3. maí 1886 segir svo:

„1. Suðvesturhornmark er grjótvarða, hlaðin á háu skeri, úr henni beina stefnu í aðra vörðu á hraunbrúninni á móts við miðjan fljótsfarveginn, sem er fyrir framan bæinn Efri-Steinsmýri, úr þeirri vörðu beina stefnu í vörðu á Sótabakka, úr þeirri vörðu beina stefnu í vörðu fyrir ofan Gamlabæ og þaðan sjónhendingu beina leið samkvæmt hinni fyrr skráðu stefnu, þar til hún og austur-landssuðurstefnan koma saman."

Og í landamerkjaskrá Efri- og Syðri-Steinsmýrar og Efri- og Syðri-Fljóta frá 13. júní 1886 segir enn fremur svo:

„Við undirritaðir höfum komið okkur saman um landamörk svona hljóðandi: Úr Sótabakka að vestan í Araþúfu og úr henni í Gljábakkamark beint til sjávar og aftur að ofanverðu úr Sótabakka í vörðu fyrir ofan Gamlabæjarkvísl beint til sjávar."

Loks segir svo í landamerkjaskrá „umhverfis eignarland bændaeignarinnar Efri-Steinsmýrar í Leiðvallarhreppi", dags. 1. júní 1923 og 31. maí 1929:

„1. Suðvesturhornmark er stór grjótvarða með staur, hlaðin á háu skeri, sem nefnt er Þrívörðusker og er í Eldhrauninu í suður-suðaustur af skerinu Grímu. Þaðan liggja mörkin í beina sjónhendingu í vörðu á hrauntanganum norðan við Fljótakrók, þaðan eftir Fljótsfarvegi að Hólmalæknum norðan við ytra Hólmatagl og áfram eftir norðurbakka Hólmalækjarins í vörðu úr torfi og grjóti á Sótabökkum norðanverðum ...."

3. Þessi liður landamerkjaskrárinnar er áður rakinn.

Allmörg vitni hafa komið fyrir dóm í máli þessu.

Vitnið Eyjólfur Eyjólfsson hreppstjóri, sem var með í því að ákveða landamerki nefndra jarða eftir 1920, segir, að í göngu á landamerkin þá hafi landamerkjaskrá jarðanna frá 1886 verið lögð til grundvallar, er mörkin voru endurreist, og engin ákvörðun tekin um að breyta merkjalínunni frá því, sem áður var, þó með þeirri undantekningu, að vikið hafi verið frá beinni landamerkjalínu á svæðinu frá Hrauntangavörðu að Sótabakka, til þess að Efri-Steinsmýringar gætu notað áveitu, sem þeir höfðu gert þar. Þetta vitni getur þess sérstaklega, að engin ákvörðun hafi verið tekin um að breyta línunni austur frá Sótabakka.

Framburður vitnisins Bjarnfreðar Jóhanns Ingimundarsonar er að mestu í samræmi við framangreindan framburð.

Þá segir vitnið Páll Jónsson, sem var með í merkjagöngunni eftir 1920, að þá hafi verið „byrjað á vörðu á hraunbrúninni og tekin bein lína í Sótabakkamark og áfram bein lína í stiku norður af Gamlabæ, sem nokkrum steinum var raðað að, og þaðan áfram bein lína austur að Skaftárósi, og var sett þar stika í melkoll, sem er nú blásinn upp fyrir nokkru síðan og stikan fallin."

Enn segir vitnið Sveinn Sveinsson, sem einnig var með í merkjagöngunni eftir 1920, „að frá markinu í hraunbrúninni og að því meðtöldu voru settar upp með alllöngu millibili stangir eða prik með hvítum veifum á, öll merkin svo miðuð saman gegnum sjónauka og þaðan haldið áfram beina línu að Skaftárósi. Enginn ágreiningur var fyrir hendi, en full áherzla lögð á, að línan skyldi bein til enda."

Ýmis fleiri vitni hafa komið fyrir dóm í málinu, en ekkert hefur komið fram í framburði þeirra, er hnekki framburði framangreindra vitna eða merkjalýsingunni frá 1886, að undantekinni þeirri einu breytingu, sem gerð var 1923 á merkjalínunni frá Hrauntangavörðu að Sótabakka, sem var í því fólgin að fylgja lækjarrennsli á þessu svæði, en þessi breyting snertir einvörðungu landamerkin milli Efri-Fljóta og Efri-Steinsmýrar.

Eldri menn, kunnugir á þessum slóðum, kannast við Gamlabæjarkvísl, sem var spölkorn norður af eyðibýlinu Gamlabæ, en nú er kvísl þessi sandorpin og horfin. Vitnið Bjarnfreður Jóhann Ingimundarson segir, að landamerkjastikan, sem sett var þarna upp eftir 1920, hafi verið norðan kvíslarinnar. Ber það heim við umsögn Hávarðar Jónssonar, sem lögð hefur verið

fram í málinu (dómskj. 6), en hann er nú látinn. Í umsögn hans segir, að grjóthrúga sú, sem nú er norðan við Gamlabæjarrúst, sé „tvímælalaust sunnan Gamlabæjarkvíslar".

Í landamerkjaskrá Steinsmýra- og Fljótagarða frá 13. júní 1886 segir, að landamerkjavarðan hafi verið fyrir „ofan Gamlabæjarkvísl".

Í málinu liggja fyrir uppdrættir sem dómskjöl nr. 1 og 2, sem málsaðiljar hafa lagt fram í sameiningu.

Enginn ágreiningur er um staðsetningu varðanna á Hrauntangabrún og Sótabakka.

Að því athuguðu, sem að framan er greint, þykja landamerki milli jarðanna Efri- og Syðri-Steinsmýrar rétt ákveðin þannig:

Bein lína úr vörðu á Hrauntangabrún í Sótabakkavörðu og framhald þeirrar beinu línu til sjávar eða þar til hún sker landamörk Hörgslandshrepps, sbr. uppdrætti á dómskjali nr. 1 og 2.

Eftir öllum málavöxtum þykir rétt, að málskostnaður falli niður.

Dóm þennan hafa kveðið upp sýslumaður Jón Kjartansson og meðdómsmenn Björn Runólfsson og Valgeir Helgason.

Dómsorð:

Landamerki milli jarðanna Efri- og Syðri-Steinsmýrar ákveðast þannig:

Bein lína úr vörðu á Hrauntangabrún um Sótbakkavörðu og framhald þeirrar beinu línu til sjávar eða þar til hún sker landamerki Hörgslandshrepps.

Málskostnaður falli niður.

Þriðjudaginn 23. júní 1959.

Nr. 100/1959. **Aðalsteinn Jónsson**
gegn
Árna Sigurjónssyni
og
Jóni Einarssyni.

Dóminn skipuðu hinir reglulegu dómarar Hæstaréttar.

Kærumál. Frávísun héraðsdóms staðfest.

Dómur Hæstaréttar.

Sóknaraðili hefur skotið máli þessu til Hæstaréttar með kæru 29. f. m., er barst Hæstarétti 8. þ. m. Gerir sóknaraðili þær dómkröfur, að ákvæði héraðsdóms um frávísun varakröfu hans verði felld úr gildi og að varnaraðiljum verði dæmt að greiða honum in solidum málskostnað í héraði og svo kærumálskostnað eftir mati Hæstaréttar.

Varnaraðiljar krefjast staðfestingar hinna kærðu dómsákvæða og kærumálskostnaðar af sóknaraðilja eftir mati Hæstaréttar.

Eftir atvikum þykir mega staðfesta héraðsdóminn að því leyti, sem hann hefur verið kærður.

Eftir þessum úrslitum er rétt, að sóknaraðili greiði varnaraðiljum kærumálskostnað, kr. 1.000,00.

Dómsorð:

Héraðsdómurinn á að vera óraskaður að því leyti, sem hann hefur verið kærður.

Sóknaraðili, Aðalsteinn Jónsson, greiði varnaraðiljum, Árna Sigurjónssyni og Jóni Einarssyni, kærumálskostnað, kr. 1.000,00, að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur bæjarþings Hafnarfjarðar 22. maí 1959.

Mál þetta, sem dómtekið var 14. þ. m., er höfðað fyrir bæjarþingi Hafnarfjarðar með stefnu, út gefinni 22. maí 1958, af Aðalsteini Jónssyni trésmið, Sauðanesi, Þingeyjarsýslu, gegn Árna

Sigurjónssyni, Linnetsstíg 2, og Jóni Einarssyni, Austurgötu 33, báðum í Hafnarfirði, in solidum til greiðslu skuldar, að fjárhæð kr. 16.934,85, auk 6% ársvaxta frá 1. apríl 1958 til greiðsludags og málskostnaðar að skaðlausu.

Við munnlegan flutning máls þessa gerði umboðsmaður stefnanda þá varakröfu, að stefndu yrðu f. h. Fæðiskaupendafélags Hafnarfjarðar gert að greiða þessar sömu stefnukröfur.

Stefndu hafa krafizt sýknu af öllum kröfum stefnanda og þeim tildæmdan hæfilegan málskostnað að mati dómarans.

Hvað varakröfu stefnanda snertir, krafðist umboðsmaður stefndu þess, að hún yrði ekki tekin til greina, þar eð hún væri of seint fram komin og hér væri gerð krafa á hendur nýjum aðilja, sem ekki væri löglega stefnt og hefði því ekki gefizt færi á að gæta réttar síns.

Mál þetta var þingfest 27. maí 1958. Með úrskurði, upp kveðnum 13. janúar sl., vék hinn reglulegi dómari, Björn Sveinbjörnsson, settur bæjarfógeti, sæti í máli þessu. Var Elías Elíasson fulltrúi skipaður setudómari í máli þessu með bréfi dómsmálaráðuneytisins, dags. 14. f. m. Hefur hann síðan farið með málið og kveður upp dóm þenna.

Málavextir eru þeir, sem nú skal greina:

Í júnímánuði árið 1950 var stofnað í Hafnarfirði samvinnufélagið Fæðiskaupendur Hafnarfjarðar og því settar samþykktir. Samkvæmt þeim skyldi tilgangur félagsins einkum vera sá að afla félagsmönnum góðs og heilnæms fæðis við eins lágu verði og kostur er. Í þessu skyni var komið upp mötuneyti á Strandgötu 41 í Hafnarfirði, og er það enn starfrækt í marzmánuði f. á. Ábyrgð félagsmanna á skuldbindingum félagsins er takmörkuð við stofnsjóðsinnstæðu, sbr. 3. gr. samþykkta félagsins. Stefnandi máls þessa og annar stefndu, Árni Sigurjónsson, eru báðir meðal stofnenda félags þessa og stefnandi jafnframt kosinn í fyrstu varastjórn þess og endurkosinn í varastjórn á aðalfundunum 1951 og 1952, en síðan hafa aðalfundir ekki verið haldnir. Árni Sigurjónsson hlaut kosningu í síðustu stjórn félagsins, þ. e. á aðalfundi í maí 1952, og Jón Einarsson, sem er annar stefndu, var þá kosinn varaendurskoðandi. Félagið hefur aldrei verið skrásett, og því hefur ekki verið formlega slitið. Félaginu hefur verið gert að greiða söluskatt, sbr. dskj. nr. 7. Á fundi í félaginu 26. nóv. 1951 bauðst maður að nafni Jóngeir D. Eyrbekk til þess að taka að sér rekstur mötuneytisins á sinn

reikning. Því var ekki sinnt, en samþykkt á fundinum, að félagið héldi áfram starfsemi sinni.

Frá því í júní 1957 til marz 1958 incl. hefur mötuneytið tekið út vörur hjá Kjötbúð Vesturbæjar í Hafnarfirði fyrir samtals kr. 24.267,00, og af þeirri upphæð er það nú talið skulda kr. 16.934.85, en það er sú skuld, sem mál þetta er risið út af. Kröfu þessa hefur stefnandi eignazt. Á þeim tíma, sem til umræddrar vöruúttektar er stofnað, eru 20 menn taldir í fæði hjá mötuneytinu, þó misjafnlega lengi hver, og meðal þeirra voru aðiljar máls þessa.

Stefnandi byggir kröfur sínar á því, að stefndu reki fyrrgreinda matstofu á Strandgötu 41 og þeir hafi tekið út umræddar vörur hjá Kjötbúð Vesturbæjar vegna matstofunnar, og beri þeim því að greiða sér kröfuna, sem hann hafi fengið framselda.

Sýknukröfu sína reisa stefndu á því, að þeir séu ekki réttir varnaraðiljar í máli þessu. Þeir reki hvorki né hafi rekið matsölu á Strandgötu 41. Ekki hafi þeir tekið út vörur þær, sem hér sé krafið um greiðslu á, og ekki hafi þeir tekið á sig sérstaka ábyrgð á greiðslu varanna eða á annan hátt skapað sér greiðsluábyrgð, og ekki hafi þeir átt upptökin að því, að til nefndrar vöruúttektar var stofnað.

Skulu nú raktir framburðir aðiljanna að því leyti, sem máli virðist geta skipt hér.

Stefnandi skýrir svo frá, að hann hafi samið við stefndu um, að matstofan tæki út vörur hjá áðurnefndri verzlun, en sjálfur hafi hann átt inni hjá verzluninni. Hafi matstofan eða stefndu skuldbundið sig til að sjá um greiðslu á úttektinni til stefnanda, og hafi þetta verið munnlegt loforð stefndu. Enda þótt hann hafi kallað matsöluna fæðiskaupendafélag, kveðst hann hafa litið svo á, að tvö til þrjú síðustu árin hafi ekki verið um neitt félag að ræða, því að engir fundir hafi verið haldnir. Ekki segist hann vita, hvort félaginu hafi verið slitið, og ekki hafi hann heldur hugmynd um, hvort það hafi nokkurn tíma verið stofnað. Þó kannast hann við að hafa verið einn af stofnendum félagsins upphaflega og muni á sínum tíma hafa verið kosinn í stjórn á aðalfundi, eins og segir í skýrslu hans hér fyrir dómi. Enn fremur tekur hann fram, að hann hafi átt upptök að því, að til umræddra viðskipta var stofnað og á þann hátt, sem það var gert. Stefnandi kveðst hafa „litið á“ stefndu

sem forsvarsmenn matsölunnar. Ekki gerði hann sér þó grein fyrir, hvort þeir ættu matsöluna, en „taldi“, að þeir rækju hana á sína ábyrgð að miklu leyti. Honum er kunnugt, að upphaflega hafi verið um talað, að félagið ætti að vera samvinnufélag, en hann hafi ekki litið á það sem slíkt, því að það hafi ekki verið rekið sem samvinnufélag, því að a.m.k. seinni árin hafi engir fundir verið haldnir í því og engin stjórn kosin.

Stefndi Jón kannast við, að stefnandi hafi talað við sig um umrædd viðskipti, en hann hafi svarað því til, að hann skipti sér ekki af því, hvar fæðiskaupendafélagið hefði viðskipti. Hann kveðst hafa gengið í félagið árið 1952 og þá greitt inntökugjald. Sér hafi verið sagt, að þetta væri samvinnufélag, og hann hefði því talið, að svo væri. Síðan síðasta stjórn hafi verið kosin 1952, hafi aldrei verið haldnir aðalfundir, enda hafi hún ekki kallað til aðalfundar til að skila af sér. Þegar stefndi Jón kom í félagið, var maður að nafni Jón Guðmundsson gjaldkeri þess. Jón Einarsson segist hafa aðstoðað hann nokkuð við innköllun á fæðisþeningum hjá félögunum, og meðan gjaldkerinn fór í sumarleyfi, kveðst hann einnig hafa tekið að sér að sjá um greiðslur á gjöldum og reikningum, en eftir að Jón Guðmundsson kom úr leyfinu, hafi hann ekki aftur viljað taka við gjaldkerastarfinu, og hafi hann því gegnt því áfram. Þegar hann tók við starfi þessu, kveðst hann hafa látið þess getið við félagsmenn, að hann kynni ekki að færa bókhald, enda kveðst hann ekki geta sýnt bókhald yfir tekjur og gjöld félagsins, meðan hann starfaði fyrir það. Stefndi Jón kveðst hafa meðlimaskrá félagsins undir höndum.

Stefndi Árni kveðst ekki minnast þess, að stefnandi hafi neitt rætt við sig um oftnefnda vöruúttekt, áður en hún hófst, en síðar hafi hann frétt þetta „við borðið“. Enn fremur segir hann, að hann hafi átt tal um þessa úttekt við stúlkurnar í eldhúsinu, því að hann hafi verið óánægður með vöruna, en þær hafi svarað því til, að stefnandi hafi lagt áherzlu á að taka sem mest þarna út, og hann því látið það afskiptalaust, því að stefnandi hafi þá verið stjórnarmeðlimur og einnig skuldugur félaginu; gæti hann því ráðið þessu eins og hinir. Hann kveður starfsstúlkur félagsins hafa ráðið mestu um það, hvar verzlað var. Stefndi Árni segist sem stjórnarmeðlimur hafa ráðið stúlkur til starfa hjá félaginu og lítils háttar hafa aðstoðað Jón Einarsson við innheimtu á fæðisþeningum. Aðrir hafi ekki skipt sér af þessu upp á síðkastið nema sem félagar, ef þeim fannst eitthvað

að. Félagið hafi verið hálf-stjórnlaust um þetta leyti, en það hafi verið stofnað sem félag og ætíð starfað sem slíkt, enda hafi hann ekki annað vitað en það hafi verið löglega skráð sem samvinnufélag. Hann kveðst árangurslaust hafa reynt að ná saman fundi síðustu stjórnar.

Báðir stefndu töldu sig starfa fyrir félagið. Ekki kveðast þeir hafa fengið greidda sérstaka þóknun fyrir störf sín í þágu félagsins. Félagsmenn voru allir taldir, sem voru í fastafæði hjá matstofunni. Stefndu vita ekki til þess, að nokkur maður hafi sagt sig úr félaginu.

Mun nú fyrst vikið að varakröfunni. Eins og áður segir, kom umboðsmaður stefnanda fram með þá varakröfu, er málið var munnlega flutt, að stefndu yrðu f. h. Fæðiskaupendafélags Hafnarfjarðar dæmdir til þess að greiða stefnukröfurnar. Umboðsmaður stefndu mótmælti varakröfunni sem of seint fram kominni og ódómhæfri og krafðist þess, að henni yrði vísað frá, hér væri gerð krafa á hendur nýjum aðilja, þ. e. félaginu, sem ekki hefði verið löglega stefnt og hefði því ekki gefizt færi á að gæta réttar síns.

Með varakröfu sinni beinir stefnandi málinu að nýjum aðilja, án þess að honum sé löglega stefnt og gefinn kostur á að gæta hagsmuna sinna. Ber þegar af þeirri ástæðu að vísa varakröfunni á bug.

Umboðsmenn aðiljanna lýstu yfir því við munnlegan flutning málsins, að þeir teldu Fæðiskaupendafélag Hafnarfjarðar hafa verið löglega stofnað sem samvinnufélag, þótt smærri ágallar væru á samþykktum þess og þá einkum það, að þar skorti ákvæði um félagsslit. Umboðsmaður stefnanda hélt því hins vegar fram, að matstofan hefði verið starfrækt af öðrum aðiljum en félaginu síðustu fimm árin, þ. e. af stefndu, en því hefur umboðsmaður stefndu ávallt staðfastlega mótmælt.

Félag þetta er stofnað sem samvinnufélag og virðist hafa verið haldið í horfinu fyrstu tvö árin eða svo, þótt ekki sé félagið skrásett. Svo er að sjá sem mikið los hafi síðan komizt á félagsskapinn, og virðist þá vanta mikið á, að hann fullnægi þeim skilyrðum, sem lög setja um samvinnufélög. Rekstur matstofunnar sýnist fljótlega hafa tekið að mæða á þeim stefndu. Framburður stefnanda um félagið og starfrækslu matstofunnar er talsvert á reiki.

Þegar litið er til þess, að stefnandi máls þessa er einn af stofnendum þessa félagsskapar og í varastjórn hans, meðan hún

var kosin, og alltaf annað kastið í fæði hjá umræddri matstofu og hefur því ætíð átt auðvelt með að fylgjast með starfrækslunni, mátti honum vera sérstaklega ljóst, að stefndu ábyrgðust ekki persónulega skuldir félagsins, enda verður að telja, að ábyrgðarreglan í 2. mgr. 9. gr. laga nr. 46/1937 sé einungis sett til tryggingar grandlausum viðsemjendum slíkra félaga, sem þar er rætt um.

Með skírskotun til þess, sem að framan greinir, verður ekki talið, að stefnanda hafi verið rétt að líta svo á, að stefndu væru fyrirsvarsmenn margnefndrar matstofu eða bæru einir ábyrgð á rekstri hennar. Hafa því kröfur hans í málinu, sem eingöngu eru á þessu byggðar, ekki við rök að styðjast.

Ekki eru heldur efni til þess, eins og mál þetta liggur fyrir, að dæma stefndu til þess að greiða stefnukröfurnar að hluta.

Úrslit máls þessa verða því þau, að sýkna ber stefndu af kröfum stefnanda.

Samkvæmt þessu þykir rétt, að stefnandi greiði stefndu málskostnað, sem ákveðst kr. 1.500,00.

Dómsorð:

Stefndu, Árni Sigurjónsson og Jón Einarsson, skulu vera sýknir af kröfum stefnanda, Aðalsteins Jónssonar, í máli þessu.

Stefnandi greiði stefndu kr. 1.500,00 í málskostnað innan 15 daga frá lögbirtingu dóms þessa að viðlagðri aðför að lögum.

Miðvikudaginn 24. júní 1959.

Nr. 37/1959. **Brandur Brynjólfsson**
(Kristinn Gunnarsson hrl.)
gegn
Árnasyni, Pálssyni & Co. h/f (enginn).

Dóminn skipuðu hinir reglulegu dómarar Hæstaréttar.

Verzlunarskuld.

Dómur Hæstaréttar.

Áfrýjandi hefur skotið máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 26. febrúar þ. á. að fengnu áfrýjunarleyfi 20. s. m. Krefst hann þess, að hinn áfrýjaði dómur verði staðfestur og stefnda dæmt að greiða málskostnað í Hæstarétti að mati dómsins.

Af hálfu stefnda var sótt þing við þingfestingu málsins í Hæstarétti, en síðar ekki. Málið hefur því verið flutt skriflega samkvæmt 1. tölulið 38. gr. hæstaréttarlaga, nr. 112/1935, og dæmt eftir fram lögðum skjölum.

Með skírskotun til forsendna héraðsdóms ber að staðfesta hann.

Stefndi hafði áfrýjað málinu af sinni hálfu, áður en áfrýjandi tók út áfrýjunarstefnu sína. Hafði áfrýjandi því ástæðu til að bera málið undir Hæstarétt. Þykir því rétt að dæma stefnda til að greiða málskostnað fyrir Hæstarétti, kr. 4.000,00.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður.

Stefndi, Árnason, Pálsson & Co. h/f, greiði áfrýjanda, Brandi Brynjólfssyni, kr. 4.000,00 í málskostnað í Hæstarétti að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur sjó- og verzlunardóms Reykjavíkur 14. maí 1958.

Mál þetta, sem tekið var til dóms 9. þ. m., hefur Brandur Brynjólfsson lögfræðingur, Reykjavík, höfðað með stefnu, birtri 25.

júní 1957, gegn firmanu Árnasyni, Pálssyni & Co. h/f, Reykjavík, til greiðslu skuldar, að fjárhæð kr. 39.033,37, ásamt 6% ársvöxtum frá 1. janúar 1953 til greiðsludags og málskostnaðar að skaðlausu.

Í greinargerð krafðist stefndi þess, að máli þessu yrði vísað frá dómi, án þess að taka sérstaklega til varna um efnishlið málsins.

Hinn 18. desember 1957 fór fram munnlegur málflutningur um frávísunarkröfu stefnda, og með úrskurði, upp kveðnum 19. desember s. á., var frávísunarkröfunni hrundið.

Í þinghaldi hinn 4. janúar 1958 lýstu umboðsmenn aðilja yfir því, að gagnasöfnun væri lokið í málinu. Hafði stefndi þó ekkert fjallað um málið að efni til.

Við hinn munnlega málflutning gerði umboðsmaður stefnda þær dómkröfur *aðallega,* að málinu yrði vísað frá dómi vegna vanreifunar af hálfu stefnanda, en *til vara* krafðist hann sýknu af öllum kröfum stefnanda. Þá krafðist hann málskostnaðar úr hendi stefnanda að skaðlausu.

Í fyrrnefndum úrskurði hefur verið dæmt um frávísunarkröfu stefnanda. Er því ekki efni til að taka það atriði nú til sérstakrar úrlausnar.

Stefnandi skýrir svo frá málavöxtum, að stefndi hafi á árunum 1952 til 1955 átt verzlunarviðskipti við Kaupfélag Borgfirðinga, Borgarnesi. Hafi stefndi keypt ýmsar landbúnaðarafurðir af Kaupfélagi Borgfirðinga, en selt því í staðinn ýmsa álnavöru. Sé hin umstefnda skuld til komin vegna viðskipta þessara, en Þórður Pálmason, forstjóri Kaupfélags Borgfirðinga, hafi framselt honum (stefnanda) skuldakröfuna með framsali, dags. 30. apríl 1957, sem sé áritað á viðskiptareikning, sem tekinn sé úr bókum kaupfélagsins, en niðurstaða viðskiptareiknings þessa sýni, að stefndi skuldi kaupfélaginu stefnufjárhæðina.

Stefndi byggir sýknukröfu sína á því, að engin viðskipti hafi átt sér stað milli hans og Kaupfélags Borgfirðinga síðan á árinu 1952, en í árslok 1952 hafi reikningar stefnda og kaupfélagsins staðið þannig, að hann (stefndi) hafi skuldað kaupfélaginu kr. 6.948,00. Þar sem engin viðskipti hafi átt sér stað milli þeirra eftir árslok 1952, sé krafan fallin niður fyrir fyrningu. Stefndi hefur hins vegar haldið því fram, að starfsmaður stefnda, Guðmundur Holberg Þórðarson, hafi átt persónuleg viðskipti við kaupfélagið eftir árslok 1952, og muni viðskiptum starfsmanns þessa og kaupfélagsins ef til vill hafa verið ruglað saman.

Varnir þessar hafði stefndi fyrst uppi í hinum munnlega mál-

flutningi. Stefnandi mótmælti þeim sem röngum og allt of seint fram komnum. Stefndi benti þá á, að hann hefði áskilið sér rétt til þess í greinargerð að bera fram aðrar og fleiri málsástæður og varnir síðar, ef hann þyrfti. Þessum áskilnaði hefði stefndi ekki mótmælt, og væri stefnda því heimilt að hafa varnirnar uppi, þótt í munnlegum málflutningi væri.

Þrátt fyrir hinn almenna áskilnað stefnda í greinargerð um rétt til að koma að nýjum vörnum síðar, verður að telja, að varnir þær, sem hann kom fyrst fram með í hinum munnlega málflutningi og hann hefur á engan hátt rökstutt, séu gegn andmælum stefnanda of seint fram komnar, sbr. 110. gr. laga nr. 85/1936.

Verða kröfur stefnanda, sem þannig hafa ekki sætt rökstuddum andmælum, teknar til greina að öðru leyti en því, að vextir reiknast frá 25. júní 1953.

Eftir þessum úrslitum ber stefnda að greiða stefnanda málskostnað, er þykir hæfilega ákveðinn kr. 4.000,00.

Bjarni K. Bjarnason, fulltrúi borgardómara, kvað upp dóm þenna ásamt meðdómsmönnunum Jóhanni Ólafssyni forstjóra og Þorsteini Þorsteinssyni, fyrrverandi hagstofustjóra.

Dómsorð:

Stefndi, Árnason, Pálsson & Co. h/f, greiði stefnanda, Brandi Brynjólfssyni, kr. 39.033,37 ásamt 6% ársvöxtum frá 25. júní 1953 til greiðsludags og kr. 4.000,00 í málskostnað, allt innan 15 daga frá lögbirtingu dóms þessa að viðlagðri aðför að lögum.

Miðvikudaginn 24. júní 1959.

Nr. 63/1959. **Áslaug Valdimarsdóttir**
(Sigurður Ólason hrl.)
gegn
Ingolf Petersen (enginn).

Dóminn skipuðu hinir reglulegu dómarar Hæstaréttar.

Fjárnámsgerð staðfest.

Dómur Hæstaréttar.

Þorsteinn S. Thorarensen, fulltrúi borgarfógetans í Reykjavík, framkvæmdi fjárnámsgerðina.

Áfrýjandi hefur skotið máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 16. apríl þ. á. Krefst hún þess, að hin áfrýjaða fjárnámsgerð verði staðfest og stefnda verði dæmt að greiða málskostnað í Hæstarétti.

Stefndi sótti sjálfur þing við þingfestingu málsins í Hæstarétti, en síðar hefur ekki verið sótt þing í því af hans hálfu. Er málið því flutt skriflega samkvæmt 1. tölulið 38. gr. hæstaréttarlaga, nr. 112/1935, og dæmt eftir fram lögðum skjölum.

Með því að engir gallar eru á hinni áfrýjuðu fjárnámsgerð, ber að taka kröfu áfrýjanda um staðfestingu til greina.

Stefndi hafði áfrýjað fjárnámsgerðinni af sinni hálfu, áður en áfrýjandi tók út áfrýjunarstefnu sína. Hafði áfrýjandi því ástæðu til að bera fjárnámsgerðina undir Hæstarétt. Er því rétt að dæma stefnda til að greiða áfrýjanda málskostnað fyrir Hæstarétti, er ákveðst kr. 2.500,00.

Dómsorð:

Hin áfrýjaða fjárnámsgerð staðfestist.

Stefndi, Ingolf Petersen, greiði áfrýjanda, Áslaugu Valdimarsdóttur, kr. 2.500,00 í málskostnað í Hæstarétti að viðlagðri aðför að lögum.

Fjárnámsgerð fógetaréttar Reykjavíkur 11. marz 1959.

Fyrir gerðarbeiðanda mætir Bogi Ingimarsson hdl. vegna Þorvalds Lúðvíkssonar hdl. Hann krefst fjárnáms fyrir kr. 2.462,00, 6% ársvöxtum frá 1/10 '58 til greiðsludags, 6% í orlof, kr. 950,00 í málskostnað auk alls kostnaðar við fjárnám og uppboð.

Gerðarþoli ..... er ekki mættur. Kona hans, Málfríður Petersen, mætir fyrir hann og kveðst ekki greiða. Hún bendir á til fjárnáms eignarhluta gerðarþola í húsinu nr. 20 við Háteigsveg. .....

Rétturinn var fluttur í húsið nr. 20 við Háteigsveg. Þar var staddur starfsmaður gerðarþola, Jens Sveinsson.

Fógeti lýsti yfir fjárnámi í eignarhluta gerðarþola í húsinu nr. 20 við Háteigsveg, og lofaði Jens Sveinsson að láta gerðarþola vita um fjárnámið.

Miðvikudaginn 24. júní 1959.

Nr. 64/1959. **Elísabet Jónsdóttir** (Sigurður Ólason hrl.)
gegn
Ingolf Petersen (enginn).

Dóminn skipuðu hinir reglulegu dómarar Hæstaréttar.

Fjárnámsgerð staðfest.

Dómur Hæstaréttar.

Þorsteinn S. Thorarensen, fulltrúi borgarfógetans í Reykjavík, framkvæmdi fjárnámsgerðina.

Áfrýjandi hefur skotið máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 16. apríl þ. á. Krefst hún þess, að hin áfrýjaða fjárnámsgerð verði staðfest og stefnda verði dæmt að greiða málskostnað í Hæstarétti.

Stefndi sótti sjálfur þing við þingfestingu málsins í Hæstarétti, en síðar hefur ekki verið sótt þing í því af hans hálfu. Er málið því flutt skriflega samkvæmt 1. tölulið 38. gr. hæstaréttarlaga, nr. 112/1935, og dæmt eftir fram lögðum skjölum.

Með því að engir gallar eru á hinni áfrýjuðu fjárnámsgerð, ber að taka kröfu áfrýjanda um staðfestingu til greina.

Stefndi hafði áfrýjað fjárnámsgerðinni af sinni hálfu, áður en áfrýjandi tók út áfrýjunarstefnu sína. Hafði áfrýjandi því ástæðu til að bera fjárnámsgerðina undir Hæstarétt. Er því rétt að dæma stefnda til að greiða áfrýjanda málskostnað fyrir Hæstarétti, er ákveðst kr. 2.500,00.

Dómsorð:

Hin áfrýjaða fjárnámsgerð staðfestist.

Stefndi, Ingolf Petersen, greiði áfrýjanda, Elísabetu Jónsdóttur, kr. 2.500,00 í málskostnað í Hæstarétti að viðlagðri aðför að lögum.

Fjárnámsgerð fógetaréttar Reykjavíkur 11. marz 1959.

Fyrir gerðarbeiðanda mætir Bogi Ingimarsson hdl. vegna Þorvalds Lúðvíkssonar hdl. Hann krefst fjárnáms fyrir kr. 2.462,00, 6% ársvöxtum frá 1/10 '58 til greiðsludags, 6% í orlof, kr. 950,00 í málskostnað auk alls kostnaðar við fjárnám og uppboð.

Gerðarþoli ..... er ekki mættur. Kona hans, Málfríður Petersen, mætir fyrir hann og kveðst ekki greiða. Hún bendir á til fjárnáms eignarhluta gerðarþola í húsinu nr. 20 við Háteigsveg. .....

Rétturinn var fluttur í húsið nr. 20 við Háteigsveg. Þar var staddur starfsmaður gerðarþola, Jens Sveinsson.

Fógeti lýsti yfir fjárnámi í eignarhluta gerðarþola í húsinu nr. 20 við Háteigsveg, og lofaði Jens Sveinsson að láta gerðarþola vita um fjárnámið.

Miðvikudaginn 24. júní 1959.

Nr. 65/1959. **Þuríður Guðmundsdóttir**
(Sigurður Ólason hrl.)
gegn
Ingolf Petersen (enginn).

Dóminn skipuðu hinir reglulegu dómarar Hæstaréttar.

Fjárnámsgerð staðfest.

Dómur Hæstaréttar.

Þorsteinn S. Thorarensen, fulltrúi borgarfógetans í Reykjavík, framkvæmdi fjárnámsgerðina.

Áfrýjandi hefur skotið máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 16. apríl þ. á. Krefst hún þess, að hin áfrýjaða fjárnámsgerð verði staðfest og stefnda verði dæmt að greiða málskostnað í Hæstarétti.

Stefndi sótti sjálfur þing við þingfestingu málsins í Hæstarétti, en síðar hefur ekki verið sótt þing í því af hans hálfu. Er málið því flutt skriflega samkvæmt 1. tölulið 38. gr. hæstaréttarlaga, nr. 112/1935, og dæmt eftir fram lögðum skjölum.

Með því að engir gallar eru á hinni áfrýjuðu fjárnámsgerð, ber að taka kröfu áfrýjanda um staðfestingu til greina.

Stefndi hafði áfrýjað fjárnámsgerðinni af sinni hálfu, áður en áfrýjandi tók út áfrýjunarstefnu sína. Hafði áfrýjandi því ástæðu til að bera fjárnámsgerðina undir Hæstarétt. Er því rétt að dæma stefnda til að greiða áfrýjanda málskostnað fyrir Hæstarétti, er ákveðst kr. 2.500,00.

Dómsorð:

Hin áfrýjaða fjárnámsgerð staðfestist.

Stefndi, Ingolf Petersen, greiði áfrýjanda, Þuríði Guðmundsdóttur, kr. 2.500,00 í málskostnað í Hæstarétti að viðlagðri aðför að lögum.

Fjárnámsgerð fógetaréttar Reykjavíkur 11. marz 1959.

Fyrir gerðarbeiðanda mætir Bogi Ingimarsson hdl. vegna Þor-

valds Lúðvíkssonar hdl. og krefst fjárnáms fyrir kr. 1.042,00, 6% ársvöxtum frá 1/9 '58 til greiðsludags, 6% í orlof, kr. 800,00 í málskostnað auk kostnaðar við fjárnám og uppboð.

Gerðarþoli ..... er ekki mættur. Kona hans, Málfríður Petersen, mætir fyrir hann og kveðst ekki greiða. Hún bendir á til fjárnáms eignarhluta gerðarþola í húsinu nr. 20 við Háteigsveg. Hún kveðst ekki geta komið því við að mæta þar á Háteigsveg.

Rétturinn var fluttur í húsið nr. 20 við Háteigsveg. Þar var staddur starfsmaður gerðarþola, Jens Sveinsson.

Fógeti lýsti yfir fjárnámi í eignarhluta gerðarþola í húsinu nr. 20 við Háteigsveg, og lofaði Jens Sveinsson að láta gerðarþola vita um fjárnámið.

Miðvikudaginn 24. júní 1959.

Nr. 103/1959. **Árni Ólafsson**
gegn
fjármálaráðherra f. h. ríkissjóðs.

Dóminn skipuðu hinir reglulegu dómarar Hæstaréttar.

Kærumál. Synjað um, að héraðsdómari víki sæti.

Dómur Hæstaréttar.

Með kæru 12. þ. m., sem barst Hæstarétti 13. s. m., hefur sóknaraðili kært úrskurð, upp kveðinn á bæjarþingi Reykjavíkur 8. þ. m., í máli sóknaraðilja gegn varnaraðilja. Krefst sóknaraðili þess, að hinn kærði úrskurður verði úr gildi felldur og kveðið á um, að setudómarinn, Hákon Guðmundsson, víki úr dómarasæti í nefndu bæjarþingsmáli. Þá krefst sóknaraðili og kærumálskostnaðar úr hendi varnaraðilja.

Varnaraðili krefst staðfestingar hins kærða úrskurðar og kærumálskostnaðar úr hendi sóknaraðilja.

Með skírskotun til forsendna hins kærða úrskurðar ber að staðfesta hann.

Þá ber að dæma sóknaraðilja til að greiða varnaraðilja

kærumálskostnað, sem eftir atvikum þykir hæfilega ákveðinn kr. 1.800,00.

Víta ber tilefnislausa kæru máls þessa.

Dómsorð:

Hinn kærði úrskurður á að vera óraskaður.

Sóknaraðili, Árni Ólafsson, greiði varnaraðilja, fjármálaráðherra f. h. ríkissjóðs, kr. 1.800,00 í kærumálskostnað að viðlagðri aðför að lögum.

Úrskurður bæjarþings Reykjavíkur 8. júní 1959.

Mál þetta er höfðað með stefnu, út gefinni 13. apríl þ. á., af Árna Ólafssyni, Sólvallagötu 27, Reykjavík, gegn fjármálaráðherra f. h. ríkissjóðs vegna skatts, er stefnanda hefur verið gert að greiða samkvæmt lögum um skatt á stóreignir, nr. 44/1957.

Hefur stefnandi gert þær dómkröfur *aðallega,* að framangreindur skattur, að fjárhæð kr. 29.470,00, verði felldur niður, en *til vara,* að hann verði stórlega lækkaður. Í báðum tilfellum krefst stefnandi málskostnaðar úr hendi stefnda eftir mati dómarans.

Aðalkröfu sína styður stefnandi m. a. þeim rökum,

1. að hér sé ekki um lögmæta skattlagningu að ræða, heldur eignartöku, sem sé óheimil samkvæmt 41., 42., 67. og 69. gr. stjórnarskrárinnar, nr. 33/1944,
2. að margir stærstu skattþegnar ríkisins séu með nefndum lögum alveg undanþegnir þessari fjárheimtu,
3. að rétti stefnanda sé stórlega hallað samanborið við enn aðra skattþegna.

Varakröfuna rökstyður stefnandi með því, að eignir hans séu stórlega ofmetnar og að honum sé mismunað í matinu.

Með úrskurði 4. maí sl. vék hinn reglulegi dómari, Einar Arnalds borgardómari, ex officio sæti í máli þessu. Hinn 1. júní þ. á. var Hákon Guðmundsson hæstaréttarritari skipaður setudómari í Reykjavík til þess að fara með og dæma málið. Á dómþingi 4. s. m. krafðist stefnandi þess með tilvísun til 7. töluliðar 36. gr. laga nr. 85/1936, að setudómarinn viki sæti í máli þessu, og studdi þá kröfu sína þessum rökum:

1. að setudómarinn væri ritari Hæstaréttar og því fastur þjónn þess dómstóls, „sem málið kemur fyrir síðar", eins og það er orðað í rökstuðningi stefnanda,

2. að setudómarinn hefði haft og hefði mjög mikið með höndum launuð aukastörf á vegum ríkisvaldsins, sem sé annar aðili málsins, en eigi hefur stefnandi tilgreint nánar, hver þau störf séu. Telur stefnandi, að ætla megi, að setudómarinn sé því eigi svo óháður málsaðilja sem vera beri.

Stefndi hefur mótmælt framangreindri kröfu stefnanda, þar sem eigi liggi nein lagarök til þess, að setudómarinn víki sæti í málinu.

Eigi verður talið, að það valdi vanhæfi setudómarans til þess að dæma í máli þessu, að hann er ritari Hæstaréttar og málið kynni síðar að koma fyrir þann dóm.

Þá er og algerlega haldlaus sú staðhæfing stefnanda, að setudómarinn hafi með höndum þau aukastörf fyrir ríkisvaldið, að honum beri af þeim sökum að víkja úr dómarasæti í máli þessu.

Samkvæmt þessu verður framangreind krafa stefnanda ekki tekin til greina.

Því úrskurðast:

Hákon Guðmundsson setu-borgardómari víkur eigi sæti í máli þessu.

Miðvikudaginn 24. júní 1959.

Nr. 104/1959. **Björgvin Finnsson**
gegn
fjármálaráðherra f. h. ríkissjóðs.

Dóminn skipuðu hinir reglulegu dómarar Hæstaréttar.

Kærumál. Synjað um, að héraðsdómari víki sæti.

Dómur Hæstaréttar.

Með kæru 12. þ. m., sem barst Hæstarétti 13. s. m., hefur sóknaraðili kært úrskurð, upp kveðinn á bæjarþingi Reykjavíkur 8. þ. m., í máli sóknaraðilja gegn varnaraðilja. Krefst sóknaraðili þess, að hinn kærði úrskurður verði úr gildi felldur og kveðið á um, að setudómarinn, Hákon Guðmundsson, víki úr dómarasæti í nefndu bæjarþingsmáli. Þá krefst sóknaraðili og kærumálskostnaðar úr hendi varnaraðilja.

Varnaraðili krefst staðfestingar hins kærða úrskurðar og kærumálskostnaðar úr hendi sóknaraðilja.

Með skírskotun til forsendna hins kærða úrskurðar ber að staðfesta hann.

Þá ber að dæma sóknaraðilja til að greiða varnaraðilja kærumálskostnað, sem eftir atvikum þykir hæfilega ákveðinn kr. 1.800,00.

Víta ber tilefnislausa kæru máls þessa.

Dómsorð:

Hinn kærði úrskurður á að vera óraskaður.

Sóknaraðili, Björgvin Finnsson, greiði varnaraðilja, fjármálaráðherra f. h. ríkissjóðs, kr. 1.800,00 í kærumálskostnað að viðlagðri aðför að lögum.

Úrskurður bæjarþings Reykjavíkur 8. júní 1959.

Mál þetta er höfðað með stefnu, út gefinni 13. apríl þ. á., af Björgvin Finnssyni, Laufásvegi 11 hér í bæ, gegn fjármálaráðherra f. h. ríkissjóðs vegna skatts, er stefnanda hefur verið gert að greiða samkvæmt lögum um skatt á stóreignir, nr. 44/1957.

Hefur stefnandi gert þær dómkröfur *aðallega,* að framangreindur skattur, að fjárhæð kr. 22.554,00, verði felldur niður, en *til vara,* að hann verði stórlega lækkaður. Í báðum tilfellum krefst stefnandi málskostnaðar úr hendi stefnda eftir mati dómarans.

Aðalkröfu sína styður stefnandi m. a. þeim rökum,

1. að hér sé ekki um lögmæta skattlagningu að ræða, heldur eignartöku, sem sé óheimil samkvæmt 41., 42., 67. og 69. gr. stjórnarskrárinnar, nr. 33/1944,
2. að margir stærstu skattþegnar ríkisins séu með nefndum lögum alveg undanþegnir þessari fjárheimtu,
3. að rétti stefnanda sé stórlega hallað samanborið við enn aðra skattþegna.

Varakröfuna rökstyður stefnandi með því, að eignir hans séu stórlega ofmetnar og að honum sé mismunað í matinu.

Með úrskurði 4. maí sl. vék hinn reglulegi dómari, Einar Arnalds borgardómari, ex officio sæti í máli þessu. Hinn 1. júní þ. á. var Hákon Guðmundsson hæstaréttarritari skipaður setudómari í Reykjavík til þess að fara með og dæma málið. Á dómþingi 4.

s. m. krafðist stefnandi þess með tilvísun til 7. töluliðar 36. gr. laga nr. 85/1936, að setudómarinn viki sæti í máli þessu, og studdi þá kröfu sína þessum rökum:

1. að setudómarinn væri ritari Hæstaréttar og því fastur þjónn þess dómstóls, „sem málið kemur fyrir síðar", eins og það er orðað í rökstuðningi stefnanda,
2. að setudómarinn hefði haft og hefði mjög mikið með höndum launuð aukastörf á vegum ríkisvaldsins, sem sé annar aðili málsins, en eigi hefur stefnandi tilgreint nánar, hver þau störf séu. Telur stefnandi, að ætla megi, að setudómarinn sé því eigi svo óháður málsaðilja sem vera beri.

Stefndi hefur mótmælt framangreindri kröfu stefnanda, þar sem eigi liggi nein lagarök til þess, að setudómarinn víki sæti í málinu.

Eigi verður talið, að það valdi vanhæfi setudómarans til þess að dæma í máli þessu, að hann er ritari Hæstaréttar og málið kynni síðar að koma fyrir þann dóm.

Þá er og algerlega haldlaus sú staðhæfing stefnanda, að setudómarinn hafi með höndum þau aukastörf fyrir ríkisvaldið, að honum beri af þeim sökum að víkja úr dómarasæti í máli þessu.

Samkvæmt þessu verður framangreind krafa stefnanda ekki tekin til greina.

Því úrskurðast:

Hákon Guðmundsson setu-borgardómari víkur eigi sæti í máli þessu.

Miðvikudaginn 24. júní 1959.

Nr. 105/1959. **Þorlákur Arnórsson**
gegn
fjármálaráðherra f. h. ríkissjóðs.

Dóminn skipuðu hinir reglulegu dómarar Hæstaréttar.

Kærumál. Synjað um, að héraðsdómari víki sæti.

Dómur Hæstaréttar.

Með kæru 12. þ. m., sem barst Hæstarétti 13. s. m., hefur sóknaraðili kært úrskurð, upp kveðinn á bæjarþingi Reykja-

víkur 8. þ. m., í máli sóknaraðilja gegn varnaraðilja. Krefst sóknaraðili þess, að hinn kærði úrskurður verði úr gildi felldur og kveðið á um, að setudómarinn, Hákon Guðmundsson, víki úr dómarasæti í nefndu bæjarþingsmáli. Þá krefst sóknaraðili og kærumálskostnaðar úr hendi varnaraðilja.

Varnaraðili krefst staðfestingar hins kærða úrskurðar og kærumálskostnaðar úr hendi sóknaraðilja.

Með skírskotun til forsendna hins kærða úrskurðar ber að staðfesta hann.

Þá ber að dæma sóknaraðilja til að greiða varnaraðilja kærumálskostnað, sem eftir atvikum þykir hæfilega ákveðinn kr. 1.800,00.

Víta ber tilefnislausa kæru máls þessa.

Dómsorð:

Hinn kærði úrskurður á að vera óraskaður.

Sóknaraðili, Þorlákur Arnórsson, greiði varnaraðilja, fjármálaráðherra f. h. ríkissjóðs, kr. 1.800,00 í kærumálskostnað að viðlagðri aðför að lögum.

Úrskurður bæjarþings Reykjavíkur 8. júní 1959.

Mál þetta er höfðað með stefnu, út gefinni 13. apríl þ. á., af Þorláki Arnórssyni, Laufásvegi 10 hér í bæ, gegn fjármálaráðherra f. h. ríkissjóðs vegna skatts, er stefnanda hefur verið gert að greiða samkvæmt lögum um skatt á stóreignir, nr. 44/1957.

Hefur stefnandi gert þær dómkröfur *aðallega*, að framangreindur skattur, að fjárhæð kr. 46.603,00, verði felldur niður, en *til vara*, að hann verði stórlega lækkaður. Í báðum tilfellum krefst stefnandi málskostnaðar úr hendi stefnda eftir mati dómarans.

Aðalkröfu sína styður stefnandi m. a. þeim rökum,

1. að hér sé ekki um lögmæta skattlagningu að ræða, heldur eignartöku, sem sé óheimil samkvæmt 41., 42., 67. og 69. gr. stjórnarskrárinnar, nr. 33/1944,
2. að margir stærstu skattþegnar ríkisins séu með nefndum lögum alveg undanþegnir þessari fjárheimtu,
3. að rétti stefnanda sé stórlega hallað samanborið við enn aðra skattþegna.

Varakröfuna rökstyður stefnandi með því, að eignir hans séu stórlega ofmetnar og að honum sé mismunað í matinu.

Með úrskurði 4. maí sl. vék hinn reglulegi dómari, Einar Arnalds borgardómari, ex officio sæti í máli þessu. Hinn 1. júní þ. á. var Hákon Guðmundsson hæstaréttarritari skipaður setudómari í Reykjavík til þess að fara með og dæma málið. Á dómþingi 4. s. m. krafðist stefnandi þess með tilvísun til 7. töluliðar 36. gr. laga nr. 85/1936, að setudómarinn viki sæti í máli þessu, og studdi þá kröfu sína þessum rökum:

1. að setudómarinn væri ritari Hæstaréttar og því fastur þjónn þess dómstóls, „sem málið kemur fyrir síðar", eins og það er orðað í rökstuðningi stefnanda,
2. að setudómarinn hefði haft og hefði mjög mikið með höndum launuð aukastörf á vegum ríkisvaldsins, sem sé annar aðili málsins, en eigi hefur stefnandi tilgreint nánar, hver þau störf séu. Telur stefnandi, að ætla megi, að setudómarinn sé því eigi svo óháður málsaðilja sem vera beri.

Stefndi hefur mótmælt framangreindri kröfu stefnanda, þar sem eigi liggi nein lagarök til þess, að setudómarinn víki sæti í málinu.

Eigi verður talið, að það valdi vanhæfi setudómarans til þess að dæma í máli þessu, að hann er ritari Hæstaréttar og málið kynni síðar að koma fyrir þann dóm.

Þá er og algerlega haldlaus sú staðhæfing stefnanda, að setudómarinn hafi með höndum þau aukastörf fyrir ríkisvaldið, að honum beri af þeim sökum að víkja úr dómarasæti í máli þessu.

Samkvæmt þessu verður framangreind krafa stefnanda ekki tekin til greina.

Því úrskurðast:

Hákon Guðmundsson setu-borgardómari víkur eigi sæti í máli þessu.

Miðvikudaginn 24. júní 1959.

Nr. 106/1959. **Þorbjörn Jónsson**
gegn
fjármálaráðherra f. h. ríkissjóðs.

Dóminn skipuðu hinir reglulegu dómarar Hæstaréttar.

Kærumál. Synjað um, að héraðsdómari víki sæti.

Dómur Hæstaréttar.

Með kæru 12. þ. m., sem barst Hæstarétti 13. s. m., hefur sóknaraðili kært úrskurð, upp kveðinn á bæjarþingi Reykjavíkur 8. þ. m., í máli sóknaraðilja gegn varnaraðilja. Krefst sóknaraðili þess, að hinn kærði úrskurður verði úr gildi felldur og kveðið á um, að setudómarinn, Hákon Guðmundsson, víki úr dómarasæti í nefndu bæjarþingsmáli. Þá krefst sóknaraðili og kærumálskostnaðar úr hendi varnaraðilja.

Varnaraðili krefst staðfestingar hins kærða úrskurðar og kærumálskostnaðar úr hendi sóknaraðilja.

Með skírskotun til forsendna hins kærða úrskurðar ber að staðfesta hann.

Þá ber að dæma sóknaraðilja til að greiða varnaraðilja kærumálskostnað, sem eftir atvikum þykir hæfilega ákveðinn kr. 1.800,00.

Víta ber tilefnislausa kæru máls þessa.

Dómsorð:

Hinn kærði úrskurður á að vera óraskaður.

Sóknaraðili, Þorbjörn Jónsson, greiði varnaraðilja, fjármálaráðherra f. h. ríkissjóðs, kr. 1.800,00 í kærumálskostnað að viðlagðri aðför að lögum.

Úrskurður bæjarþings Reykjavíkur 8. júní 1959.

Mál þetta er höfðað með stefnu, út gefinni 13. apríl þ. á., af Þorbirni Jónssyni, Mímisvegi 6 hér í bæ, gegn fjármálaráðherra f. h. ríkissjóðs vegna skatts, er stefnanda hefur verið gert að greiða samkvæmt lögum um skatt á stóreignir, nr. 44/1957.

Hefur stefnandi gert þær dómkröfur *aðallega,* að framangreindur skattur, að fjárhæð kr. 153.551,00, verði felldur niður, en *til vara,* að hann verði stórlega lækkaður. Í báðum tilfellum krefst stefnandi málskostnaðar úr hendi stefnda eftir mati dómarans.

Aðalkröfu sína styður stefnandi m. a. þeim rökum,

1. að hér sé ekki um lögmæta skattlagningu að ræða, heldur eignartöku, sem sé óheimil samkvæmt 41., 42., 67. og 69. gr. stjórnarskrárinnar, nr. 33/1944,
2. að margir stærstu skattþegnar ríkisins séu með nefndum lögum alveg undanþegnir þessari fjárheimtu,
3. að rétti stefnanda sé stórlega hallað samanborið við enn aðra skattþegna.

Varakröfuna rökstyður stefnandi með því, að eignir hans séu stórlega ofmetnar og að honum sé mismunað í matinu.

Með úrskurði 4. maí sl. vék hinn reglulegi dómari, Einar Arnalds borgardómari, ex officio sæti í máli þessu. Hinn 1. júní þ. á. var Hákon Guðmundsson hæstaréttarritari skipaður setudómari í Reykjavík til þess að fara með og dæma málið. Á dómþingi 4. s. m. krafðist stefnandi þess með tilvísun til 7. töluliðar 36. gr. laga nr. 85/1936, að setudómarinn viki sæti í máli þessu, og studdi þá kröfu sína þessum rökum:

1. að setudómarinn væri ritari Hæstaréttar og því fastur þjónn þess dómstóls, „sem málið kemur fyrir síðar", eins og það er orðað í rökstuðningi stefnanda,
2. að setudómarinn hefði haft og hefði mjög mikið með höndum launuð aukastörf á vegum ríkisvaldsins, sem sé annar aðili málsins, en eigi hefur stefnandi tilgreint nánar, hver þau störf séu. Telur stefnandi, að ætla megi, að setudómarinn sé því eigi svo óháður málsaðilja sem vera beri.

Stefndi hefur mótmælt framangreindri kröfu stefnanda, þar sem eigi liggi nein lagarök til þess, að setudómarinn víki sæti í málinu.

Eigi verður talið, að það valdi vanhæfi setudómarans til þess að dæma í máli þessu, að hann er ritari Hæstaréttar og málið kynni síðar að koma fyrir þann dóm.

Þá er og algerlega haldlaus sú staðhæfing stefnanda, að setudómarinn hafi með höndum þau aukastörf fyrir ríkisvaldið, að honum beri af þeim sökum að víkja úr dómarasæti í máli þessu.

Samkvæmt þessu verður framangreind krafa stefnanda ekki tekin til greina.

Því úrskurðast:

Hákon Guðmundsson setu-borgardómari víkur eigi sæti í máli þessu.

Miðvikudaginn 24. júní 1959.

Nr. 107/1959. **Guðjón Sæmundsson**
gegn
fjármálaráðherra f. h. ríkissjóðs.

Dóminn skipuðu hinir reglulegu dómarar Hæstaréttar.

Kærumál. Synjað um, að héraðsdómari víki sæti.

Dómur Hæstaréttar.

Með kæru 12. þ. m., sem barst Hæstarétti 13. s. m., hefur sóknaraðili kært úrskurð, upp kveðinn á bæjarþingi Reykjavíkur 8. þ. m., í máli sóknaraðilja gegn varnaraðilja. Krefst sóknaraðili þess, að hinn kærði úrskurður verði úr gildi felldur og kveðið á um, að setudómarinn, Hákon Guðmundsson, víki úr dómarasæti í nefndu bæjarþingsmáli. Þá krefst sóknaraðili og kærumálskostnaðar úr hendi varnaraðilja.

Varnaraðili krefst staðfestingar hins kærða úrskurðar og kærumálskostnaðar úr hendi sóknaraðilja.

Með skírskotun til forsendna hins kærða úrskurðar ber að staðfesta hann.

Þá ber að dæma sóknaraðilja til að greiða varnaraðilja kærumálskostnað, sem eftir atvikum þykir hæfilega ákveðinn kr. 1.800,00.

Vita ber tilefnislausa kæru máls þessa.

Dómsorð:

Hinn kærði úrskurður á að vera óraskaður.

Sóknaraðili, Guðjón Sæmundsson, greiði varnaraðilja, fjármálaráðherra f. h. ríkissjóðs, kr. 1.800,00 í kærumálskostnað að viðlagðri aðför að lögum.

Úrskurður bæjarþings Reykjavíkur 8. júní 1959.

Mál þetta er höfðað með stefnu, út gefinni 13. apríl þ. á., af Guðjóni Sæmundssyni, Tjarnargötu 10 hér í bæ, gegn fjármálaráðherra f. h. ríkissjóðs vegna skatts, er stefnanda hefur verið gert að greiða samkvæmt lögum um skatt á stóreignir, nr. 44/1957.

Hefur stefnandi gert þær dómkröfur *aðallega*, að framangreindur skattur, að fjárhæð kr. 160.040,00, verði felldur niður, en *til vara*, að hann verði stórlega lækkaður. Í báðum tilfellum krefst stefnandi málskostnaðar úr hendi stefnda eftir mati dómarans.

Aðalkröfu sína styður stefnandi m. a. þeim rökum,

1. að hér sé ekki um lögmæta skattlagningu að ræða, heldur eignartöku, sem sé óheimil samkvæmt 41., 42., 67. og 69. gr. stjórnarskrárinnar, nr. 33/1944,
2. að margir stærstu skattþegnar ríkisins séu með nefndum lögum alveg undanþegnir þessari fjárheimtu,
3. að rétti stefnanda sé stórlega hallað samanborið við enn aðra skattþegna.

Varakröfuna rökstyður stefnandi með því, að eignir hans séu stórlega ofmetnar og að honum sé mismunað í matinu.

Með úrskurði 4. maí sl. vék hinn reglulegi dómari, Einar Arnalds borgardómari, ex officio sæti í máli þessu. Hinn 1. júní þ. á. var Hákon Guðmundsson hæstaréttarritari skipaður setudómari í Reykjavík til þess að fara með og dæma málið. Á dómþingi 4. s. m. krafðist stefnandi þess með tilvísun til 7. töluliðar 36. gr. laga nr. 85/1936, að setudómarinn viki sæti í máli þessu, og studdi þá kröfu sína þessum rökum:

1. að setudómarinn væri ritari Hæstaréttar og því fastur þjónn þess dómstóls, „sem málið kemur fyrir síðar", eins og það er orðað í rökstuðningi stefnanda,
2. að setudómarinn hefði haft og hefði mjög mikið með höndum launuð aukastörf á vegum ríkisvaldsins, sem sé annar aðili málsins, en eigi hefur stefnandi tilgreint nánar, hver þau störf séu. Telur stefnandi, að ætla megi, að setudómarinn sé því eigi svo óháður málsaðilja sem vera beri.

Stefndi hefur mótmælt framangreindri kröfu stefnanda, þar sem eigi liggi nein lagarök til þess, að setudómarinn víki sæti í málinu.

Eigi verður talið, að það valdi vanhæfi setudómarans til þess að dæma í máli þessu, að hann er ritari Hæstaréttar og málið kynni síðar að koma fyrir þann dóm.

Þá er algerlega haldlaus sú staðhæfing stefnanda, að setudómarinn hafi með höndum þau aukastörf fyrir ríkisvaldið, að honum beri af þeim sökum að víkja úr dómarasæti í máli þessu.

Samkvæmt þessu verður framangreind krafa stefnanda ekki tekin til greina.

Því úrskurðast:

Hákon Guðmundsson setu-borgardómari víkur eigi sæti í máli þessu.

Föstudaginn 26. júní 1959.

Nr. 134/1958. **Kvennaheimilið Hallveigarstaðir**
(Sveinbjörn Jónsson hrl.)
gegn
Guðlaugu Magnúsdóttur
(Jón Bjarnason hrl.)
og gagnsök.

Dóminn skipuðu hinir reglulegu dómarar Hæstaréttar.

Synjað að svo stöddu um byggingu á lóð, sem kvöð hvíldi á. Kröfu um staðfestingu lögbannsgerðar vísað frá Hæstarétti. Sératkvæði.

Dómur Hæstaréttar.

Aðaláfrýjandi hefur skotið máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 19. september 1958 og krafizt þess *aðallega*, að honum verði dæmd sýkna og að gagnáfrýjanda verði dæmt að greiða honum málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti eftir mati dómsins, en *til vara*, að hinn áfrýjaði dómur verði staðfestur og gagnáfrýjanda verði dæmt að greiða honum málskostnað fyrir Hæstarétti eftir mati dómsins.

Gagnáfrýjandi hefur skotið máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 10. nóvember 1958 að fengnu áfrýjunarleyfi sama dag og gert þessar dómkröfur:

að aðaláfrýjanda verði dæmt óheimilt að byggja á lóðinni nr. 14 við Túngötu, Reykjavík, samkvæmt þeirri teikningu, sem nú liggur fyrir í skrifstofu byggingarfulltrúans í Reykjavík,

að staðfest verði með dómi Hæstaréttar lögbann borgarfógetans í Reykjavík, sem lagt var hinn 23. október 1956 við frekari framkvæmdum á lóðinni, og

að aðaláfrýjanda verði dæmt að greiða gagnáfrýjanda málskostnað í héraði, þar með talinn lögbannskostnað og málskostnað í Hæstarétti.

Héraðsdómur í máli þessu var upp kveðinn 16. júlí 1958. Gagnáfrýjandi skaut honum upphaflega til Hæstaréttar með stefnu 15. september 1958. Var lögbann fógeta þá þegar úr gildi fallið samkvæmt 23. og 27. gr. laga nr. 18/1949, þar sem meir en þrjár vikur voru liðnar frá dómsuppsögu, en við hana voru umboðsmenn beggja aðilja viðstaddir samkvæmt bókun héraðsdóms. Ber því að vísa kröfu um staðfestingu á lögbanninu frá Hæstarétti.

Í máli þessu kemur þannig einungis til álita, hvort aðaláfrýjanda sé óheimilt að byggja á lóðinni nr. 14 við Túngötu samkvæmt framangreindri teikningu.

Svo sem rakið er í héraðsdómi, seldi frú Helga Zöega fyrra hluta árs 1920 þrjár lóðir við Túngötu eftirtöldum aðiljum:

1. lóðina nr. 14 Carli Olsen stórkaupmanni með afsali 23. janúar 1920, þinglesnu 26. apríl 1923,
2. lóðina nr. 16 Bjarna alþingismanni Jónssyni frá Vogi með afsali 26. febrúar 1920, þinglesnu 4. marz 1920,
3. lóðina nr. 18 Gísla J. Johnsen stórkaupmanni með afsali 19. maí 1920, þinglesnu 19. janúar 1928.

Í afsali hverrar þessara lóða var svo mælt, „að á lóðinni hvílir sú kvöð, að ekki má reisa þar hærra hús en tvílyft né með öðru húsagerðarsniði en „villa“ (svonefnd „villaservitut“); enn fremur er kaupanda eða síðari eiganda óheimilt að nota lóðina sem geymslustað fyrir hvers konar varning væntanlegri byggingu óviðkomandi“. Bjarni Jónsson frá Vogi reisti hús á lóð sinni, sem fullnægði skilyrðum kvaðarinnar. Húsið á lóðinni nr. 18 við Túngötu fullnægir einnig kvöðinni. Önnur hús í þessu hverfi eru og með sams konar sniði.

Hinn 1. júlí 1930 afsalaði Carl Olsen stórkaupmaður h/f Kvennaheimilinu Hallveigarstöðum lóðinni nr. 14 við Tún-

götu. Var afsalið þinglesið 14. ágúst 1930. Segir í afsalinu, að kaupandi megi hagnýta sér lóðina eins og hann vill, þó með þeirri takmörkun, sem leiðir af fyrrnefndri kvöð, og er henni lýst í afsalinu með sömu orðum og í áðurgreindum afsölum. Sama félag eignaðist síðan samkvæmt afsali Útvegsbanka Íslands 19. júlí 1930 hornlóðina við Garðastræti og Öldugötu, sem er nr. 1 við Öldugötu. Aðaláfrýjandi er óumdeildur réttartaki nefnds félags.

Á sameiginlegum fundi skipulagsnefndar ríkisins og skipulagsmanna Reykjavíkurbæjar 4. apríl 1949 lágu fyrir tillöguuppdrættir að fyrirhuguðu kvennaheimili Hallveigarstaða á lóðunum Túngötu 14 og Öldugötu 1. Gerðu nefndarmenn þar ályktanir um stærð og snið hússins og um, að Kvennaheimilinu Hallveigarstöðum bæri að taka á sig ábyrgð þá, sem kann að leiða af kvöð um tvílyfta „villa"-byggingu, er hvílir á þeim hluta lóðarinnar, er liggur að Túngötu og Garðastræti. Samkvæmt vottorði byggingarfulltrúans í Reykjavík 5. nóvember 1957 voru á fundi samvinnunefndar um skipulagsmál, er haldinn var 23. apríl 1956, samþykktar teikningar að fyrirhugaðri byggingu Hallveigarstaða við Garðastræti. Samkvæmt sama vottorði byggingarfulltrúans var á fundi byggingarnefndar samþykkt með 5 atkvæðum gegn 1 að leyfa Kvennaheimilinu Hallveigarstöðum að hefja byggingarframkvæmdir á horni Túngötu, Garðastrætis og Öldugötu „samkvæmt meðsendum uppdráttum að fimmlyftu félagsheimili", „með fyrirvara um hugsanlega skaðabótakröfu". Uppdrættir þessir hafa legið fyrir Hæstarétti. Fyrsta hæð hússins er að flatarmáli 720 m^2, og eiga 370 m^2 að standa á lóðinni nr. 14 við Túngötu. Inngangur er í húsið frá Garðastræti. Á lóðinni nr. 14 við Túngötu er veitingasalur, og vita gluggar hans út að Túngötu og Garðastræti. Ganga skal inn í hann frá Túngötu við lóðarmörk nr. 16 við Túngötu. Önnur hæð er inndregin, þannig að vesturhlið hennar á að vera 3,95 m frá lóðarmörkum Túngötu 16. Á þessari hæð eru í suðurenda skrifstofur og fundarsalur. Þriðja, fjórða og fimmta hæð eiga að ná 2,90 m inn á lóðina nr. 14 við Túngötu.

Það er einsætt, að hið fyrirhugaða kvennaheimili brýtur

gegn kvöð þeirri, sem lögð hefur verið á lóðina nr. 14 við Túngötu. Kvöð þessi hefur verið sett til hagsbóta eigendum téðra næstu húsa og þá sérstaklega eiganda lóðarinnar nr. 16, enda hlaut kaupandi lóðarinnar nr. 16 að hafa vitað um kvöðina, og hann hlítti jafnframt sams konar kvöð á sinni lóð. Er því gagnáfrýjandi réttur aðili máls þessa.

Yfirvöld skipulagsmála hafa rétt til að kveða á, hvers konar byggingu reisa má á lóðinni nr. 14 við Túngötu, en gagnáfrýjandi, sem er eigandi hússins nr. 16 við sömu götu, á hins vegar tilkall til, að skorið verði úr því með eignarnámsmati, hvort eign hennar rýrni í verði við áðurgreindar framkvæmdir aðaláfrýjanda á lóðinni nr. 14, sem fara í bága við kvöðina, og á hún rétt til, að henni verði metnar bætur, ef um verðrýrnun er að tefla. Slíkt eignarnám mundi að formi til verða framkvæmt af skipulagsyfirvöldum, en vitaskuld á kostnað aðaláfrýjanda, sbr. 24. gr. laga nr. 55/1921. Er því aðaláfrýjanda eigi rétt að reisa fyrirhugað hús á lóðinni nr. 14 við Túngötu, fyrr en gerðar hafa verið ráðstafanir til þess samkvæmt eignarnámsreglum að tryggja rétt gagnáfrýjanda til bóta, þann er hún kann að eiga.

Rétt er, að aðaláfrýjandi greiði gagnáfrýjanda málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti, kr. 6.000,00.

Eigi eru efni til að víta málflutning í héraði.

Dómsorð:

Kröfu gagnáfrýjanda, Guðlaugar Magnúsdóttur, um staðfestingu á framangreindri lögbannsgerð vísast frá Hæstarétti.

Aðaláfrýjanda, Kvennaheimilinu Hallveigarstöðum, er að svo stöddu eigi rétt að reisa fyrirhugað hús á lóðinni nr. 14 við Túngötu í Reykjavík.

Aðaláfrýjandi greiði gagnáfrýjanda málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti, kr. 6.000,00, að viðlagðri aðför að lögum.

Sératkvæði
Jóns Ásbjörnssonar hæstaréttardómara.

Ég er samþykkur atkvæði hæstaréttardómaranna Árna Tryggvasonar og Gizurar Bergsteinssonar út að kafla þeim, sem hefst á orðunum: „Yfirvöld skipulagsmála“ og endar á orðunum „þann er hún kann að eiga“. Svo er ég og samþykkur málskostnaðarákvæði í atkvæði þeirra og dómsorðinu.

Í stað fyrrgreinds kafla kemur í atkvæði mínu eftirfarandi kafli:

Stjórnvöld skipulagsmála hafa að sjálfsögðu rétt til að leyfa fyrir sitt leyti aðaláfrýjanda að reisa á lóðinni nr. 14 við Túngötu hverja þá byggingu, er þeim þykir vel fara. En leyfi þeirra sviptir ekki eiganda hússins nr. 16 við sömu götu, gagnáfrýjanda þessa máls, rétti til að banna, að þar sé reist hús, er brýtur í bág við þá kvöð, sem að framan var lýst, þar til stjórnvöld skipulagsmála kunna að leysa kvöðina af með eignarnámi skv. 24. gr. laga nr. 55/1921. Ber því að taka til greina kröfu gagnáfrýjanda um, að aðaláfrýjanda sé dæmt óheimilt að reisa á lóðinni nr. 14 við Túngötu byggingu þá, sem í máli þessu greinir, unz framangreind kvöð kann að verða leyst af lóðinni.

Sératkvæði
hæstaréttardómaranna Þórðar Eyjólfssonar og Jónatans Hallvarðssonar.

Við erum samþykkir meiri hluta dómenda um frávísun á kröfu gagnáfrýjanda um staðfestingu lögbannsgerðar.

Árið 1920 setti seljandi lóðanna nr. 14, 16 og 18 við Túngötu í Reykjavík svofellt ákvæði í afsöl fyrir þeim: „á lóðinni hvílir sú kvöð, að ekki má reisa þar hærra hús en tvílyft né með öðru húsagerðarsniði en „villa“ (svonefnd „villaservitut“). Húsabyggingar í Reykjavík voru þá og höfðu um langan tíma verið háðar fyrirmælum opinbers réttar um skipulag, þar á meðal um staðsetningu við götu, stærð húsa, gerð og útlit. Má um það vísa til opins bréfs um stofnun byggingarnefndar í Reykjavík 29. maí 1839 með á orðnum breytingum samkvæmt lögum nr. 4/1894 og nr. 22/

1902, svo og byggingarsamþykktar fyrir Reykjavík, nr. 68/1903, sem sett var samkvæmt 5. gr. laga nr. 17/1901. Ákvarðanir einstakra manna um fyrirkomulag húsabygginga á tilteknum lóðum, lóðasamstæðum eða hverfum gátu vegna hinna opinberu réttarákvæða ekki bundið byggingaryfirvöld bæjarins, og var þeim því og er heimilt án bóta að víkja slíkum fyrirmælum til hliðar og skipuleggja svæðin með öðrum hætti. Réttarframkvæmdin hefur og verið á þá leið, að eigendur lóða í Reykjavík hafa bótalaust orðið að hlíta ákvörðunum byggingaryfirvalda um staðsetningu og stærð húsa, sem þeir hyggjast reisa á lóðum sínum, og geta þeir þá ekki stofnað betri rétt sjálfum sér eða öðrum til handa við sölu lóðanna, nema samþykki réttra byggingaryfirvalda komi til, en í máli því, sem hér liggur fyrir, hefur slíkt samþykki ekki verið veitt. Samkvæmt þessu verður að telja, að greind ákvæði í afsölum hafi ekki gildi, ef stjórnvöld byggingarmála samþykkja eða ákveða skipulag eða húsagerð með öðrum hætti en þar segir. Ber því að staðfesta ákvæði héraðsdóms um sýknu aðaláfrýjanda af kröfu gagnáfrýjanda um bann við byggingu húss þess, sem í málinu greinir.

Eftir atvikum er rétt, að málskostnaður í héraði og fyrir Hæstarétti falli niður. Ekki eru efni til að víta málflutning í héraði.

Dómsorð:

Framangreindri kröfu um staðfestingu lögbannsgerðar er vísað frá Hæstarétti.

Aðaláfrýjandi, Kvennaheimilið Hallveigarstaðir, á að vera sýkn af kröfum gagnáfrýjanda, Guðlaugar Magnúsdóttur, um bann við byggingu húss þess, sem í málinu greinir.

Málskostnaður í héraði og fyrir Hæstarétti fellur niður.

Dómur bæjarþings Reykjavíkur 16. júlí 1958.

Mál þetta hefur Guðlaug Magnúsdóttir ekkjufrú, Túngötu 16 hér í bæ, höfðað fyrir bæjarþingi Reykjavíkur gegn Kvennaheimilinu Hallveigarstöðum h/f með stefnu, út gefinni 24. október 1956. Gerir stefnandi þær kröfur, að stefnda verði dæmt

óheimilt að byggja á lóðinni nr. 14 við Túngötu „samkvæmt þeirri teikningu, sem nú liggur fyrir skrifstofu byggingarfulltrúa Reykjavíkur", að staðfest verði lögbann borgarfógetans í Reykjavík við frekari framkvæmdum á lóðinni, sem lagt var á hinn 23. október 1956, og loks þess, að stefnda verði gert að greiða allan málskostnað bæði í þessu máli og lögbannsmálinu. Frá bótakröfum, sem stefnandi gerði upphaflega, hefur hann fallið, en geymir sér rétt til að koma þeim fram í öðru máli.

Af hálfu stefnda hefur verið krafizt sýknu af kröfum stefnanda, niðurfellingar lögbanns, sem á var lagt 23. október 1956, og málskostnaðar úr hendi stefnanda eftir mati dómsins.

Hinn 1. apríl 1957 úrskurðaði hinn reglulegi borgardómari, Einar Arnalds, sig vanhæfan til þess að fara með málið, og var Theodór B. Líndal prófessor skipaður setudómari 12. ágúst 1957 til þess að fara með málið og dæma það. Hinn 29. marz 1958 kvaddi setudómari þá Árna Snævarr verkfræðing og Klemenz Tryggvason hagstofustjóra til meðdómendastarfa. Er dómurinn kveðinn upp af þessum þrem dómendum.

Málið var tekið til dóms 20. júní 1958, en tekið upp að nýju 5. júlí, til þess að umboðsmönnum aðilja gæfist kostur á að afla nýrra gagna, og þau komu fram á því þingi. Var þar og ákveðinn framhaldsflutningur málsins, er fór fram 7. júlí 1958. Að þeim málflutningi loknum var málið tekið til dóms að nýju.

Málavextir eru sem hér segir:

Á sínum tíma keypti Geir Zoëga útgerðarmaður, Sjóbúð við Vesturgötu hér í bæ, býlið Götuhús hér í bænum. Tún þess býlis eða að minnsta kosti mestur hluti þess var síðar nefnt Geirstún. Samkvæmt uppdrætti, sem fram er lagður í málinu, dskj. 59, voru mörk túnsins í aðalatriðum þessi: Eystri brún Garðastrætis, nyrðri brún Túngötu, eystri brún Ægisgötu að húsinu nr. 27 við þá götu, þá nokkurn veginn bein lína þaðan dregin á Ránargötu um húsið nr. 3 við þá götu og síðan sem næst Ránargötu í Garðastræti. Hlaðinn steingarður var víðast á merkjum.

Eftir andlát Geirs útgerðarmanns Zoëga sat ekkja hans, frú Helga Zoëga, í óskiptu búi með börnum sínum. Árið 1916 giftist ein dætra þeirra Geir G. Zoëga, fyrrv. vegamálastjóra. Fengu þau hjónin lóð úr túninu við Túngötu, síðar nr. 20. Þar var árið 1916 reist sérstætt, tvílyft íbúðarhús. Geir G. Zoëga, fyrrv. vegamálastjóri, hefur mætt fyrir dóminum sem vitni og skýrt svo frá, að nokkru síðar, eftir að skipulagslög voru sett og skipu-

lag gert á þessum slóðum, hafi mágkonur hans tvær fengið hvor sína lóð úr túninu, og eru þær lóðir nr. 22 og 24. Nokkru fyrr — eða nánar tiltekið snemma árs 1920 — voru seldar úr túninu 3 lóðir við Túngötu, nr. 14, 16 og 18. Lóðina nr. 14 keypti Carl Olsen stórkaupmaður með afsali, dags. 23. janúar 1920 og þingl. 26. apríl 1923. Lóðina nr. 16 keypti Bjarni Jónsson alþingismaður frá Vogi með afsali, dags. 26. febrúar 1920, en þingl. 4. marz 1929, og nr. 18 keypti Gísli J. Johnsen stórkaupmaður með afsali, dags. 19. maí 1920, þingl. 19. janúar 1928. Vottur á þessum afsölum er vitnið Geir G. Zoëga. Kveðst það hafa haft umsýslu með sölu þessara og annarra lóða úr Geirstúni. Með afsölunum fyrir síðastnefndum þremur lóðum, nr. 14, 16 og 18, var samhljóða kvöð lögð á þær hverja um sig, og er hún orðuð á þessa leið: „....að á lóðinni hvílir sú kvöð, að ekki má reisa þar hærra hús en tvílyft né með öðru húsagerðarsniði en „villa“ (svonefnd „villaservitut“); enn fremur er kaupanda eða síðari eiganda óheimilt að nota lóðina sem geymslustað fyrir hvers konar varning væntanlegri byggingu óviðkomandi“. Vitnið Geir G. Zoëga minnist þess ekki, að slíkar eða aðrar kvaðir hafi verið lagðar á neinar aðrar lóðir, sem seldar voru úr túninu, og engin gögn hafa komið fram, er til þess bendi. Verður því að hafa fyrir satt, að það hafi ekki verið gert. Í skýrslu sinni fyrir dómi hefur vitnið gert þá grein fyrir kvöðum þessum, tilefni þeirra og framkvæmd, að það hafi haft áhuga á skipulagsmálum og átt nokkurn þátt í setningu laga nr. 55/1921. En þau lög voru ekki komin, og engin ákvæði voru um gerð eða tegund húsa á byggingarreitnum, þegar lóðirnar nr. 14, 16 og 18 við Túngötu voru seldar í ársbyrjun 1920. Vitnið taldi æskilegt, að húsin við Túngötu væru með sérstöku, samræmdu sniði, og átti því hlut að því, að umræddar kvaðir voru lagðar á af hálfu seljanda, enda var tilgangurinn að tryggja það, að svo miklu leyti sem stóð í valdi seljanda, að reist yrðu við Túngötu sérstæð hús með „villa“-sniði. Vitnið kvað ástæðurnar fyrir því, að kvaðir voru ekki lagðar á lóðirnar nr. 20, 22 og 24 við Túngötu samsvarandi þeim, sem lagðar voru á nr. 14, 16 og 18, hafa verið þær, að þá hafði verið lokið við að byggja hús þess með „villa“-sniði á nr. 20 í samráði við seljanda, en skipulagslög sett og skipulag ákveðið á byggingarreitnum, er lóðirnar nr. 22 og 24 voru látnar af hendi. Þá taldi vitnið svipuð rök til þess, að kvaðir voru ekki lagðar á þær lóðir, er síðar voru seldar úr Geirstúni.

Ekki er ljóslega fram komið, hvenær lóðir voru seldar næst. Sennilega voru það lóðirnar nr. 1 við Garðastræti og lóð „sunnan við Bárugötu frá lóð Frímúrara vestur á lóðamörk Biskupstúns". Þessar lóðir voru afhentar Íslandsbanka í sambandi við skuldaskipti bankans og dánarbúsins með afsali, dags. 13. janúar 1926, þingl. 11. febrúar 1926. Smám saman voru lóðir síðan seldar úr túninu, og fengust úr því að minnsta kosti 28 lóðir alls, að því er séð verður af uppdrætti, dags. 3. marz 1940.

Komið er fram í málinu, að ýmsar forvígiskonur kvenfélaga höfðu hug á því að reisa hér í bæ félagsheimili fyrir konur og samtök þeirra. Hinn 15. desember 1925 var að tilhlutan Bandalags kvenna stofnað hlutafélagið Kvennaheimilið. Tilgangur þess var sá að reisa samkomuhús handa íslenzkum konum, og hlaut þetta væntanlega samkomuhús síðar nafnið Hallveigarstaðir. Félagið átti kost á lóð á Arnarhólstúni norðanverðu, en ekki varð af því, að þar yrði byggt. Ýmsar ráðagerðir voru þó uppi um byggingarmálið þar til árið 1930. Það ár keypti félagið fyrrgreinda lóð, nr. 14 við Túngötu, af Carli Olsen. Var afsal gefið út 1. júlí 1930 og þar getið um fyrrnefnda kvöð. Þá keypti félagið og með afsali 19. júlí s. á. hornlóðina við Garðastræti og Öldugötu, þ. e. Öldugötu 1, af Íslandsbanka.

Uppdráttur var gerður að fyrirhuguðu kvennaheimili árið 1933, en ekki varð af framkvæmdum. Leið nú að árinu 1941, en þá voru lóðirnar leigðar Hinu íslenzka garðyrkjufélagi, og lét það reisa sýningarskála á lóðunum. Var þar haldin garðyrkjusýning þá um sumarið. Síðar — eða 8. janúar 1942 — tók Innflytjendasambandið lóðir þessar á leigu, en áður hafði það keypt skálann af Garðyrkjufélaginu. Var hann síðan notaður sem vörugeymsla, unz leigumálanum var af hálfu Kvennaheimilisins sagt upp 1. maí 1946, og mun lóðin hafa verið laus um mánaðamót júní—júlí það ár.

Árið 1944 ákvað Bandalag kvenna í Reykjavík að taka að sér það framtíðarverkefni að vinna að framgangi Hallveigarstaðamálsins. Var stjórn Hallveigarstaða boðið samstarf, og tók hún því boði. Nokkru síðar var hlutafélaginu slitið, og var það afskráð 27. júlí 1954. Samkvæmt málflutningnum tók sjálfseignarstofnunin Hallveigarstaðir við hlutverki félagsins, réttindum þess og skyldum.

Í nóvember árið 1947 var stefnanda sýnd mynd af húsi, sem stefndi hugðist láta reisa. Stefnandi taldi bygginguna brjóta gegn rétti sínum og ritaði stjórn Kvennaheimilisins Hallveigarstaða

bréf, dagsett 24. nóvember 1947. Í bréfinu mótmælti hann því, að húsið yrði reist, og kvaðst mundu höfða mál til viðurkenningar rétti sínum, ef framkvæmdum yrði haldið áfram. Byggingarnefnd Reykjavíkur taldi sig eigi heldur geta samþykkt bygginguna. Af hálfu Hallveigarstaða var það hins vegar ekki talið fært að fallast á, að byggingin yrði minnkuð, svo sem byggingarnefnd krafðist. Var reynt að finna einhverja lausn á þessum vanda, er viðunandi gæti talizt, og leið svo fram til ársins 1949. Á fundi 27. maí það ár var ákveðið að kanna, hvort ekki mundi fáanleg önnur lóð. Kom þar einkum til álita lóð við suðvesturenda Tjarnarinnar, svonefnd Ísbjarnarlóð, og 26. janúar 1950 samþykkti bæjarráð að gefa Hallveigarstöðum kost á henni. Þegar til kom, treystust forgöngukonur málsins ekki til að byggja á Ísbjarnarlóðinni sakir fjárskorts. Talið var, að sú lóð væri þeim ekki viðráðanleg til byggingar. Samþykkti því framkvæmdastjórn og fjáröflunarnefnd Hallveigarstaða að byggja á lóðunum Túngötu 14 og Öldugötu 1. Sú ákvörðun var tilkynnt bæjarráði í bréfi, dags. 7. júlí 1953.

Sumarið 1954 hóf stefndi grunngröft á lóðunum, enda hafði byggingarnefnd samþykkt teikningar. Grefti var þó skjótlega hætt eftir nokkra viðræðufundi við stefnanda. Gögn eru ekki fram komin um það, hvað gerðist í málinu, þar til grunngröftur var hafinn að nýju sumarið 1956. En með lögbanni því, er fyrr greinir og lagt var á 23. október 1956, voru framkvæmdir stöðvaðar og mál þetta síðan höfðað.

Kröfur sínar rökstyður stefnandi með því, að framkvæmdir stefnda brjóti gegn kvöðinni, sem á var lögð 1920. Kvöðin hafi jafnt verið sett til hagræðis kaupendum sem seljanda. Hún hafi átt að tryggja kaupendum lóðir í friðsælu íbúðarhverfi og það ráðið miklu um, að eiginmaður stefnanda kaus sér þá lóð, er hann keypti, umfram ýmsar aðrar, er honum stóðu til boða á sínum tíma, enda megi telja, að kaupverð lóðarinnar hafi orðið hærra af þessum ástæðum.

Nánar tiltekið telur stefnandi kvöðina varða þrjú atriði: snið húsanna, staðsetningu þeirra og notkun lóðanna. Sú bygging, sem fyrirhuguð sé, brjóti gegn öllum þessum atriðum. Hún sé of stór og að auki sambyggð húsi á annarri lóð. Þá sé á lóðamörkum milli nr. 14 og 16 gert ráð fyrir margra metra háum eldvarnarvegg, og loks sé ætlunin, að í byggingunni verði gistihús og veitingasala, er óhjákvæmilega valdi hávaða og öðrum óþægindum, einkum að næturlagi. Auk þess sé gert ráð fyrir,

að hluti lóðarinnar verði gerður að bifreiðastæði. Gegn öllu þessu verndi kvöðin, annars kostar yrði húseignin óhæf til íbúðar. Hin nýja bygging hljóti að valda verðfalli á húsi stefnanda í kaupum og sölum, en auk þess séu við húsið tengdar margar minningar, og sé þar um sálrænt gildi að ræða fyrir stefnanda, sem ekki verði til fjár metið.

Af hálfu stefnda hefur því hins vegar verið haldið fram, að kvöðin, sem nefnd er í afsali til hans fyrir lóðinni nr. 14 við Túngötu, skapi eiganda Túngötu 16 engan rétt, heldur hinum upphaflega seljanda einum, og af hans hálfu hafi aldrei verið gerðar neinar athugasemdir við byggingarframkvæmdir stefnda. Hann hafi og selt fjölda lóða úr túninu og ekki lagt kvaðir á aðrar lóðir en nr. 14, 16 og 18 við Túngötu. Sé því sýnt, að engin trygging var fyrir því, að um „villa"-hverfi yrði að ræða, og þá engin rök til þess, að kvaðirnar fælu í sér gagnkvæman rétt og skyldu milli lóðakaupenda innbyrðis, heldur sé hér um að ræða samningsákvæði milli hins upphaflega seljanda og kaupenda lóðanna. Annars hefði orðið að geta um þessar gagnkvæmu kvaðir í hverju afsali. Þá neitar stefndi því, að kaup eiginmanns stefnanda hafi verið ráðin vegna þessarar kvaðar, enda sé ósannað, að honum hafi verið kunnugt um hana. Hann bendir og á, að samkvæmt fyrirhuguðu skipulagi séu nú ráðgerðar 4—5 hæða sambyggingar austan Garðastrætis.

Enda þótt svo kynni að vera talið, að stefnandi væri rétthafi samkvæmt kvöð þessari, þá brjóti væntanlegt hús stefnda ekki í bága við hana. Sá hluti þess, sem standi á lóðinni nr. 16, sé tveim hæðum lægri en vera mætti samkvæmt kvöðinni og skyggi minna á hús stefnanda en vera mundi, ef kvöðin væri notuð eins og frekast mætti. Ekki geti hús stefnda heldur talizt standa of nærri lóðamörkum.

Þá er því haldið fram af hálfu stefnda, að fyrirhuguð notkun lóðarinnar fari ekki í bága við kvöðina, hér sé um að ræða félagsheimili fyrir konur, þar sem víst sé, að ekki muni fara fram nein háreysti eða svall. Bent er og á það, að stefnandi hafi leigt kjallara húss síns um margra ára skeið undir verzlunarrekstur og hann talið það samrýmanlegt kvöðinni á lóðinni. Ekki hafi stefnandi heldur mótmælt því, að lóðin nr. 14 var um margra ára skeið leigð undir skála, sem í var haldin garðyrkjusýning, en síðan var vörugeymsla um alllangt skeið.

Loks er á það bent, að stefnda verði valdið miklu tjóni bæði beinu og óbeinu, ef byggingarframkvæmdir verði stöðvaðar, enda

hafi mikið verið lagt í kostnað til undirbúnings byggingunni. Tjón stefnda sé því miklu meira og tilfinnanlegra en hugsanlegt óhagræði stefnanda af byggingunni, og sé það meginregla íslenzks réttar, að minni hagsmunir eigi að víkja fyrir meiri.

Áður en efni málsins verður tekið til nánari athugunar, skal þessa getið um form þess og varnaraðild:

Samkvæmt stefnu er eiganda lóðarinnar nr. 14 við Túngötu, Kvennaheimilinu Hallveigarstöðum h/f, stefnt, og er það í samræmi við fram lögð veðbókarvottorð. Samkvæmt öðrum gögnum málsins heitir félagið, sem lóðina keypti, Kvennaheimilið h/f, en hið fyrirhugaða hús skyldi heita Hallveigarstaðir. Enginn vafi sýnist þó leika á því, að þrátt fyrir þennan orðalagsmun sé átt við réttan aðilja, enda er lýst yfir því af umboðsmanni stefnda, að hann mæti fyrir Kvennaheimilið Hallveigarstaði h/f.

Er málflutningur fór fram, gat umboðsmaður stefnda þess, að h/f Kvennaheimilinu hefði verið slitið og sjálfseignarstofnunin Kvennaheimilið Hallveigarstaðir hefði tekið við öllum réttindum félagsins og skyldum. Engin gögn komu þó fram um þetta. Er gagnaöflun fór fram 5. júlí sl. eftir endurupptöku málsins, tók umboðsmaður stefnda hið sama fram í byrjun dómþingsins. Hann gat þess jafnframt, að á fundi 25. maí 1945 hefði verið samþykkt að slíta félaginu, og hefði það verið gert. Gögn um þetta hefði hann þó ekki handbær.

Í lok þingsins lagði hann fram vottorð úr hlutafélagaskránni þess efnis, að Kvennaheimilið h/f hefði verið afskráð 27. júlí 1954. Jafnframt endurtók hann fyrri yfirlýsingar sínar um það, að sjálfseignarstofnunin hefði tekið við öllum réttindum og skyldum hlutafélagsins og að hann samþykkti fyrir hönd sjálfseignarstofnunarinnar það form málsins, sem fyrir lægi.

Engin önnur gögn eru fram komin um, að eigendaskipti séu orðin á lóðinni nr. 14 við Túngötu, og samkvæmt veðbókarvottorði, dags. 7. júlí 1958, er h/f Kvennaheimilið Hallveigarstaðir þinglesinn eigandi lóðarinnar.

Á það verður að fallast með umboðsmanni stefnanda, að rétt sé að stefna þinglýstum eiganda og hver sá aðili, sem lóðina kann að eiga, sé bundinn af dómi samkvæmt slíkri stefnu.

Framangreindar yfirlýsingar umboðsmanns stefnda, áritun hans á stefnu, málflutningur hans og það, að fullnægjandi upplýsingar um afskráningu hlutafélagsins komu ekki fram fyrr en eftir dómtöku málsins, og loks það, að af hálfu stefnda hafa engin andmæli komið fram varðandi form málsins, leiða og

til hins sama. Þykir því mega dæma málið að efni til þannig, að dómur hljóði um rétt eða skyldu h/f Kvennaheimilisins Hallveigarstaða vegna eiganda lóðarinnar nr. 14 við Túngötu.

Samkvæmt því, sem að framan er rakið, var eignarlandinu Geirstúni breytt í byggingarlóðir smám saman á alllöngu tímabili. Byrjað var á að láta af hendi lóðina nr. 20, og var hún afhent sem arfur dóttur hinna upphaflegu eigenda. Eiginmaður hennar, Geir G. Zoëga, fyrrv. vegamálastjóri, var tengdamóður sinni, sem sat í óskiptu búi, til ráðuneytis um þessa og síðari afhendingar lóða úr túninu. Samkvæmt framburði hans var það tilætlun seljanda, er kvaðir voru lagðar á lóðirnar nr. 14, 16 og 18 við Túngötu, að tryggja honum slíka íhlutun, er lög leyfðu, um byggingarsnið og samræmda byggingarhætti við Túngötu, — svonefnd „villa"-kvöð. Afsölin fyrir þessum lóðum bera með sér, að kvöðin var lögð á þær hverja fyrir sig. Er lóðir þessar voru seldar snemma árs 1920, var að sinni ekki um að ræða sölu á öðrum lóðum úr túninu. Árið eftir voru sett lög um skipulag kauptúna og sjávarþorpa, nr. 55 27. júní 1921, er tóku gildi 3. nóvember sama ár. Áðurgreint vitni, Geir G. Zoëga, kveður, að setning þessara laga hafi ásamt fleira valdið því, að kvaðir voru ekki lagðar á fleiri lóðir, enda „hafi yfirvöld bæjarins tekið skipulagsmál fastari tökum en áður var". Er augljóst af þessu, að eigendur túnsins hafa talið óþarft að leggja einkakvaðir á seldar lóðir, er málum var þannig komið, enda var og túnið skipulagt fyrir sérstæð íbúðarhús. Síðari kvaðalausar sölur hins upphaflega túneiganda svo og síðari kvaðalausar sölur tveggja dætra hans á lóðunum nr. 22 og 24 sýna og, að er hér var komið, var ekkert gert af seljenda hálfu til tryggingar því, að túnið yrði byggt sem „villa"-hverfi. Er kvaðirnar voru lagðar á umræddar lóðir, nr. 14, 16 og 18, var ekki heldur gert neitt til þess að tryggja seljendum, að svo yrði, hvorki með því að þinglýsa almennri kvöð til hags seljanda né á annan hátt. Verður samkvæmt þessu að álíta, að hinn upphaflegi seljandi hafi, er skipulagslögin fengu gildi, talið þeim hagsmunum sínum, er hann vildi tryggja, nægilega borgið með lögunum og gefið þetta sjónarmið nægilega til kynna, er hann hvorki lagði kvaðir á nýjar lóðir né tryggði á nokkurn hátt rétt sinn samkvæmt eldri kvöðum. Að því er snertir þá byggingu, sem nú er fyrirhuguð á lóðinni nr. 14, kemur og þetta sjónarmið fram í algeru afskiptaleysi allra þeirra, er rétt sinn leiða frá hinum upphaflega seljanda, að stefnanda undanskildum.

Þegar litið er til þróunar byggingarmála hér í bænum, lagasetningar um byggingarmál og dómvenju, er ljóst, að það leiðir af sambýli í borg, ekki sízt vaxandi borg, að menn verða að þola ýmsar takmarkanir á umráðarétti sjálfs sín og ýmis mannvirki og athafnir í nágrenni, þótt þeir telji sér baga að. Skipulagslögin hafa ýmsar slíkar reglur, m. a. um það, hvort hús skuli sambyggð eða sérstæð, hversu há þau skuli vera o. s. frv. Dómvenja er um, að athafnir réttra aðilja í samræmi við slíkar almennar reglur séu lögmætar, en geti eftir atvikum valdið bótaábyrgð hins opinbera eða einstaklinga. Þessi sjónarmið gilda ekki aðeins um leigulóðir, heldur einnig um eignarlóðir. En þá hljóta þau einnig að eiga við takmörkuð eignarréttindi, svo sem kvaðir. Sérstaklega skiptir þetta sjónarmið máli, þegar um þær kvaðir er að ræða, sem falla innan þess sviðs, sem skipulagslög áskilja hinu opinbera ráð á.

Nú er það fram komið í málinu, að rétt skipulags- og byggingaryfirvöld hafa samþykkt, að hið fyrirhugaða hús á lóðunum nr. 14 við Túngötu og nr. 1 við Öldugötu verði reist samkvæmt þeim teikningum, sem fram eru lagðar. Af hálfu byggingarnefndar er þó fyrirvari gerður „um hugsanlegar skaðabótakröfur". Er þar væntanlega átt við kröfur vegna kvaðarinnar.

Fyrirhugaðar byggingarframkvæmdir stefnda verður því að telja almennt lögmætar, enda er ekkert fram komið, er til þess bendi, að brotið hafi verið gegn reglum á sviði opinbers réttar né þær sniðgengnar.

Hvort stefnandi kann engu að síður að eiga bótarétt, verður ekki dæmt um í þessu máli. Hitt ber á hinn bóginn að athuga, hvort stefnandi eigi slíkan sérrétt samkvæmt margnefndri kvöð, að stöðva beri samkvæmt kröfu hans framgang þeirrar byggingar, sem hafin er.

Hús það, sem stefndi hyggst reisa á lóðinni nr. 14 við Túngötu, er samkv. dskj. 19—27 hluti af húsi, sem á að standa á lóðinni Túngötu 14 og Öldugötu 1. Er gerð þeirrar byggingar í höfuðdráttum þessi: Fyrsta hæð er að flatarmáli 720 m^2, og standa 370 m^2 á lóðinni nr. 14 við Túngötu. Í þeim hluta hússins er veitingasalur, og vita gluggar hans út að Túngötu og Garðastræti. Inngangur er í hann frá Túngötu, og liggur anddyri að lóðamörkum Túngötu 16. Inn af anddyrinu er lítill veitingasalur.. Aðalinngangur í húsið er frá Garðastræti. Að öðru leyti er þessi hæð hússins sölubúðir út að Garðastræti ásamt geymslum og vörumóttöku, sem ekið er að frá Öldugötu. Á annarri hæð hússins eru í suður-

enda (á Túngötu 14) skrifstofur og fundarsalur, en herbergi í norðurenda (á Öldugötu 1). Þessi hæð er inndregin, þannig að vesturhlið hennar er 3,95 m frá lóðamörkum Túngötu 16. Á þriðju, fjórðu og fimmtu hæð eru herbergi, en standa að mestu leyti aðeins á Öldugötu 1. Þó mun þessi hluti hússins ná 2,90 metra inn á lóðina Túngötu 14, og vísast um nánari lýsingu til uppdráttanna á dskj. 19—27 og mynda á dskj. 52—54.

Hinn 15. janúar voru að tilhlutan umboðsmanns stefnda dómkvaddir mats- og skoðunarmenn þeir Hákon Guðmundsson hæstaréttarritari, Finnbogi R. Þorvaldsson prófessor og Halldór H. Jónsson arkitekt til þess að láta uppi álit sitt um þau efni, sem greind eru á dskj. 29. Álitsgerðin er í aðalatriðum á þá leið, að hús stefnanda að Túngötu 16 verði að teljast fullnægja kvöð þeirri, sem á lóðunum nr. 14, 16 og 18 hvílir, að hús það, sem fyrirhugað er að reisa á lóðinni nr. 14 við Túngötu, valdi eiganda Túngötu 16 meira óhagræði heldur en einstætt hús, sem leyfilegt væri að reisa samkvæmt kvöðinni. Er þar m. a. bent á samband hins fyrirhugaða húss að Túngötu 14 við hátt hús að Öldugötu 1 svo og almenn nágrannaréttarsjónarmið. Matsmenn telja óhagræði það, sem til álita komi, tilfinningalegs eðlis, en ekki sé um fjárhagslegt tjón að ræða.

Loks telja matsmenn, að hreinar tekjur stefnda ættu að geta numið um kr. 400.000,00 á ári, ef hann fengi að reisa hið fyrirhugaða hús. Er þá gengið út frá því, að starfsemin sé skattfrjáls og húsið notað til verzlunarrekstrar, skrifstofuhalds, veitinga eða gistihússrekstrar. Þessi upphæð mundi þó lækka að því skapi, sem húsið yrði notað til félagsþarfa og til stuðnings konum landsins og samtökum þeirra.

Á hinn bóginn telja matsmenn, að beint tjón stefnda mundi eigi nema lægri upphæð en kr. 440.000,00, þ. e. þeim kostnaði, sem þegar er á fallinn, ef eigi geti orðið af fyrirhugaðri byggingu á þessum stað. Síðan segir í matsgerðinni: „En auk þess mundi matsbeiðandi verða fyrir vaxtatapi af fé þessu jafnframt því, sem hann er sviptur hagnaðarmöguleikum þeim, sem að framan greinir.

Þá mundi alger stöðvun byggingarframkvæmda á þessum stað valda auknum drætti á því, að forgöngukonum Kvennaheimilisins Hallveigarstaða h/f auðnaðist að koma hugsjónum sínum í framkvæmd, en slíkt óhagræði verður að sjálfsögðu ekki metið til fjár."

Um möguleika á lækkun þess tjóns með því að reisa hús á öðrum stað segja matsmennirnir, að þeir möguleikar verði ekki metnir, „fyrr en vitað er, hvaða staðir kæmu til greina til sam-

anburðar. Sú tilfærsla mundi þó vafalaust leiða til óhagræðis og aukins byggingarkostnaðar. Enn fremur mundi sú breyting valda auknum drætti á öllum byggingarframkvæmdum."

Fallast má á það álit matsmanna, að hús það, sem stefnandi lét reisa á lóð sinni, geti talizt „villa" og stefnandi hafi því ekki brotið af sér þann rétt, er hann kann að eiga, með því að ganga sjálfur á kvöðina á sinni lóð. Eigi verður heldur talið, að stefnandi hafi notað hús sitt á þann hátt, að hann hafi spillt rétti sínum, né heldur, að honum verði réttarspjöll að því, þótt hann léti hlutlausa þá bráðabirgðanotkun lóðar stefnda, er fyrr greinir.

Dómurinn er og sammála matsmönnum um, að fyrirhugað hús stefnda að Túngötu 14 geti ekki talizt „villa" og að óþægindi af þeirri byggingu stærðar vegna séu nær engu meiri en af húsi eins stóru og framast mætti byggja á lóðinni í samræmi við kvöðina. Eldvarnarveggur virðist að vísu hátt á þriðja metra á hæð, en óþægindi af honum verða naumast talin verulega meiri en af venjulegum merkjagarði eða bifreiðaskýlum. Um hugsanlegt hagnaðartap stefnda, ef byggingu hans yrði ekki fram komið, verður að telja fleiri sjónarmið geta komið til greina en matsmenn nefna og naumast hægt að meta slíkt með nokkru öryggi. En um hið beina tjón eru allgóðar upplýsingar, og getur dómurinn fallizt á sjónarmið matsmanna í því efni.

Samkvæmt þessu verður að telja, að með hinni fyrirhuguðu byggingu sé brotið gegn kvöðinni.

Þótt svo sé, þarf ekki að leiða af því, að stefnda sé óheimilt að reisa bygginguna.

Af orðalagi kvaðarinnar, eins og það er í afsali til eiginmanns stefnanda, verður ekki ráðið, að honum sé neinn réttur mæltur með henni. Miklu fremur bendir orðalagið til þess, að seljandi hafi verið að tryggja sér rétt, enda er það í samræmi við framburð vitnisins Geirs G. Zoëga. Áður er vikið að því, að telja verður þann rétt nú niður fallinn. Þótt seljandi hafi viljað veita eiginmanni stefnanda einhvern rétt með kvöðinni, er fremur ólíklegt, að hann hafi viljað firra sjálfan sig rétti til þess að fá byggingum í túninu hagað eins og honum þótti sér henta að því leyti, sem við varð komið, enda sýnir framkvæmdin, að svo var ekki. Ef eiginmaður stefnanda ætlaði sér sjálfstæðan rétt samkvæmt kvöðinni, bar honum að tryggja sér sönnun fyrir þeim rétti, en það gerði hann ekki. Líkur eru og fremur fyrir því, að honum hafi ekki verið kunnugt um kvaðir á lóðunum nr. 14 og 16, er hann keypti lóð sína, enda var afsölum

ekki þinglýst fyrr en síðar, eins og fyrr er greint. Rétt sinn, ef einhver var, hirti hann og ekki um að vernda með þinglýsingu fyrr en rúmum 9 árum eftir, að kaupin gerðust. Vitnið Geir G. Zoëga minnist þess og ekki, að rætt hafi verið um kvaðirnar, þegar kaupin fóru fram, a.m.k. ekki við kaupendur lóðanna nr. 14 og 16. Þótt meta verði framburðinn með það í huga, að liðin eru 38 ár, síðan atvikin gerðust, verður að telja það líklegt, að vitninu hefði verið það, sem gerðist, minnisstæðara, ef eiginmaður stefnanda hefði haft sérstakar kröfur uppi um rétt sér til handa eða kaupverð oltið á kvöðinni að meira eða minna leyti. Vegna orðalags kvaðarinnar og þess, sem síðar gerðist, m. a. setningar skipulagslaga, var og tilefni til þess fyrir eiginmann stefnanda að vera vel á verði, ef hann taldi sig eiga betra rétt og meiri vernd en leiðir af skipulagslögum og almennum nágrannarétti.

Kvöð eins og sú, sem hér er rædd, getur að vísu skapað hverjum þeim, er kvöðin hvílir á, sjálfstæðan sóknarrétt gegn öðrum, er sams konar kvöð hvílir á. En það, hvort um slíka sjálfstæða, lögverndaða hagsmuni sé að ræða, verður þó að athuga hverju sinni, og því aðeins verða þeir viðurkenndir, að sérstök rök liggi til, svo sem það, að kvöðin sé almennt lögð á heil byggingarsvæði eða byggingarreiti, að hún geti komið sóknaraðilja að meira haldi en nágrannaréttarsjónarmið leiða til o. fl. Slík rök eru ekki komin fram í máli þessu, heldur benda gögnin fremur til þess, að eiginmaður stefnanda hafi ekki áskilið sér neinn sjálfstæðan rétt, og framkvæmdin bendir einnig til þess, að hann hafi eins og hinn upphaflegi seljandi talið hagsmunum sínum nægilega borgið, er skipulagslög voru sett og skipulag framkvæmt.

Þess má enn fremur geta, að eins og vikið er að hér að framan og dómkvaddir matsmenn hafa látið uppi álit um, verður að telja hagsmuni stefnda af því að geta haldið byggingu sinni áfram svo miklu meiri en tjón það, sem byggingin getur valdið stefnanda, að stefnandi geti ekki stöðvað bygginguna, enda var stefnda vorkunn, þótt hann liti svo á, að sér væri byggingin heimil, er leyfi réttra stjórnvalda var fengið, kvöðin orðuð eins og raun ber vitni og framkvæmdir með þeim hætti, er áður greinir. Stefnandi á því eigi þeirra hagsmuna að gæta í þessu máli, að hann megi fá stöðvað þær byggingarframkvæmdir, sem um er deilt.

Verður því að fella úr gildi lögbann það, sem á var lagt 23.

ágúst 1956 við því, að reist yrði á lóðinni nr. 14 við Túngötu hús það, sem þá var hafin bygging á og teikning hafði verið samþykkt að í byggingarnefnd Reykjavíkur 26. apríl 1956.

Þá ber að sýkna stefnda af þeirri kröfu stefnanda, að stefnda sé óheimilt að byggja hið umrædda hús á lóðinni.

Um það, hvort stefnandi eigi rétt til bóta samkvæmt reglum almenns nágrannaréttar eða hvort kvöðin skapi bótarétt stefnanda til handa, þótt hún skapi ekki bannrétt gegn byggingu stefnda, verður ekki dæmt í þessu máli, eins og kröfugerð í því og reifun þess er háttað.

Eftir atvikum þykir rétt, að hvor aðilja beri sinn kostnað af málinu.

Mál þetta hefur dregizt nokkuð, og skal af því tilefni tekið fram:

Málið var dómtekið 2. maí síðastliðinn. Vegna anna formanns dómsins og umboðsmanns stefnda við próf í Háskólanum var það ekki flutt fyrr en 20. júní, síðan endurupptekið 5. júlí og dómtekið að nýju 7. júlí.

Gagnaöflun hefur gengið seinna en vænta mátti, einkum af hálfu umboðsmanns stefnda. Sá seinagangur hefur ekki verið réttlættur, og ber að átelja hann.

Dómsorð:

Stefndi, h/f Kvennaheimilið Hallveigarstaðir vegna eiganda lóðarinnar nr. 14 við Túngötu, skal vera sýkn af kröfum stefnanda í máli þessu.

Lögbann það, sem lagt var á framhald byggingar á lóðinni nr. 14 við Túngötu 23. október 1956, er úr gildi fellt.

Málskostnaður fellur niður.

Föstudaginn 26. júní 1959.

Nr. 102/1959. **Haraldur Júlíusson f. h. Björns Hauks Baldvinssonar** og **Vagn E. Jónsson**
gegn
þrotabúi Baldvins Kristinssonar.

Dóminn skipuðu hinir reglulegu dómarar Hæstaréttar.

Kærumál. Frávísun frá héraðsdómi. Mál til riftunar á gerningi þrotamanns of seint höfðað.

Dómur Hæstaréttar.

Sóknaraðiljar hafa skotið máli þessu til Hæstaréttar með kæru 9. þ. m., er barst dóminum hinn 12. þ. m. Þeir gera þær dómkröfur, að úrskurður héraðsdóms verði úr gildi felldur og að varnaraðilja verði dæmt að greiða þeim kærumálskostnað eftir mati Hæstaréttar.

Varnaraðili krefst staðfestingar hins kærða úrskurðar og að sóknaraðiljum verði dæmt að greiða honum in solidum kærumálskostnað eftir mati dómsins.

Mál varnaraðilja gegn sóknaraðiljum í héraði var höfðað til riftunar á gerningi Baldvins Kristinssonar 2. október 1951, um ráðstöfun fjár á hendur sonar Baldvins og til skila á því fé. Ákvörðun um að fara fram á afhendingu fjárins og um málshöfðun, ef með þyrfti, var tekin á skiptafundi hinn 29. júlí 1953. Umboðsmaður varnaraðilja hóf þegar tilraunir til fjárheimtunnar, en þær reyndust árangurslausar. Með stefnu 14. janúar 1959 var mál loks höfðað á bæjarþingi. Ákvæði 1. mgr. 27. gr. laga nr. 25/1929, um gjaldþrotaskipti, varða gerning þann, er varnaraðili vill fá rift. En með því að svo langur tími sem að framan greinir leið frá ákvörðun skiptafundar um málshöfðun, þar til stefna var út gefin, verður ekki hjá því komizt að telja málshöfðunarfrest samkvæmt 30. gr. sömu laga þá hafa verið löngu liðinn. Og þar sem málssóknarheimild verður eigi, eins og á stendur, leidd af öðrum reglum, ber að fella hinn kærða úrskurð úr gildi og vísa málinu frá héraðsdómi.

Eftir þessum úrslitum er rétt, að varnaraðili greiði sóknaraðiljum kærumálskostnað, kr. 1.000,00.

Dómsorð:

Hinn kærði úrskurður er úr gildi felldur, og er bæjarþingsmálinu vísað frá héraðsdómi.

Varnaraðili, þrotabú Baldvins Kristinssonar, greiði sóknaraðiljum, Haraldi Júlíussyni f. h. Björns Hauks Baldvinssonar og Vagni E. Jónssyni, kærumálskostnað, kr. 1.000,00, að viðlagðri aðför að lögum.

Úrskurður bæjarþings Reykjavíkur 5. júní 1959.

Mál þetta, sem tekið var til dóms eða úrskurðar hinn 2. þ. m., hefur Gunnar A. Pálsson hrl. f. h. þrotabús Baldvins Kristinssonar höfðað fyrir bæjarþinginu með stefnu, út gefinni 14. janúar sl., á hendur Haraldi Júlíussyni, kaupmanni á Sauðárkróki, f. h. Björns Hauks Baldvinssonar til að þola riftun á framsalsgerningi, dagsettum 2. október 1951, en með gerningi þessum framselur Baldvin Kristinsson ófjárráða syni sínum, Birni Hauki, til fullrar eignar og umráða kröfu á hendur ríkissjóði, er þá beið dóms Hæstaréttar. Einnig er málið höfðað gegn Vagni E. Jónssyni, héraðsdómslögmanni í Reykjavík, sem vörzlumanni hins framselda fjár, til að skila fénu, sem nú nemur kr. 66.604,73, til stefnanda, þó þannig, að frá dragist lögmætur kostnaður Vagns.

Þá krefst stefnandi málskostnaðar úr hendi stefndu in solidum.

Stefndi Haraldur f. h. Björns Hauks hefur gert þær kröfur, að málinu verði vísað frá dómi og honum dæmdur málskostnaður úr hendi stefnanda að mati dómarans. Hefur stefndi áskilið sér rétt til efnisvarna, ef frávísunarkrafa hans verður ekki tekin til greina.

Stefndi Vagn hefur krafizt sýknu og málskostnaðar úr hendi stefnanda. Til vara hefur hann krafizt þess, að dómkrafa stefnanda verði lækkuð um kr. 5.500,00 og greiðslu málskostnaðar úr hendi hans, ef stefnandi „tapar" málinu, en ella úr hendi meðstefnda. Í frávísunarsökinni kvaðst stefndi Vagn styðja frávísunarkröfu meðstefnda og krafðist málskostnaðar úr hendi stefnanda.

Stefnandi lýsir málavöxtum á þá leið, að með gerningi, dag-

settum 2. október 1951, framseldi Baldvin Kristinsson ófjárráða syni sínum, Birni Hauki, kröfu á hendur ríkissjóði, er þá beið dóms í Hæstarétti. Skyldi kröfuframsalið vera greiðsla upp í arf drengsins eftir móður hans, er mun hafa látizt á árinu 1942, en Baldvin sat í óskiptu búi. Kröfuna afhenti Baldvin Haraldi Júlíussyni sem fjárhaldsmanni Björns Hauks. Dómur Hæstaréttar gekk 14. nóvember 1951, og skömmu síðar veitti meðstefndi Vagn dómsfjárhæðinni móttöku, en hann hafði flutt málið fyrir Baldvin.

Stefnandi fullyrðir, að við fyrrgreint framsal hafi mikið skort á, að Baldvin ætti fyrir skuldum, m. a. hafi Sparisjóður Siglufjarðar fengið dóm á hendur honum 2. júní 1951, að fjárhæð kr. 215.000,00, auk vaxta, víxilþóknunar og málskostnaðar.

Dómur þessi var eigi birtur fyrr en 19. nóvember s. á. Af hálfu skuldheimtumanns Baldvins var reynd fjárnámsgerð í framsalsfénu, en henni synjað með úrskurði fógetaréttar 28. janúar 1952, enda formleg eignaryfirfærsla talin hafa átt sér stað. Aðiljar þessir töldu þó, að umræddur gerningur væri að öllu marklaus og gerður í því skyni einu að skjóta fé undan lögmætri aðför. Kærðu þeir Baldvin fyrir athæfi þetta til refsingar hinn 27. marz 1952 til sýslumannsins í Gullbringu- og Kjósarsýslu, en í því máli hefur ekkert verið aðhafzt að sögn stefnanda.

Af hálfu stefnda Haralds f. h. Björns Hauks var nú hafizt handa um að ná hinni umdeildu fjárhæð úr höndum meðstefnda Vagns, er hafði lagt féð inn á sparisjóðsbók og taldi sér eigi unnt að láta það af hendi, fyrr en úr því fengist skorið, hver væri löglegur eigandi að því. Með bréfi, dags. 26. febrúar 1952, var þess krafizt, að féð yrði tekið frá Vagni með beinni fógetagerð og afhent Haraldi vegna Björns Hauks. Innsetningargerðin náði þó eigi fram að ganga, en var synjað með úrskurði fógetaréttar 27. júní 1952, enda talið umdeilt, hver ætti rétt til fjárins og þá einkum með tilliti til fjárhagsástæðna Baldvins. Þennan úrskurð staðfesti síðan Hæstiréttur 11. marz 1953. Hafði það þá og gerzt að undangenginni árangurslausri fjárnámsgerð, að Baldvin var úrskurðaður gjaldþrota 24. júní 1952 eða tæpum 9 mánuðum eftir framsalið.

Lýstar kröfur í þrotabú Baldvins námu hátt á þriðja hundrað þúsund krónum, en eignir eru engar taldar. Á skiptafundi 13. nóvember 1952 var Gunnari A. Pálssyni hrl. falið að athuga í samráði við skiptaráðanda, hvort höfða þyrfti mál til riftunar framsalsgerningnum frá 2. október 1951, og á fundi 29. júlí

1953 var tekin ákvörðun um slíka málshöfðun af hálfu búsins og Gunnari A. Pálssyni veitt umboð til málshöfðunar, „ef með þarf", eins og segir í bókum réttarins. Degi síðar kveðst Gunnar hafa átt samtal við Harald Júlíusson og samdægurs sent honum uppkast að yfirlýsingu, þar sem hann f. h. Björns Hauks afsalaði tilkalli til fjárhæðarinnar og samþykkti, að hún yrði afhent Gunnari f. h. þrotabúsins. Svar Haralds er dagsett 12. ágúst 1953, og segir þar m. a., „að ég fyrir hönd Björns Hauks Baldvinssonar mun ekki stofna til frekari málshöfðunar í þessu máli (þótt ekki sé mér sársaukalaust), vil heldur sleppa tilkalli til umræddrar fjárhæðar". Bréf þetta var sent Vagni Jónssyni, og hinn 9. september s. á. sendi hann afrit af því til Gunnars og Áka Jakobssonar hrl., en honum hafði verið veitt umboð til að ná fénu úr höndum Vagns til handa Birni Hauki. Hinn 10. september, þ. e. degi síðar, afturkallaði Áki þessa yfirlýsingu Haralds og krafði jafnframt Vagn um afhendingu fjárins.

Það gerðist næst, að 5. október s. á. skrifar Gunnar A. Pálsson sýslumanninum í Skagafirði, yfirlögráðanda Björns Hauks, og fer fram á samþykki hans fyrir því, að féð verði afhent þrotabúinu. Þar hvílir málið fram í marz 1954, og verður ekki byggt á svari yfirlögráðandans til heimtu fjárins hjá Vagni. Í júní sama ár ritaði stefnandi dómsmálaráðuneytinu greinargerð um málið og fór þess á leit, að ráðuneytið hlutaðist til um, að Vagn léti féð af hendi til þrotabúsins. Svar ráðuneytisins barst 5. marz 1956, og taldi það sig bresta heimild til að verða við málaleitan stefnanda. Skömmu áður, eða 20. febrúar 1956, var enn á ný gerð tilraun af hálfu stefnda Haralds f. h. Björns Hauks til að ná fénu frá Vagni með innsetningargerð. Gerðist þrotabúið meðalgönguaðili í því máli og krafðist einnig afhendingar fjárins til sín. Máli þesu lauk með úrskurði fógetaréttarins 28. febrúar 1957, og var bæði gerðarbeiðanda og meðalgönguaðilja synjað um afhendingu fjárins, enda hafði mál til riftunar framsalsins eigi verið höfðað. Hinn 27. maí 1957 áfrýjaði gerðarbeiðandi þessum úrskurði, en síðan hefur það mál legið kyrrt að sögn stefnanda, unz honum barst hinn 13. janúar sl. fullgert ágrip af hinu áfrýjaða fógetaréttarmáli til afnota við flutning þess fyrir Hæstarétti. Var þá af hálfu stefnanda hafizt handa um höfðun máls til riftunar framsalsgerningnum frá 2. október 1951 og stefna gefin út 14. janúar 1959.

Kröfu sína um frávísun byggir stefndi Haraldur f. h. Björns Hauks á því, að svo langt sé nú um liðið, frá því er tekin var

ákvörðun á skiptafundi um höfðun riftunarmáls, að stefnandi hafi með aðgerðarleysi sínu fyrirgert rétti til málshöfðunar. Bendir stefndi á ákvæði 30. gr. laga nr. 25 frá 1929, um gjaldþrotaskipti, en þar segir, að mál til riftunar skuli höfða tafarlaust, eftir að skiptafundur hafi tekið ákvörðun um slíka málshöfðun, og reka það með hæfilegum hraða, svo að bússkipti tefjist ekki. Jafnframt bendir stefndi á, að þar sem ítrekaðar tilraunir hafi verið gerðar af hans hálfu til að ná fénu frá meðstefnda Vagni og m. a. höfðuð tvö fógetaréttarmál í því skyni, hafi stefnanda mátt vera ljóst, að aldrei hafi komið til greina að afsala rétti stefnda til fjárins. Með tilvísun til áðurnefndrar lagagreinar hafi því stefnanda borið að höfða mál þetta miklu fyrr og eigi síðar en á árinu 1953, ef þrotabúið vildi halda þeim rétti, er það kynni að hafa átt til riftunar.

Í frávísunarsökinni gerði stefnandi kröfu til þess, að frávísunarkröfunni yrði hrundið og stefnda Haraldi f. h. Björns Hauks gert að greiða honum málskostnað að mati dómarans. Benti stefnandi á, að það væri fjarri, að skuldheimtumenn Baldvins og síðar þrotabú hans hefðu verið aðgerðarlaus um gæzlu réttar síns, m. a. með fjárnámsgerðum og refsikæru, svo og meðalgöngu í innsetningarmáli. Enn fremur segir stefnandi, að það hafi ávallt verið tilætlun þrotabúsins að forðast málaferli í lengstu lög, sbr. bókun á skiptafundi 29. júlí 1953, en reyna fremur aðrar leiðir til innheimtu fjárins, enda búið ætíð talið rétt sinn svo ótvíræðan og gerninginn svo augljóslega til málamynda, að honum mundi eigi verða haldið til streitu. Hafi því búið bæði snúið sér til yfirlögráðanda og dómsmálaráðuneytisins í stað þess að halda í kostnaðarsöm málaferli við eignalaust ungmenni, sem enga möguleika hefði til að inna þann kostnað af hendi. Þá telur stefnandi, að tilvitnuð regla í 30. gr. gjaldþrotaskiptalaganna sé aðeins starfsregla fyrir skiptarétt, til þess sett, að skipti dragist ekki úr hófi, en dráttur á málshöfðun geti ekki firrt búið eða lánardrottna rétti til riftunar og á þann hátt „löggilt“ samning, sem bæði hafi verið gerður í undanskotsskyni og til málamynda.

Það er ljóst af því, er rakið var í málavaxtalýsingu, að stefnandi hefur gert ítrekaðar tilraunir til heimtu fjár þess, er Baldvin framseldi syni sínum. Verður að telja, að stefnda Haraldi f. h. Björns Hauks hafi þannig frá upphafi verið ljóst, að stefnandi mundi ekki viðurkenna rétt hans samkvæmt framsalinu. Þá hefur stefndi Haraldur f. h. Björns Hauks aldrei fengið hina

umdeildu fjárhæð í hendur, og ekki hefur því verið haldið fram, að hann hafi orðið fyrir réttarspjöllum vegna dráttar þess, sem varð á málshöfðun. Með hliðsjón af þessu svo og öðrum málavöxtum þykir ekki unnt að taka frávísunarkröfu stefnda til greina.

Afstaða til málskostnaðar í heild verður tekin við væntanlegan efnisdóm í málinu.

Þess ber að geta, að við flutning um frávísunarsökina var lýst yfir því af lögmanni stefnanda Haralds f. h. Björns Hauks, að samkomulag hefði orðið um að fresta flutningi í Hæstarétti um fógetaréttarúrskurðinn frá 28. febrúar 1957, unz dómur hefði gengið í máli þessu.

Jón G. Tómasson, fulltrúi borgardómara, kvað upp úrskurð þenna.

Ályktun:

Fram komin frávísunarkrafa verður ekki tekin til greina.

Miðvikudaginn 1. júlí 1959.

Nr. 73/1959. **Valdstjórnin** (Egill Sigurgeirsson hrl.)
gegn
Ólafíu Margréti Bjarnadóttur
(Vagn Jónsson hdl.).

Dóminn skipuðu hinir reglulegu dómarar Hæstaréttar.

Svipting sjálfræðis.

Dómur Hæstaréttar.

Héraðsdómari höfðaði mál þetta af sjálfsdáðum án atbeina dómsmálaráðherra, sbr. 20. gr. laga nr. 27/1951. Með hliðsjón af 2. mgr. 114. gr. sömu laga verður héraðsdómur þó eigi ómerktur.

Framhaldspróf hafa verið háð í málinu eftir uppsögu héraðsdóms og ýmis vitni leidd, m. a. læknarnir Kristján Þorvarðsson og Jón Hjaltalín Gunnlaugsson.

Kristján læknir staðfesti vottorð sín, þau er í héraðsdómi

getur. Lýsti hann því, að hann „telji nauðsynlegt, að ef lækna á alkóhólista, þá þurfi að halda þeim á hæli í nokkra mánuði a.m.k.“ Hann mundi ekki, hvort hann hefði haft „samband við Ólafíu Margréti á árinu 1958“, en hins vegar hefði hann haft spurnir af henni.

Jón Hjaltalín læknir skýrir svo frá, að móðir stefndu hefði nokkrum sinnum kvatt hann til, „þegar hún átti í vandræðum með Ólafíu Margréti vegna drykkjuskapar hennar“. Kvað hann sér kunnugt um, að stefnda væri vegna drykkjusýki sinnar eigi fær að ráða sjálf persónulegum högum sínum, enda sé hún áfengissjúklingur, sem þarfnist eindregið hælisvistar. Hann minntist „þess ekki að hafa haft samband við Ólafíu Margréti síðastliðið 1½ ár“, enda hafi hann vísað á bug að sinna henni. Hins vegar hafi hann haft af henni spurnir.

Guðmundur Jóhannsson, forstjóri drykkjumannahælisins Bláa bandsins, kom fyrir dóm og skýrði frá því, að stefnda hefði dvalizt sem sjúklingur á nefndu hæli um þriggja vikna skeið árið 1957, og væri hún að sínu áliti drykkjusjúklingur.

Þá hefur Stefán Jónsson skrifstofustjóri, sem kvæntur er föðursystur stefndu, gefið skýrslu, er hann hefur staðfest fyrir dómi. Kveður Stefán náið samband hafa verið milli heimilis síns og foreldra stefndu meira en aldarfjórðung og það samband haldizt óbreytt eftir andlát föður stefndu. Telur hann stefndu hafa verið áfengissjúkling um alllangt skeið, og hafi það verið álit sitt, eftir að erfiðleikar í sambandi við drykkjuskap hennar fóru vaxandi, að eigi væri annarra kosta völ en ráðstafa henni í drykkjumannahæli eða sjúkrahús.

Lögreglukona hefur fyrir dómi skýrt frá því, að á árinu 1958 hafi lögreglan í Reykjavík fjórum sinnum orðið að hafa afskipti af stefndu vegna drykkjuskapar hennar.

Hinn 5. marz sl. var stefnda vistuð í sjúkrahúsið að Kleppi. Lögð hefur verið fram í dómi skýrsla Þórðar yfirlæknis Möllers um stefndu, og segir þar m. a.:

„Komið var með Ólafíu Margréti Bjarnadóttur, Hring-

braut 39, hingað 5/3 þ. á. í fylgd kvenlögreglunnar. Var hún þá ekki undir áhrifum áfengis, en „rykuð“ og heldur illa fyrirkölluð. Var komið með hana hingað að undangengnum sjálfræðissviptingardómi. Með tilliti til þess, að hún var flutt hingað og vistuð hér gegn vilja sínum, var ekki um annað að ræða en hafa hana á lokaðri deild. Var henni valinn staður í einu bezt staðsetta rúminu á rólegustu lokuðu deildinni hér.

Framan af fékk hún „Sparine“ (töflur, sem mjög almennt eru notaðar handa drykkjusjl., meðan þeir eru að ná sér) og vitamín.

Líkamlegar rannsóknir leiddu í ljós, að hún var heldur fölleit og mjög grannholda, en blóðmynd sýndi sig hins vegar að vera eðlileg. Hefur sjúkl. náð sér í útliti þann tíma, sem hún hefur verið hér, og orðin hin sællegasta, þyngzt úr 49 kg upp í 51 kg, síðan hún kom, þó hins vegar hafi verið mjög erfitt að gera henni til hæfis bæði í mat og öðru.

Heilarit var tekið af henni 24/3 og sýndi ekkert athugavert. Skal það tekið fram, að það var ekki verið að leita að merkjum um ofdrykkju, heldur að hugsanlegri skýringu á ofdrykkju.

Lifrarstarfspróf var gert á henni og leiddi í ljós byrjandi bilun á starfsemi lifrarinnar, sem er, eins og alkunna er, eitt fyrsta líffærið, sem verður undan að láta hjá ofdrykkjusjl.“

Samkvæmt því, sem nú var rakið, og öðru, sem fram hefur komið í málinu, þykir bera að staðfesta héraðsdóminn.

Eftir þessum úrslitum verður stefndu dæmt að greiða allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin laun sækjanda og verjanda fyrir Hæstarétti, kr. 3.000,00 til hvors.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður.

Stefnda, Ólafía Margrét Bjarnadóttir, greiði allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin laun sækjanda og verjanda fyrir Hæstarétti, Egils Sigurgeirsson-

ar hæstaréttarlögmanns og Vagns E. Jónssonar héraðsdómslögmanns, kr. 3.000,00 til hvors.

Dóminum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Sératkvæði
hæstaréttardómaranna Jóns Ásbjörnssonar og Þórðar Eyjólfssonar.

Mál þetta er einkamál, sem sætir afbrigðilegri meðferð samkvæmt 4. tölulið 2. gr. laga nr. 27/1951 og lögum nr. 95/1947. Ákvæði 4. gr. laga nr. 27/1951, um héraðsdómara í opinberum málum, taka því ekki til máls þessa, og ber slík mál í Reykjavík undir borgardómara samkvæmt 8. gr. laga nr. 95/1947, sbr. og 2. og 4. gr. laga nr. 65/1943. Samkvæmt þessu teljum við, að ómerkja beri hinn áfrýjaða dóm og vísa málinu frá sakadóminum. En þar sem meiri hluti dómenda féllst ekki á ómerkingu dómsins, munum við samkvæmt ákvæðum 47. gr. laga um Hæstarétt, nr. 112/1935, greiða atkvæði um efni málsins.

Dómur sakadóms Reykjavíkur 19. desember 1958.

Ár 1958, föstudaginn 19. desember, var í sakadómi Reykjavíkur, sem haldinn var í skrifstofu dómsins af Guðmundi Ingva Sigurðssyni, kveðinn upp dómur í sjálfræðissviptingarmálinu: Valdstjórnin gegn Ólafíu Margréti Bjarnadóttur, sem tekið var til dóms nú samdægurs.

Málið er höfðað gegn Ólafíu Margréti Bjarnadóttur, til heimilis á Brávallagötu 12 hér í bæ, fæddri 17. september 1918 í Súðavík, til sviptingar sjálfræðis hennar og greiðslu málskostnaðar. Með bréfi, dags. 26. nóvember 1958, fór móðir Ólafíu Margrétar, Salóme Jónsdóttir ekkjufrú, til heimilis Hringbraut 39 hér í bæ, þess á leit við sakadómara, að hann hlutaðist til um, að Ólafía Margrét yrði svipt sjálfræði sakir drykkjuskapar. Rannsókn málsins leiddi þetta í ljós:

Ólafía Margrét er fráskilin. Hún á fjórar dætur á aldrinum 15 til 20 ára. Hefur móðir Ólafíu Margrétar alið upp dætur hennar nema þá elztu. Eftir að Ólafía Margrét skildi fyrir allmörgum árum, varð móðir hennar þess fyrst vör, að hún neytti áfengis. Hefur drykkjuskapur hennar farið ört vaxandi síðan. Árið 1956

var hún orðin svo langt leidd í drykkjuskapnum, að móðir hennar ætlaði þá að biðja um sjálfræðissviptingu, en ekkert varð úr því. Ólafía Margrét hefur lítið unnið hin síðari ár. Hefur móðir hennar hvað eftir annað orðið að leggja henni lið. Hefur hún greitt fyrir hana húsaleigu, sjúkrasamlagsgjöld o. fl., auk þess sem hún hefur látið renna til hennar fé til eins eða annars. Þannig hefur hún lánað Ólafíu Margréti samtals kr. 36.100,00 frá 13. október 1955 til 9. ágúst 1958. Á Salóme kvittanir fyrir þessum lánum. Þá eru ótaldar ýmsar smærri greiðslur, sem móðir Ólafíu Margrétar hefur látið af hendi rakna við hana. Ekki hefur Ólafía Margrét endurgreitt þessi lán. Þá hefur hún iðulega leitað til móður sinnar og fengið þar fæði og húsaskjól. Er hún móður sinni til fjárhagslegrar byrði. Hefur móðir hennar orðið að standa á móti þrálátum og tíðum beiðnum hennar um meiri peningalán.

Lögð voru fram tvö vottorð Kristjáns Þorvarðssonar læknis, dags. 28. nóvember 1956 og 26. nóv. 1958. Í vottorðum þessum vottar læknirinn, að Ólafía Margrét sé krónískur alkóhólisti. Telur læknirinn nauðsynlegt, að hún sé svipt sjálfræði sínu, til þess að unnt sé að gera á henni lækningatilraunir á lokaðri deild.

Ólafía Margrét mótmælti sjálfræðissviptingarbeiðninni. Hún kvaðst vera krónískur alkóhólisti. Er hún túradrykkjumanneskja. Hún viðurkenndi, að hún hefði lítið unnið að undanförnu. Hún var um þriggja vikna skeið á Bláa bandinu árið 1957. Hún viðurkenndi, að hún hefði orðið að leita til móður sinnar um peningalán, sem hún hefði ekki getað endurgreitt.

Lagt var fram sakavottorð Ólafíu Margrétar. Samkvæmt því hefur lögreglan orðið að hafa afskipti af henni vegna ölvunar hennar nokkrum sinnum árin 1955 til 1958. Í tveimur tilvikum leiddi ölvun hennar til sekta, kr. 200,00 og kr. 300,00, en sektarupphæðirnar benda til þess, samkvæmt þeirri venju, sem tíðkast um afgreiðslu kærna vegna ölvunar á almannafæri, að ölvunarkærurnar hafi verið fleiri en sektirnar segja til um. Auk þess geymir sakavottorðið upplýsingar um, að Ólafía Margrét hafi verið tekin af lögreglunni vegna ölvunar í bifreið og tvívegis vegna ölvunar innan húss. Voru þessi mál afgreidd með niðurfellingum.

Með skírskotun til þess, sem nú hefur verið sagt, þykir nægilega sannað, að Ólafía Margrét sé alkóhólisti, sem af þeim sökum hafi raskað opinberum hagsmunum og sé móður sinni til fjárhagslegrar byrði. Ber því að taka fram komna beiðni til greina og svipta Ólafíu Margréti samkv. 3. tl. 5. gr. l. nr. 95/1947, um lögræði, sjálfræði frá birtingu dóms þessa. Ólafía Margrét er dæmd

til að greiða allan málskostnað, þar með talin málsvarnarlaun skipaðs verjanda hennar, Vagns E. Jónssonar hdl., er þykja hæfilega ákveðin kr. 1.000,00.

Dómsorð:

Ólafía Margrét Bjarnadóttir, Brávallagötu 12, Reykjavík, f. 17. sept. 1918 í Súðavík, er svipt sjálfræði sínu. Hún greiði allan málskostnað, þar með talin málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Vagns E. Jónssonar hdl., að upphæð kr. 1.000,00.

Miðvikudaginn 30. september 1959.

Nr. 88/1959. **Jón F. Franklinsson**
gegn
Páli Jóhanni Þorleifssyni.

Útivistardómur.

Dómur Hæstaréttar.

Málssókn þessi fellur niður.

Áfrýjandi, Jón F. Franklínsson, er eigi sækir dómþing í máli þessu, greiði kr. 200,00 útivistargjald til ríkissjóðs, ef hann vill fá mál sitt tekið fyrir af nýju.

Miðvikudaginn 30. september 1959.

Nr. 119/1959. **Páll S. Dalmar**
gegn
Daða Kristjánssyni.

Útivistardómur. Ómaksbætur.

Dómur Hæstaréttar.

Málssókn þessi fellur niður.

Áfrýjandi, Páll S. Dalmar, er eigi sækir dómþing í máli

þessu, greiði kr. 200,00 útivistargjald til ríkissjóðs, ef hann vill fá mál sitt tekið fyrir af nýju.

Einnig greiði hann stefnda, Daða Kristjánssyni, sem hefur sótt dómþing og krafizt ómaksbóta, kr. 300,00 í ómaksbætur að viðlagðri aðför að lögum.

Miðvikudaginn 30. september 1959.

Nr. 137/1959. **Kökugerðin h/f,**
Ingolf Petersen
og
Gunnlaugur Melsted
gegn
Ragnari Bjarnasyni.

Útivistardómur.

Dómur Hæstaréttar.

Málssókn þessi fellur niður.

Áfrýjendur, Kökugerðin h/f, Ingolf Petersen og Gunnlaugur Melsted, er eigi sækja dómþing í máli þessu, greiði kr. 200,00 útivistargjald til ríkissjóðs, ef þeir vilja fá mál sitt tekið fyrir af nýju.

Miðvikudaginn 30. september 1959.

Nr. 126/1959. **Þórir Jónsson,**
Ólafur Ólafsson
og
Haraldur Thorlacius
gegn
Hildi Jóhannesdóttur
og
borgarstjóranum í Reykjavík f. h. Reykjavíkurbæjar.

Dómendur:
hæstaréttardómararnir Þórður Eyjólfsson, Gizur Bergsteinsson, Jón Ásbjörnsson og Jónatan Hallvarðsson og prófessor Ármann Snævarr.

Kærumál. Frestun.

Dómur Hæstaréttar.

Sóknaraðiljar hafa skotið til Hæstaréttar ákvæði héraðsdóms um málskostnað með kæru 15. júní þ. á., sem barst dóminum 20. júlí s. á.

Varnaraðili borgarstjórinn í Reykjavík f. h. Reykjavíkurbæjar hefur áfrýjað málinu af sinni hendi með áfrýjunarstefnu, dags. 10. september 1959, til þingfestingar í nóvembermánuði nk. Þykir rétt samkvæmt lögjöfnun frá 2. mgr. 117. gr. laga nr. 85/1936 að fresta kærumálinu sjálfkrafa, unz séð er, hvort áðurgreint áfrýjunarmál verður lagt í dóm.

Ályktarorð:

Kærumáli þessu er frestað sjálfkrafa samkvæmt framansögðu.

Miðvikudaginn 30. september 1959.

Nr. 149/1959. **Nefndarhluti neytenda í verðlagsnefnd landbúnaðarafurða** (Ragnar Jónsson hrl.)
gegn
framleiðsluráði landbúnaðarins
(Sveinbjörn Jónsson hrl.)
og gagnsök.

Dómendur:
hæstaréttardómararnir Þórður Eyjólfsson, Gizur Bergsteinsson og Jónatan Hallvarðsson, prófessor Ármann Snævarr og Valdimar Stefánsson sakadómari.

Verðlagning landbúnaðarafurða.

Dómur Hæstaréttar.

Aðaláfrýjandi hefur skotið máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 29. ágúst þ. á. Krefst hann þess, að ákveðið verði með dómi, að gagnáfrýjanda „hafi verið óheimilt að hækka með auglýsingu sinni 18. september 1958 heildsöluverð á 1. verðflokki dilkakjöts um kr. 0,85 pr. kg og smásöluverð hlutfallslega frá þeim verðlagsgrundvelli, er verðlagsnefnd landbúnaðarins lagði á fundi sínum 6. sept. 1958". Þá krefst aðaláfrýjandi og málskostnaðar úr hendi gagnáfrýjanda í héraði og fyrir Hæstarétti eftir mati dómsins.

Gagnáfrýjandi hefur áfrýjað málinu með stefnu 14. september þ. á. Krefst hann sýknu af kröfum aðaláfrýjanda í málinu og málskostnaðar í héraði og hér fyrir dómi eftir mati Hæstaréttar.

Í lögum nr. 94 5. júní 1947 eru ákvæði um verðlagningu landbúnaðarafurða á innlendum markaði. Framleiðsluráð landbúnaðarins hefur samkvæmt 1. gr. á hendi aðalframkvæmd laganna, og í 8. tölulið 2. gr. er því sérstaklega falið það hlutverk „að verðskrá landbúnaðarvörur í samræmi við vísitölu hagstofunnar, sbr. 2. málsgr. 6. gr. og 7. gr." Verðskráning takmarkast við það, sem mælt er í 4. gr. laganna, að söluverðið „skal miðast við það, að heildartekjur þeirra, er landbúnað stunda, verði í sem nánustu samræmi við tekj-

ur annarra vinnandi stétta". Til þess að ná þeim tilgangi er ákveðið í 5. gr., að „við útreikning framleiðslukostnaðar og verðlagningu á söluvörum landbúnaðarins á innlendum markaði í heildsölu og smásölu skal samkvæmt ákvæðum 4. gr. byggt á verðgrundvelli, sem fenginn er með samkomulagi milli þriggja fulltrúa, sem tilnefndir eru af stjórn Stéttarsambands bænda, og þriggja fulltrúa frá þessum félagssamtökum neytenda: Alþýðusambandi Íslands, Landssambandi iðnaðarmanna, Sjómannafélagi Reykjavíkur." Hefur þessi nefnd fulltrúa framleiðenda og neytenda starfað undir nafninu verðlagsnefnd landbúnaðarafurða.

Samkvæmt því, sem fram hefur komið í málinu, hefur starfsskipting með framleiðsluráði og verðlagsnefnd orðið á þann veg í framkvæmdinni, að verðlagsnefndin hefur fyrst áætlað kostnað við rekstur bús af ákveðinni stærð, þar með taldar tekjur bónda af vinnu hans sjálfs, og jafnframt áætlað heildarmagn þeirra afurðategunda, sem ráðgert er, að til sölu komi. Eftir að þessi verðlagsgrundvöllur hefur verið fundinn, hefur svo framleiðsluráð verðskráð hinar einstöku vörutegundir til sölu á innlendum markaði, þannig að tekjur þær, sem bóndinn fær í hendur, svari til þeirra heildargjalda, sem ráð var gert fyrir í verðlagsgrundvellinum. Virðist aðferð þessi og venja geta samrýmzt fyrirmælum laganna um verðlagningu.

Á fundi verðlagsnefndar hinn 5. september 1958 varð samkomulag um útreikning á verðlagsgrundvelli landbúnaðarafurða tímabilið 1. september 1958 til 31. ágúst 1959. Var framleiðsluráði síðan send skýrsla um verðlagsgrundvöllinn, þar sem heildargjöld og heildartekjur bús voru tilteknar. Voru útgjöldin sundurliðuð með tilteknum fjárhæðum, og tekna megin var einnig greint, við hvaða afurðamagn væri miðað, en látið vera í eyðu til ákvörðunar framleiðsluráðs, hvaða verð bóndinn þyrfti að fá fyrir hinar mismunandi afurðategundir, til þess að heildartekjur svöruðu til heildargjalda. Kom þá ekki heldur til þess, að útsöluverð neinnar einstakrar vörutegundar, hvorki í heildsölu né smásölu, væri ákveðið af verðlagsnefnd. Fulltrúar neytenda í

nefndinni létu þó bóka þá athugasemd, að „við verðlagningu í heildsölu á kindakjöti sé reiknað með slátrunarkostnaði, sem sé ekki hærri en kr. 5,50".

Eftir að framleiðsluráð fékk umgetinn verðlagsgrundvöll, ákvað það, hvaða verð bóndinn þyrfti að fá í sínar hendur fyrir hverja einstaka afurðagrein, til þess að tekjur hans samsvöruðu gjöldum þeim, sem greind voru í verðlagsgrundvellinum. Meðal annars var ákveðið, að greiðsla til bóndans fyrir I. og II. flokks dilkakjöt þyrfti að nema kr. 22,20 pr. kg. Mun þessi ákvörðun hafa verið tilkynnt verðlagsnefndinni.

Í auglýsingu framleiðsluráðs, dags. 18. september 1958, var heildsöluverð á kindakjöti í fyrsta verðflokki (I. og II. fl.) ákveðið kr. 24,59 pr. kg. Fulltrúar neytenda í verðlagsnefnd töldu þessa verðlagningu of háa og brjóta í bága við verðlagsgrundvöllinn. Litu þeir svo á, að verðið bæri að ákveða þannig, miðað við kg: Til bænda kr. 22,20 og til greiðslu á slátrunarkostnaði kr. 5,50, en að frádregnu framlagi úr útflutningssjóði, kr. 3,96. Samkvæmt því mætti heildsöluverð ekki vera hærra en kr. 23,74 pr. kg, og sé kjötið því of hátt verðlagt um kr. 0,85 pr. kg.

Framleiðsluráð hefur gert þá grein fyrir verðlagningunni, að bóndinn fái því aðeins þær tekjur, sem honum eru ákveðnar af verðlagsnefnd, að til hans renni kr. 22,20 pr. kg af öllu því kjötmagni (I. og II. flokks), sem við er miðað í verðlagsgrundvellinum. Nú þurfi hins vegar að selja á erlendum markaði allmikið magn af kjöti, og nægi útflutningsbætur samkvæmt 19. gr. laga nr. 33/1958 ekki til þess, að bóndinn geti fengið kr. 22,20 pr. kg fyrir hið útflutta kjöt. Hafi því verið nauðsynlegt að ákveða heildsöluverðið svo sem gert var, til þess að bændur fengju þær heildartekjur, sem þeim voru mæltar í verðlagsgrundvellinum.

Í kröfugerð aðaláfrýjanda er við það miðað, að nefnd álagning, kr. 0,85 pr. kg í heildsölu, brjóti í bága við þann verðlagsgrundvöll, sem verðlagsnefnd hafði samþykkt, en eins og áður greinir, hafði hún ekki ákveðið neitt tiltekið verð á hverju kg kindakjöts. Í 4. gr. laga nr. 94/1947 er

mælt, að haga beri verðlagningu þannig, að tekjur bænda verði í sem nánustu samræmi við heildartekjur annarra vinnandi stétta. Í máli þessu hafa ekki verið leidd rök að því, að heildsöluverð kjötsins, eins og það var ákveðið af framleiðsluráði, fari í bága við greint lagaákvæði né auki tekjur bóndans fram úr því, sem ákveðið var í verðlagsgrundvellinum. Þykir því bera að staðfesta hinn áfrýjaða dóm, en eftir atvikum á málskostnaður fyrir Hæstarétti að falla niður.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður.

Málskostnaður fyrir Hæstarétti falli niður.

Dómur bæjarþings Reykjavíkur 18. ágúst 1959.

Mál þetta, sem dómtekið var 22. f. m., hefur nefndarhluti neytenda í verðlagsnefnd landbúnaðarafurða, þeir Sæmundur Ólafsson, Einar Gíslason og Þórður Gíslason, höfðað á bæjarþinginu með stefnu, út gefinni 11. nóv. 1958, gegn framleiðsluráði landbúnaðarins og krafizt þess, að viðurkennt verði með dómi, að stefnda hafi verið óheimilt að hækka með auglýsingu sinni 18. sept. 1958 heildsöluverð á I. verðflokki dilkakjöts um kr. 0,85 pr. kg og smásöluverð hlutfallslega frá þeim verðlagsgrundvelli, er verðlagsnefnd landbúnaðarins lagði á fundi sínum hinn 6. sept. 1958, og að stefndi verði dæmdur til greiðslu málskostnaðar.

Stefnda hefur krafizt sýknu og málskostnaðar úr hendi stefnanda.

Málavextir eru þeir, að með yfirlýsingu, dags. 14. maí 1958, sögðu fulltrúar neytenda upp þeim verðlagsgrundvelli landbúnaðarafurða, er þá var í gildi, og samdægurs sögðu fulltrúar framleiðenda einnig upp grundvelli þessum. Kom þá til kasta verðlagsnefndar landbúnaðarafurða að semja nýjan verðgrundvöll samkvæmt fyrirmælum laga nr. 94 frá 1947. Á fundi nefndarinnar hinn 5.—6. sept. f. á. náðist samkomulag allra nefndarmanna um grundvöll. Heildarniðurstaða hans var kr. 133.296,00, en af þeirri fjárhæð komu kr. 45.844,00 á sauðfjárafurðir. Fulltrúar neytenda í nefndinni, þ. e. stefnendur í máli þessu, létu greinargerð fylgja atkvæðum sínum, og hljóðar hún svo: „Sam-

þykki neytendafulltrúa er byggt á því, að þeim hefur skilizt, að eftirfarandi verði gætt:

1. Við verðlagningu í heildsölu á kindakjöti sé reiknað með sláturkostnaði, sem sé ekki hærri en kr. 5,50.
2. Við verðlagningu á kindakjöti í smásölu sé álagning á súpukjöti og pörtum ekki ákveðin hærri að hundraðshlutum en nú er.
3. Við verðlagningu á mjólkurafurðum og mjólk sé ekki reiknað með hærri tilkostnaði en kr. 1,60.
4. Sölumjólk og heimamjólk í grundvellinum sé verðlögð á sama verði.
5. Sauðfjárafurðir, aðrar en kjöt, séu ekki verðlagðar í grundvellinum lægri en kr. 9.644,00."

Fulltrúar framleiðenda í nefndinni létu fylgja atkvæðum sínum þessa greinargerð: „Fulltrúar framleiðenda taka það fram í sambandi við þessa greinargerð fulltrúa neytenda, að hún geti ekki takmarkað vald framleiðsluráðs landbúnaðarins til að verðskrá landbúnaðarvörur samkvæmt lögum um framleiðsluráð o. fl., en á hinn bóginn eru þau atriði varðandi verðlagningu landbúnaðarvara á nýbyrjuðu framleiðsluári, sem um ræðir í greinargerðinni, í samræmi við þær upplýsingar, sem fulltrúar framleiðenda hafa látið fulltrúum neytenda í té og miðaðar eru við ástand og horfur í dag." Ritari nefndarinnar sendi samdægurs landbúnaðarráðuneytinu og stefnda verðlagsgrundvöllinn og greinargerðirnar.

Hinn 18. s. m. gaf stefnda út auglýsingu um haustverð á kindakjöti og slátri, og var þar m. a. ákveðið, að heildsöluverð á kindakjöti í I. verðflokki skyldi vera kr. 24,59 hvert kg, og þess jafnframt getið, að verð þetta væri miðað við það, að sláturleyfishafar fengju greiddar úr útflutningssjóði kr. 3,96 fyrir hvert kg af dilka- og geldfjárkjöti, er þeir seldu frá 18. sept. 1958 og í október.

Hinn 7. okt. 1958 rituðu stefnendur stefnda svohljóðandi bréf: „Í verðlagsgrundvelli landbúnaðarafurða 1/9 1958—31/8 1959 er verð til bóndans á dilkakjöti I. og II. tilfært sem kr. 22,20 kg. Í auglýsingu framleiðsluráðs landbúnaðarins frá 18. sept. 1958 er heildsöluverð á I. verðflokki, þ. e. I. og II. gæðaflokki dilkakjöts, tilfært sem kr. 24.59, og er þá miðað við, að útflutningssjóður greiði sláturleyfishöfum kr. 3,96 pr. kg. Verð til sláturleyfishafa er því alls kr. 28,55 pr. kg eða kr. 6,35 hærra en áðurgreint verð til bóndans.

Fulltrúum neytenda hefur skilizt, að þessi mismunur, kr. 6,35,

sé fundinn þannig, að við áætlaðan sláturkostnað, kr. 5,50, hafi verið bætt kr. 0,85 til verðjöfnunar milli kjöts, selds á innlendum markaði, og þess kjöts, sem *áætlað* er að selja á erlendum markaði.

Fulltrúar neytenda vilja hér með biðja framleiðsluráð um svar við eftirtöldum spurningum:

1) Er áðurnefndur mismunur á áætluðu verði til bóndans (kr. 22,20) og heildsöluverði (kr. 24,59 + kr. 3,96 = kr. 28,55) til kominn á þann hátt, sem nefnt er að framan?

2) Ef svo er, álítur framleiðsluráðið, að þessi verðlagning á söluvörum landbúnaðarins á innlendum markaði í heildsölu (og smásölu) sé í samræmi við ákvæði 5. og 29. gr. laga nr. 94 frá 1947?

Með tilliti til þess, að hér er um þýðingarmikið mál að ræða, viljum við biðja framleiðsluráðið um, að bréfi þessu verði svarað fyrir 10. þ. m. og að svarinu fylgi gögn, er að áliti framleiðsluráðsins hafa þýðingu til skýringar málinu."

Stefnda svaraði fyrirspurnum þessum með bréfi, dags. 15. s. m., svohljóðandi:

„Framleiðsluráðinu hefur borizt bréf fulltrúa neytenda í verðlagsnefnd landbúnaðarafurða, dags. 7. þ. m., þar sem spurzt er fyrir um það, með hverjum hætti verðlagning dilkakjöts hafi farið fram á þessu hausti og hvort verðlagningin sé í samræmi við 5. og 29. gr. laga nr. 94 frá 5. júní 1947, um framleiðsluráð landbúnaðarins o. fl.

Þegar verðlagsráðinu barst hinn nýi verðlagsgrundvöllur í síðastliðnum mánuði, hafði það um tvennt að velja, hvað verðlagningu sauðfjárafurða snerti. Hið fyrra var að verðleggja á sama hátt og undanfarin ár, þ. e. að færa gærur og ull inn í grundvöllinn með því verði, sem áætlað er, að þessar vörur seljist fyrir ytra, án útflutningsuppbóta, og láta þær ganga allar yfir á kjötið eða þá að láta umræddar vörutegundir njóta uppbótanna að öllu eða einhverju leyti.

Ef fyrri leiðin hefði verið farin eins og undanfarin haust, hefði verðlagning sauðfjárafurðanna í grundvellinum orðið sem hér segir:

1375 kg	dilkakjöts I. og II. fl.	á	23/16	kr.	31.845,00
121 —	geldfjárkjöts og D III.	-	19/25	—	2.329,00
11 —	— G I.	-	16/50	—	182,00
186 —	ærkjöt I.	-	10/00	—	1.860,00
69 —	— II.	-	8/00	—	552,00

368 kg gærur	á	8/35	kr.	3.073,00
240 — ull	-	10/00	—	2.400,00
120 st. slátur	-	30/00	—	3.600,00
		Alls	kr.	45.841,00

Samkvæmt þessu hefði hið óniðurgreidda heildsöluverð orðið kr. 28,66 pr. kg dilkakjöts, þ. e. kr. 23,16 + 5,50 = 28,66. Sjálfsagt hefðu fulltrúar neytenda í verðlagsnefnd ekkert haft við þessa verðlagningaraðferð að athuga nú fremur en undanfarin haust.

Þótt sá háttur hafi verið hafður á að undanförnu að færa allar uppbætur af ull og gærum yfir á útflutt kjöt og verð þess hækkað þannig, til þess að það næði grundvallarverði, þá virðist sú leið naumast eðlileg til lengdar, þar sem hún gæti valdið vanmati og vanhirðu á þeirri vöru, sem jafnan væri þannig svipt sínum réttu uppbótum.

Af þessum sökum var sú leið valin að láta ullina fá ⅔ af útflutningsuppbótum þeim, er henni heyrðu til, en færa ⅓ þeirra yfir á útflutt kjöt. Hækkaði þessi breyting ullarverðið í grundvellinum úr kr. 10,00 pr. kg í kr. 15,50, en lækkaði að sama skapi kjötverðið um 96 aura hvert kg. Heildsöluverð kjötsins var því ákveðið kr. 28,55 pr. kg eða heldur lægra en verið hefði með óbreyttri verðlagningaraðferð.

Þrátt fyrir þessa færslu ⅓ af ullaruppbótum og allra uppbóta af gærum yfir á útflutt kjöt, vantar verulega á, að fullnægt verði ákvæðum 1. mgr. 4. gr. laga nr. 94 frá 1947. Var því ákveðið að leggja kr. 0,85 á kjötverð innan lands, sem þó nær ekki til að jafna helming þess, sem á mun vanta. Hlýtur slík verðjöfnun milli útflutts kjöts og kjöts, sem selt er á innlendum markaði, að vera heimil samkv. 29. gr., a-lið, nefndra laga. Ef miða ætti kjöt bænda samkvæmt 1. mgr. 4. gr., að því er kjöt varðar, eingöngu við kjöt selt á innlendum markaði, þá yrði ókleift að uppfylla ákvæði þessarar greinar, miðað við verð útflutts kjöts, eins og það er og hefur verið að undanförnu. Til slíks getur löggjöfin eigi hafa ætlazt.

Framleiðsluráðið telur, að því sé skylt að kappkosta að verðleggja búvörur þannig, að framleiðendur geti fengið grundvallarverð það, sem gildir á hverjum tíma, og að það sé á þess valdi að búa svo um hnútana, að það geti orðið, samanber 8. mgr. 2. gr. og 1. mgr. 4. gr. nefndra laga.

Væntir framleiðsluráðið þess, að framangreindar skýringar nægi."

Eftir að fulltrúar neytenda höfðu ráðgazt við þau samtök, sem þeir voru fyrir, höfðuðu þeir mál þetta, svo sem fyrr var sagt. Byggja þeir dómkröfur sínar á því, að stefnda hafi ekki heimild til þess í lögum að leggja verðjöfnunargjald vegna útflutnings á kjöti við verð það, sem neytendum innan lands beri að greiða. Halda þeir fram því, að ákvæði laga nr. 94 frá 1947, um verðgrundvöll, eigi eingöngu við um sölu landbúnaðarafurða innan lands, enda hafi ekki verið um að ræða útflutning á kjöti, þegar þau lög voru sett. Verðbætur á útfluttar landbúnaðarafurðir hafi ýmist verið greiddar samkvæmt sérstakri ábyrgðarheimild ríkissjóðs eða samkvæmt sérstökum lögum, t. d. nr. 4 frá 1956, nr. 86 frá 1956 og nr. 33 frá 1958, og sýni þessar ráðstafanir, að stefnda sé ekki ætluð forsjá þeirra mála að neinu leyti. Álagi því, er mál þetta reis af, verði því ekki jafnað til annars en neyzluskatts, er ótvíræða lagaheimild þyrfti til að leggja á, sbr. 77. gr. stjórnarskrárinnar, en slík heimild sé ekki fyrir hendi. Stefnandi bendir og á það, að á öllu starfstímabili stefnda hafi ekki fyrr en nú komið til þess, að lagt sé sérstakt gjald á landbúnaðarafurðir seldar á innanlandsmarkaði til verðjöfnunar vegna útflutnings og að fyrirætlan stefnda í þessa átt hafi ekki verið hreyft á fundum í verðlagsnefndinni þannig, að unnt hefði verið að ræða málið og taka afstöðu til þess.

Stefnda byggir kröfur sínar á því, að verðlagning sú, er hér ræðir um, hafi verið framkvæmd með fullri heimild í lögum, í samræmi við venjur um starfsháttu og á hagstæðan hátt fyrir neytendur innan lands. Skýrir það verðskráninguna efnislega séð á þann hátt, er greinir í bréfinu frá 15. okt. sl., er tekið var upp hér að framan, og telur sig hafa með þessu móti reynt að gegna skyldu sinni samkvæmt 2. gr., 8. mgr., og 4. gr. laga nr. 94 frá 1947. Verðjöfnun þá, er í þessu felst, telur stefnandi í samræmi við ákvæði a-liðar 29. gr. sömu laga. Stefnda hefur og hreyft því, að deila sú, er mál þetta reis af, kunni að lúta úrskurði yfirnefndar þeirrar, sem greinir í 4. mgr. 5. gr. laga nr. 94 frá 1947, en það hefur ekki haft uppi neinar kröfur í því sambandi. Þar eð hér kann að vera að ræða um ástæðu til sjálfkrafa frávísunar málsins, er nauðsynlegt að gera grein fyrir valdsviði yfirnefndar þessarar svo og verðlagsnefndarinnar.

II. kafli laga nr. 94 frá 1947, þ. e. 4.—9. gr. að báðum með-

töldum, er um verðskráningu. Samkvæmt 4. gr. skal söluverð landbúnaðarvara á innlendum markaði við það miðað, að heildartekjur þeirra, er landbúnað stunda, verði í sem nánustu samræmi við tekjur annarra vinnandi stétta. Samkvæmt 5. gr. skal við útreikning framleiðslukostnaðar og verðlagningu á söluvörum landbúnaðarins á innlendum markaði í heildsölu og smásölu byggt á verðgrundvelli, sem fenginn sé með samkomulagi milli þriggja fulltrúa, sem tilnefndir eru af Stéttarsambandi bænda, og þriggja fulltrúa frá þessum félagasamtökum neytenda: Alþýðusambandi Íslands, Landssambandi iðnaðarmanna og Sjómannafélagi Reykjavíkur. Verði samkomulag með öllum nefndarmönnum, er það bindandi. Náist ekki samkomulag um einhver atriði snertandi útreikning framleiðslukostnaðar eða verðlagningu landbúnaðarvara, skal vísa þeim atriðum, er ágreiningi valda, til sérstakrar yfirnefndar, er fellir fullnaðarúrskurð um ágreiningsmálin.

Af framanskráðu er ljóst, að hlutverk yfirnefndarinnar er það eitt að skera úr um þau atriði, sem ágreiningur verður um milli fulltrúanna í verðlagsnefndinni, og því kom það ekki í hlut yfirnefndar að úrskurða í sambandi við verðlagsgrundvöllinn frá 6. sept. 1958, sem samþykktur var með atkvæðum allra nefndarmanna.

Verðgrundvöllur sá, er að framan var lýst, fær ekki talizt hin endanlega verðlagning á söluvörum landbúnaðarins, enda hvorki gert ráð fyrir því í lögunum né heldur í framkvæmd þeirra, eins og stefnda hefur ómótmælt lýst henni. Kveður það grundvöll nefndarinnar vera kostnaðarreikning um bú af ákveðinni stærð, en jafnframt sé í honum til tekið, hversu mikið vörumagn hinna ýmsu búgreina þetta bú framleiði. Hins vegar hafi það alltaf verið hlutverk stefnda að deila heildarupphæðinni niður á hinar einstöku búgreinar. Kveður það verð kjöts í 1. verðflokki hafa verið kr. 23,16 hvert kg, enda hafi allar útflutningsbætur fyrir ull verið látnar ganga til greiðslu á verðmun á söluverði kjötsins erlendis og innlendis. Nú hafi hins vegar aðeins ⅓ hluti þessara bóta verið tekinn til kjötsins, en ⅔ notaðir til að hækka ullarverðið í grundvellinum, og hafi kjötverðið við það lækkað í kr. 22,20 hvert kg. Hins vegar hafi eigi verið unnt að tryggja framleiðendum grundvallarverð þetta á annan hátt en þann, sem hér var á hafður, en samt hafi heildsöluverðið til neytenda orðið lægra með þessu móti heldur en það hefði verið, ef fylgt hefði verið venju fyrri ára um þetta (þ. e. kr. 24,59 í stað kr. 24,70).

Samkvæmt lögum nr. 94 frá 1947 er það m. a. hlutverk stefnda að verðskrá landbúnaðarvörur í samræmi við vísitölu hagstofunnar, er reiknar hana á grundvelli verðlagsnefndarinnar. Framanritaðar skýringar stefnda um ástæður þær, er lágu til ákvörðunar hans um heildsöluverð á kindakjöti, hafa ekki verið vefengdar, en samkvæmt þeim var fjárhæðin nauðsynleg til tryggingar því, að framleiðendum yrði goldið það verð, sem gert var ráð fyrir í verðgrundvellinum. Verður því eigi talið sýnt fram á það, að stefnda hafi farið út fyrir valdsvið sitt, að því er varðar þessa verðskráningu, og ber að taka sýknukröfu þess til greina, en rétt þykir, að málskostnaður falli niður.

Bjarni Bjarnason, fulltrúi borgardómara, kvað upp dóminn.

Dómsorð:

Stefnda, framleiðsluráð landbúnaðarins, skal vera sýkn af kröfum stefnanda, nefndarhluta neytenda í verðlagsnefnd landbúnaðarafurða í máli þessu, en málskostnaður falli niður.

Miðvikudaginn 30. september 1959.

Nr. 155/1959. **Landbúnaðarráðherra vegna ríkisjarðanna Holts, Fells, Álftagrófar og Keldudals**
gegn
Kristjáni Bjarnasyni, eiganda Norður-Hvols.

Dómendur:
hæstaréttardómararnir Þórður Eyjólfsson, Jón Ásbjörnsson og Jónatan Hallvarðsson, prófessor Ármann Snævarr og Valdimar Stefánsson sakadómari.

Kærumál. Úrskurður héraðsdóms, sem hratt frávísunarkröfu, staðfestur.

Dómur Hæstaréttar.

Hinn kærða úrskurð hafa upp kveðið Jón Kjartansson, sýslumaður í Skaftafellssýslu, og samdómsmennirnir Ísleifur Árnason, fulltrúi borgardómara í Reykjavík, og Björn Björnsson, sýslumaður í Rangárvallasýslu.

Sóknaraðili hefur kært til Hæstaréttar úrskurð, upp kveðinn í merkjadómi Skaftafellssýslu 31. ágúst þ. á. Krefst hann þess, að úrskurðinum verði hrundið og landamerkjamálinu vísað frá héraðsdómi. Svo krefst hann og kærumálskostnaðar úr hendi varnaraðilja og málskostnaðar fyrir héraðsdómi í landamerkjamálinu.

Varnaraðili krefst staðfestingar hins kærða úrskurðar og kærumálskostnaðar úr hendi sóknaraðilja.

Með skírskotun til forsendna hins kærða úrskurðar ber að staðfesta hann.

Sóknaraðilja ber að greiða varnaraðilja kærumálskostnað, sem ákveðst kr. 1.500,00.

Dómsorð:

Hinn kærði úrskurður á að vera óraskaður.

Sóknaraðili, landbúnaðarráðherra vegna ríkisjarðanna Holts, Fells, Álftagrófar og Keldudals, greiði Kristjáni Bjarnasyni, eiganda Norður-Hvols, kærumálskostnað, kr. 1.500,00.

Úrskurður landamerkjadóms Skaftafellssýslu 31. ágúst 1959.

Mál þetta, sem tekið var til dómsúrskurðar laugardaginn 29. ágúst 1959, er tekið upp ex officio samkvæmt lögum um landamerki, nr. 41/1919.

Málið er risið út af ágreiningi um landamerki milli eiganda Norður-Hvols í Dyrhólahreppi annars vegar og eigenda Péturseyjarjarða og ríkisjarðanna Holts, Fells, Álftagrófar og Keldudals í sama hreppi hins vegar.

Eigandi Norður-Hvols hefur krafizt þess, að landamerki Hvolsjarðanna (Norður- og Suður-Hvols) verði ákveðin svo sem sýnt er á dskj. nr. 2, þ. e. að vestan úr tveim vörðum í Hvolsmóa í punkt A (nánar til tekið punkt A 2); að norðan úr þeim hornpunkti í punkt E. — Eigendur Suður-Hvols, en þeir eru sameigendur með eiganda Norður-Hvols að öllu landi Hvolsjarða, meðan landsskiptum hefur enn ekki verið lokið, hafa mótmælt kröfum eiganda Norður-Hvols svo og eigendur allra fyrrgreindra jarða, sem land eiga að hinum umdeildu landamerkjum.

Guðmundur Eyjólfsson bóndi, Suður-Hvoli, sem mætti fyrir

sína hönd og annarra eigenda jarðarinnar Suður-Hvols, lýsti yfir því á dómþingi 18. október 1958, að hann tæki ekki undir ofanskráðar dómkröfur eiganda Norður-Hvols.

Eftir ákvörðun dómenda og í samráði við lögmenn aðilja var aðild málsins tekin til sérstakrar meðferðar, og fór fram um þetta málsatriði munnlegur málflutningur. Kom þar fram ákveðin krafa frá lögmanni ríkisjarðanna um það, að málinu yrði vísað frá dómi, og var sú krafa studd af lögmanni eigenda Péturseyjarjarða og Suður-Hvols og vísað í því efni til 46. gr. l. nr. 85/1936, þar eð eigendur Norður-Hvols og Suður-Hvols væru sameigendur að því landi, sem um er deilt, en þeir hefðu ekki samstöðu í málinu, eins og til sé skilið í nefndri lagagrein.

Lögmaður eiganda Norður-Hvols hefur krafizt þess, að frávísunarkröfunni verði hrundið.

Lögmenn allra aðilja krefjast þess, að þeim verði tildæmdur málskostnaður í þessum þætti málsins.

Það er að vísu svo, að eftir því sem komið hefur fram fyrir þessum dómi, þá mundu eigendur Norður- og Suður-Hvols verða sameigendur að landi því, sem um er deilt, þar til endanleg landskipti jarðanna verða útkljáð. En þó að eigendur Suður-Hvolsjarðar hafi hafnað því að standa að kröfum eiganda Norður-Hvols í máli þessu, þá hafa þeir eigi að síður gerzt aðiljar málsins og mótmælt því, að kröfur eiganda Norður-Hvols séu réttmætar.

Dómurinn telur, eftir því sem mál þetta horfir við, að eigandi Norður-Hvols eigi rétt á því að fá efnislega úr því skorið, hver landamerki umræddra jarða skuli vera, og verða ákvæði 46. gr. einkamálalaganna að áliti dómsins ekki skilin svo, að þau varni honum þessa.

Samkvæmt þessu verður fram komin frávísunarkrafa ekki tekin til greina.

Rétt þykir að fresta ákvörðun um málskostnað þar til á væntanlegu síðara stigi málsins.

Því úrskurðast:

Fram komin frávísunarkrafa verður ekki tekin til greina.

Föstudaginn 2. október 1959.

Nr. 139/1958. **Ákæruvaldið** (Guttormur Erlendsson hrl.)
gegn
John Oliver Emmons (Ágúst Fjeldsted hrl.).

Dómendur:
hæstaréttardómararnir Þórður Eyjólfsson, Gizur Bergsteinsson og Jónatan Hallvarðsson og prófessorarnir Ármann Snævarr og Magnús Þ. Torfason.

Fiskveiðibrot.

Dómur Hæstaréttar.

Erlendur Björnsson, bæjarfógeti á Seyðisfirði, og samdómsmennirnir Friðbjörn Hólm og Sveinlaugur Helgason hafa kveðið upp héraðsdóminn.

Friðrik V. Ólafsson, skólastjóri Stýrimannaskólans, hefur framkvæmt athugun á staðarákvörðunum í máli þessu og markað þær á sjóuppdrátt. Samkvæmt hornamælingum yfirmanna varðskipsins kl. 11.27 hinn 16. apríl 1957 reyndist dufl varðskipsins, sem sett var út kl. 09.42 sama dag, um 0,3 sm innan fiskveiðimarka og togari ákærða þá eftir ratsjárákvörðun varðskipsins um 1,2 sm innan sömu marka. Er þessum niðurstöðum eigi hnekkt af neinu, sem fram hefur komið í málinu. Samkvæmt þessu og gögnum, sem rakin eru í héraðsdómi, er sannað, að ákærði hafi verið að ólöglegum botnvörpuveiðum, er varða við lagaboð þau, sem í héraðsdómi greinir, sbr. og lög nr. 4/1924. Þykir refsing ákærða hæfilega ákveðin 100.000,00 króna sekt til Landhelgissjóðs Íslands, og komi varðhald 8 mánuði í stað sektar, ef hún greiðist ekki innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa.

Ákvæði héraðsdóms um upptöku og málskostnað ber að staðfesta.

Ákærði greiði allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin laun sækjanda og verjanda fyrir Hæstarétti, kr. 5.000,00 til hvors.

Dómsorð:

Ákærði, John Oliver Emmons, greiði 100.000,00 króna sekt í Landhelgissjóð Íslands, og komi varðhald 8 mánuði í stað sektar, ef hún verður ekki greidd innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa.

Ákvæði héraðsdóms um upptöku og málskostnað eiga að vera óröskuð.

Ákærði greiði allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin laun sækjanda og verjanda fyrir Hæstarétti, hæstaréttarlögmannanna Guttorms Erlendssonar og Ágústs Fjeldsteds, kr. 5.000,00 til hvors.

Dóminum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Dómur sakadóms Seyðisfjarðar 18. apríl 1957.

Mál þetta er með ákæruskjali, dags. í dag, höfðað gegn John Oliver Emmons, skipstjóra á brezka togaranum Wellard, GY 300, til refsingar samkv. 3. gr. laga nr. 5/1920, sbr. 1. gr. laga nr. 5/1951 og 1. gr. laga nr. 81/1952, fyrir brot gegn lögum nr. 5/1920, 1. gr., sbr. 1. gr. laga nr. 82/1952, með því að hafa verið að botnvörpuveiðum við Hvítinga út af Eystrahorni innan markalínunnar samkv. 1. gr. reglugerðar nr. 21/1952, sbr. lög nr. 44/1948 og lög nr. 81/1952, og til upptöku afla og veiðarfæra nefnds togara og greiðslu alls sakarkostnaðar.

Ákærði er kominn yfir lögaldur sakamanna, að eigin sögn fæddur 27. maí 1923. Hann hefur ekki áður sætt ákæru eða refsingu, svo að kunnugt sé.

Í fyrradag var varðskipið Þór á eftirlitsferð við Hvítinga. Kl. 9,42 var dufl sett út við annan togara. Samtímis var togarinn Wellard, GY 300, að bera í Súlur, fjarlægð 2,2 sjómílur.

Kl. 10,00 var haldið að togaranum, er var á leið frá landi, kl. 10,15 blásið með flautunni, kl. 10,16 skotið púðurskoti. Kl. 10,19 stanzaði varðskipið hjá togaranum. Hafði hann þá tekið inn vörpu, en allir 4 hlerar voru hangandi í gálgum. Vænn poki af fiski var á framþilfari og ekki hleypt úr honum, eins og venja er.

Kl. 11,27 var gerð svofelld staðarákvörðun við duflið:

Hvalsnessviti			
Mælifellstindur	>	33°	15′
Búlandstindur	>	33°	39′

Dýpi 97 metrar. Mælingar þessar gefa stað duflsins 0,2 sjómílur innan fiskveiðitakmarkanna og stað togarans Wellards 1,1 sjóm. innan fiskveiðitakmarkanna kl. 9,42. Ákærði tók þátt í að gera staðarákvörðunina ásamt yfirmönnum varðskipsins. Hefur hann þó vefengt þýðingu hennar með þeirri röksemd, að duflið kunni að hafa borizt fyrir straumi frá upphaflegum stað.

Ákærði hefur viðurkennt að hafa verið að togveiðum, nokkru áður en varðskipið kom á vettvang, og hafa lokið við að toga inn vörpuna um kl. 9,35 og siglt síðan á hægri til hálfri ferð líklega í ASA, þ. e. frá landi nokkurn veginn hornrétt á markalínuna. Ef skip hans var 1,1 sjómílu innan línunnar kl. 9,42, hefur staður þess kl. ca. 9,35, þegar lokið var að taka inn vörpuna, verið enn þá nær landi og því einnig innan fiskveiðitakmarkanna.

Ákærði hefur haldið því fram, að straumur hafi verið mikill á þessum slóðum, og kunni duflið því að hafa borizt til á tímabilinu frá kl. 9,42 til kl. 11,27. Á þetta verður ekki fallizt, því að í rannsókn málsins hafa skipherra og tveir stýrimenn staðfest, að staðarákvörðun hafi verið gerð hjá duflinu kl. 9,42 ásamt dýptarmælingu, og hafi niðurstaða þessara mælinga orðið alveg hin sama og kl. 11,27, enda hafi akkerið, sem hélt duflinu, verið fast í botni og ekki náðst upp, þegar duflið var tekið upp.

Þá kveður ákærði hæpið að byggja á miðun varðskipsins við Súlur kl. 9,42, með því að fjallið sé í 29 sjómílna fjarlægð frá stað duflsins og sjólag og veður verið mjög óhentugt til miðana, skyggni slæmt með móðu og skúraleiðingum. Þar sem ákærði hefur ekki fært sönnur að því, að ekki hafi sézt til fjallsins kl. 9,42, og fjallasýn virðist að öðru leyti hafa verið sæmileg, er ekki hægt að taka þessi andmæli ákærða til greina.

Loks hefur ákærði haldið því fram í vörn málsins, að varðskipið hafi stöðvað hann 12,2 sjómílur út af Hvalsnesi, en þangað hafi hann siglt með ca. 2½ sjómílna hraða á klukkustund, frá því að hann hafði lokið við að vinda inn vörpuna um kl. 9,35, og jafnvel stöðvað vélina tvisvar á leiðinni. Hann hljóti því að hafa verið um 7 sjómílur út af Hvalsnesi, þegar hann lauk við að vinda inn vörpuna. Ákærði hefur ekki fært sönnur á þessar staðhæfingar sínar, enda eru þær fram komnar, eftir að rannsókn máls var lokið, og hefur dómarinn ekki getað rannsakað þetta atriði nánar. Er því ekki hægt að taka þessar staðhæfingar til greina.

Með tilvísun til þess, sem hér hefur verið rakið, verður það að teljast sannað með eiðfestum vitnisburðum skipherrans á Þór og fyrsta og annars stýrimanns á varðskipinu, að ákærði hafi fyrir og um kl. 9,35 umræddan dag verið að vinda inn vörpu togarans Wellards, GY 300, á stað, sem var meira en 1,1 sjómílu innan fiskveiðitakmarka, enda hefur ákærði ekki gert nægilega grein fyrir því, hvers vegna hann sigldi frá landi með fisk í poka á þiljum, þegar hann sá varðskipið koma á vettvang. Þykir athæfi ákærða varða við 1. gr. laga nr. 5/1920, sbr. 1. gr. laga nr. 82/1952. Varðar þetta hann refsingu samkv. 3. gr. laga nr. 5/1920, sbr. 1. gr. laga nr. 5/1951 og 1. gr. laga nr. 81/1952.

Þar eð skip ákærða, togarinn Wellard, GY 300, er samkv. mælibréfi 514,24 rúmlestir brúttó, þykir refsing hans með hliðsjón af núverandi gullgengi íslenzkrar krónu hæfilega ákveðin kr. 74.000,00 í sekt til Landhelgissjóðs Íslands, og komi 7 mánaða varðhald í stað sektar, verði hún ekki greidd innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa.

Allur afli innan borðs í togaranum Wellard, GY 300, svo og veiðarfæri hans öll að meðtöldum dragstrengjum skal vera upptækt til Landhelgissjóðs Íslands.

Dómsorð:

Ákærði, John Oliver Emmons, greiði kr. 74.000,00 í sekt til Landhelgissjóðs Íslands, og komi varðhald í 7 mánuði í stað sektarinnar, verði hún ekki greidd innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa.

Allur afli innan borðs í togaranum Wellard, GY 300, svo og veiðarfæri hans öll að meðtöldum dragstrengjum skal upptækt vera til handa sama sjóði.

Ákærði greiði allan sakarkostnað.

Dómi þessum skal fullnægja með aðför að lögum.

Mánudaginn 5. október 1959.

Nr. 134/1959. **Flugfélag Íslands h/f**
gegn
bæjarstjóra Akureyrar f. h. bæjarins.

Dómendur:
hæstaréttardómararnir Þórður Eyjólfsson, Gizur Bergsteinsson, Jón Ásbjörnsson og Jónatan Hallvarðsson og prófessor Ármann Snævarr.

Kærumál. Úrskurður fógetadóms í útsvarsmáli felldur úr gildi.

Dómur Hæstaréttar.

Björn Halldórsson, fulltrúi bæjarfógetans á Akureyri, hefur kveðið upp hinn kærða úrskurð.

Með kæru 27. júlí 1959, sem hingað barst 11. ágúst s. á., hefur sóknaraðili skotið til Hæstaréttar úrskurði, upp kveðnum í fógetadómi Akureyrar 24. júlí 1959, og krafizt þess, að hinn kærði úrskurður verði úr gildi felldur, málinu vísað frá fógetadóminum og varnaraðilja dæmt að greiða honum kærumálskostnað eftir mati Hæstaréttar.

Varnaraðili hefur hvorki sent Hæstarétti kröfur né greinargerð í málinu.

Útsvar það, sem lögtaks er krafizt fyrir í máli þessu, var fellt niður af ríkisskattanefnd hinn 1. júní 1959. Bar fógeta því að neita umsvifalaust um framgang lögtaksins, þar sem eigi ber undir fógetadóm að leggja dóm á það, hvort ríkisskattanefnd fór að lögum, þá er hún felldi útsvarið niður. Samkvæmt þessu ber að fella hinn kærða úrskurð úr gildi og vísa málinu til fógeta til meðferðar með þeim hætti, er sagt var.

Kærumálskostnaður fellur niður.

Dómsorð:

Hinn kærði úrskurður er úr gildi felldur, og er málinu vísað til fógetadóms til meðferðar lögum samkvæmt.

Kærumálskostnaður fellur niður.

Úrskurður fógetaréttar Akureyrar 24. júlí 1959.

Lögtaksgerð þessi hófst hér í fógetarétti hinn 24. f. m. með fyrirtökubeiðni, dagsettri 12. f. m., frá Magnúsi E. Guðjónssyni bæjarstjóra f. h. bæjarsjóðs Akureyrar um lögtak hjá Flugfélagi Íslands h/f til tryggingar greiðslu útsvars til Akureyrarbæjar, á lagðs 1958, að upphæð kr. 21.000,00, auk dráttarvaxta og alls kostnaðar í sambandi við gerðina.

Gerðarbeiðandi kveður niðurjöfnunarnefnd hafa ákveðið álagningu þessa útsvars, þar eð hún taldi starfsemi F.Í. hér þess eðlis, að heimilt væri samkv. 8. gr., a-lið, útsvarslaga, nr. 66 frá 1945, að leggja útsvar á félagið hér, að því er varðaði téða starfsemi. Hafi útsvarsupphæðin verið ákveðin að fengnum efnahags- og rekstrarreikningum frá F.Í., sem þá þegar mótmælti útsvarsskyldu sinni á Akureyri. Þá er upplýst, að gerðarþoli kærði útsvarið án árangurs fyrir niðurjöfnunarnefnd Akureyrar og síðan einnig án árangurs fyrir yfirskattanefnd Eyjafjarðarsýslu og Akureyrar, en hinn 1. f. m. úrskurðar ríkisskattanefnd, að ekki verði talið, að F.Í. sé útsvarsskylt á Akureyri árið 1958 samkvæmt 8. gr. a í útsvarslögum, nr. 66/1945. Því skuli útsvarið, kr. 21.000,00, niður falla, eins og þar er orðað. Úrskurð þenna telur gerðarbeiðandi ekki bindandi fyrir Akureyrarbæ og hefur því þrátt fyrir hann krafizt lögtaks til tryggingar útsvarskröfunni. Umboðsmaður gerðarþola hefur *aðallega* krafizt, að mál þetta sæti frávísun frá fógetadómi, og *til vara*, 1) að fógetadómur synji um framgang umbeðins lögtaks, þar sem ekki sé um neina lögtakskröfu að ræða, og 2) að synjað verði um framgang lögtaksins, þar sem Flugfélag Íslands h/f sé ekki útsvarsskylt á Akureyri. Þá krefst umboðsmaður gerðarþola málskostnaðar eftir mati réttarins. Jafnframt mælist sami málflytjandi til, að meðferð máls þessa verði skipt þannig, að úrskurður verði fyrst felldur um aðalkröfu hans og fyrri hluta varakröfu, en um síðari hluta varakröfu verði fjallað síðar, ef þörf krefur. Umboðsmaður gerðarbeiðanda hefur lýst sig samþykkan því, að frávísunarkrafan verði tekin til úrskurðar sérstaklega, jafnframt því, að hann mótmælir því, að krafa sú verði tekin til greina.

Hinn 20. þ. m. var síðan frávísunarkrafan munnlega sótt og varin fyrir fógetadómi og tekin til úrskurðar samdægurs. Við málflutninginn, sem eingöngu snerist um frávísun málsins, hélt hvor aðili fast við kröfu sína, og kröfðust báðir málskostnaðar úr hendi andstæðingsins sérstaklega í þessum þætti málsins.

Umboðsmaður gerðarþola styður kröfu sína um frávísun með því, að ríkisskattanefnd hafi með úrskurði þeim, sem áður greinir, fellt útsvarið niður með öllu, og sé þess vegna engin útsvarskrafa til lengur. Því eigi gerðarbeiðandi nú aðeins þann kost, er hann vilji halda fram kröfu sinni, að höfða almennt einkamál til viðurkenningar útsvarsskyldu gerðarþola, þar eð slík krafa verði ekki borin undir fógetadóm í lögtaksmáli. Gagnvart þessum skoðunarhætti hefur umboðsmaður gerðarbeiðanda tekið fram, að hann telji útsvarskröfuna í gildi, þar til dómstóll hefur hnekkt henni, enda sætti gerðarbeiðandi sig ekki við úrskurð ríkisskattanefndar, er aðeins varði útsvarsskyldu, en ekki útsvarsupphæð.

Á þessa skoðun gerðarbeiðanda þykir mega fallast. Samkvæmt 24. gr. laga nr. 66 frá 1945, sbr. og 42. gr., 2. mgr., laga nr. 46/1954, virðist ótvírætt, að úrskurð yfirskattanefndar, slíkan sem hér er til álita, megi jafnan bera undir dómstóla, hvort heldur úrskurðurinn er jákvæður eða neikvæður um gildi útsvarsins. Í samræmi við þessa skoðun telst útsvarskrafan enn vera í gildi og hafa lögtaksrétt sem aðrar útsvarskröfur, enda ekki vafi á, að fógetadómurinn telst til dómstóla, sbr. tilvitn. grein skattalaganna. Að því er tekur til tilmæla umboðsmanns gerðarþola um, að ein efnisleg mótbára hans sæti nú þegar samfara formhlið málsins úrlausn fógeta, skal tekið fram, að fógeti fær eigi séð, að neitt mæli með svo flókinni skiptingu sakarinnar. Því mun hér eingöngu úrskurðuð krafan um frávísun, og eftir því sem hér að framan hefur verið rakið og ályktað, virðist eigi rétt, að sú krafa verði tekin til greina. Samkvæmt þessum málalokum er ekki tímabært að kveða á um málskostnaðarkröfur aðilja.

Því úrskurðast:

Frávísunarkrafa varnaraðilja er ekki tekin til greina. Tilmælum sama aðilja um, að úrskurðað verði um gildi einnar varnarástæðu hans við formsmeðferð málsins, er vísað á bug.

Föstudaginn 9. október 1959.

Nr. 99/1959. **Hreiðar Jónsson** (Sigurður Ólason hrl.)
gegn
borgarstjóra Reykjavíkur
f. h. húsatrygginga bæjarins
(Tómas Jónsson hrl.).

Dómendur:
hæstaréttardómararnir Þórður Eyjólfsson, Gizur Bergsteinsson og Jónatan Hallvarðsson og prófessorarnir Ármann Snævarr og Magnús Þ. Torfason.

Krafa um bætur fyrir brunatjón á húsi.

Dómur Hæstaréttar.

Áfrýjandi hefur skotið máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 4. júní 1959. Krefst hann þess, að stefnda verði dæmt skylt að bæta brunatjón hússins Snælands í Blesugróf í Reykjavík. Svo krefst hann og málskostnaðar úr hendi stefnda í héraði og fyrir Hæstarétti eftir mati dómsins.

Stefndi krefst sýknu af kröfum áfrýjanda og málskostnaðar hér fyrir dómi eftir mati Hæstaréttar.

Með skírskotun til forsendna hins áfrýjaða dóms ber að staðfesta hann. Eftir atvikum er rétt, að málskostnaður fyrir Hæstarétti falli niður.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður.

Málskostnaður fyrir Hæstarétti falli niður.

Dómur bæjarþings Reykjavíkur 26. maí 1959.

Mál þetta, sem dómtekið var 29. f. m., hefur Hreiðar Jónsson klæðskerameistari hér í bænum höfðað á bæjarþinginu með stefnu, út gefinni 12. marz 1959, gegn borgarstjóranum í Reykjavík f. h. húsatrygginga bæjarins til greiðslu kr. 48.100,00 auk 6% ársvaxta frá 9. september 1956 og málskostnaðar að mati dómsins.

Stefndi hefur krafizt sýknu og málskostnaðar að mati dómsins.

Að ósk lögmanna aðilja og með samþykki dómara var málinu

skipt samkvæmt heimild 71. gr. laga nr. 85 frá 1936, þannig að málið var nú aðeins flutt um greiðsluskyldu stefnda.

Kröfur stefnanda í þessum þætti málsins eru þær, að stefnda verði dæmt skylt að bæta brunatjón hússins Snælands í Blesugróf og að greiða málskostnað að mati dómsins.

Stefndi hefur krafizt sýknu og málskostnaðar í þessum þætti málsins.

Málavextir eru þeir, að stefnandi átti húsið Snæland í Blesugróf, og var hús þetta vátryggt hjá stefnda fyrir kr. 48.100,00. Stefnandi hafði greitt iðgjald til stefnda fyrir árið 1956. Árið 1954 eða 1955 hóf stefnandi húsbyggingu við hliðina á Snælandi, og fluttist hann í nýja húsið í ágústmánuði 1956, þótt það væri þá eigi fullgert, og skildi hann nokkuð af búslóð sinni eftir í Snælandi. Skömmu eftir að flutningur þessi var um garð genginn, lét stefnandi taka eldra húsið af grunninum og flytja það til á lóðinni, þar eð það var í vegi fyrir byggingarframkvæmdum hans, og stóð húsið á botnvöltum um 100 metra frá grunninum, þar til eldur kom upp í því aðfaranótt 9. september 1956. Brann húsið þá til kaldra kola, og eyðilagðist allt, sem í því var. Hús þetta var járnklætt timburhús, innan við 35 fermetra að flatarmáli, og rúmaði tvö herbergi, eldhús og forstofu. Einar dyr voru á húsinu, en fyrir innan þær hafði gólfið fallið að nokkru leyti niður við flutninginn, og mátti skríða þar inn í húsið, en auk þess voru dyrnar ólæstar. Grunur lék á, að hér væri um íkveikju að ræða, en rannsókn málsins fyrir sakadómi leiddi ekki í ljós orsakir eldsvoðans. Er stefnandi leitaði eftir greiðslu brunabóta, fékkst stefndi ekki til að greiða þær, og höfðaði stefnandi loks mál þetta.

Stefnandi leggur sérstaka áherzlu á það, að sér hafi verið skylt samkvæmt lögum að hafa umrætt hús í tryggingu hjá stefnda og á sama hátt hafi stefnda verið skylt að tryggja húsið. Stefnandi heldur því fram, að hann eigi að vera eins settur eða að minnsta kosti ekki verr heldur en ef hann hefði átt þess kost að kaupa sér tryggingu hjá einhverju vátryggingarfélagi, en þá telur hann, að gilt hefðu ákvæði laga nr. 20 frá 1954, um vátryggingarsamninga, og þá um þetta tilvik 45. gr. þeirra, er fjallar um aukna áhættu. Telur stefnandi, að ákvæði þeirrar greinar komi í veg fyrir það, að stefndi verði laus mála vegna brestandi forsendna.

Stefndi byggir sýknukröfu sína á því, að samkvæmt ákvæðum laga nr. 25 frá 1954 hafi hann fengið heimild til að taka í eigin hendur brunatryggingar húseigna hér í bæ.. Telur hann heimild þessa og einkarétt þann, er henni fylgir, aðeins taka til húsa, sem

föst eru á grunni, hvernig sem frá þeirri festingu er gengið, þannig að telja megi þau fasteign í venjulegri merkingu þess orðs. Af þessu telur stefndi leiða það, að hús, sem tekið er af grunni sínum og flutt þaðan langan veg eða skamman, hverfi úr tryggingu hjá stefnda. Bendir stefndi á, að slík hús séu þá oft tryggð lausafjártryggingu, þar til þau hafi verið flutt á nýjan grunn og tilkynnt til mats og tryggingar á nýja staðnum. Leggur stefndi og áherzlu á það, að stefnandi tilkynnti honum ekkert um flutning hússins, þannig að honum veittist kostur á að endurskoða afstöðu sína til tryggingarsamningsins, er sú forsenda var brostin, að húsinu yrði haldið í sama ástandi sem það var í við upphaf tryggingar (matsgerð).

Ljóst er, að við flutning hússins og frágang þess að honum loknum varð mikil breyting á verðmæti þess og varðveizlu og þeirri hættu, sem tryggingarsamningurinn náði til. Allar aðstæður voru svo mjög breyttar, að stefnandi mátti ekki gera ráð fyrir, að stefndi mundi sætta sig við, að tryggingarsamningurinn héldi gildi óbreyttur, án þess að til kæmi bein yfirlýsing hans um það, en eins og fyrr greinir, tilkynnti stefnandi honum ekkert um ráðstafanir þessar. Verður því að fallast á það með stefnda, að húsið hafi ekki lengur verið í tryggingu eftir þessar aðgerðir, og ber því að taka sýknukröfu hans til greina, en eftir atvikum er rétt, að málskostnaður falli niður.

Ísleifur Árnason, fulltrúi borgardómara, kvað upp dóminn. Nokkur dráttur á dómsuppsögu stafar af veikindaforföllum dómara vegna inflúenzu.

Dómsorð:

Stefndi, borgarstjórinn í Reykjavík f. h. húsatrygginga bæjarins, skal vera sýkn af kröfum stefnanda, Hreiðars Jónssonar, í máli þessu, en málskostnaður falli niður.

Mánudaginn 12. október 1959.

Nr. 127/1959. **Daði Kristjánsson** (Páll S. Pálsson hrl.)
gegn
Páli S. Dalmar (enginn).

Dómendur:
hæstaréttardómararnir Þórður Eyjólfsson og Jónatan Hallvarðsson, prófessorarnir Ármann Snævarr og Theodór B. Líndal og Valdimar Stefánsson sakadómari.

Fasteignakaupum riftað. Skaðabætur.

Dómur Hæstaréttar.

Áfrýjandi hefur með stefnu 27. júlí 1959 skotið til Hæstaréttar dómi bæjarþings Kópavogs í máli aðilja, upp kveðnum 16. júní 1959, svo og fjárnámsgerð, er framkvæmd var samkvæmt greindum dómi hinn 8. júlí 1959. Krefst hann þess, að dómsathafnir þessar verði staðfestar og að stefnda verði dæmt að greiða honum málskostnað fyrir Hæstarétti eftir mati dómsins.

Af hálfu stefnda hefur enginn komið fyrir dóm í máli þessu, enda þótt löglega hafi verið stefnt, og hefur málið því verið flutt skriflega samkvæmt 1. tölulið 38. gr. hæstaréttarlaga, nr. 112/1935, og er dæmt eftir fram lögðum skjölum.

Með því að engir gallar eru á hinum áfrýjuðu dómsathöfnum, ber að taka kröfu áfrýjanda um staðfestingu til greina.

Stefndi hafði áfrýjað bæjarþingsdóminum af sinni hálfu, áður en áfrýjandi tók út áfrýjunarstefnu sína. Hafði áfrýjandi því ástæðu til að bera hinar áfrýjuðu dómsathafnir undir Hæstarétt. Ber því að dæma stefnda til að greiða áfrýjanda málskostnað fyrir Hæstarétti, sem eftir atvikum málsins þykir hæfilega ákveðinn kr. 3.000,00.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði dómur og fjárnámsgerð staðfestast.

Stefndi, Páll S. Dalmar, greiði áfrýjanda, Daða Kristjánssyni, málskostnað fyrir Hæstarétti, kr. 3.000,00.

Dóminum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur bæjarþings Kópavogs 16. júní 1959.

Mál þetta, sem dómtekið var í dag, er höfðað fyrir bæjarþinginu með stefnu, út gefinni 27. apríl 1959, af Daða Kristjánssyni, Sólvöllum 4, Garðahreppi, gegn Páli S. Dalmar, Hlíðarvegi 35 í Kópavogi. Stefnukröfur eru þær, að viðurkennt verði með dómi, 1. að kaupsamningur, dags. 27. desember 1958, um fasteignina Hlíðarveg 35 í Kópavogi milli stefnanda og stefnda sé úr gildi fallinn vegna vanefnda stefnda sem kaupanda, 2. að stefnandi hafi öll umráð fasteignarinnar sem löglegur eigandi hennar og stefnda, Páli S. Dalmar, sé skylt að rýma húsnæðið tafarlaust að viðlögðum útburði, 3. að stefndi sé skaðabótaskyldur gagnvart stefnanda vegna samningsrofa og framkomu sinnar og sé dæmdur til að greiða stefnanda í skaðabætur kr. 76.000,00, er samsvara 20% af verði eignarinnar. Auk þess krefst hann málskostnaðar að skaðlausu. Í sóknarskjali hefur stefnandi gert nánar grein fyrir málskostnaðarkröfu sinni, að upphæð kr. 26.250,00.

Málavextir eru samkvæmt fram lögðum skjölum þeir, að hinn 27. desember f. á. gerðu aðiljar máls þessa með sér kaupsamning um eignina Hlíðarveg 35 hér í bæ, sem stefnandi taldi sig eiga. Kaupin skyldu miðast við 1. marz 1959, en útgáfa afsals fara fram 15. maí 1959, er kaupandi (stefndi) hefði að fullu innt af hendi greiðslu útborgunar samkvæmt kaupsamningi. Kaupverð var ákveðið kr. 380.000,00, og skyldi kaupandi greiða það þannig, að hann yfirtæki veðskuldir, að upphæð kr. 199.666,67, en greiddi í peningum hinn 1. marz 1959 kr. 140.000,00 og hinn 15. maí 1959 kr. 40.333,33. Í kaupsamningi eru og ákvæði um, að kaupandi njóti arðs af eigninni frá 1. marz 1959 og greiði af henni lögboðin gjöld frá sama tíma, en seljandi til þess dags, og að vextir af lánum skuli gerðir upp við útgáfu afsals og miðast við kaupdag 1. marz. Stefnandi kveður stefnda alls enga greiðslu hafa innt af hendi, og telur hann stefnda sjálfan hafa rift kaupunum með því að láta undir höfuð leggjast að inna af hendi greiðslur þær, sem honum bar samkvæmt kaupsamningi.

Stefnandi krafði stefnda um 140.000,00 króna greiðslu þá, sem honum bar að greiða 1. marz 1959, með bréfi, dags. 2. apríl 1959 (dskj. nr. 4), en stefna er út gefin 27. apríl, svo sem að framan greinir. Stefnandi rökstyður skaðabótakröfu sína með því, að nú sé liðinn bezti sölutími ársins og hann hafi ekki efni á að bíða með sölu eignarinnar til næstu fardaga. Hann hafi því nú þegar orðið fyrir tjóni, og tjón hans aukist, því lengra sem líði, þar til hann fái eignina og geti selt hana skilvísum kaupanda.

Mál þetta var þingfest 30. apríl sl. Var því frestað tvisvar sinnum samkvæmt beiðni stefnda til greinargerðarsamningar af hans hálfu, en 21. maí sl. synjaði stefnandi um frekari frestsveitingu, og var ágreiningurinn úrskurðaður í bæjarþingi 27. f. m. á þá leið, að stefndi skyldi eigi fá frekari frest. Úrskurður þessi var staðfestur með dómi Hæstaréttar, upp kveðnum 12. þ. m. Stefndi hefur enn enga grein gert fyrir málinu af sinni hálfu.

Málið er því dómtekið og dæmt í samræmi við ákvæði 116. gr. laga um meðferð einkamála í héraði, nr. 85/1936, samkvæmt fram lögðum skjölum af hálfu stefnanda.

Fallast verður á það með stefnanda, að stefndi hafi með því að láta undir höfuð leggjast að inna af hendi nokkra greiðslu útborgunar samkvæmt kaupsamningnum frá 27. desember 1958, en mestur hluti útborgunar skyldi fram fara 1. marz 1959, vanefnt kaupsamninginn svo verulega, að riftun kaupanna eigi að valda. Jafnframt verður að fallast á þá kröfu stefnanda, að hann fái öll umráð fasteignarinnar Hlíðarvegar 35 og að stefnda sé skylt að rýma eignina þegar í stað.

Skaðabótakröfu sína, að upphæð kr. 76.000,00, hefur stefnandi hvorki rökstutt með lækkuðu markaðsverði fasteigna frá kaupsamningsgerð 27. desember 1958 né því, að stefndi hafi á nokkurn hátt spillt eigninni. Eigi hefur hann heldur leitt rök að neinu tjóni, sem hann hafi beðið vegna annarra viðskipta, er byggð hafi verið á greiðslum þeim, sem hann átti von á úr hendi stefnda samkvæmt kaupsamningnum frá 27. desember 1958 og brugðizt hafa. Hins vegar verður að fallast á það með stefnanda, að hann hafi misst af sölutímabilinu að vori til, og má því vart búast við sölu fyrr en að hausti. Með hliðsjón af söluverði, venjulegri vaxtahæð, skattgreiðslum og öðrum útgjöldum af slíkri fasteign á því tímabili, sem eignin stendur stefnanda arðlaus vegna vanefnda stefnda og búast má við arðleysi hennar vegna eðlilegs dráttar á væntanlegri sölu hennar til annarra, svo og öllum atvikum málsins ber að dæma stefnda til að greiða stefnanda skaðabætur, sem

þykja hæfilega ákveðnar kr. 15.000,00. Samkvæmt þessum málsúrslitum ber að dæma stefnda til að greiða stefnanda málskostnað, og þykir hann eftir öllum atvikum hæfilega ákveðinn kr. 1.500,00.

Sigurgeir Jónsson bæjarfógeti kvað upp dóm þennan.

Dómsorð:

Kaupum á fasteigninni Hlíðarvegi 35 í Kópavogi samkvæmt kaupsamningi, dagsettum 27. desember 1958, milli stefnanda, Daða Kristjánssonar, og stefnda, Páls S. Dalmars, er riftað. Stefnandi fær að nýju full umráð nefndrar eignar, en stefnda er skylt að rýma eignina þegar í stað. Stefndi greiði stefnanda kr. 15.000,00 í skaðabætur vegna vanefnda sinna og kr. 1.500,00 í málskostnað innan 15 daga frá lögbirtingu dómsins að viðlagðri aðför að lögum.

Fjárnámsgerð fógetaréttar Kópavogs 8. júlí 1959.

Fyrir gerðarbeiðanda, Daða Kristjánsson, mætir Páll S. Pálsson hrl. og krefst fjárnáms til tryggingar dómsskuld á dskj. nr. 2, að upphæð kr. 15.000,00, ásamt 7% ársvöxtum frá lögbirtingu dóms 16. júní 1959 til greiðsludags, kr. 1.500,00 í málskostnað, endurrit dóms kr. 20,00 og kr. 1.000,00 í kærumálskostnað fyrir Hæstarétti, svo og öllum kostnaði við gerð þessa og eftirfarandi uppboð, ef til kemur.

Gerðarþoli er ekki mættur, en að tilhlutan fógetans mætir eiginkona hans, Lovísa Dalmar.

Hún kveðst eftir áskorun ekki geta greitt skuldina, en bendir á til fjárnáms 2 sófa, 10 hægindastóla, 3 sófaborð, 2 innskotsborð, 2 skrifborð, 2 gólfteppi, 3 borðlampa, 2 standlampa, 7 málverk, lítinn símasófa, hægindastól í gangi, klukku með glerhjálmi, ísskáp, spegil í gangi, útvarpstæki, 4 vegglampa, lítið skatthol.

Fógeti lýsti yfir fjárnámi í nefndum eignum, að geymdum betra rétti þriðja manns, til tryggingar ofangreindum kröfum og brýndi fyrir mættri, að gerðarþola væri óheimilt að ráðstafa hlutum þessum eða hreyfa til brottflutnings úr húsinu eða á nokkurn annan hátt ráðstafa þeim þannig, að í bága færi við gerð þessa. Fallið var frá virðingu.

Mánudaginn 12. október 1959.

Nr. 28/1959. **Karólína Jósefsson** (Magnús Thorlacius hrl.)
gegn
Jóhannesi Jósefssyni
(Gunnar Þorsteinsson hrl.)
og til réttargæzlu
gegn
Pétri Daníelssyni og
Ragnari Guðlaugssyni
(Benedikt Sigurjónsson hrl.)
og
Jóhannes Jósefsson
gegn
Karólínu Jósefsson.

Dómendur:
hæstaréttardómararnir Þórður Eyjólfsson, Gizur Bergsteinsson og Jónatan Hallvarðsson, prófessor Ármann Snævarr og Valdimar Stefánsson sakadómari.

Ráðstöfunarréttur mannsins yfir félagsbúi hjóna.

Dómur Hæstaréttar.

Aðaláfrýjandi hefur skotið máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 18. febrúar 1959 og gert þær dómkröfur *aðallega*, að hinn áfrýjaði dómur verði ómerktur og málinu vísað til meðferðar fyrir héraðsdómi af nýju, en *til vara*, að yfirlýsing gagnáfrýjanda, dags. 4. júní 1958, verði dæmd ógild og óskuldbindandi fyrir félagsbú málsaðilja. Loks krefst hún málskostnaðar úr hendi gagnáfrýjanda bæði í héraði og fyrir Hæstarétti eftir mati dómsins.

Gagnáfrýjandi, sem hefur áfrýjað málinu með stefnu 20. febrúar 1959, krefst þess, að ómerkingarkröfunni verði hrundið, honum dæmd sýkna og málskostnaður úr hendi aðaláfrýjanda eftir mati dómsins.

Réttargæzlustefndu krefjast staðfestingar á héraðsdómi og málskostnaðar af aðaláfrýjanda eftir mati dómsins.

I.

Um ómerkingarkröfuna.

Aðaláfrýjandi reisir kröfu sína um ómerkingu héraðsdóms í fyrsta lagi á því, að héraðsdómarinn hefði átt að víkja sæti í málinu, þar sem hann hafi eigi mátt líta óhlutdrægt á málavexti, en eigi hefur hún fært fram neinar ástæður, sem hald sé í, fyrir þessari staðhæfingu sinni, og verður henni því eigi sinnt.

Í öðru lagi byggir aðaláfrýjandi ómerkingarkröfuna á því, að héraðsdómari hafi eigi dæmt þá kröfu sína fyrir héraðsdómi, að yfirlýsing gagnáfrýjanda frá 4. júní 1958 yrði dæmd ógild, og vísar hún til þeirra ummæla héraðsdóms, að sakarefni málsins sé það eitt, hvort gagnáfrýjandi „hafi haft þann ráðstöfunarrétt á félagsbúi þeirra hjóna, sem felst í yfirlýsingu hans frá 4. júní 1958". Engin rök dómskapaeðlis eru því til fyrirstöðu, að dómur sé lagður á kröfu aðaláfrýjanda, að tilboð gagnáfrýjanda til réttargæzlustefndu frá 4. júní 1958 sé dæmt ógilt. Hæfa því hin tilvitnuðu ummæli héraðsdómara að vísu eigi í mark, en eigi þykir næg ástæða til að ómerkja héraðsdóm af þessum sökum, þar sem héraðsdómari hefur eigi vísað kröfu aðaláfrýjanda frá dómi, heldur fjallað um málsástæður þær, er efni sakar varðar.

II.

Um efni málsins.

Gagnáfrýjandi hafði samkvæmt 11. gr. laga nr. 3 frá 1900 skýlausa heimild til að gera réttargæzlustefndu tilboð um sölu Hótel Borgar ásamt innanstokksmunum og áhöldum innan húss, það er greinir í yfirlýsingu hans 4. júní 1958, og eigi er í ljós leiddur neinn sá ljóður á ráði hans, er valda eigi ógildingu tilboðsins.

Ber því að staðfesta héraðsdóminn að niðurstöðu til.

Eftir þessum úrslitum ber að dæma aðaláfrýjanda til að greiða upp í málskostnað fyrir Hæstarétti kr. 25.000,00 til gagnáfrýjanda og kr. 5.000,00 til réttargæzlustefndu.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður.

Aðaláfrýjandi, Karólína Jósefsson, greiði upp í málskostnað fyrir Hæstarétti gagnáfrýjanda, Jóhannesi Jósefssyni, kr. 25.000,00 og réttargæzlustefndu, Pétri Daníelssyni og Ragnari Guðlaugssyni, kr. 5.000,00, að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur bæjarþings Reykjavíkur 17. febrúar 1959.

Mál þetta, sem dómtekið var 4. þ. m., hefur Karólína Jósefsson, til heimilis að Hótel Borg hér í bæ, höfðað fyrir bæjarþinginu með stefnu, birtri 3. júlí 1958, á hendur Jóhannesi Jósefssyni, til heimilis á sama stað. Gerir stefnandi þær dómkröfur, að yfirlýsing stefnda, Jóhannesar, dags. 4. júní 1958, verði dæmd ógild og óskuldbindandi fyrir félagsbú stefnanda og stefnda og að stefndi verði dæmdur til að greiða stefnanda málskostnað að skaðlausu. Stefndi hefur krafizt algerrar sýknu af öllum kröfum stefnanda og að honum verði dæmdur ríflegur málskostnaður úr hendi hennar.

Til réttargæzlu í máli þessu hefur stefnandi stefnt Pétri Daníelssyni, Bollagötu 1, og Ragnari Guðlaugssyni, Víðimel 59, báðum hér í bæ. Í greinargerð gerðu réttargæzlustefndu þær dómkröfur, að þeir yrðu sýknaðir af öllum kröfum stefnanda og dæmdur málskostnaður úr hennar hendi að mati dómarans. Við munnlegan flutning málsins breyttu þeir kröfugerð sinni og krefjast nú sýknu til handa stefnda, Jóhannesi, en málskostnaðar sem fyrr greinir.

Aðiljar máls þessa, Karólína Jósefsson og Jóhannes Jósefsson, gengu í hjónaband 6. febrúar 1908. Engir samningar liggja fyrir, hvernig fara skuli um fjármál þeirra á milli eða gagnvart þriðja manni. Hinn 5. júní 1958 vottar dómprófasturinn í Reykjavík, að árangurslaus sáttaumleitan hafi farið fram með aðiljum vegna fyrirhugaðs skilnaðar þeirra, og var hjónaskilnaðarmálið tekið fyrir hjá yfirvaldi 6. og 9. júní s. á. Eigi náðist samkomulag um skiptingu eigna, og var þá beiðzt opinberra skipta á búi aðilja, og hófst uppskrift á því hinn 12. júní. Þann dag var lögð fram í skiptarétti Reykjavíkur yfirlýsing sú, er mál þetta er risið út af og lögð hefur verið fram sem dskj. nr. 4, svo hljóðandi:

„Yfirlýsing.

Undirritaður gefur hér með Pétri Daníelssyni og Ragnari Guðlaugssyni eða hlutafélagi, er þeir kunna að stofna, kost á að kaupa fasteign mína, Hótel Borg, lóð og byggingar og innanstokksmuni og áhöld öll innan húss, er gisti- og veitingahúsinu til heyrir, fyrir *kr. 18.200.000,00* (átján milljónir og tvö hundruð þúsundir) gegn neðangreindum skilyrðum:

1. Útborgun kr. 6.000.000,00 við afsal.
2. Eftirstöðvar, kr. 12.200.000,00, verði tryggðar með 1. veðrétti í hinni seldu eign, greiðist upp á 18—20 árum og beri 5½—6% vexti. Þó skal álagður stóreignaskattur, ca. kr. 2.200.000,00, verði hann ekki niður felldur fyrir afsal, koma hér inn í og til frádráttar (kr. 12.200.000,00), og taki þá kaupendur að sér að greiða hann sem sína skuld samkv. þeim skilyrðum, sem ákveðin eru eða verða af hálfu hins opinbera.
3. Afhending fer fram samkv. samkomulagi.
4. Öll önnur atriði fara eftir samkomulagi milli aðilja.
5. Tilboð þetta er ég bundinn við til 1. okt. 1958.

Reykjavík, 4. júní 1958.

Jóh. Jósefsson.“

Hefur stefnandi haldið því fram, að yfirlýsing þessi sé óskuldbindandi og ógild gagnvart félagsbúi þeirra hjóna, enda er þess krafizt, að staðfest verði með dómi, að svo sé.

Stefnandi hefur hvorki í stefnu né í greinargerð bent á nein lagarök til stuðnings dómkröfum sínum. Við munnlegan flutning málsins var því hins vegar haldið fram af hennar hálfu, að sakarefnið félli undir 20. gr. laga nr. 20 frá 20. júní 1923, um skyldur og réttindi hjóna, enda væru lög nr. 3 frá 12. janúar 1900, um fjármál hjóna, löngu úr gildi gengin, þar sem þau lög samrýmdust ekki lengur hugmyndum manna um réttarstöðu konunnar í þjóðfélaginu eða jafnrétti karla og kvenna. Þessari málsástæðu mótmæltu lögmenn stefnda og réttargæzlustefndu, sem töldu, að dæma bæri sakarefnið eftir ákvæðum 11. gr. laganna frá 1900.

Eins og að framan greinir, gengu stefnandi og stefndi í hjónaband á árinu 1908 og hafa engan sérsamning gert um fjármál sín. Með setningu laga nr. 20 frá 1923 voru lögin nr. 3 frá 1900 ekki felld úr gildi, heldur skyldu þau, eins og segir í 90. gr. laganna frá 1923, gilda áfram um fjárhagslega afstöðu hjóna hvors til

annars og gagnvart þriðja manni, ef hjónabandið væri stofnað fyrir 1. janúar 1924 og hjónin hefðu ekki samið svo um samkvæmt nánar tilgreindum reglum, að um fjármál þeirra skyldi fara eftir ákvæðum hinna yngri laga. Við endurskoðun og gerbreytingu á grundvallarreglum laganna nr. 3 frá 1900 hefur löggjafarvaldið þannig afdráttarlaust kveðið svo á, að þau lög geti engu að síður haldið gildi sínu og að leggja beri ákvæði þeirra til grundvallar í vissum tilvikum. Að þessu athuguðu þykir því ekki unnt að fallast á það með stefnanda, að heimilt sé að sniðganga ákvæði laga nr. 3 frá 1900 í máli þessu, en samkvæmt 11. gr. þeirra laga hefur maðurinn einn umráð yfir félagsbúinu. Hann hefur ótvíræða heimild til að selja af eignum þess, jafnvel þótt um verulegar eignir sé að ræða eða langmestan hluta af eignum félagsbúsins. Þessi ráðstöfunarréttur mannsins er að vísu nokkrum takmörkunum háður, eins og nánar getur í 11. gr. laganna, en þær takmarkanir skipta ekki máli hér. Niðurstaðan verður því sú, að stefndi hafi haft heimild til að gefa út skuldbindandi yfirlýsingu fyrir félagsbú hans og stefnanda samkvæmt 11. gr. laga nr. 3 frá 1900. Verður þá fyrir að kanna, hvort stefnandi hafi hnekkt þessari heimild stefnda með öðrum málsástæðum, sem hafðar voru uppi við munnlegan flutning máls þessa.

Af hálfu stefnanda var því haldið fram, að yfirlýsing stefnda frá 4. júní 1958 fæli ekki í sér tilboð, heldur aðeins áskorun um að gera tilboð. Þar af leiddi, að bréf réttargæzlustefndu frá 11. júlí 1958 fæli ekki í sér samþykki, heldur lýsti aðeins vilja þeirra til að halda áfram samningsumleitunum, enda væri hlutafélag það, sem þar er minnzt á, ekki enn stofnað. Telur stefnandi, að félagsbú hennar og stefnda geti ekki verið bundið af þessu.

Sakarefni máls þessa er ekki það að skera úr um, hvort bindandi samningur hafi komizt á milli stefnda og réttargæzlustefndu um sölu eignanna, heldur einungis hitt, hvort stefndi hafi haft þann ráðstöfunarrétt á félagsbúi þeirra hjóna, sem felst í yfirlýsingu hans frá 4. júní 1958. Verður ekki séð, að þessi málsástæða stefnanda hnekki á nokkurn hátt heimild stefnda samkvæmt 11. gr. laga nr. 3 frá 1900.

Þá er því haldið fram af stefnanda, að söluverð Hótel Borgar í samningstilraunum stefnda og réttargæzlustefndu sé ákveðið allt of lágt, og bendir stefnandi í því sambandi á matsgerð dómkvaddra matsmanna, sem lokið var 15. desember 1958, en þar

eru umræddar eignir metnar á kr. 23.700.000,00. Lögmenn stefnda og réttargæzlustefndu hafa mótmælt mati þessu sem málinu óviðkomandi, en benda jafnframt á, að vísitala byggingarkostnaðar hafi hækkað um 17 stig á tímabilinu júní til desember á sl. ári, og sé reyndar algerlega ósannað, að unnt sé að fá kauptilboð í eignirnar jafnhátt matsfjárhæðinni. Stefnandi hefur ekki sýnt fram á nein lagarök, er hnígi að því, að umræddur verðmismunur hafi áhrif á fyrrnefnda ráðstöfunarheimild stefnda, enda verður ekki séð, að svo sé.

Enn er því haldið fram af hálfu stefnanda, að yfirlýsingin frá 4. júní 1958 sé einungis fram komin vegna fyrirhugaðra slita á fjárfélagi aðilja í þeim tilgangi að skjóta fé undan búinu, enda hafi stefndi í hyggju að vera aðaleigandi í fyrirhuguðu hlutafélagi. Telur stefnandi yfirlýsinguna tortryggilega tímans vegna. Gegn eindregnum mótmælum stefnda svo og réttargæzlustefndu verður ekki talið, að stefnandi hafi sannað þessar fullyrðingar sínar. Hefur stefndi bent á, að hann hafi nú um nokkurt árabil reynt að ná samningum við ýmsa aðilja um sölu á Hótel Borg, en samningsumleitanir hans og réttargæzlustefndu hafi hafizt í desembermánuði 1957 og salan verið fastmælum bundin með þeim hinn 15. apríl 1958, þótt staðfest sölutilboð hafi eigi verið gefið fyrr en 4. júní sl. Liggur og fyrir viðurkenning stefnanda um það, að henni hafi verið kunnugt um fyrirhugaða sölu í lok þingtímans á sl. vori, þ. e. áður en krafa hennar um hjónaskilnað var gerð.

Við munnlegan flutning málsins hafði umboðsmaður stefnanda, Magnús Thorlacius hæstaréttarlögmaður, uppi þá málsástæðu, að stefndi, Jóhannes, hefði eigi verið heill á geðsmunum, þegar hann átti í samningsumleitunum við réttargæzlustefndu og gaf yfirlýsinguna frá 4. júní 1958. Þessari málsástæðu sinni til stuðnings las lögmaðurinn kafla úr allmörgum einkabréfum, sem stefndi hafði skrifað dóttur sinni, Heklu, á árunum 1946—50 og lögð hafa verið fram í málinu. Ekki verður séð, að umrædd bréf gefi nokkurt tilefni til fullyrðinga lögmannsins og órökstuddra staðhæfinga hans um þetta efni.

Úrslit máls þessa verða því þau, að stefndi hafi samkvæmt 11. gr. laga nr. 3 frá 1900 haft heimild til að gefa yfirlýsinguna frá 4. júní 1958, þannig að skuldbindandi sé fyrir félagsbú hans og stefnanda.

Með tilliti til allra málsatvika þykir rétt, að stefnandi og stefndi beri hvort um sig kostnað sinn af málinu.

Eigi þykja efni til að taka málskostnaðarkröfu réttargæzlustefndu til greina.

Eins og fyrr segir, þá greinir lögmaður stefnanda hvorki í stefnu né svokallaðri greinargerð lagarök til stuðnings dómkröfum stefnanda. Samrýmist þetta ekki meginreglum laga nr. 85 frá 1936, sbr. 110. gr., um skýran og greiðan málflutning. Ber að víta lögmanninn fyrir þennan málatilbúnað.

Lögð hefur verið fram skýrsla stefnanda, Karólínu Jósefsson. Er þar farið ýmsum óviðurkvæmilegum ummælum um stefnda, sem eru máli þessu óviðkomandi. Verður að víta þetta.

Einar Arnalds borgardómari kvað upp dóm þennan.

Dómsorð:

Stefndi, Jóhannes Jósefsson, skal vera sýkn af kröfum stefnanda, Karólínu Jósefsson.

Málskostnaður falli niður.

Miðvikudaginn 14. október 1959.

Nr. 48/1959. **Ákæruvaldið** (Einar B. Guðmundsson hrl.)
gegn
Roland Pretious (Gísli G. Ísleifsson hdl.).

Dómendur:
hæstaréttardómararnir Þórður Eyjólfsson, Gizur Bergsteinsson og Jónatan Hallvarðsson og prófessorarnir Ármann Snævarr og Theodór B. Líndal.

Fiskveiðibrot.

Dómur Hæstaréttar.

Staðarákvarðanir varðskipsins Þórs hinn 1. febrúar 1959, er í málinu greinir, framkvæmdu Garðar Pálsson, 1. stýrimaður, og Bjarni Ólafur Helgason, 2. stýrimaður, undir umsjón skipherrans, Eiríks Kristóferssonar. Eru niðurstöður skipstjórnarmannanna eftir eiðfestu vætti þeirra raktar í héraðsdómi. Þá hefur Friðrik V. Ólafsson, skólastjóri Stýrimannaskólans, eftir uppsögu héraðsdóms markað greindar staðarákvarðanir á sjóuppdrátt. Reyndist staður togarans kl.

10.13 umræddan dag um 8,4 sm., staður hans kl. 10.19 um 8,6 sm. og staður varðskipsins kl. 11.55 við dufl þess, er sett var út við togarann kl. 10.25, um 8,8 sm. innan fiskveiðimarka samkvæmt reglugerð nr. 70/1958, um fiskveiðilandhelgi Íslands, er sett hefur verið á stjórnskipulegan hátt og öðlaðist gildi hinn 1. september 1958. Hefur ákærði því brotið gegn lagaboðum þeim, sem í héraðsdómi greinir, sbr. nú lög nr. 6/1959. Með hliðsjón af lögum nr. 4/1924 þykir refsing ákærða hæfilega ákveðin 100.000,00 króna sekt til Landhelgissjóðs Íslands, og komi varðhald 8 mánuði í stað sektar, ef hún greiðist ekki innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa.

Ákvæði héraðsdóms um upptöku og málskostnað ber að staðfesta.

Ákærði greiði allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin laun sækjanda og verjanda fyrir Hæstarétti kr. 10.000,00 til hvors.

Dómsorð:

Ákærði, Roland Pretious, greiði 100.000,00 króna sekt til Landhelgissjóðs Íslands, og komi varðhald 8 mánuði í stað sektar, ef hún verður ekki greidd innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa.

Ákvæði héraðsdóms um upptöku og málskostnað eiga að vera óröskuð.

Ákærði greiði allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin laun sækjanda og verjanda fyrir Hæstarétti, Einars B. Guðmundssonar hæstaréttarlögmanns og Gísla G. Ísleifssonar héraðsdómslögmanns, kr. 10.000,00 til hvors.

Dóminum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Dómur sakadóms Seyðisfjarðar 7. febrúar 1959.

Árið 1959, laugardaginn 7. febrúar kl. 13.50, var í sakadómi Seyðisfjarðar, sem haldinn var af Erlendi Björnssyni bæjarfógeta ásamt meðdómendunum Sveinlaugi Helgasyni og Friðbirni

Hólm, kveðinn upp dómur í málinu: Ákæruvaldið gegn Roland Pretious, sem dómtekið var í dag.

Mál þetta er með ákæruskjali, dags. í dag, höfðað gegn Roland Pretious, skipstjóra á brezka togaranum Valafelli, GY 383, fyrir að hafa gerzt sekur um fiskveiðibrot samkv. 1. málsgrein 1. greinar laga nr. 5/1920, um bann gegn botnvörpuveiðum, samanber 1. grein bráðabirgðalaga nr. 54/1958, um breyting á þeim lögum, með því að hafa verið að botnvörpuveiðum á nefndum togara úti af Loðmundarfirði sunnudaginn 1. þ. m. um kl. 10.25 í fiskveiðilandhelgi Íslands, eins og hún er ákveðin í 1. gr. reglugerðar nr. 70/1958, sbr. lög nr. 44/1948. Ákærist hann til að sæta refsingu samkv. 3. gr. laga nr. 5/1920, sbr. 1. gr. laga nr. 5/1951 og 1. gr. laga nr. 81/1952, upptöku afla og veiðarfæra nefnds togara og til greiðslu alls sakarkostnaðar.

Ákærði er kominn yfir lögaldur sakamanna, að eigin sögn fæddur 21. apríl 1927. Hann hefur ekki áður sætt ákæru eða refsingu, svo að kunnugt sé.

Sunnudaginn 1. febrúar sl. var varðskipið Þór á eftirlitsferð suðaustur af Glettinganesi, er togari sást grunsamlega nærri landi úti af Loðmundarfirði. Þá var þegar snúið í áttina til hans og kl. 10.07 sett á fulla ferð. Kl. 10.13 var gerð eftirfarandi staðarákvörðun:

Togarinn		
Dalafjall	>	10° 44′
Skælingur	>	39° 40′
Glettinganessviti	>	57° 39′

Fjarlægðin í togarann 3,2 sjómílur.

Kl. 10.19 var gerð eftirfarandi athugun:

Togarinn		
Dalafjall	>	8° 4′
Skælingur	>	45° 57′
Glettinganessviti	>	61° 49′

Fjarlægðin í togarann 1,7 sjómílur.

Kl. 10.20 sett upp stöðvunarmerki, og um leið var ljósmerkjað til togarans stöðvunarmerki.

Kl. 10.25 var komið að brezka togaranum Valafelli, GY 383, þar sem hann var að draga inn stjórnborðsvörpu sína. Samtímis var sett út dufl fast við togarann og kallað yfir í hann, að hann væri að ólöglegum veiðum og að bátur yrði sendur yfir til hans. Þá var hafizt handa að setja út bát til þess að fara yfir í togarann.

Kl. 10.30 setur togarinn á ferð út frá landi og er þá búinn að innbyrða nokkuð af vörpu sinni. Varðskipið hélt þá strax á eftir togaranum, og um leið var haft samband við herskipið Corunna, D. 97, sem komið var í kallfæri við varðskipið, og það beðið að stöðva togarann.

Kl. 10.32 var kallað yfir í togarann og honum sagt að stanza, að öðrum kosti yrði skotið á hann. Ekki staðnæmdist hann við þetta, og var skotið að honum púðurskoti um kl. 10.34.

Kl. 10.35 sást, að togarinn var að innbyrða þann hluta vörpunnar, sem enn þá var utan borðs.

Kl. 10.46 beindi herskipið Corunna, D. 97, öllum byssum sínum að varðskipinu Þór og kvaðst neyðast til að skjóta á varðskipið, ef það skyti að togaranum. Rétt á eftir staðnæmdist togarinn og herskipið.

Kl. 10.51 kom herskipið Agincourt, D. 86, á staðinn með allar byssur mannaðar og beindi þeim að varðskipinu. Foringi herskipsins kom síðan um borð í Þór að fengnu leyfi skipherrans, athugaði á sjókorti mælingar varðskipsins og gerði síðan ásamt áhöfn varðskipsins svofellda staðarákvörðun við duflið kl. 11.55:

Dalafjall
Skælingur > 55° 04′
Glettinganessviti > 64° 10′

Dýpi 92 metrar. Þetta gefur stað togarans 8,8 sjómílur innan fiskveiðitakmarka.

Yfirmenn brezku herskipanna neituðu síðan að afhenda varðskipinu togarann, og biðu skipin síðan á þessum slóðum þar til um kl. 14.00 á fimmtudag 5. febrúar sl., að skipstjóra togarans barst símskeyti frá útgerð sinni að halda til Seyðisfjarðar vegna fiskveiðibrots. Sigldi ákærði skipi sínum þangað eftir nokkra vafninga.

Ákærði hefur ekki beinlínis vefengt mælingar varðskipsins, en kveður athuganir sínar á fjöllum við Seyðisfjörð og mælingar með dýptarmæli benda til þess, að hann hafi ekki í umrætt skipti togað nær landi en 7,5 sjómílur. Telja verður, að ákærði hafi ekki getað gert sér grein fyrir fjarlægð sinni frá landi með þessu móti, enda skipta athuganir hans ekki máli þegar af þeirri ástæðu, að hann áætlar stað skipsins að veiðum langt innan fiskveiðitakmarka.

Dómurinn telur þrátt fyrir andmæli verjanda, að bráðabirgðalög nr. 54/1958 og reglugerð nr. 70/1958 séu enn í fullu gildi. Samkvæmt framangreindum mælingum varðskipsins Þórs og játn-

ingu ákærða sjálfs hefur hann því í umrætt skipti verið að botnvörpuveiðum í fiskveiðilandhelgi Íslands og þar með gerzt brotlegur við 1. gr. laga nr. 5/1920, sbr. 1. gr. bráðabirgðalaga nr. 54/1958, um breyting á þeim lögum. Varðar það hann refsingu samkv. 3. gr. laga nr. 5/1920, sbr. 1. gr. laga nr. 5/1951 og 1. gr. laga nr. 81/1952.

Þar sem skip ákærða, togarinn Valafell, GY 383, er samkv. mælibréfi 380 rúmlestir brúttó, þykir refsing ákærða með hliðsjón af núverandi gullgengi íslenzkrar krónu hæfilega ákveðin kr. 74.000,00 í sekt til Landhelgissjóðs Íslands, og komi 7 mánaða varðhald í stað sektarinnar, verði hún ekki greidd innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa.

Allur afli innan borðs í togaranum Valafelli, GY 383, svo og veiðarfæri hans öll að meðtöldum dragstrengjum skal vera upptækt til Landhelgissjóðs Íslands.

Ákærða ber samkv. þessu að dæma til greiðslu alls kostnaðar sakarinnar, þar með talin málsvarnarlaun skipaðs verjanda ákærða, Gísla G. Ísleifssonar hdl., sem þykja hæfilega ákveðin kr. 3.000,00.

Dómsorð:

Ákærði, Roland Pretious, greiði kr. 74.000,00 í sekt til Landhelgissjóðs Íslands, og komi varðhald í 7 mánuði í stað sektarinnar, verði hún ekki greidd innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa.

Allur afli innan borðs í togaranum Valafelli, GY 383, svo og veiðarfæri hans öll að meðtöldum dragstrengjum, skal upptækt vera til handa sama sjóði.

Ákærði greiði allan sakarkostnað, þar með talin málsvarnarlaun verjanda síns, Gísla G. Ísleifssonar, kr. 3.000,00.

Dómi þessum skal fullnægja með aðför að lögum.

Föstudaginn 16. október 1959.

Nr. 110/1959. **Sementsverksmiðja ríkisins**
(Guttormur Erlendsson hrl.)
gegn
bæjarstjóra Akraness f. h. bæjarsjóðs
(Benedikt Sigurjónsson hrl.).

Dómendur:
hæstaréttardómararnir Þórður Eyjólfsson, Gizur Bergsteinsson og Jónatan Hallvarðsson, prófessor Ármann Snævarr og Valdimar Stefánsson sakadómari.

Undanþága frá opinberum gjöldum skv. l. nr. 35/1948.

Dómur Hæstaréttar.

Áfrýjandi hefur skotið máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 16. júní 1959. Krefst hann sýknu af kröfum stefnda í málinu og málskostnaðar úr hendi hans í héraði og fyrir Hæstarétti eftir mati dómsins.

Stefndi krefst staðfestingar hins áfrýjaða dóms og málskostnaðar af áfrýjanda hér fyrir dómi eftir mati Hæstaréttar.

Orðalag 7. gr. laga nr. 35/1948 um undanþágu áfrýjanda frá greiðslu skatta og opinberra gjalda nema útsvars til sveitarsjóðs er svo víðtækt og ótvírætt, að telja verður áfrýjanda undanþeginn greiðslu byggingargjalds þess, sem stefndi krefur hann um. Ber því að sýkna áfrýjanda af kröfum stefnda í málinu.

Stefnda ber að greiða áfrýjanda málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti, er ákveðst samtals kr. 15.000,00.

Dómsorð:

Áfrýjandi, Sementsverksmiðja ríkisins, á að vera sýkn af kröfum stefnda, bæjarstjóra Akraness f. h. bæjarsjóðs, í máli þessu.

Stefndi greiði áfrýjanda málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti, samtals kr. 15.000,00.

Dóminum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur bæjarþings Akranesskaupstaðar 27. maí 1959.

Mál þetta, sem dómtekið var hinn 26. maí 1959, hefur bæjarsjóður Akraness höfðað hér fyrir bæjarþinginu með stefnu, út gefinni 26. maí sl., gegn stjórn Sementsverksmiðju ríkisins á Akranesi fyrir hennar hönd til greiðslu á byggingarleyfisgjöldum sementsverksmiðjunnar til bæjarsjóðs Akraness, að upphæð kr. 150.000,00, samkvæmt gildandi byggingarsamþykkt fyrir Akranes, staðfestri af félagsmálaráðuneytinu 1. febr. 1949 (nr. 195/1949 í B-deild Stj.tíð.), og taxta, samþykktum af bæjarstjórn Akraness.

Stefnda, stjórn Sementsverksmiðju ríkisins, hefur neitað að greiða byggingarleyfisgjaldið og skírskotar til 7. greinar laga um Sementsverksmiðju ríkisins, nr. 35 frá 1. apríl 1948, en í þeirri grein segir svo: „Verksmiðjan er undanþegin öllum sköttum og opinberum gjöldum nema útsvari til sveitarsjóðs“ .....

Af hálfu stefnanda, bæjarsjóðs Akraness, er því haldið fram, að hér greint ákvæði laga nr. 35/1948 nái ekki til gjalds fyrir byggingarleyfi til handa sementsverksmiðjunni, og beri stefndu því skylda til þess að greiða hið tilskilda gjald, kr. 150.000,00. Auk þess hefur stefnandi krafizt 6% ársvaxta af stefnukröfunni frá 14. okt. 1958 og málskostnaðar.

Stefnda, stjórn Sementsverksmiðju ríkisins, hefur krafizt algerrar sýknu af öllum kröfum stefnanda og málskostnaðar sér til handa. Málsaðiljar hafa við fyrirtöku máls þessa á bæjarþingi Akraness 26. maí lýst yfir, að sátt fyrir sáttamönnum sé útilokuð í máli þessu. Sömuleiðis óskuðu málsaðiljar eftir því, að máli þessu yrði skipt skv. heimild í 71. gr. i.f. laga nr. 85 frá 1936, þannig að hér verði aðeins flutt sókn og vörn um þann hluta málsins, sem fjallar um greiðsluskyldu stefndu, og það málsefni dæmt hér, en annað látið bíða þangað til síðar, og ákvað dómarinn að verða við þeim tilmælum málsaðilja. Kemur því eingöngu ágreiningurinn um greiðsluskyldu stefndu á byggingarleyfisgjaldi til stefnanda, bæjarsjóðs Akraness, til álita og dómsúrskurðar hér nú.

Sátta var leitað um þetta atriði málsins, og varð sáttatilraunin fyrir bæjarþingi árangurslaus. Atriði málsins að öðru leyti en á undan er lýst eru þau, að stefnda hefur látið reisa miklar byggingar á Akranesi, bæði hús og önnur mannvirki, sem stefndu eru nauðsynleg til starfrækslu sinnar.

Gjöld fyrir leyfi til byggingar þessara mannvirkja hefur stefnda

ekki talið sér skylt að greiða, vegna þess að leyfisgjöld þessi séu opinber gjöld, en skv. lögum nr. 35/1948 sé stefnda undanþegin öllum sköttum og opinberum gjöldum nema útsvari til bæjarsjóðs. Skal þetta nú athugað nánar.

Við athugun á því, við hvaða gjöld sé átt í nefndri lagagrein, hefur verið bent á, að nokkur munur sé á sköttum og opinberum gjöldum, enda þótt þessu sé í daglegu máli mjög blandað saman. Orðið opinber gjöld er talið víðtækara en skattar. Tæmandi skilgreining á þessu er þó ekki fyrir hendi. Skattar, hverrar tegundar sem nefnast, eru vissulega líka opinber gjöld, en almennt mun ekki talið, að öll opinber gjöld séu skattar. Með orðinu skattar er venjulega átt við skatta til ríkissjóðs, sérstaklega þá, sem engin þjónusta er innt af hendi til endurgjalds fyrir. Opinber gjöld eru hins vegar venjulega nefnd þau gjöld, sem sveitarfélögin taka af borgurum sínum eða gera þeim að greiða í einni eða annarri mynd svo og þau gjöld til ríkissjóðs, sveitarfélaga eða stofnana þeirra tegunda, sem beint endurgjald eða þjónusta er látin í té fyrir að meira eða minna leyti. Hér mætti því tala um opinber gjöld í víðtækari og þrengri merkingu. Opinber gjöld í þrengri merkingu, þ. e. þau gjöld, sem að litlu eða óverulegu leyti eru endurgjald fyrir veitta þjónustu eða annað af hálfu hins opinbera, þ. e. eru sama eðlis og venjulegir skattar til ríkissjóðs, verða að áliti dómsins talin tvímælalaust falla undir undanþáguna í 7. gr. laga nr. 35/1948.

Opinber gjöld, sem innt eru af höndum sem beint endurgjald fyrir ákveðna þjónustu eða ákveðin verk eða verðmæti, telur dómurinn ekki hugsanlegt, að átt geti verið við með áðurnefndu undanþáguákvæði, og mætti þar nefna gjald fyrir skoðun bifreiða, gjald fyrir öryggiseftirlit og gjald fyrir eftirlit með byggingum, þ. á m. fyrir útmælingu lóða og staðsetningu húsa, svonefnt byggingarleyfisgjald, sem er tekið í eitt skipti fyrir öll. Í byggingarsamþykkt Akranessbæjar, sem staðfest er af félagsmálaráðuneytinu 1. febrúar 1949 og lögð er fram í málinu, er gert ráð fyrir þessu leyfisgjaldi sem endurgjaldi fyrir starf og leiðbeiningar byggingarfulltrúa bæjarins, sem er margþætt og mikilsvert fyrir þá, sem í byggingum standa, enda valdir í starfið verkfræðingar eða verkfróðir og hæfir menn aðrir. Almennt munu byggingarleyfisgjöldin hvergi nærri hrökkva til þess að standa undir kostnaði þeim, sem bæjarfélög hafa af byggingarfulltrúum og byggingareftirliti. Þess vegna eru þau gjöld mjög ólíks eðlis

og skattar þeir flestir, sem ríkið innheimtir, eða útsvörin, sem oftast eru aðaltekjur bæjar- og sveitarfélaganna. Byggingarleyfisgjaldið er í eðli sínu einna líkast andvirði vinnu eða varnings, sem seldur er samkv. gjaldskrá, sem út gefin er af hálfu ríkisins eða af bæjar- eða sveitarfélögum, en slíkar gjaldskrár eru margar. Engum dettur í hug, að löggjafinn meini það með áðurgreindu undanþáguákvæði, að hin stefnda sementsverksmiðja eigi rétt á að fá slíka hluti eða vinnu ókeypis.

Í framkvæmdinni er þetta þannig, að Sementsverksmiðja ríkisins greiðir alla tolla og aðflutningsgjöld til ríkisins og útflutningssjóðs eins og allir aðrir innflytjendur vara. Hún greiðir og hefur greitt skoðunargjöld af bifreiðum sínum, bifreiðaskatt og vegaskatt auk iðgjalda allra til almannatrygginganna. Þá hefur Áburðarverksmiðja ríkisins í Gufunesi greitt Reykjavíkurbæ þar tilskilin byggingarleyfisgjöld þrátt fyrir sams konar og eins orðaða undanþáguheimild henni til handa í lögum nr. 40 23/5 1949, 9. gr.

Þegar allt þetta er virt, mætti virðast heldur hjákátlegt að telja hérgreint byggingarleyfisgjald til þeirra gjalda, sem stefnda er undanþegin skv. lögum nr. 35/1948. Dómarinn verður því að vera þeirrar skoðunar, að skylda beri stefndu í þessu máli til að greiða byggingarleyfisgjald til stefnanda, bæjarsjóðs Akraness.

Eftir þessu þykir hæfilegt, að stefnda greiði stefnandanum kr. 4.000,00 — fjögur þúsund krónur — í málskostnað.

Þórhallur Sæmundsson bæjarfógeti kvað upp dóm þennan.

Dómsorð:

Stefndu, Sementsverksmiðju ríkisins, Akranesi, er skylt að greiða stefnanda, bæjarsjóði Akraness, byggingarleyfisgjöld fyrir hús þau og mannvirki, sem stefnda hefur látið reisa í Akranesskaupstað.

Stefnda greiði stefnanda, bæjarsjóði Akraness, kr. 4.000,00 — fjögur þúsund krónur — í málskostnað. Dómi þessum ber að fullnægja innan 15 daga frá löglegri birtingu hans að viðlagðri aðför að lögum.

Föstudaginn 16. október 1959.

Nr. 143/1958. **Ákæruvaldið** (Guðmundur Pétursson hrl.)
gegn
Páli Guðjónssyni (Páll S. Pálsson hrl.).

Dómendur:
hæstaréttardómararnir Þórður Eyjólfsson, Gizur Bergsteinsson og Jónatan Hallvarðsson og prófessorarnir Ármann Snævarr og Theodór B. Líndal.

Fiskveiðibrot.

Dómur Hæstaréttar.

Héraðsdóminn hafa upp kveðið Freymóður Þorsteinsson, fulltrúi bæjarfógeta í Vestmannaeyjum, og samdómsmennirnir Páll Þorbjörnsson og Þorsteinn Jónsson, skipstjórar í Vestmannaeyjum.

Eftir að dómur gekk í héraði, hefur Friðrik Ólafsson, skólastjóri Stýrimannaskólans, markað á sjóuppdrátt staðarákvörðun þá, sem gæzluflugvélin Rán gerði yfir v/b Guðbjörgu, VE 271, kl. 04.50 hinn 29. júlí 1958, og reyndist staður bátsins um 13,2 sm. innan fiskveiðimarkanna.

Þegar framangreind staðarákvörðun var gerð, voru í bátnum með ákærða, Páli Guðjónssyni, þeir Þorsteinn Guðjónsson, bróðir ákærða, Gunnar Ágúst Helgason, mágur ákærða og sameigandi að v/b Guðbjörgu, og Elías Fannar Óskarsson. Báru skipverjar þessir fyrir dómi hinn 30. júlí 1958, að ákærði og þeir hefðu í þetta sinn verið að handfæraveiðum, en dragnót, sem í bátnum var, hefði ekki verið kastað. Með því að þeir heitfestu ekki þessa framburði sína, voru þeir að tilhlutan málflytjenda fyrir Hæstarétti látnir koma fyrir dóm að nýju í maímánuði 1959. Kvaðst þá hver um sig halda fast við fyrri framburð sinn, en allir færðust þeir undan að staðfesta vætti sitt með eiði, og varð því ekki af heitfestingu.

Löggæzlumennirnir Sigurður Árnason skipstjóri og Ásgeir Þorleifsson flugmaður hafa skýrt svo frá fyrir dómi og staðfest þann framburð með eiði, að þeir hafi í umrætt sinn séð greinilega dragnótastrenginn út af bátnum og síðar dragnótina sjálfa við síðu bátsins. Með þessu vætti löggæzlu-

mannanna, sem ekki hefur verið hnekkt, er sannað, að ákærði hafi verið að dragnótaveiðum innan fiskveiðimarka á þeim tíma, sem í ákæruskjali greinir. Hefur hann með þessu gerzt sekur við 1. gr. reglugerðar nr. 21/1952, sem þá var í gildi, sbr. lög nr. 44/1948, og nú reglugerð nr. 70/1958. Samkvæmt 5. gr. reglugerðar nr. 21/1952 og lögum nr. 81/1952 varðar þetta hann viðurlögum eftir 4. (áður 3.) gr. laga nr. 45/1937, sbr. lög nr. 83/1945 og lög nr. 31/1951. Þykir refsing hans hæfilega ákveðin 5.000,00 króna sekt, er renni til Fiskveiðasjóðs Íslands, og komi 30 daga varðhald í stað sektarinnar, ef hún greiðist ekki innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa. Svo ber og samkvæmt 4. gr. laga nr. 45/1937 að dæma upptæk afla og veiðarfæri, eins og gert er í hinum áfrýjaða dómi.

Ákvæði héraðsdóms um greiðslu sakarkostnaðar í héraði ber að staðfesta.

Þá ber og að dæma ákærða til að greiða allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin málflutningslaun skipaðs sækjanda og verjanda í Hæstarétti, kr. 4.000,00 til hvors.

Það athugast, að verjandi máls þessa fyrir Hæstarétti sendi héraðsdómi allmörg utanréttarvottorð, sem síðan voru lögð fram við framhaldspróf í málinu, án þess að fyrir hendi væru skilyrði til þess samkvæmt 2. málsgr. 102. gr. laga nr. 27/1951.

Dómsorð:

Ákærði, Páll Guðjónsson, greiði 5.000,00 króna sekt til Fiskveiðasjóðs Íslands, og komi varðhald 30 daga í stað sektarinnar, ef hún greiðist ekki innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa. Ákvæði hins áfrýjaða dóms um upptöku eigna og greiðslu sakarkostnaðar í héraði eiga að vera óröskuð. Ákærði greiði allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin málflutningslaun sækjanda og verjanda fyrir Hæstarétti, hæstaréttarlögmannanna Guðmundar Péturssonar og Páls S. Pálssonar, kr. 4.000,00 til hvors.

Dóminum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Dómur sakadóms Vestmannaeyja 1. ágúst 1958.

Mál þetta, sem var dómtekið í dag, er höfðað af ákæruvaldinu með ákæruskjali, út gefnu af dómsmálaráðherra í gær, á hendur Páli Guðjónssyni skipstjóra, Vestmannabraut 55, Vestmannaeyjum, fyrir að hafa verið að dragnótaveiðum á m/b Guðbjörgu, VE 271, þriðjudaginn 29. júlí 1958 um kl. 04.50 innan markalínu þeirrar, sem ákveðin er í 1. gr. reglugerðar nr. 21/1952, sbr. lög nr. 44/1948. Þykir brotið varða við 1. gr., sbr. 5. gr. reglugerðar nr. 21/1952, sbr. 3. gr. laga nr. 45/1937, sbr. 1. gr. laga nr. 31/1951. Þess er krafizt af hálfu ákæruvaldsins, að ákærði verði dæmdur til refsingar skv. nefndum lagagreinum, til upptöku afla og veiðarfæra og til greiðslu alls sakarkostnaðar.

Ákærði, Páll Magnús Guðjónsson, er fæddur í Vestmannaeyjum 12. desember 1926 og hefur ekki sætt refsingu eða kæru fyrir nokkurt brot, svo að vitað sé.

Málsatvik eru þessi:

Þriðjudaginn 29. júlí 1958 var gæzluflugvélin TF — KAC á eftirlitsferð við Vestmannaeyjar. Um kl. 04.40 var tekið eftir fiskibát skammt NA af Elliðaey.

Um kl. 04.45 var komið að m/b Guðbjörgu, VE 271, sem var að draga inn dragnótastrengi, en í öðru aðflugi sást, að dragnótin var komin að síðu bátsins.

Um kl. 04.50 var gerð eftirfarandi staðarákvörðun yfir bátnum, þar sem hann var að draga inn dragnótina:

V.K. Bjarnarey $\neq$ A.K. Elliðaey $>$ Þrídrangar 49° 10′.

Gefur það stað bátsins um 13,6 sjómílur innan fiskveiðitakmarkanna á þessum slóðum.

Um kl. 05.10 sást, að dragnótin var komin inn.

Þar sem ekki var aðstaða til frekari aðgerða í máli þessu, hélt flugvélin til frekari gæzlustarfa um kl. 05.13, en kl. 05.25 sást, að m/b Guðbjörg lét reka á sömu slóðum.

Hægviðri var, skýjað, en ágætt skyggni.

Í flugvélinni voru þeir Ásgeir Þorleifsson flugmaður og Sigurður Árnason skipstjóri. Báðir hafa þeir mætt fyrir réttinum og staðfest ofanritaða skýrslu. Kvaðst Sigurður hafa framkvæmt staðarákvarðanirnar og notað sextant, en Ásgeir kvaðst hafa fylgzt með mælingunum, séð miðin og lesið á sextantinn. Báðir kváðust hafa séð dragnótastrengi greinilega út frá bátnum og síðan séð dragnótina við síðu bátsins. Sigurður kvaðst auk þess hafa séð keflin á dragnótinni rétt utan við dragnótarúllurnar, og einnig

hefði hann séð vængi dragnótarinnar koma greinilega í ljós í sjóskorpunni. Er athugun þeirra fór fram, var flogið allt niður undir 30 feta hæð, en flogið var í ca. 500 feta hæð, er staðarákvarðanirnar voru gerðar. Báðir staðfestu þeir framburði sína með eiði.

Ákærði hefur algerlega neitað að hafa verið að dragnótaveiðum í umrætt sinn. Kvaðst hann hafa farið í róður á mánudagskvöld og haldið inn fyrir Elliðaey. Dragnót hafi þeir haft um borð svo og handfæri, en ekki önnur veiðarfæri. Dragnótinni köstuðu þeir aldrei, en reyndu að veiða með handfærum og fengu lítinn afla. Þeir lágu fyrir akkerum yfir dimmuna, en eftir að tók að birta, fóru þeir að draga inn legufærin. Hékk þá netariðill og kúlur og ýmislegt drasl á akkerisflauginni, og fór riðillinn undir bátinn, og tók nokkurn tíma að losa hann frá. Er þeir voru langt komnir við að draga inn akkerið, kom gæzluflugvélin til þeirra og sveimaði yfir þeim góða stund. Taldi ákærði sennilegt, að þeim, sem í flugvélinni voru, kynni að hafa sýnzt, er þeir sáu netaslitrin á akkerisflauginni, að um dragnót væri að ræða, enda væri varla um aðra skýringu að ræða á framburði þeirra, þar sem ákærði kvaðst alls ekki hafa verið á dragnótaveiðum.

Auk ákærða voru þrír skipverjar á bátnum, og gáfu þeir allir skýrslu fyrir réttinum. Voru þeir sammála um, að báturinn hefði ekki verið á dragnótaveiðum, er flugvélina bar að, heldur hefðu þeir verið að draga inn legufæri bátsins. Var framburður þeirra mjög á sömu lund og ákærða sjálfs.

Staðarákvarðanir gæzlumanna kvaðst ákærði ekki vefengja og gerði ráð fyrir, að þær mundu réttar.

Þegar þess er gætt, að skyggni var gott, er flugvélin var yfir bátnum, og skilyrði til athugunar góð að öðru leyti, verður ekki talið sennilegt, að þeim, sem í flugvélinni voru, hafi missýnzt um veiðarfæri bátsins og athafnir bátsmanna. Á hinn bóginn eru skýringar ákærða og skipverja hans að ýmsu leyti ekki trúlegar. Auk þess eru skipverjarnir ekki fullgild vitni í málinu. Þykir samkvæmt þessu því rétt að líta svo á, að með eiðfestum framburði áhafnar flugvélarinnar séu nægjanlegar líkur að því leiddar, að ákærði hafi verið að dragnótaveiðum í umrætt sinn og á umræddum stað, og hefur hann þar með gerzt brotlegur við 1. gr., sbr. 5. gr. reglugerðar nr. 21/1952, sbr. lög nr. 44/1948, og lög nr. 81/1952, sbr. 3. gr. laga nr. 45/1937, sbr. 1. grein laga nr. 31/1951.

M/b Guðbjörg, VE 271, er að stærð 19,66 rúmlestir brúttó og

6,61 rúmlestir nettó. Samkvæmt vottorði Landsbanka Íslands jafngilda 100 gullkrónur í dag 738,95 pappírskrónum.

Refsing ákærða samkvæmt ofangreindum lagaákvæðum þykir hæfilega ákveðin 3.700,00 króna sekt í Fiskveiðasjóð Íslands, er greiðist innan 4 vikna frá lögbirtingu dóms þessa, og komi ella í stað sektarinnar 30 daga varðhald.

Samkvæmt lögjöfnun frá 3. gr. laga nr. 45/1937 þykir bera að ákveða, að afli og veiðarfæri um borð í m/b Guðbjörgu, VE 271, skuli ger upptæk, og renni andvirðið í Fiskveiðasjóð Íslands.

Ákærði greiði allan sakarkostnað.

Dómsorð:

Ákærði, Páll Guðjónsson, greiði 3.700,00 kr. sekt í Fiskveiðasjóð Íslands, og komi 30 daga varðhald í stað sektarinnar, verði hún ekki greidd innan 4 vikna frá lögbirtingu dóms þessa.

Afli og veiðarfæri um borð í m/b Guðbjörgu, VE 271, skulu ger upptæk, og renni andvirðið í Fiskveiðasjóð Íslands.

Ákærði greiði allan kostnað sakarinnar.

Dómi þessum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Miðvikudaginn 21. október 1959.

Nr. 61/1959. **Ákæruvaldið** (Benedikt Sigurjónsson hrl.)
gegn
Birni Ólafssyni,
Guðmundi Konráði Elíssyni
og
Ástu Pétursdóttur
(Einar B. Guðmundsson hrl.).

Dómendur:
hæstaréttardómararnir Jónatan Hallvarðsson, Gizur Bergsteinsson og prófessorarnir Ármann Snævarr, Magnús Torfason og Theodór B. Líndal.

Verðlagsmál.

Dómur Hæstaréttar.

Þá er mál þetta var höfðað, stóð Alþingi, og sat ákærði Björn Ólafsson á Alþingi. Eigi var fengið samþykki deildar þeirrar, sem hann sat í, til málshöfðunar samkvæmt 49. gr. stjórnarskrárinnar, nr. 33/1944. Ber því að ómerkja héraðsdóminn og vísa málinu, að því er til hans tekur, frá verðlagsdómi Reykjavíkur.

Um langt skeið hefur kaffisekkur, sem í vörureikningi er talinn 60 kg, verið við tollmeðferð metinn 59 kg til að vega upp á móti þurrð, sem verða kann á kaffi í einstökum sekkjum vegna bilunar á umbúðum o. s. frv. Eftir sömu röksemd kveðast ákærðu hafa lagt til grundvallar við útreikning verðs, að 59 kg væru til jafnaðar upp og ofan í hverjum kaffisekk. Við sölu hafi hver órofinn og óskemmdur sekkur verið talinn vera 60 kg, en kaffi úr sekkjum, er þurrð reyndist í, selt eftir vog. Hafi þannig verið um að tefla meðaltalsáætlun um þurrð á kaffinu, þá er 1 kg var dregið frá hverjum 60 kg kaffisekk við tollreikning og verðlagsreikning, en þessi frádráttur var niður felldur við verðútreikning, er verðlagsstjóri fyrirskipaði það á öndverðu ári 1958.

Þar sem tollyfirvöld leyfðu að telja hvern kaffisekk upp og ofan 59 kg við tollmeðferð og þar sem verðgæzlan hreyfði

eigi andmælum á þeim tíma, er saksóknin tekur til, þótt verðgæzlumenn hefðu bæði vörureikninga og verðreikninga til athugunar, og þar sem eigi er hrundið þeirri fullyrðingu ákærðu, að um einhverja þurrð hafi verið að tefla, þykir bera að sýkna ákærðu Guðmund Konráð Elísson og Ástu Pétursdóttur af ákæru í máli þessu.

Kröfu um upptöku er beint gegn ákærðu persónulega, en viðskipti þau, sem saksóknin beinist að, voru rekin af fyrirtækinu Þórði Sveinssyni & Co. h/f. Verður upptaka þegar af þeirri ástæðu eigi dæmd.

Eftir þessum úrslitum ber að leggja kostnað sakarinnar á ríkissjóð, þar með talin laun sækjanda fyrir Hæstarétti, kr. 4.500,00, og laun verjanda í héraði og fyrir Hæstarétti, samtals kr. 7.000,00.

Dómsorð:

Ákvæði héraðsdóms um ákærða Björn Ólafsson eiga að vera ómerk, og vísast málinu, að því er tekur til ákærða Björns, frá verðlagsdóminum.

Ákærðu Guðmundur Konráð Elísson og Ásta Pétursdóttir eiga að vera sýkn af ákæru ákæruvaldsins í máli þessu.

Allur kostnaður sakarinnar greiðist úr ríkissjóði, þar með talin málflutningslaun sækjanda fyrir Hæstarétti, Benedikts Sigurjónssonar hæstaréttarlögmanns, kr. 4.500,00, og laun verjanda ákærðu í héraði og fyrir Hæstarétti, Einars B. Guðmundssonar hæstaréttarlögmanns, samtals kr. 7.000,00.

Dómur verðlagsdóms Reykjavíkur 1. febrúar 1959.

Ár 1959, sunnudaginn 1. febrúar, var í verðlagsdómi Reykjavíkur, sem haldinn var í skrifstofu dómsins af Guðmundi Ingva Sigurðssyni og Eyjólfi Jónssyni, meðdómanda í verðlagsmálum, kveðinn upp dómur í málinu nr. 186—188/1959: Ákæruvaldið gegn Birni Ólafssyni, Guðmundi Konráði Elíssyni og Ástu Pétursdóttur, en mál þetta var tekið til dóms 28. janúar sl.

Málið er höfðað gegn stjórn fyrirtækisins Þórðar Sveinssonar & Co. h/f, þeim Birni Ólafssyni stórkaupmanni, til heimilis á Hringbraut 10, Guðmundi Konráði Elíssyni framkvæmdastjóra, til heimilis á Njálsgötu 5, og Ástu Pétursdóttur, til heimilis á Hringbraut 10, öllum í Reykjavík. Eru þau með ákæruskjali, dagsettu 29. nóvember 1958, ákærð fyrir, að fyrirtækið Þórður Sveinsson & Co. h/f, Reykjavík, seldi kaffi í heildsölu, sem kom til landsins með 5 skipum á tímabilinu frá maí 1957 til janúar 1958, samtals 890 sekki, með verði, er þykir hafa verið of hátt, með því að í verðútreikningum félagsins er reiknað með, að 59 kg kaffi hafi verið í hverjum sekk, en á sölunótum félagsins til viðskiptamanna þess er hver sekkur reiknaður 60 kg.

Brot ákærðu þykja varða við tilkynningu Innflutningsskrifstofunnar frá 22. des. 1956 og tilkynningu verðlagsstjóra, nr. 8 14. febrúar 1957, sbr. 35. gr., 1. mgr., sbr. 39. gr. laga um útflutningssjóð o. fl., nr. 86/1956.

Þess er krafizt, að ákærðu verði dæmd til refsingar, til upptöku ólöglegs hagnaðar skv. l. nr. 35/1950, 19. gr. i.f., sbr. 69. gr. hegningarlaganna, og til greiðslu sakarkostnaðar.

Ákærði Björn Ólafsson er fæddur 26. nóvember 1895 á Akranesi. Ákærði Guðmundur Konráð Elísson er fæddur 3. desember 1907 í Reykjavík. Ákærða, Ásta Pétursdóttir, er fædd 1. desember 1906 í Reykjavík. Ákærða, Ásta, hefur eigi fyrr sætt refsingu. Ákærðu Björn og Guðmundur Konráð hafa eigi sætt neinni þeirri refsingu, sem áhrif gæti haft á niðurstöðu máls þessa.

Málavextir eru þessir:

Ákærðu skipa stjórn fyrirtækisins Þórðar Sveinssonar & Co. h/f, svo sem þegar er greint frá. Fyrirtæki þetta rekur innflutningsverzlun. Forstjóri er ákærði Björn. Framkvæmdastjóri er ákærði Guðmundur Konráð. Ákærða, Ásta, er eiginkona ákærða Björns. Hún vinnur eigi við fyrirtækið og fylgist ekki með daglegum rekstri þess. Fyrirtækið flytur m. a. inn kaffi.

Með bréfi, dagsettu 30. apríl 1958, kærði verðlagsstjóri fyrirtækið fyrir of hátt verð á kaffi í heildsölu. Rannsókn málsins leiddi þetta í ljós:

Fyrirtækið Þórður Sveinsson & Co. h/f hefur lengi haft með höndum innflutning á kaffi, m. a. frá Brazilíu. Þaðan er kaffið (kaffibaunirnar) flutt inn í sekkjum. Hin heföbundna útflutningsþyngd kaffisekkja frá Brazilíu er 60 kg nettó hver sekkur. Vegna rýrnunar á kaffinu, svo sem sakir skemmda á umbúðum, varð það að samkomulagi milli tollyfirvalda og kaffiinnflytjenda að

reikna með 59 kg nettóþyngd í hverjum sekk við ákvörðun tolla. Hefur þessi háttur verið á hafður um 30 ára skeið. Í kjölfar þessarar venju sigldi það, að kaffiinnflytjendur, sumir hverjir, tóku að miða verðútreikninga sína á kaffinu við það, að 59 kg væru í hverjum sekk. Hins vegar reiknuðu þeir með 60 kg í hverjum sekk, þegar þeir seldu kaffið. Fyrirtæki ákærðu hafði þennan sama hátt á. Með þessu móti hefur skapazt ágóði hjá fyrirtækinu, sem svarar þessu umframkílói fyrir hvern sekk, sem fyrirtækið hefur selt. Verðlagsstjóri komst að þessum viðskiptahætti ákærðu öndvert ár 1958 með því að gera samanburð á verðútreikningum fyrirtækisins og sölunótum. Kaffiinnflutningur fyrirtækisins var þá athugaður nánar, og var miðað við 22. desember 1956, þegar verðlagsákvæði um kaffi tóku gildi. Athugunin leiddi í ljós, að ágóði fyrirtækisins af þessu eina umframkílói nam samtals kr. 22.599,10 úr fimm kaffisendingum, sem fyrirtækið hafði fengið tímabilið maí 1957 til janúar 1958. Verð hvers kílós kaffis var dálítið mismunandi frá einni sendingu til annarrar eða frá kr. 23,14 til kr. 27,25. Verðlagsstjóri tilkynnti strax fyrirtækinu, að þar sem fyrirtækið hefði fengið staðfest heildsöluverð, sem miðað væri við, að 59 kg væru í hverjum sekk kaffis, væri óheimilt að reikna á því verði fleiri kg í hverjum sekk, þegar kaffið væri selt, eins og fyrirtækið hefði gert. Fyrirtækið varð þegar við ákvörðun verðlagsstjóra og hvarf þar með frá fyrri venju, sem hafði tíðkazt alllengi.

Ákærðu lögðu áherzlu á, að ekki hefði verið reynt á nokkurn hátt að fara í kringum verðlagsyfirvöldin með verðið á kaffinu. Öllum verðútreikningum til verðlagsstjóra hefðu fylgt tíðkanleg fylgiskjöl, sem báru það með sér, að 60 kg ættu að vera í hverjum kaffisekk. Verðlagsyfirvöld staðfestu verðútreikninga fyrirtækisins athugasemdalaust. Tollyfirvöld höfðu um 30 ára skeið viðurkennt rýrnunina á kaffinu með hætti þeim, sem hafður er á við tollákvörðunina. Þá héldu ákærðu því fram, að aðrir kaffiinnflytjendur hefðu sama hátt á um söluverð á kaffinu. Það væri því eðlilegt, að ákærðu væru í góðri trú um það, að verðlagsyfirvöldin hefðu ekkert við útsöluverð fyrirtækisins að athuga.

Samkvæmt beiðni dómsins upplýsti verðlagsstjóri, að hann hefði látið kanna, hvernig farið væri söluverði hjá öðrum kaffiinnflytjendum, og kom þá í ljós, að af fimm innflytjendum, sem athugunin náði til, höfðu tveir sama hátt á og ákærðu, en hjá þremur var ekkert athugavert við verðlagningu og sölu.

Enginn ágreiningur er um staðreyndir málsins, svo sem þeim hefur nú verið lýst, þ. e. verðlagningu og útsöluverð ákærðu á kaffinu og ágóða fyrirtækisins af þessu umframkílói hvers sekkjar úr fyrrnefndum fimm sendingum.

Þar sem ákærðu höfðu fengið staðfest verð hjá verðlagsstjóra, sem miðað var við, að 59 kg væru í hverjum sekk kaffis, en það var það þyngdarmagn, sem ákærðu lögðu til grundvallar verðútreikningum sínum, sem lagðir voru fyrir verðlagsyfirvöld til staðfestingar, bar ákærðu að miða útsöluverðið við það, þegar kaffisekkirnir voru seldir. Ákærðu hafa því með hátterni sínu, sem að framan er lýst, brotið gegn tilkynningu verðlagsstjóra, nr. 8 14. febrúar 1957, um hámarksálagningu í heildsölu og smásölu á nokkrum vörutegundum, sbr. 1. mgr. 35. gr., sbr. 39. gr. laga nr. 86/1956, um útflutningssjóð o. fl., sbr. nú 1. mgr. 58. gr., sbr. 61. gr. l. nr. 33/1958, um útflutningssjóð o. fl. Hins vegar verður brot ákærðu eigi heimfært undir tilkynningu verðlagsstjóra frá 22. desember 1956, þar sem tilkynning verðlagsstjóra nr. 8/1957 er yngri og fjallar um sama efni, það er m. a. hámarksálagningu á kaffi, og atvik þau, sem leiddu til máls þessa, gerðust eftir gildistöku tilkynningar nr. 8/1957.

Það var eigi óeðlilegt, eins og á stóð, að ákærðu stæðu í þeirri trú, að verknaður þeirra væri ekki réttarbrot, því að tollyfirvöld höfðu viðurkennt sjónarmið kaffiinnflytjenda um rýrnun, sem að meðaltali mætti meta til eins kílós fyrir hvern kaffisekk, þegar kaffið var reiknað til tolls, ákærðu fóru eigi fram með nokkurri leynd, verðlagsyfirvöld áttu þess kost hvert sinn, sem ákærðu lögðu inn verðútreikning til staðfestingar, að gera athugasemd við verðútreikninginn, þar sem fylgiskjölin geymdu upplýsingar um, að nettóþungi hvers sekkjar væri 60 kg, en hreyfðu aldrei athugasemdum, að nokkrir kaffiinnflytjendur höfðu sama hátt á við verðútreikning á kaffinu og sölu þess, og loks, að ákærðu hafa staðhæft, að þau hafi verið í góðri trú um verðútreikninginn og söluna á kaffinu. Þegar öll þessi atriði eru virt og vegin, þykir mega samkvæmt niðurlagsákvæði 74. gr., sbr. 3. tl. sömu greinar almennra hegningarlaga, nr. 19/1940, ákveða, að refsing sú, sem við broti ákærða liggi, skuli niður falla að öllu leyti.

Samkvæmt 3. tl. 69. gr. hegningarlaga ber að gera upptækan til ríkissjóðs ólöglegan ágóða þann, sem fyrirtækið Þórður Sveinsson & Co. h/f hefur haft af kaffisölunni. Svo sem fyrr getur, hefur verðlagsstjóri talið, að ágóði þessi nemi kr.22.599,10. Hafa

hin ákærðu eigi andmælt því, að upphæð þessi sé rétt. Verður því hinn ólöglegi hagnaður, að upphæð kr. 22.599,10, gerður upptækur til ríkissjóðs, og ber hinum ákærðu fyrir hönd fyrirtækisins Þórðar Sveinssonar & Co. h/f að greiða in solidum þennan ágóða ásamt 6% ársvöxtum frá 30. apríl 1958 til greiðsludags.

Ákærðu ber að dæma til að greiða in solidum allan sakarkostnað, þar með talin málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Einars B. Guðmundssonar hrl., er þykja hæfilega ákveðin kr. 2.500,00.

Dómsorð:

Refsing ákærðu, Björns Ólafssonar, Guðmundar Konráðs Elíssonar og Ástu Pétursdóttur, er niður felld.

Stjórn Þórðar Sveinssonar & Co. h/f greiði in solidum f. h. félagsins kr. 22.599,10 í ríkissjóð ásamt 6% ársvöxtum frá 30. apríl 1958 til greiðsludags.

Ákærðu greiði in solidum allan sakarkostnað, þar með talin málsvarnarlaun skipaðs verjanda, Einars B. Guðmundssonar hæstaréttarlögmanns, að upphæð kr. 2.500,00.

Dóminum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Föstudaginn 23. október 1959.

Nr. 182/1959. **Valdstjórnin**
gegn
Guðvarði Skagfjörð Sigurðssyni.

Dómendur:
hæstaréttardómararnir Þórður Eyjólfsson, Gizur Bergsteinsson og Jónatan Hallvarðsson og prófessorarnir Ármann Snævarr og Theodór B. Líndal.

Kærumál. Ákvörðun héraðsdóms ómerkt.

Dómur Hæstaréttar.

Með kæru 14. þ. m., er hingað barst 17. þ. m., hefur varnaraðili kært til Hæstaréttar samkvæmt 4. tölulið 172. gr. laga nr. 27/1951 ákvörðun Þórðar Björnssonar, fulltrúa sakadómara í Reykjavík, er tekin var í sakadómi Reykja-

víkur 14. þ. m., en með ákvörðun þessari er varnaraðilja synjað um, að Guðlaugur Einarsson héraðsdómslögmaður sé skipaður réttargæzlumaður hans í sambandi við opinbera réttarrannsókn á hendur honum.

Í hinni kærðu dómsákvörðun er sakarefni með öllu óreifað, og verður því sakir formgalla þessa að ómerkja hana, enda þótt hún sé rétt að efni til.

Í erindi, sem Guðlaugur Einarsson héraðsdómslögmaður hefur sent Hæstarétti í sambandi við kærumál þetta, eru móðgandi ummæli um héraðsdómarann, og ber að víta þau. En um ummæli sama málflutningsmanns um héraðsdómarann í tveimur erindum til dómsmálaráðuneytisins, sem dómarinn lagði fram í héraði, verður ekki dæmt í kærumáli þessu.

Dómsorð:

Hinn kærði úrskurður á að vera ómerkur.

Ákvörðun sakadóms Reykjavíkur 14. okt. 1959.

Dómarinn lýsir yfir því, að hann samþykkir, að kærða, Guðvarði Skagfjörð Sigurðssyni, verði skipaður réttargæzlumaður í málinu.

Á hinn bóginn telur dómarinn, að afskipti Guðlaugs Einarssonar hdl. af málinu sem kæranda séu slík, að þau geti ekki samrýmzt því, að hann verði einnig skipaður réttargæzlumaður kærða í málinu, enda mundi slík skipun brjóta í bág við 85. gr. laga nr. 27/1951, um meðferð opinberra mála. Synjar dómarinn því beiðni kærða um að fá Guðlaug Einarsson sem réttargæzlumann sinn.

Þriðjudaginn 27. október 1959.

Nr. 79/1959. **Ákæruvaldið** (Baldvin Jónsson hrl.)
gegn
Ásbirni Ólafssyni
og
Jóhönnu Gunnarsdóttur
(Ragnar Ólafsson hrl.).

Dómendur:
hæstaréttardómararnir Jónatan Hallvarðsson og Gizur Bergsteinsson og prófessorarnir Ármann Snævarr, Magnús Þ. Torfason og Theodór B. Líndal.

Verðlagsmál. Brot á tilkynningu verðlagsstjórnar skv. lögum nr. 35/1950.

Dómur Hæstaréttar.

Þórður Jónsson, stjórnarmaður Ásbjörns Ólafssonar h/f, andaðist hinn 28. f. m. Á hendur dánarbúi hans eru engar kröfur gerðar hér fyrir dómi.

Það er eigi vefengt, að fyrirsvarsmenn Ásbjörns Ólafssonar h/f hafi á verðreikningum greint rétt innkaupsverð vöru þeirrar, sem um er að tefla. Er eigi í ljós leitt, að það hafi verið óeðlilega hátt markaðsverð. Af gögnum málsins þykir sýnt, að hámarksverð það, sem verðlagsstjóri setti á vöruna, hafi verið svo lágt, að fjarri lagi sé, enda er það byggt á matsgerð, er eigi greinir og eigi virðist miðuð við raunverulegt verðmæti vörunnar. Þá var verð þetta eigi ákveðið af stjórn Innflutningsskrifstofunnar, sbr. 4. gr. laga nr. 35/1950 og 35. gr. laga nr. 86/1956, heldur af verðlagsstjóra, sem til þess brast lagaheimild. Af greindum ástæðum er verðákvörðun þessi ógild að lögum. Svo sem í héraðsdómi greinir, tókust samningar um afslátt af innkaupsverði vörunnar, eftir að sala hafði farið fram. Eins og saksókn í máli þessu er háttað, kemur afsláttur þessi ekki til álita.

Samkvæmt því, sem nú var rakið, ber að staðfesta niðurstöðu verðlagsdóms um sýknu ákærða, Ásbjörns Ólafssonar, af ákæru um brot gegn tilkynningu verðlagsstjóra nr. 8/1957,

sbr. 1. mgr. 4. gr. og 19. gr. laga nr. 35/1950. Sala vörunnar, áður en staðfestingar söluverðs var leitað, varðar ákærða við ákvæði þau, er í héraðsdómi greinir. Með hliðsjón af því, að hér var um mikið vörumagn að tefla, og málavöxtum að öðru leyti þykir refsing ákærða hæfilega ákveðin 15.000,00 króna sekt til ríkissjóðs, og komi varðhald 12 daga í stað sektar, ef hún greiðist ekki innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa.

Ásbjörn Ólafsson h/f rak viðskipti þau, er saksóknin tekur til, en kröfu um upptöku er beint gegn ákærðu persónulega. Þegar af þeirri ástæðu verður upptaka eigi dæmd.

Eftir þessum úrslitum er rétt, að ákærði, Ásbjörn Ólafsson, greiði ⅕ hluta og ríkissjóður ⅘ hluta sakarkostnaðar í héraði og fyrir Hæstarétti, þar með talin laun sækjanda fyrir Hæstarétti, kr. 7.000,00, og laun verjanda í héraði og fyrir Hæstarétti, samtals kr. 10.000,00.

Dómsorð:

Ákærða, Jóhanna Gunnarsdóttir, á að vera sýkn af kröfum ákæruvaldsins í máli þessu.

Ákærði, Ásbjörn Ólafsson, greiði 15.000,00 króna sekt til ríkissjóðs, og komi varðhald 12 daga í stað sektar, ef hún greiðist ekki innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa.

Ákærði greiði ⅕ hluta og ríkissjóður ⅘ hluta sakarkostnaðar, þar með talin laun sækjanda fyrir Hæstarétti, Baldvins Jónssonar hæstaréttarlögmanns, kr. 7.000,00, og laun verjanda í héraði og fyrir Hæstarétti, Ragnars Ólafssonar hæstaréttarlögmanns, kr. 10.000,00.

Dóminum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Dómur verðlagsdóms Reykjavíkur 12. marz 1959.

Ár 1959, fimmtudaginn 12. marz, var í verðlagsdómi Reykjavíkur, sem haldinn var í skrifstofu dómsins á Fríkirkjuvegi 11 af Guðm. Ingva Sigurðssyni og Eyjólfi Jónssyni lögfræðingi, með-

dómanda í verðlagsmálum, kveðinn upp dómur í málinu nr. 1082—1084/1959: Ákæruvaldið gegn Ásbirni Ólafssyni, Þórði Jónssyni og Jóhönnu Gunnarsdóttur, sem tekið var til dóms samdægurs.

Málið er höfðað gegn Ásbirni Ólafssyni heildsala, til heimilis á Grettisgötu 2, Þórði Jónssyni bókhaldara, Grettisgötu 17, og Jóhönnu Gunnarsdóttur skrifstofustúlku, Frakkastíg 6 A, öllum í Reykjavík, en ákærðu skipa stjórn félagsins Ásbjörn Ólafsson h/f. Eru þau samkvæmt ákæruskjali, dags. 31. janúar 1958, ákærð sem hér segir:

„1. að félagið Ásbjörn Ólafsson h/f hóf sölu á 3.764,58 metrum af fataefni frá firmanu Guillermo Mora, Barcelona, fyrri hluta aprílmánaðar 1957, án þess að fyrir lægi verðstaðfesting verðlagsstjóra,

2. að nefnt hlutafélag seldi á fyrrnefndum tíma allt fyrrgreint fataefni á kr. 106,50 metrann í stað kr. 49,05, sem verðlagsstjóri heimilaði að selja fataefnið á.

Brot það, er greinir í nr. 1 hér að framan, þykir varða við tilkynningu verðlagsstjóra nr. 10/1957, sbr. 1. mgr. 3. gr., sbr. 19. gr. laga nr. 35/1950.

Brot það, er greinir í nr. 2 hér að framan, þykir varða við tilkynningu verðlagsstjóra nr. 8/1957, sbr. 1. mgr. 4. gr., sbr. 19. gr. laga nr. 35/1950.

Þess er krafizt, að ákærður Ásbjörn Ólafsson persónulega verði dæmdur til refsingar, öll ákærðu verði dæmd til að þola upptöku ólöglegs hagnaðar skv. 19. gr., 3. mgr., l. nr. 35/1950 og ákærður Ásbjörn verði dæmdur til greiðslu sakarkostnaðar."

Ákærður Ásbjörn Ólafsson er fæddur 23. ágúst 1903 í Keflavík. Hefur hann, svo að kunnugt sé, sætt kærum og refsingum sem hér segir:

1923 21/12 Kærður fyrir sviksamlegt atferli. Árangur sést ekki.
1927 29/1 Dómur aukaréttar Reykjavíkur, 8 mánaða betrunarhússvinna fyrir brot á 231. gr. og 230. gr. hinna almennu hegningarlaga frá 1869.
1934 27/8 Kærður af Sigurj. Sigurbjörnssyni, Vestmannaeyjum, fyrir ávísanasvik. Kærður innleysti ávísunina, 30 kr., og féll málið niður.
1935 5/2 Kærður af Ásgeiri Guðmundssyni fyrir meint svik. Kæran afturkölluð og málið látið niður falla.
— 15/4 Kærður af Jónasi Jónssyni fyrir bifreiðaárekstur. Ekki talin ástæða til málssóknar.

1940 20/1 Sátt, 300 kr. sekt fyrir brot á ákvæðum um hámarksálagningu á vefnaðarvöru.

1943 9/1 Dómur lögregluréttar Reykjavíkur, 10 daga varðhald og svipting ökuskírteinis í 3 mánuði fyrir ölvun við bifreiðarakstur.

1945 17/1 Kærður fyrir meint verðlagsbrot. Fellt niður skv. bréfi dómsmálaráðuneytisins 1/12 1945.

Auk þessa hefur hann árin 1922—1941 sex sinnum sætt sektum fyrir minni háttar brot, svo sem ölvun o. fl., frá kr. 5,00 til kr. 50,00 hvert sinn.

Ákærður Þórður Jónsson er fæddur 16. apríl 1886 í Kolholtshelli í Villingaholtshreppi. Hann hefur eigi fyrr sætt kæru eða refsingu, svo að vitað sé.

Ákærð Jóhanna Gunnarsdóttir er fædd 23. ágúst 1921 í Reykjavík. Hún hefur tvívegis árið 1950 hlotið sekt fyrir brot á umferðarreglum, kr. 50,00 og kr. 75,00. Um aðrar kærur eða refsingar er ekki kunnugt.

Málavextir eru þessir:

Svo sem áður er fram komið, skipa hin ákærðu stjórn félagsins Ásbjarnar Ólafssonar h/f, en það er heildsölufyrirtæki. Ákærður Ásbjörn er formaður félagsstjórnar og framkvæmdastjóri félagsins.

Árið 1956 gerði Ásbjörn Ólafsson h/f pöntun á fataefni hjá fyrirtækinu Guillermo Mora, Barcelona á Spáni. Fataefnið var 7.565 m, og innkaupsverðið var £ 10.200-0-0 eða kr. 466.140,00. Fataefnið kom til landsins í tveimur sendingum. Sú fyrri kom 19. október 1956 og hin síðari 16. nóvember 1956. Ákærður Ásbjörn varð þess strax áskynja, að fataefnið væri gallað, bæði um litaráferð og vefnað. Hann setti sig því í samband við seljanda, sem vildi gera lítið úr göllunum, en bauðst þó til að láta kaupin ganga til baka. Ákærður Ásbjörn fékk tilkynningu um þetta með bréfi frá ræðismanni Íslands í Barcelona, O. Lökvik að nafni, sem er umboðsmaður ákærðs Ásbjarnar. Bréfið er dagsett 14. nóvember 1956. Ekki varð þó úr riftun á kaupunum. Ákærður Ásbjörn óskaði eftir því við borgardómara, að hann kveddi tvo menn til að meta fataefnið til verðs. Borgardómari kvaddi 14. febrúar 1957 þá Árna Árnason kaupmann og Svein Björnsson iðnaðarverkfræðing, báða til heimilis í Reykjavík, til að meta fataefnið til verðs. Matið fór fram 14. og 15. marz 1957. Viðstaddur matið var fulltrúi seljanda, sem hafði að undirlagi ákærðs og á hans kostnað komið gagngert frá Spáni í þessu skyni. Matsmennirnir skipuðu fataefninu í flokka

eftir nothæfni efnisins til fataframleiðslu. Flokkarnir urðu fimm, A til E. Miðað við, að A-flokkur hafi verið algerlega gallalaus vara og hafi því 100% verðgildi, var verðgildi annarra flokka ákveðið á þá lund, að B-flokkur hefði 90% verðgildi, C-flokkur 60% verðgildi, D-flokkur 25% og E-flokkur 15%. Í samræmi við þenna mælikvarða kom enginn hluti sendingarinnar í A- og B-flokk. Í C-flokk fóru aðeins 203,3 m, í D-flokk komu 2.286,7 m og í E-flokk 5.075 m. Dagsetning matsgerðarinnar er 21. marz 1957.

Við ákvörðun tolls var lagt til grundvallar matsverðið. Ákærður Ásbjörn lét útbúa verðútreikning yfir fataefnið, þar sem hann lagði til grundvallar innkaupsverðið: kr. 466.140,00, auk þess sem hann tíndi til aðra þá kostnaðarliði, sem hann hafði haft í sambandi við kaupin á fataefninu, þar með talinn matskostnað. Söluverð hvers metra reyndist kr. 106,50, en af misgáningi var reiknað með 11% álagningu og of háu tollgjaldi. Var því söluverðið leiðrétt fljótlega á eftir og fyrirtækjunum, sem höfðu keypt fataefni, endurgreitt það, sem þeim bar, en það var kr. 0,95 fyrir hvern metra. Endanlegt söluverð ákærðs varð því kr. 105,55 hver metri. Ákærður hóf sölu fataefnisins í apríl 1957 án þess að leita staðfestingar verðlagsstjóra á verðútreikningi sínum. Salan gekk greiðlega, og er verðlagsstjóri komst í málið, hafði ákærður selt allt fataefnið nema 1.025,55 m, en eftir að salan hófst, lagði ákærður fyrir verðlagsstjóra verðútreikning sinn, sem verðlagsstjóri synjaði staðfestingar á með bréfi til ákærðs, dags. 17. apríl 1957. Ákærður stöðvaði frekari sölu á fataefninu, er honum varð ljóst, að verðlagsstjóri vildi eigi fallast á verðútreikning hans. Hann óskaði og eftir því, að þeir, sem keypt höfðu, skiluðu aftur því, er þeir kynnu að eiga óselt. Ákærður náði inn fataefni hjá tveimur kaupendum, samtals 2.774,87 m. Hann hefur því raunverulega selt samtals 3.764,58 m.

Áður en ákærður hóf sölu á fataefninu, leitaði hann eftir afslætti hjá seljanda. Í þessu skyni fór ákærður Ásbjörn til Spánar, og í maí 1957 samdist svo milli hans og seljanda, að seljandi veitti afslátt, sem næmi £ 2.500-0-0 eða 271.336,00 pesetum. Samþykkti seljandi 14 víxla fyrir upphæð þessari, og skyldu þeir greiðast á 14 mánuðum. Sá fyrsti féll í gjalddaga 30. ágúst 1957. Þegar mál þetta var tekið til dóms, hafði seljandi greitt 8 afborganir, samt. 160.000,00 peseta.

Verðlagsstjóri lét reikna út verðið á fataefninu og lagði til grundvallar matsverðið, sem honum reiknaðist til, að væri kr.

98.775,00. Ekki féllst verðlagsstjóri á, að matskostnaður yrði tekinn með í verðútreikninginn. Samkvæmt þessu reiknaðist verðlagsstjóra til, að söluverð hvers metra ætti að vera kr. 49,05, og var þá um verðjöfnun að ræða á milli verðflokka fataefnisins skv. matinu. Með fyrrnefndu bréfi sínu frá 17. apríl 1957 tilkynnti verðlagsstjóri ákærðum, að hann heimilaði þetta söluverð. Jafnframt gerði hann ákærðum þess kost, að hann léti söluna á fataefninu, sem hann hefði þegar selt, ganga til baka og/eða endurgreiða þeim mismuninn á einingarverðinu, kr. 106,50 og kr. 49,05, og mundi þá ekki koma til frekari aðgerða í máli þessu af hálfu verðlagsyfirvalda. Ákærður Ásbjörn sinnti þessu ekki, og leiddi það til þess, að verðlagsstjóri lagði málið fyrir verðlagsdóm með bréfi, dags. 25. september 1957.

Rétt er að geta þess, að kaupendur fataefnisins lögðu til grundvallar við sölu á fataefninu einingarverðið kr. 106,50. Sumir kaupendanna höfðu selt allt það, sem saumað hafði verið úr efninu, og því ekki um nokkurt tjón að ræða hjá þeim. Einn kaupandi kvartaði undan því við verðlagsstjóra, að hluti efnisins hefði verið svo gallaður, að ekki hefði verið hægt að nýta hann til fataframleiðslu. Aðrir kaupendur áttu eitthvað óselt, og fyrirskipaði verðlagsstjóri þeim að lækka verðið, miðað við, að einingarverðið væri kr. 49,05. Kaupendurnir hirtu ekki um að leita staðfestingar verðlagsstjóra á söluverði þess, sem þeir unnu úr fataefninu.

Verðlagsstjóri taldi, að ólöglegur ágóði fyrirtækisins Ásbjarnar Ólafssonar h/f af sölu fataefnisins næmi samtals kr. 216.275,13. Er það mismunurinn á því verði, sem ákærður seldi fataefnið á, þ. e. kr. 106,50 hvern metra, og kr. 49,05, sem er einingarverðið, sem verðlagsstjóri heimilaði. Nú hefur ákærður Ásbjörn upplýst, að hann hafi endurgreitt viðskiptavinum sínum samtals kr. 5.799,53, en svo sem áður segir, leiðrétti hann verðið hjá sér, þannig að endanlegt verð varð kr. 105,55 hver metri. Ólöglegur ágóði ákærðs samkvæmt útreikningi verðlagsstjóra ætti þá að lækka um þessa upphæð. Ákærður hafði mikinn kostnað af sendingunni umfram það, sem venjulegt er, svo sem matskostnaðinn, sem nam kr. 9.322,80, kostnað af komu sendimanns hins spánska seljanda fataefnisins hingað til Íslands og uppihaldi hans hér, samtals kr. 11.308,15, og ferðalagi ákærðs Ásbjarnar Ólafssonar til Spánar til að ganga frá samkomulagi um afsláttinn. Telur ákærður Ásbjörn, að þetta ferðalag hafi kostað sig £ 300-0-0. Þá

er bent á, að fyrirtækið hafi orðið fyrir miklu vaxtatapi af peningum, sem bundnir eru í fataefninu.

Ákærður Ásbjörn taldi kostnað fyrirtækis síns vegna gallans á fataefninu og alls þess, sem af gallanum leiddi, vera kr. 46.543,15 auk matskostnaðarins, kr. 9.322,80, eða samtals kr. 55.865,95. Ekki er reiknað með vaxtatapi vegna stöðvunar á sölu fataefnisins, en ákærður taldi, að taka ætti tillit til þess. Ekki sinntu verðlagsyfirvöldin beiðni um, að þessir kostnaðarliðir, sem nú hafa verið taldir, einn eða fleiri, yrðu teknir með í verðútreikninginn.

Nú þykir nógsamlega hafa verið rakið allt, sem máli skiptir og upplýst má telja.

Úrlausnarefnið er fyrst og fremst, hvort verðlagsyfirvöld hafa lagaheimild til að virða að vettugi sannanlegt innkaupsverð og setja í þess stað meira og minna óákveðið matsverð, þegar verðleggja skal vöru. Af gögnum málsins má sjá það, að það hefur verið viðtekin regla, að við verðlagningu skuli leggja til grundvallar innkaupsverð, sbr. t. d. tilkynningar verðlagsyfirvalda frá 30. marz 1939, nr. 3, 11. marz 1943 og nr. 49 7. október 1944. Í 4. gr. laga nr. 35/1950, um verðlag, verðlagseftirlit og verðlagsdóm, og VIII. kafla l. nr. 33/1958, um útflutningssjóð o. fl., eru ákvæði um verðlagningu. Hvorki verður lesið úr þeim lögum né reglum verðlagsyfirvalda um verðlagningu, að verðlagsyfirvöld hafi heimild til að fyrirskipa, að annað verð en innkaupsverð skuli lagt til grundvallar verðútreikningi, en nú stóð svo á í máli þessu, sem hér er til úrlausnar, að ákærður hafði lagt raunverulegt innkaupsverð til grundvallar verðútreikningi sínum og selt það, sem hann seldi, nokkru áður en hann fékk skuldbindandi loforð um afsláttinn. Af þessu leiðir, að ákærður Ásbjörn hefur ekki brotið verðlagsákvæði, er hann lagði innkaupsverð fataefnisins til grundvallar verðlagningu sinni. Ber því að sýkna hann af ákærunni um brot á tilkynningu verðlagsstjóra nr. 8/1957, sbr. 1. mgr. 4. gr. l. nr. 35/1950.

Hins vegar er það sannað, að ákærður Ásbjörn hóf sölu á fataefninu, án þess að fyrir lægi staðfesting verðlagsstjóra á verðútreikningi. Með þessu hefur ákærður Ásbjörn brotið gegn tilkynningu verðlagsstjóra nr. 10/1957, sbr. 1. mgr. 3. gr. l. nr. 35/1950. Samkvæmt 19. gr. l. nr. 35/1950 og með hliðsjón af því, að hér er um formbrot að ræða, þykir refsing ákærðs Ásbjarnar hæfilega ákveðin kr. 1.000,00 í sekt til ríkissjóðs, og

komi varðhald 5 daga í stað sektarinnar, verði sektin eigi greidd innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa.

Krafa er gerð um upptöku ólöglegs hagnaðar úr hendi stjórnar fyrirtækisins Ásbjarnar Ólafssonar h/f. Eins og þegar er fram komið, var ákærður Ásbjörn sýknaður af ákærunni um, að hann hefði selt fataefnin of háu verði. Af því leiðir, að ekki er um ólöglegan hagnað að ræða, og ber því að sýkna öll hin ákærðu, Ásbjörn Ólafsson, Þórð Jónsson og Jóhönnu Gunnarsdóttur, af kröfunni um upptöku ólöglegs hagnaðar.

Eftir þessum úrslitum þykir rétt, samkvæmt 2. mgr. 141. gr. l. nr. 27/1951, um meðferð opinberra mála, að ákærður Ásbjörn greiði ⅕ hluta sakarkostnaðar og ríkissjóður ⅘ hluta, þar með talin málsvarnarlaun skipaðs verjanda ákærðra, er þykja hæfilega ákveðin kr. 3.500,00.

Dómsorð:

Stjórn fyrirtækisins Ásbjarnar Ólafssonar h/f, ákærður Ásbjörn Ólafsson, ákærður Þórður Jónsson og ákærð, Jóhanna Gunnarsdóttir, eru sýkn saka.

Ákærður Ásbjörn Ólafsson greiði kr. 1.000,00 í sekt til ríkissjóðs, og komi varðhald 5 daga í stað sektarinnar, verði hún eigi greidd innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa.

Ákærður Ásbjörn greiði ⅕ hluta og ríkissjóður ⅘ hluta sakarkostnaðar, þar með talin málsvarnarlaun skipaðs verjanda, Ragnars Ólafssonar hrl., að fjárhæð kr. 3.500,00.

Dómi þessum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Miðvikudaginn 28. október 1959.

Nr. 189/1959. **Trygging h/f**
gegn
sakadómaranum í Reykjavík.

Dómendur:
hæstaréttardómararnir Þórður Eyjólfsson, Gizur Bergsteinsson og Jónatan Hallvarðsson og prófessorarnir Ármann Snævarr og Theodór B. Líndal.

Kærumál. Frávísun frá Hæstarétti.

Sóknaraðili hefur með kæru 16. þ. m. kært til Hæstaréttar synjun varnaraðilja um framhald rannsóknar út af andláti Sigurðar Árnasonar Guðmundssonar. Dómsmálaráðuneytið hafði ákveðið með bréfi til varnaraðilja, dags. 12. þ. m., að frekari rannsókn í ofangreindu máli ætti ekki fram að fara, og var varnaraðili við það bundinn, sbr. 20., 1. mgr. 42., 74. og 1. mgr. 115. gr. laga nr. 27/1951, sbr. 12. tölulið 2. gr. sömu laga.

Framangreind ákvörðun verður eigi að lögum kærð til Hæstaréttar. Ber því að vísa kærumáli þessu frá Hæstarétti.

Dómsorð:

Máli þessu vísast frá Hæstarétti.

Miðvikudaginn 28. október 1959.

Nr. 42/1959. **Þorvaldur Jónasson** (Gunnar A. Pálsson hrl.)
gegn
Elísabetu Sigurðardóttur
(Hörður Ólafsson hdl.)
og gagnsök.

Dómendur:
hæstaréttardómararnir Þórður Eyjólfsson, Gizur Bergsteinsson og Jónatan Hallvarðsson, prófessor Ármann Snævarr og Einar Arnalds borgardómari.

Skiptamál. Greiðsla opinberra gjalda við skipti á félagsbúi hjóna.

Dómur Hæstaréttar.

Kristján Kristjánsson, borgarfógeti í Reykjavík, hefur kveðið upp hinn áfrýjaða úrskurð.

Aðaláfrýjandi hefur skotið máli þessu til Hæstaréttar með stefnu, dags. 3. marz 1959, og krafizt þess:

1. að greiðsla þinggjalds aðilja 1957 fari þannig fram, að kr. 14.597,57 greiðist af búshelmingi aðaláfrýjanda og kr. 21.667,03 af búshelmingi gagnáfrýjanda,
2. að greiðsla útsvars aðilja 1957 fari þannig fram, að kr. 9.806,00 greiðist af búshelmingi aðaláfrýjanda og kr. 14.564,00 af búshelmingi gagnáfrýjanda,
3. að þær kr. 39.153,00, sem aðaláfrýjandi hafi greitt í tekjuskatt og útsvar árin 1954, 1955 og 1956 af sértekjum gagnáfrýjanda, án þess að neitt kæmi þar á móti, verði dregnar frá búshluta gagnáfrýjanda og bætt við búshluta aðaláfrýjanda,
4. að gagnáfrýjanda verði dæmt að greiða aðaláfrýjanda málskostnað bæði í héraði og fyrir Hæstarétti eftir mati dómsins.

Gagnáfrýjandi hefur, að fengnu áfrýjunarleyfi 7. júlí 1959, áfrýjað málinu með stefnu 16. s. m. og krafizt þess:

1. að krafa Trésmiðjunnar h/f, kr. 36.274,60, þinggjöld 1957,

er hún hefur innt af hendi fyrir aðilja, verði greidd af óskiptum eignum félagsbús aðilja,
2. að krafa bæjarsjóðs Reykjavíkur, kr. 24.370,00, verði einnig greidd af óskiptum eignum,
3. að gagnáfrýjandi verði sýknaður af kröfu aðaláfrýjanda um greiðslu kr. 39.153,00,
4. að réttarfarssekt verði dæmd á hendur aðaláfrýjanda og málflytjanda hans fyrir ósæmileg ummæli í málsskjölum,
5. að aðaláfrýjanda verði dæmt að greiða gagnáfrýjanda málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti eftir mati dómsins.

Hinn 29. júlí 1958 veitti dómsmálaráðuneytið aðiljum máls þessa leyfi til skilnaðar að borði og sæng.

1. Um þinggjald aðilja 1957.

Af þinggjaldi aðilja 1957 falla samkvæmt óvefengdum reikningi kr. 14.597,57 á tekjur, sem aðaláfrýjandi aflaði, og kr. 21.667,03 á tekjur gagnáfrýjanda. Samkvæmt 11. gr. laga nr. 46/1954, um tekjuskatt og eignarskatt, skulu því kr. 14.597,57 greiðast af búshelmingi aðaláfrýjanda og kr. 21.667,03 af búshelmingi gagnáfrýjanda.

2. Um útsvar aðilja 1957.

Af útsvari aðilja 1957 koma samkvæmt óvefengdum reikningi kr. 9.806,00 á tekjur, sem aðaláfrýjandi aflaði, og kr. 14.564,00 á tekjur gagnáfrýjanda. Samkvæmt 57. gr. laga nr. 20/1923, um réttindi og skyldur hjóna, sbr. 31. gr. laga nr. 66/1945, um útsvör, skulu því kr. 9.806,00 greiðast af búshelmingi aðaláfrýjanda og kr. 14.564,00 af búshelmingi gagnáfrýjanda.

3. Um tekjuskatt og útsvar aðilja árin 1954, 1955 og 1956.

Aðaláfrýjandi kveðst hafa greitt kr. 39.153,00 í skatt og útsvar ár þessi vegna tekna gagnáfrýjanda og eiga því endurheimtukröfu á gagnáfrýjanda fyrir nefndri fjárhæð.

Gagnáfrýjandi telur hins vegar, að hún hafi lagt fram af tekjum sínum hlutfallslega til greiðslu þessara skatta.

Þar sem eigi tíðkast almennt, að makar krefjist kvittunar hvor af öðrum, þá er þeir leggja fram fé til greiðslu á sameiginlegum skuldbindingum, og þar sem aðaláfrýjandi hefur eigi leitt líkur að því, að hann hafi árangurslaust krafið gagnáfrýjanda, er hann innti nefnda skatta af hendi, þykir varhugavert að hrinda fullyrðingum gagnáfrýjanda um, að hún hafi greitt sinn hluta af þeim til aðaláfrýjanda. Verður krafa aðaláfrýjanda um þenna lið því eigi til greina tekin, og ber að staðfesta úrskurð skiptaráðanda um hann.

Eftir úrslitum málsins er rétt, að gagnáfrýjandi greiði aðaláfrýjanda málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti, sem ákveðst kr. 3.500,00.

Rétt er að staðfesta ómerkingarákvæði hins áfrýjaða úrskurðar á ummælum talsmanns aðaláfrýjanda, Gunnars A. Pálssonar hæstaréttarlögmanns, um gagnáfrýjanda. Auk þess verður eigi komizt hjá því að dæma lögmanninum sekt til ríkissjóðs samkvæmt 5. tölulið 188. gr. laga nr. 85/1936 fyrir ummælin. Þykir sektin hæfilega ákveðin kr. 500,00, og komi 2 daga varðhald í stað hennar, ef hún greiðist eigi innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa.

Dómsorð:

Þinggjald aðilja árið 1957 greiðist með kr. 14.597,57 af búshelmingi aðaláfrýjanda, Þorvalds Jónassonar, og með kr. 21.667,03 af búshelmingi gagnáfrýjanda, Elísabetar Sigurðardóttur.

Útsvar aðilja árið 1957 greiðist með kr. 9.806,00 af búshelmingi aðaláfrýjanda og með kr. 14.564,00 af búshelmingi gagnáfrýjanda.

Ákvæði hins áfrýjaða úrskurðar um endurgjaldskröfu aðaláfrýjanda á hendur gagnáfrýjanda á að vera óraskað.

Gagnáfrýjandi greiði aðaláfrýjanda kr. 3.500,00 í málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti.

Málflutningsmaður aðaláfrýjanda, Gunnar A. Pálsson hæstaréttarlögmaður, greiði 500,00 króna sekt í ríkis-

sjóð, og komi 2 daga varðhald í stað sektarinnar, ef hún greiðist eigi, áður en 4 vikur eru liðnar frá birtingu dóms þessa.

Dóminum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Úrskurður skiptaréttar Reykjavíkur 13. febrúar 1959.

Hinn 7. og 9. nóvember 1957 fór fram uppskrift á félagsbúi hjónanna Elísabetar Sigurðardóttur og Þorvalds Jónassonar, Hjallavegi 10 hér í bænum, vegna væntanlegs hjónaskilnaðar. Innköllun til skuldheimtumanna var gefin út samkvæmt ósk aðilja hinn 15. janúar 1958 og birt síðast í Lögbirtingablaðinu 1. febrúar 1958.

Eftirtöldum kröfum hafði verið lýst í búið, og verða þær endanlega svo sem hér segir:

1.	Fasteignaskattur o. fl. 1958 af Hjallavegi 10 ..	kr.	1.027,00
2.	Veðdeild Landsbanka Íslands	ca. —	4.779,97
3.	Bæjarsjóður Reykjavíkur, lögtak f. útsvari 1957	—	24.370,00
4.	Sigurgeir Sigurjónss. v/Trésm. h/f f. þinggj. ..	—	36.274,60
5.	Þinggjald 1958	—	7.410,00
6.	Útsvar 1958	—	13.010,00
7.	Kristinn Tryggvason	—	1.560,00
8.	Guðjón Hólm v/Jóns Sigurðssonar	—	20.388,50

Á skiptafundi í búi þessu, sem haldinn var 24. september 1958, komu þegar fram mótmæli af hálfu mannsins gegn því, að þessar skuldir allar yrðu greiddar úr búinu af óskiptu, og taldi hann, að krafan undir nr. 8 hér að ofan ætti eingöngu að greiðast af búshelmingi konunnar. Þá hélt hann því og fram, að konan ætti ein að greiða hluta af kröfunum undir nr. 3 og 4, og enn fremur ætti konan að endurgreiða manninum greidd útsvör og skatta fyrir hana á árunum 1954, 1955 og 1956. Á skiptafundi í búi þessu, sem haldinn var 16. október 1958, féllst umboðsmaður konunnar á það, að af hennar búshelmingi einum mætti greiða kröfuna, sem getur hér á undan undir nr. 8. Svo sem fram kemur í skiptafundargerð þessari, er ágreiningur aðilja þá um eftirtaldar kröfur:

1.	Sigurgeir Sigurjónss. v/Trésm. h/f f. þinggj. 1957	kr.	36.274,60
2.	Útsvar 1957, bæjargjaldkerinn í Rvík	—	24.370,00
3.	Krafa mannsins fyrir greidd gjöld konunnar 1954 —1956	—	39.153,00

Var á þessum skiptafundi ákveðið að taka ágreining þennan fyrir í sérstöku máli.

Eftir að aðiljar höfðu skilað greinargerðum í máli þessu, fór fram munnlegur málflutningur um ágreining þenna 29. f. m., og voru endanlegar kröfur aðilja þá þessar:

Sóknaraðili krafðist þess, að hinar lýstu kröfur undir nr. 1 og 2 hér á undan yrðu greiddar af félagsbúinu óskiptu og að eigi yrði tekin til greina krafa mannsins undir nr. 3 um endurgreiðslu á opinberum gjöldum af búshelmingi konunnar.

Varnaraðili krefst þess aftur á móti:

1) að greiðsla þinggjalds 1957 fari þannig fram, að af búshelmingi mannsins greiðist kr. 14.597,57 og af búshelmingi konunnar kr. 21.677,03,
2) að greiðsla útsvars 1957 fari þannig fram, að af búshelmingi mannsins greiðist kr. 9.806,00 og af búshelmingi konunnar kr. 14.564,00,
3) að þær kr. 39.153,00, sem maðurinn hafi greitt í tekjuskatt og útsvör árin 1954—1956 incl. af sértekjum konunnar með sínum tekjum og án þess, að neitt kæmi þar á móti, verði dregnar frá búshluta konunnar og bætt við búshluta mannsins.

Þá hafa aðiljar hvor um sig krafizt málskostnaðar.

Því hefur verið haldið fram af hendi konunnar, að ekki væri nema eðlilegt og sjálfsagt, að skattar og gjöld væru lagðir á sameiginlegar tekjur þeirra hjóna, enda í samræmi við gildandi lög. Konan hafi haft tekjur utan heimilisins, en þær hafi gengið til heimilishaldsins, til matarkaupa auk vinnu við nauðsynleg heimilisstörf, þvotta og annars, sem gera þurfti, og hafi hún eytt frítíma sínum til þessara hluta. Telur hún því einsætt, að greiða beri þinggjald það og útsvar frá árinu 1957, sbr. 1. og 2. ágreiningslið, af sameiginlegum eignum búsins. Þá telur hún, að engin rök liggi að því, að hún endurgreiði manninum af sínum búshelmingi greidd gjöld frá árunum 1954—1956 incl., enda hafi hún aldrei haft ástæðu til að ætla, að slík krafa kæmi fram.

Af hálfu mannsins hefur því verið haldið fram í greinargerð, að konan ætti ca. kr. 300.000,00 auk lands í Ameríku, sem ekki hafi komið inn í búið, og beri henni því enginn hlutur úr búi þessu. Engar sannanir hafa komið fram fyrir þessari staðhæfingu, og verður hún því ekki tekin til greina, enda kom þessi krafa ekki fram við munnlegan málflutning, og má því ætla, að fallið sé frá henni.

Krafa sú, er gerð var við munnlegan flutning málsins af hálfu

mannsins, byggist á útreikningi Skattstofu Reykjavíkur, réttarskjali nr. 7, þar sem sundurliðað er, hver hefði verið tekjuskattur og útsvar hvors hjónanna um sig á árunum 1954—1958 incl., hefði verið lagt á tekjur þeirra hvors um sig í hlutfalli við sameiginlegar tekjur þeirra, en þar við bætist síðan hlutfallslegur áfallinn kostnaður.

Varðandi tvo fyrstu töluliðina telur varnaraðili rétt, að aðiljar greiði þar greindar fjárhæðir hvort af sínum búshelmingi, en það eru skattar og útsvör, á lögð 1957, auk dráttarvaxta og kostnaðar, en þriðja liðinn, skatt og útsvar, á lagt á tekjur konunnar, sem maðurinn hafi greitt af eigin tekjum árin 1954—1956 incl., telur hann, að eigi að endurgreiða honum af búshelmingi hennar.

Þessar kröfur byggir varnaraðili á því, að konan hafi haft miklar sértekjur, sem eigi hafi gengið í heimili hjónanna nema að mjög litlu leyti, og sé því bæði rétt og sanngjarnt, að hún greiði ein tekjuskatt og útsvar af tekjum sínum.

Mjög litlar upplýsingar liggja fyrir í máli þessu, enda hafa aðiljar færzt undan að afla frekari gagna, sem vel má vera, að ekki sé unnt, og þá hafa aðiljar og ekki sjálfir mætt hér fyrir rétti, þótt bent væri á, að það væri æskilegt. Af réttarskjali nr. 7 verður séð, að konan hefur haft sjálf verulegar tekjur þau árin, sem þar greinir, en hversu mikið af launum aðiljanna hvors um sig hefur gengið í sameiginlegt bú þeirra, verður ekki séð, en ætla verður, að það hafi ekki valdið ágreiningi milli þeirra, enda verður séð af skattskýrslum mannsins, sem liggja fyrir í sambandi við skilnaðarmálið, að hann hefur árlega gefið upp tekjur konu sinnar ásamt tekjum sínum. Leyfi aðilja til skilnaðar liggur ekki fyrir í þessu máli, en af framtalsskýrslu mannsins frá árinu 1957, sem fyrir liggur í skilnaðarmálinu, verður séð, að hann hefur sjálfur talið fram sameiginlegar tekjur þeirra, enda verður ekki annað séð en að þau hafi haft óskiptan fjárhag í hjónabandinu.

Af því, sem hér hefur verið sagt, þykir verða að taka kröfu konunnar til greina, og verður því skattur og útsvar frá árinu 1957 greiddur af búinu óskiptu, og þá verður ekki heldur af sömu ástæðum tekin til greina endurgreiðslukrafa mannsins af búshelmingi konunnar á gjöldum ársins 1954—1956 incl.

Eftir kröfu sóknaraðilja þykir rétt að ómerkja eftirtalin meiðandi ummæli umboðsmanns varnaraðilja í fram lagðri greinargerð á réttarskjali 5 7. janúar 1959:

„Þegar Elísabet var komin á Völlinn, fór um hana eins og fleiri íslenzkar konur, að hún hóf að leggja lag sitt við Ameríkana meira en góðu hófi gegndi, þótt grunlaus væri umbjóðandi minn lengi um það.“

„Í þessu herbergi dvaldi svo til á hverri nóttu hjá henni Ameríkani, að nafni Arthur H. Brown, yfirmatreiðslumaður í svokölluðum officerklúbb á Keflavíkurflugvelli.“

„— — sbr. það, að hún hefur verið staðin að smygli út af Vellinum.“

„— — Hefur hann þannig verið hreinn þræll konu sinnar undanfarin ár samtímis því, að hún hefur brotið gegn honum með óheimilli sambúð við ameríska aðskotadýr og með því að safna tekjum sínum og ráðstafa þeim óskertum handa sér einni — —.“

Eigi þykir næg ástæða til að úrskurða sekt á hendur umboðsmanni varnaraðilja fyrir ofangreind ummæli.

Eftir atvikum þykir rétt, að málskostnaður falli niður.

Því úrskurðast:

Þinggjald aðilja og útsvar 1957 ásamt dráttarvöxtum og kostnaði greiðist af félagsbúinu óskiptu.

Endurgjaldskrafa mannsins á hendur konunni verður ekki tekin til greina.

Ofangreind meiðandi ummæli eru ómerkt.

Málskostnaður fellur niður.

Föstudaginn 30. október 1959.

Nr. 89/1957. **Skipaútgerð ríkisins** (Ingólfur Jónsson hrl.)
gegn
Ólafi Þorgrímssyni (sjálfur).

Dómendur:
hæstaréttardómararnir Þórður Eyjólfsson, Gizur Bergsteinsson og Jónatan Hallvarðsson og prófessorarnir Ármann Snævarr og Magnús Þ. Torfason.

Héraðsdómur ómerktur.

Dómur Hæstaréttar.

Áfrýjandi hefur skotið máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 22. maí 1957. Krefst hann þess *aðallega*, að stefnda verði dæmt að greiða honum kr. 102.636,74, en *til vara* kr. 60.000,00 ásamt 6% ársvöxtum af dæmdri fjárhæð frá 13. apríl 1955 til greiðsludags. Svo krefst hann og málskostnaðar úr hendi stefnda í héraði og hér fyrir dómi eftir mati Hæstaréttar.

Stefndi krefst sýknu af framangreindum kröfum áfrýjanda og málskostnaðar fyrir Hæstarétti úr hendi áfrýjanda eftir mati dómsins.

Mál þetta höfðaði áfrýjandi á hendur stefnda í héraði með stefnu, birtri 13. apríl 1955. Er stefndi þar krafinn um greiðslu á kr. 108.014,59 ásamt 6% ársvöxtum frá 10. október 1952 og málskostnaði. Samkvæmt greinargerð, sem áfrýjandi lagði fram við þingfestingu í héraði 16. apríl 1955, má sundurliða kröfu hans þannig:

I.	Ofreiknuð málfærslulaun í 6 tilteknum dómsmálum	kr.	82.368,25
II.	Vaxtakrafa	—	21.002,86
III.	„Innheimtukrafa“	—	21.430,00
	Samtals	kr.	124.801,11
	Hér frá dregst samkvæmt viðskiptareikningi	—	16.786,52
	Og kemur þá út dómkrafan	kr.	108.014,59

Málatilbúnaði og málflutningi í héraði af hálfu áfrýjanda er mjög áfátt. Um þau atriði skal eftirfarandi tekið fram um hvern einstakan framangreindra kröfuliða:

Um I. Í héraðsstefnu er málavöxtum um þenna kröfulið einungis lýst þannig: „Ólafur Þorgrímsson hrl. var málfærslumaður Skipaútgerðar ríkisins um nokkurt skeið, en allt til þessa árs hefur staðið í málaferlum við hann út af málfærslulaunum hans, og hafa þau með úrskurðum stjórnar Lögmannafélags Íslands verið lækkuð allverulega, án þess að Ólafur hafi skotið úrskurðunum til Hæstaréttar". Í fyrrnefndri greinargerð, sem fram var lögð með stefnu, er frá því skýrt, í hvaða dómsmálum áfrýjandi telur stefnda hafa ofreiknað sér málfærslulaun og hverri fjárhæð það nemi í hverju máli, en að öðru leyti er málavöxtum ekki rækilegar lýst í greinargerð en í stefnu. Er þannig ekkert að því vikið, hvenær starf stefnda í þágu áfrýjanda hafi hafizt, hvenær því hafi lokið né hvað samizt hafi um starfskjör hans. Ekkert segir heldur í greinargerð um hin einstöku dómsmál, sem stefndi flutti fyrir áfrýjanda og mál þetta varða, svo sem, hvenær stefnda var falinn flutningur þeirra, hvenær þau voru höfðuð, hverjar kröfur voru í þeim gerðar né hverja úrlausn þau hlutu fyrir dómstólum og hvenær. Þá er ekki heldur frá því greint, sem þó er aðalatriði í málinu, hversu há málfærslulaun stefndi hafi reiknað sér í hverju einstöku máli og hvenær reikningsskil hafi verið gerð af hans hálfu um hvert mál. Í greinargerð er ekki frá því skýrt, hvenær áfrýjandi hafi lagt ágreining aðilja undir úrskurð stjórnar Lögmannafélags Íslands né hvenær þeir úrskurðir hafi gengið. Samkvæmt þessu skorti í stefnu og greinargerð lýsingu málavaxta og reifun á flestum hinum veigamestu atriðum málsins, að því er þenna kröfulið varðar.

Við þingfestingu málsins í héraði lagði áfrýjandi enn fremur fram svonefndan viðskiptareikning aðilja um tímabilið frá 25. september 1944 til 1. október 1952. Virðist reikningur þessi ekki tekinn eftir bókhaldi, sem fært hafi verið, jafnóðum og viðskiptin gerðust, enda er hann mjög óglöggur. Verður lítt af honum ráðið um þau atriði í skiptum að-

ilja, sem dómstólum er ætlað að veita úrlausn um í þessu máli.

Eftir þingfestingu málsins í héraði hinn 16. apríl 1955 lagði áfrýjandi fram nokkur skjöl í síðari þinghöldum, þar á meðal endurrit af úrskurðum stjórnar Lögmannafélags Íslands í þinghöldum 29. október 1955, 4. febrúar 1956 og loks 25. janúar 1957, er fram fór munnlegur flutningur málsins. Eftir það var samkvæmt ábendingu héraðsdómenda málið endurupptekið til þess að veita aðiljum færi á framlagningu frekari gagna. Voru þá í þinghaldi 16. febrúar 1957, er munnlegur málflutningur fór fram öðru sinni, lögð fram af hálfu áfrýjanda 16 ný skjöl frá árunum 1944 til 1950. Öll þau gögn, sem áfrýjandi lagði þannig smám saman fram eftir þingfestingu málsins, voru fyrir hendi í upphafi máls og brýn þörf á því, að sum þeirra kæmu þá þegar fram. Hefur meginhluti málsgagna varðandi I. kröfulið þannig verið lagður fram í dómi, án þess að nokkuð hafi verið úr þeim gögnum unnið né þau skýrð í reifun málsins fyrr en í munnlegum málflutningi.

Um II. Samkvæmt skjali, sem áfrýjandi lagði fram við þingfestingu málsins í héraði, telur hann stefnda til skuldar vexti af „skuld" á tímabilinu 1941—1952, samtals kr. 21.002,86. Fyrir kröfu þessari er gerð svofelld grein í héraðsstefnu: „Þar sem Skipaútgerð ríkisins hefur orðið fyrir vaxtatjóni á skuld Ólafs beinlínis fyrir vanskil hans, hefur hún reiknað vexti á skuld hans, venjulega sparisjóðsvexti af innstæðufé". Í greinargerð áfrýjanda segir ekki meira um þenna kröfulið en í stefnunni, og af gögnum málsins verður ekki neitt ráðið um það, hvaða innstæðu áfrýjandi hafi átt í vörzlum stefnda á hverjum tíma, enda sýnist vaxtareikningur þessi ekki vera í samræmi við fyrrgreindan viðskiptareikning, sem áfrýjandi lagði fram í málinu. Þrátt fyrir mótmæli stefnda gegn vaxtakröfu þessari hefur áfrýjandi látið undir höfuð leggjast að reifa hana nánar.

Um III. Hér krefur áfrýjandi stefnda um kr. 21.430.00 vegna vanrækslu hans um innheimtu tiltekinnar kröfu. Um það segir þetta eitt í stefnu: . . . „auk þess hefur hann

ekki innheimt kröfu vegna v/s Sæfinns, er hann þó auðveldlega gat innheimt, og ónýttist hún vegna fyrningar í höndum hans". Í greinargerð í héraði er einnig allsendis ófullnægjandi reifun um þenna kröfulið. Það er yfirleitt ekki vikið að málsatvikum, svo sem því, hvenær nefnd krafa hafi stofnazt, hvenær hún hafi verið falin stefnda til innheimtu og hvenær og samkvæmt hvaða lagaákvæði hún hafi fyrnzt. Hefur og lítt verið bætt úr þessari vanreifun síðar í málflutningi, þó að stefndi hafi eindregið mótmælt því, að hann hafi tekið að sér innheimtu kröfunnar.

Eins og lýst hefur verið hér að framan, hefur mál þetta verið tekið upp og rekið í héraði af hálfu áfrýjanda með þeim hætti, sem mjög brýtur í bága við fyrirmæli laga nr. 85/1936 um skýran og greiðan málflutning. Hefði héraðsdómur átt að vísa málinu frá dómi af þessum sökum, og þar sem hann hefur ekki gert það, verður að ógilda dóm og málsmeðferð í héraði og vísa málinu frá héraðsdómi.

Eftir þessum úrslitum þykir rétt, að áfrýjandi greiði stefnda kr. 4.000,00 upp í málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði dómur og málsmeðferð í héraði eiga að vera ómerk, og vísast málinu frá héraðsdómi.

Áfrýjandi, Skipaútgerð ríkisins, greiði stefnda, Ólafi Þorgrímssyni, kr. 4.000,00 upp í málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti.

Dóminum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur sjó- og verzlunardóms Reykjavíkur 8. marz 1957.

Mál þetta, sem tekið var til dóms 16. f. m., hefur Skipaútgerð ríkisins hér í bæ höfðað fyrir sjó- og verzlunardómi Reykjavíkur með stefnu, birtri 13. apríl 1955, gegn Ólafi Þorgrímssyni, hæstaréttarlögmanni hér í bænum, til greiðslu skuldar, að fjár-

hæð kr. 108.014,59, auk 6% ársvaxta frá 10. október 1952 til greiðsludags og málskostnaðar að skaðlausu.

Við munnlegan flutning málsins lækkaði stefnandi kröfu sína um kr. 1.877,85 eða niður í kr. 106.136,74, en hélt fast við stefnukröfurnar að öðru leyti.

Stefndi krefst *aðallega* sýknu gegn greiðslu á kr. 3.738,00. *Til vara* krefst hann lækkunar á stefnukröfunni og mótmælir sérstaklega kröfu stefnanda um vexti. Loks krefst hann málskostnaðar úr hendi stefnanda, hvernig sem málið fer.

Málavextir eru þessir:

Um nokkurt skeið hafði stefndi með höndum málflutningsstörf fyrir stefnanda. Hafði hann verið ráðinn til þessa starfa af ráðherra. Í málinu hefur ekki annað komið fram um ráðningarkjör stefnda en bréf samgöngumálaráðherra, dags. 9. maí 1952, en þar segir, að stefndi hafi verið „ráðinn málfærslumaður Skipaútgerðar ríkisins með þeim kjörum, að hann taki fyrir málflutning eftir taxta málflutningsmannafélagsins, en reiknaði sér hins vegar ekki sérstaka þóknun fyrir viðtöl eða almenn lögfræðileg leiðbeiningarstörf, er Skipaútgerð ríkisins leitaði til hans um." Ekkert hefur komið fram í málinu um það, hvenær stefndi hóf málfærslustörf fyrir stefnanda samkvæmt ráðningarsamningnum, né heldur, hvenær hann lét af þeim störfum, en það virðist ágreiningslaust, að stefndi hafi flutt mál þau, er síðar greinir, meðan ráðningarsamningurinn var í gildi.

Stefndi mun hafa haft þann hátt á að ákveða sjálfur málfærslulaun sín fyrir flutning hinna einstöku mála og taka greiðslu á málfærslulaununum undir sjálfum sér af fé, er hann hafði innheimt fyrir stefnanda. Síðar sendi hann svo stefnanda skilagreinar um viðskiptin.

Stefnandi telur, að stefndi hafi reiknað sér og tekið of há málfærslulaun í nokkrum tilteknum málum, og eftir að honum höfðu borizt skilagreinar frá stefnda, mótmælti hann sem of háum málflutningslaunum þeim, sem stefndi hafði reiknað sér í málum þessum, en stefndi taldi málfærslulaunin hins vegar ekki of hátt reiknuð. Síðar lagði stefnandi ágreiningsefni þessi undir úrskurð stjórnar Lögmannafélags Íslands samkvæmt heimild í 8. gr. laga nr. 61 frá 1942, og með úrskurðum stjórnarinnar voru málfærslulaun stefnda ákveðin lægri en hann hafði reiknað sér. Alllöngu síðar höfðaði stefnandi mál þetta, og er meginhluti stefnukröfunnar endurheimta úr hendi stefnda á meintum ofteknum mál-

færslulaunum. Þá telur stefnandi, að stefndi hafi með vangæzlu látið ónýtast í sínum höndum vegna fyrningar kröfu vegna v/s Sæfinns, er honum hafi verið falin til innheimtu. Loks reiknar stefnandi sér í sérstökum kröfulið vexti af meintu innstæðufé sínu hjá stefnda.

Stefnandi sundurliðar kröfur sínar svo:

I. Oftekin málfærslulaun samkvæmt úrskurðum stjórnar Lögmannafélags Íslands:

a. Í Persier-máli	kr.	15.000,00
b. Í Wirta-máli	—	4.369,73
c. Í Þingeyjarmálum (tveim)	—	2.869,20
d. Í Sæfinnsmáli	—	11.050,00
e. Í Rolf Jarls-máli	—	45.341,23
f. Í Skeljungsmáli (sátt)	—	3.738,09
	Kr.	82.368,25
II. Vaxtakrafa	—	21.002,86
III. Skaðabætur vegna fyrningar á kröfu	—	21.430,00
	Samtals kr.	124.801,11

Frá fjárhæð þessari dregur stefnandi kr. 16.786,52 og kr. 1.877,85, og nemur mismunurinn hinni umkröfðu upphæð.

Stefndi reisir sýknukröfuna í fyrsta lagi á því, að þar sem hann hafi verið ráðinn til málflutningsstarfans af ráðherra, en ekki stefnanda, sé stefnandi ekki réttur aðili að málinu.

Það er að vísu svo, að yfirmaður stefnanda, ráðherra, réð stefnda til málfærslustarfa fyrir stefnanda. Hins vegar átti stefndi bein samskipti við stefnanda út af málflutningsstörfunum og gerði stefnanda skil á innheimtufé að frádregnum málfærslulaunum sínum og kostnaði. Er stefnandi því réttur aðili að máli þessu, og verður því umrædd sýknuástæða stefnda ekki tekin til greina.

Verða nú einstakir kröfuliðir stefnanda teknir til athugunar hver fyrir sig.

Um I. almennt. Stefndi hefur mótmælt því, að úrskurðir stjórnar Lögmannafélags Íslands í málum þeim, sem undir þessum lið eru talin, séu bindandi fyrir hann, þar sem í öllum málunum hafi legið fyrir málsástæður, sem stjórnin hafi ekki verið bær til að dæma um.

Í þessu máli hafa verið lagðir fram úrskurðir stjórnar LMFÍ í öllum greindum málum. Verður ekki séð, að stjórnin hafi farið

út fyrir valdsvið sitt í úrskurðum sínum, og ber því að leggja ákvarðanir stjórnarinnar í úrskurðunum til grundvallar um það, hver séu hæfileg málfærslulaun til stefnda í hverju einstöku máli, ef svo yrði litið á, að stefnandi ætti rétt til endurheimtu úr hendi stefnda á ofteknum málfærslulaunum, enda hefur stefndi ekki neytt heimildar síðustu málsgreinar 8. gr. áðurnefndra laga til að kæra úrskurðina til Hæstaréttar.

Kröfu sína um sýknu af kröfuliðunum a—e reisir stefndi á því, að stefnandi hafi fyrirgert endurkröfurétti sínum, ef um hann hefði verið að ræða, með aðgerðaleysi, auk þess sem endurgreiðslukröfurnar séu fyrndar.

Stefnandi hefur mótmælt þessum sýknuástæðum stefnda.

Um a. Hinn 28. febrúar 1941 strandaði e/s Persier á Kötlutöngum á Mýrdalssandi. Í marzmánuði fól stefnandi stefnda að innheimta laun fyrir það, að v/s Ægir hefði bjargað skipinu. Með stefnu, út gefinni 26. júní 1941, höfðaði stefndi f. h. stefnanda mál fyrir sjó- og verzlunardómi Reykjavíkur gegn Trolle & Rothe h/f vegna eigenda og vátryggjenda e/s Persiers, skips og farms. Krafðist hann greiðslu á kr. 1.937.755,00 auk vaxta og málskostnaðar. Lauk máli þessu með dómi sjó- og verzlunardómsins 10. marz 1942 með þeim úrslitum, að stefnda í því máli var dæmt að greiða stefnanda kr. 1.000.000,00 ásamt 5% ársvöxtum frá 26. júní 1941 til greiðsludags og kr. 20.000,00 í málskostnað. Máli þessu var skotið til Hæstaréttar, og stefnandi gagnáfrýjaði, en krafðist nú aðeins kr. 1.288.750,00, þar sem aðiljar höfðu orðið ásáttir um, að björgunarlaun vegna bifreiða, er bjargað hafði verið úr e/s Persier, skyldu ekki ákveðin í því máli, heldur á annan hátt. Málinu lyktaði með dómi Hæstaréttar 3. marz 1943, er skyldaði aðaláfrýjanda til að greiða stefnanda kr. 500.000,00 með 5% ársvöxtum frá 26. júní 1941 til greiðsludags og samtals kr. 17.000,00 í málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti.

Hinn 27. september 1944 virðist stefndi senda stefnanda reikning fyrir flutning málsins fyrir báðum dómum, að fjárhæð kr. 65.000,00. Af því tilefni ritaði stefnandi stefnda bréf 7. október s. á. og mæltist þar til, að stefndi lækkaði reikning sinn niður í kr. 25.000,00.

Stefndi sendi mál þetta til stjórnar Lögmannafélags Íslands 23. október 1944, og var það borið undir stefnanda, en þar sem stefnandi beiddist álits félagsstjórnarinnar í bréfi, dags. 27. desember s. á., þótti henni rétt að senda málið til gjaldskrárnefndar félags-

ins. Gjaldskrárnefndin lét í té álit sitt 10. júlí 1945, og taldi hún reikning stefnda ekki ósanngjarnan. Áliti þessu vildi stefnandi ekki una og bar ágreininginn undir stjórn félagsins með bréfi 6. september 1945. Með úrskurði, upp kveðnum 18. desember 1945, ákvað stjórnin hæfilega þóknun til stefnda fyrir flutning Persier-málsins kr. 50.000,00. Einn stjórnarmanna greiddi sératkvæði um þóknunina og taldi hana hæfilega kr. 64.749,45.

Hinn 16. apríl 1946 ritar stefnandi stefnda bréf, þar sem hann tjáir stefnda, að dómsmálaráðuneytið sætti sig við úrskurðinn í Persier-málinu, og kveðst vænta þess að fá þegar reikningsskil frá stefnda vegna málsins.

Fjárhæðin, sem stefnandi endurkrefur samkvæmt þessum lið, er mismunurinn á hinni úrskurðuðu málflutningsþóknun til stefnda og þóknun þeirri, er stefndi hafði reiknað sér, eða kr. 15.000,00. En undir rekstri málsins hefur stefnandi samþykkt, að til frádráttar megi koma kostnaður stefnda af málinu, kr. 250,55, og lækkar því endurgreiðslukrafan niður í kr. 14.749,45.

Það verður ekki séð, að stefnandi hafi aðhafzt neitt til endurheimtunnar, eftir að hann ritaði stefnda bréfið frá 16. apríl 1946 og þar til stefna var birt í máli þessu 13. apríl 1955 eða í tæp 9 ár. Verður því að telja, að stefnandi hafi sýnt slíkt tómlæti, að hann hafi með aðgerðaleysi firrt sig rétti til frekari greiðslu úr hendi stefnda en hann hefur þegar fengið vegna umræddS máls. Kröfuliður þessi verður því ekki tekinn til greina.

Um b. Hinn 24. janúar 1941 strandaði e/s Wirta í Skerjafirði við Reykjavík. Var ýmsum varningi bjargað úr skipinu, og tóku m. a. þátt í þessari starfsemi nokkur skip á vegum stefnanda. Stefnda var falið að taka að sér flutning væntanlegs máls út af björgunarlaununum, og höfðaði stefndi mál með stefnu, út gefinni 12. marz 1941, til greiðslu björgunarlauna, að fjárhæð kr. 257.784,60, auk vaxta og málskostnaðar. Var stefnda í héraði dæmd ein heildarupphæð, kr. 130.000,00, auk 5% ársvaxta frá 12. marz 1941 til greiðsludags og kr. 4.500,00 í málskostnað. Stefndu í héraði skutu dómi þessum til Hæstaréttar, er ómerkti dóm undirréttar og vísaði málinu heim í hérað til löglegrar dómsálagningar að nýju. Dómur gekk svo í héraði hinn 30. janúar 1942 með sömu niðurstöðu og í fyrra skiptið. Þessum dómi áfrýjaði stefndi í héraði með stefnu 2. marz 1942, og honum var gagnáfrýjað af hálfu stefnda. Gerði gagnáfrýjandi í Hæstarétti sömu kröfur og í héraði. Í Hæstarétti gekk dómur í málinu 22. apríl 1942, og voru gagnáfrýjanda tildæmd björgunarlaun í einu lagi fyrir 6 tiltekin skip

kr. 115.000,00 auk vaxta og kr. 6.500,00 í málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti. Eftir að stefndi hafði fengið dóm þennan, innheimti hann hina tildæmdu fjárhæð og fékk löggiltan endurskoðanda til þess að skipta björgunarlaununum. Í uppgjöri sínu reiknaði stefndi sér kr. 19.369,73 samtals í útlögð gjöld og þóknun fyrir málflutninginn. Í máli þessu greinir aðilja á um það, hvenær stefnandi hafi fyrst fengið vitneskju um málskostnaðarreikning stefnda. Heldur stefndi því fram, að hann hafi sent stefnanda ódagsett uppgjör vegna Wirta-málsins fyrir 10. júlí 1942, og styður þá staðhæfingu við það, að samkvæmt stofni kvittanaheftis, er hann hefur lagt fram í málinu, hafi hann greitt þennan dag tilteknum manni hans hluta af björgunarlaununum, en venja sín hafi verið sú að senda stefnanda uppgjör, áður en hann hafi hafið útborgun björgunarlauna.

Stefnandi heldur því hins vegar fram, að honum hafi ekki borizt hið ódagsetta uppgjör stefnda fyrr en einhvern tíma á tímabilinu frá 9. febrúar til 9. október 1944.

Samkvæmt endurriti af bréfum frá stefnanda til stefnda, dags. 9. febrúar og 27. júní 1944, krefur stefnandi stefnda um reikningsskil vegna björgunarlauna fyrir farminn úr Wirta. Eftir endurriti af bréfi til stefnda, dags. 9. okt. 1944, viðurkennir stefnandi að hafa móttekið bréf frá stefnda, dags. 25. september 1944, ásamt reikningi yfir björgunarlaunin. Þá viðurkennir stefnandi í bréfi þessu, að áður hafi hann fengið ódagsett uppgjör á björgunarlaununum og málskostnaði, þar sem málskostnaðurinn sé talinn 19.369,73. Í bréfinu telur stefnandi, að stefndi hafi reiknað sér svo há málflutningslaun, að ekki verði við unað, og kveðst vænta svars stefnda varðandi lækkun á þeim. Eftir bréfaskiptum aðiljanna, þeim er hér hafa verið rakin, verður að telja ósannað, að stefnanda hafi borizt skilagrein frá stefnda fyrr en eftir 27. júní 1944.

Það verður ekki séð, að stefndi hafi svarað tilmælum stefnanda í bréfinu frá 9. október 1944 um lækkun málfærslulaunanna, og með bréfi, dags. 2. desember 1946, til stjórnar Lögmannafélags Íslands óskaði stefnandi úrskurðar félagsstjórnarinnar um ágreininginn. Að undangengnum munnlegum málflutningi aðilja tók félagið ágreininginn til úrskurðar 24. júlí 1947, og með úrskurði, upp kveðnum 20. ágúst s. á., ákvað hún þóknun stefnda fyrir störf hans í Wirta-málinu kr. 15.000,00. Undir rekstri málsins hefur stefnandi lækkað kröfuna undir þessum lið um kr. 369,73, en það er viðurkenndur útlagður kostnaður stefnda í

Wirta-málinu, eða niður í kr. 4.000,00, sem er mismunurinn á málflutningsþóknun þeirri, er stefndi reiknaði sér, og hinni úrskurðuðu þóknun.

Það verður ekki séð af gögnum málsins, að stefnandi hafi aðhafzt neitt til að innheimta þennan mismun, frá því úrskurður félagsstjórnarinnar var upp kveðinn og þar til mál þetta var höfðað. Hefur stefnandi þannig, eftir því sem fram hefur komið, látið líða rúmlega 2 ár, frá því hann kvartaði við stefnda yfir fjárhæð málfærslulaunanna og þar til hann leitaði úrskurðar stjórnar Lögmannafélagsins, og síðan rúmlega 7½ ár frá uppkvaðningu úrskurðarins og þar til stefna er birt í máli þessu. Verður að telja, að stefnandi hafi með þessu hátterni sýnt slíkt tómlæti, að hann hafi með aðgerðaleysi firrt sig rétti til frekari greiðslu úr hendi stefnda en hann hefur þegar fengið vegna umræddS máls. Kröfuliður þessi verður því ekki tekinn til greina.

Um c. Hinn 24. apríl 1945 varð árekstur í Reykjavíkurhöfn milli skips stefnanda, m/s Esju, og v/b Þingeyjar. Við árekstur-inn urðu svo miklar skemmdir á vélbátnum, að hann var talinn óbætandi. Greiddu því vátryggjendur bátsins eigendum hans vátryggingarfjárhæðina, sem nam að frádregnum 10% í eigin áhættu kr. 87.300,00. Samkvæmt mati dómkvaddra manna var verðmæti bátsins fyrir árekstur-inn talið hafa verið kr. 156.800,00.

Út af atviki þessu voru höfðuð tvö dómsmál á hendur stefnanda, annað af vátryggjendum Þingeyjar og hitt af eigendum hennar. Flutti stefndi bæði þessi mál. Nam stefnukrafan í máli vátryggjenda kr. 71.375,00 auk vaxta og málskostnaðar. Úrslit málsins urðu þau, að m/s Esja var talin bera ¾ hluta sakar á árekstrinum og stefnandi dæmdur til að greiða ¾ hluta dómkröfunnar auk vaxta og kr. 3.000,00 í málskostnað. Máli þessu var áfrýjað, en áfrýjunin síðar felld niður. Í máli eigenda v/b Þingeyjar nam stefnukrafan kr. 79.500,00. Í héraði var stefnandi einnig dæmdur til að greiða ¾ hluta stefnukröfunnar. Þessu máli var áfrýjað og taldi Hæstiréttur m/s Esju eiga að bera ⅗ hluta sakar af árekstrinum og dæmdi stefnanda til að greiða ⅗ hluta dómkröfunnar eða kr. 47.700,00 auk vaxta og kr. 3.500,00 í málskostnað fyrir báðum dómum. Að fenginni þessari niðurstöðu Hæstaréttar varð samkomulag um það milli vátryggjenda Þingeyjar og stefnanda að leggja sakarskiptingu Hæstaréttar til grundvallar í máli þessara aðilja, og eftir því ber stefnanda að greiða vátryggjendum ⅗ hluta kröfu þeirra auk vaxta og málskostnaðar eins og ákveðið var í héraðsdómi.

Stefndi reiknaði sér kr. 5.000,00 í málflutningslaun fyrir flutning máls vátryggjenda á hendur stefnanda og kr. 10.000,00 fyrir flutning hins málsins eða samtals kr. 15.000,00. Sendi stefndi stefnanda reikning fyrir flutning máls eigendanna hinn 1. ágúst 1947, og á reikningi til stefnanda, dags. 17. okt. 1950, kemur fram málflutningskostnaður stefnda í báðum málunum. Ekki verður séð, að stefnandi hafi gert sérstakar athugasemdir út af málskostnaðarreikningi stefnda frá 1. ágúst 1947, fyrr en hann með bréfi til stjórnar Lögmannafélags Íslands, dags. 22. desember 1950, kvartar yfir því, að þóknun sú, sem stefndi hafi áskilið sér fyrir flutning umræddra mála, sé of há og óskar úrskurðar stjórnarinnar um ágreininginn. Með úrskurðum, upp kveðnum 25. nóvember 1951, ákvað stjórnin þóknun stefnda fyrir flutning máls vátryggjenda Þingeyjar kr. 3.500,00 og fyrir flutning máls eigenda hennar kr. 8.500,00 eða samtals kr. 12.000,00.

Telur stefnandi, að stefndi hafi þannig ofreiknað sér kr. 3.000,00 fyrir flutning umræddra mála, en undir rekstri málsins hefur hann samþykkt, að til frádráttar megi koma útlagður kostnaður stefnda í sambandi við flutning beggja málanna, kr. 577,20. Lækkar stefnandi þannig kröfu sína samkvæmt þessum lið niður í kr. 2.422,80.

Svo sem áður kemur fram, lét stefnandi rúmlega 3 ár og 4 mánuði líða, án þess að séð verði, að hann hafi gert athugasemdir við reikning stefnda fyrir flutning máls eigenda Þingeyjar. Þá verður ekki heldur séð, að stefnandi hafi aðhafzt neitt til heimtu hinnar ofteknu málflutningsþóknunar úr hendi stefnda, frá því úrskurðir stjórnar Lögmannafélagsins gengu og þar til mál þetta var höfðað eða í rúmlega 3 ár og 4 mánuði. Verður því að telja, að stefnandi hafi með aðgerðaleysi firrt sig rétti til frekari greiðslu úr hendi stefnda en hann hefur þegar fengið vegna umræddra mála. Krafa stefnanda undir þessum lið verður því ekki tekin til greina.

Um d. Hinn 29. apríl 1943 brotnaði skrúfuöxull í v/s Sæfinni, þar sem það var statt 223 sjómílur í suðaustur frá Vestmannaeyjum. Kom varðskipið Ægir á vettvang og dró síðan Sæfinn til Vestmannaeyja, og þangað var komið 2. maí s. á. Taldi stefnandi, að hjálp sú, er Ægir veitti Sæfinni í umrætt skipti, væri björgun í skilningi siglingalaganna, og var höfðað mál fyrir sjó- og verzlunardómi Reykjavíkur á hendur eiganda Sæfinns til greiðslu björgunarlauna, að fjárhæð kr. 165.000,00, auk vaxta og málskostnaðar. Eigandi Sæfinns krafðist þess, að málinu yrði vísað

frá dómi og stefnandi dæmdur til að greiða honum hæfilegan málskostnað. Munnlegur málflutningur fór fram um frávísunarkröfuna, og var henni hrundið með úrskurði sjó- og verzlunardómsins. Úrskurð þennan kærði eigandi Sæfinns til Hæstaréttar, og var kærumálið einnig flutt munnlega þar. Með dómi Hæstaréttar, upp kveðnum 18. desember 1943, var úrskurði sjó- og verzlunardómsins hrundið og málinu vísað frá héraðsdómi. Þá var stefnandi dæmdur til að greiða eiganda Sæfinns kr. 600,00 í málskostnað fyrir báðum dómum.

Stefndi flutti mál þetta af hálfu stefnanda bæði í héraði og fyrir Hæstarétti og reiknaði sér kr. 13.550,00 í þóknun fyrir málflutninginn. Sendi hann stefnanda málskostnaðarreikning 5. apríl 1946. Með bréfi, dags. 17. október s. á., mótmælti stefnandi málskostnaðarreikningnum sem allt of háum. Þau mótmæli tók stefndi ekki til greina, og á reikningi til stefnanda, dags. 17. okt. 1950, tilfærir stefndi málskostnaðinn óbreyttan frá því, sem áður var. Með bréfi til stjórnar Lögmannafélags Íslands, dags. 14. júní 1951, leitar stefnandi úrskurðar stjórnarinnar um hæfilega þóknun til stefnda fyrir málflutninginn, og að undangengnum munnlegum málflutningi 24. maí 1952 ákvað stjórnin með úrskurði, upp kveðnum 13. júní s. á., þóknun stefnda fyrir málflutninginn kr. 2.500,00.

Fjárhæðin undir þessum lið er mismunurinn á hinni úrskurðuðu þóknun og þóknun þeirri, sem stefndi reiknaði sér, en undir rekstri málsins hefur stefnandi samþykkt, að til frádráttar megi koma útlagður kostnaður stefnda í sambandi við málflutninginn, kr. 101,05. Lækkar kröfuliður þessi því niður í kr. 10.948,95.

Frá því að stefnandi mótmælti málskostnaðarreikningi stefnda og þar til hann leitaði til stjórnar Lögmannafélagsins, liðu 4 ár og tæpir 8 mánuðir, án þess að séð verði, að stefnandi hafi haft uppi nokkrar raunhæfar aðgerðir til þess að fá stefnda til að lækka málflutningsþóknun sína eða endurgreiða það, sem stefnandi taldi hann hafa oftekið. Og eftir að úrskurður Lögmannafélagsins var upp kveðinn og þar til mál þetta var höfðað eða í 2 ár og 10 mánuði, sést ekki, að stefnandi hafi aðhafzt neitt til þess að heimta hina ofteknu málflutningsþóknun úr hendi stefnda. Hefur því stefnandi sýnt svo mikið tómlæti í heild, að telja verður, að hann hafi með aðgerðaleysi firrt sig rétti til að heimta hina ofteknu málfærsluþóknun úr hendi stefnda. Umræddur kröfuliður verður því ekki tekinn til greina.

Um e. Hinn 30. marz 1943 var norska skipið Rolf Jarl statt á Eyjafirði nálægt Hrólfsskeri, er stýri þess brotnaði. Sendi skipið

út neyðarmerki og bað um hjálp. Skip stefnanda, Súðin, er var stödd við Hrísey, heyrði neyðarkallið og fór hinu nauðstadda skipi til aðstoðar. Kl. 7.30 síðdegis þennan dag hafði tekizt að koma á dráttarsambandi milli skipanna, og hélt Súðin af stað með Rolf Jarl í eftirdragi, en kl. 7.48 slitnaði dráttartaugin. Viðbúnaður var þá hafður til þess að koma annarri dráttartaug í skipið, en er skipverjar á Rolf Jarl voru inntir eftir því, hvort þeir vildu frekari hjálp, höfnuðu þeir henni, enda var þá annað skip komið á vettvang og búið að koma dráttartaug í Rolf Jarl. Hvarf Súðin þá frá við svo búið, en Rolf Jarl komst til hafnar með aðstoð annars aðilja.

Eftir að Rolf Jarl var kominn í höfn á Akureyri, lét stefnandi gera löghald í skipinu til tryggingar væntanlegum björgunarlaunum. Var skipinu bönnuð brottför frá Akureyri, fyrr en sett hefði verið full trygging fyrir björgunarkröfunni. Höfðaði stefnandi síðan mál til greiðslu björgunarlauna, að fjárhæð kr. 739.868,98, auk vaxta og málskostnaðar. Úrslit máls þessa urðu þau bæði í héraði og fyrir Hæstarétti, að stefnanda voru dæmdar kr. 4.000,00 í bætur fyrir tjón, er Súðin varð fyrir vegna björgunartilraunar sinnar, en málskostnaður var felldur niður.

Stefndi flutti mál þetta fyrir stefnanda, og reiknaði hann sér kr. 57.000,00 í málflutningslaun fyrir báðum dómum. Sendi stefndi hinn 5. apríl 1946 stefnanda reikning fyrir málflutninginn í héraði, og með bréfi 17. október s. á. mótmælti stefnandi málskostnaðarreikningnum sem hreinni fjarstæðu. Á reikningi, dags. 17. október 1950, frá stefnda til stefnanda eru málflutningslaun fyrir báðum dómum að meðtöldum kostnaði tilfærð með kr. 57.341,23. Með bréfi til stjórnar Lögmannafélags Íslands, dags. 14. júní 1951, leitaði stefnandi úrskurðar stjórnarinnar um hæfilega þóknun til stefnda fyrir málflutninginn. Að undangengnum munnlegum málflutningi 24. maí 1952 ákvað stjórnin með úrskurði, upp kveðnum 13. júní s. á., þóknun stefnda fyrir málflutninginn kr. 12.000,00.

Undir rekstri málsins lækkaði stefnandi kröfuna undir þessum lið um kr. 341,23, en það er útlagður kostnaður stefnda. Krafa stefnanda undir þessum lið nemur því mismuninum á hinni úrskurðuðu þóknun og þóknun þeirri, sem stefndi reiknaði sér.

Frá því að stefnandi mótmælti reikningi stefnda fyrir flutning málsins í héraði og þar til hann leitaði til stjórnar Lögmannafélagsins, liðu 4 ár og tæpir 8 mánuðir, án þess að séð verði, að stefnandi hafi haft uppi nokkrar raunhæfar aðgerðir til þess að fá stefnda til að lækka málflutningsþóknun sína eða endurgreiða

það, sem stefnandi taldi hann hafa oftekið. Og eftir að úrskurður stjórnar Lögmannafélagsins var kveðinn upp og þar til mál þetta var höfðað eða í 2 ár og 10 mánuði, sést ekki, að stefnandi hafi aðhafzt neitt til þess að heimta hina ofteknu málflutningsþóknun úr hendi stefnda. Verður því að telja, að stefnandi hafi sýnt svo mikið tómlæti í heild, að hann hafi með aðgerðaleysi firrt sig rétti til að heimta hina ofteknu málfærsluþóknun frá stefnda. Kröfuliður þessi verður því ekki tekinn til greina.

Um f. Stefndi hefur viðurkennt kröfuna undir þessum lið, en við munnlegan flutning málsins hefur stefnandi samþykkt, að frá kröfunni megi draga útlagðan kostnað stefnda í Skeljungsmálinu, kr. 238,09. Lækkar því krafa stefnanda samkvæmt þessum lið niður í kr. 3.500,00, sem verður tekin til greina með þeirri fjárhæð.

Um III. Kröfuna undir þessum lið reisir stefnandi á því, að stefnda hafi sem málflutningsmanni hans borið að innheimta beinan kostnað v/s Ægis við hjálp þá, sem m/s Sæfinni var veitt og um er rætt í d-lið hér að framan. Hafi kostnaðurinn numið greindri fjárhæð. Þá kveðst stefnandi í mörgum bréfum hafa falið stefnda innheimtu kröfunnar. Þeim bréfum hafi stefndi ekki svarað, og telur stefnandi sig því hafa haft ástæðu til að líta svo á, að stefndi tæki innheimtuna að sér. Hins vegar hafi komið á daginn, að stefndi hafi ekkert gert til að innheimta kröfuna, heldur látið hana fyrnast í höndum sér. Telur stefnandi sig því eiga rétt til skaðabóta úr hendi stefnda, er svari til fjárhæðar kröfunnar.

Stefndi reisir kröfu sína um sýknu af umræddum kröfulið á þeim grundvelli, að honum hafi verið innheimta þessi algerlega óviðkomandi. Mótmælir hann því, að það hafi verið í verkahring hans sem lögmanns stefnanda að innheimta kröfuna. Heldur stefndi því fram, að þegar málaferlum þeim, er um getur í d-lið, hafi verið lokið og dómur Hæstaréttar fenginn um það, að krafa stefnanda vegna hjálpar v/s Ægis við m/s Sæfinn heyrði ekki undir úrlausn dómstóla, þá hafi afskiptum hans sem málflutningsmanns stefnanda af málinu verið lokið, enda hafi það verið hreint innheimtustarf að fá kostnað Ægis fyrir hjálpina greidda, er skrifstofufólk stefnanda hafi getað annazt.

Það verður að teljast ósannað gegn mótmælum stefnda, að umrædd innheimta hafi fallið undir starf hans sem lögmanns stefnanda. Þá er og ósannað, að stefndi hafi sérstaklega tekið innheimtuna að sér. Athugast í þessu sambandi, að fyrsta bréfið,

sem stefnandi ritar stefnda varðandi innheimtu þessa, er dagsett 17. október 1946, og var þá krafan, er innheimta skyldi, fyrnd, sbr. 4. tölul. 251. gr. siglingalaganna. Hefur því umrædd skaðabótakrafa stefnanda ekki við rök að styðjast.

Um II. Með úrlausnum þeim á kröfum stefnanda, er að framan getur, er fallinn grundvöllurinn undir vaxtakröfu stefnanda samkvæmt þessum lið, og verður hún því ekki tekin til greina.

Samkvæmt framansögðu verða því úrslit máls þessa þau, að stefndi verður dæmdur til að greiða stefnanda kr. 3.500,00 með 6% ársvöxtum frá birtingardegi stefnu til greiðsludags og málskostnað, er ákveðst kr. 700,00.

Einar Arnalds borgardómari kvað upp dóm þennan ásamt samdómendunum Ragnari Jónssyni hrl. og dr. Jóhannesi Nordal hagfræðingi.

Þar sem mál þetta er allumfangsmikið og vegna mikilla anna við borgardómaraembættið hefur dómur í málinu eigi orðið kveðinn upp fyrr.

Dómsorð:

Stefndi, Ólafur Þorgrímsson, greiði stefnanda, Skipaútgerð ríkisins, kr. 3.500,00 með 6% ársvöxtum frá 13. apríl 1955 til greiðsludags og kr. 700,00 í málskostnað innan 15 daga frá lögbirtingu dóms þessa að viðlagðri aðför að lögum.

Föstudaginn 30. október 1959.

Nr. 147/1959. **Magni Guðmundsson**
gegn
borgarstjóranum í Reykjavík f. h. bæjarsjóðs.

Útivistardómur.

Dómur Hæstaréttar:

Málssókn þessi fellur niður.

Áfrýjandi, Magni Guðmundsson, er eigi sækir dómþing í máli þessu, greiði kr. 200,00 útivistargjald til ríkissjóðs, ef hann vill fá mál sitt tekið fyrir af nýju.

Föstudaginn 30. október 1959.

Nr. 167/1959. **Fjármálaráðherra f. h. ríkissjóðs**
gegn
Kristjáni Ásgeirssyni.

Útivistardómur.

Dómur Hæstaréttar:

Málssókn þessi fellur niður.

Áfrýjandi, fjármálaráðherra f. h. ríkissjóðs, er eigi sækir dómþing í máli þessu, greiði kr. 200,00 útivistargjald til ríkissjóðs, ef hann vill fá mál sitt tekið fyrir af nýju.

Föstudaginn 30. október 1959.

Nr. 168/1959. **Sigrid D. Wigö**
gegn
bæjarstjórn Reykjavíkur.

Útivistardómur.

Dómur Hæstaréttar:

Málssókn þessi fellur niður.

Áfrýjandi, Sigrid D. Wigö, er eigi sækir dómþing í máli þessu, greiði kr. 200,00 útivistargjald til ríkissjóðs, ef hún vill fá mál sitt tekið fyrir af nýju.

Miðvikudaginn 4. nóvember 1959.

Nr. 192/1959. **Guðlaug Magnúsdóttir**
gegn
borgarstjóranum í Reykjavík
og
Theodór B. Líndal setudómara.

Dómendur:
hæstaréttardómararnir Þórður Eyjólfsson, Gizur Bergsteinsson og Jónatan Hallvarðsson, Kristján Kristjánsson borgarfógeti og Valdimar Stefánsson sakadómari.

Kærumál. Staðfestur úrskurður héraðsdómara um, að honum beri ekki að víkja sæti.

Dómur Hæstaréttar.

Sóknaraðili hefur með kæru 15. október þ. á. skotið til Hæstaréttar úrskurði, sem Theodór B. Líndal setudómari kvað upp í bæjarþingi Reykjavíkur hinn 9. s. m. Krefst sóknaraðili þess, að úrskurðurinn verði felldur úr gildi og héraðsdómaranum gert skylt að víkja sæti í máli borgarstjórans í Reykjavík gegn sóknaraðilja. Svo krefst hann og málskostnaðar í kærumáli þessu.

Varnaraðiljar krefjast staðfestingar hins kærða úrskurðar og kærumálskostnaðar úr hendi sóknaraðilja eftir mati dómsins.

Með skírskotun til forsendna hins kærða úrskurðar ber að staðfesta hann.

Sóknaraðili greiði varnaraðiljum kærumálskostnað, kr. 1.000,00 til hvors.

Dómsorð:

Hinn kærði úrskurður á að vera óraskaður.

Sóknaraðili, Guðlaug Magnúsdóttir, greiði varnaraðiljum, borgarstjóranum í Reykjavík og Theodór B. Líndal setudómara, kærumálskostnað, kr. 1.000,00 til hvors.

Dóminum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Úrskurður bæjarþings Reykjavíkur 9. október 1959.

Með bréfi, dags. 4. sept. 1959, var Theodór B. Líndal prófessor skipaður til þess að fara með mál þetta, því að hinn reglulegi borgardómari, Einar Arnalds, hafði með úrskurði, upp kveðnum 22. ágúst 1959, vikið sæti í málinu. Setudómarinn hefur því kveðið upp úrskurð þenna.

Er málið var þingfest hinn 11. sept. 1959, til þess að dómkvaðning matsmanna færi fram samkv. beiðni borgarstjórans, dskj. nr. 2, bar umboðsmaður matsþola, Guðlaugar Magnúsdóttur, fram þá kröfu, að setudómarinn viki sæti í málinu. Umboðsmenn málsaðilja gerðu síðan grein fyrir sjónarmiðum sínum. Mótmælti þá umboðsmaður matsbeiðanda kröfu umboðsmanns matsþola og krafðist jafnframt málskostnaðar úr hendi matsþola. Ágreiningsefnið var tekið til úrskurðar 18. sept. 1959.

Setudómarinn fór á sínum tíma með og dæmdi ásamt meðdómsmönnum bæjarþingsmálið nr. 692/1956: Guðlaug Magnúsdóttir gegn Kvennaheimilinu Hallveigarstöðum h/f, en því máli lauk með dómi Hæstaréttar, upp kveðnum 25. júní 1959. Kröfu sína ber umboðsmaður matsþola fram, að því er hann segir, af því, að matsþoli m. a. vegna afskipta setudómarans af framangreindu máli „beri ekki traust til hans til þess að fara hlutdrægnislaust með mál þetta". Rök hans fyrir kröfunni eru:

1. að kona setudómarans sé hluthafi í Kvennaheimilinu Hallveigarstöðum h/f,

2. að er setudómarinn kvaddi meðdómsmenn í greindu máli, hafi hann valið þannig, að annar þeirra var „náfrændi formanns byggingarnefndar Kvennaheimilisins Hallveigarstaða h/f, en hinn forráðamaður byggingarfélags þess, sem grafið hafi grunn að byggingunni fyrir félagið",

3. að setudómarinn hafi, eftir að áðurgreint mál var dómtekið, hlutazt til um frekari gagnaöflun, m. a. þá, að Geir G. Zoëga vegamálastjóri, sem nú er látinn, gæfi skýrslu fyrir dómi. Hvötum dómarans til þessa er lýst þannig, að ekkert hafi þá legið fyrir í málinu varðandi þetta væntanlega vitni annað en að vitnið hafi verið vottur að afsölum fyrir lóðunum nr. 14, 16 og 18 við Túngötu. En síðan segir: „virðist því auga gefa leið, að setudómarinn hafi aflað sér vitneskju um, hvaða skýrslu þetta vitni gæti gefið fyrir dómi, sem þýðingu kynni að geta haft fyrir úrslit málsins ... ".

Þá segir, að dómarinn hafi spurt umrætt vitni ýmissa spurninga um atriði, sem skeð höfðu fyrir 3—4 áratugum, og vitnið svarað hiklaust án þess að bera við minnisleysi, og síðan orðrétt: „Er útilokað, að vitnið hafi haft á hraðbergi svör við spurningum varðandi svo gamla atburði, nema það hafi verið sérstaklega undirbúið", og við er bætt, að ýmislegt í framburðinum hafi reynzt rangt,

4. að setudómarinn hafi lagt fyrir vitnið Geir G. Zoëga spurningu, er andmælt hafi verið af hálfu matsþola, og svarið síðan notað ásamt rangfærðri dagsetningu um þinglýsingardag „sem uppistaða að sýknudómi í málinu",

5. að víða komi fram í margnefndum dómi tilhneiging dómarans til þess að fegra málstað kvennaheimilisins „í beinni andstöðu við fram lögð skjöl",

6. að sonur dómarans sé „sérstakur fulltrúi borgarstjóra".

Mótmæli sín rökstyður umboðsmaður matsbeiðanda á þessa leið:

1. að enga þýðingu geti haft, þótt kona dómarans eigi 25 kr. hlutabréf í Kvennaheimilinu Hallveigarstöðum h/f, enda sé það félag „lagt niður" 1945,

2. að umboðsmaður matsþola hafi enga athugasemd gert við kvaðningu meðdómsmanna, hvorki í héraði né fyrir Hæstarétti, að annar meðdómsmanna muni að vísu vera af öðrum og þriðja við konu, sem fyrir mörgum árum muni hafa verið formaður byggingarnefndar, en hafi látið af því starfi mörgum árum áður en málssókn hófst, að hinn meðdómsmanna sé að vísu í stjórn félags, er gróf fyrir grunni hins umdeilda húss, en því verki sé löngu lokið, enda um sjálfstætt verk og uppgert að ræða,

3. að ábending dómarans um, að frekari gagna væri aflað, hafi verið í samræmi við lög og venjur, og m. a. hafi skýrsla Geirs G. Zoëga verið æskileg, vegna þess að hann hafi verið ráðunautur tengdamóður sinnar, er lóðirnar voru seldar, enda hafi og umboðsmaður matsþola „vitnað til atviks" í flutningi málsins, „er fram hefur farið" í sambandi við söluna, að aðdróttanir í garð dómarans í sambandi við framburð Geirs G. Zoëga séu óviðeigandi og fjarstæð ásökun,

4. að árabrengl, sem fram komi í dóminum varðandi þinglýsingardag, hafi verið sérstaklega athuguð og rædd, er málið var flutt í Hæstarétti, og þar þótt ljóst, að þau hafi stafað af því, að talan 0 í árituninni hafi verið rituð alveg eins og talan 9,

5. að tengsl dómarans við að vísu ekki fulltrúa borgarstjóra,

heldur skrifstofustjóra borgarstjóraskrifstofu, geti engu skipt, enda mundi dómurum óhægt um vik að annast störf sín, ef slík tengsl ættu að valda vanhæfi.

Að öðru leyti mótmæltu umboðsmenn aðilja staðhæfingum og kröfum hvor annars með almennum mótmælum.

Um 1. Það er rétt, að árið 1934 keypti kona dómarans 25 kr. hlutabréf í Kvennaheimilinu h/f. Var um það leyti almennt safnað hlutafé meðal kvenna. Upphæðin er algerlega hverfandi í slíku félagi, og nær því hver dómari, sem er, yrði vanhæfur, ef áhugi konu hans eða annarrar nákominnar konu á sérmálum kvenna, er lýsti sér í bréfakaupum sem þessum, ætti að valda vanhæfi hans.

Um 2. Því er ekki sérstaklega mótmælt, að staðreyndum, er hér skipta máli, sé svo farið sem umboðsmaður matsbeiðanda lýsir. Með það í huga má fallast á það sjónarmið umboðsmannsins, að ekki séu efni til, að dómarinn víki af hér greindum ástæðum, enda vill dómarinn og láta þess getið, að honum var, er meðdómsmenn voru kvaddir, algerlega ókunnugt um tengsl þau og venzl meðdómsmanna, er umboðsmaður matsþola rekur.

Um 3., 4. og 5. Skýrslur umboðsmanns matsbeiðanda um þær staðreyndir, er hér skipta máli, eru ekki sérstaklega vefengdar. Staðhæfingar umboðsmanns matsþola um illar hvatir dómarans og hlutdrægnislega meðferð málsins eru og ósannaðar, enda alrangar. Fram kemur í dómi Hæstaréttar, að til sumra af þeim gögnum, er aflað var að tilhlutan dómarans, er beint vitnað þar. Þá var og alkunna, að Geir heitinn vegamálastjóri hafði um langan aldur verið einn þeirra manna, er létu sig skipulagsmál miklu skipta og var þaulkunnugur framkvæmd þeirra. Með skírskotun til þessa svo og þess, sem fram er komið af hálfu umboðsmanns matsbeiðanda, verður ekki talið, að dómaranum beri að víkja af hér greindum ástæðum.

Um 6. Það er rétt, að sonur dómarans er skrifstofustjóri einnar skrifstofu Reykjavíkurbæjar, sem að formi til er aðili máls þessa. En þótt svo sé, er dómaranum hvorki rétt né skylt að víkja sæti.

Samkvæmt framangreindu og með því að dómarinn telur sig hvorki vilhallan né hafa gefið tilefni til þess að ætla honum slíkt og illmæli umboðsmanns matsþola skipta þar engu, þá verður krafan um, að setudómarinn víki sæti í máli þessu, eigi tekin til greina.

Í frásögn af röksemdum umboðsmanns matsþola hér að fram-

an, sbr. 3., 4. og 5. lið, eru rakin ýmist orðrétt eða í óbeinni ræðu nokkur meiðyrði og aðdróttanir í garð dómarans. Ummæli þessi eru tilhæfulaus og ósæmileg. Verður eigi hjá því komizt að víta umboðsmanninn, Jón Bjarnason hæstaréttarlögmann, fyrir þau.

Eftir atvikum þykir rétt, að matsþoli, Guðlaug Magnúsdóttir, greiði matsbeiðanda, Gunnari Thoroddsen f. h. Reykjavíkurbæjar, málskostnað, kr. 700,00.

Dráttur sá, sem orðið hefur á uppkvaðningu þessa úrskurðar, stafar af veikindum dómarans.

Því úrskurðast:

Framangreindri kröfu um, að setudómarinn, Theodór B. Líndal, víki sæti í máli þessu, verður ekki sinnt.

Matsþoli, Guðlaug Magnúsdóttir, greiði matsbeiðanda, Gunnari Thoroddsen v/Reykjavíkurbæjar, málskostnað, kr. 700,00.

Úrskurðinum ber að fullnægja innan 15 daga frá lögbirtingu hans að viðlagðri aðför.

Miðvikudaginn 4. nóvember 1959.

Nr. 35/1959. **Fjármálaráðherra f. h. ríkissjóðs**
(Sigurður Ólason hrl.)
gegn
Unni Aldísi Svavarsdóttur
(Lárus Jóhannesson hrl.)
og gagnsök.

Dómendur:
hæstaréttardómararnir Þórður Eyjólfsson, Gizur Bergsteinsson, Jón Ásbjörnsson og Jónatan Hallvarðsson og prófessor Theodór B. Líndal.

Skaðabætur vegna árásar.

Dómur Hæstaréttar.

Gagnáfrýjandi, Unnur Aldís Svavarsdóttir, er nú fjárráða orðin.

Aðaláfrýjandi hefur skotið máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 25. febrúar 1959. Hann krefst *aðallega* sýknu og málskostnaðar í héraði og fyrir Hæstarétti úr hendi gagnáfrýjanda, en *til vara* lækkunar dæmdra bótafjárhæða og að málskostnaður verði niður felldur.

Af hendi gagnáfrýjanda er málinu áfrýjað með stefnu 18. september 1959, að fengnu áfrýjunarleyfi 16. s. m. Hún krefst þess, að aðaláfrýjanda verði dæmt að greiða henni kr. 41.860,00 ásamt 6% ársvöxtum frá 9. janúar 1956 til greiðsludags og málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti eftir mati dómsins.

Bætur fyrir tjón gagnáfrýjanda, er greinir í 1. kröfulið hennar, þykja hæfilega metnar kr. 20.000,00. Ákvæði héraðsdóms um 2. og 3. kröfulið þykir mega staðfesta. Samkvæmt þessu ber aðaláfrýjanda að greiða gagnáfrýjanda kr. 20.650,00 ásamt vöxtum eins og krafizt er og svo málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti, samtals kr. 6.000,00.

Dómsorð:

Aðaláfrýjandi, fjármálaráðherra f. h. ríkissjóðs, greiði

gagnáfrýjanda, Unni Aldísi Svavarsdóttur, kr. 20.650,00 ásamt 6% ársvöxtum frá 9. janúar 1956 til greiðsludags og málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti, kr. 6.000,00.

Dóminum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur bæjarþings Reykjavíkur 31. janúar 1959.

Mál þetta, sem tekið var til dóms 16. þ. m., hefur Georg Svavar Sigfinnsson, Laufási, Ytri-Njarðvík, Gullbringusýslu, vegna dóttur sinnar, Unnar Aldísar, höfðað á bæjarþinginu með stefnu, út gefinni 18. apríl 1958, gegn fjármálaráðherra vegna ríkissjóðs til greiðslu skaðabóta, að fjárhæð kr. 41.860,00, ásamt 6% ársvöxtum frá 9. janúar 1956 til greiðsludags og málskostnaði samkvæmt gjaldskrá LMFÍ.

Stefndi hefur *aðallega* krafizt sýknu og málskostnaðar eftir mati dómarans, en *til vara,* að krafa stefnanda verði lækkuð, að vextir verði einungis reiknaðir frá stefnudegi og að málskostnaður verði látinn niður falla.

Málsatvik eru þessi:

Að kveldi sunnudags 8. janúar 1956 ákváðu þrír hermenn úr varnarliði Bandaríkjamanna á Keflavíkurflugvelli að bregða sér út af flugvellinum. Menn þessir voru: Leonard Chique, William John Eller og Walter Neil Hartman. Ekki höfðu þeir félagar fengið leyfi yfirmanna sinna til þessarar ferðar. Héldu þeir í leigubifreið frá híbýlum sínum að flugvallarhótelinu. Ók þeim íslenzkur bifreiðarstjóri, Gunnar B. Jónsson að nafni. Á hótelinu hittu þeir fjórða hermanninn, Jean Leon Lambert. A.m.k. þrír hinir fyrstnefndu hermenn voru ölvaðir. Var nú ekið um flugvöllinn, og drukku þeir félagar óblandað viskí í bifreiðinni. Skammt frá Hotel de Gink fóru hermennirnir úr bifreiðinni og klifruðu yfir flugvallargirðinguna. Bifreiðarstjórinn ók aftur á móti út af flugvellinum venjulega leið. Var svo um samið með honum og hermönnunum, að þeir hittust aftur við Aðalstöðina í Keflavík, en frá þeirri bifreiðastöð var bifreiðin, sem þeir óku í. Er hermennirnir komu þangað, var bifreiðin enn ókomin. En er hún kom skömmu síðar, stigu hermennirnir upp í hana, og var nú ekið að Herðubreið í Ytri-Njarðvík. Þar fóru hermennirnir inn og hugðust finna stúlkur, er þar bjuggu og þeir voru kunnugir. Nokkurt hark mun hafa orðið af komu hermannanna

þarna, og virðast þeir engir aufúsugestir hafa verið. Yfirgáfu þeir því Herðubreið fljótlega og stigu enn upp í bifreið Gunnars B. Jónssonar, sem beðið hafði þeirra. Var nú aftur ekið að Aðalstöðinni, og var ætlunin, að hermennirnir færu inn á flugvöllinn á sama hátt og þeir komu þaðan. Gunnar aftur á móti ók venjulega leið inn á flugvöllinn, og skyldi hann bíða hermannanna þar á tilteknum stað. Var þessi háttur hafður á til þess að losna við óþægindi í flugvallarhliðinu, en eins og í upphafi var getið, höfðu hermennirnir ekki leyfi til brottfarar af flugvellinum. Snjókoma var um þetta leyti, en hermennirnir léttklæddir. Fór því svo, er þeir höfðu skamman spöl gengið frá bifreiðastöðinni, að þeir sneru við og komu þangað aftur. Báðu þeir um bifreið til að aka sér upp á flugvöll. Engin bifreið mun þá hafa verið til taks á stöðinni, og fengu hermennirnir að bíða í afgreiðslusalnum, enda munu þeir þá hafa verið prúðir og haft sig lítt í frammi. Eftir nokkurn tíma kom Björn E. Jóhannsson bifreiðarstjóri á stöðina, en hann neitaði að aka hermönnunum. Nokkru síðar kom annar bifreiðarstjóri, Einar Einarsson. Féllst hann á að aka hermönnunum gegn því, að Magnús Þorsteinsson bifreiðarstjóri, sem staddur var á bifreiðastöðinni, en var ekki að vinna, kæmi með. Féllst Magnús á þetta. Hurfu þeir nú allir inn í bifreið Einars. En skömmu áður en lagt var af stað, bað einn hermannanna Einar að hinkra við. Steig maður þessi síðan út úr bifreiðinni og hvarf bak við stöðvarhúsið. Að skammri stund liðinni kom hann aftur og var þá með fullt fangið af ullarteppum, er hann hafði tekið í svefnskála bifreiðarstjóranna. Einar Einarsson vék sér að manni þessum og tók af honum teppin. Bar hann þau síðan aftur inn í húsið. Er hann kom út aftur, var Magnús Þorsteinsson kominn í handalögmál við hermennina. Steig þá Einar upp í bifreið sína og ók einsamall upp að aðalhliði flugvallarins til þess að kveðja lögreglu á vettvang. Nú víkur sögunni til Gunnars B. Jónssonar. Er hann hafði árangurslaust beðið hermannanna í stundarfjórðung, þar sem þeir höfðu mælt sér mót, ók hann til baka að Aðalstöðinni. Er hann kom þangað, var Magnús Þorsteinsson í ryskingum við hermennina. Fóru áflogin fyrst í stað fram utan dyra, en færðust brátt inn í afgreiðslusal bifreiðastöðvarinnar. Leitaði Magnús fulltingis Gunnars, en hann kvað sig ófúsan til slagsmála. Aftur á móti varð það úr, að hann ók Magnúsi heim til Ketils Þorsteinssonar bifreiðarstjóra til þess að leita hjálpar hans. Er hér var komið, var Unnur Aldís Svavarsdóttir, afgreiðslu-

stúlka á bifreiðastöðinni, ein eftir með hermönnunum. Að vísu var Björn E. Jóhannsson, sem fyrr var nefndur, enn á stöðinni, en hann hafðist við í öðru herbergi og fór fljótlega í ökuferð. Um það, sem fram fór í bifreiðastöðinni, eftir að fyrrgreindir bifreiðarstjórar fóru að sækja hjálp og þar til íslenzkir og bandarískir lögregluþjónar komu á vettvang nokkru seinna, greinir hermennina annars vegar og Unni Aldísi mjög á. Verða nú raktir framburðir þeirra, er að þessu lúta.

Unnur Aldís Svavarsdóttir skýrir svo frá, að er hún var ein orðin eftir með hermönnunum, hafi einn þeirra yfirgefið bifreiðastöðina, annar setið frammi í afgreiðslunni og ekki haft sig í frammi, en tveir þeirra hafi byrjað að veitast að henni. Hafi það verið þeir Chique og Eller. Áreitni þeirra hafi gengið svo langt, að Chique hafi opnað buxnaklauf sína og tekið út getnaðarliminn. Hafi augu hans verið blóðhlaupin. Chique hafi ekki sýnt henni ofbeldi, heldur reynt með góðu að fá hana til að þýðast sig. Kveðst Unnur Aldís hafa haft skömm á þessu og hrint manninum frá sér. Ekki kvaðst hún muna, hvort limur Chique var stífur, enda ekki veitt því sérstaka athygli. Hún hafi þegar bent honum á, að salerni væri þarna í nánd, og jafnframt ýtt honum þangað inn, en hann hafi jafnskjótt komið út aftur og þá eins á sig kominn. Kveðst Unnur Aldís nú hafa flúið út úr bifreiðastöðinni, en komið þó inn aftur eftir nokkra stund. Er Chique varð ekkert ágengt, hafi hann gengið til liðs við Eller og reynt að veita honum fulltingi í sams konar viðleitni gagnvart henni. Hafi Chique m. a. notað í þessu skyni kústsköft, sem hann hafi reynt að dangla í hana með. Hafi hún litið svo á, að Chique væri með þessu að hræða hana. Eller hafi ekki frekar en Chique beitt hana valdi í viðleitni sinni til að fá hana til að þýðast sig, heldur farið að henni með góðu. Hafi hún margsinnis hrint honum frá sér og einu sinni slegið hann kinnhest. Unnur kveður hermennina tvo hafa gert margítrekaðar tilraunir til þess að koma henni afsíðis, og hafi þeir í því skyni haft mestan áhuga á kompu einni inn af afgreiðslusalnum. Allar tilraunir þeirra hafi þó farið út um þúfur. Unnur Aldís kvaðst hafa gert margar tilraunir til að ná í hjálp um síma bifreiðastöðvarinnar. Hafi hún náð tali af Sigtryggi Árnasyni, yfirlögregluþjóni í Keflavík, en hann hafi vísað á lögregluna á Keflavíkurflugvelli, er hún skýrði honum frá, að um hermenn væri að ræða. Unnur Aldís kveður hermennina hafa slitið einn símann úr sambandi, og hafi sá brotnað. Þá hafi og í átökunum brotnað ein hurð.

Leonard Chique synjar algerlega fyrir að hafa veitzt að Unni Aldísi í umrætt sinn og kveðst ekki muna til þess, að hann hafi tekið út á sér getnaðarliminn. Aftur á móti viðurkennir hann að hafa brotið sköftin á nokkrum gólfkústum, en eigi kemur fram í skýrslu hans, með hverjum hætti það hafi orðið.

William John Eller kveðst lítið muna frá atvikum, eftir að þeir félagar komu á bifreiðastöðina í síðara skiptið, sökum þess hve drukkinn hann var. Hann kveðst ekki hafa blakað við Unni Aldísi, og slíkt hafi hann ekki heldur séð til félaga sinna. Þó hafi hann og Chique grínazt (joked) við stúlkuna. Eller viðurkennir, að hann hafi „gert ýmsa hluti", meðan hann dvaldist á bifreiðastöðinni, sem hann mundi ekki hafa gert ódrukkinn, en að því er ekki nánar vikið í framburði hans. Eller kveðst ekki muna, hvort Chique hafi tekið út á sér getnaðarliminn. Hann kveðst ekki vita um frekari skemmdir á bifreiðastöðinni í umrætt sinn en að brotnað hafi 2—3 kústar.

Jean Leon Lambert kveður Chique hafa tekið út á sér getnaðarliminn í augsýn allra, er þarna voru staddir. Hafi sér virzt Chique ætla að kasta af sér vatni, en þá hafi Unnur Aldís ýtt honum inn á salernið. Chique hafi þó komið jafnskjótt út þaðan aftur, en ekki man Lambert, hvort Chique þá hafði getnaðarlim sinn úti. Lambert kveðst hvorki hafa séð Chique né Eller stíga í vænginn við Unni Aldísi né blaka við henni á nokkurn hátt. Hann kveðst ekki hafa verið undir áhrifum áfengis í umrætt sinn. Lambert og Unni Aldísi ber saman um, að Lambert hafi yfirgefið bifreiðastöðina, stuttu eftir að Magnús Þorsteinsson og Gunnar B. Jónsson fóru þaðan til að sækja hjálp. Kveður Unnur Aldís Lambert hafa verið prúðan og rólegan, meðan hann dvaldist á stöðinni.

Walter Neil Hartman kveðst hafa verið svo ölvaður umrædda nótt, að hann muni lítið, hvað gerðist. Virðist framburður hans skipta litlu máli.

Eins og áður var frá greint, dvaldist Björn E. Jóhannsson bifreiðarstjóri nokkra hríð á bifreiðastöðinni, eftir að félagar hans höfðu ekið burt til þess að sækja hjálp. Kveðst Björn hafa séð úr herbergi því, er hann hafðist við í, er einn hermannanna ætlaði að slá Unni Aldísi með kústskafti, og hafi þau brotið skaftið á milli sín í ryskingunum. Kveðst Björn síðan ekki hafa orðið sjónarvottur að frekari atburðum, því að hann hafi farið í ökuferð upp á flugvöll að beiðni Unnar Aldísar. Er hann kom aftur úr þeirri ökuferð, hafi lögreglan verið komin á vettvang.

Þess var áður getið, að Einar Einarsson bifreiðarstjóri fór í bif-

reið sinni upp að aðalhliði flugvallarins til þess að kveðja lögreglu á vettvang. Skýrir hann svo frá, að er hann kom á bifreiðastöðina úr þeirri ferð, hafi Unnur Aldís auðsjáanlega verið mjög miður sín.

Vitnið Magnús Þorsteinsson bifreiðarstjóri kveður Unni Aldísi hafa verið frekar miður sín, er það kom á bifreiðastöðina aftur í fylgd með Gunnari B. Jónssyni og Katli Vilhjálmssyni, um 15 mínútum eftir að það hafði farið þaðan til þess að sækja Ketil. Unnur Aldís hafi þá kvartað yfir því, að einn hermannanna hafi reynt að koma henni inn í geymsluherbergi við hliðina á herbergi því, er hún hafðist við í, en ekki tekizt það.

Vitnið Ketill Vilhjálmsson skýrir svo frá, að er það kom í afgreiðslusal bifreiðastöðvarinnar í umrætt sinn í fylgd með Magnúsi Þorsteinssyni og Gunnari B. Jónssyni, hafi rauðhærður hermaður verið fyrir innan afgreiðsluborðið hjá Unni Aldísi. Maður þessi hafi þegar gengið fram fyrir afgreiðsluborðið, er hann varð vitnisins var. Vitnið kveður hermennina hafa verið prúða og engin ólæti haft í frammi.

Árangurinn af för Einars Einarssonar upp að aðalhliði flugvallarins var sá, að hann fékk tvo herlögreglumenn með sér til bifreiðastöðvarinnar, og litlu seinna komu fjórir íslenzkir lögregluþjónar þangað. Herlögreglumennirnir tóku hermennina þrjá, sem þá voru eftir á bifreiðastöðinni, í vörzlu sína.

Einn íslenzku lögregluþjónanna, Ingvi Brynjar Jakobsson, skýrir svo frá, að er lögregluþjónarnir komu á bifreiðastöðina, hafi sér virzt Unnur Aldís vera hin rólegasta, og eigi hafi hann getað merkt, að hún væri neitt öðruvísi en hún átti að sér að vera. Unnur Aldís hafi tjáð honum, að einn hermannanna hafi reynt að koma henni inn í litla birgðageymslu inn af afgreiðslusalnum, eftir að sá hafði klifrað yfir afgreiðsluborðið. Hermennina þrjá, sem eftir voru á bifreiðastöðinni, kveður vitnið sér hafa virzt rólega, en svolítið undir áhrifum áfengis.

Mál þetta var rannsakað í sakadómi Keflavíkurflugvallar 10. janúar til 1. febrúar 1956. Er atvikalýsingin hér að framan byggð á þeirri rannsókn. Við rannsóknina var lagt fram í sakadóminum vottorð frá Guðjóni Klemenzsyni, lækni í Ytri-Njarðvík. Er vottorð þetta dags. 9. janúar 1956 og hljóðar þannig:

„Í dag kl. 7 e. h. var ég undirritaður læknir sóttur að Laufási í Ytri-Njarðvík til Unnar Svavarsdóttur, 17 ára að aldri. Stúlkan segir, að fjórir ameríkskir hermenn hafi ráðizt á sig sl. nótt, þar sem hún var við næturvörzlu í Aðalstöðinni í Keflavík.

Stúlkan er útgrátin og auðsjáanlega í mikilli geðshræringu og á erfitt um mál vegna grátekka. Við skoðun finnast engir áverkar á líkama stúlkunnar.

Ég tel, að stúlkan hafi orðið fyrir taugaáfalli, og er ekki hægt að segja að svo stöddu, hverjar afleiðingar árás þessi kann að hafa á geðheilsu stúlkunnar í framtíðinni. Eins og er, þá er hún andlega niðurbrotin.

Vert er að geta þess, að stúlka þessi hafði, áður en hún varð fyrir þessum andlega áverka, óvenjulega sterka og heilbrigða skaphöfn."

Hinn 4. apríl 1956 var Unnur Aldís aftur skoðuð af þessum sama lækni. Í vottorði læknisins um skoðun þessa, dags. sama dag, segir, að Unnur Aldís sé að nokkru leyti búin að ná sér eftir þá andlegu áreynslu, er hún hafi orðið fyrir í umrætt sinn. Þó sé hún kjarkminni en áður, sofi ekki eins vel og sé mjög viðbrigðin. Einnig sé hún myrkfælin, en á því hafi ekki borið áður, svo og miklu örari í skapi, ef eitthvað út af beri.

Alfreð Gíslason læknir hefur rannsakað Unni Aldísi, og gerir hann grein fyrir niðurstöðum þeirrar rannsóknar í vottorði, dags. 15. febrúar 1958. Segir þar á þessa leið:

.... „Auk þess, sem ég hef kynnt mér efni málsskjala, hef ég átt tal við föður Unnar, Svavar Sigfinnsson, sem veitti mér eftirfarandi upplýsingar:

Í ætt Unnar er ekki áberandi taugaveiklun. Hún á 6 systkini á lífi, heilsugóð, og sjálf var hún talin hraust í uppvexti. Varð þess ekki vart, að hún væri óeðlilega hræðslugjörn eða á annan hátt taugaóstyrk. Kom það oft fyrir, að hún gætti systkina sinna ein heima, og bar þá aldrei á hræðslugirni. Enn fremur upplýsir Svavar, að Unnur hafi legið rúmföst 8—10 daga eftir árásina og að síðan hafi borið mjög á taugaóstyrk hjá henni, sérstaklega hræðslugirni. Hún hafi síðan átt erfitt með að vera ein, og hafi oft orðið að senda til hennar eitthvert systkina hennar til að vera hjá henni, eftir að hún var farin að heiman og hafði stofnsett sitt eigið heimili.

Í viðtölum við mig kemur hið sama fram hjá Unni. Kveðst hún mjög hræðslugjörn, síðan hún varð fyrir árásinni. Á hún erfitt með að vera ein heima, einkum eftir að dimma tekur. Það, sem hún óttast, er, að gerð verði árás á sig, og kennir hún þessa ótta, bæði þegar hún er ein heima og ein á gangi úti. Aðrar kvartanir virðist hún ekki hafa.

Athugun mín fór fram á heimili hennar 8. þ. m. og lækninga-

stofu minni 13. þ. m. Ég fann ekki hjá henni nein einkenni vefræns sjúkdóms. Í viðtali var hún róleg og eðlileg, og varð ég ekki var einkenna neinnar geðveiki.

Af upplýsingum þeim, sem fyrir liggja, má ráða, að hún við fyrrgreinda árás hafi hlotið geðrænt áfall, sem hún ekki sé orðin jafngóð af. Hún er sjúklega hræðslugjörn, og verður orsök þeirrar hræðslugirni greinilega rakin til árásarinnar.

Ekki er unnt að segja, hve lengi þessar afleiðingar taugaáfallsins muni vara, en sennilegt er, að þær verði lengi viðloðandi, úr því að þær nú, tveim árum eftir árásina, eru ekki horfnar. Vera má, að hræðslan smádvíni og hverfi, er lengra líður frá og hún hættir að hugsa um hina óþægilegu árás. Málaferli út af henni munu hafa staðið til þessa og átt sinn þátt í að halda við geðshræringu í sambandi við árásina.

Sjúkdómsgreining:

Starfræn taugatruflun eftir líkamsárás."

Stefnandi reisir málssókn þessa á því, að Unnur Aldís hafi orðið fyrir varanlegu heilsutjóni af framangreindum atburðum, en á þessu tjóni beri stefndi ábyrgð samkvæmt lögum nr. 110 frá 1951, 12. gr., 2. tl.

Sundurliðast krafa stefnanda þannig:

1. Vegna heilsutjóns Unnar Aldísar	kr.	40.000,00
2. Atvinnutjón vegna réttarhalda o. fl. ..	—	1.510,00
3. Útlagður kostnaður	—	350,00
	Kr.	41.860,00

Í greinargerð sinni í málinu mótmælir stefndi því, að skaðabótaábyrgð hans samkvæmt greindu lagaákvæði nái til slíks tilviks, sem hér er krafizt bóta fyrir. Við munnlegan málflutning var frá þessum mótmælum fallið, og er nú fébótaábyrgð ríkissjóðs ekki vefengd að svo miklu leyti sem talið yrði, að um fébótaskylt tjón væri hér að ræða, en því er eindregið mótmælt. Er í því sambandi algerlega mótmælt, að Unnur Aldís hafi orðið fyrir árás af hendi varnarliðsmanna, og því síður, að hún hafi hlotið nokkurt áfall eða heilsutjón, enda hafi hér eigi annað gerzt en einn hermannanna hafi gert sig líklegan til að kasta af sér vatni.

Um 1.

Þótt nokkuð sé óljóst, hverju fram fór á bifreiðastöðinni, eftir að Unnur Aldís var orðin ein eftir með hermönnunum, þykir

nægilega í ljós leitt, að hún hafi orðið fyrir óviðurkvæmilegri áreitni af þeirra hendi, eins eða fleiri. Stúlkan var, er þetta gerðist, aðeins 17 ára gömul, og þykir sýnt, þegar virt eru læknisvottorð þau, sem að framan eru rakin, að hún hafi orðið fyrir allmiklu andlegu áfalli af þessum sökum. Hefur því sýknukrafa stefnda ekki við rök að styðjast. Að þessu athuguðu og með skírskotun til 264. gr. laga nr. 19/1940 þykja bætur hennar samkvæmt þessum lið hæfilega ákveðnar kr. 10.000,00.

Um 2.

Lagður hefur verið fram reikningur fyrir fjárhæð þeirri, sem hér er krafizt. Sundurliðast hann þannig:

a) Vegna réttarhalda 1½ dag ..... kr. 600,00
b) Þrjár ferðir til Reykjavíkur ..... — 750,00
c) Annar akstur vegna rannsóknar málsins — 160,00

Kr. 1.510,00

Fram kemur í gögnum málsins, að stefnandi hefur verið viðstaddur rannsókn málsins fyrir sakadómi, er skýrslur voru teknar af dóttur hans. Þykir það ekki óeðlilegt, þegar hafður er í huga aldur hennar og hvernig mál þetta er vaxið. Stefnandi er atvinnubifreiðarstjóri, og ljóst er, að hann hefur tafizt nokkuð frá vinnu sinni af þessum sökum. Verða að því leyti dæmdar bætur samkvæmt þessum lið, en að öðru leyti brestur gögn til að taka hann til greina gegn eindregnum mótmælum stefnda. Að þessu athuguðu þykir hæfilegt að taka kröfulið þenna til greina með kr. 300,00.

Um 3.

Stefnandi hefur fært fullnægjandi gögn að þessum lið, þ. e. reikninga frá framangreindum læknum fyrir vottorð þeirra. Verður því kröfuliður þessi tekinn til greina að fullu.

Krafa stefnanda verður samkvæmt þessu tekin til greina með kr. 10.650,00 (kr. 10.000,00 + kr. 300,00 + kr. 350,00). Verður stefndi dæmdur til að greiða stefnanda vegna dóttur hans þessa fjárhæð með vöxtum eins og krafizt er.

Eftir þessum málalokum verður stefndi dæmdur til að greiða stefnanda málskostnað, sem eftir atvikum þykir hæfilega ákveðinn kr. 1.700,00.

Gunnar M. Guðmundsson, fulltrúi borgardómara, kvað upp þenna dóm.

Dómsorð:

Stefndi, fjármálaráðherra vegna ríkissjóðs, greiði stefnanda, Georg Svavari Sigfinnssyni, vegna dóttur hans, Unnar Aldísar, kr. 10.650,00 ásamt 6% ársvöxtum frá 9. janúar 1956 til greiðsludags og kr. 1.700,00 í málskostnað innan 15 daga frá lögbirtingu dóms þessa að viðlagðri aðför að lögum.

Föstudaginn 6. nóvember 1959.

Nr. 141/1958. **Gerða Bjarnadóttir** (Ragnar Jónsson hrl.)
gegn
Jóhanni Erlendi Óskarssyni
(Benedikt Sigurjónsson hrl.).

Dómendur:
hæstaréttardómararnir Þórður Eyjólfsson, Gizur Bergsteinsson og Jónatan Hallvarðsson og prófessorarnir Ármann Snævarr og Magnús Þ. Torfason.

Skaðabótamál út af eldsuppkomu í bifreið. Sératkvæði.

Dómur Hæstaréttar.

Áfrýjandi, sem fengið hefur gjafsókn í máli þessu hér fyrir dómi, hefur skotið því til Hæstaréttar með stefnu 29. september 1958. Krefst hún þess, að stefnda verði dæmt að greiða henni kr. 21.736,66 ásamt 6% ársvöxtum frá 10. október 1957 til greiðsludags og málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti eftir mati dómsins, enda verði málskostnaður í Hæstarétti dæmdur eins og málið væri ekki gjafsóknarmál.

Stefndi krefst þess, að hinn áfrýjaði dómur verði staðfestur og honum dæmdur málskostnaður úr hendi áfrýjanda fyrir Hæstarétti eftir mati dómsins.

Eftir uppsögu héraðsdóms hafa tveir dómkvaddir menn látið uppi álit um það, hver líkindi séu til íkveikju, þegar reykt sé í nálægð flugelda, svo og um líkindi til sjálfsíkveikju í þeim. Er það skoðun þeirra, „að mikil hætta sé á íkveikju í þeim flugeldum, sem hér um ræðir, sé verið með

reykingar í nálægð þeirra". Hins vegar töldu þeir ekki vera líkindi til sjálfsíkveikju í flugeldum þessum „við venjulega meðferð".

Leitt er í ljós, að flugeldar þeir, sem um ræðir í málinu, eru seldir hömlulaust í verzlunum, og mun vera altítt, að slíkir flugeldar séu fluttir í bifreiðum. Við flutning málsins í Hæstarétti var sýnd pappaaskja, sem talin var af sömu gerð og öskjur þær, er ofangreindir flugeldar voru geymdir í. Eru pappaumbúðir þessar allsterklegar, og fellur lok vel að öskju. Leggja verður til grundvallar, svo sem sakargögnum er farið, að lok hafi verið á öskjum þeim, er í málinu greinir. Þegar þetta er virt, var ekki líklegt fyrir fram, að flutningur varnings þessa væri skaðvænn, enda voru farþegar í bifreið stefnda allt fulltíða fólk, þar á meðal áfrýjandi. Samkvæmt þessu og að öðru leyti með skírskotun til hins áfrýjaða dóms ber að staðfesta hann. Rétt þykir, að málskostnaður fyrir Hæstarétti falli niður. Ríkissjóður greiði málflutningslaun skipaðs talsmanns áfrýjanda fyrir Hæstarétti, kr. 3.500,00.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður.

Ríkissjóður greiði málflutningslaun talsmanns áfrýjanda fyrir Hæstarétti, Ragnars Jónssonar hæstaréttarlögmanns, kr. 3.500,00.

Sératkvæði
hæstaréttardómaranna Gizurar Bergsteinssonar og Jónatans Hallvarðssonar.

Þegar slys það varð, sem í málinu greinir, var stefndi að aka farþegum gegn borgun um götur Reykjavíkur. Við hlið hans í framsæti sat áfrýjandi, og í sama sæti hinum megin við áfrýjanda sat Bjarni Guðjónsson framreiðslumaður, en auk þess voru farþegar í aftursæti bifreiðarinnar. Hafði Bjarni tvo kassa með skrautflugeldum á hnjám sér, og var öðrum farþegum og stefnda um það kunnugt. Sérfróðir menn, sem dómkvaddir voru eftir uppsögu héraðs-

dóms, lýsa flugeldum þessum þannig: „Flugeldar þeir, sem hér um ræðir, eru venjulegir flugeldar, ætlaðir til skemmtunar og skrauts. Mjög auðvelt er að kveikja í þeim, þar sem kveikjuþráðurinn er úr þunnum pappír, sem auðveldlega kviknar í, ef eldur er borinn að. Af þessu verður að álíta, að mikil hætta sé á íkveikju í þeim flugeldum, sem hér um ræðir, sé verið með reykingar í nálægð þeirra.“ Samkvæmt efnagreiningu Atvinnudeildar háskólans, sem framkvæmd var að tilhlutun hinna dómkvöddu manna, var kveikjutundur flugeldanna venjulegt svart púður, en skrautljósablöndur úr bariumklórati, kalíumklórati og koli auk annarra efna, sem eigi voru sérstaklega greind vegna flókinnar samsetningar þeirra og lítils magns.

Farþegar stefnda í bifreiðinni reyktu, þ. á m. áfrýjandi og Bjarni Guðjónsson. Skyndilega varð mikið neistaflug frá flugeldunum og bifreiðin þegar alelda. Stöðvaði stefndi þá bifreiðina án tafar, hraðaði sér út úr henni, náði í slökkvitæki og reyndi árangurslaust að slökkva eldinn. Farþegar þeir, er í aftursæti bifreiðarinnar voru, komust brátt slysalaust út úr henni. Bjarni Guðjónsson kveðst hafa kastað sér út úr bifreiðinni um sömu dyr sem stefndi. Telur hann sig hafa farið yfir áfrýjanda, sem fallið hafði á gólf bifreiðarinnar, án þess að hann veitti henni athygli. Strax og hann kom út úr bifreiðinni, fór hann úr frakka sínum, sem logaði utan á honum. Var honum þá sagt að hverfa frá bifreiðinni, því að sprenging mundi verða í henni. En í sama bili varð honum ljóst, að áfrýjandi mundi enn vera inni í bifreiðinni. Seildist hann þá inn í eldinn eftir áfrýjanda, sem lá algerlega ósjálfbjarga á gólfi brennandi bifreiðarinnar, og dró hana út úr bifreiðinni. Loguðu þá föt áfrýjanda, og hafði hún hlotið brunasár.

Svo sem áður greinir, eru skrautflugeldar mjög eldfimir. Telja verður, að kviknað hafi í flugeldum þeim, sem um er að tefla, frá reykingum farþega.

Í 3. tölulið 8. gr. reglugerðar nr. 72/1937, um gerð og notkun bifreiða, er bannað að flytja sprengiefni í bifreið, þar sem farþegar eru. Enda þótt flugeldarnir innihéldu efni

þau, sem að framan greinir, verður þó eigi talið, að óheimilt hafi verið eftir greindu reglugerðarákvæði að flytja þá í bifreið. Hins vegar var það stórkostlegt gáleysi að reykja í nánd við þá, svo sem gert var. Bar stefnda sem stjórnanda bifreiðarinnar að banna það, en farþegum var samkvæmt síðustu málsgrein 1. töluliðar 8. gr. reglugerðar nr. 72/1937 skylt að hlýða skipunum hans í því efni.

Samkvæmt því, sem nú var rakið, verður að telja, að stefndi beri vegna greindrar vanrækslu sinnar ábyrgð á afleiðingum slyssins, þótt það fyrst og fremst verði rakið til gáleysis farþega þess, sem hafði flugeldana í vörzlu sinni. Þá hefur áfrýjandi með því að reykja í nánd við flugeldana og gera eigi athugasemd um gæzlu þeirra, fellt á sig nokkra ábyrgð á slysinu. Þykir eftir atvikum rétt, að stefndi í máli þessu bæti áfrýjanda tjón hennar að hálfu.

Áfrýjandi sundurliðar dómkröfu sína þannig:

1.	Vinnutap	kr. 9.416,66
2.	Spítalakostnaður	— 830,00
3.	Fataspjöll	— 3.490,00
4.	Þjáningar og lýti	— 8.000,00
		Samtals kr. 21.736,66

Áfrýjandi var þegar eftir slysið flutt í slysavarðstofu Reykjavíkurbæjar, og segir svo í vottorði varðstofunnar: „Sjúklingurinn hefur 2. stigs bruna á báðum fótum upp á mið læri, enn fremur á báðum höndum upp að úlnliðum. Smáblettur á enni. Eftir að búið hefur verið um sárin, er konan lögð í sjúkrahús.“

Í vottorði St. P. Björnssonar læknis 14. júní 1957 er áverkum áfrýjanda lýst á sama hátt, en sagt, að sár hennar hafi verið fullgróin hinn 3. apríl 1957, er hún fór af spítala.

Samkvæmt vottorði Nausts h/f var mánaðarkaup áfrýjanda, er slysið varð, kr. 2.500,00, og laun voru henni greidd til 1. febrúar 1957. Í vottorði Bergþórs læknis Smára 14. júní 1957 er þess getið, að hún hafi byrjað að vinna af nýju 23. maí 1957.

Eins og áður greinir, loguðu klæði áfrýjanda, er henni var bjargað úr bifreiðinni, og verður að ætla, að þau hafi eyðilagzt að mestu.

Um 1.	Með skírskotun til þess, sem rakið var, þykir rétt að taka þenna kröfulið til greina með	kr. 9.000,00
Um 2.	Fjárhæð þessa kröfuliðar sætir ekki andmælum, og verður hann því tekinn til greina að fullu	— 830,00
Um 3.	Bætur samkvæmt þessum kröfulið þykja hæfilega metnar	— 3.000,00
Um 4.	Með hliðsjón af sárum áfrýjanda og sjúkrasögu þykja bætur samkvæmt þessum lið hæfilega ákveðnar	— 5.000,00
	Samtals	kr. 17.830,00

Ber stefnda að greiða áfrýjanda helming þeirrar fjárhæðar, kr. 8.915,00, ásamt vöxtum eins og krafizt er.

Málflutningslaun talsmanns áfrýjanda fyrir Hæstarétti, kr. 3.500,00, greiðist úr ríkissjóði.

Stefndi greiði málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti, samtals kr. 6.500,00, og hljóti áfrýjandi þar af kr. 2.000,00 og ríkissjóður kr. 4.500,00.

Dómsorð:

Stefndi, Jóhann Erlendur Óskarsson, greiði áfrýjanda, Gerðu Bjarnadóttur, kr. 8.915,00 ásamt 6% ársvöxtum frá 10. október 1957 til greiðsludags.

Málflutningslaun talsmanns áfrýjanda fyrir Hæstarétti, Ragnars Jónssonar hæstaréttarlögmanns, kr. 3.500,00, greiðist úr ríkissjóði.

Stefndi greiði málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti, kr. 6.500,00, og hljóti áfrýjandi þar af kr. 2.000,00 og ríkissjóður kr. 4.500,00.

Dóminum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur bæjarþings Reykjavíkur 30. júní 1958.

Mál þetta, sem tekið var til dóms 21. þ. m., hefur Gerða Bjarnadóttir, Efstasundi 62 hér í bæ, höfðað á bæjarþinginu með stefnu, út gefinni 10. okt. 1957, gegn Jóhanni Erlendi Óskarssyni bifreiðarstjóra, Garðastræti 43 hér í bæ, til greiðslu skaðabóta, að fjárhæð kr. 22.320,00, auk 6% ársvaxta frá 10. október 1957 til greiðsludags og málskostnaðar að skaðlausu. Við munnlegan flutning málsins hinn 21. þ. m. lækkaði stefnandi fjárhæð kröfu sinnar í kr. 21.736,66, en hélt henni fram óbreyttri að öðru leyti.

Stefndi hefur *aðallega* krafizt sýknu og málskostnaðar eftir mati dómarans, en *til vara,* að krafa stefnanda verði lækkuð verulega og málskostnaður látinn niður falla.

Sjóvátryggingarfélagi Íslands h/f hér í bæ er stefnt til réttargæzlu í málinu, en síðargreind bifreið, R-7257, var vátryggð hjá félaginu. Á hendur réttargæzlustefnda eru ekki gerðar kröfur í málinu, og hann hefur engar kröfur gert.

Málsatvik eru þessi:

Aðfaranótt föstudagsins 11. janúar 1957 um kl. 01.30 ók stefndi bifreið sinni, R-7257, norður Lækjargötu hér í bænum. Var hér um leigubifreið að ræða af árgerð 1950. Maður og kona, sem stödd voru á Lækjargötu, stöðvuðu bifreiðina og stigu upp í hana. Ók stefndi þeim um stund fram og aftur um bæinn og nam að lokum staðar við sælgætisbúð á horni Bræðraborgarstígs og Túngötu. Bar þar að um líkt leyti aðra bifreið, sem í var kunningjafólk farþeganna í bifreið stefnda. Einn í þessum hópi, Kristján Einarsson að nafni, var eigandi umræddrar sælgætisbúðar. Þarna var tekið og borið út í bifreið stefnda gosdrykkir, sælgæti og flugeldar. Að því búnu var ekið af stað aftur og numið staðar uppi á Ártúnsbrekku, þar sem flugeldunum var skotið. Bættust nú þrír farþegar í bifreið stefnda, og var ekið áleiðis vestur í bæ. Var numið staðar við fyrrgreinda sælgætisbúð til þess að ná þar í sígarettur. Búðareigandinn og annar úr hópi farþega, Bjarni Guðjónsson að nafni, fóru inn í búðina þeirra erinda. Er þeir komu aftur, höfðu þeir meðferðis tvo pappakassa með flugeldum í. Var lok á hvorum kassa og teygjuböndum bundið yfir þá, en kassarnir festir saman með teygju eða snæri. Bjarni Guðjónsson settist í framsæti bifreiðarinnar við hlið stefnanda, er sat á milli hans og bifreiðarstjórans. Hafði Bjarni kassana með flugeldunum í á hnjám sér. Stefndi var nú beðinn að aka eitthvað inn fyrir bæ. Ók hann áleiðis inn á Suðurlandsbraut. Er komið var inn undir

Múla, varð skyndilega vart við mikið neistaflug úr flugeldakössunum, og skipti það engum togum, að bifreiðin varð brátt alelda. Stefndi stöðvaði bifreiðina þegar í stað, svipti opinni vinstri framhurðinni og hraðaði sér út. Kveðst hann þegar hafa opnað farangursgeymslu bifreiðarinnar og tekið þar handslökkvitæki, er hann hafi sprautað úr á eldinn, en hann hafi þá verið svo magnaður orðinn, að það hafi engan árangur borið. Af farþegunum í bifreiðinni er það að segja, að þau þrjú, sem setið höfðu í aftursætinu, komust svo að segja strax út úr bifreiðinni lítið sem ekkert meidd, en höfðu orðið fyrir einhverju fatatjóni. Bjarni Guðjónsson kveðst hafa kastað sér út úr bifreiðinni, um leið og stefndi snaraðist út úr henni, og kveðst viss um, að hann hafi farið út um sömu dyr og stefndi. Kveðst hann ekki hafa orðið var við stefnanda og telur, að hún muni þá hafa verið fallin í gólfið og hann farið yfir hana. Er hann kom út úr bifreiðinni, hafi frakki hans logað, og hafi hann strax farið úr honum. Er hér var komið, kveðst hann hafa heyrt, að einhver kallaði til hans að forða sér frá bifreiðinni, því að sprenging mundi verða. Samtímis hafi honum orðið ljóst, að stefnandi var enn inni í bifreiðinni. Kveðst hann því hafa seilzt eftir henni inn í eldinn og dregið hana út um vinstri framdyrnar. Logaði kápa stefnanda þá, og var hún þegar færð úr henni.

Um leið og atburðir þessir voru að gerast, bar þarna að bifreið, sem var á leið í bæinn. Var ökumaður hennar beðinn um að kveðja á vettvang slökkvilið og lögreglu. Brá hann skjótt við og hafði samband við slökkviliðið í gegnum brunaboða á húsinu nr. 126 við Laugaveg. Kom slökkviliðið brátt á vettvang með tæki sín, en þá var flest það í bifreiðinni brunnið, sem brunnið gat. Mun yfirbygging bifreiðarinnar hafa eyðilagzt að mestu.

Stefnandi hlaut allmikil brunasár og varð verst úti af þeim, sem í bifreiðinni voru. Bjarni Guðjónsson brenndist á báðum höndum, í andliti og á vinstra fæti, er hann bjargaði stefnanda út úr bifreiðinni. Einn af farþegunum þrem, sem í aftursætinu sátu, Anna Berta Einarsdóttir, brenndist að vísu ekki, en hár hennar sviðnaði örlítið. Þessir þrír farþegar voru þegar í stað fluttir í slysavarðstofuna, þar sem gert var að meiðslum þeirra. Aðrir, sem í bifreiðinni voru, virðast ekki hafa orðið fyrir meiðslum.

Allir farþegarnir höfðu verið að skemmta sér í veitingahúsi einu hér í bænum, áður en lagt var upp í umrædda ökuferð. Unnu þeir allir utan Kristján Einarsson í veitingahúsinu Nausti á þessum tíma. Það er ekki alveg ljóst, með hverjum hætti eldurinn kviknaði, en

telja má víst, að neisti frá sígarettu hafi valdið honum. Virðast reykingar hafa verið þarna um hönd hafðar, og svo er að sjá, að einhverjir farþeganna hafi verið undir áhrifum áfengis. Þykir rétt að rekja framburði farþeganna og stefnda um þessi atriði.

Stefndi kveður farþegana hafa reykt í bifreiðinni, einnig Bjarna Guðjónsson, sem hélt á flugeldakössunum. Kveðst stefndi fyrst hafa orðið eldsins var þannig, að neistaflug hafi dunið á honum úr kjöltu Bjarna. Stefndi kveður farþegana hafa verið eitthvað lítils háttar undir áhrifum áfengis og kveðst halda, að þeir hafi haft meðferðis eitthvað lítils háttar af áfengi. Bjarni Guðjónsson kveðst ekki muna, hvort hann hafi verið að reykja, þegar slysið varð. Hann kveðst ekki heldur muna, hvort stefnandi hafi þá verið að reykja. Annars hafi allir í bifreiðinni reykt nema ef til vill ekki stefndi. Bjarni kveðst einskis óvenjulegs hafa orðið var, fyrr en neistaflug kom úr kössunum, sem flugeldarnir voru í, og allt varð á svipstundu í eldhafi. Hann kveðst vera viss um, að hann hafi verið með flugeldakassana á hnjánum, þegar eldurinn kviknaði, en ekki geti hann gert sér grein fyrir því, til hvorrar handar þeir hafi fallið. Bjarni kveðst telja, að allir, sem í bifreiðinni voru, hafi verið eitthvað undir áhrifum áfengis nema stefndi og maður að nafni Guðmundur Grétar Hafsteinsson. Kristján Einarsson kveður eitthvað hafa verið reykt í bifreiðinni. Ekki muni hann þó sérstaklega, hvort þau, sem frammi í sátu, hafi verið að reykja, er eldurinn kviknaði. Eldsins kveðst hann fyrst hafa orðið var þannig, að hann hafi heyrt eitthvert „hviss", og á sama tíma hafi bifreiðin fyllzt af brælu. Kristján kveðst ekki geta um það sagt, hvort farþegarnir hafi verið undir áhrifum áfengis, en hafi svo verið, hafi þess a. m. k. gætt mjög lítið. Guðmundur Grétar Hafsteinsson kveður töluvert hafa verið reykt í bifreiðinni, en man ekki, hvort reykt var um það leyti, er eldurinn varð laus. Hann kveður aðra farþega en sig munu hafa verið lítils háttar undir áhrifum áfengis. Anna Berta Einarsdóttir kveður annaðhvort þeirra Bjarna eða stefnanda hafa verið að reykja, þegar eldurinn kom upp, en man ekki, hvort þeirra það hafi verið. Hún kveður stefnanda, Bjarna og Kristján öll hafa verið nokkuð undir áhrifum áfengis. Stefnandi kveðst litla athygli hafa veitt flugeldakössunum, er komið var með þá inn í bifreiðina. Þannig hafi hún ekki veitt því athygli, hvort þeir voru einn eða tveir eða hvort lok var á þeim. Stefnandi kveðst ekki hafa verið að reykja, er slysið varð, en hún muni ekki, hvort hún hafi verið að reykja stuttu áður. Ekki kveðst hún heldur muna, hvort Bjarni eða aðrir far-

þeganna hafi verið að reykja um það leyti, er eldurinn kom upp. Kveðst stefnandi einskis óvenjulegs hafa orðið vör, fyrr en hún heyrði „hviss“ og miklar eldglæringar gusu upp. Stefnandi kveðst aðeins hafa bragðað áfengi, sem einhver farþeganna hafi haft um hönd, en ekki hafi hún tekið eftir því, að nokkur í bifreiðinni væri undir áhrifum áfengis.

Stefnandi reisir dómkröfur sínar á því, að stefndi beri fébótaábyrgð á tjóni því, er hún beið af völdum nefnds slyss, m. a. samkvæmt ákvæðum bifreiðalaga. Er sérstaklega vakin á því athygli, að stefnda hafi verið um það kunnugt, að flugeldar voru fluttir í bifreiðinni, svo og það, að farþegarnir reyktu. Þá er því hreyft, að björgun stefnanda út úr bifreiðinni hafi ekki farið örugglega úr hendi.

Sýknukröfuna reisir stefndi á því, að ljóst sé, að slys það, sem um ræðir, verði á engan hátt rakið til notkunar bifreiðarinnar. Komi því sönnunarregla 34. gr. laga nr. 23/1941 ekki til greina hér. Af þessu leiði, að stefnandi geti aðeins reist bótakröfu sína á því, að um sök hafi verið að ræða hjá stefnda. Á hann hafi hins vegar engin sök verið sönnuð. Það sé fram komið, að allir farþegarnir hafi verið saman um leigu bifreiðarinnar. Hið eina, sem geti komið til álita í því sambandi, sé það, að hann skyldi láta það viðgangast, að flugeldarnir væru hafðir inni í farþegarúmi bifreiðarinnar, þar sem farþegarnir reyktu. Í þessu efni er því fyrst og fremst mótmælt af stefnda, að honum hafi verið um það kunnugt, að flugeldar voru í umræddum kössum. Yrði ekki á þau mótmæli fallizt, geti þó vart til þess komið, að þetta verði metið honum til sakar, þar sem hér hafi verið um að ræða flutning sprengiefnis, sem almennt sé talið hættulítið. Þá er athygli vakin á því, að farþegarnir hafi allir verið saman um leigu bifreiðarinnar, og verði því að líta á þá sem eina heild gagnvart stefnda. Stefnandi hafi setið við hlið þess manns, er varðveitti flugeldakassana, svo sé að sjá, að hún hafi verið að reykja um það leyti, sem eldurinn kviknaði, og enn fremur hafi hún verið undir áhrifum áfengis. Verði ekki á sýknukröfuna fallizt, telur stefndi, að ekki komi til mála, að lagður verði á hann nema örlítill hluti af því tjóni, er stefnandi beið.

Það er augljóst, að slys það, sem mál þetta fjallar um, verður ekki rakið til notkunar bifreiðarinnar í merkingu 1. mgr. 34. gr. laga nr. 23/1941. Á því hin sérstaka sönnunarregla, sem þar er lögfest, ekki við hér.

Önnur skýring á eldsupptökunum verður ekki fundin en sú, að

neisti frá vindlingi hafi komizt að flugeldunum. Farþegarnir í bifreiðinni voru saman um að taka hana á leigu, og eigi verður annað séð en flugeldarnir hafi verið í farþegarými bifreiðarinnar með vitund og vilja þeirra allra. Stefnanda var kunnugt um, að sessunautur hennar hafði flugeldana hjá sér, og henni mátti vera ljóst, að hættulegt var að reykja í nálægð þeirra, þar sem sjá mætti fyrir, að í þeim gæti kviknað, eins og reyndin varð. Þrátt fyrir þetta lét stefnandi það ekki einasta átölulaust, að sessunautur hennar reykti, heldur reykti hún sjálf.

Það var að vísu ámælisvert af stefnda að láta það viðgangast, að reykt væri í bifreiðinni, úr því að flugeldarnir voru geymdir í farþegarými hennar, en telja má fullvíst, að stefnda hafi verið um það kunnugt. Þrátt fyrir það þykir ekki alveg næg ástæða til að fella sök á stefnda, eins og atvikum var hér háttað. Verður því fébótaábyrgð á tjóni stefnanda af völdum slyssins ekki lögð á stefnda, en af því leiðir, að sýkna ber hann af kröfum hennar í málinu. Eftir atvikum þykir rétt, að málskostnaður falli niður.

Einar Arnalds borgardómari kvað upp þennan dóm.

Dómsorð:

Stefndi, Jóhann Erlendur Óskarsson, á að vera sýkn af kröfum stefnanda, Gerðu Bjarnadóttur, í máli þessu.

Málskostnaður falli niður.

Mánudaginn 9. nóvember 1959.

Nr. 93/1959. **Hreppsnefnd Nesjahrepps f. h. hreppsins**
(Páll S. Pálsson hrl.)
gegn
skiptaráðandanum í Skaftafellssýslu
og
Sigurborgu Þórarinsdóttur
(Sigurgeir Sigurjónsson hrl.).

Dómendur:
hæstaréttardómararnir Þórður Eyjólfsson, Gizur Bergsteinsson, Jón Ásbjörnsson og Jónatan Hallvarðsson og prófessor Theodór B. Líndal.

Erfðamál. Skjal, áritað af arfleifanda, metið ógilt sem erfðaskrá.

Dómur Hæstaréttar.

Sigurður Briem Jónsson, fulltrúi sýslumanns í Skaftafellssýslu, hefur kveðið upp hinn áfrýjaða úrskurð.

Áfrýjandi hefur skotið máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 26. maí þ. á., að fengnu áfrýjunarleyfi 14. s. m. Krefst hann þess, að úrskurði skiptaráðanda verði hrundið og skjal það, sem málið fjallar um, verði dæmt gild erfðaskrá, er skiptaráðanda beri að fara eftir við skipti á dánarbúi Sigurðar Þórarinssonar. Svo krefst hann og málskostnaðar úr hendi stefndu, Sigurborgar Þórarinsdóttur, bæði í héraði og hér fyrir dómi eftir mati Hæstaréttar.

Stefndu krefjast staðfestingar hins áfrýjaða úrskurðar og málskostnaðar til handa stefndu, Sigurborgu Þórarinsdóttur, úr hendi áfrýjanda fyrir Hæstarétti eftir mati dómsins.

Við útgáfu skjals þess, sem í málinu greinir, var ekki gætt ákvæða 24. gr., sbr. 25. gr. og 26. gr. erfðalaga, nr. 42/1949, um áritun votta eða notarii publici á skjalið um undirskrift Sigurðar Þórarinssonar né um viðurkenningu hans á efni þess. Verður skjalið þegar af þeirri ástæðu ekki metið gild erfðaskrá gegn þeim andmælum lögerfingjans, Sigurborgar, sem í úrskurði skiptaráðanda getur. Ber því að staðfesta hinn áfrýjaða úrskurð.

Rétt þykir, að áfrýjandi greiði stefndu, Sigurborgu Þórarinsdóttur, málskostnað fyrir Hæstarétti, kr. 5.000,00.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður.

Áfrýjandi, hreppsnefnd Nesjahrepps f. h. hreppsins, greiði stefndu, Sigurborgu Þórarinsdóttur, málskostnað fyrir Hæstarétti, kr. 5.000,00, að viðlagðri aðför að lögum.

Úrskurður skiptaréttar Skaftafellssýslu 8. október 1958.

Í máli þessu, sem tekið var undir úrskurð 26. f. m. að undangengnum skriflegum málflutningi, hefur sóknaraðili, hreppsnefnd Nesjahrepps í Austur-Skaftafellssýslu, krafizt þess, að fram lagt skjal (réttarskjal nr. 1) verði tekið gilt sem lögleg erfðaskrá og eignum Sigurðar sál. Þórarinssonar verði varið eftir því, sem nánar greinir í skjalinu.

Þá krefst hann og málskostnaðar úr hendi varnaraðilja eftir mati réttarins.

Lögmaður varnaraðilja, Sigurborgar Þórarinsdóttur, hefur í bréfum, dags. 9/3 1958, 28/3 1958 og 23/6 1958 (réttarskjöl 4, 5 og 7), mótmælt gildi nefnds skjals sem löglegrar erfðaskrár og krafizt þess, að Sigurborgu Þórarinsdóttur sem einkaerfingja verði lagðar út eftirlátnar eignir Sigurðar sál. Þórarinssonar.

Málavextir eru þeir, sem nú skal greina:

Hinn 21. september 1957 andaðist í Landspítalanum í Reykjavík Sigurður Þórarinsson frá Stórulág í Nesjahreppi í Austur-Skaftafellssýslu. Hann lét eftir sig skriflegt uppkast, þar sem hann kveður það vera vilja sinn, að stofnaður verði minningarsjóður af eftirlátnum eigum sínum, er beri nafn hans. Sé tilgangur sjóðsins að verja árlegum vöxtum til að verðlauna skepnueigendur í Nesjahreppi, eftir því sem nánar greinir í skjalinu, og að stjórn sjóðsins sé bezt komin í höndum hreppsnefndar Nesjahrepps. Skjal þetta, sem er ódagsett, er auðkennt með eiginhandarnafni Sigurðar, neðarlega vinstra megin, en skjalið ber ekki með sér, að það sé undirritað í viðurvist notarii publici eða tveggja tilkvaddra votta, en óvefengt er, að það sé með rithönd Sigurðar.

Sigurborg Þórarinsdóttir hefur mótmælt gildi þessa skjals sem

löglegrar erfðaskrár og telur efni þess ekki vera síðasta vilja arflátans.

Tvö vitni hafa komið fyrir rétt.

Sigfinnur Pálsson, bóndi í Stórulág, hefur borið, að hann hafi séð Sigurð sáluga vera að skrifa nefnt skjal að morgni 28. ágúst 1957, en þann dag fór Sigurður til Reykjavíkur til lækninga. Hafi sér virzt hann þá vera með fullu ráði og rænu og heill heilsu.

Sömuleiðis ber vitnið Sigurbjörg Eiríksdóttir, húsfreyja í Stórulág, að hún hafi séð Sigurð sáluga vera að rita skjalið þennan morgun, og hafi sér virzt hann heill heilsu og með fullu ráði og rænu.

Héraðslæknirinn á Höfn, Kjartan Árnason, hefur vottað, að hann hafi skoðað Sigurð 22. ágúst 1957, og hafi sér virzt hann vera eins og hann átti að sér.

Svo sem áður segir, kallar Sigurður sálugi skjalið „uppkast" og virðist samkvæmt framburði vitnanna hafa skrifað það í flýti. Er ekki öruggt gegn mótmælum, að það hafi að geyma síðasta og endanlegan vilja hans. Og þar sem skjalið ber hvorki með sér, að það sé undirritað í viðurvist notarii publici né tveggja tilkvaddra erfðaskrárvotta, hefur verið gengið í svo verulegum atriðum fram hjá hinum ströngu formkröfum, að því er varðar samningu erfðaskrár, sbr. 24., 25. og 26. gr. laga nr. 42/1949, að ekki þykir fært að meta skjalið gilt sem löglega erfðaskrá.

Verður því samkvæmt framansögðu að úrskurða skjalið ógilt sem erfðaskrá, þar sem það uppfyllir ekki hið lögboðna erfðaskrárform.

Rétt þykir eftir atvikum, að málskostnaður falli niður.

Því úrskurðast:

Fram lagt skjal Sigurðar Þórarinssonar skal metið ógilt sem lögleg erfðaskrá.

Málskostnaður fellur niður.

Mánudaginn 9. nóvember 1959.

Nr. 95/1959. **Þorsteinn Ásgeirsson**
(Gunnar Þorsteinsson hrl.)
gegn
fjármálaráðherra f. h. ríkissjóðs
(Benedikt Sigurjónsson hrl.)
og gagnsök.

Dómendur:
hæstaréttardómararnir Þórður Eyjólfsson, Gizur Bergsteinsson, Jón Ásbjörnsson og Jónatan Hallvarðsson og prófessor Theodór B. Lindal.

Slysabætur. Sératkvæði.

Dómur Hæstaréttar.

Aðaláfrýjandi hefur skotið máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 29. maí þ. á. Krefst hann þess, að gagnáfrýjanda verði dæmt að greiða honum kr. 56.997,20 ásamt 6% ársvöxtum frá 14. nóvember 1957 til greiðsludags og málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti eftir mati dómsins.

Gagnáfrýjandi hefur áfrýjað málinu með stefnu 3. júní þ. á. Krefst hann *aðallega* sýknu af kröfum aðaláfrýjanda og málskostnaðar úr hendi hans í héraði og fyrir Hæstarétti. *Til vara* krefst hann staðfestingar héraðsdóms og málskostnaðar hér fyrir dómi.

Eins og greinir í hinum áfrýjaða dómi, lét vinnuveitandi sá, sem aðaláfrýjandi vann hjá, leggja staur í húsasund, sem verkamenn hans voru vanir að ganga um til matskála, þegar svo bar undir, að bifreiðar, sem óku þeim til matstaðar, stöðvuðust þeim megin skálans. Var staurinn lagður í húsasundið, án þess að hann væri litaður þannig, að hann væri auðgreindur frá jarðveginum. Húsasundið var óupplýst, og ekki virðist verkamönnum hafa verið skýrt frá farartálma þessum. Atvinnuveitandinn vanrækti að tilkynna öryggiseftirlitsstjórn um slysið, svo sem boðið er í 26. gr. laga nr. 23/1952, og varð rannsókn á orsökum slyssins því ekki eins rækileg og þurft hefði að vera. Fallast má á það með héraðsdómara, að nokkuð hafi skort á tilhlýðilega að-

gæzlu bæði af hendi vinnuveitanda og aðaláfrýjanda. Samkvæmt þessu og að öðru leyti með skírskotun til atvikalýsingar í héraðsdómi þykir rétt, að gagnáfrýjandi bæti aðaláfrýjanda tjón hans að hálfu. Staðfesta má ákvörðun héraðsdómara um fjárhæðir einstakra kröfuliða. Ber gagnáfrýjanda samkvæmt því að greiða aðaláfrýjanda kr. 18.000,00 ásamt vöxtum eins og krafizt er og málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti, sem ákveðst samtals kr. 6.000,00.

Dómsorð:

Gagnáfrýjandi, fjármálaráðherra f. h. ríkissjóðs, greiði aðaláfrýjanda, Þorsteini Ásgeirssyni, kr. 18.000,00 ásamt 6% ársvöxtum frá 14. nóvember 1957 til greiðsludags og málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti, samtals kr. 6.000,00.

Sératkvæði
Gizurar Bergsteinssonar hæstaréttardómara
og Theodórs B. Líndals prófessors.

Aðaláfrýjandi var starfsmaður varnarliðsins á Keflavíkurflugvelli. Mötuneyti starfsmanna varnarliðsins var í stórum timburskála á vellinum. Aðaláfrýjandi hafði komið með vinnufélögum sínum í herflutningabifreið að bakhlið skálans, þá er slysið varð. Eigi var venjulegt, að bifreiðar, sem fólk fluttu, staðnæmdust við bakhlið skálans, enda lá upplýst leið hinum megin að aðaldyrum hans, og var augsýnilega til þess ætlazt, að þeim megin væri gengið inn í skálann. Er þeir höfðu farið úr bifreiðinni, styttu þeir sér leið gegnum sund, er var milli útbyggingar úr matskálanum og annars skála, lítils. Engin lýsing var í sundinu né við bakhlið skálans. Talið er, að sund þetta hafi verið 3—4 m breitt, og hafði planki verið lagður þvert yfir sundið til að gefa bifreiðarstjórum til kynna, að þeir skyldu eigi aka um sundið. Aðaláfrýjandi var 69 ára gamall og notaði gleraugu. Var því ríkt tilefni fyrir hann að fara varlega. Hann fór eigi aðalleið, þar sem lýsing var, heldur um sund, þar sem hann

sá eigi til vegarins, og hnaut þá um plankann og hlaut meiðsli af.

Tálmar, slíkir sem þessi planki, eru algengir á umferðarleiðum gangandi fólks hér á landi, og átti plankinn eigi að vera hættulegur þeim, sem gætilega fór. Má sá, sem leið sína leggur um dimmt húsasund, vera við því búinn, að leiðin kunni að vera nokkuð ógreið, og ber honum að haga sér samkvæmt því. Verður að telja, að aðaláfrýjandi hafi farið ógætilega, eins og aðstæður voru, og slysið stafi af því og óhappatilviljun. Er því eigi efni til að dæma skaðabætur vegna þess úr hendi gagnáfrýjanda.

Eftir atvikum þykir málskostnaður mega falla niður í héraði og fyrir Hæstarétti.

Dómsorð:

Gagnáfrýjandi, fjármálaráðherra f. h. ríkissjóðs, á að vera sýkn af kröfum aðaláfrýjanda, Þorsteins Ásgeirssonar, í máli þessu.

Málskostnaður í héraði og fyrir Hæstarétti fellur niður.

Dómur bæjarþings Reykjavíkur 9. maí 1959.

Mál þetta, sem tekið var til dóms 30. f. m., hefur Þorsteinn Ásgeirsson málari, Bogahlíð 24 hér í borg, höfðað á bæjarþinginu með stefnu, út gefinni 4. júní 1958, gegn fjármálaráðherra vegna ríkissjóðs til greiðslu skaðabóta, að fjárhæð kr. 56.997,20, ásamt 6% ársvöxtum frá 14. nóvember 1957 til greiðsludags og málskostnaði að skaðlausu.

Stefndi hefur í greinargerð krafizt sýknu og málskostnaðar eftir mati dómarans. Við munnlegan flutning málsins gerði hann þá varakröfu, að stefnukrafan yrði stórlega lækkuð og málskostnaður látinn niður falla.

Málsatvik eru þessi:

Hinn 14. nóvember 1957 um kl. 17,00 varð stefnandi fyrir því slysi á Keflavíkurflugvelli, að hann hrasaði um staur, sem komið hafði verið fyrir í húsasundi, þar sem hann átti leið um. Féll stefnandi við þetta fram yfir sig og kom svo illa niður í fallinu, að hann fór úr hægri axlarlið.

Stefnandi var á þessum tíma starfsmaður varnarliðsins og var

á leið til mötuneytis starfsmanna þess, er slysið varð. Svo hagaði til þarna, að mötuneytið var í einlyftri timburbyggingu, og var inngangur í bygginguna um tvennar dyr á gafli hennar. Virðist hús þetta hafa verið mjög langt, og lá akbraut meðfram hvorri hlið þess, og var hægt að komast að inngöngudyrum þess eftir hvorri þeirra, sem var. Mun önnur akbrautin hafa verið notuð mun meira en hin af þeim, sem leið áttu í mötuneytið. Í umrætt sinn hafði stefnanda ásamt fleiri starfsmönnum verið ekið í herflutningabifreið að mötuneytinu, svo sem venja mun hafa verið, og var ekið þá leiðina, sem sjaldnar var farin. Á þeirri hlið matskálans, sem að þessari leið vissi, var útbygging og skammt frá henni annað hús, þannig að sund var á milli, um 3—4 m á breidd. Var stefnandi staddur í því sundi, er hann féll, en staur sá, er hann hrasaði um, hafði verið lagður á jörðina um þvert sundið til að hindra, að bifreiðum væri ekið þarna um. Af þeim sökum var bifreið þeirri, er flutti stefnanda, ekki ekið alveg að fordyri hússins, heldur stöðvuð í um 10 m fjarlægð frá því, en þar stigu farþegarnir úr henni og gengu spölinn þaðan að fordyrinu.

Stefnandi skýrir svo frá, að ávallt hafi verið gengið eftir umræddu húsasundi, þegar þessi bakleið, sem hann nefnir svo, var farin að mötuneytinu. Kveðst hann ekki áður hafa orðið var slíkrar hindrunar í sundinu. Aftur á móti hafi staurar legið framan við fordyri mötuneytisins, að því er virðist, til að mynda bifreiðastæði, en þeir hafi allir verið gulmálaðir og vel sýnilegir vegfarendum, enda raflýsing jafnan góð þeim megin hússins. Staur þann, er hér ræðir um, kveður stefnandi hafa verið ómálaðan og samlitan jarðveginum. Það hafi torveldað athygli manna að staurnum, að raflýsing var engin í sundinu, þar sem ljós hafi ekki verið á ljósaperu, sem komið var fyrir yfir anddyri matskálans.

Tvö vitni hafa gefið vottorð í málinu. Höfðu þau verið í bifreiðinni með stefnanda og voru eins og hann á leið frá bifreiðinni að matskálanum, er slysið varð. Eru vottorð þeirra samhljóða skýrslu stefnanda um aðstæður í húsasundinu. Vitni þessi fóru á undan stefnanda og urðu ekki sjónarvottar að slysinu.

Lögð hefur verið fram í málinu *Tilkynning um slys,* skráð á eyðublað frá Tryggingastofnun ríkisins og undirrituð af A. C. Waterman, jr., supervisor. Segir í henni á þessa leið um atvik að slysinu:

„While entering mess facility for evening meal man fell over a log provided for parking in front of Mess Hall. Insufficient light

for the man to see." — Stefnandi reisir kröfu sína í málinu á því, að atvinnuveitandi hans hafi átt sök á slysinu vegna umgetins farartálma, sem vegfarendur hafi á engan hátt verið varaðir við.

Stefndi vefengir ekki aðild sína að málinu né heldur fébótaábyrgð á tjóni stefnanda af völdum slyssins að því leyti, sem talið yrði, að við atvinnuveitanda hans sé um það að sakast. Sýknukröfu sína reisir hann aftur á móti á því, að atvinnuveitandi stefnanda hafi enga sök átt á slysinu. Það er ekki vefengt, að slysið hafi orðið með þeim hætti, sem stefnandi lýsir, en á það er bent, að fram undan fordyri matskálans hafi verið alveg autt svæði, þar sem ætlazt var til, að fótgangandi menn færu um. Um þetta hafi stefnandi ekki hirt, heldur gengið inn á bifreiðastæðið, þar sem hann vissi eða mátti vita, að nokkrar hindranir mundu vera. Er sérstaklega bent á það í þessu sambandi, að stefnandi hafi verið búinn að koma oft í matskálann og því verið þaulkunnugur á þessum slóðum. Svo sé að sjá, að orsök slyssins hafi verið eingöngu ógætni stefnanda sjálfs og óhappatilviljun, en það hvort tveggja sé á ábyrgð stefnanda sjálfs.

Það kemur ekki fram í gögnum málsins, hversu fyrirferðarmikill umræddur staur var. Skortir og á, að atvik málsins að öðru leyti liggi eins ljóst fyrir og skyldi. Verður það, sem á vantar í því efni, að koma stefnda í óhag, þar sem atvinnuveitandi stefnanda hlutaðist ekki til um rannsókn á slysinu, svo sem boðið er í 26. gr. laga nr. 23/1952. Með þetta í huga og þau atriði, sem fram eru komin í málinu um atvik að slysinu, verður að líta svo á, að umræddur staur hafi verið hættulegur farartálmi, með því að honum var komið fyrir óauðkenndum í gangveginn um óupplýst húsasund, þar sem vænta mátti umgangs þeirra, sem leið áttu að eða frá mötuneytinu. Bar atvinnuveitanda stefnanda, sem virðist hafa haft öll forráð á þessum slóðum, að sjá til þess, að hindrun þessari væri rutt úr vegi eða hún nægilega auðkennd. Vegna vanrækslu hans í því efni verður að leggja á stefnda, sem hér kemur í stað atvinnuveitandans, nokkra fébótaábyrgð á tjóni stefnanda af völdum slyssins.

Stefnandi fór að húsabaki í umrætt sinn, þar sem skuggsýnt var og því þörf sérstakrar varúðar. Þykir sýnt, að á hafi skort í því efni af hans hálfu, og verður hann því að bera hluta af tjóni sínu sjálfur.

Eftir atvikum þykir rétt að skipta svo tjóni stefnanda af völdum slyssins, að stefndi bæti honum ⅔ hluta þess, en sjálfur beri hann ⅓ hluta þess.

Stefnandi sundurliðar þannig fjárhæð kröfu sinnar:

1. Kaup í 7 mánuði frá 22. nóv. 1957	kr.	46.900,00
2. Þjáningar	—	15.000,00
	Kr.	61.900,00
÷ Dagpeningar frá Tryggingastofnun ríkisins	—	4.902,80
	Kr.	56.997,20

Um 1.

Þegar eftir slysið var stefnandi fluttur í sjúkrahús Keflavíkur, þar sem hann lá í 8 daga. Um læknismeðferð þá, er hann hlaut þar, liggja ekki fyrir gögn í málinu. Um 2 mánuðum eftir slysið fór stefnandi upp á Akranes, þar sem hann var stundaður af Hallgrími Björnssyni lækni. Í vottorði hans, dags. 1. febrúar 1958, segir, að stefnandi sé þá enn algerlega óvinnufær vegna meiðslanna, er hann hlaut við slysið, en eins og áður var greint, voru meiðslin liðhlaup í hægra axlarlið. Segir í vottorðinu, að stefnandi hafi verið í physiotherapi á Akranesi um 2 vikna skeið, en eigi þá enn mjög langt í land um bata. Megi sennilega gera ráð fyrir 2 mánaða meðferð.

Í vottorði sama læknis, dags. 20. marz 1958, segir, að frá því fyrra vottorð var gefið, hafi stefnandi verið nokkuð í physiotherapi, en árangur sjáist þá enn enginn. Hann sé enn jafnstirður í axlarliðnum og hann var, er fyrra vottorð var gefið, og vöðvar hafi haldið áfram að rýrna, svo að horfur séu á því, að hann nái aldrei fullum bata, heldur verði um talsvert mikla varanlega örorku að ræða. Þá er þess getið í vottorðinu, að stefnandi sé enn alls ófær til að hefja aftur sitt fyrra starf.

Í vottorði Hallgríms læknis Björnssonar, dags. 10. júní 1958, er þess getið, að stefnandi sé enn óvinnufær. Stirðleikinn í öxlinni virðist hinn sami og máttur handleggsins hafi ekkert aukizt.

Hinn 6. október 1958 skýrir stefnandi svo frá fyrir dómi, að hægri handleggurinn sé þá enn stirður. Geti hann ekki lyft handleggnum hærra en rétt upp fyrir axlarhæð og eigi enn fremur bágt með að teygja hann aftur fyrir bak. Þá kveður hann nokkur brögð að því, að gigt setjist í handlegginn.

Stefnandi kveðst vera fæddur 9. janúar 1888. Hefur hann því verið 69 ára gamall, er hann varð fyrir slysi því, sem málið fjallar um. Stefnandi er einhleypur og hefur dvalizt langdvölum vestan hafs, en kom til Íslands 25. marz 1956 til þess að hitta ættingja sína hér. Ílentist hann hér og hóf vinnu hjá varnarliðinu á Kefla-

víkurvelli hinn 1. júlí 1957 sem málari. Stefnandi kveðst ekki hafa reynt mikið til að verða sér úti um aðra vinnu en hann gegndi, er hann slasaðist, enda frekar ókunnugur hér á landi. Hann kveður verkstjóra þann, er hann vann hjá á vegum varnarliðsins, hafa boðizt til að taka sig aftur í vinnu, er hann hefði náð sér, en eigi hafi hann treyst sér til að taka því boði vegna meiðslanna.

Eins og fram kemur í sundurliðun stefnukröfunnar hér að framan, krefst stefnandi undir þessum lið 7 mánaða kaups og miðar atvinnutjónið við 22. nóvember 1957, þar sem fyrstu vikuna eftir slysið fékk hann greitt kaup frá atvinnuveitanda sínum. Hefur stefnandi lagt fram launamiða, er sýnir, að kaup hans tvær vikur í ágúst 1957 hefur numið kr. 3.029,05, en kaup sitt kveður hann venjulega hafa numið kr. 1.500,00 á viku.

Stefndi hefur mótmælt því, að stefnandi hafi verið óvinnufær í 7 mánuði eftir slysið. Hefur hann í því sambandi skorað á stefnanda að láta rannsaka sig nákvæmlega og meta örorku sína af völdum slyssins. Hefur stefnandi ekki sinnt þeirri áskorun. Þá hefur stefndi eindregið mótmælt því, að stefnandi hafi haft 1.500,00 króna laun á viku. Hefur stefndi lagt fram þeim mótmælum til stuðnings greinargerð á ensku um starfskjör stefnanda, þau er hann naut, meðan hann starfaði á vegum varnarliðsins. Segir þar um kaup stefnanda: „Regular weekly salary, incl., for 48 hrs.: kr. 1.104,96." Að lokum vekur stefndi athygli á því, að stefnandi hafi, er slysið varð, án efa verið lítt fær orðinn til almennrar vinnu vegna aldurs.

Þegar virt er það, sem fram er komið í málinu um hagi stefnanda, og afleiðingar meiðsla þeirra, er hann hlaut, þá þykir rétt að meta tjón hans samkvæmt þessum lið kr. 30.000,00. Er þá haft í huga, að hann fékk greitt einnar viku kaup eftir slysið, og jafnframt er þá dregin frá greiðsla sú, er hann fékk frá Tryggingastofnun ríkisins, kr. 4.902,80.

Um 2.

Stefndi hefur mótmælt kröfulið þessum sem of háum.

Eftir atvikum þykir rétt að taka þenna kröfulið til greina með kr. 6.000,00.

Tjón stefnanda af völdum slyssins telst þá nema alls kr. 36.000,00 (kr. 30.000,00 + kr. 6.000,00). Af þeirri fjárhæð verður stefndi dæmdur til að greiða stefnanda ⅔ hluta eða kr. 24.000,00 ásamt vöxtum eins og krafizt er og málskostnaði, sem ákveðst kr. 3.000,00.

Gunnar M. Guðmundsson, fulltrúi borgardómara, kvað upp þenna dóm.

Dómsorð:

Stefndi, fjármálaráðherra vegna ríkissjóðs, greiði stefnanda, Þorsteini Ásgeirssyni, kr. 24.000,00 ásamt 6% ársvöxtum frá 14. nóvember 1957 til greiðsludags og kr. 3.000,00 í málskostnað innan 15 daga frá lögbirtingu dóms þessa að viðlagðri aðför að lögum.

Miðvikudaginn 12. nóvember 1959.

Nr. 62/1959. **Fjármálaráðherra f. h. ríkissjóðs**
(Sigurður Ólason hrl.)
gegn
Hilmari Ágústssyni (Páll S. Pálsson hrl.)
og gagnsök.

Dómendur:
hæstaréttardómararnir Þórður Eyjólfsson, Gizur Bergsteinsson, Jón Ásbjörnsson og Jónatan Hallvarðsson og prófessor Theodór B. Lindal.

Skaðabótamál út af brottvikningu úr opinberu starfi.

Dómur Hæstaréttar.

Aðaláfrýjandi hefur skotið máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 14. apríl 1959. Krefst hann *aðallega* sýknu sér til handa, en *til vara* lækkunar á fjárkröfum gagnáfrýjanda og að vextir verði aðeins dæmdir frá stefnudegi 19. júní 1958. Svo krefst hann og málskostnaðar úr hendi gagnáfrýjanda í héraði og fyrir Hæstarétti, en til vara, að málskostnaður verði látinn falla niður.

Gagnáfrýjandi hefur fengið áfrýjunarleyfi og áfrýjað málinu með stefnu 14. september 1959. Krefst hann *aðallega*, að aðaláfrýjanda verði dæmt að greiða honum kr. 124.865,50 með 6% ársvöxtum frá 30. marz 1953 til greiðsludags og málskostnað í héraði og hér fyrir dómi, en *til vara*, að hér-

aðsdómur verði staðfestur og honum dæmdur hæfilegur málskostnaður fyrir Hæstarétti úr hendi aðaláfrýjanda.

Gagnáfrýjandi, Hilmar Ágústsson, gegndi tollgæzlumannsstarfi á Keflavíkurflugvelli, þegar honum var vikið úr starfi 30. marz 1953 ásamt starfsbróður sínum Gunnlaugi Stephensen. Hinn 13. desember 1954 höfðaði Gunnlaugur mál á hendur fjármálaráðherra f. h. ríkissjóðs til greiðslu bóta vegna fyrirvaralausrar uppsagnar. Á meðan það mál var fyrir héraðsdómi og áður en fjögur ár voru liðin, frá því fyrrgreind uppsögn átti sér stað, varð það að samkomulagi með gagnáfrýjanda, Hilmari Ágústssyni, og fjármálaráðherra, eftir því sem málflutningsmenn aðilja hafa skýrt frá hér fyrir dómi, að Hilmar skyldi fresta málshöfðun á hendur ríkissjóði, unz séð yrði, hvernig máli Gunnlaugs reiddi af, enda skyldi fjármálaráðherra ekki bera fyrir sig fyrningu sakar, þó að mál Hilmars yrði ekki höfðað, fyrr en liðinn væri fyrningarfrestur. Með dómi bæjarþings Reykjavíkur 21. marz 1958 voru Gunnlaugi dæmdar bætur úr ríkissjóði. Höfðaði Hilmar síðan mál það, sem hér liggur fyrir, með héraðsstefnu 19. júní 1958. Í flutningi málsins hefur verið lýst yfir því af hálfu aðaláfrýjanda bæði í héraði og hér fyrir dómi, að kröfu gagnáfrýjanda væri ekki mótmælt sem fyrndri, enda þótt liðinn hefði verið fyrningarfrestur samkvæmt 3. gr. laga nr. 14/1905, þegar mál var höfðað. Eins og atvikum er háttað samkvæmt framansögðu, verður krafa gagnáfrýjanda ekki felld niður á þeim grundvelli, að hún sé fyrnd.

Gagnáfrýjandi var settur til að gegna tollgæzlumannsstarfi á Keflavíkurflugvelli með bréfi fjármálaráðherra hinn 6. desember 1948. Skipunarbréf fékk hann ekki, en starfinu hafði hann gegnt óslitið nokkuð á fimmta ár, er honum var vikið úr því án fyrirvara. Þar sem hann hafði gegnt starfinu um svo langan tíma, setning hans verið ótímabundin og ekki vegna forfalla annars starfsmanns, þykir hann, eins og á stóð, hafa átt rétt á þriggja mánaða uppsagnarfresti, nema hann hefði brotið þann rétt af sér. Svo sem rakið er í héraðsdómi, eru sakir, sem á hann hafa verið bornar í málinu, ýmist ekki sannaðar eða svo smávægilegar, að þær gátu ekki réttlætt

fyrirvaralausa uppsögn. Má því staðfesta úrlausn héraðsdóms um bótaskyldu ríkissjóðs, og þykja bæturnar með tilliti til þess, að í uppsagnarbréfinu eru bornar á gagnáfrýjanda þungar sakir, sem ekki eru sannaðar, hæfilega ákveðnar kr. 20.000,00 með vöxtum eins og krafizt er. Samkvæmt þessu ber aðaláfrýjanda að greiða gagnáfrýjanda málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti, sem ákveðst kr. 5.000,00.

Dómsorð:

Aðaláfrýjandi, fjármálaráðherra f. h. ríkissjóðs, greiði gagnáfrýjanda, Hilmari Ágústssyni, kr. 20.000,00 með 6% ársvöxtum frá 30. marz 1953 til greiðsludags og málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti, samtals kr. 5.000,00.

Dómur bæjarþings Reykjavíkur 25. marz 1959.

Mál þetta, sem dómtekið var 13. þ. m., hefur Hilmar Ágústsson, Fögrukinn 5 í Hafnarfirði, höfðað fyrir bæjarþinginu með stefnu, út gefinni 19. júní 1958, á hendur fjármálaráðherra f. h. ríkissjóðs til greiðslu skaðabóta, að fjárhæð kr. 124.865,50, ásamt 6% ársvöxtum frá 30. marz 1953 til greiðsludags og málskostnaðar að skaðlausu.

Stefndi hefur *aðallega* krafizt sýknu og málskostnaðar úr hendi stefnanda að mati dómarans, en *til vara* verulegrar lækkunar á dómkröfum stefnanda, að vextir verði einungis reiknaðir frá útgáfudegi stefnu og málskostnaður verði látinn niður falla.

Málavextir eru þeir, að með bréfi fjármálaráðuneytisins, dags. 6. desember 1948, var stefnandi settur til þess að gegna tollgæzlustarfi á Keflavíkurvelli, og starfaði hann þar óslitið sem tollgæzlumaður til 30. marz 1953, er honum var vikið úr starfi. Forsaga brottvikningar stefnanda var með þeim hætti, að í marzmánuði 1953 var yfirtollgæzlumaðurinn, Guðmundur Friðrik Guðmundsson, í orlofi. Starfi hans gegndi þá Egill Þorsteinsson tollgæzlumaður, en hann hafði þó eigi sérstaka skipun sem slíkur. Hinn 27. marz ritaði Egill Þorsteinsson bréf til fjármálaráðuneytisins, þar sem hann kvartar yfir hegðun tveggja tollgæzlumanna, annars þeirra stefnanda. Segir Egill í bréfi þessu, að hann telji, að ekki megi lengur við una, hvernig tollgæzlu-

menn þessir hafi vanrækt störf sín. Um stefnanda segir Egill í bréfinu, að hann hafi átt að mæta á vörð 24. marz 1953, en ekki mætt og ekki tilkynnt forföll. Hafi þetta komið sér illa, þar sem hann (Egill) hafði verið á verði á annan sólarhring og hafi þá einnig orðið að taka við verði stefnanda. Síðar hafi hann (Egill) frétt, að stefnandi hafði farið norður til Akureyrar. Ekki muni stefnandi hafa beðið leyfis til farar þessarar. Stefnandi hafi átt að mæta á vörð kl. 17,00 hinn 26. marz 1953, en þann dag hafi hann komið að norðan. Hafi hann þá hringt til sín og tilkynnt, að hann mundi ekki koma fyrr en kl. 19,00. Hafi hann hreytt ónotum, er hann hafi verið inntur eftir því, hvernig á þessari töf stæði. Þá kvaðst Egill hafa verið vitni að því, að stefnandi hafi falazt eftir áfengi um borð í flugvél einni í einkennisklæðum. Hafi hann fengið eina flösku af sterku víni og aðra af léttu. Kvaðst Egill í það sinn hafa hótað stefnanda að kæra hann, ef hann drýgði slíkt athæfi aftur. Segir enn fremur í bréfinu, að báðir þessir menn, stefnandi og starfsbróðir hans, hafi hvað eftir annað verið ölvaðir við skyldustörf sín, mætt of seint á vörð eða farið of snemma af verði og nokkrum sinnum alls ekki mætt. Telur Egill Þorsteinsson í lok bréfsins, að róttækra ráðstafana sé þörf, ef tollgæzlan eigi að geta þjónað tilgangi sínum.

Þessu bréfi Egils Þorsteinssonar til fjármálaráðuneytisins fylgdi bréf frá Jóni Finnssyni, fulltrúa sýslumannsins í Gullbringu- og Kjósarsýslu, sem þá hafði lögsögu á Keflavíkurflugvelli. Segir fulltrúinn í bréfi sínu, að hann hafi þá um veturinn (1952—1953) gefið báðum umræddum tollgæzlumönnum munnlega aðvörun, vegna þess að hann hafi komizt að því, að þeir hafi farið af verði löngu fyrir tilskilinn tíma. Hafi hann þá aðvarað menn þessa og getið þess, að athæfi þetta kynni að varða þá stöðumissi. Segir fulltrúinn síðan, að persónulega hafi hann ekki staðið umrædda tollgæzlumenn að misferli því, sem um ræði í bréfi Egils Þorsteinssonar, en hins vegar hafi honum borizt til eyrna, að slíkt misferli ætti sér stað, og af persónulegum kynnum sínum af Agli Þorsteinssyni sé hann þess fullviss, að bréf Egils sé í hvívetna sannleikanum samkvæmt, og sé hann eindregið meðmæltur því, að mönnum þessum verði veitt lausn frá störfum hið fyrsta.

Með bréfi frá fjármálaráðuneytinu, dags. 30. marz 1953, er stefnanda fyrirvaralaust vikið úr starfi, þar sem sýslumaðurinn í Gullbringu- og Kjósarsýslu, fulltrúi hans á flugvellinum og

settur yfirtollgæzlumaður, eins og segir í bréfinu, hafi tilkynnt ráðuneytinu, að hann hafi á ýmsan hátt brotið stórlega af sér í starfi sem tollgæzlumaður og ekki látið skipast við aðvaranir.

Stefnandi gerði tilraunir til þess að fá fjármálaráðuneytið til að breyta ákvörðun sinni. Ráðuneytið ritaði sýslumanninum í Gullbringu- og Kjósarsýslu bréf, dags. 25. apríl 1953, og óskaði umsagnar hans um það erindi. Sýslumaðurinn lét taka utanréttarskýrslur af þeim mönnum á flugvellinum, sem líklegastir voru taldir til að geta gefið upplýsingar um störf stefnanda. Sendi sýslumaðurinn skýrslur þessar til ráðuneytisins og gat þess, að með því að honum væri ekki persónulega það vel kunnugt um störf tollgæzlumanna að geta af eigin raun dæmt um þau, hafi hann engu við skýrslurnar að bæta.

Tilraunir stefnanda urðu árangurslausar, og hefur hann ekki starfað frekar í þjónustu ríkisins.

Stefnandi byggir kröfu sína í málinu á því, að brottvikning hans úr starfi án nokkurs fyrirvara hafi verið tilefnislaus og óréttmæt. Hann hafi verið búinn að starfa sem tollgæzlumaður á Keflavíkurflugvelli um 5 ára skeið. Hafi hann unnið störf sín óaðfinnanlega af yfirmönnum sínum. Stefndi hafi fengið í hendur órökstuddar sögusagnir, kanni réttmæti þeirra á engan hátt, en segi stefnanda upp starfi fyrirvaralaust án þess að gefa honum kost á því að skýra mál sitt. Telur stefnandi sig eiga uppsagnarfrest, er nemi 6 mánuðum. Er fjárkrafa hans í málinu við það miðuð m. a. Mánaðarlaun hans á þeim tíma, er honum hafi verið vikið úr starfi, hafi numið kr. 3.444,25 auk kr. 700,00 í fæðispeninga eða samtals kr. 4.144,25. Jafnframt telur stefnandi sig hafa orðið fyrir miska vegna hinna tilefnislausu ásakana í uppsagnarbréfi stefnda. Krefst hann bóta af þeim sökum svo og vegna atvinnusviptingar, að fjárhæð kr. 100.000,00.

Stefndi byggir kröfu sína um sýknu á því, að brottvikning stefnanda hafi verið fullkomlega réttmæt án bóta. Starf tollgæzlumanns á Keflavíkurflugvelli, þar sem flugvélar koma og fara á öllum tímum sólarhrings, krefjist þess, að það sé rækt fullkomlega, bæði að því leyti, að tollgæzlumenn verði að vera við á þeim tíma, sem tilskilið sé, og eins, að þeir séu með sjálfum sér. Stefnandi hafi vanrækt þessi störf sín mjög stórlega. Skýrslur þær, sem sýslumaðurinn í Gullbringu- og Kjósarsýslu hafi látið taka af þeim mönnum, sem möguleika hafi haft til þess að fylgjast með starfsferli stefnanda, hafi í öllu staðfest

það, sem áður hafi verið fram komið um misfellur stefnanda. Það hafi því verið fullkomin rök til brottvikningar án fyrirvara.

Varakrafa stefnda er studd þeim rökum, að stefnandi hafi ekki haft skipun til starfs síns. Hafi því heimilt verið að víkja honum úr starfi, hvenær sem var. Gat stefnandi því í mesta lagi átt kröfu til einhvers uppsagnarfrests, og gætu bætur til hans aldrei orðið hærri en sem nemi launum þann tíma.

Við munnlegan flutning málsins lýsti lögmaður stefnda yfir því, að af hans hálfu væri kröfu stefnanda ekki mótmælt sem fyrndri.

Framangreindar skýrslur sýslumannsins í Gullbringu- og Kjósarsýslu hafa verið fram lagðar í málinu, og verða þær nú raktar.

Guðmundur Erlendsson lögregluþjónn kvaðst hafa komið inn í tollstöð að morgni dags um kl. 9.00 í lok þess varðar, er stefnandi hafi átt síðastan, og þar sem enginn vörður hafi þar þá verið, hafi hann barið að dyrum einkaherbergis tollgæzlumanna. Er hann hafi komið þar inn, hafi hann séð stefnanda liggja þar á legubekk með teppi ofan á sér, og hafi sér virzt hann sýnilega nývaknaður. Hafi þá Egill Þorsteinsson tollgæzlumaður tekið við skjölum úr fjórum flugvélum, er ekki hafi fengið tollafgreiðslu um nóttina. Guðmundur kvað sér persónulega vera kunnugt um það, að stefnandi hafi oft mætt of seint á vörð og auk þess oft ekki náðst til hans, er hann hafi átt að vera á verði. Í eitt skipti kvaðst Guðmundur hafa séð stefnanda ölvaðan á verði.

Albert Albertsson lögregluþjónn kvaðst ekki hafa fylgzt með því, hvernig stefnandi hafi mætt á verði né hversu vel hann hafi almennt rækt störf sín. Hann kvaðst ekki hafa séð hann ölvaðan á verði. Hins vegar kvaðst Albert hafa komið inn í tollstöð nokkru fyrir miðnætti eitthvert síðasta kveldið, sem stefnandi hafi verið á verði. Hafi hann þá rekizt á konu eina, sem hafi kvartað um, að ekki fyndist tollgæzlumaður. Hafi hann þá barið að dyrum einkaherbergis tollgæzlumanna og þá séð stefnanda ásamt Magnúsi nokkrum tollgæzlumanni liggja þar fyrir, og hafi sér virzt sem þeir hafi verið sofandi.

Guðbrandur Þorsteinsson lögregluþjónn kvaðst einhvern tíma fyrir febrúar eða marzmánuð 1953 um kl. 21.00 að kvöldi, að því er hann minnti, hafa verið staddur hjá Friðriki yfirtollgæzlumanni. Hafi þá hringt Elías Jónsson lögregluþjónn og tjáð Friðriki, að tollgæzlumaður væri enginn staddur í tollstöðinni. Kvað

Guðbrandur Friðrik hafa farið að sinna þessu og tjáð sér síðar, að hann hafi þurft að vera þar á verði fram yfir miðnætti. Kvað Guðbrandur stefnanda í þetta skipti hafa átt að vera á verði.

Elías Jón Jónsson lögregluþjónn kvað það tvisvar hafa komið fyrir, að hann hefði orðið að sækja Friðrik yfirtollgæzlumann til að sinna tollgæzlu, þegar stefnandi og Gunnlaugur Stephensen tollgæzlumaður hafi átt að vera á verði. Kvaðst Elías þess ekki fullviss, hvort þeir hefðu báðir átt að vera á verði í þau skipti, en annar hvor þeirra hefði átt að vera á verði.

Magnús Pálsson tollgæzlumaður kvaðst hafa verið á verði með stefnanda eftir miðjan marzmánuð 1953, en hann hafi þá verið nýbyrjaður í starfi. Eina nóttina hafi verið von allmargra flugvéla, og kvaðst Magnús hafa spurt stefnanda, hvort ekki ætti að fara út í flugvélar þessar. Hafi hann jánkað því, en ekki talið það nauðsynlegt. Hafi því ekki verið farið út í neina flugvél þá nótt, en Magnús kvaðst hafa farið af verði vegna lasleika um kl. 3.30.

Bergmundur Guðlaugsson tollgæzlumaður kvaðst í eitt skipti hafa séð stefnanda ölvaðan á verði, en það hafi ekki verið á árinu 1953.

Sigfús Sigurður Kristjánsson tollgæzlumaður kvað stefnanda hafa staðið vel í stöðu sinni að öðru leyti en því, að oft hafi komið fyrir, að hann hafi farið af verði, áður en honum hafi verið lokið, eða fyrir hádegi í stað kl. 13.00.

Guðmundur Halldór Gunnlaugsson, gjaldkeri flugmálastjórnarinnar, kvaðst í eitt skipti hafa vitað til þess, að ekki hefði náðst til stefnanda fyrr en eftir alllangan tíma til þess að tollafgreiða farþega, sem beðið hafi í flugstöðvarbyggingunni.

Örlygur Þorvaldsson skrifstofumaður kvaðst oft hafa orðið var við, að stefnandi hefði mætt seint á vörð og erfitt hefði verið á stundum að ná til hans til að gegna skyldustörfum, en Örlygur kvað það hafa verið í verkahring sínum að tilkynna tollgæzlumönnum komu flugvéla. Hafi ýmist verið, að hann hafi ekki fundizt í tollstöðinni eða verið sofandi. Örlygur kvaðst hafa séð stefnanda ölvaðan á verði, og í eitt skipti, er hann hafi verið staddur um borð í erlendri flugvél, hafi stefnandi fengið eina flösku af áfengi, en hann kvaðst ekki vita, hvort stefnandi hefði greitt fyrir áfengið eða fengið það gefins.

Ingimar Ingimarsson, vaktstjóri við flugvélaafgreiðslu, kvað sér kunnugt um það, að það hefði brugðizt, að stefnandi hefði

afgreitt flugvélar, að því er varðaði að sækja pappíra varðandi gin- og klaufaveiki.

Þórarinn Fj. Guðmundsson og Sigurður Grétar Finnbogason lögregluþjónar kváðu sér ekki persónulega vera kunnugt um það, hvernig stefnandi hefði mætt á vörð eða hvernig hann hefði rækt störf sín, en hafa heyrt um það, að á því hafi verið misbrestur.

Nokkrir aðrir menn, lögregluþjónar og starfsmenn flugvélaafgreiðslu, gátu ekki borið um misfellur í starfi stefnanda.

Stefnandi hefur algerlega mótmælt sem ósannindum þeim ásökunum í bréfi Egils Þorsteinssonar til fjármálaráðuneytisins, að hann hafi mætt ölvaður á vörð eða verið ölvaður á verði og að hafa falazt eftir áfengi í erlendum flugvélum.

Um ferð sína til Akureyrar, sem minnzt er á í bréfi Egils Þorsteinssonar, segir stefnandi, að hann hafi lokið verði á hádegi laugardaginn 21. marz 1953 og ekki átt að mæta á vörð fyrr en kl. 20.00 að kvöldi þriðjudagsins næsta á eftir. Hafi hann því ákveðið að nota þetta langa frí sitt til að sinna erindi, er hann hafi átt til Akureyrar. Hafi hann því farið þangað flugleiðis á sunnudagsmorguninn, ákveðinn í að koma aftur á þriðjudegi og þannig vera mættur á vörð það kvöld. Hafi hann þó áður gert ráðstafanir til þess að fá starfsbróður sinn einn til að standa vörð sinn á þriðjudagskvöld, ef veður skyldu spillast og flugferð bregðast þann dag. Hafi hann í því tilfelli treyst á áætlunarbifreið á miðvikudeginum, en næsti vörður hans eftir þriðjudagsvörðinn hafi verið kl. 5.00 á fimmtudeginum 26. marz. Svo hafi farið, að ferðir hafi brugðizt bæði þriðjudaginn og miðvikudaginn, og hafi hann því ekki komizt til baka fyrr en á fimmtudeginum, en þó svo seint, að hann hafi ekki getað mætt réttstundis á vörð. Hafi hann því hringt til Egils Þorsteinssonar og beðið hann að standa vörðinn fyrir sig fyrsta klukkutíma hans, og hafi Egill lofað því.

Stefnandi mótmælir því að hafa fengið aðvaranir frá Jóni Finnssyni sýslumannsfulltrúa. Í eitt skipti kvaðst stefnandi hafa þurft að yfirgefa vörð vegna veikinda án þess að ná til yfirtollgæzlumanns. Af því tilefni hafi sýslumannsfulltrúinn hringt til sín og spurt um orsakir þessa. Hafi stefnandi skýrt frá atvikum, og hafi sér virzt fulltrúinn láta þær skýringar nægja.

Stefnandi hefur einnig mótmælt því að hafa sýnt óstundvísi í starfi sínu. Hafi stundum komið fyrir, að hann hafi beðið Frið-

rik yfirtollgæzlumann að vera á verði til kl. 6.00, er stefnandi hafi átt að mæta kl. 5.00, en slíkt hafi hann bætt Friðriki upp með því að standa hans verði.

Framangreindir framburðir hníga mjög að því, að stefnandi hafi oft verið fjarvistum frá starfi og einnig verið óstundvís. Er sannað með viðurkenningu hans, að hann hafi ekki mætt á vörð þriðjudaginn 24. marz 1953 og ekki mætt réttstundis á vörð fimmtudaginn 26. s. m. Hins vegar þykir eigi sannað gegn mótmælum hans, að hann hafi falazt eftir áfengi í erlendri flugvél, og sama máli gegnir um vanrækslu af hans hendi um að ganga eftir skilríkjum um gin- og klaufaveiki svo og um vanrækslu í starfi af völdum áfengisneyzlu.

Ósannað er gegn andmælum stefnanda, að hann hafi hlotið áminningu eða viðvörun frá yfirmönnum sínum. Fjármálaráðuneytið vék honum úr starfi með bréfi 30. marz 1953 án nokkurs fyrirvara. Var honum eigi veittur kostur á að skýra málið af sinni hálfu, áður en brottvikningin var ráðin. Verður því talið, að fyrirvaralaus brottvikning ráðuneytisins hafi ekki verið á nægum rökum reist, og þykir stefnandi af þeim sökum eiga rétt á bótum úr hendi stefnda. Þykja þær með tilliti til allra málavaxta hæfilega ákveðnar kr. 18.000,00, og verður stefndi dæmdur til greiðslu þeirrar fjárhæðar með vöxtum eins og krafizt er í stefnu.

Samkvæmt þessari niðurstöðu ber að dæma stefnda til að greiða stefnanda málskostnað, og þykir hann hæfilega ákveðinn kr. 2.400,00.

Emil Ágústsson, fulltrúi borgardómara, kvað upp dóm þennan.

Dómsorð:

Stefndi, fjármálaráðherra f. h. ríkissjóðs, greiði stefnanda, Hilmari Ágústssyni, kr. 18.000,00 með 6% ársvöxtum frá 30. marz 1953 til greiðsludags og kr. 2.400,00 í málskostnað innan 15 daga frá lögbirtingu dóms þessa að viðlagðri aðför að lögum.

Mánudaginn 16. nóvember 1959.

Nr. 193/1959. **Þorlákur Arnórsson**
gegn
fjármálaráðherra f. h. ríkissjóðs.

Dómendur:
hæstaréttardómararnir Þórður Eyjólfsson, Jón Ásbjörnsson og Jónatan Hallvarðsson, Ármann Snævarr prófessor og Kristján Kristjánsson borgarfógeti.

Kærumál. Frávísun héraðsdóms felld úr gildi.

Dómur Hæstaréttar.

Sóknaraðili hefur skotið máli þessu til Hæstaréttar með kæru 19. október 1959, er barst dóminum 27. s. m. Krefst hann þess, að hinn kærði dómur verði ómerktur og málinu vísað heim til löglegrar meðferðar og að varnaraðilja verði gert að greiða honum kærumálskostnað eftir mati dómsins.

Varnaraðili krefst þess, að hinn kærði dómur verði staðfestur og að honum verði dæmdur kærumálskostnaður úr hendi sóknaraðilja eftir mati Hæstaréttar.

Það athugast vegna ummæla í forsendum hins kærða dóms, að hér fyrir dómi hefur komið fram, að greiðsla sóknaraðilja til tollstjórans í Reykjavík á hluta stóreignaskattsins og útgáfa skuldabréfs fyrir eftirstöðvum skattsins var gerð með fyrirvara um endurgreiðslu.

Þó að sóknaraðili hafi ekki kært skattálagninguna til ríkisskattanefndar, þykja ákvæði 1. málsgr. 10. gr. laga nr. 44/1957, sbr. 23. gr. reglugerðar nr. 95/1957, ekki vera málssókn þessari til fyrirstöðu. Ber því að fella hinn kærða frávísunardóm úr gildi.

Varnaraðilja ber að greiða sóknaraðilja kærumálskostnað, kr. 2.000,00.

Dómsorð:

Hinn kærði dómur á að vera ómerkur, og vísast málinu heim í hérað til löglegrar meðferðar.

Varnaraðili, fjármálaráðherra f. h. ríkissjóðs, greiði

sóknaraðilja, Þorláki Arnórssyni, kærumálskostnað, kr. 2.000,00.

Dómur bæjarþings Reykjavíkur 13. október 1959.

Mál þetta er höfðað fyrir bæjarþinginu með stefnu, dags. 13. apríl þ. á., af Þorláki Arnórssyni, Laufásvegi 10 hér í bæ, gegn fjármálaráðherra f. h. ríkissjóðs. Gerir stefnandi þær dómkröfur *aðallega*, að skattur sá, kr. 46.603,00, sem honum var gert að greiða samkvæmt lögum nr. 44/1957, um skatt á stóreignir, verði algerlega felldur niður, en *til vara* krefst hann þess, að skattfjárhæðin verði lækkuð til mikilla muna. Þá krefst stefnandi og málskostnaðar úr hendi stefnda eftir mati dómsins.

Stefndi krefst þess *aðallega*, að málinu verði vísað frá bæjarþinginu, en *til vara* krefst hann sýknu af öllum kröfum stefnanda. Þá krefst hann og málskostnaðar úr hendi hans eftir mati dómarans, hvort sem frávísunar- eða sýknukrafan verði tekin til greina.

Frávísunarkrafa stefnda hefur verið tekin til meðferðar sérstaklega, og fór fram munnlegur málflutningur um hana 29. f. m.

Við álagningu skatts samkvæmt lögum nr. 44/1957 var stefnanda gert að greiða kr. 46.603,00 í skatt. Hann hefur eigi viljað una skattálagningu þessari og hefur því höfðað mál þetta til þess að fá skattgjald sitt fellt niður. Er málssókn hans byggð á því í fyrsta lagi, að hér sé eigi um skattálagningu að ræða, heldur eignatöku, sem sé óheimil samkvæmt 41., 42., 67. og 69. gr. stjórnarskrárinnar. Í öðru lagi byggir hann kröfu sína á því, að margir stærstu skattþegnar ríkisins séu undanþegnir þessum skatti, og í þriðja lagi telur stefnandi, að fella beri skattinn niður vegna þess, að rétti sínum sé stórlega hallað samanborið við aðra skattþegna.

Stefndi byggir frávísunarkröfu sína fyrst og fremst á því, að stefnandi hafi með framkomu sinni firrt sig rétti til þess að bera mál þetta undir dómstóla, þar sem hann hafi eigi borið skattálagninguna undir úrskurð ríkisskattanefndar. Þá hafi stefnandi og án nokkurs fyrirvara greitt hluta af skattgjaldinu, daginn eftir að stefna í málinu var gefin út, og nokkru síðar með sama hætti gefið út skuldabréf fyrir eftirstöðvum skattsins. Þá reisir stefndi frávísunarkröfuna einnig á því, að dómur hafi þegar gengið í Hæstarétti um þau atriði, sem um er deilt í máli þessu, og sé

málarekstur stefnanda því aðeins í því skyni gerður að íþyngja dómstólunum og brjóta niður réttaröryggið í landinu. Loks telur hann, að varakrafa stefnanda sé svo vanreifuð, að vísa beri henni frá bæjarþinginu af þeim sökum.

Stefnandi hefur andmælt frávísunarkröfu stefnda og krefst þess, að henni verði hrundið og að tekið verði tillit til þessa málflutnings, þegar málskostnaður verði endanlega ákveðinn. Neitar stefnandi því, að hann hafi firrt sig rétti til þess að bera skattskyldu sína eða skattgjald undir dómstóla, þótt hann léti eigi ríkisskattanefnd fjalla um skatt sinn, en greiðslu þeirri, sem hann innti af hendi, hafi fylgt áskilnaður um endurheimtu. Þá telur stefnandi, að hann geti a. m. k. borið skattskyldu sína undir dómstóla, jafnvel þótt enginn áskilnaður hefði verið gerður, er greiðsla fór fram. Loks mótmælir stefnandi því eindregið, að málatilbúnaði sé í nokkru áfátt, og kveður það engu máli skipta um rétt sinn til málssóknar, þótt svipað mál milli annarra aðilja hafi áður verið dæmt af Hæstarétti, en reyndar séu í þessu máli ýmsar málsástæður bornar fram, sem eigi hafi komið til álita Hæstaréttar í máli því, er stefndi bendi til.

Samkvæmt gögnum málsins var stefnanda upphaflega gert að greiða kr. 258.656,00 í skatt á stóreignir samkvæmt lögum nr. 44/1957. Hann kærði þessa skattálagningu til skattstjórans í Reykjavík, sem komst að þeirri niðurstöðu, að eignir stefnanda hefðu verið oftaldar, og með úrskurði skattstjórans hinn 14. ágúst 1958 lækkaði skattur stefnanda í kr. 46.603,00. Því hefur eigi verið haldið fram í málinu, að tilkynningu skattstjóra um skatt stefnanda hafi í nokkru verið áfátt. Stefnandi skaut úrskurði skattstjóra þó eigi til ríkisskattanefndar og hafðist eigi að í málinu gagnvart skattyfirvöldum fyrr en með málssókn þessari hinn 13. apríl þ. á. Daginn eftir, 14. apríl s. á., greiddi hann tollstjóranum í Reykjavík kr. 13.660,00 upp í skatt sinn, og er eigi sannað gegn mótmælum stefnda, að stefnandi hafi við þá greiðslu eða síðar við útgáfu skuldabréfs fyrir eftirstöðvum skattsins gert nokkurn áskilnað um endurheimtu skattgjaldsins.

Þar sem stefnandi hefur eigi borið skattskyldu sína og skattfjárhæð undir úrskurð ríkisskattanefndar samkvæmt ákvæðum 10. gr. laga nr. 44/1957 og 24. gr. reglug. nr. 95 frá 28. júní 1957, getur hann nú hvorki borið undir dómstóla skyldu sína til að greiða umræddan skatt né heldur fjárhæð skattsins. Ber því þegar af þeirri ástæðu að taka til greina kröfu stefnda og vísa málinu frá bæjarþinginu.

Rétt þykir samkvæmt málavöxtum, að stefnandi greiði stefnda málskostnað, sem þykir hæfilega ákveðinn kr. 4.500,00.

Hákon Guðmundsson setu-borgardómari kvað upp dóm þenna.

Dómsorð:

Máli þessu er vísað frá bæjarþinginu.

Stefnandi, Þorlákur Arnórsson, greiði stefnda, fjármálaráðherra f. h. ríkissjóðs, kr. 4.500,00 í málskostnað innan 15 daga frá lögbirtingu dóms þessa að viðlagðri aðför að lögum.

Mánudaginn 16. nóvember 1959.

Nr. 194/1959. **Fjármálaráðherra f. h. ríkissjóðs**
gegn
Árna Ólafssyni.

Dómendur:
hæstaréttardómararnir Þórður Eyjólfsson, Jón Ásbjörnsson og Jónatan Hallvarðsson, Ármann Snævarr prófessor og Kristján Kristjánsson borgarfógeti.

Kærumál. Kröfu um frávísun frá héraðsdómi hrundið.

Dómur Hæstaréttar.

Sóknaraðili hefur skotið máli þessu til Hæstaréttar með kæru 17. október 1959, er barst dóminum 27. s. m. Krefst sóknaraðili þess *aðallega*, að máli varnaraðilja gegn honum verði í heild vísað frá héraðsdómi, en *til vara*, að aðalkröfum varnaraðilja í héraði verði vísað frá héraðsdómi. Svo krefst hann og málskostnaðar í héraði og kærumálskostnaðar úr hendi varnaraðilja.

Varnaraðili krefst staðfestingar hins kærða úrskurðar og kærumálskostnaðar úr hendi sóknaraðilja.

Með skírskotun til forsendna hins kærða úrskurðar ber að staðfesta hann.

Sóknaraðilja ber að greiða varnaraðilja kærumálskostnað, sem ákveðst kr. 2.000,00.

Dómsorð:

Hinn kærði úrskurður á að vera óraskaður.

Sóknaraðili, fjármálaráðherra f. h. ríkissjóðs, greiði varnaraðilja, Árna Ólafssyni, kærumálskostnað, kr. 2.000,00.

Úrskurður bæjarþings Reykjavíkur 13. október 1959.

Mál þetta er höfðað fyrir bæjarþinginu með stefnu, dags. 13. apríl þ. á., af Árna Ólafssyni, Sólvallagötu 27 hér í bæ, gegn fjármálaráðherra f. h. ríkissjóðs. Gerir stefnandi þær dómkröfur *aðallega,* að skattur sá, kr. 29.470,00, sem honum var gert að greiða samkvæmt lögum nr. 44/1957, um skatt á stóreignir, verði algerlega felldur niður, en *til vara* krefst hann þess, að skattfjárhæðin verði lækkuð til mikilla muna. Þá krefst stefnandi og málskostnaðar úr hendi stefnda eftir mati dómsins.

Stefndi krefst þess *aðallega,* að málinu verði í heild vísað frá bæjarþinginu, en *til vara,* að aðalkröfu stefnanda verði vísað frá dómi. Að því er efnishlið málsins varðar, krefst hann sýknu af öllum kröfum stefnanda. Þá krefst hann og málskostnaðar úr hendi hans eftir mati dómarans, hvort sem frávísunar- eða sýknukrafan verði tekin til greina.

Frávísunarkrafa stefnda hefur verið tekin til meðferðar sérstaklega, og fór fram munnlegur málflutningur um hana 29. f. m.

Við álagningu skatts samkvæmt lögum nr. 44/1957 var stefnanda gert að greiða kr. 29.470,00 í skatt. Hann hefur eigi viljað una skattálagningu þessari og hefur því höfðað mál þetta til þess að fá skattgjald sitt fellt niður. Er málssókn hans í höfuðatriðum byggð á því í fyrsta lagi, að hér sé eigi um skattálagningu að ræða, heldur eignatöku, sem sé óheimil samkvæmt 41., 42., 67. og 69. gr. stjórnarskrárinnar. Í öðru lagi byggir hann kröfu sína á því, að margir stærstu skattþegnar ríkisins séu undanþegnir þessum skatti, og í þriðja lagi telur stefnandi, að fella beri skattinn niður vegna þess, að rétti sínum sé stórlega hallað samanborið við aðra skattþegna.

Frávísunarkröfu sína styður stefndi þeim rökum, að með dómi Hæstaréttar 29. nóvember 1958 í málinu: Guðmundur Guðmundsson o. fl. gegn fjármálaráðherra f. h. ríkissjóðs, — sem flutt hafi verið sem dæmimál um gildi laga nr. 44/1957, hafi komið fram

og verið dæmt um sömu ógildingarrök og stefnandi beri fyrir sig í þessu máli. Liggi því þegar fyrir endanleg efnisúrlausn dómstóla á þeim sakaratriðum, sem mál þetta er risið af, þ. e. gildi nefndra laga, nr. 44/1957, og sé sú dómsniðurstaða vegna eðlis málsins einnig bindandi í þessu máli, þótt málsaðiljar séu eigi hinir sömu. Beri því samkvæmt 2. málsgr. 196. gr. laga nr. 85/1936 að vísa málinu frá dómi. Málshöfðun þessi sé líka í því einu skyni gerð að tefja skattheimtuna og koma í veg fyrir, að lögtaki verði beitt til innheimtu skattgjalds stefnanda. Málatilbúnaður stefnanda sé þannig í raun og veru misnotkun á dómstólunum, og eigi þeir ekki að ljá slíkri háttsemi lið. Loks telur stefndi, að varakrafa stefnanda sé svo vanreifuð, að vísa beri henni frá dómi þegar af þeirri ástæðu.

Stefnandi, sem hefur mótmælt frávísunarkröfunni og krafizt þess, að henni verði hrundið, neitar því, að framannefndur dómur Hæstaréttar frá 29. nóvember 1958 geti á nokkurn hátt verið bindandi úrslit sakarefnis fyrir sig, því að hvort tveggja sé, að það mál hafi verið milli annarra aðilja en þetta mál, og geti ákvæði 2. mgr. 196. gr. laga nr. 85/1936 því eigi átt við um það. En auk þess beri hann í þessu máli fram ýmsar málsástæður, sem eigi hafi komið til álita í fyrrnefndu hæstaréttarmáli. Þá mótmælir stefnandi því eindregið, að málshöfðun hans sé gerð í því skyni að tefja fyrir skattheimtu ríkisins eða að hún sé á nokkurn hátt misnotkun á dómstólum ríkisins. Hann sé þvert á móti að leita þeirrar verndar dómsvaldsins og þess réttaröryggis, sem þegnar þjóðfélagsins eigi kröfu til. Loks neitar stefnandi því, að á skorti um greinargerð af sinni hálfu, að því er varakröfuna um lækkun skattsins varðar, en 10. gr. laga nr. 44/1957 feli í sér skýlausa heimild til þess að bera einnig skattfjárhæðina undir mat dómstólanna.

Í máli því, er hér liggur fyrir til úrlausnar, er því að vísu svo háttað, að málsefnið er í öllum höfuðatriðum hið sama og í áðurgreindu hæstaréttarmáli Guðmundar Guðmundssonar og Trésmiðjunnar Víðis h.f. gegn fjármálaráðherra f. h. ríkissjóðs og gagnsök, sem dæmt var að nokkru leyti 29. nóvember 1958, þ. e. um almennt gildi laga nr. 44/1957. En þar sem aðiljar þessa máls eru eigi hinir sömu og í nefndu máli, verður eigi talið, að ákvæði 2. mgr. 196. gr. laga nr. 85/1936 leggi hömlur á það, að stefnandi reki sjálfstætt mál um skattskyldu sína samkvæmt nefndum stóreignaskattslögum, enda hefur hann áður leitað úrskurðar réttra skattyfirvalda um skattgjald það, sem honum

var gert að greiða. Auk þess virðast ýmsar málsástæður hafðar uppi í þessu máli umfram þær, sem um var dæmt í áðurgreindu hæstaréttarmáli. Verður málinu því eigi vísað frá dómi af þessum ástæðum.

Það kemur að vísu fram á dómskjali 4, sem er orðsending Félags stóreignaskattsgreiðenda til stóreignaskattsgjaldenda, að félagið mælir með málshöfðunum fyrir bæjarþingi Reykjavíkur í því skyni einu, eins og það er orðað, að „fyrirbyggja lögtök hjá stefnanda, meðan mál hans er fyrir bæjarþinginu og Hæstarétti, verði því skotið þangað", og má ætla, að það sé einn þátturinn í þeirri starfsemi félagsins „að vinna að því af fremsta megni, að lög nr. 44/1957 komi ekki til framkvæmda, en verði numin úr gildi sem allra fyrst". En þar sem stefnandi samkvæmt framansögðu getur efnislega borið skattmál sitt fyrir dómstólana, þykir sú viðleitni Félags stóreignaskattsgreiðenda , — en stefnandi þessa máls virðist vera aðili að því, — sem í reynd birtist í þessari málssókn og öðrum hliðstæðum, þó eigi geta leitt til vísunar málsins frá dómi, enda munu yfirvöld þau, sem hafa innheimtu skattsins með höndum, eigi enn hafa krafizt lögtaks hjá stefnanda, og er því eigi reynt, hvort eða að hve miklu leyti málssókn hans hér fyrir bæjarþinginu yrði talin skattheimtunni til fyrirstöðu. Verður þessi frávísunarástæða stefnda því eigi heldur tekin til greina.

Að því er varakröfu stefnanda um lækkun skattsins varðar, þá er hún á því reist, að eignir hans séu ofmetnar til skatts. Það kemur þó eigi fram af gögnum þeim, sem hann hefur lagt fram í málinu, hvaða eignir hann telur ofmetnar, en samkvæmt skjölum, sem stefndi leggur fram, þ. e. afritum af skattkærum stefnanda, sést, að það muni fyrst og fremst vera fasteign hans, sem hann telur ofmetna. Stefnanda bar að vísu samkvæmt 105. gr. laga nr. 85/1936 að gera fyllri grein fyrir þessari kröfu sinni í stefnu eða greinargerð og tilgreina, hvaða eignir hann teldi ofmetnar og hvers vegna. En þar sem gagnasöfnun málsins er eigi enn lokið, þykir þó með vísun til 116. gr. sömu laga eigi næg ástæða til þess að vísa þessum kröfulið frá dómi vegna ófullnægjandi greinargerðar.

Samkvæmt þessu verður frávísunarkrafa stefnda ekki tekin til greina.

Kveðið verður á um málskostnað, er málið verður dæmt að efni til.

Hákon Guðmundsson setu-borgardómari kvað upp úrskurð þenna.

Ályktarorð:

Krafa stefnda, fjármálaráðherra f. h. ríkissjóðs, um vísun málsins frá bæjarþinginu verður eigi tekin til greina.

Mánudaginn 16. nóvember 1959.

Nr. 195/1959. **Fjármálaráðherra f. h. ríkissjóðs**
gegn
Björgvin Finnssyni.

Dómendur:
hæstaréttardómararnir Þórður Eyjólfsson, Jón Ásbjörnsson og Jónatan Hallvarðsson, Ármann Snævarr prófessor og Kristján Kristjánsson borgarfógeti.

Kærumál. Kröfu um frávísun frá héraðsdómi hrundið.

Dómur Hæstaréttar.

Sóknaraðili hefur skotið máli þessu til Hæstaréttar með kæru 17. október 1959, er barst dóminum 27. s. m. Krefst sóknaraðili þess *aðallega*, að máli varnaraðilja gegn honum verði í heild vísað frá héraðsdómi, en *til vara*, að aðalkröfum varnaraðilja í héraði verði vísað frá héraðsdómi. Svo krefst hann og málskostnaðar í héraði og kærumálskostnaðar úr hendi varnaraðilja.

Varnaraðili krefst staðfestingar hins kærða úrskurðar og kærumálskostnaðar úr hendi sóknaraðilja.

Með skírskotun til forsendna hins kærða úrskurðar ber að staðfesta hann.

Sóknaraðilja ber að greiða varnaraðilja kærumálskostnað, sem ákveðst kr. 2.000,00.

Dómsorð:

Hinn kærði úrskurður á að vera óraskaður.

Sóknaraðili, fjármálaráðherra f. h. ríkissjóðs, greiði varnaraðilja, Björgvin Finnssyni, kærumálskostnað, kr. 2.000,00.

Dómur bæjarþings Reykjavíkur 13. október 1959.

Mál þetta er höfðað fyrir bæjarþinginu með stefnu, dags. 13. apríl þ. á., af Björgvin Finnssyni, Laufásvegi 11 hér í bæ, gegn fjármálaráðherra f. h. ríkissjóðs. Gerir stefnandi þær dómkröfur *aðallega,* að skattur sá, kr. 22.554,00, sem honum var gert að greiða samkvæmt lögum nr. 44/1957, um skatt á stóreignir, verði algerlega felldur niður, en *til vara* krefst hann þess, að skattfjárhæðin verði lækkuð til mikilla muna. Þá krefst stefnandi og málskostnaðar úr hendi stefnda eftir mati dómsins.

Stefndi krefst þess *aðallega,* að málinu verði í heild vísað frá bæjarþinginu, en *til vara,* að aðalkröfu stefnanda verði vísað frá dómi. Að því er efnishlið málsins varðar, krefst hann sýknu af öllum kröfum stefnanda. Þá krefst hann og málskostnaðar úr hendi hans eftir mati dómarans, hvort sem frávísunar- eða sýknukrafan verði tekin til greina.

Frávísunarkrafa stefnda hefur verið tekin til meðferðar sérstaklega, og fór fram munnlegur málflutningur um hana 29. f. m.

Við álagningu skatts samkvæmt lögum nr. 44/1957 var stefnanda gert að greiða kr. 22.554,00 í skatt. Hann hefur eigi viljað una skattálagningu þessari og hefur því höfðað mál þetta til þess að fá skattgjald sitt fellt niður. Er málssókn hans í höfuðatriðum byggð á því í fyrsta lagi, að hér sé eigi um skattálagningu að ræða, heldur eignatöku, sem sé óheimil samkvæmt 41., 42., 67. og 69. gr. stjórnarskrárinnar. Í öðru lagi byggir hann kröfu sína á því, að margir stærstu skattþegnar ríkisins séu undanþegnir þessum skatti, og í þriðja lagi telur stefnandi, að fella beri skattinn niður vegna þess, að rétti sínum sé stórlega hallað samanborið við aðra skattþegna.

Frávísunarkröfu sína styður stefndi þeim rökum, að með dómi Hæstaréttar 29. nóvember 1958 í málinu: Guðmundur Guðmundsson o. fl. gegn fjármálaráðherra f. h. ríkissjóðs, — sem flutt hafi verið sem dæmimál um gildi laga nr. 44/1957, — hafi komið fram og verið dæmt um sömu ógildingarrök og stefnandi beri fyrir sig í þessu máli. Liggi því þegar fyrir endanleg efnisúrlausn dómstóla á þeim sakaratriðum, sem mál þetta er risið af, þ. e. gildi nefndra laga, nr. 44/1957, og sé sú dómsniðurstaða vegna eðlis málsins einnig bindandi í þessu máli, þótt málsaðiljar séu eigi hinir sömu. Beri því samkvæmt 2. málsgr. 196. gr. laga nr. 85/1936 að vísa málinu frá dómi. Málshöfðun þessi sé líka í því einu skyni gerð að tefja skattheimtuna og koma í veg

fyrir, að lögtaki verði beitt til innheimtu skattgjalds stefnanda. Málatilbúnaður stefnanda sé þannig í raun og veru misnotkun á dómstólunum, og eigi þeir ekki að ljá slíkri háttsemi lið. Loks telur stefndi, að varakrafa stefnanda sé svo vanreifuð, að vísa beri henni frá dómi þegar af þeirri ástæðu.

Stefnandi, sem hefur mótmælt frávísunarkröfunni og krafizt þess, að henni verði hrundið, neitar því, að framannefndur dómur Hæstaréttar frá 29. nóvember 1958 geti á nokkurn hátt verið bindandi úrslit sakarefnis fyrir sig, því að hvort tveggja sé, að það mál hafi verið milli annarra aðilja en þetta mál, og geti ákvæði 2. mgr. 196. gr. laga nr. 85/1936 því eigi átt við um það. En auk þess beri hann í þessu máli fram ýmsar málsástæður, sem eigi hafi komið til álita í fyrrnefndu hæstaréttarmáli. Þá mótmælir stefnandi því eindregið, að málshöfðun hans sé gerð í því skyni að tefja fyrir skattheimtu ríkisins eða að hún sé á nokkurn hátt misnotkun á dómstólum ríkisins. Hann sé þvert á móti að leita þeirrar verndar dómsvaldsins og þess réttaröryggis, sem þegnar þjóðfélagsins eigi kröfu til. Loks neitar stefnandi því, að á skorti um greinargerð af sinni hálfu, að því er varakröfuna um lækkun skattsins varðar, en 10. gr. laga nr. 44/1957 feli í sér skýlausa heimild til þess að bera einnig skattfjárhæðina undir mat dómstólanna.

Í máli því, er hér liggur fyrir til úrlausnar, er því að vísu svo háttað, að málsefnið í öllum höfuðatriðum er hið sama og í áðurgreindu hæstaréttarmáli Guðmundar Guðmundssonar og Trésmiðjunnar Víðis h.f. gegn fjármálaráðherra f. h. ríkissjóðs og gagnsök, sem dæmt var að nokkru leyti 29. nóvember 1958, þ. e. um almennt gildi laga nr. 44/1957. En þar sem aðiljar þessa máls eru eigi hinir sömu og í nefndu máli, verður eigi talið, að ákvæði 2. mgr. 196. gr. laga nr. 85/1936 leggi hömlur á það, að stefnandi reki fyrir bæjarþinginu sjálfstætt mál um skattskyldu sína samkvæmt nefndum stóreignaskattslögum, enda hefur hann áður leitað úrskurðar réttra skattyfirvalda um skattgjald það, sem honum var gert að greiða. Auk þess virðast ýmsar málsástæður hafðar uppi í þessu máli umfram þær, sem um var dæmt í áðurgreindu hæstaréttarmáli. Verður málinu því eigi vísað frá dómi af þessum ástæðum.

Það kemur að vísu fram á dómskjali 4, sem er orðsending Félags stóreignaskattsgreiðenda til stóreignaskattsgjaldenda, að félagið mælir með málshöfðun fyrir bæjarþingi Reykjavíkur í því skyni, eins og það er orðað, að „fyrirbyggja lögtök hjá stefn-

anda, meðan mál hans er fyrir bæjarþinginu og Hæstarétti, verði því skotið þangað", og má ætla, að það sé einn þátturinn í þeirri starfsemi félagsins „að vinna að því af fremsta megni, að lög nr. 44/1957 komi ekki til framkvæmda, en verði numin úr gildi sem allra fyrst". En þar sem stefnandi samkvæmt framansögðu getur efnislega borið skattmál sitt fyrir dómstólana, þykir sú viðleitni Félags stóreignaskattsgreiðenda, — en stefnandi þessa máls virðist vera aðili að því, — sem í reynd birtist í þessari málssókn og öðrum hliðstæðum, þó eigi geta leitt til vísunar málsins frá dómi, enda hafa yfirvöld þau, sem hafa innheimtu skattsins með höndum, eigi enn, svo að séð verði, krafizt lögtaks hjá stefnanda, og er því eigi reynt, hvort eða að hve miklu leyti málssókn hans hér fyrir bæjarþinginu yrði talin skattheimtunni til fyrirstöðu. Verður þessi frávísunarástæða stefnda því eigi heldur tekin til greina.

Að því er varakröfu stefnanda um lækkun skattsins varðar, þá er hún á því reist, að eignir hans séu ofmetnar til skatts. Það kemur þó eigi fram af gögnum þeim, sem hann hefur lagt fram í málinu, hvaða eignir hann telur ofmetnar, en samkvæmt skjölum, sem stefndi leggur fram, þ. e. afritum af skattkærum stefnanda, sést, að það muni fyrst og fremst vera fasteign hans, sem hann telur ofmetna. Stefnanda bar að vísu samkvæmt 105. gr. laga nr. 85/1936 að gera fyllri grein fyrir þessari kröfu sinni í stefnu eða greinargerð og tilgreina, hvaða eignir hann teldi ofmetnar og hvers vegna. En þar sem gagnasöfnun málsins er eigi enn lokið, þykir þó með vísun til 116. gr. sömu laga eigi næg ástæða til þess að vísa þessum kröfulið frá dómi vegna ófullnægjandi greinargerðar.

Samkvæmt þessu verður frávísunarkrafa stefnda ekki tekin til greina.

Kveðið verður á um málskostnað, er málið verður dæmt að efni til.

Hákon Guðmundsson setu-borgardómari kvað upp úrskurð þenna.

Ályktarorð:

Krafa stefnda, fjármálaráðherra f. h. ríkissjóðs, um vísun málsins frá bæjarþinginu verður eigi tekin til greina.

Mánudaginn 16. nóvember 1959.

Nr. 196/1959. **Fjármálaráðherra f. h. ríkissjóðs**
gegn
Þorbirni Jónssyni.

Dómendur:
hæstaréttardómararnir Þórður Eyjólfsson, Jón Ásbjörnsson og Jónatan Hallvarðsson, Ármann Snævarr prófessor og Kristján Kristjánsson borgarfógeti.

Kærumál. Kröfu um frávísun frá héraðsdómi hrundið.

Dómur Hæstaréttar.

Sóknaraðili hefur skotið máli þessu til Hæstaréttar með kæru 17. október 1959, er barst dóminum 27. s. m. Krefst sóknaraðili þess *aðallega*, að máli varnaraðilja gegn honum verði í heild vísað frá héraðsdómi, en *til vara*, að aðalkröfum varnaraðilja í héraði verði vísað frá héraðsdómi. Svo krefst hann og málskostnaðar í héraði og kærumálskostnaðar úr hendi varnaraðilja.

Varnaraðili krefst staðfestingar hins kærða úrskurðar og kærumálskostnaðar úr hendi sóknaraðilja.

Með skírskotun til forsendna hins kærða úrskurðar ber að staðfesta hann.

Sóknaraðilja ber að greiða varnaraðilja kærumálskostnað, sem ákveðst kr. 2.000,00.

Dómsorð:

Hinn kærði úrskurður á að vera óraskaður.

Sóknaraðili, fjármálaráðherra f. h. ríkissjóðs, greiði varnaraðilja, Þorbirni Jónssyni, kærumálskostnað, kr. 2.000,00.

Úrskurður bæjarþings Reykjavíkur 13. október 1959.

Mál þetta er höfðað fyrir bæjarþinginu með stefnu, dags. 13. apríl þ. á., af Þorbirni Jónssyni, Mímisvegi 6 hér í bæ, gegn fjármálaráðherra f. h. ríkissjóðs. Gerir stefnandi þær dómkröfur *aðallega*, að skattur sá, kr. 153.551,00, sem honum var gert að

greiða samkvæmt lögum nr. 44/1957, um skatt á stóreignir, verði algerlega niður felldur, en *til vara* krefst hann þess, að skattfjárhæðin verði lækkuð til mikilla muna. Þá krefst stefnandi og málskostnaðar úr hendi stefnda eftir mati dómsins.

Stefndi krefst þess *aðallega*, að málinu verði í heild vísað frá bæjarþinginu, en *til vara*, að aðalkröfu stefnanda verði vísað frá dómi. Að því er efnishlið málsins varðar, krefst hann sýknu af öllum kröfum stefnanda. Þá krefst hann og málskostnaðar úr hendi hans eftir mati dómarans, hvort sem frávísunar- eða sýknukrafan verði tekin til greina.

Frávísunarkrafa stefnda hefur verið tekin til meðferðar sérstaklega, og fór fram munnlegur málflutningur um hana 29. f. m.

Við álagningu skatts samkvæmt lögum nr. 44/1957 var stefnanda gert að greiða kr. 153.551,00 í skatt. Hann hefur eigi viljað una skattálagningu þessari og hefur því höfðað mál þetta til þess að fá skattgjald sitt fellt niður. Er málssókn hans í höfuðatriðum byggð á því í fyrsta lagi, að hér sé eigi um skattálagningu að ræða, heldur eignatöku, sem sé óheimil samkvæmt 41., 42., 67. og 69. gr. stjórnarskrárinnar. Í öðru lagi byggir hann kröfu sína á því, að margir stærstu skattþegnar ríkisins séu undanþegnir þessum skatti, og í þriðja lagi telur stefnandi, að fella beri skattinn niður vegna þess, að rétti sínum sé stórlega hallað samanborið við aðra skattþegna.

Frávísunarkröfu sína styður stefndi þeim rökum, að með dómi Hæstaréttar 29. nóvember 1958 í málinu: Guðmundur Guðmundsson o. fl. gegn fjármálaráðherra f. h. ríkissjóðs, — sem flutt hafi verið sem dæmimál um gildi laga nr. 44/1957, hafi komið fram og verið dæmt um sömu ógildingarrök og stefnandi beri fyrir sig í þessu máli. Liggi því þegar fyrir endanleg efnisúrlausn dómstóla á þeim sakaratriðum, sem mál þetta er risið af, þ. e. gildi nefndra laga, nr. 44/1957, og sé sú dómsniðurstaða vegna eðlis málsins einnig bindandi í þessu máli, þótt málsaðiljar séu eigi hinir sömu. Beri því samkvæmt 2. málsgr. 196. gr. laga nr. 85/1936 að vísa málinu frá dómi. Málshöfðun þessi sé líka í því einu skyni gerð að tefja skattheimtuna og koma í veg fyrir, að lögtaki verði beitt til innheimtu skattgjalds stefnanda. Málatilbúnaður stefnanda sé þannig í raun og veru misnotkun á dómstólum, og eigi þeir ekki að ljá slíkri háttsemi lið. Loks telur stefndi, að varakrafa stefnanda sé svo vanreifuð, að vísa beri henni frá dómi þegar af þeirri ástæðu.

Stefnandi, sem hefur mótmælt frávísunarkröfunni og krafizt

þess, að henni verði hrundið, neitar því, að framannefndur dómur Hæstaréttar frá 29. nóvember 1958 geti á nokkurn hátt verið bindandi úrslit sakarefnis fyrir sig, því að hvort tveggja sé, að það mál hafi verið milli annarra aðilja en þetta mál, og geti ákvæði 2. mgr. 196. gr. laga nr. 85/1936 því eigi átt við um það. En auk þess beri hann í þessu máli fram ýmsar málsástæður, sem eigi hafi komið til álita í fyrrnefndu hæstaréttarmáli. Þá mótmælir stefnandi því eindregið, að málshöfðun hans sé gerð í því skyni að tefja fyrir skattheimtu ríkisins eða að hún sé á nokkurn hátt misnotkun á dómstólum ríkisins. Hann sé þvert á móti að leita þeirrar verndar dómsvaldsins og þess réttaröryggis, sem þegnar þjóðfélagsins eigi kröfu til. Loks neitar stefnandi því, að á skorti um greinargerð af sinni hálfu, að því er varakröfuna um lækkun skattsins varðar, en 10. gr. laga nr. 44/1957 feli í sér skýlausa heimild til þess að bera einnig skattfjárhæðina undir mat dómstólanna.

Í máli því, er hér liggur fyrir til úrlausnar, er því að vísu svo háttað, að málsefnið er í öllum höfuðatriðum hið sama og í áðurgreindu hæstaréttarmáli Guðmundar Guðmundssonar og Trésmiðjunnar Víðis h.f. gegn fjármálaráðherra f. h. ríkissjóðs og gagnsök, sem dæmt var að nokkru leyti 29. nóvember 1958, þ. e. um almennt gildi laga nr. 44/1957. En þar sem aðiljar þessa máls eru eigi hinir sömu og í nefndu máli, verður eigi talið, að ákvæði 2. mgr. 196. gr. laga nr. 85/1936 leggi hömlur á það, að stefnandi reki sjálfstætt mál um skattskyldu sína samkvæmt nefndum stóreignaskattslögum, enda hefur hann áður leitað úrskurðar réttra skattyfirvalda um skattgjald það, sem honum var gert að greiða. Auk þess virðast ýmsar málsástæður hafðar uppi í þessu máli umfram þær, sem um var dæmt í áðurgreindu hæstaréttarmáli. Verður málinu eigi vísað frá dómi af þessum ástæðum.

Það kemur að vísu fram á dómskjali 4, sem er orðsending Félags stóreignaskattsgreiðenda til stóreignaskattsgjaldenda, að félagið mælir með málshöfðun fyrir bæjarþingi Reykjavíkur í því skyni, eins og það er orðað, að „fyrirbyggja lögtök hjá stefnanda, meðan mál hans er fyrir bæjarþinginu og Hæstarétti, verði því skotið þangað", og má ætla, að það sé einn þátturinn í þeirri starfsemi félagsins „að vinna að því af fremsta megni, að lög nr. 44/1957 komi ekki til framkvæmda, en verði numin úr gildi sem allra fyrst". En þar sem stefnandi samkvæmt framansögðu getur efnislega borið skattmál sitt fyrir dómstólana, þykir sú viðleitni Félags stóreignaskattsgreiðenda, — en stefnandi þessa máls

virðist vera aðili að því, — sem í reynd birtist í þessari málssókn og öðrum hliðstæðum, þó eigi geta leitt til vísunar málsins frá dómi, enda munu yfirvöld þau, sem hafa innheimtu skattsins með höndum, eigi enn hafa krafizt lögtaks hjá stefnanda, og er því eigi reynt, hvort eða að hve miklu leyti málssókn hans hér fyrir bæjarþinginu yrði talin skattheimtunni til fyrirstöðu. Verður þessi frávísunarástæða stefnda því eigi heldur tekin til greina.

Að því er varakröfu stefnanda um lækkun skattsins varðar, þá er hún á því reist, að eignir hans séu ofmetnar til skatts, en eigi kemur það fram af gögnum þeim, sem hann hefur lagt fram í málinu, hvaða eignir hann telur ofmetnar.

Stefnanda bar að vísu samkvæmt 105. gr. laga nr. 85/1936 að gera fyllri grein fyrir þessari kröfu sinni í stefnu eða greinargerð og tilgreina, hvaða eignir hann teldi ofmetnar og hvers vegna. En þar sem gagnasöfnun málsins er eigi enn lokið, þykir þó með vísun til 116. gr. sömu laga eigi næg ástæða til þess að vísa þessum kröfulið frá dómi vegna ófullnægjandi greinargerðar.

Samkvæmt þessu verður frávísunarkrafa stefnda ekki tekin til greina.

Kveðið verður á um málskostnað, er málið verður dæmt að efni til.

Hákon Guðmundsson setu-borgardómari kvað upp úrskurð þenna.

Ályktarorð:

Krafa stefnda, fjármálaráðherra f. h. ríkissjóðs, um vísun málsins frá bæjarþinginu verður eigi tekin til greina.

Mánudaginn 16. nóvember 1959.

Nr. 197/1959. **Fjármálaráðherra f. h. ríkissjóðs**
gegn
Guðjóni Sæmundssyni.

Dómendur:
hæstaréttardómararnir Þórður Eyjólfsson, Jón Ásbjörnsson og Jónatan Hallvarðsson, Ármann Snævarr prófessor og Kristján Kristjánsson borgarfógeti.

Kærumál. Kröfu um frávísun frá héraðsdómi hrundið.

Dómur Hæstaréttar.

Sóknaraðili hefur skotið máli þessu til Hæstaréttar með kæru 17. október 1959, er barst dóminum 27. s. m. Krefst sóknaraðili þess *aðallega*, að máli varnaraðilja gegn honum verði í heild vísað frá héraðsdómi, en *til vara*, að aðalkröfum varnaraðilja í héraði verði vísað frá héraðsdómi. Svo krefst hann og málskostnaðar í héraði og kærumálskostnaðar úr hendi varnaraðilja.

Varnaraðili krefst staðfestingar hins kærða úrskurðar og kærumálskostnaðar úr hendi sóknaraðilja.

Með skírskotun til forsendna hins kærða úrskurðar ber að staðfesta hann.

Sóknaraðilja ber að greiða varnaraðilja kærumálskostnað, sem ákveðst kr. 2.000,00.

Dómsorð:

Hinn kærði úrskurður á að vera óraskaður.

Sóknaraðili, fjármálaráðherra f. h. ríkissjóðs, greiði varnaraðilja, Guðjóni Sæmundssyni, kærumálskostnað, kr. 2.000,00.

Úrskurður bæjarþings Reykjavíkur 13. október 1959.

Mál þetta er höfðað fyrir bæjarþinginu með stefnu, dags. 15. apríl þ. á., af Guðjóni Sæmundssyni, Tjarnargötu 10 hér í bæ, gegn fjármálaráðherra f. h. ríkissjóðs. Gerir stefnandi þær dómkröfur *aðallega*, að skattur sá, kr. 160.040,00, sem honum var gert

að greiða samkvæmt lögum nr. 44/1957, um skatt á stóreignir, verði algerlega felldur niður, en *til vara* krefst hann þess, að skattfjárhæðin verði lækkuð til mikilla muna. Þá krefst stefnandi og málskostnaðar úr hendi stefnda eftir mati dómsins.

Stefndi krefst þess *aðallega*, að málinu verði í heild vísað frá bæjarþinginu, en *til vara*, að aðalkröfu stefnanda verði vísað frá dómi. Að því er efnishlið málsins varðar, krefst hann sýknu af öllum kröfum stefnanda. Þá krefst hann og málskostnaðar úr hendi hans eftir mati dómarans, hvort sem frávísunar- eða sýknukrafan verði tekin til greina.

Frávísunarkrafa stefnda hefur verið tekin til meðferðar sérstaklega, og fór fram munnlegur málflutningur um hana 29. f. m.

Við álagningu skatts samkvæmt lögum nr. 44/1957 var stefnanda gert að greiða kr. 160.040,00 í skatt. Hann hefur eigi viljað una skattálagningu þessari og hefur því höfðað mál þetta til þess að fá skattgjald sitt fellt niður. Er málssókn hans í höfuðatriðum byggð á því í fyrsta lagi, að hér sé eigi um skattálagningu að ræða, heldur eignatöku, sem sé óheimil samkvæmt 41., 42., 67. og 69. gr. stjórnarskrárinnar. Í öðru lagi byggir hann kröfu sína á því, að margir stærstu skattþegnar ríkisins séu undanþegnir þessum skatti, og í þriðja lagi telur stefnandi, að fella beri skattinn niður vegna þess, að rétti sínum sé stórlega hallað samanborið við aðra skattþegna.

Frávísunarkröfu sína styður stefndi þeim rökum, að með dómi Hæstaréttar 29. nóvember 1958 í málinu: Guðmundur Guðmundsson o. fl. gegn fjármálaráðherra f. h. ríkissjóðs, — sem flutt hafi verið sem dæmimál um gildi laga nr. 44/1957, hafi komið fram og verið dæmt um sömu ógildingarrök og stefnandi beri fyrir sig í þessu máli. Liggi því þegar fyrir endanleg efnisúrlausn dómstóla á þeim sakaratriðum, sem mál þetta er risið af, þ. e. gildi nefndra laga, nr. 44/1957, og sé dómsniðurstaða vegna eðlis málsins einnig bindandi í þessu máli, þótt málsaðiljar séu eigi hinir sömu. Beri því samkvæmt 2. málsgr. 196. gr. laga nr. 85/1936 að vísa málinu frá dómi. Málshöfðun þessi sé líka í því einu skyni gerð að tefja skattheimtuna og koma í veg fyrir, að lögtaki verði beitt til innheimtu skattgjalds stefnanda. Málatilbúnaður stefnanda sé þannig í raun og veru misnotkun á dómstólunum, og eigi þeir ekki að ljá slíkri háttsemi lið. Loks telur stefndi, að varakrafa stefnanda sé svo vanreifuð, að vísa beri henni frá dómi þegar af þeirri ástæðu.

Stefnandi, sem hefur mótmælt frávísunarkröfunni og krafizt

þess, að henni verði hrundið, neitar því, að framannefndur dómur Hæstaréttar frá 29. nóvember 1958 geti á nokkurn hátt verið bindandi úrslit sakarefnis fyrir sig, því að hvort tveggja sé, að það mál hafi verið milli annarra aðilja en þetta mál, og geti ákvæði 2. mgr. 196. gr. laga nr. 85/1936 því eigi átt við um það. En auk þess beri hann í þessu máli fram ýmsar málsástæður, sem eigi hafi komið til álita í fyrrnefndu hæstaréttarmáli. Þá mótmælir stefnandi því eindregið, að málshöfðun hans sé gerð í því skyni að tefja fyrir skattheimtu ríkisins eða að hún sé á nokkurn hátt misnotkun á dómstólum ríkisins. Hann sé þvert á móti að leita þeirrar verndar dómsvaldsins og þess réttaröryggis, sem þegnar þjóðfélagsins eigi kröfu til. Loks neitar stefnandi því, að á skorti um greinargerð af sinni hálfu, að því er varakröfuna um lækkun skattsins varðar, en 10. gr. laga nr. 44/1957 feli í sér skýlausa heimild til þess að bera einnig skattfjárhæðina undir mat dómstólanna.

Í máli því, er hér liggur fyrir til úrlausnar, er því að vísu svo háttað, að málsefnið er í öllum höfuðatriðum hið sama og í áðurgreindu hæstaréttarmáli Guðmundar Guðmundssonar og Trésmiðjunnar Víðis h.f. gegn fjármálaráðherra f. h. ríkissjóðs og gagnsök, sem dæmt var að nokkru leyti 29. nóvember 1958, þ. e. um almennt gildi laga nr. 44/1957. En þar sem aðiljar þessa máls eru eigi hinir sömu og í nefndu máli, verður eigi talið, að ákvæði 2. mgr. 196. gr. laga nr. 85/1936 leggi hömlur á það, að stefnandi reki sjálfstætt mál um skattskyldu sína samkvæmt nefndum stóreignaskattslögum, enda hefur hann áður leitað úrskurðar réttra skattyfirvalda um skattgjald það, sem honum var gert að greiða. Auk þess virðast ýmsar málsástæður hafðar uppi á þessu máli umfram þær, sem um var dæmt í áðurgreindu hæstaréttarmáli. Verður málinu því eigi vísað frá dómi af þessum ástæðum.

Það kemur að vísu fram á dómskjali 4, sem er orðsending Félags stóreignaskattsgreiðenda til stóreignaskattsgjaldenda, að félagið mælir með málshöfðunum fyrir bæjarþingi Reykjavíkur í því skyni, eins og það er orðað, að „fyrirbyggja lögtök hjá stefnanda, meðan mál hans er fyrir bæjarþinginu og Hæstarétti, verði því skotið þangað", og má ætla, að það sé einn þátturinn í þeirri starfsemi félagsins „að vinna að því af fremsta megni, að lög nr. 44/1957 komi ekki til framkvæmda, en verði numin úr gildi sem allra fyrst". En þar sem stefnandi samkvæmt framansögðu getur efnislega borið skattmál sitt fyrir dómstólana, þykir sú viðleitni Félags stóreignaskattsgreiðenda, — en stefnandi þessa máls virðist vera

aðili að því, — sem í reynd birtist í þessari málssókn og öðrum hliðstæðum, þó eigi geta leitt til vísunar málsins frá dómi, enda munu yfirvöld þau, sem hafa innheimtu skattsins með höndum, eigi enn hafa krafizt lögtaks hjá stefnanda, og er því eigi reynt, hvort eða að hve miklu leyti málssókn hans hér fyrir bæjarþinginu yrði talin skattheimtunni til fyrirstöðu. Verður þessi frávísunarástæða stefnda því eigi heldur tekin til greina.

Að því er varakröfu stefnanda um lækkun skattsins varðar, þá er hún á því reist, að eignir hans séu ofmetnar til skatts. Það kemur þó eigi fram af gögnum þeim, sem hann hefur lagt fram í málinu, hvaða eignir hann telur ofmetnar, en samkvæmt skjölum, sem stefndi leggur fram, þ. e. stóreignaskýrslu og afritum af skattkærum stefnanda, verður að ætla, að það muni fyrst og fremst vera fasteignir hans, sem hann telur ofmetnar. Stefnanda bar að vísu samkvæmt 105. gr. laga nr. 85/1936 að gera fyllri grein fyrir þessari kröfu sinni í stefnu eða greinargerð og tilgreina, hvaða eignir hann teldi ofmetnar og hvers vegna. En þar sem gagnasöfnun málsins er eigi enn lokið, þykir þó með vísun til 116. gr. sömu laga eigi næg ástæða til þess að vísa þessum kröfulið frá dómi vegna ófullnægjandi greinargerðar.

Samkvæmt þessu verður frávísunarkrafa stefnda ekki tekin til greina.

Kveðið verður á um málskostnað, er málið verður dæmt að efni til.

Hákon Guðmundsson setu-borgardómari kvað upp úrskurð þenna.

Ályktarorð:

Krafa stefnda, fjármálaráðherra f. h. ríkissjóðs, um vísun málsins frá bæjarþinginu verður eigi tekin til greina.

Mánudaginn 23. nóvember 1959.

Nr. 57/1959. **Fjármálaráðherra og menntamálaráðherra f. h. ríkissjóðs** (Haukur Jónsson hdl.)
gegn
Sigurði Ísakssyni f. h. ófjárráða sonar hans, Jóns, (Sigurður Baldursson hdl.)
og gagnsök.

Dómendur: hæstaréttardómararnir Þórður Eyjólfsson, Gizur Bergsteinsson, Jón Ásbjörnsson og Jónatan Hallvarðsson og prófessor Theodór B. Líndal.

Slysabætur. Sératkvæði.

Dómur Hæstaréttar.

Aðaláfrýjandi hefur skotið máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 10. apríl 1959. Hann krefst *aðallega* sýknu og málskostnaðar fyrir Hæstarétti úr hendi gagnáfrýjanda, en *til vara* lækkunar á kröfum hans og að málskostnaður verði felldur niður.

Gagnáfrýjandi, sem hefur gjafsókn hér fyrir dómi, hefur áfrýjað málinu með stefnu 17. nóvember 1959 að fengnu áfrýjunarleyfi s. d. Hann krefst þess, að aðaláfrýjanda verði dæmt að greiða sér kr. 150.800,00 ásamt 6% ársvöxtum frá 1. febrúar 1956 til greiðsludags og málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti, eins og málið væri eigi gjafsóknarmál.

Fyrir Hæstarétti hafa verið lögð fram nokkur ný gögn, þ. á m. endurrit af vitnaprófum, er háð voru eftir uppsögu héraðsdóms. Kom þá fyrir dóm Kristján Sigurðsson, fyrrverandi forstjóri Breiðavíkurhælis, starfsstúlka hælisins á þeim tíma, er slysið varð, og þrír drengja þeirra, er þá voru vistmenn á hælinu, þ. á m. Sigurður Konráð Konráðsson, sem valdur var að slysinu. Segir Kristján, að þrír bogar hafi verið geymdir í útigeymslu hælisins og hangið þar á vegg nálægt glugga. Hafi rúða í glugga þessum verið brotin og boganum, er slysinu olli, náð þar út. Greind starfsstúlka stað-

festi, að bogar hefðu verið geymdir í læstri geymslu, en eigi vissi hún, hvernig slysaboganum hafði verið náð þaðan. Minntist hún ekki innbrotsins í geymsluna. Þeir tveir drengjanna, sem komu fyrir dóm auk Sigurðar Konráðs, kveða boga hafa verið geymda í læstri útigeymslu. Að sögn annars þeirra var læsingin ótrygg, og eigi mundi hann, hvort bogum hafi verið komið þar fyrir, áður en slysið varð. Eigi minntist hann þess, að brotin hefði verið rúða í geymsluglugga til þess að komast þann veg inn. Hinn drengurinn kvað einu sinni hafa verið brotizt inn í geymsluna, en eigi mundi hann, hvernig innbrot það var framkvæmt. Eigi veitti vætti þessara drengja vitneskju um það, með hverjum hætti Sigurður Konráð komst yfir boga þann, sem slysið hlauzt af. Sigurður Konráð skýrði hins vegar svo frá, að sá bogi hefði eigi verið geymdur í útigeymslu, heldur í ólæstri skógeymslu undir kjallarastiga íbúðarhússins og verið fólginn þar með þeim hætti, að hann var eigi sýnilegur þeim, sem í geymsluna komu. Eigi taldi hann sig vita, hver hefði staðið að geymslu bogans á þessum stað. Þó að skýrslur þessar séu nokkuð á reiki um vörzlu boganna, er af þeim ljóst, að gæzla boganna hefur, eins og á stóð, verið með öllu ófullnægjandi. Samkvæmt þessu og rökum héraðsdóms að öðru leyti ber að staðfesta ákvæði hans um fébótaábyrgð ríkissjóðs á slysi því, sem í málinu greinir.

Hinn 13. þ. m. hefur G. K. Guðmundsson tryggingafræðingur endurskoðað áætlanir sínar frá 9. júlí 1957 um fjártjón gagnáfrýjanda með hliðsjón af breytingum kaupgjalds, er síðan hafa orðið. Samkvæmt þessari endurskoðun hækkar áætlun tryggingafræðingsins, sem miðuð er við verkamannakaup, úr kr. 89.712,00 í kr. 100.181,00, en sú áætlun, sem miðuð er við tekjur daglaunamanna, iðnverkamanna og sjómanna, úr kr. 98.524,00 í kr. 132.860,00. Þar sem hinar síðari áætlanir eru sem hinar fyrri miðaðar við 20% varanlega örorku, eiga greindar niðurstöður að hækka um 25%, þegar lögð er til grundvallar 25% örorka gagnáfrýjanda. Með þessum athugasemdum þykir mega staðfesta ákvæði héraðsdóms um skaðabætur úr ríkissjóði til handa gagnáfrýjanda.

Gjafsóknarkostnaður gagnáfrýjanda greiðist úr ríkissjóði, þar með talin laun talsmanns gagnáfrýjanda í héraði og hér fyrir dómi, kr. 9.000,00 til hvors.

Dómsorð:

Aðaláfrýjandi, fjármálaráðherra og menntamálaráðherra f. h. ríkissjóðs, greiði gagnáfrýjanda, Sigurði Ísakssyni f. h. ófjárráða sonar hans, Jóns, kr. 115.800,00 ásamt 6% ársvöxtum frá 1. febrúar 1956 til greiðsludags.

Gjafsóknarkostnaður gagnáfrýjanda greiðist úr ríkissjóði, þar með talin laun talsmanna hans í héraði og fyrir Hæstarétti, Árna Stefánssonar og Sigurðar Baldurssonar héraðsdómslögmanna, kr. 9.000,00 til hvors.

Sératkvæði

Jóns Ásbjörnssonar hæstaréttardómara.

Ég er samþykkur því, að geymsla boga þeirra, er í málinu greinir, hafi verið ótryggileg, eins og á stóð. Auk þess er ljóst af gögnum málsins, að eigi var af ríkisins hálfu séð fyrir fullnægjandi eftirliti með drengjum þeim, 14 að tölu, sem á hælinu voru, margir þeirra að sjálfsögðu baldnir og óstýrilátir. En forstöðumanninum, Kristjáni Sigurðssyni, var einum ætluð gæzla þeirra. Var ágreiningslaust í málflutningi hér fyrir dómi, að aðrir starfsmenn hælisins hefðu verið ráðnir til allt annarra starfa. Hlaut gæzla drengjanna að vera ofvaxin einum manni, sem að auki átti að sjá um rekstur hælisins út á við. Kveðst hann að vísu hafa gripið til manns, sem ráðinn var til smíða, svo og til konu sinnar, er var ráðskona á hælinu, sér til aðstoðar við gæzluna, en að vonum gat það ekki verið fullnægjandi.

Með skírskotun til þess, sem ég nú hef rakið, tel ég ríkissjóð bótaskyldan út af áfalli því, sem drengurinn Jón Sigurðsson varð fyrir, og get ég fallizt á fjárhæðir bótanna, eins og þær eru ákveðnar í héraðsdómi.

Málflutningslaun skipaðs talsmanns gagnáfrýjanda í hér-

aði, Árna Stefánssonar héraðsdómslögmanns, tel ég hæfilega ákveðin kr. 6.000,00.

Með skírskotun til þess, sem að framan er greint, er ég að öðru leyti sammála forsendum og dómsorði meiri hluta dómenda.

Dómur bæjarþings Reykjavíkur 12. janúar 1959.

Mál þetta, sem tekið var til dóms 19. f. m., hefur Sigurður Ísaksson, Selvogsgötu 8, Hafnarfirði, vegna ófjárráða sonar síns, Jóns, höfðað á bæjarþingi Reykjavíkur að fengnu gjafsóknarleyfi, dags. 7. október 1957, með stefnu, út gefinni 11. nóvember 1957, gegn fjármálaráðherra og menntamálaráðherra vegna ríkissjóðs til greiðslu skaðabóta, að fjárhæð kr. 129.324,00, ásamt 6% ársvöxtum frá 1. febrúar 1956 til greiðsludags og málskostnaði samkvæmt gjaldskrá LMFÍ, eins og málið væri ekki gjafsóknarmál. Í þinghaldi 8. október 1958 hækkaði stefnandi fjárhæð kröfu sinnar í kr. 150.800,00. Féllust stefndu á, að hækkun þessi fengi komizt að í málinu án framhaldsstefnu.

Stefndu hafa í greinargerð krafizt sýknu af kröfum stefnanda, en gerðu þá varakröfu við munnlegan flutning málsins, að krafa stefnanda yrði stórlega lækkuð. Í hvorugu tilviki er krafizt málskostnaðar.

Málsatvik eru þessi:

Á árinu 1955 sneri eiginkona stefnanda sér til formanns barnaverndarnefndar Akraness, en hjónin voru þá búsett þar, og óskaði aðstoðar nefndarinnar til að koma syni hjónanna, Jóni, þá 9 ára gömlum, til dvalar í sveit. Var ástæðan til þessarar ráðagerðar sú, að drengurinn var óhlýðinn og mikill fyrir sér og var auk þess í slæmum félagsskap eldri drengja, er beittu honum fyrir sig til óknytta. Tilraunir til að koma drengnum til dvalar í sveit báru ekki árangur, og varð því að ráði eftir beiðni móður hans og í samráði við hana að leita til fulltrúa barnaverndarnefndar Reykjavíkur um vistun drengsins á hæli fyrir vangæfa drengi, sem ríkissjóður rekur að Breiðuvík í Barðastrandarsýslu. Náði þessi ráðagerð fram að ganga, og kom drengurinn að Breiðuvík í nóvember s. á. Að sögn forstjóra hælisins, Kristjáns Sigurðssonar, var Jón mikill fyrir sér og fjörmikill, fremur óhlýðinn í fyrstu, en tók framförum, er frá leið. Hann var jafnan skapgóður og kom yfirleitt vel saman við aðra drengi,

er þarna dvöldu. Nokkrum dögum fyrir jól 1955 bar það við, síðari hluta dags, er forstjóri hælisins var staddur í borðstofu, sem liggur að híbýlum vistmanna, að hann heyrði hljóð í dreng, sem þaðan bárust. Hljóp hann þegar á vettvang ásamt konu sinni, er þarna var nærstödd. Er þau komu á gang, sem liggur að herbergjum vistmanna, stóð Jón Sigurðsson þar, hélt hendi fyrir auga og kveinkaði sér. Var Kristjáni tjáð, að ör hefði verið skotið í auga Jóns. Þau hjón fóru þegar með Jón til íbúðar sinnar og könnuðu meiðsli þau, er hann hafði hlotið. Kom í ljós, að augað var blóðhlaupið, en ósært, að því er virtist. Er hér var komið, kveðst Kristján þegar hafa hringt í héraðslækninn á Patreksfirði, Hannes Finnbogason, og farið þess á leit, að hann kæmi að Breiðuvík og liti á meiðsli Jóns litla. Kveðst Kristján hafa tjáð lækninum, hvað fyrir hefði komið. Læknirinn hafi svarað því til, að hann gæti ekki komið, enda gæti hann ekki aðra hjálp veitt en bundið um augað. Aftur á móti hafi hann beðið þess, að hann yrði látinn fylgjast með líðan drengsins. Kristján kveður þau hjónin nú hafa bundið um auga Jóns eins og þau bezt gátu. Er því var lokið, hóf Kristján að rannsaka tildrög slyssins. Kom í ljós, að slysið hafði orðið með þeim hætti, að einn drengjanna á hælinu, Sigurður Konráðsson, 13 ára gamall, hafði staðið í miðjum kjallarastiga, sem liggur niður frá áðurnefndum gangi, og skotið ör upp stigann. Um leið bar Jón þarna að og mun hafa ætlað niður stigann, er örin lenti í auga hans. Örin reyndist vera úr tré, og á oddi hennar var komið fyrir tómu skothylki til þess að þyngja hana í þann endann. Örinni hafði verið skotið af boga, sem drengirnir höfðu smíðað þá nokkru áður. Kveðst forstjóri hælisins hafa lagt algert bann við því, að boginn væri notaður innan húss eða heima við. Aftur á móti hafi hann leyft notkun hans á vissum svæðum úti, er hann væri sjálfur nærstaddur. Boginn hafi átt að vera geymdur í útigeymslu að fyrirlagi hans. Í fyrstu hafi hann verið leyndur því, að boginn hafði verið notaður, þar sem drengirnir hafi vitað, að kæmist hann að því, mundi hann taka skotvopnið úr notkun.

Kristján Sigurðsson kveðst ásamt konu sinni hafa skoðað auga Jóns daginn eftir slysið. Hafi drengurinn þá kvartað yfir miklum sársauka í því. Augað hafi verið rautt og blóðhlaupið, og hafi drengurinn sagt, að hann sæi ekkert með því. Þenna dag kveðst Kristján aftur hafa átt símtal við héraðslækninn á Patreksfirði og skýrt honum frá ástandi augans. Jafnframt hafi hann innt lækninn eftir því, hvort ekki væri rétt að fá sjúkraflugvél til

þess að flytja drenginn til rannsóknar og aðgerðar, ef með þyrfti. Þess hafi læknirinn ekki talið þörf. Hafi hann sagt, að drengurinn mundi vera sjónlaus á auganu í um mánaðartíma vegna blóðhlaups, en mundi eftir það smám saman fá sjónina aftur. Jafnframt hafi læknirinn látið þess getið, að ekkert væri hægt að gera. Kristján kveðst því hafa látið hér við sitja, en ekki hafi verið hægt að fara með drenginn til Patreksfjarðar, þar sem vegir voru ófærir vegna snjóa. Hann hafi aftur á móti átt tal við lækninn öðru hverju og látið hann fylgjast með líðan drengsins. Hafi sér þótt roðinn lengi að hverfa af auganu og tjáð lækninum það, en hann hafi talið það allt með felldu. Rúmum mánuði eftir slysið hafi Jón látið þess getið, að hann sæi lítillega með auganu, en þó allt í móðu. Kveðst Kristján hafa reynt þetta nokkru síðar með því að bera hluti fyrir slasaða augað og halda fyrir hið heilbrigða á meðan. Hafi hann ekki orðið annars var en drengurinn greindi hlutina sæmilega. Augað hafi smám saman orðið eðlilegt útlits. Kveðst Kristján sem fyrr hafa skýrt héraðslækninum á Patreksfirði frá ástandi augans, og hafi hann talið þróunina eðlilega. Síðan hafi hann spurt Jón, hvort hann sæi sæmilega með auganu, og hafi hann játað því.

Kristján Sigurðsson kveðst muna örugglega, að hann hafi hringt til fulltrúa barnaverndarnefndar Reykjavíkur nokkrum dögum eftir slysið og skýrt honum frá meiðslum Jóns litla. Hafi hann þó ekki verið sérlega hræddur um afleiðingar þeirra vegna álits Hannesar læknis. Móðir Jóns hafi hringt til sonar síns nokkru síðar, og hafi hann þá talað við hana og skýrt henni frá slysinu.

Hinn 4. marz 1958 ritaði umboðsmaður stefnanda Hannesi lækni Finnbogasyni bréf og fór þess á leit, að læknirinn gæfi sem gleggsta skýrslu um skipti sín og forstjóra hælisins í Breiðuvík út af umræddu slysi. Fer skýrsla læknisins hér á eftir:

„1) Enda þótt langt sé um liðið frá atburðum þeim, er greina skal, er mér enn í minni veðrið dag þann, er forstöðum. vistheimilisins hringdi til mín vegna drengs, sem hafði fengið ör af boga í annað augað. Veður var þannig, að mjög erfitt hefði reynzt að fara yfir Hafnarfjall að Breiðuvík, auk þess ófært á báti yfir Patreksfjörð.

2) Forstöðumaðurinn lýsti fyrir mér, hvernig slysið hefði að borið og hvernig örin hefði verið. Man ég, að hann sagði auga drengsins blóðhlaupið, en hvergi sár á því að sjá, — enn fremur,

að drengurinn sæi ekki með auganu. Líðan drengsins kvað hann ekki slæma.

3) Í samtalinu þennan dag sagði ég honum, að fyrst svo háttaði um færð og veður, gætum við rólegir beðið í einn til tvo daga, þar eð ekkert gæti verið, sem þyrfti svo bráðrar aðgerðar við. Hins vegar skyldi hann koma drengnum til mín, strax og veður leyfði.

4) Sama kvöld las ég mér til um slík slys á augum til þess að geta betur áttað mig á þessu, þegar drengurinn kæmi. Við lestur þennan varð mér enn ljósara en áður, hvað af gat hlotizt, þ. e. los á sjónhimnu (retina-los).

5) Morguninn næsta á eftir hringdi ég til forstöðumannsins og fékk fregnir af drengnum. Sagði ég honum, að nú skyldi nota tækifærið og koma drengnum til mín, þar eð veður færi batnandi, — tjáði honum jafnframt, að hann skyldi reikna með, að ég þyrfti að senda drenginn til sérfræðings. Nefndi hann þá, hvort ekki væri eins gott að panta flugvél. Benti ég honum á, að önnur leið ódýrari væri fær drengnum að skaðlausu. Man ég ekki annað en forstöðumaðurinn væri þessu samþykkur og segðist mundu koma drengnum til mín.

6) Munu nú hafa liðið nokkrir dagar, þar til forstöðumaðurinn talaði við mig. Taldi hann, að auga drengsins væri nú að færast í eðlilegt horf. Taldi ég samt réttast, að ég fengi að sjá drenginn, þar eð ég vissi, að retina-los gæti samt verið. Nokkrum vikum síðar munum við hafa átt tal saman, og taldi hann augað þá vera eðlilegt útlits og að drengurinn sæi með því. Síðan gleymdi ég þessu.

7) Snemma sumars 1956 var ég á ferð um Breiðuvík og fékk þá að vita, að drengurinn sæi ekkert með auganu. Ákvað ég að bíða komu augnlæknis, sem væntanlegur var eftir 6 vikur. Var komið með drenginn til hans, og tjáði augnlæknir mér sína niðurstöðu“ ....

Lagt hefur verið fram í málinu afrit af vottorði, dags. 9. október 1956, frá Kristjáni Sveinssyni augnlækni. Í vottorði þessu kveðst læknirinn hafa skoðað Jón Sigurðsson, eftir að drengurinn varð fyrir umræddu slysi. Af vottorðinu verður ekki ráðið, hvenær þessi skoðun fór fram, en þar er ástandi augans lýst þannig:

... „Status præcens: Hægra auga: Augnlok og hreyfingar eðlil. Hægra ljósop er tökkótt, vegna þess að hringvöðvi lithimnunnar

hefur rifnað á tveimur stöðum; ljósopið svarar ekki fyrir ljósi, að heitið geti. Stórir cataractblettir eru í lens (augasteininum), svo að mjög illa sést inn í augað, en sjónhimnan er laus frá (rifin), og mikið grugg opacitates er í glervökva augans (sást betur í sumar, er ég leit á drenginn á Patreksfirði, þessu skotið inn í vottorðið nú). Augað er mjúkt. Batahorfur sennilega engar. Haldist augað bólgulaust, ætti sjúklingurinn ekki að hafa óþægindi í því, en oft geta komið þrautir í þessi blindu augu, er lengra líður.

Sjón: Hægra auga blint, v. auga ⅝ án gleraugna. Vinstra auga er eðlilegt."

Hinn 2. apríl 1957 kom Jón Sigurðsson til skoðunar hjá Þórarni Sveinssyni lækni, og mat læknir þessi örorku drengsins af völdum slyssins. Taldi hann vera um 20% varanlega örorku að ræða, en gat þess jafnframt, að ef svo færi, að nema yrði augað brott, mundi varanleg örorka hækka við það í 25%.

Hinn 27. október 1958 var sonur stefnanda skoðaður af Helga Skúlasyni, augnlækni á Akureyri. Í vottorði læknisins um skoðun þessa, dags. sama dag, segir á þessa leið:

„*H. auga:* V = Amaurosis (alger blinda). — Talsverður jektion (roði). Ljósop óreglulega lagað vegna samvaxta í lithimnunni. Ljósbrjótur augans með öllu ógegnsær. Augað óeðlilega lint (hypotoniskt).

V. auga: V = ⅔ ½ plús 0.500 plús 0.50 cyl. 90° (án mydriatic). Annað eðlilegt.

Þar sem algerlega er vonlaust um, að sjón fáist aftur á meidda augað, sem væntanlega er á leið með að visna upp, er til mikilla lýta og hefur valdið sjúkl. nokkrum óþægindum fram að þessu, tel ég ráðlegast að taka það burtu sem fyrst og setja gerviauga í staðinn og þá ekki hvað sízt vegna þess, að ekki er algerlega útilokað, að heilbrigða auganu geti stafað nokkur hætta af því."

Við dómtöku málsins veitti lögmaður stefnanda þær upplýsingar, að augað hefði verið numið brott.

Mál þetta er höfðað til heimtu bóta fyrir það tjón, sem stefnandi telur, að sonur hans hafi beðið af umræddu slysi, en stefnandi telur ríkissjóð bera ótvíræða skaðabótaábyrgð á afleiðingum þess. Færir hann fram fyrir því eftirfarandi rök: Í fyrsta lagi sé hælið í Breiðuvík rekið á kostnað og ábyrgð ríkissjóðs samkvæmt lögum nr. 29 frá 1947, um vernd barna og ungmenna. Þangað sé safnað saman drengjum, er reynzt hafa baldnir og miklir fyrir sér og leiðzt út á afbrotabraut. Það sé því augljóst, að nauðsynlegt sé að hafa sérstaklega gott eftirlit þarna

og fylgjast með því, að drengirnir hafi ekki undir höndum hættuleg leikföng. Þessi eftirlitsskylda hafi verið stórlega vanrækt, þar sem það hafi viðgengizt, að drengirnir höfðu til leikja sinna jafnhættulegt tæki og örvaboga. Af þessari vanrækslu hafi umrætt slys hlotizt. Í öðru lagi hafi forstjóri hælisins gerzt sekur um hirðuleysi, eftir að slysið var skeð, sem eitt út af fyrir sig hljóti að leiða til fébótaábyrgðar ríkissjóðs á afleiðingum þess. Hirðuleysi þetta hafi verið fólgið í því að vanrækja að koma drengnum til læknis þegar eftir slysið. Ef þessa hefði verið gætt, hefði læknirinn vafalaust mælt svo fyrir, að drengurinn yrði sendur til augnlæknis, en telja verði líkur fyrir því, að með því hefði að einhverju leyti verið hægt að koma í veg fyrir hinar alvarlegu afleiðingar slyssins. Í þriðja lagi var þeirri málsástæðu hreyft við munnlegan flutning málsins, að um væri að ræða culpa in eligendo af hendi þeirra forsvarsmanna ríkissjóðs, er réðu Kristján Sigurðsson forstöðumann hælisins í Breiðuvík, þar sem sýnt sé, að hann hafi bæði skort hæfni og nauðsynlega sérmenntun til að takast svo ábyrgðarmikið starf á hendur. Kom það fram við málflutninginn, að maður þessi var lögregluþjónn, áður en hann tók að sér forstöðu hælisins. Um menntun hans liggja á hinn bóginn ekki fyrir gögn.

Sýknukröfuna reisa stefndu í fyrsta lagi á því, að hér hafi ekki verið til að dreifa nokkurri vanrækslu af hendi forstöðumanns hælisins eða annars starfsfólks þess. Hér hafi verið um hreina óhappatilviljun að ræða, en þegar svo standi á, verði tjónþoli sjálfur að bera tjón sitt. Í annan stað er því mótmælt, að unnt hefði verið að koma í veg fyrir afleiðingar slyssins, þótt kleift hefði verið að koma drengnum til læknis strax eftir slysið. Drengnum hafi verið veittur allur sá aðbúnaður og sú hjúkrun, sem frekast voru tök á. Hér sé því engan um að saka nema þann, sem örinni skaut, en spurningin um ábyrgð hans á slysinu komi ekki til álita í þessu máli. Að lokum er því ákveðið mótmælt, að ríkissjóður beri almennt nokkra ábyrgð á slysum sem þessu.

Vegna þeirrar málsástæðu, sem stefnandi ber fram í rökstuðningnum fyrir kröfum sínum, að dráttur sá, er á því varð, að sonur hans var færður til læknis, kunni að hafa valdið afleiðingum slyssins að einhverju leyti, ritaði umboðsmaður stefndu Kristjáni augnlækni Sveinssyni bréf, dags. 15. nóvember 1957, og mæltist til þess, að læknirinn léti uppi álit sitt á því, hvort þessi málsástæða hefði við rök að styðjast. Enn fremur var þess

óskað, að læknirinn léti uppi álit sitt á því, hvort séð yrðu merki þess, að blindan á auga drengsins yrði að einhverju leyti rakin til þess, hvernig búið var um augað eftir slysið.

Svarbréf læknisins er dags. 24. s. m. og hljóðar þannig að loknum inngangsorðum:

.... „Eins og segir í fyrri vottorðum, var í þessu tilfelli um alvarlegt augnslys að ræða, — augasteinninn (lens) skemmdur, blæðing í glervökvann (corpus vitreum) og það, sem alvarlegast var, að sjónhimnan hefur rifnað og losnað frá (ablatio retinae). Talið er, eins og segir í fyrra vottorði, að í ca. 60—80% tilfella sé hægt að hjálpa við sjónhimnulosi (séu þau ekki orðin mjög gömul), ef ekki eru til staðar samtímis einhverjir illviðráðanlegir aukakvillar. Sem afleiðingar slyss þessa tel ég sjónhimnulosið aðalsjúkdóm, en aukakvilla: ógagnsæi (cataractbletti) í augasteini og blæðingar í glervökva. Slíkir aukakvillar gera alla meðhöndlun mjög óvissa til árangurs, jafnvel þótt komið hefði verið með barnið strax til lækninga.

Álít, að batahorfur hafi frá byrjun verið mjög slæmar, og því erfitt að afstýra afleiðingum slyssins. Gagnvart umbúnaði um augað eftir slysið skal tekið fram: Rétt var að binda fyrir augað, hafa það í sem beztri ró. Er hægt að fullyrða, að blinda augans sé í engu sambandi við þá meðhöndlun."

Vegna þessa læknisfræðilega ágreiningsatriðis þótti rétt að veita aðiljum kost á að leggja málið fyrir læknaráð. Var þetta gert með úrskurði, upp kveðnum í málinu hinn 14. október 1958. Af tilefni þessa úrskurðar rituðu lögmenn aðilja dómaranum bréf, dags. 15. s. m., þar sem þess var farið á leit, að umsagnar læknaráðs yrði leitað. Með úrskurði, upp kveðnum 17. s. m., var málið svo lagt undir læknaráð á þá leið, að beiðzt var umsagnar um, hvort dráttur sá, er á því varð, að syni stefnanda var komið undir læknishendur, eftir að hann varð fyrir slysi því, sem málið fjallar um, hafi getað valdið því, að auga drengsins varð blint, eða dregið úr batahorfum.

Ályktun læknaráðs, dags. 4. desember 1958, er svofelld:

„Eftir því, sem fram kemur í gögnum málsins, verður ekki séð, að unnt hefði verið að bjarga sjón á hægra auga drengsins, þó að læknir hefði fengið hann til meðferðar þegar eftir slysið."

Með vísun til þessa álits læknaráðs eru ekki efni til að fallast á það með stefnanda, að sú málsástæða hans hafi við rök að styðjast, að umrædd örkuml sonar hans verði rakin til ófullnægjandi læknismeðferðar.

Eins og fram kemur í skýrslu Kristjáns Sigurðssonar hér að framan, var honum kunnugt um, að drengir á hælinu höfðu smíðað sér örvaboga, nokkru áður en slysið varð. Að vísu kveðst hann hafa hlutazt til um, að boginn væri geymdur í útigeymslu, og lagt algert bann við, að boginn væri notaður innan húss eða heima við, en leyft jafnframt notkun hans á vissum svæðum utan húss, er hann væri sjálfur viðstaddur.

Það er vitað, að örvabogi getur verið mjög hættulegt tæki í höndum drengja og unglinga og það því fremur, þegar um er að ræða baldna drengi og óstýriláta. Þetta mátti forstjóra hælisins vera ljóst, og verður að telja, að mjög hafi verið óvarlegt af honum að hafa á hælinu slíkt tæki, án þess að öruggt væri, að drengirnir kæmust ekki höndum yfir það á eindæmi sitt. Ljóst er, að hann hefur ekki sýnt næga röggsemi í þessu efni, þar sem drengirnir ekki einasta vissu, hvar boginn var geymdur, heldur virðast hafa haft aðgang að þeirri geymslu. Að þessu athuguðu og þegar þess er gætt, að foreldrar og forráðamenn drengja, sem þarna var komið til dvalar, máttu treysta því, að hafðar væru í frammi nauðsynlegar ráðstafanir um öryggi þeirra, þá þykir verða að leggja á ríkissjóð, sem hafði á hendi rekstur hælisins og forsjá, fébótaábyrgð gagnvart stefnanda á slysi því, sem um er að ræða.

Stefnandi sundurliðar kröfu sína í málinu þannig:

1. Örorkubætur	kr.	120.000,00
2. Bætur fyrir þjáningar og lýti o. fl.	—	30.000,00
3. Útlagður kostnaður	—	800,00
	Kr.	150.800,00

Fjárhæð 1. kröfuliðar nam upphaflega kr. 98.524,00. Kemur kröfuhækkun sú, sem gerð var í þinghaldi 8. okt. f. á., einungis fram á þeim lið.

Um 1.

Þegar drengurinn Jón Sigurðsson varð fyrir umræddu slysi, var hann, eins og þegar greinir, 9 ára að aldri, fæddur 25. maí 1946. Hinn 9. júlí 1957 var áætlað atvinnutjón drengsins miðað við 20% varanlega örorku reiknað út af Guðjóni Hansen tryggingafræðingi. Var þess óskað af lögmanni stefnanda, að útreikningurinn yrði miðaður við laun, sem greidd eru fyrir sams konar störf og stefnandi gegnir, en hann stundar almenna verkamannavinnu á sjó og landi. Með þetta í huga kveðst tryggingafræðing-

urinn telja, að aðallega geti komið til greina tvenns konar grundvöllur til að byggja útreikninginn á, annars vegar Dagsbrúnarkaup, en á hinn bóginn niðurstöður af athugunum á vinnutekjum giftra daglaunamanna, iðnverkamanna og sjómanna, sem notaðar eru við verðlagningu landbúnaðarvara. Nemur verðmæti áætlaðs atvinnutjóns drengsins kr. 98.524,00, sé miðað við verðlagsgrundvöll landbúnaðarafurða, en kr. 89.712,00, ef miðað er við Dagsbrúnarkaup. Í báðum tilvikum er gert ráð fyrir, að drengurinn byrji að afla vinnutekna við 16 ára aldur og að tekjurnar séu 80% af vinnutekjum fullorðinna á 17. aldursárinu, en aukist síðan um 4% af vinnutekjum fullorðinna á ári hverju, unz fullum vinnutekjum er náð við 21 árs aldur.

Önnur atriði í forsendum útreikningsins en getið hefur verið eru 6% vextir p. a., dánarlíkur íslenzkra karla samkvæmt reynslu tímabilsins 1941—50 og líkur fyrir missi starfsorku í lifanda lífi eftir sænskri reynslu. Enginn frádráttur er gerður vegna opinberra gjalda.

Svo sem getið hefur verið, er útreikningurinn miðaður við 20% varanlega örorku, en í lok útreikningsins getur tryggingafræðingurinn þess, að ef miðað hefði verið við 25% örorku, mundu niðurstöðutölur útreikningsins hafa orðið 25% hærri en þær eru.

Stefnandi telur, að miða eigi bætur samkvæmt þessum lið við hærri niðurstöðu útreikningsins, en hækkun þá, er hann samkvæmt framanskráðu fékk komið að á þessum lið, byggir hann á því, hversu mjög verðlag í landinu hafi hækkað, frá því að útreikningurinn var gerður.

Stefndi mótmælir kröfulið þessum sem of háum.

Þegar virt eru þau atriði, sem máli eiga að skipta við ákvörðun bóta þessara, þykir hæfilegt að taka kröfulið þenna til greina með kr. 90.000,00. Er þá tekið tillit til þess, að drengurinn hefur alveg misst hægra augað og er því samkvæmt áðurgreindu örorkumati, sem ekki hefur verið hnekkt, 25% öryrki.

Um 2.

Þegar litið er til meiðsla stefnanda og afleiðinga þeirra og þess gætt, að missir auga hefur í för með sér allveruleg og áberandi lýti, ásamt röskun á stöðu og högum, þá þykja bætur samkvæmt þessum kröfulið hæfilega ákveðnar kr. 25.000,00.

Um 3.

Þessi liður sætir ekki mótmælum og verður tekinn til greina óbreyttur.

Úrslit málsins verða þá þau, að tjón drengsins Jóns Sigurðssonar telst nema alls kr. 115.800,00 (kr. 90.000,00 + kr. 25.000,00 + kr. 800,00). Verður ríkissjóður dæmdur til að greiða stefnanda vegna drengsins þá fjárhæð ásamt vöxtum eins og krafizt er.

Eftir þessum málalokum verður ríkissjóður dæmdur til að greiða skipuðum málflutningsmanni stefnanda, Árna héraðsdómslögmanni Stefánssyni, kr. 11.000,00 í málflutningslaun, en stefnanda kr. 165,00. Er þar um að ræða útlagðan kostnað samkvæmt dskj. 22—23.

Einar Arnalds borgardómari kvað upp þenna dóm.

Dómsorð:

Stefndu, fjármálaráðherra og menntamálaráðherra vegna ríkissjóðs, greiði stefnanda, Sigurði Ísakssyni vegna ófjárráða sonar hans, Jóns, kr. 115.800,00 ásamt 6% ársvöxtum frá 1. febrúar 1956 til greiðsludags og kr. 11.165,00 í málskostnað. Af þeirri fjárhæð hljóti skipaður málflutningsmaður stefnanda, Árni héraðsdómslögmaður Stefánsson, kr. 11.000,00 í málflutningslaun, en stefnandi kr. 165,00 fyrir útlagðan kostnað.

Dómi þessum ber að fullnægja innan 15 daga frá lögbirtingu hans að viðlagðri aðför að lögum.

Miðvikudaginn 25. nóvember 1959.

Nr. 206/1959. **Valdstjórnin**
gegn
Hauki Hvannberg.

Dómendur:
hæstaréttardómararnir Þórður Eyjólfsson, Gizur Bergsteinsson, Jón Ásbjörnsson og Jónatan Hallvarðsson og prófessor Theodór B. Líndal.

Kærumál. Úrskurður héraðsdóms um bann gegn brottför sakbornings úr lögsagnarumdæmi Reykjavíkur staðfestur.

Dómur Hæstaréttar.

Með kæru 12. nóvember 1959, sem hingað barst 19. s. m., hefur varnaraðili samkvæmt 3. tl. 172. gr. laga nr. 27/1951

skotið til Hæstaréttar hinum kærða úrskurði og krafizt þess, að úrskurðurinn verði felldur úr gildi og honum verði heimiluð brottför úr landi til lækninga.

Með skírskotun til forsendna hins kærða úrskurðar ber að staðfesta hann.

Dómsorð:

Hinn kærði úrskurður á að vera óraskaður.

Úrskurður sakadóms Reykjavíkur 12. nóvember 1959.

Ár 1959, fimmtudaginn 12. nóvember, var í sakadómi Reykjavíkur, sem haldinn var á Fríkirkjuvegi 11 af Gunnari Helgasyni og Guðm. Ingva Sigurðssyni, dómurum skv. sérstakri umboðsskrá, kveðinn upp úrskurður um kröfu um afnám banns við brottför úr lögsagnarumdæmi Reykjavíkur, sbr. 72. gr. l. nr. 27/1951, um meðferð opinberra mála.

Málið er þannig vaxið:

Hinn 16. desember 1958 hófst dómsrannsókn á ætluðu broti Hins íslenzka steinolíuhlutafélags á gjaldeyris- og innflutningslöggjöfinni í sambandi við viðskipti félagsins við varnarliðið, en félag þetta hefur, frá því að varnarliðið kom til landsins 1951, annazt sölu á eldsneyti, olíu og smurningsolíu til varnarliðsins, sem varnarliðið fær tollfrjálst í skjóli ákvæða 9. tl. 8. gr. viðbætisins um réttarstöðu liðs Bandaríkjanna og eignir þeirra við varnarsamninginn frá 15. maí 1951, sbr. l. nr. 110/1951. Rannsókn málsins hefur smám saman orðið víðtækari og nær nú einnig til ætlaðra brota Olíufélagsins h/f á gjaldeyris- og innflutningslöggjöfinni og annarrar ólöglegrar starfsemi þessara tveggja félaga, eftir því sem rannsóknin kann að gefa tilefni til. Olíufélagið h/f og Hið íslenzka steinolíuhlutafélag (HÍS) eru nokkurs konar systurfyrirtæki, enda sömu menn í stjórn beggja félaganna. Framkvæmdastjóri HÍS um margra ára skeið var Haukur Hvannberg, cand. jur., til heimilis á Ægissíðu 82 hér í bæ, f. 22. júlí 1921 í Reykjavík. Hann lét af störfum hjá HÍS í aprílbyrjun 1959.

Rannsóknin hefur m. a. leitt í ljós, að Olíufélagið h/f og HÍS hafa flutt inn tollfrjálst alls kyns varning, svo sem bifreiðar, tengivagna til afgreiðslu smurningsolíu o. fl., dælur til afgreiðslu á benzíni, pípulagningarefni alls konar, varahluti, frostlög o. fl. o. fl. Varningur þessi var yfirleitt fluttur inn í nafni varnarliðs-

ins, og því sluppu félögin við að greiða toll af varningi þessum. HÍS greiddi fyrir andvirði varningsins af innstæðum, sem HÍS átti hjá ameríska fyrirtækinu Esso Export Corporation, New York, en félag þetta annast um innheimtur fyrir HÍS og Olíufélagið h/f á því, sem þessi félög selja varnarliðinu. HÍS hefur falið hluta þess gjaldeyris, sem það aflaði með þessu móti, á sérstökum reikningi hjá Esso Export Corporation. Hníga öll rök að því, að félagið hafi þannig samið við Esso Export Corporation, að allar götur síðan um mitt ár 1953 skyldi skotið undan gjaldeyrisskilum til íslenzkra banka $ 4.000,00 reglulega hvern mánuð til maímánaðar ársins 1957, en þá leggjast þessar 4.000,00 dollara greiðslur niður. Þær eru aftur teknar upp í maí 1958 og haldast til ársloka 1958. Fleiri fjárhæðir hafa og runnið inn á þenna reikning. Gögn málsins benda til, að megnið af þeim varningi, sem Olíufélagið h/f og HÍS hafa flutt inn tollfrjálst í nafni varnarliðsins og áður getur, hafi verið greiddur af innstæðum á þessum leynireikningi HÍS hjá Esso Export Corporation. Rannsókn þessa þáttar málsins er þó hvergi nærri lokið, m. a. af ástæðum, sem nú skal greina:

Á dómþingi í máli þessu 25. ágúst sl. var lagt fyrir Hauk Hvannberg skv. ákvæðum 72. gr. l. nr. 27/1951 að halda sér í lögsagnarumdæmi Reykjavíkur, meðan á rannsókn málsins stæði. Þann dag var og gerð húsleit í húsakynnum Olíufélagsins h/f og HÍS og m. a. lagt hald á bréf félaganna varðandi erlend viðskipti þeirra. Við könnun á þessum bréfum, einkum við Esso Export Corporation, skýrðist margt í málinu, er áður var sveipað þoku. M. a. fengust þá sannanir fyrir tilvist fyrrnefnds leynireiknings HÍS. Á dómþingi 7. september sl. vildi Haukur Hvannberg ekki kannast við þenna leynireikning. Taldi hann, að Esso Export hlyti að eiga reikninginn. Rannsóknardómararnir í máli þessu hafa nú hins vegar fengið í sínar vörzlur yfirlit um inn- og útborganir á reikningi þessum síðan 1. janúar 1955 til ársins 1959.

Haukur Hvannberg lagðist á lyflæknisdeild Landspítalans 21. september 1959 og hefur legið þar síðan. Hann hefur ekki fengizt fyrir dóm síðan. Af þeim sökum hefur eigi reynzt kleift að krefja hann frekari sagna um vitneskju sína varðandi innflutningsþátt máls þessa svo og varðandi gjaldeyrisþátt málsins auk alls annars, sem nauðsynlegt er að bera undir hann og spyrja hann um, m. a. hugsanlegan fjárdrátt hans hjá HÍS, en gögn málsins benda til slíks athæfis af hans hálfu. Hefur það verið

rannsóknninni fjötur um fót, að ekki hefur verið hægt að yfirheyra Hauk síðan í september 1959.

Með bréfi, dags. 16. október sl., fóru læknarnir dr. med. Sigurður Samúelsson, yfirlæknir lyfjadeildar Landspítalans, og Þórður Möller, yfirlæknir á geðveikraspítalanum á Kleppi, þess á leit við dómarana, að Hauki yrði leyfð brottför af landinu til Englands sér til lækninga. Í bréfi þessu segir svo:

„Haukur Hvannberg, cand. jur., f. 22/7 '21, Ægissíðu 82, Reykjavík, hefur legið í lyflæknisdeild Landspítalans frá 21/9 '59. Yfirlæknir Þórður Möller hefur verið í ráðum um meðferð á sjúklingnum, meðan hann hefur dvalið hér, vegna mjög alvarlegs ástands á geðheilsu hans, sem sízt virðist batna. Við ákváðum því að reyna að fá honum læknishjálp erlendis. Höfum við þess vegna snúið okkur bréflega til Karls Strands, læknis í London, og hefur hann útvegað honum vist á York Clinic í London hjá yfirlækni Stafford Clark.

Það er sameiginlegt álit okkar, að Hauki Hvannberg sé lífsnauðsynlegt heilsu sinnar vegna að komast til sérfræðilegrar meðferðar erlendis. Þykjumst við hafa reynt allt, sem hægt er hérlendis, en án árangurs. Förum við því þess á leit við yður, að honum verði veitt öll nauðsynleg leyfi til þessarar farar, og væntum fastlega, að það geti orðið mjög fljótlega, þar eð sjúklingurinn hefur fengið pláss þ. 21. okt. á York Clinic, London."

Dómurinn svaraði þessari málaleitan læknanna á þá lund, að Hauki yrði eigi leyfð brottförin að svo stöddu.

Með bréfi, dags. 19. október 1959, fór réttargæzlumaður Hauks Hvannbergs, Benedikt Sigurjónsson hrl., þess á leit við dóminn, að hann felldi úr gildi bannið við brottför Hauks Hvannbergs úr landinu. Áður en endanleg afstaða yrði tekin til þessarar kröfu réttargæzlumannsins, þótti rétt, að læknarnir Sigurður Samúelsson og Þórður Möller kæmu fyrir dóm til skýrslugjafar, þar sem þeir greindu gerr frá sjúkdómi Hauks. Læknarnir voru sammála um, að Haukur þjáðist af þunglyndi (psychogen depressio). Nærtækasta skýringin á orsökum til sjúkdómsins væru þau vandræði, sem yfir hann hefðu dunið í sambandi við rannsókn máls þessa. Þá töldu læknarnir, að Haukur gæti orðið hættulegur sjálfum sér. Þeir sögðu og svefnleysi baga Hauk mjög. Þeir töldu tilgangslaust að fá Hauk til yfirheyrslu. Læknarnir töldu það lífsnauðsyn fyrir Hauk, að hann gæti skipt um umhverfi með því að komast utan sér til lækninga. Allar lækningatilraunir þeirra hefðu reynzt árangurslausar. Að áliti Þórðar Möllers gæti slík

utanför orðið vænleg til að breyta viðhorfi Hauks og fá hann til að horfast í augu við rannsókn máls þessa og það, sem í kjölfar rannsóknarinnar kann að fylgja. Þórður Möller taldi Hauk það mikið veikan, að hann gæti ekki talizt sakhæfur. Sigurður Samúelsson upplýsti, að hann hefði fyrst fengið Hauk til meðferðar sem sjúkling í marz 1959 vegna nýrnasjúkdóms og svefnleysis, sem lækninum skildist, að ætti rót sína að rekja til rannsóknar máls þessa. Haukur lá nokkrar vikur á Landspítalanum. Aftur leitaði Haukur til Sigurðar í júní sl. og þá fyrst og fremst vegna svefnleysis. Hann dvaldi um 3 vikna skeið á Landspítalanum. Hann lagðist hið þriðja sinn á Landspítalann í september sl. og hefur legið þar síðan, svo sem fyrr greinir. Haukur er læknaður af nýrnasjúkdómi sínum.

Þar sem Þórður Möller taldi ekki Hauk sakhæfan, og til þess að fá fleiri lækna til athugunar á Hauki var Haukur úrskurðaður í geðheilbrigðirannsókn 28. október sl. Var Grími lækni Magnússyni, sérfræðingi í tauga- og geðsjúkdómum, falið að kanna heilsufar Hauks og gefa dóminum skýrslu um rannsókn sína á Hauki, áður en krafa réttargæzlumannsins væri tekin til úrskurðar. Enn fremur var lækninum falið að rannsaka sakhæfi Hauks. Grímur læknir skilaði álitsgerð sinni 10. nóvember sl., en skýrslan er dagsett 9. nóvember sl. Beindist rannsókn Gríms læknis fyrst og fremst að því, hvort Haukur hefði heilsu til að svara til sakar í máli þessu. Hins vegar hefur hann ekki enn lokið rannsókn sinni á sakhæfi Hauks. Grímur læknir er samdóma læknunum tveim, próf. Sigurði Samúelssyni og Þórði Möller, að Hauk bagi þunglyndi. Í vottorði Gríms segir m. a. á þessa leið:

... „Í vottorðum próf. dr. Sigurðar Samúelssonar og hr. yfirlæknis Þórðar Möllers er áherzla lögð á depressio Hauks og talin standa í sambandi við málareksturinn, og er það ótvírætt, eins og fram kemur í athugun minni, enda eðlileg viðbrögð hjá þeim, sem eiga í andlegri baráttu, og væri sízt eðlilegra, ef slíka depressio vantaði með öllu við erfiðar aðstæður. Engin skýr mörk eru um það, hvenær telja beri depressio vegna erfiðra aðstæðna sjúklega, þótt slíkt geti verið mjög greinilegt í extrem tilfellum. Hjá Hauki er hins vegar um takmarkatilfelli að ræða, og hallast ég heldur að þeirri skoðun, að telja megi depressio hans að nokkru sjúklega hjá jafn veraldarvönum manni. Kemur því til álita, á hvern hátt óeðlilegu heilsutjóni eða áreynslu yrði afstýrt við áframhaldandi réttarhöld.

Eins og að framan getur, eru málaferlin sífellt í huga sjúklings-

ins og sérstakir erfiðleikar hans á því að umgangast fjölskyldu sína, meðan á málarekstrinum stendur. Hann hefur, síðan rannsókn málsins hófst, einu sinni dvalið erlendis og tvívegis á sjúkrahúsum hérlendis án þess að fá verulega bót. Svefnleysi og depressio ásóttu hann, og hann varð að grípa til áfengis til þess að róa sig. (Hann taldi sig þó færari en nú að vera utan sjúkrahúss.) Þessi leið virðist því varla fær nema að takmörkuðu leyti. Spítalavist utan lands virðist ekki hafa neina yfirburði yfir spítalavist hérlendis, þar sem depressionsvaldinn, málaferlin, verður að útkljá hér, og yrði Haukur þá eftir sem áður í sömu tengslum við fjölskyldu sína, svo fremi sem hún væri búsett hér á landi. Að öðru jöfnu gildir um psychogen depressio, að lækning næst helzt, ef lausn fæst á baráttuefni því, sem depressioninni veldur, eða hugarleg sætt við það, sem skeð hefur og ekki verður breytt. Er það álit mitt, að Haukur fái varla lækningu á depressio sinni, fyrr en málaferli þessi fá endanlega afgreiðslu. Hins vegar tel ég æskilegt, að Haukur fái nokkurt tóm til þess að jafna sig, safna kjarki og þori til þess að standa fyrir málum sínum og leysa þau sem bezt undirbúinn, en engin ástæða er til þess að ætla, að slíkt sé heppilegra utan lands en innan.

Í samræmi við það, sem að framan er rakið, er álit mitt, að Haukur sé fullhæfur, hvað snertir dómgreind, til þess að standa fyrir máli sínu og depressio hans, á því stigi sem hún er nú, valdi þar um ekki óhæfi hans, en tel hins vegar æskilegt eftir atvikum, að hann fái til þess takmarkaðan frest, án þess þó að verði til að draga á langinn endanlega afgreiðslu málsins."

Heimilislæknir Hauks Hvannbergs, Skúli Thoroddsen, kom fyrir dóm 10. nóvember sl. Hann taldi Hauk þjást af þunglyndi, sem væri mjög illkynjað. Varð læknirinn þess fyrst var um þær mundir, er rannsókn máls þessa hófst. Læknirinn taldi Hauk hafa fulla dómgreind. Hann áleit hins vegar, að Haukur væri, eins og sakir stæðu, ófær um að mæta til yfirheyrslu, en þó væri erfitt að fullyrða nokkuð um þetta. Læknirinn taldi, að það væri þess virði að reyna þá leið að leyfa Hauki brottför af landinu í lækningaskyni, þar sem þær aðferðir, sem tiltækilegar eru hér á landi og reyndar hefðu verið, hefðu gefið lítinn árangur. Sem heimilislæknir Hauks hafði Skúli læknir áhuga á því, að endir yrði bundinn sem allra fyrst á málið.

Allir eru læknarnir sammála um, að sjúkdómur Hauks sé þunglyndi og nærtækasta skýringin á orsökum þess sé rannsókn máls þessa. Læknana greinir á um, á hve háu stigi sjúkdómurinn

sé og hverjar yrðu afleiðingarnar, ef Haukur yrði knúður til að standa fyrir máli sínu. Að áliti dómsins getur reynslan ein skorið úr hér. Grímur læknir og heimilislæknir Hauks staðhæfa, að Haukur sé með fulla dómgreind. Þórður Möller og Sigurður Samúelsson töldu stórhættulegt og jafnvel tilgangslaust, ef Haukur mætti til yfirheyrslu. Viðbrögðin yrðu aðeins eymd ein og grátur. Sama máli mundi gegna, ef annar hvor dómaranna talaði einslega við Hauk. Annar dómaranna hefur tvívegis talað við Hauk óformlega og einslega annað sinnið, meðan á rannsókn Gríms læknis stóð. Ekki gat dómarinn merkt, að Haukur brygðist sjúklega við heimsóknunum. Var þó að sjálfsögðu minnzt á rannsókn þessa máls. Grímur læknir segir í greinargerð sinni, sbr. dskj. nr. 65, að Haukur hafi tjáð honum, að þessar heimsóknir dómarans hafi haft mjög ill áhrif á sig. Ekki gat þó læknirinn merkt það í ytri viðbrögðum Hauks.

Með skírskotun til alls þess, sem rakið er hér að framan um rannsókn málsins og heilsufar Hauks Hvannbergs, hversu rannsóknin á þætti Hauks er skammt á veg komin, hversu alvarleg hin ætluðu brot Hauks eru, og þar sem eigi verður talið, að óyggjandi sannanir hafi fengizt fyrir því, að Haukur muni ekki þola yfirheyrslur, sem hæglega gætu farið fram við sjúkrabeð hans, er það álit dómsins, að ekki séu efni til að fella úr gildi bann dómsins frá 25. ágúst sl., sem mundi ella leiða til brottfarar Hauks af landinu um óákveðinn tíma a. m. k. og þar með tefja fyrir rannsókn málsins.

Ályktarorð:

Krafan um afnám bannsins við brottför Hauks Hvannbergs úr lögsagnarumdæmi Reykjavíkur er ekki tekin til greina.

Miðvikudaginn 25. nóvember 1959.

Nr. 213/1957. **Þorlákur Þórðarson** (Sveinbjörn Jónsson hrl.)
gegn
Gunnari Tryggvasyni (Ragnar Ólafsson hrl.).

Dómendur:
hæstaréttardómararnir Þórður Eyjólfsson, Gizur Bergsteinsson, Jón Ásbjörnsson og Jónatan Hallvarðsson og prófessor Theodór B. Líndal.

Skaðabótamál út af bifreiðaárekstri.

Dómur Hæstaréttar.

Áfrýjandi hefur skotið máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 5. desember 1957 að fengnu áfrýjunarleyfi 29. nóvember s. á. Krefst hann *aðallega* sýknu í málinu og málskostnaðar af stefnda bæði í héraði og fyrir Hæstarétti eftir mati dómsins. *Til vara* krefst hann lækkunar á dæmdri fjárhæð og að málskostnaður í héraði verði þá felldur niður, en stefnda dæmt að greiða honum málskostnað fyrir Hæstarétti.

Stefndi krefst staðfestingar hins áfrýjaða dóms og málskostnaðar fyrir Hæstarétti úr hendi áfrýjanda eftir mati Hæstaréttar.

Með skírskotun til forsendna hins áfrýjaða dóms ber að staðfesta hann.

Áfrýjanda ber að greiða stefnda málskostnað fyrir Hæstarétti, sem ákveðst kr. 3.000,00.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður.

Áfrýjandi, Þorlákur Þórðarson, greiði stefnda, Gunnari Tryggvasyni, málskostnað fyrir Hæstarétti, kr. 3.000,00.

Dóminum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur bæjarþings Reykjavíkur 19. marz 1957.

Mál þetta, sem tekið var til dóms 13. þ. m., hefur Gunnar Tryggvason bifreiðarstjóri, Laugarásbletti 21 hér í bæ, höfðað á

bæjarþinginu með stefnu, út gefinni 18. október 1956, gegn Þorláki Þórðarsyni, Öldugötu 47 hér í bæ, til greiðslu skaðabóta, að fjárhæð kr. 5.953,71, auk 6% ársvaxta frá 1. maí 1956 til greiðsludags og málskostnaðar að skaðlausu eftir mati dómarans. Þá krefst stefnandi viðurkenningar á lögveðrétti hans í bifreiðinni R-404 til tryggingar fjárhæðum þessum.

Stefndi hefur *aðallega* krafizt sýknu og málskostnaðar, en *til vara*, að krafa stefnanda verði lækkuð verulega og málskostnaður þá látinn niður falla.

Vátryggingarfélaginu h/f hér í bæ er stefnt til réttargæzlu í málinu. Á hendur réttargæzlustefnda eru engar kröfur gerðar, og hann hefur engar kröfur gert.

Málsatvik eru þessi:

Kl. 02.15 aðfaranótt hins 16. apríl 1956 varð árekstur á Suðurlandsbraut hér í bænum við mót þeirrar götu og Langholtsvegar. Lentu þar saman í árekstri tvær 6 manna fólksbifreiðar, R-461, eign stefnanda, og R-404, eign stefnda. Varð áreksturinn með þeim hætti, að vinstri framendi R-404, er ekið var austur Suðurlandsbraut, rakst á vinstra afturaurbretti R- 461, er henni var beygt til hægri inn á Langholtsveg, en bifreið þessi kom austan Suðurlandsbraut. Við áreksturinn skemmdist vinstra afturaurbretti á bifreið stefnanda, en öll vinstri hlið R-404 dældaðist og rispaðist.

Stefnandi, sem sjálfur ók bifreið sinni í umrætt sinn, skýrir svo frá, að hann hafi ekið með um 30 km hraða, er hann kom að Langholtsvegi. Hann hafi séð til ferða R-404 og áætlar, að hún hafi þá átt ófarna um 250 til 300 metra að gatnamótunum. Stefnandi kveðst hafa tendrað stefnuljósin á bifreið sinni og gefið með þeim til kynna, að hann hygðist beygja til hægri inn á Langholtsveg. Ekki hafi hann dregið verulega úr hraða bifreiðarinnar, er hann beygði. Er hann var kominn yfir mið gatnamótin, hafi hann skyndilega orðið þess var, að bifreið stefnda var komin fast að bifreið hans. Hafi honum þá orðið ljóst, að hætta var á árekstri. Hafi hann því aukið hraðann og beygt meira til hægri, en það hafi engum togum skipt, að árekstur varð. Stefnandi kveðst telja, að bifreið stefnda hafi verið ekið með um 120—140 km hraða miðað við klukkustund í umrætt sinn.

Bifreið stefnda ók Sigurður Eggertsson atvinnubifreiðarstjóri. Hefur hann skýrt svo frá, að hann hafi verið á hraðri ferð heim til sín með lyf handa ungri dóttur sinni, sem veik var. Kveðst hann hafa ekið með um 60—70 km hraða miðað við klukkustund. Ekki

hafi hann þó litið á hraðamælinn. Er hann nálgaðist nefnd gatnamót, hafi hann séð til ferða R-461. Hafi hann átt ófarna um 200 metra að gatnamótunum, er hann varð þess var, að ökumaður þeirrar bifreiðar tendraði stefnuljós og gaf með þeim til kynna, að hann hygðist beygja til hægri. Vitnið kveðst hafa haft lægri ljósin á bifreið sinni tendruð, en tendrað hærri og lægri ljósin á víxl, er hér var komið. Hins vegar hafi hann ekkert dregið úr hraða bifreiðarinnar. Vitnið kveðst nú hafa séð, að stefnandi sveigði bifreið sinni til hægri að Langholtsvegi. Allt að einu kveðst vitnið ekki hafa hemlað, en sveigt bifreiðinni til hægri í því skyni að beygja „út fyrir" bifreið stefnanda, en það hafi ekki dugað til að varna árekstri.

Vitað er um eitt vitni að árekstri þessum. Skýrir það svo frá, að skömmu áður hafi það komið akandi suður Langholtsveg. Er það kom að Suðurlandsbraut, hafi það numið staðar, enda hafi þá bifreiðar aðiljanna verið að nálgast gatnamótin. Bifreið stefnanda hafi verið ekið á „eðlilegri ferð", og dregið hafi verið úr hraða hennar, áður en henni var beygt að Langholtsvegi. Bifreið stefnda hafi þá verið svo langt vestan gatnamótanna, að eigi hafi virzt, að stefnandi tefldi á tvísýnu, er hann beygði yfir götuna. Þá fyrst kveðst vitnið hafa veitt því athygli, hve geysilega hratt bifreið stefnda var ekið. Hafi það séð bifreiðina á hlið og telji, að enginn vafi sé á því, að henni hafi verið ekið á yfir 100 km hraða miðað við klukkustund. Jafnvel sé því nær að halda, að hraði bifreiðarinnar hafi verið enn meiri, því að hana hafi borið að „eins og skot". Kveðst vitnið halda, að rétt áður en áreksturinn varð, hafi bifreið þessari verið sveigt aðeins til hægri. Áreksturinn hafi síðan orðið með þeim hætti, að bifreið stefnda hafi lent „eins og þruma" utan í vinstri afturenda R-461 og öll vinstri hlið hennar hafi strokizt eftir þeirri bifreið. Bifreið stefnda hafi runnið áfram langan spöl eftir áreksturinn. Hafi hún kastazt til beggja hliða og verið ýmist á eystri eða vestari vegjaðri. Kveðst vitnið hafa búizt við því á hverri stundu, að bifreiðin ylti.

Skömmu eftir áreksturinn komu tveir löggæzlumenn á vettvang, og gerði annar þeirra uppdrátt af árekstursstaðnum. Samkvæmt uppdrætti þessum er Suðurlandsbraut 9 metra breið á þessum slóðum. Þar af er sjálf akbrautin, sem er malbikuð, 6 metra breið, en meðfram henni beggja megin eru malbornir stígar. Á uppdrættinum er árekstursstaðurinn markaður. Virðist hann vera aðeins norðan við miðja akbrautina, en allmiklu austan við mið gatnamótin. Uppdráttur þessi liggur frammi í málinu, og

hefur hann ekki verið vefengdur. Í skýrslu löggæzlumanna um árekstur inn segir m. a., að 65 metrar hafi mælzt frá árekstursstaðnum þangað, sem bifreið stefnda nam staðar. Þá segir og í skýrslu þessari, að ökumaður R-404 hafi skýrt svo frá á árekstursstaðnum, að ástæðan til þess, að bifreiðin nam ekki staðar fyrr, hafi verið sú, að við sveigjuna, sem kom á bifreiðina við árekstur inn, hafi hann kastazt undan stýrinu og ekki náð til fóthemilsins.

Fram er komið í málinu, að götulýsing hafi verið góð á þessum slóðum, svo og, að bjartviðri hafi verið umrædda nótt og færi þurrt.

Kröfu sína í málinu reisir stefnandi á því, að ökumaður R-404 hafi átt alla sök á árekstrinum. Beri því eigandi bifreiðarinnar, stefndi í málinu, ábyrgð á tjóni því, er af hlauzt, samkvæmt ákvæðum bifreiðalaga.

Sýknukröfuna reisir stefndi á því, að ökumaður bifreiðar hans hafi átt umferðarréttinn. Hafi því stefnanda borið að bíða, unz R-404 var komin fram hjá gatnamótunum. Varakröfu sína byggir stefndi á því, að stefnandi hafi að minnsta kosti átt verulega sök á árekstrinum.

Af atvikalýsingunni hér að framan er ljóst, að bifreið stefnda hefur verið ekið með ofsalegum hraða í umrætt sinn. Þá er leitt í ljós, að stefnandi var kominn að Langholtsvegi og hafði tendrað stefnuljós bifreiðar sinnar til merkis um, að hann hygðist beygja til hægri inn á þá götu, er bifreið stefnda átti ófarna að minnsta kosti 200 metra vegalengd að gatnamótunum. Við svo búið var sérstök ástæða fyrir stjórnanda R-404 að sýna fyllstu aðgæzlu í stað þess að aka hiklaust áfram með sama hraða, svo sem hann gerði.

Á hinn bóginn verður stefnanda ekki metið til sakar, að hann beygði að Langholtsvegi, þar sem bifreið stefnda var þá enn alllangt undan, svo sem að framan greinir, og þess vart að vænta, að hann gæti gert sér grein fyrir hinum mikla hraða bifreiðarinnar, þar sem myrkur var á og bifreiðin kom á móti honum.

Með skírskotun til þessa þykir verða að telja, að ökumaður R-404 hafi átt alla sök á árekstrinum. Leiðir af því, að eigandi bifreiðarinnar, stefndi í málinu, ber óskoraða fébótaábyrgð á öllu því tjóni, er stefnandi beið.

Stefnandi sundurliðar kröfu sína þannig:

1. Viðgerðarkostnaður	kr.	4.353,71
2. Tjón af afnotamissi	—	600,00

3. Áætlað ..... — 1.000,00

Samtals kr. 5.953,71

Um 1 og 2.

Kröfuliðum þessum er ekki mótmælt. Verða þeir því teknir til greina að fullu.

Um 3.

Í hinum munnlega málflutningi féll stefnandi frá þessum kröfulið. Kemur hann því ekki til álita.

Samkvæmt framansögðu telst tjón stefnanda nema kr. 4.953,71 (kr. 4.353,71 + kr. 600,00). Verður stefndi dæmdur til að greiða stefnanda þá fjárhæð ásamt vöxtum svo sem krafizt er.

Eftir þessum málalokum verður stefndi dæmdur til að greiða stefnanda málskostnað, sem ákveðst kr. 850,00.

Að lokum ber með vísun til 5. mgr. 34. gr. laga nr. 23 frá 1941 að taka til greina kröfu stefnanda um viðurkenningu á lögveðrétti í bifreiðinni R-404 til tryggingar fjárhæðum þessum.

Einar Arnalds borgardómari kvað upp þenna dóm.

Dómsorð:

Stefndi, Þorlákur Þórðarson, greiði stefnanda, Gunnari Tryggvasyni, kr. 4.953,71 auk 6% ársvaxta frá 1. maí 1956 til greiðsludags og kr. 850,00 í málskostnað. Á stefnandi lögveðrétt í bifreiðinni R-404 til tryggingar fjárhæðum þessum.

Dómi þessum ber að fullnægja innan 15 daga frá lögbirtingu hans að viðlagðri aðför að lögum.

Miðvikudaginn 25. nóvember 1959.

Nr. 179/1959. **Ákæruvaldið** (Kristinn Gunnarsson hrl.)
gegn
Unni Brynjólfsdóttur
og
Garðari Jónssyni (Gústaf Ólafsson hrl.).

Dómendur:
hæstaréttardómararnir Þórður Eyjólfsson, Gizur Bergsteinsson, Jón Ásbjörnsson og Jónatan Hallvarðsson og prófessor Theodór B. Líndal.

Áfengislagabrot. Bifreiðalagabrot.

Dómur Hæstaréttar.

Málsatvikum er rétt lýst í hinum áfrýjaða dómi, og brot ákærðu varða við þau refsiákvæði, sem þar greinir. Þykir refsing ákærðu, Unnar Brynjólfsdóttur, hæfilega ákveðin kr. 1.000,00 sekt til ríkissjóðs, og komi 5 daga varðhald í stað sektarinnar, verði hún ekki greidd innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa. Þá þykir og rétt samkvæmt 1. mgr. 24. gr. áfengislaga, nr. 58/1954, og 1. mgr. 39. gr. bifreiðalaga, nr. 23/1941, sbr. nú 2. mgr. 81. gr. umferðarlaga, nr 26/1958, að svipta ákærðu, Unni, ökuleyfi bifreiðarstjóra 3 mánuði frá birtingu dóms þessa.

Refsing ákærða, Garðars Jónssonar, þykir hæfilega ákveðin kr. 1.500,00 sekt til ríkissjóðs, og komi varðhald 8 daga í stað sektarinnar, verði hún ekki greidd innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa. Þá þykir og rétt með skírskotun til sömu lagaboða og að framan greinir að svipta ákærða, Garðar, rétti til að öðlast ökuleyfi bifreiðarstjóra 6 mánuði frá birtingu dóms þessa að telja.

Ákærðu greiði in solidum allan kostnað sakarinnar bæði í héraði og fyrir Hæstarétti, þar á meðal málsvarnarlaun skipaðs verjanda í héraði, sem ákveðast kr. 1.200,00, og málflutningslaun sækjanda og verjanda fyrir Hæstarétti, kr. 1.500,00 til hvors.

Dómsorð:

Ákærða, Unnur Brynjólfsdóttir, greiði kr. 1.000,00 sekt til ríkissjóðs, og komi varðhald 5 daga í stað sektarinnar, verði hún ekki greidd innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa. Hún skal svipt ökuleyfi 3 mánuði.

Ákærði, Garðar Jónsson, sæti kr. 1.500,00 sekt til ríkissjóðs, og komi varðhald 8 daga í stað sektarinnar, verði hún ekki greidd innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa. Hann skal í 6 mánuði sviptur rétti til að öðlast ökuleyfi.

Ákærðu greiði in solidum allan kostnað sakarinnar í héraði og fyrir Hæstarétti, þar á meðal málsvarnarlaun skipaðs verjanda þeirra í héraði, Ásbergs Sigurðssonar lögfræðings, kr. 1.200,00, og málflutningslaun skipaðs sækjanda og verjanda fyrir Hæstarétti, hæstaréttarlögmannanna Kristins Gunnarssonar og Gústafs Ólafssonar, kr. 1.500,00 til hvors.

Dóminum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Dómur sakadóms Ísafjarðar 3. júní 1959.

Ár 1959, miðvikudaginn 3. júní, var í sakadómi Ísafjarðar, sem haldinn var í bæjarfógetaskrifstofunni af Jóh. Gunnari Ólafssyni bæjarfógeta, kveðinn upp dómur í máli þessu, sem tekið var til dóms 21. maí sl.

Mál þetta er með ákæruskjali dómsmálaráðherra, dags. 9. sept. 1958, höfðað 1. gegn ákærðu, Unni Brynjólfsdóttur húsfreyju, Hnífsdalsvegi 13, Ísafirði, fyrir að hafa aðfaranótt þriðjudagsins 20. maí 1958 ekið eða reynt að aka bifreiðinni Í-235 nokkurn spöl á Mosfellsheiði, þó að hún væri undir áhrifum áfengis, 2. gegn ákærða, Garðari Jónssyni sjómanni, Hnífsdalsvegi 13, Ísafirði, fyrir að hafa sömu nótt ekið bifreiðinni Í-235 nokkurn kafla á Mosfellsheiði, þótt hann væri undir áhrifum áfengis og hefði ekki bifreiðarstjóraréttindi.

Brot hinna ákærðu þykja varða við 1. mgr. 24. gr., sbr. 45. gr. áfengislaga, nr. 58/1954, 1. mgr. 23. gr., sbr. 38. gr. bifreiðalaga, nr. 23/1941, sbr. 2. gr. laga nr. 6/1951 og 2. mgr. 4. gr.,

sbr. 14. gr. umferðarlaga, nr. 24/1941, sbr. nú 2., sbr. 3. og 4. mgr. 25. gr., sbr. 80. gr. umferðarlaga, nr. 26/1958.

Auk þess þykir brot ákærða, Garðars, varða við 1. mgr. 20. gr., sbr. 38. gr. bifreiðalaga, sbr. nú 1. mgr. 27. gr., sbr. 80. gr. laga nr. 26/1958.

Þess er krafizt, að bæði hin ákærðu verði dæmd til refsingar, að ákærða, Unnur, verði dæmd til sviptingar ökuleyfis og ákærði, Garðar, til sviptingar réttarins til að öðlast ökuleyfi samkv. 1. mgr. 39. gr. bifreiðalaga og 1. mgr. 24. gr. áfengislaga, sbr. nú 81. gr. laga nr. 26/1958. Enn fremur er þess krafizt, að bæði hin ákærðu verði dæmd til greiðslu alls sakarkostnaðar.

Ákærða, Unnur Brynjólfsdóttir, er fædd 3. nóvember 1933 í Reykjavík og hefur ekki sætt ákæru eða refsingu, svo að kunnugt sé. Hún hefur ökuskírteini, gefið út af lögreglustjóranum í Reykjavík 9. júní 1956.

Ákærði, Garðar Jónsson, er fæddur 21. maí 1931 á Ísafirði.

Sakavottorð hans hljóðar svo:

1. 1952 28/4 Ísafjörður. Sátt, 200 kr. sekt fyrir brot á 18. gr. áfengislaga og 106. gr. hegningarlaga.

2. 1954 20/1 Ísafjörður. Sátt, 75 kr. sekt fyrir ölvun á almannafæri.

3. 1955 3/3 Ísafjörður. Sátt, 100 kr. sekt fyrir ölvun á almannafæri.

Málsatvik eru þau, að 20. maí 1958 kl. 7.50 kom á lögreglustöðina í Reykjavík bifreiðarstjórinn Eiríkur Tryggvason. Með honum í bifreið hans voru ákærða og Sigurlaug Fjeldsted. Stúlkurnar hafði Eiríkur tekið í bifreið sína fyrir neðan Gljúfrastein í Mosfellssveit. Einnig tók hann þar í bifreiðina þann ákærða, Garðar, og Gunnar Gígju. Karlmennirnir lentu í deilum og var vísað út úr bílnum. Þetta fólk hafði verið í bifreiðinni Í-235, og hafði henni verið ekið út af veginum austan við Gljúfrastein. Gunnar mun hafa ekið bifreiðinni, er hún fór út af. Þrír lögreglumenn voru sendir til að leita að Garðari og Gunnari. Stúlkurnar virtust vera undir áhrifum áfengis, er þær voru fluttar til rannsóknarlögreglunnar að Fríkirkjuvegi 11 í Reykjavík. Nú verða raktir framburðir ákærðu og vitnisburður Sigurlaugar Fjeldsted.

Sigurlaug hefur skýrt svo frá, að þau Unnur og Garðar hafi heimsótt hana 19. maí 1958 um kl. 20.00. Gunnar Gígja var þá ekki heima, en kom úr vinnu um kl. 23. Kom hann akandi á bifreið Í-235, sem var eign mágs Gunnars á Ísafirði. Ákærðu, Garðar og Unnur, voru allsgáð, þegar þau komu í heimsóknina.

Síðan fóru þau öll fjögur á dansleik, en að honum loknum fóru þau í ökuferð á Í-235. Gunnar ók bílnum fyrst, en síðan stjórnaði Garðar honum um hríð, eftir að komið var út úr bænum. Unnur ók einnig smáspotta í Mosfellssveit. Ákærðu, Unnur og Garðar voru bæði með áfengisáhrifum, þegar þessi akstur fór fram. Á leið í bæinn ók Gunnar bifreiðinni út af veginum.

Ákærða, Unnur Brynjólfsdóttir, hefur skýrt svo frá:

Á dansleiknum í Þórskaffi neyttu þau öll áfengis. Þegar honum lauk um kl. 1, ók Gunnar þeim að bílaverkstæði Björns Gígju. Þar var höfð klukkustundar viðdvöl. Síðan var ekið upp í Mosfellssveit. Fyrir ofan Gljúfrastein spurði ákærða Gunnar, hvort hún ætti ekki að hvíla hann við aksturinn, og varð það úr, að hún settist undir stýri. Hún reyndi að koma bifreiðinni í gang, en tókst ekki, þótt hún gerði tvær tilraunir. Hvarf hún þá aftur frá stýrinu, en Gunnar tók við. — Skömmu síðar ók hann út af veginum. Þau voru öll nokkuð undir áhrifum áfengis, en ekkert mikið drukkin. Bíl bar þarna að, sem flutti þær stúlkurnar í bæinn, en Garðar og Gunnar lét hann aftur fara úr bílnum og skildi þá eftir á veginum. Ákærða skýrði enn fremur frá því, að þau hefðu drukkið áfengi úr 2 bjórflöskum á dansleiknum og bílaverkstæðinu. Gunnar hefði ekið bílnum allan tímann nema hvað hún reyndi að aka. Þó gæti hugsazt, að Garðar hefði tekið við stjórn bifreiðarinnar, án þess að hún vissi það.

Gunnar Gígja skýrði frá því, að eftir dansleikinn hefðu þau farið í bifreiðaverkstæði Björns Gígju, en síðan í ökuferð. Þegar þau komu aftur til Reykjavíkur úr þeirri ferð, voru keyptar tvær hálfflöskur af ákavíti og síðan ekið upp í Mosfellssveit. Þar vildi Unnur fá að stýra bílnum, en henni fórst það svo óhöndulega, að Gunnar kvaðst hafa rofið sambandið með því að snúa kveikjulyklinum. Hafi hún þá ekið um 50 m, en þá var vélin búin að drepa tvisvar á sér, áður en henni tókst að komast af stað, en af því að honum fannst hún aka of hratt, hindraði hann frekari akstur með því að drepa á vélinni. Garðar vildi einnig reyna bifreiðina, en hann hafði svo sem ekkert ekið henni, aðeins örfáa metra og skrykkjótt. Stuttu eftir að snúið var við, ók Gunnar út af veginum. Hann kvaðst hafa verið með áfengisáhrifum og eins farþegarnir. Hafi þau verið búin að drekka úr annarri flöskunni, sem keypt var, áður en lagt var af stað, og eitthvað byrjuð á hinni. En þeir Garðar tæmdu hana, eftir að stúlkurnar voru farnar.

Ákærði, Garðar Jónsson, hefur skýrt frá því, að þau hafi farið

í ökuferð, eftir að dansleiknum lauk. Fyrst hafi verið farið í bifreiðaverkstæði við Sogaveg, en síðan ekið til Hafnarfjarðar. Áfengi var með í ökuförinni, og voru þau öll sætkennd. Þegar þau komu frá Hafnarfirði, var náð í meira vín og haldið upp í Mosfellssveit og vínsins neytt á leiðinni. Gunnar hafði stjórnað bifreiðinni, en uppi í Mosfellssveit hafi Unnur reynt að aka. Sá akstur varð að engu, sökum þess að henni heppnaðist ekki að ræsa vélina.

Ákærði bað Gunnar að leyfa sér að aka bifreiðinni. Gunnar valdi beinan kafla á veginum og fékk ákærða stjórn bifreiðarinnar og leiðbeindi honum. Kvaðst ákærði hafa ekið um 10 faðma leið. Síðan hefur hann haldið því fram, að hann hafi ekki stjórnað bifreiðinni í þeirri merkingu, að um bifreiðarstjórn hafi verið að ræða. Gunnar hefði stýrt bifreiðinni með annarri hendi og haft fótinn á benzíngjöfinni, en ákærði að vísu haft báðar hendur á stýrishjólinu. Ákærði sagði, að þeir hefðu báðir verið undir áfengisáhrifum, er þessi ökutilraun fór fram. Ekki kvaðst ákærði hafa vitað, að Gunnar hefði verið sviptur ökuleyfi, en Gunnar hefði vitað, að ákærði hafði ekki ökuréttindi.

Vitnið Jón Ólafur Guðbjörnsson aðstoðaði við að draga bifreiðina Í-235 upp á veginn og síðan lögregluna við að leita bifreiðina uppi. Vitnið kvað þá félaga hafa verið undir áhrifum áfengis.

Bifreiðin fannst við Naustanes í Kollafirði, og voru þeir ákærði og Gunnar handteknir og færðir í lögreglustöðina í Reykjavík.

I.

Ákærðu, Unnur og Garðar, hafa haldið því fram, að hún hafi ekki getað ræst bifreiðina Í-235 þrátt fyrir tilraunir í þá átt. Á hinn bóginn hefur Gunnar Gígja borið það, að ákærða hafi ekið bifreiðinni um 50 m, en þá hafi hann stöðvað vélina til að aftra frekari akstri, af því að hún hafi ekið fullhratt. Vitnið Sigurlaug Fjeldsted kvað ákærðu hafa ekið spottakorn uppi í Mosfellssveit. Þessum vitnisburði hefur ákærða mótmælt sem röngum. Í málinu hefur ákærða játað að hafa verið undir áhrifum áfengis, og einnig hafa komið fram upplýsingar um það, að ákærða hafi neytt áfengis, áður en þessi tilraun til aksturs átti sér stað, og verið undir áhrifum áfengis, er hún kom í lögreglustöðina.

Gegn mótmælum ákærðu þykja þó ekki komnar fram fullnægjandi sannanir fyrir því, að ákærða hafi gert annað eða meira en tilraunir til aksturs í þetta skipti.

Með þessu atferli hefur ákærða gerzt brotleg við 24., sbr. 45. gr. áfengislaga, 23., sbr. 38. gr. bifreiðalaga, nr. 23/1941, sbr. 2. gr. l. nr. 6/1951, sbr. nú 25. gr., sbr. 80. gr. umferðarlaga, nr. 26/1958, og þykir refsing hennar hæfilega ákveðin 300,00 króna sekt til ríkissjóðs, og komi 3 daga varðhald í stað sektarinnar, verði hún ekki greidd innan 4 vikna frá birtingu dómsins. Ekki þykir ástæða til að svipta hana ökuleyfi.

II.

Ákærði, Garðar Jónsson, hefur viðurkennt að hafa haldið um stýri og setið undir stýri bifreiðarinnar, en þó ekki stjórnað henni sjálfstætt. Á hinn bóginn hefur vitnið Sigurlaug Fjeldsted borið það, að ákærði hafi stjórnað bifreiðinni um hríð, eftir að kom út úr bænum. Gunnar Gígja kvað ákærða hafa ekið aðeins nokkra metra mjög skrykkjótt. Af þessum framburðum er ljóst, að ákærði hefur gert tilraun til að aka bifreiðinni. Ákærði hefur viðurkennt að hafa verið með áfengisáhrifum þessa nótt. Engin rannsókn fór þó fram á áfengisinnihaldi í blóði hans. Upplýst er, að ákærði hafði ekki öðlazt ökuleyfi.

Með þessu atferli hefur ákærði gerzt brotlegur við 24., sbr. 45. gr. áfengislaga, 23., sbr. 38. gr. bifreiðalaga, nr. 23/1941, sbr. 2. gr. laga nr. 6/1951, sbr. nú 25., sbr. 80. gr. umferðarlaga, nr. 26/1958, og 20., sbr. 38. gr. bifreiðalaga, nr. 23/1941, sbr. nú 27., sbr. 80. gr. umferðarlaga, nr. 26/1958, og þykir refsing hans hæfilega ákveðin 500,00 króna sekt til ríkissjóðs, og komi 4 daga varðhald í stað sektarinnar, verði hún ekki greidd innan 4 vikna frá birtingu dómsins. Ekki þykir ástæða til að svipta ákærða rétti til að öðlast ökuleyfi.

Ákærðu greiði in solidum kostnað málsins, þar á meðal 500,00 krónur í málsvarnarlaun til Ásbergs Sigurðssonar lögfræðings, skipaðs verjanda síns.

Dómsorð:

Ákærða, Unnur Brynjólfsdóttir, greiði 300 króna sekt til ríkissjóðs, og komi 3 daga varðhald í stað sektarinnar, ef hún verður ekki greidd innan 4 vikna frá birtingu dómsins.

Ákærði, Garðar Jónsson, greiði 500 króna sekt til ríkissjóðs, og komi 4 daga varðhald í stað sektarinnar, verði hún ekki greidd innan 4 vikna frá birtingu dómsins.

Ákærðu greiði in solidum kostnað málsins, þar á meðal

kr. 500,00 til Ásbergs Sigurðssonar lögfræðings, skipaðs verjanda síns.

Dóminum skal fullnægja með aðför að lögum.

Mánudaginn 30. nóvember 1959.

Nr. 136/1959. **Ingolf Petersen f. h. Ingólfsbakarís**
gegn
Ragnari Jónssyni.

Útivistardómur.

Dómur Hæstaréttar.

Málssókn þessi fellur niður.

Áfrýjandi, Ingolf Petersen f. h. Ingólfsbakarís, er eigi sækir dómþing í máli þessu, greiði kr. 200,00 útivistargjald til ríkissjóðs, ef hann vill fá mál sitt tekið fyrir af nýju.

Mánudaginn 30. nóvember 1959.

Nr. 142/1959. **Ingolf Petersen**
gegn
Ragnari Jónssyni.

Útivistardómur.

Dómur Hæstaréttar.

Málssókn þessi fellur niður.

Áfrýjandi, Ingolf Petersen, er eigi sækir dómþing í máli þessu, greiði kr. 200,00 útivistargjald til ríkissjóðs, ef hann vill fá mál sitt tekið fyrir af nýju.

Mánudaginn 30. nóvember 1959.

Nr. 143/1959. **Ingolf Petersen**
gegn
Ragnari Jónssyni.

Útivistardómur.

Dómur Hæstaréttar.

Málssókn þessi fellur niður.

Áfrýjandi, Ingolf Petersen, er eigi sækir dómþing í máli þessu, greiði kr. 200,00 útivistargjald til ríkissjóðs, ef hann vill fá mál sitt tekið fyrir af nýju.

Mánudaginn 30. nóvember 1959.

Nr. 146/1959. **Gunnar S. Hafdal**
gegn
Birni Sigurðssyni.

Útivistardómur.

Dómur Hæstaréttar.

Málssókn þessi fellur niður.

Áfrýjandi, Gunnar S. Hafdal, er eigi sækir dómþing í máli þessu, greiði kr. 200,00 útivistargjald til ríkissjóðs, ef hann vill fá mál sitt tekið fyrir af nýju.

Mánudaginn 30. nóvember 1959.

Nr.198/1959. **Guðmundur H. Þórðarson**
gegn
Georg Gunnarssyni.

Útivistardómur.

Dómur Hæstaréttar.

Málssókn þessi fellur niður.

Áfrýjandi, Guðmundur H. Þórðarson, er eigi sækir dómþing í máli þessu, greiði kr. 200,00 útivistargjald til ríkissjóðs, ef hann vill fá mál sitt tekið fyrir af nýju.

Mánudaginn 30. nóvember 1959.

Nr. 199/1959. **Georg Gunnarsson**
gegn
Guðmundi H. Þórðarsyni.

Útivistardómur.

Dómur Hæstaréttar.

Málssókn þessi fellur niður.

Áfrýjandi, Georg Gunnarsson, er eigi sækir dómþing í máli þessu, greiði kr. 200,00 útivistargjald til ríkissjóðs, ef hann vill fá mál sitt tekið fyrir af nýju.

Mánudaginn 30. nóvember 1959.

Nr. 82/1956. **Landssími Íslands** (Sveinbjörn Jónsson hrl.)
gegn
Ástvaldi Pálssyni (Áki Jakobsson hrl.).

Dómendur:
hæstaréttardómararnir Þórður Eyjólfsson, Gizur Bergsteinsson, Jón Ásbjörnsson og Jónatan Hallvarðsson og prófessor Theodór B. Líndal.

Bætur dæmdar vegna of skamms uppsagnarfrests starfsmanns.

Dómur Hæstaréttar.

Áfrýjandi hefur skotið máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 1. júní 1956. Krefst hann sýknu af kröfum stefnda í málinu og málskostnaðar úr hendi hans í héraði og fyrir Hæstarétti eftir mati dómsins.

Stefndi krefst staðfestingar hins áfrýjaða dóms og málskostnaðar hér fyrir dómi eftir mati Hæstaréttar.

Með ráðningarsamningi, dags. 3. febrúar 1945, réðst stefndi í þjónustu áfrýjanda sem trésmiður um sex mánaða skeið frá 1. marz 1945 að telja. Samkvæmt því, sem komið hefur fram í málflutningi hér fyrir dómi, hélt stefndi áfram starfi á viðgerðarverkstæði áfrýjanda að ráðningartímanum loknum með sömu kaupkjörum og áður, og var honum nú falið að hafa á hendi stjórn annarra trésmiða, sem á verkstæðinu unnu, en þó svo, að verkfræðingar og birgðavörður áfrýjanda sögðu fyrir um, hvaða verk skyldu unnin á hverjum tíma. Hélzt þessi tilhögun, unz stefnda var sagt upp starfi hinn 2. marz 1953. Telja verður, að stefndi hafi átt rétt á þriggja mánaða uppsagnarfresti, eins og starfi hans var háttað. Ber því að staðfesta hinn áfrýjaða dóm, sem ekki hefur verið gagnáfrýjað.

Eftir þessum úrslitum er rétt, að áfrýjandi greiði stefnda málskostnað fyrir Hæstarétti, sem ákveðst kr. 3.000,00.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður.

Áfrýjandi, Landssími Íslands, greiði stefnda, Ástvaldi Pálssyni, málskostnað fyrir Hæstarétti, kr. 3.000,00.

Dóminum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur bæjarþings Reykjavíkur 12. marz 1956.

Mál þetta, sem dómtekið var 6. þ. m., hefur Ástvaldur Pálsson, Eskihlíð 23 hér í bæ, höfðað fyrir bæjarþinginu að undangenginni árangurslausri sáttatilraun með stefnu, út gefinni 22. júní 1954, gegn Landssíma Íslands til greiðslu bóta, að fjárhæð kr. 11.554,56, með 6% ársvöxtum frá útgáfudegi sáttakæru 16. júní 1954 til greiðsludags og málskostnaðar að mati dómarans.

Stefndi hefur krafizt sýknu og málskostnaðar úr hendi stefnanda að mati dómarans.

Málavextir eru þeir, að með samningi aðiljanna, dags. 3. febr. 1945, var stefnandi ráðinn til stefnda sem trésmiður. Var ráðningartíminn ákveðinn sex mánuðir frá 1. marz að telja. Stefndi var ráðinn fyrir tímakaup og fékk vikulegar greiðslur. Auk þess fékk hann greiddar kr. 400,00 á mánuði fyrir trésmíðaáhöld, er hann lagði til sjálfur. Að liðnum sex mánuðunum hélt stefnandi starfi sínu áfram hjá stefnda, en nýr ráðningarsamningur var ekki gerður. Hinn 2. marz 1953 var stefnanda sagt munnlega upp starfinu, og var sú uppsögn staðfest með bréfi, dags. 31. marz þ. á. Uppsögnin var miðuð við 1. apríl 1953. Vikulaun stefnanda námu þá kr. 962,88.

Stefnandi byggir kröfur sínar á því, að hann hafi verið orðinn fastur starfsmaður hjá stefnda, og beri sér því þriggja mánaða uppsagnarfrestur. Stefndi hafi hins vegar sagt sér upp starfinu fyrirvaralaust. Krefst hann því launa fyrir mánuðina apríl—júní 1953 kr. 11.554,56, enda hafði hann ekkert starf á hendi þann tíma.

Stefndi byggir sýknukröfu sína á því, að stefnandi hafi ekki verið ráðinn fastur starfsmaður. Stefnandi hafi í upphafi verið ráðinn til sex mánaða, en frá þeim tíma hafi hann verið óráðinn og stefnda því heimilt að segja honum upp starfi fyrirvaralaust. Enn fremur hafi stefnandi verið ráðinn fyrir tímakaup

svo sem venjulegur daglaunamaður, og eigi hann því ekki heldur rétt á uppsagnarfresti af þeim sökum.

Eins og áður segir, var stefnandi ráðinn trésmiður hjá stefnda hinn 1. marz 1945 til sex mánaða. Ráðning hans var framlengd, án þess að gerður væri nýr samningur né tiltekið, að stefnandi væri ráðinn til skemmri tíma en í upphafi var ákveðið. Stefnandi var síðan óslitið í þjónustu stefnda í átta ár á sama grundvelli og í upphafi var samið. Verður því að telja, að stefnandi hafi mátt ætla, að hann væri orðinn fastur starfsmaður stefnda og sér yrði ekki sagt upp starfanum nema með fyrirvara. Skiptir eigi máli í því sambandi, á hvern hátt launagreiðslur áttu sér stað. Þykir stefnandi hafa átt rétt til þriggja mánaða uppsagnarfrests.

Viðurkennt er af stefnanda, að honum hafi verið munnlega sagt upp starfanum hinn 2. marz 1953, en sú uppsögn var miðuð við 1. apríl s. á., eins og áður segir. Stefnandi hefur því fengið eins mánaðar uppsagnarfrest, og ber stefnda því að greiða honum tveggja mánaða laun fyrir mánuðina apríl og maí 1953, enda hefur ekki verið sannað gegn mótmælum stefnanda, að hann hafi haft tekjur á því tímabili.

Því hefur ekki verið mótmælt af stefnda, að laun stefnanda hafi verið kr. 962,88 á viku fyrir uppsögnina. Verður stefndi því dæmdur til að greiða stefnanda kr. 7.703,04 með vöxtum eins og krafizt er í stefnu.

Samkvæmt þessari niðurstöðu ber stefnda að greiða stefnanda málskostnað, er þykir hæfilega ákveðinn kr. 1.150,00.

Emil Ágústsson, fulltrúi borgardómara, kvað upp dóm þennan.

Dómsorð:

Stefndi, Landssími Íslands, greiði stefnanda, Ástvaldi Pálssyni, kr. 7.703,04 með 6% ársvöxtum frá 16. júní 1954 til greiðsludags og kr. 1.150,00 í málskostnað innan 15 daga frá lögbirtingu dóms þessa að viðlagðri aðför að lögum.

Mánudaginn 30. nóvember 1959.

Nr. 46/1959. **Borgarstjórinn í Reykjavík f. h. bæjarsjóðs**
(Tómas Jónsson hrl.)
gegn
Aðalsteini Guðmundssyni
(Gunnar Jónsson hdl.).

Dómendur:
hæstaréttardómararnir Þórður Eyjólfsson, Gizur Bergsteinsson, Jón Ásbjörnsson og Jónatan Hallvarðsson og prófessor Theodór B. Líndal.

Endurheimt ofgreidds útsvars.

Dómur Hæstaréttar.

Áfrýjandi hefur skotið máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 10. marz 1959. Hann krefst þess *aðallega*, að málinu verði vísað frá dómi, en *til vara* sýknu af kröfum stefnda. Þá krefst áfrýjandi málskostnaðar fyrir Hæstarétti úr hendi stefnda, en til vara, að málskostnaður falli niður.

Stefndi krefst staðfestingar hins áfrýjaða dóms og málskostnaðar hér fyrir dómi af áfrýjanda eftir mati dómsins.

Frávísunarkrafa áfrýjanda hefur eigi við rök að styðjast, og verður henni því ekki sinnt.

Eins og í málinu greinir, áætluðu skattstjórnvöld stefnda tekjuhækkun, án þess að honum væri áður veitt færi á að skýra framtal sitt, svo sem boðið er í 35. gr. laga nr. 46/1954, og var fjárhæð útsvars hans síðan miðuð við þá tekjuáætlun. Með þessum athugasemdum ber að staðfesta héraðsdóminn.

Eftir þessum úrslitum er rétt, að áfrýjandi greiði stefnda málskostnað fyrir Hæstarétti, kr. 1.500,00.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður.

Áfrýjandi, borgarstjóri Reykjavíkur f. h. bæjarsjóðs, greiði stefnda, Aðalsteini Guðmundssyni, málskostnað fyrir Hæstarétti, kr. 1.500,00.

Dóminum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur bæjarþings Reykjavíkur 21. janúar 1959.

Mál þetta, sem dómtekið var 14. þ. m., hefur Aðalsteinn Guðmundsson rafvirki, Bergþórugötu 57 hér í bæ, höfðað fyrir bæjarþingi Reykjavíkur með stefnu, út gefinni 5. september 1957, gegn borgarstjóranum í Reykjavík fyrir hönd bæjarsjóðs Reykjavíkur til endurgreiðslu á ofgreiddu útsvari, að fjárhæð kr. 2.090,00, auk 6% ársvaxta frá 1. júní 1957 til greiðsludags og málskostnaðar að skaðlausu.

Stefndi hefur krafizt sýknu af kröfum stefnanda og málskostnaðar úr hendi hans að mati dómarans.

Málavextir eru þessir:

Við skattframtal árið 1956 taldi stefnandi fram tekjur sínar á árinu 1955, samtals kr. 46.662,12. Skattyfirvöldum mun hafa þótt framtaldar tekjur stefnanda óeðlilega lágar, og var svofelld athugasemd skráð á framtalið: „Þetta verða að teljast ótrúlega lágar tekjur hjá fagmanni, sem vinnur á Keflavíkurflugvelli.“ Voru honum því áætlaðar til viðbótar kr. 30.000,00 í tekjur, og námu brúttótekjur stefnanda þá kr. 76.662,12. Að frádregnum frádráttarbærum gjöldum urðu nettótekjur stefnanda því samkvæmt þessari áætlun kr. 75.142,12. Stefnandi vildi ekki una útsvari því, sem á hann var lagt samkvæmt þessum grundvelli, og kærði það til niðurjöfnunarnefndar. Er úrskurður hennar gekk honum ekki í vil, skaut stefnandi málinu til yfirskattanefndar. Úrskurður yfirskattanefndar gekk stefnanda ekki heldur í vil, og skaut hann málinu þá til ríkisskattanefndar, sem áætlaði nú stefnanda kr. 10.000,00 í tekjur umfram fram taldar tekjur hans. Samkvæmt því urðu brúttótekjur stefnanda kr. 56.662,12, og að frádregnum áðurgreindum frádráttarbærum gjöldum urðu nettótekjur stefnanda því kr. 55.142,12. Var útsvar stefnanda síðan ákveðið kr. 7.500,00.

Stefnandi hefur komið fyrir dóm og skýrt svo frá, að hann hafi ekki unnið fyrir meiri tekjum umrætt ár sökum þess, að hann hafi verið heilsulítill og hafi hlíft sér við vinnu. Auk þess hafi hann á þessum tíma ekki haft fyrir neinum að sjá og hafi sjálfur ekki þurft meiri tekjur til sinna nota. Kveðst stefnandi á árinu 1955 hafa unnið á ýmsum stöðum, sem vinnuveitandi hans hafi

sent hann til, meðal annars hafi hann stundum unnið á Keflavíkurflugvelli, en þó ekki að staðaldri.

Af hálfu stefnanda er því haldið fram, að hann hafi aðeins unnið hjá einum vinnuveitanda á árinu 1955 og unnið hjá honum fyrir tekjum, sem fram komi á framtali stefnanda, kr. 46.662,12. Aðrar tekjur hafi stefnandi ekki haft á árinu, enda hafi þær nægt honum til lífsviðurværis. Sé því áætlun um frekari tekjur alröng og alveg út í bláinn. Nettótekjur stefnanda hafi á árinu 1955 numið kr. 45.142,12, og samkvæmt vottorði niðurjöfnunarnefndar Reykjavíkur hafi útsvar af þeirri fjárhæð numið kr. 5.410,00. Það sé hið rétta útsvar, sem stefnanda beri að greiða, en ekki kr. 7.500,00, sem stefnandi hafi greitt með fyrirvara. Mismuninn, kr. 2.090,00, beri stefnda að endurgreiða.

Stefndi styður sýknukröfu sína þeim rökum, að hið á lagða útsvar sé ekki bersýnileg fjarstæða. Útsvarsstigi sá, sem niðurjöfnunarnefnd útbúi, sé ekki lögboðinn, heldur sé hann aðeins til leiðbeiningar, og megi víkja frá honum bæði til hækkunar og lækkunar. Niðurjöfnunarnefnd hafi haft skattframtal stefnanda til hliðsjónar við ákvörðun útsvarsins, en ljóst sé, að hinar fram töldu tekjur séu lægri en sem nemur samningsbundnu lágmarkskaupi í dagvinnu fyrir sveina í iðngrein stefnanda. Þá er því haldið fram af hálfu stefnda, að ekkert það hafi komið fram, sem sýni, að stefnandi hafi ekki verið fullvinnandi, enda þótt stefnandi hafi haft næg tækifæri til að gefa skýringar á framtalinu. Þá er því að lokum haldið fram af hálfu stefnda, að með því að fá tilkynningu um framangreinda tekjuáætlun skattstofunnar og með því að kæra útsvarsálagninguna hafi stefnandi fengið aðstöðu til að gæta þess réttar, sem honum hafi borið.

Í málinu hefur verið lagt fram svohljóðandi bréf niðurjöfnunarnefndar Reykjavíkur:

„Samkvæmt framtali gjaldandans og áætlun skattstofunnar voru nettótekjur hans umgetið ár taldar kr. 75.100,00. Tekjuútsvar af þeirri upphæð var kr. 12.165,00. Nefndin ákvað útsvarið þó aðeins kr. 8.400,00 með hliðsjón af því, að nokkur hluti teknanna var áætlaður. Hefði verið lagt á gjaldandann án allrar tekjuáætlunar, mundi útsvarið hafa orðið kr. 5.410,00."

Það er fram komið í málinu, að niðurjöfnunarnefnd og skattyfirvöld neyttu ekki heimilda til að krefja stefnanda um skýringar eða skýrslur varðandi tekjur hans og hagi, sbr. 5. gr. og 1. mgr. 18. gr. laga nr. 66/1945 og 35. gr. laga nr. 46/1954.

Með vísan til þessa og þar sem eigi hafa verið færð að því nægj-

anleg rök, að tekjur stefnanda á árinu 1955, kr. 46.662,12, séu ekki rétt tilgreindar, þá verður eigi talið, að næg ástæða hafi verið til þeirrar áætluðu hækkunar á tekjunum, sem niðurjöfnunarnefnd hefur tekið tillit til við ákvörðun útsvars stefnanda.

Það er upplýst, að niðurjöfnunarnefnd notast við upplýsingar, sem skattyfirvöld afla, svo og áætlanir skattstofunnar, eftir því sem nefndinni sýnist ástæða til. Þykir því bera að taka til greina kröfu stefnanda um endurgreiðslu á hinum ofreiknaða hluta útsvarsins, enda hefur verið lýst yfir því af hálfu niðurjöfnunarnefndar Reykjavíkur, að útsvar stefnanda hefði numið kr. 5.410,00, ef það hefði verið lagt á án allrar tekjuáætlunar. Verður stefndi því dæmdur til að endurgreiða stefnanda mismun þessarar fjárhæðar og fjárhæðar útsvars þess, kr. 7.500,00, sem niðurjöfnunarnefnd endanlega ákvað og stefnandi hefur þegar greitt, þ. e. kr. 2.090,00, með vöxtum eins og krafizt er.

Eftir þessum úrslitum málsins þykir bera að dæma stefnda til að greiða stefnanda málskostnað, sem þykir hæfilega ákveðinn kr. 750,00.

Guðmundur Jónsson, fulltrúi borgardómara, kvað upp dóm þennan.

Dómsorð:

Stefndi, borgarstjórinn í Reykjavík f. h. bæjarsjóðs Reykjavíkur, greiði stefnanda, Aðalsteini Guðmundssyni, kr. 2.090,00 með 6% ársvöxtum frá 1. júní 1957 til greiðsludags og kr. 750,00 í málskostnað innan 15 daga frá lögbirtingu dóms þessa að viðlagðri aðför að lögum.

Mánudaginn 7. desember 1959.

Nr. 129/1959. **Guðmundur Guðmundsson**
og
Trésmiðjan Víðir h/f
(Einar B. Guðmundsson hrl.)
gegn
fjármálaráðherra f. h. ríkissjóðs
(Benedikt Sigurjónsson hrl.)
og gagnsök.

Dómendur:
hæstaréttardómararnir Þórður Eyjólfsson, Jón Ásbjörnsson og Jónatan Hallvarðsson, Kristján Kristjánsson borgarfógeti og Valdimar Stefánsson sakadómari.

Stóreignaskattur. Sératkvæði.

Dómur Hæstaréttar.

Aðaláfrýjendur hafa skotið máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 10. ágúst 1959. Krefjast þeir *aðallega*, að skattgjald það, sem um er fjallað í málinu, verði ákveðið kr. 9.039,00, en *til vara* önnur fjárhæð eftir ákvörðun dómsins. Svo krefjast þeir og málskostnaðar úr hendi gagnáfrýjanda í héraði og fyrir Hæstarétti eftir mati dómsins.

Gagnáfrýjandi hefur áfrýjað málinu með stefnu 27. ágúst 1959. Krefst hann sýknu af kröfum aðaláfrýjenda og málskostnaðar úr hendi þeirra í héraði og hér fyrir dómi eftir mati Hæstaréttar.

Með skírskotun til forsendna hins áfrýjaða dóms ber að staðfesta þá niðurstöðu hans, að stóreignaskattur aðaláfrýjanda Guðmundar Guðmundssonar samkvæmt lögum nr. 44/1957 sé rétt talinn kr. 427.571,00 og að sækja megi aðaláfrýjanda Trésmiðjuna Víði h/f um kr. 89.035,00 af þeirri fjárhæð.

Eftir þessari niðurstöðu þykir rétt, að gagnáfrýjandi greiði aðaláfrýjendum málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti, sem ákveðst samtals kr. 35.000,00.

Dómsorð:

Stóreignaskattur aðaláfrýjanda Guðmundar Guðmundssonar ákveðst kr. 427.571,00. Af þeirri fjárhæð má sækja aðaláfrýjanda Trésmiðjuna Víði h/f um kr. 89.035,00.

Gagnáfrýjandi, fjármálaráðherra f. h. ríkissjóðs, greiði aðaláfrýjendum málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti, samtals kr. 35.000,00.

Sératkvæði
Kristjáns Kristjánssonar borgarfógeta.

Lögum samkvæmt bar skattþegnum að greiða á árinu 1957 almenna skatta og útsvör af tekjum sínum og eignum árið 1956. Sú aðferð að reikna eignarskatt af þeim fjármunum skattþegns, sem fyrir hendi eru um hver síðustu áramót, getur ef til vill staðizt samkvæmt stjórnarskrá lýðveldisins Íslands, enda venjulegur eignarskattur miklum mun lægri en stóreignaskattur sá, sem hér um ræðir, og frádráttarhæfur við næsta framtal.

Ætla má, að aðili, sem hefur breytilegar tekjur frá ári til árs og hefur haft háar tekjur 1956, hafi safnað saman tekjum það ár til þess meðal annars að standa straum af á lögðum almennum gjöldum á árinu 1957 af tekjum og eignum frá árinu 1956. Ef nú þessar samansöfnuðu tekjur á árinu 1956 eru lagðar, eins og lög um skatt á stóreignir, nr. 44/1957, ætlast til, við aðrar eignir skattþegns, sem stóreignaskattur er lagður á, verkar sá skattur að meira eða minna leyti sem tekjuskattur. Verður því hlutur slíks skattþegns miklu verri en þess aðilja, sem á mjög miklar eignir, en hefur haft litlar eða engar tekjur á árinu 1956. Má sem dæmi taka 3 skattþegna, A, B og C. Þeir eiga hver um sig 31. desember 1956 kr. 5.000.000,00. A hefur engar skattskyldar tekjur haft á árinu 1956, B hefur haft 1.000.000,00 í skattskyldar tekjur, en C hefur haft kr. 5.000.000,00 í skattskyldar tekjur.

Samkvæmt útreikningum mundi tekju- og eignarskattur

og útsvör þessara aðilja af eignum og tekjum 1956 hafa verið á árinu 1957 að viðbættum stóreignaskatti svo sem hér segir:

I. Skattar lagðir á A:

1. Almennur eignarskattur	kr.	71.910,00
2. Eignarútsvar	—	49.130,00
3. Stóreignaskattur	—	875.000,00
Samtals	kr.	996.040,00

II. Skattar lagðir á B:

1. Almennur eignarskattur	kr.	71.910,00
2. Eignarútsvar	—	49.130,00
3. Tekjuskattur af kr. 1.000.000,00 ..	—	372.760,00
4. Tekjuútsvar	—	288.390,00
5. Stóreignaskattur	—	875.000,00
Samtals	kr.	1.657.190,00

III. Skattar lagðir á C:

1. Almennur eignarskattur	kr.	71.910,00
2. Eignarútsvar	—	49.130,00
3. Tekjuskattur af kr. 5.000.000,00 ..	—	1.972.760,00
4. Tekjuútsvar	—	1.488.390,00
5. Stóreignaskattur	—	875.000,00
Samtals	kr.	4.457.190,00

Hér til viðbótar mætti telja ýmis gjöld, sem á lögð eru á sama hátt og skattar og útsvör, svo sem kirkjugarðsgjald svo og veltuútsvar, sem hvort um sig geta numið mjög háum fjárhæðum. Ekki heldur er talinn skattur af því fé, sem skattþegn hefur notað til framfærslu sér á árinu 1956, en það mundi gera skattbyrðina enn þá meiri.

Dæmi þessi hafa ekki aðeins verið tekin vegna þessa máls, heldur líka vegna annarra mála út af stóreignaskatti, en þau sýna ljóslega þá stórfelldu mismunun, sem skattþegnum er gerð með því að draga ekki frá öll gjöld þau, er á þá voru lögð á árinu 1957, áður en stóreignaskatturinn var á þá lagð-

ur samkvæmt á minnztum lögum um skatt á stóreignir. Verður því að líta svo á, að 67. gr. stjórnarskrár lýðveldisins Íslands leiði til þess, að alla skatta og útsvör, á lögð á árinu 1957 á tekjur og eignir 1956, hafi borið að draga frá þeim eignum gjaldþegns, sem honum voru taldar 31. desember 1956, áður en stóreignaskattur var á hann lagður.

Samkvæmt þessari niðurstöðu verður skuldlaus eign aðaláfrýjanda Guðmundar Guðmundssonar 31. desember 1956 til skatts á stóreignir þessi:

Grunnskattseign samkvæmt ákvörðun skattstjóra önnur en eign í félögum ..		kr. 3.757.795,00
Þar frá ber að draga skattmatsverð Víðimels 31, fyrir fram greiddan arf	kr. 940.111,00	
skatta og útsvör	— 36.419,00	— 976.530,00
		Kr. 2.781.265,00
Við bætist matsverð hlutabréfa í Trésmiðjunni Víði h/f samkvæmt mati ríkisskattanefndar		— 392.600,00
		Kr. 3.173.865,00

Ég fellst að öðru leyti á forsendur hins áfrýjaða dóms.

Samkvæmt þessu verður skattur aðaláfrýjanda Guðmundar Guðmundssonar samtals kr. 418.466,00. Af þeirri fjárhæð má sækja aðaláfrýjanda Trésmiðjuna Víði h/f um kr. 87.213,00, og verður skatthluti Iðnaðarbanka Íslands h/f af því kr. 3.781,00.

Gagnáfrýjandi greiði aðaláfrýjendum málskostnað bæði í héraði og fyrir Hæstarétti kr. 35.000,00.

Dómsorð mitt verður því þannig:

Stóreignaskattur aðaláfrýjanda Guðmundar Guðmundssonar ákveðst kr. 418.466,00. Sækja má aðaláfrýjanda Trésmiðjuna Víði h/f um kr. 87.213,00 af þeirri fjárhæð.

Gagnáfrýjandi, fjármálaráðherra f. h. ríkissjóðs, greiði

aðaláfrýjendum í málskostnað bæði í héraði og fyrir Hæstarétti, kr. 35.000,00.

Dómur bæjarþings Reykjavíkur 22. júlí 1959.

Mál þetta, sem dómtekið er 26. f. m., er höfðað fyrir bæjarþingi Reykjavíkur með stefnu, dags. 16. maí 1958, af Guðmundi Guðmundssyni húsgagnasmið, Víðimel 31, og Trésmiðjunni Víði h/f, báðum hér í bæ, gegn fjármálaráðherra f. h. ríkissjóðs.

Upphaflega voru dómkröfur stefnanda þessar:

I. *aðallega,* að skattur sá, að fjárhæð kr. 656.505,00, sem stefnendum var gert að greiða samkvæmt lögum nr. 44 3. júní 1957, yrði með öllu felldur niður,

II. *til vara,* 1. að hlutabréf stefnanda Guðmundar Guðmundssonar í Trésmiðjunni Víði h/f yrðu reiknuð honum til eignar á nafnverði, kr. 52.000,00, og að skattur hans yrði lækkaður samkvæmt því. Yrði eigi á þá kröfu fallizt, krafðist stefnendur þess, að skattur af hlutabréfaeign Guðmundar yrði felldur niður og lagt fyrir skattstjórnarvöld að ákveða skattinn af nýju samkvæmt sannvirði hlutabréfanna,

2. að framangreind skattfjárhæð yrði lækkuð til mikilla muna.

Þá krafðist stefnendur og málskostnaðar úr hendi stefnda að skaðlausu eftir mati dómsins.

Stefndi krafðist algerrar sýknu af kröfum stefnenda og málskostnaðar úr hendi þeirra eftir mati dómsins.

Samkvæmt ósk málsaðilja og heimild í 71. gr. laga nr. 85/1936 var sakarefni skipt, og var í fyrri þætti málsins aðeins fjallað um kröfulið I og II,1 í dómkröfum stefnenda. Féll héraðsdómur, sem upp var kveðinn 14. ágúst f. á., á þá lund, að stefndi var sýknaður af aðalkröfunni, en dæmt, að því er varakröfuna varðaði, að skattur af hlutabréfunum skyldi miðast við sannvirði þeirra. Var þessi niðurstaða staðfest með dómi Hæstaréttar 29. nóvember f. á.

Skattmat hlutabréfanna kom því næst á ný til úrskurðar skattstjóra, en áður höfðu stefnendur kært skattálagninguna í heild. Úrskurðum skattstjóra var síðan skotið til ríkisskattanefndar með kæru, dags. 9. apríl þ. á. Ríkisskattanefnd, sem kvað upp úrskurð sinn 28. maí sl., ákvað verðmæti hlutabréfaeignar stefnanda Guðmundar Guðmundssonar í Trésmiðjunni Víði h/f kr. 392.600,00. Hafa aðiljar máls þessa lýst yfir því fyrir dóminum, að þeir sættu sig eftir atvikum við það mat,

og verður samkvæmt því nefnd fjárhæð lögð til grundvallar, að því er varðar þann hluta eigna Guðmundar Guðmundssonar. Heildarniðurstaða ríkisskattanefndar um skattfjárhæðir stefnenda varð sú, að Guðmundi bæri að greiða samtals í skatt kr. 662.598,00, en af þeirri fjárhæð skyldi Trésmiðjan Víðir h/f annast greiðslu á kr. 98.150,00, þó svo, að í hlut Iðnaðarbanka Íslands kæmu af síðastnefndri fjárhæð kr. 4.255,00.

Aðiljar máls þessa eru sammála um það, að skattfjárhæðin samkvæmt úrskurði ríkisskattanefndar, kr. 662.598,00, sé nú lögð til grundvallar málflutningi, og verður við þá fjárhæð miðað. Dómarinn hefur án árangurs leitað sátta í málinu samkvæmt 15. tölul. 5. gr. laga nr. 85/1936.

Dómkröfur stefnenda í þessum hluta málsins eru þær *aðallega*, að stefnendum verði samtals aðeins gert að greiða í skatt samkvæmt lögum nr. 44/1957 kr. 9.039,00, en *til vara*, að framangreind skattfjárhæð, kr. 662.598,00, verði lækkuð til mikilla muna eftir ákvörðun dómsins. Þá krefjast stefnendur málskostnaðar úr hendi stefnda eftir mati dómarans.

Stefndi krefst algerrar sýknu af kröfum stefnenda og málskostnaðar úr hendi þeirra eftir mati dómarans.

Krafa stefnenda um lækkun skattfjárhæðarinnar er byggð á þessum þremur atriðum:

1. að fasteignir stefnanda Guðmundar Guðmundssonar séu metnar of háu verði til skatts, þar sem skylt sé að miða verðmæti þeirra við fasteignamat það, er í gildi gekk 1. maí 1957,
2. að skylt sé að draga frá skuldlausri eign stefnenda í árslok 1956 alla skatta til ríkis og bæjar, sem lagðir voru á árið 1957,
3. að eigi megi telja með eignum stefnanda Guðmundar eignir, sem hann hefur á árinu 1956 afhent sem fyrirframgreiðslu upp í arf.

Verða þessi atriði nú tekin til athugunar.

Um 1. Skattmat á fasteignum samkvæmt lögum nr. 44/1957:

Skattyfirvöld hafa talið stefnanda Guðmundi Guðmundssyni til eignar við ákvörðun skatts samkvæmt framangreindum lögum tvær fasteignir í Reykjavík, Laugaveg 166 að ⅘ hlutum og Víðimel 31. Samkvæmt 1. tölulið 2. gr. laganna skal við skattálagningu miða við fasteignamat það, er í gildi gekk 1. maí 1957, að viðbættu 200% álagi samkvæmt 3. mgr. 1. tölul. sömu greinar, og hafa skattyfirvöld fylgt þeirri reglu, er skatturinn var lagður á. Svo sem síðar mun rakið, verður fasteignin Víðimelur 31 eigi talin stefnanda Guðmundi til eignar við ákvörðun

skatts á stóreignir, og kemur hún því eigi til álita í þessu sambandi.

Stefnendur halda því fram, að óheimilt sé við nefnda skattálagningu að beita ákvæðinu um 200% álagningu á fasteignir, heldur beri þar að leggja fasteignamatið eitt til grundvallar. Er sú staðhæfing studd þeim rökum, að samkvæmt 2. gr. laga nr. 70/1945, um fasteignamat, skuli fasteignamat miðast við sanngjarnt söluverð, þ. e. raunverulegt verðmæti fasteignar. Þessi regla sé og enn lögð til grundvallar í lögum nr. 33/1955, um samræmingu á mati fasteigna. Nú sé verðmæti eigna að vísu breytilegt, og hafi síðastnefnd lög þannig gefið heimild til 400% hækkunar á hinu eldra mati, eftir að tekið hefði verið tillit til umbóta, frá því að síðasta aðalmat fór fram. Sú heimild hafi verið notuð til fulls í Reykjavík og þá einnig, að því er varðaði húseignina Laugaveg 166, og hafi það mat gengið í gildi 1. maí 1957 eða réttum mánuði áður en lög nr. 44/1957 voru sett. Þetta sé það fasteignamat, sem miða beri skattmatið við, en löglaust með öllu að leggja almennt á það mat 200% álag án nokkurs tillits til þess, hvort útkoma verði jöfn sannvirði þeirra eigna, sem um sé að ræða. Með því að beita 200% álagningarreglunni sé brotin sú almenna skattregla að leggja einungis skatt á raunhæfar eignir skattþegns. Annmarki þessarar álagningarreglu komi og glöggt í ljós, þegar litið sé til þess, að skattgreiðanda sé heimilað að greiða stóreignaskattinn á 10 árum, því að vel geti svo farið, að fasteignir lækki að mun á þeim árum, þótt þær kynnu nú að seljast hærra verði en sem svarar fasteignamatsverðinu. Þá hafa stefnendur og skýrt frá því, að húseignin Laugavegur 166 hafi á árinu 1957 orðið fyrir miklum skemmdum af bruna, og beri að taka tillit til þess. Loks hafa stefnendur haldið því fram, að verði eigi á það fallizt, að miða beri við fasteignamatið eitt, þá sé þó a.m.k. skylt að draga 20% frá stóreignaskattsmatsverðinu. Er sú krafa á því reist, að samkvæmt 2. gr. laga nr. 44/1957 skuli draga 20% frá matsverði húseigna, sem notaðar eru fyrir vinnslustöðvar sjávarafurða og landbúnaðarafurða. Þessi lækkun verði að ná til allra fasteigna, til þess að fylgt sé þeirri reglu, að allir séu jafnt settir í skattlegu tilliti, en sérstaklega eigi þetta við um allar húseignir, sem notaðar séu til atvinnureksturs, en svo sé því einmitt varið um húseignina Laugaveg 166, sem sé verksmiðju- og verzlunarhús.

Stefndi hefur andmælt þessum rökstuðningi stefnenda. Heldur hann því fram, að fyrirmæli 3. mgr. 1. tölul. 2. gr. laga nr.

44/1957, um skattmat húseigna, séu að öllu leyti gild og leiði alls eigi til þess, að verðlagning fasteigna til skatts fari fram úr raunverulegu verðmæti þeirra. Fasteignamat það, sem í gildi gekk 1. maí 1957, svari engan veginn til raunverulegs verðmætis þeirra, enda hafi engum til hugar komið, að verið væri að finna raunverulegt söluverð eða sannvirði fasteigna, þegar sett voru með lögum nr. 33/1955 fyrirmæli um 400% álag á hið 20 ára gamla fasteignamat, er þá var enn í gildi. Ákvæði laga nr. 70/1945 skipti hér engu máli, því að fasteignamat samkvæmt þeim lögum hafi aldrei verið framkvæmt. Verðmætisregla 2. gr. laga nr. 44/1957 miði að því einu að fá fram hið raunverulega verðmæti fasteignanna, og sé hún því að öllu leyti í samræmi við þær reglur, sem rétt sé að fylgja við skattálagningu. Og að því er snerti þá fasteign stefnanda Guðmundar, Laugaveg 166, sem hér komi til álita, þá sé hún engan veginn ofmetin til skatts. Brunabótamat hennar 31. desember 1956 hafi verið kr. 4.729.200,00, og hafi stefnandi Guðmundur fengið fullar bætur vegna brunans árið 1957. Mat þessarar eignar til skatts á stóreignir hafi hins vegar verið um 4,2 milljónir króna, og sé þá verðmæti lóðarréttinda eigi talið með. Þá mótmælir stefndi því, að stefnandi Guðmundur eigi nokkurn rétt til 20% lækkunar samkvæmt 2. mgr. 1. tölul. 2. gr. laga nr. 44/1957. Það ákvæði komi aðeins til álita um þær húseignir, sem þar séu taldar, enda sé löggjafanum fyllilega heimilt að setja sérákvæði um fasteignir, sem þjóni mikilvægum tilgangi í starfrækslu þjóðarbúsins, og geti það engu máli skipt hér, þótt húseignin Laugavegur 166 sé notuð til atvinnurekstrar og verzlunar.

Samkvæmt lögum nr. 70/1945, um fasteignamat, er boðið að meta allar jarðeignir, lóðir og hús á landinu til peningaverðs, og skal fasteign hver samkvæmt 2. gr. laganna, svo sem stefnendur hafa bent á, metin sanngjörnu söluverði. Mati samkvæmt lögunum þarf hins vegar eigi að vera lokið fyrr en 1. janúar 1965, og hefur eigi verið sýnt fram á, að miðað sé í árlegri skattálagningu við fasteignamat framkvæmt eftir fyrirmælum þessara laga. Fasteignamatið frá 1942 var því í gildi allt til 1. maí 1957, er á það kom álag samkvæmt lögum nr. 33 frá 1955, um samræmingu á mati fasteigna, og er alkunnugt, að það var langt fyrir neðan raunverulegt verð fasteigna í kaupum og sölum. Eigi breyttu síðastnefnd lög öðru í þessum efnum en því, að þau heimiluðu að leggja 400% álag á hið eldra fasteignamat,

og hefur eigi verið sýnt fram á, að fasteignamatsverð húseigna hafi þrátt fyrir þetta álag orðið jafnhátt raunverulegu verðmæti þeirra í kaupum og sölum. Það er því eigi hægt að líta svo á, að fasteignamatið frá 1. maí 1957 sýni sannvirði fasteigna hinn 31. desember 1956. Verður eigi talið, að skattyfirvöldum hafi við álagningu skatts samkvæmt lögum nr. 44/1957 verið skylt að miða skattmat fasteigna við það eitt saman. Og þar sem eigi hefur verið sýnt fram á, að 200% álagningarregla 3. mgr. 1. tölul. 2. gr. síðastnefndra laga leiði til þess, að fasteignir verði yfirleitt metnar hærra verði til skatts en raunverulegu verði þeirra í kaupum og sölu nemur, verður nefndri lagareglu eigi almennt vikið til hliðar sem ógildri.

Að því er sérstaklega varðar húseignina nr. 166 við Laugaveg, er það fram komið, að hún er verksmiðju- og verzlunarhús við eina af fjölförnustu götum Reykjavíkur og var virt til brunabóta árið 1949, þá nýbyggð, á kr. 2.035.500,00. Fasteignamat húseignar þessarar var 1. maí 1957 kr. 1.321.000,00, en brunabótamat 31. desember 1956 kr. 4.729.200,00. Árið 1957 hækkaði brunabótamatið í kr. 5.296.700,00, og var það mat gildandi, er brunatjónið varð 1957. Til skatts samkvæmt lögum nr. 44/1957 var húseignin metin á kr. 4.213.279,00, og eru lóðarréttindi eigi talin með í því verði. Með vísun til þeirra atriða, er nú hafa verið rakin, verður eigi talið, að sýnt hafi verið fram á, að húseignin Laugavegur 166 hafi verið ofmetin til skatts samkvæmt lögum nr. 44/1957.

Því hefur eigi verið hnekkt, að ákvæði 2. mgr. 1. töluliðar 2. gr. laga nr. 44/1957 um 20% frádrátt frá fasteignamatsverði þeirra eigna, sem þar greinir, sé reist á málefnislegu löggjafarmati. Verður eigi talið, að skylt sé að beita þessari frádráttarreglu við skattmat annarra húseigna en þar eru taldar, enda þarf það eigi að leiða til raunverulegs misréttis, þótt um ólíkan atvinnurekstur gildi að einhverju leyti mismunandi reglur í skattlegu tilliti. Er það og eigi ótítt hér á landi, svo sem í sambandi við reglur um árlega fyrningu eigna á framtölum til skatts, sbr. t. d. lög nr. 59/1946 og lög nr. 44/1954, um sérstakar fyrningarafskriftir, og reglug. um tekju- og eignarskatt, nr. 147/1955.

Samkvæmt framangreindu verður krafa stefnenda um lækkun á skatti vegna þess, að fasteignir stefnanda Guðmundar hafi verið metnar of háu skattmati, eigi tekin til greina.

Um 2. Frádráttur á sköttum til ríkis og bæjar árið 1957.

Stefnendur halda því fram, að til þess að finna skuldlausa eign þeirra hinn 31. desember 1956 beri að draga frá eignunum alla skatta, tekjuskatt, eignarskatt og útsvar, sem lagðir voru á þá árið 1957. Telja þeir, að þessi gjöld séu í raun og veru hrein skuld gjaldanda í árslok 1956, enda engum vandkvæðum bundið að draga þá frá, þar sem legið hafi ljóst fyrir, er stóreignaskatturinn var lagður á síðla árs 1957, hversu hárri fjárhæð gjöld þessi næmu. Beri því að draga þessi gjöld, að fjárhæð samtals kr. 36.419,00, frá skuldlausri eign þeirra 31. desember 1956 og miða skattálagningu við það.

Þessu hefur stefndi mótmælt. Telur hann, að nefndum skattgjöldum verði engan veginn jafnað til skulda, því að hvorki hafi verið búið að leggja þau á við nefnd áramót né heldur vitað, hver fjárhæð þeirra yrði eða hvort þau yrðu yfirleitt lögð á stefnendur á árinu 1957. Slíkri frádráttarreglu sé ekki heldur beitt um árleg framtöl til skatts og engin lagaregla fyrir hendi, sem heimili slíkan frádrátt. Hins vegar sé skýrt tekið fram í lögum nr. 44/1957, hvaða opinber gjöld komi til frádráttar eignum skattgreiðenda, og sé heimildarlaust að jafna skattgjöldum ársins 1957 til þeirra.

Eigi verður á það fallizt, að telja skuli skatta og útsvar, sem lagt var á stefnendur árið 1957, með skuldum þeirra 31. des. 1956. Verður heimild til þess hvorki leidd af reglum laga nr. 46/1954, um tekju- og eignarskatt, lögum nr. 44/1957 né öðrum fyrirmælum laga, enda er eigi unnt að jafna þessum skattgjöldum til þeirra opinberra gjalda, sem talin eru í 3. tölul. 2. gr. síðastnefndra laga. Er og beinlínis tekið fram í 9. gr. reglugerðar nr. 95/1957, um skatt á stóreignir, að eigi skuli tekið tillit til neinna annarra opinberra gjalda, sem lögð eru á eftir 31. desember 1956, en þeirra, sem þar eru talin.

Samkvæmt þessu verður þessi kröfuliður stefnenda eigi tekinn til greina.

Um 3. Fyrirframgreiðsla upp í arf.

Með yfirlýsingu, dags. 30. nóvember 1956, er þinglesin var 20. desember s. á., afhenti stefnandi Guðmundur Guðmundsson ófjárráða syni sínum, Ólafi, fæddum 6. ágúst 1956, húseignina nr. 31 við Víðimel með tilheyrandi leigulóð sem fyrirframgreiðslu upp í arf. Þágildandi fasteignamat eignar þessarar var kr. 73.700,00, en arftaki tók að sér áhvílandi veðskuld, kr. 60.000,00. Var arfahlutinn samkvæmt því talinn kr. 13.700,00 og erfðafjárskattur greiddur

af þeirri fjárhæð. Í síðustu málsgr. 2. gr. laga nr. 44/1957 er svo mælt, að fyrirframgreiddur arfur á árinu 1956 skuli leggjast við eign þess, er greiðsluna innti af hendi, og töldu skattyfirvöld í samræmi við þá lagareglu nefnda fasteign með eignum stefnanda Guðmundar, þegar ákveðnar voru skattskyldar eignir hans, og var skattur hans miðaður við þá eign, er þannig kom fram, en verðmæti Víðimels 31 varð samkvæmt verðmætisreglum laganna kr. 940.111,00.

Af hálfu stefnanda Guðmundar er því haldið fram, að nefnt ákvæði laganna um fyrirframgreiddan arf fái eigi staðizt, og hafi skattyfirvöldum því verið óheimilt að telja nefnda húseign með eignum hans. Afsalið til Ólafs, sonar síns, hafi í alla staði verið lögmætur gerningur og í fullu samræmi við ákvæði 13. gr. erfðalaganna, nr. 42/1949. Gengið hafi verið í einu og öllu lögformlega frá þessari eignayfirfærslu, og hafi húseignin Víðimelur 31 með þessum gerningi orðið kvaðalaus og óafturkallanleg eign arftakans, en stefnandi Guðmundur sleppt öllu eignarhaldi á henni, og geti hann eigi tekið hana aftur í sína eign. Kveður stefnandi, að slík erfðaafsöl hafi tíðkazt hér á landi allt frá gildistöku erfðatilskp. frá 25. september 1850 og ætíð verið talin fullgild ráðstöfun. Hann hafi því eigi verið eigandi nefndrar húseignar hinn 31. desember 1956 og því fullkomin lögleysa að leggja á sig skatt af henni. Mótmælir hann því, að hægt sé með lögum að ónýta þannig lögmæta gerninga manna á milli. Hér hafi heldur alls eigi verið um það að ræða, að sniðganga ætti nein lagafyrirmæli. Frv. til laga nr. 44/1957 hafi eigi verið borið fram á Alþingi fyrr en 11. apríl 1957 eða fullum fjórum mánuðum eftir, að arfgreiðslan fór fram, og lögin eigi tekið gildi fyrr en sex mánuðum eftir eignayfirfærsluna, og hafi sér reyndar allt til þess tíma verið fullkomlega heimilt að ráðstafa eignum sínum með hverjum þeim lögmætum hætti, sem hann kaus. Það eitt hafi vakað fyrir sér með nefndri ráðstöfun að tryggja sem bezt framtíð þessa sonar síns, og þannig hafi hann og farið að árið 1958, er hann hafi afhent yngra syni sínum ¼ hluta húsgagnaverzlunar sinnar sem fyrirframgreiðslu upp í arf.

Stefndi staðhæfir hins vegar, að sú regla 2. gr. laga nr. 44/1957, sem mælir svo fyrir, að fyrirframgreiddur arfur 1956 skuli teljast með eignum arfleifanda, sé gild og verði eigi haggað. Sé húseignin Víðimelur 31 því réttilega talin með eignum stefnanda Guðmundar, og beri honum að gjalda skatt af henni. Hér hafi af hans hálfu aðeins verið um tilraun til undanskots frá skattgreiðslu

að ræða, er eigi beri að taka tillit til. Vitað hafi verið á þeim tíma, er afsalið fór fram, að skattur mundi verða lagður á stóreignir og stefnanda Guðmundi þá einnig verið fullljóst, að hann mundi koma við sögu í því sambandi. Þá hefur stefndi og vikið að því, að hæpið sé, að ákvæði 13. gr. erfðalaganna, nr. 42/1949, eigi við um þá fyrirframgreiðslu á arfi, sem hér hafi verið um að ræða, og hafa beri í huga, að fyrirframgreiðsla á arfi sé eigi ætíð endanleg og óafturkræf ráðstöfun eigna. Sé þannig, þegar á allt er litið, ekkert komið fram, er valda eigi því, að víkja beri til hliðar ákvæði 2. gr. laga nr. 44/1957 um fyrirframgreiðslu á arfi á árinu 1956, enda sé í þessu máli um svo náið samband milli gjaldþegna að ræða, að útilokað sé að telja það ólögmætan gjaldstofn, þótt húseignin Víðimelur 31 sé í þessu tilliti talin með eignum stefnanda Guðmundar.

Svo sem rakið hefur verið, afhenti stefnandi Guðmundur Guðmundsson Ólafi, syni sínum, þá einkabarni sínu, hinn 30. nóvember 1956 eignina Víðimel 31 sem fyrirframgreiðslu upp í arf. Verður af gögnum málsins eigi séð, að sú ráðstöfun hafi verið neinum skilmálum bundin af hálfu arfsalans, Guðmundar, og varð nefnd eign þannig samkvæmt þágildandi lögum kvaðalaus eign arftakans, Ólafs Guðmundssonar. Samkvæmt framtalsskýrslum hefur eign þessi síðan verið talin fram sem eign Ólafs. Afhending þessi fór fram hálfu ári áður en lög nr. 44/1957 tóku gildi og fullum fjórum mánuðum áður en frumvarp til nefndra laga var lagt fram á Alþingi. Eigi er sannað gegn mótmælum stefnanda, að hann hafi, er afsalið fór fram, hlotið að sjá fram á, að stóreignaskattur yrði á hann lagður, eða að ótti við slíkar ráðstafanir af hálfu hins opinbera hafi ráðið gerðum hans að þessu leyti, og kemur það atriði því eigi til álita.

Eins og fyrirframgreiðslunni á arfinum var háttað, verður eigi annað séð en hún hafi að þágildandi lögum verið fullkomlega lögmæt ráðstöfun með þeim lögfylgjum, að stefnandi Guðmundur þurfti ekki að svara til gjalda af umræddri fasteign eða greiða af henni skatta og skyldur. Er þá til álita, hvort löggjafanum hafi verið heimilt að ónýta með þeim hætti, sem ákvæði síðustu málsgr. 2. gr. laganna nr. 44/1957 mæla fyrir um, þær lögfylgjur arfgreiðslunnar.

Í stjórnarskránni, nr. 33/1944, eru eigi nein fyrirmæli, sem banni það beinlínis, að lög séu látin gilda aftur fyrir sig, en auðsætt er, að nýmæli í lögum hljóta oft, í meira eða minna mæli, að hafa áhrif á ráðstafanir og samninga, sem gerðir höfðu verið, áður en

lagafyrirmælið var sett, og á þetta einkum við um samninga, sem gilda um langt skeið og þar sem efndir fara fram í áföngum.

Í því tilviki, er um ræðir í þessu máli, er atvikum hins vegar svo háttað, að fasteign, sem var orðin lögmæt eign Ólafs Guðmundssonar, er síðar gerð að skattandlagi við ákvörðun skatts annars aðilja, stefnanda Guðmundar, svo sem væri hún eign hans. Telja verður, að draga megi þá ályktun af grundvallarreglu 67. gr. stjórnarskrárinnar, að þessi tilfærsla á eignum þeirra feðga hafi eigi verið heimil, enda hefur eigi verið sýnt fram á það, að stefnandi Guðmundur hafi með nefndri arfgreiðslu verið að skjóta undan skatti eignum, sem eigi höfðu áður komið fram á framtölum hans til skatts. Ber því með vísun til þess, sem áður er sagt um lögmæti fyrirframgreiðslu stefnanda Guðmundar á arfinum til Ólafs, sonar síns, hinn 30. nóvember 1956, að taka til greina þá kröfu hans, að felld verði úr gildi ákvörðun skattyfirvalda að telja honum húseignina Víðimel 31 til eignar hinn 31. desember 1956. Á verðmæti hennar, eins og hún er metin honum til skatts, samkvæmt því að dragast frá verðmæti eigna hans 31. desember 1956 og skattur stefnenda samkvæmt lögum nr. 44/1957 að lækka í samræmi við það.

Samkvæmt þessari niðurstöðu verður skuldlaus eign stefnanda Guðmundar 31. desember 1956 til skatts á stóreignir þessi:

Grunnskattseign samkvæmt ákvörðun skattstjóra önnur en eign í félögum	kr.	3.757.795,00
Þar frá ber að draga skattmatsverð Víðimels 31, fyrirframgreiddur arfur	—	940.111,00
	Kr.	2.817.684,00
Við bætist matsverð hlutabréfa í Trésmiðjunni Víði h/f samkvæmt mati ríkisskattanefndar	kr.	392.600,00
og verður heildareignin þá	kr.	3.210.284,00

Samkvæmt því verður skattur stefnenda samtals kr. 427.571,00. Af þeirri skattfjárhæð ber Trésmiðjunni Víði h/f að greiða kr. 89.035,00, en skatthluti Iðnaðarbankans h/f af þeirri fjárhæð verður kr. 3.860,00.

Eftir atvikum þykir rétt, að málskostnaður falli niður.

Hákon Guðmundsson kvað upp dóm þenna sem setu-borgardómari.

Dómsorð:

Stefnda, fjármálaráðherra f. h. ríkissjóðs, er rétt að sækja stefnendur, Guðmund Guðmundsson og Trésmiðjuna Víði h/f, til greiðslu skatts á stóreignir, að fjárhæð samtals kr. 427.571,00. Af þeirri fjárhæð greiði Trésmiðjan Víðir h/f kr. 89.035,00.

Málskostnaður fellur niður.

Miðvikudaginn 9. desember 1959.

Nr. 49/1958. **Þorsteinn Sæmundsson**
(Sveinbjörn Jónsson hrl.)
gegn
dánarbúi Jóns Brandssonar
(Áki Jakobsson hrl.).

Dómendur:
hæstaréttardómararnir Þórður Eyjólfsson, Gizur Bergsteinsson, Jón Ásbjörnsson og Jónatan Hallvarðsson og prófessor Magnús Þ. Torfason.

Skuldamál.

Dómur Hæstaréttar.

Áfrýjandi hefur skotið máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 10. apríl 1958 að fengnu áfrýjunarleyfi 28. marz s. á. og krafizt þess *aðallega*, að honum verði einungis dæmt að greiða stefnda kr. 150,00, en *til vara*, að úrslit málsins verði látin velta á sönnunareiði sínum. Áfrýjandi krefst málskostnaðar úr hendi stefnda bæði í héraði og fyrir Hæstarétti eftir mati dómsins.

Stefndi krefst þess, að héraðsdómurinn verði staðfestur og áfrýjanda dæmt að greiða málskostnað fyrir Hæstarétti eftir mati dómsins.

Í Hæstarétti hafa verið lögð fram ný gögn.

Með skírskotun til forsendna hins áfrýjaða dóms ber að staðfesta hann.

Eftir þessum úrslitum verður að dæma áfrýjanda til að

greiða stefnda málskostnað fyrir Hæstarétti, sem ákveðst kr. 1.500,00.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður.

Áfrýjandi, Þorsteinn Sæmundsson, greiði stefnda, dánarbúi Jóns Brandssonar, málskostnað fyrir Hæstarétti, kr. 1.500,00, að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur bæjarþings Reykjavíkur 8. október 1956.

Mál þetta, sem var dómtekið 3. þ. m., hefur Áki lögfr. Jakobsson, Laugavegi 27 hér í bæ, f. h. dánarbús Jóns Brandssonar, Borgarfjarðarsýslu, höfðað á bæjarþinginu með stefnu, út gefinni 23. sept. 1955, gegn Þorsteini Sæmundssyni, Garðavegi 9 A í Hafnarfirði, til greiðslu á skuld, að fjárhæð kr. 15.000,00, með 6% ársvöxtum frá 12. apríl 1949 til greiðsludags, 1% dráttarvöxtum p. a. frá 1. sept. 1949 til greiðsludags og málskostnaði að mati dómara. Enn fremur krefst hann viðurkenningar á 1. veðrétti í húseigninni nr. 9 A við Garðaveg í Hafnarfirði til tryggingar kröfunum. Stefndi hefur *aðallega* krafizt sýknu og málskostnaðar gegn greiðslu á kr. 500,00, þó að frádregnum kr. 350,00. *Til vara* krefst stefndi þess, að úrslit málsins verði látin velta á eiði hans.

Málavextir eru þeir, að Jón heitinn Brandsson seldi stefnda húseignina nr. 9 A við Garðaveg í Hafnarfirði með afsali, dagsettu 13. apríl 1949, fyrir kr. 45.000,00. Greiddi stefndi þegar kr. 30.000,00, en gaf út skuldabréf fyrir eftirstöðvunum, kr. 15.000,00, tryggt með 1. veðrétti í húseigninni. Gjalddagi bréfsins var 1. september 1949, og skyldi þá og greiða 6% vexti. Jón Brandsson andaðist 2. október 1950, og á skiptafundi í búi hans, er haldinn var 18. okt. 1952, var þess getið, að stefndi teldi sig hafa greitt skuld þessa, en hefði eigi kvittun fyrir. Á fundi þessum var Áka Jakobssyni falið að innheimta skuldina. Hafði hann þegar höfðað mál í því skyni með stefnu, út gefinni 22. sept. 1952, en málið var hafið með dómi bæjarþingsins 14. des. 1954 vegna útivistar sækjanda og stefnanda dæmt að greiða kr. 350,00 í málskostnað. Síðan var þetta mál höfðað, eins og fyrr var sagt. Síðastgreint málskostnaðarákvæði í útivistardóminum er grundvöllur undir kröfu stefnda um frádrátt á kr. 350,00, sem fyrr var lýst.

Stefndi skýrir svo frá, að nokkru áður en skuldabréfið féll í

gjalddaga, hafi Jón heitinn komið og óskað þess, að stefndi greiddi skuldina, þótt gjalddagi væri ekki kominn. Kveðst stefndi hafa greitt Jóni kr. 14.000,00 þá og kr. 500,00 nokkru síðar. Greiðslur þessar voru ekki færðar inn á bréfið, og stefndi fékk engar kvittanir, en peninga til að inna greiðslur þessar af hendi kveðst stefndi hafa fengið hjá þrem mönnum, og hafa þeir komið fyrir dóm og staðfest það. Kona stefnda hefur einnig komið fyrir dóm og skýrt frá, að stefndi hafi greitt Jóni heitnum kr. 14.000,00, og hafi hún verið viðstödd. Loks skýrir kona stefnda frá því, að ráðskona Jóns heitins hafi síðar komið og viljað fá kr. 500,00, og skildi kona stefnda það svo, að átt væri við eftirstöðvar þær af skuldinni, sem stefndi kannast við að skulda.

Ráðskona Jóns heitins hefur komið fyrir dóm og kveðið það rétt, að Jón heitinn hafi vísað henni á að taka hjá stefnda kr. 500,00, er stefndi skuldaði, en hún kveður sér með öllu ókunnugt, hvort stefndi hafi nokkuð greitt af skuldabréfinu, og hún tók ekki við neinu fé af stefnda. Samkvæmt vottorðum manna þeirra, er fyrr var sagt frá, fékk stefndi hjá tveim þeirra samtals kr. 5.000,00 hinn 3. september 1949, en kr. 9.500 hjá hinum þriðja hinn 1. nóv. 1949, en hinn síðastnefndi taldi sig þó, er hann kom fyrir dóm, hafa afhent stefnda kr. 7.000,00 fyrir ágústlok 1949, en gjalddagi skuldarinnar við Jón Brandsson var 1. sept. 1949.

Þegar virt eru þessi gögn málsins, verður ekki talið, að stefnda hafi tekizt að sanna þær staðhæfingar, sem hann byggir sýknukröfu sína á. Ber því að dæma stefnda til að greiða stefnanda skuldina samkvæmt skuldabréfinu, kr. 15.000,00. Þá ber og að taka til greina kröfu stefnanda um viðurkenningu á veðrétti hans svo og kröfu hans um vexti og dráttarvexti, en vegna fyrningar á hluta þeirra teljast þeir frá 23. september 1951. Eftir þessum úrslitum ber að dæma stefnda til að greiða málskostnað, sem ákveðst kr. 1.600,00. Hins vegar þykir stefndi eiga rétt á að skuldajafna kröfu sinni um málskostnað, kr. 350,00, er fyrr var greint frá, við kröfur stefnanda.

Bjarni Bjarnason, fulltrúi borgardómara, kvað upp dóminn.

Dómsorð:

Framangreindur veðréttur er viðurkenndur.

Stefndi, Þorsteinn Sæmundsson, greiði stefnanda, dánarbúi Jóns Brandssonar, kr. 15.000,00 með 7% ársvöxtum frá 23. sept. 1951 til greiðsludags og kr. 1.600,00 í málskostnað, allt að frádregnum kr. 350,00.

Dóminum ber að fullnægja innan 15 daga frá lögbirtingu hans að viðlagðri aðför að lögum.

Mánudaginn 14. desember 1959.

Nr. 114/1959. **Sigurbjörg Sigurðardóttir**
(Ragnar Ólafsson hrl.)
gegn
Elli- og hjúkrunarheimilinu Grund
(Magnús Thorlacius hrl.)
og gagnsök
og
Elli- og hjúkrunarheimilið Grund
gegn
Guðmundi Böðvarssyni
(Ragnar Ólafsson hrl.).

Dómendur:
hæstaréttardómararnir Þórður Eyjólfsson, Gizur Bergsteinsson, Jón Ásbjörnsson og Jónatan Hallvarðsson og prófessor Magnús Þ. Torfason.

Vísan máls frá héraðsdómi.

Dómur Hæstaréttar.

Aðaláfrýjandi hefur skotið máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 22. júní 1959 og krefst þess, að henni verði dæmd sýkna og gagnáfrýjanda verði dæmt að greiða henni málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti eftir mati dómsins.

Gagnáfrýjandi hefur fengið áfrýjunarleyfi og svo gjafvarnar- og gjafsóknarleyfi 25. september 1959 og áfrýjað málinu með stefnu 30. s. m. Krefst hann þess, að aðaláfrýjanda og stefnda verði in solidum dæmt að greiða sér kr. 4.036,41 ásamt 6% ársvöxtum frá 30. september 1956 til greiðsludags og málskostnað í héraði og svo, að þeim verði dæmt að greiða málskostnað fyrir Hæstarétti, eins og málið væri eigi gjafvarnar- og gjafsóknarmál.

Stefndi krefst þess, að héraðsdómurinn verði staðfestur,

að því er til hans tekur, og að gagnáfrýjanda verði dæmt að greiða honum málskostnað fyrir Hæstarétti eftir mati dómsins.

Samkvæmt 9. gr. framfærslulaga, nr. 80/1947, ber það undir yfirvald að ákveða meðlag barna með foreldrum. Þar sem úrskurður yfirvalds um meðlag aðaláfrýjanda, Sigurbjargar Sigurðardóttur, með móður sinni, Sólveigu Helgadóttur, er eigi fyrir hendi, ber að ómerkja af þeim sökum dóminn á hendur aðaláfrýjanda, Sigurbjörgu, og vísa máli hennar frá héraðsdómi.

Málatilbúnaður gagnáfrýjanda á hendur stefnda, Guðmundi Böðvarssyni, var eigi viðhlítandi. Málavöxtum voru hvorki gerð skil í stefnu né greinargerð í héraði. Skilmerkilegur reikningur á hendur stefnda var eigi fram lagður. Eigi voru teknar aðiljaskýrslur af aðiljum. Valdimar Sigurðsson, sonur Sólveigar Helgadóttur, sem greitt hefur að nokkru vistgjald hennar, var eigi kvaddur vættis.

Brast því á gögn um, hver eða hverjir sömdu um vist Sólveigar á hæli gagnáfrýjanda og hvort stefndi hefur í því sambandi játazt skyldum í orði eða verki. Samkvæmt þessu hefur eigi verið hlítt ákvæðum laga nr. 85/1936 um skýran málatilbúnað, rækilega gagnasöfnun og fullnægjandi reifan máls. Verður því að ómerkja dóminn, að því er til stefnda, Guðmundar, tekur, og vísa málinu frá héraðsdómi.

Eftir þessari niðurstöðu ber að dæma gagnáfrýjanda til að greiða aðaláfrýjanda málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti og stefnda málskostnað í Hæstarétti, samtals kr. 3.500,00. Ríkissjóður greiði málflutningslaun fyrirsvarsmanns gagnáfrýjanda fyrir Hæstarétti, kr. 1.000,00.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera ómerkur, og vísast málinu frá héraðsdómi.

Gagnáfrýjandi, Elli- og hjúkrunarheimilið Grund, greiði aðaláfrýjanda, Sigurbjörgu Sigurðardóttur, málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti og stefnda, Guð-

mundi Böðvarssyni, málskostnað fyrir Hæstarétti, samtals kr. 3.500,00.

Málflutningsþóknun fyrirsvarsmanns gagnáfrýjanda fyrir Hæstarétti, Magnúsar Thorlacius hæstaréttarlögmanns, kr. 1.000,00, greiðist úr ríkissjóði.

Dóminum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur bæjarþings Reykjavíkur 11. apríl 1959.

Mál þetta, sem dómtekið var 3. þ. m., höfðaði Elli- og hjúkrunarheimilið Grund í Reykjavík fyrir bæjarþinginu með utanréttarstefnu, birtri 29. október 1957, gegn Guðmundi Böðvarssyni, Hásteinsvegi 8 í Vestmannaeyjum, til greiðslu skuldar, að fjárhæð kr. 9.036,41, ásamt 6% ársvöxtum frá 30. september 1956 til greiðsludags og málskostnaðar að skaðlausu.

Með sakaukastefnu, þingfestri 19. desember 1957, höfðaði stefnandi mál á hendur Sigurbjörgu Sigurðardóttur, Hásteinsvegi 8, Vestmannaeyjum, til greiðslu framangreindra krafna in solidum með stefnda Guðmundi Böðvarssyni.

Stefndu hafa krafizt sýknu af dómkröfum stefnanda og málskostnaðar úr hans hendi að mati dómarans.

Stefnandi kveður hina umstefndu skuld vera helming dvalarkostnaðar fyrir Sólveigu Helgadóttur á heimili hans hér í Reykjavík frá desember 1953 til 30. september 1956. Sólveig þessi, sem er móðir stefndu, Sigurbjargar, og tengdamóðir stefnda, Guðmundar, hafi dvalið á heimilinu um allnokkur ár. Hafi dvalarkostnaður hennar verið greiddur að jöfnu af syni hennar og stefnda, Guðmundi. Hafi sonur hennar þegar greitt helming dvalarkostnaðarins fyrir umrætt tímabil, og er krafan í máli þessu því fyrir þann helming kostnaðarins, sem ógreiddur er.

Stefnandi byggir kröfu sína á hendur stefnda, Guðmundi, á því, að hann hafi greitt dvalarkostnaðinn árum saman í eigin nafni og án nokkurs fyrirvara, og hafi hann með því tekið á sig ábyrgð á áframhaldandi greiðslu gagnvart stefnanda.

Krafa stefnanda á hendur stefndu, Sigurbjörgu, er á því byggð, að henni beri skylda til að greiða framfærslu móður sinnar samkvæmt ákvæðum 6. gr. framfærslulaga, nr. 80/1947, enda sé hún til þess fær, svo og eiginmaður hennar, stefndi, Guðmundur.

Stefndi, Guðmundur, styður sýknukröfu sína þeim rökum, að honum beri ekki skylda til að framfæra tengdamóður sína. Hann hafi greitt hluta af dvalarkostnaði hennar nokkur undanfarandi ár án nokkurrar skyldu. Nú sé hins vegar svo komið högum hans fjárhagslega, að hann geti ekki greitt þann kostnað lengur. Telur hann engan samning hafa komizt á um greiðslu vistgjaldsins við stefnanda, og jafnvel þótt svo yrði litið á, telur hann þá skyldu sína um greiðslu framfærslunnar aldrei geta orðið meiri en hins lögskylda framfæranda, þannig að sá samningur geti aldrei gilt lengur en hann sé til þess fær að sjá um framfærsluna.

Stefnda, Sigurbjörg, styður sýknukröfu sína þeim rökum, að hún sé ekki fær um að annast um framfærslu móður sinnar. Hún hafi verið sjúklingur að meira og minna leyti síðastliðin 13 ár og ekkert getað unnið.

Stefndi, Guðmundur, er ekki lögskyldur framfærandi Sólveigar Helgadóttur. Verður að telja, að hann hafi með greiðslum sínum til stefnanda að því leyti verið að inna af hendi skyldu eiginkonu sinnar, stefndu, Sigurbjargar. Verður ekki fallizt á það með stefnanda, að stefndi, Guðmundur, hafi með því persónulega tekið á sig skyldu til að greiða dvalarkostnað Sólveigar. Ber því að sýkna hann af kröfu stefnanda í málinu. Eftir atvikum þykir rétt, að málskostnaður falli niður, að því er hann varðar.

Stefnda, Sigurbjörg, er skyldueframfærandi móður sinnar, sbr. 6. gr. laga nr. 80/1947, að svo miklu leyti sem hún er til þess fær. Við mat á framfærslugetu hennar þykir bera að fara eftir fjárhag félagsbús hennar og eiginmanns hennar, stefnda, Guðmundar, enda hefur því ekki verið hreyft, að þau hafi á nokkurn hátt aðskilinn fjárhag.

Í málinu liggur fyrir vottorð Einars Guttormssonar læknis um heilsufar hinna stefndu hjóna. Um stefnda, Guðmund, segir, að hann hafi verið hraustur framan af ævinni, en á árinu 1956 hafi hann farið að fá einkenni frá maga, og hafi verið gerð á honum aðgerð (resectio ventriculi Billroth I vegna carcinoma ventriculi) í Landspítalanum á tímabilinu september til október 1956. Síðan hafi hann ekki verið vinnufær sem nokkru verulegu nemur.

Einnig liggja fyrir skattframtöl Guðmundar fyrir árin 1956 til 1959. Af þeim kemur fram, að tekjur hans fyrir árið 1955 hafa numið kr. 65.392,51 og nettóeign kr. 62.553,73. Eftir það lækka

tekjur hans nokkuð, en eignarýrnun er engin. Á framtölunum 1956 til 1958 telur Guðmundur skuld til stefnanda kr. 5.000,00. Sú skuld er ekki á framtalinu 1959, en greiðsla til stefnanda mun þó ekki hafa verið innt af hendi á tímabili þessu.

Þegar framantalið er virt, þá þykir verða að telja, að stefnda, Sigurbjörg, hafi verið fær um að framfæra móður sína á tímabili því, sem greiðslu er krafizt fyrir, og ber því að taka kröfur stefnanda til greina að öllu leyti, að því er hana varðar.

Eftir þessari niðurstöðu þykir bera að dæma stefndu, Sigurbjörgu, til greiðslu málskostnaðar, og þykir hann hæfilega ákveðinn kr. 1.500,00.

Emil Ágústsson, fulltrúi borgardómara, kvað upp dóm þennan.

Dómsorð:

Stefndi, Guðmundur Böðvarsson, á að vera sýkn af kröfum stefnanda, Elli- og hjúkrunarheimilisins Grundar, í máli þessu, en málskostnaður falli niður, að því er hann varðar.

Stefnda, Sigurbjörg Sigurðardóttir, greiði stefnanda kr. 9.036,41 með 6% ársvöxtum frá 30. september 1956 til greiðsludags og kr. 1.500,00 í málskostnað.

Dómi þessum ber að fullnægja innan 15 daga frá lögbirtingu hans að viðlagðri aðför að lögum.

Þriðjudaginn 15. desember 1959.

Nr. 80/1957. **Sverrir Jónsson** (Sveinbjörn Dagfinnsson hdl.)
gegn
Baldvin Jónssyni,
Birni Br. Björnssyni,
Lárusi Óskarssyni og
Úlfari Þórðarsyni (Jón Magnússon hdl.)
og gagnsök.

Dómendur:
hæstaréttardómararnir Þórður Eyjólfsson, Gizur Bergsteinsson, Jón Ásbjörnsson og Jónatan Hallvarðsson og prófessor Magnús Þ. Torfason.

Skaðabótamál út af flugslysi.

Dómur Hæstaréttar.

Aðaláfrýjandi hefur skotið máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 3. maí 1957 að fengnu áfrýjunarleyfi 10. apríl s. á. Krefst hann *aðallega* sýknu, en *til vara*, að dæmd fjárhæð verði lækkuð að mati Hæstaréttar. Hann krefst þess og, að gagnáfrýjendum verði dæmt in solidum að greiða honum málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti eftir mati dómsins.

Gagnáfrýjendur hafa áfrýjað málinu með stefnu 16. júlí 1957 að fengnu áfrýjunarleyfi 19. júní s. á. Krefjast þeir þess, að aðaláfrýjanda verði dæmt að greiða þeim *aðallega* kr. 55.194,82, *til vara* kr. 30.000,00 og *til þrautavara* kr. 15.000,00 ásamt 6% ársvöxtum af dæmdri fjárhæð frá 2. ágúst 1949 til greiðsludags. Svo krefjast þeir og málskostnaðar úr hendi aðaláfrýjanda í héraði og hér fyrir dómi eftir mati Hæstaréttar.

I.

Eftir að héraðsdómur var upp kveðinn, hafa aðiljar aflað nokkurra nýrra gagna og lagt þau fram í Hæstarétti.

Í bréfi til borgardómara, dags. 4. nóvember 1958, æskti málflutningsmaður aðaláfrýjanda þess, að dómkvaddir yrðu

tveir sérfróðir menn um flug til að láta uppi álit um eftirfarandi atriði:

„Flugvél af gerðinni Auster III var í 2500—3000 feta hæð yfir Álftanesi í hægri beygju með nef vísandi niður, þegar jafnvægisstýri hennar biluðu.

Er hægt að ætlast til þess af stjórnanda vélarinnar, að hann dragi úr snúningi hennar, haldi flughæð og fljúgi vélinni til lendingar með hliðar- og hæðarstýrum við nefndar aðstæður?

Verða stjórnfletir vélarinnar seinvirkari við aukinn flughraða eða öfugt?“

Borgardómari dómkvaddi þá Karl Eiríksson, flugmann hjá Flugskólanum Þyt, og Guðjón Jónsson, flugstjóra hjá Landhelgisgæzlu Íslands, til að framkvæma það, sem um var beðið. Er álitsgerð þeirra svohljóðandi:

„Samkvæmt beiðni yðar, dags. 18. nóv. 1958, viljum við hér með leitast við að gefa svör við spurningum yðar. Við töldum eðlilegast varðandi spurningu 1 að fara í reynsluflug á flugvél af sem líkastri gerð og þeirri, sem um getur í bréfi yðar. Við völdum flugvél af gerðinni Piper Cup J-3. Er það byrjanda-kennsluvél, nokkru léttari en Auster og auðveld í meðförum.

Við höfum flug frá Reykjavíkurflugvelli 12/12 1958 í kyrru veðri og klifruðum upp í 3000 feta hæð yfir Álftanesi. Við settum nú vélina í „unusual position“. Var vélin þá í hægri, hallandi beygju, vængbörð (ailrones) fullt til hægri.

Með því að nota fótastýri, „rudder“, og hæðarstýri, „elevators“, eingöngu var okkur ómögulegt að rétta vélina af eða ná henni undir stjórn; notkun hæðarstýris, „elevators“, hafði einungis þau áhrif, að beygjan, „spírallinn“, varð krappari, og náðist vélin ekki undir stjórn aftur, fyrr en með samstilltri (co-ordinated) notkun allra stýra. Við vorum í um 1200 feta hæð, er við náðum vélinni undir stjórn, og höfðum því tapað um 1800 fetum í tilraun þessari. Tilraunina framkvæmdum við fjórum sinnum með sama árangri. Hraði vélarinnar, „air speed“, var um 60 mílur

miðað við klukkustund, er við hófum æfingarnar, en jókst ört og var um eða yfir 120 mílur í lokin. Þá gerðum við sams konar tilraun, þar sem „ailrone“ var sleppt. Í hægri stöðu réttist „ailrone“ nokkuð af loftstraum, en þó ekki nægjanlega, til að vélin léti að stjórn með notkun fótastýris eingöngu. Ef vélin lá rétt í loftinu með stjórntæki miðstillt, virtist hægt að halda vélinni undir stjórn með fótastýrum einum. Viljum við þó ekki fullyrða, að hægt væri að lenda vélinni með hallastýri, „ailrone“, óvirkt, þrátt fyrir það að vélin væri í láréttri stöðu, er sú æfing hæfist. En eins og að framan getur, teljum við óhugsandi að framkvæma lendingu, ef vélin er í hallandi stöðu, er „ailrones“ verða óvirkir.

Varðandi spurningu nr. 2, þá er henni auðsvarað. Hæfni stýrisflata (sensitivity) allra venjulegra flugvéla eykst með auknum hraða. Þetta er algild regla um flugvélar, þar til þær fara að nálgast hljóðhraðann, en þá koma fram ýmsar aðrar verkanir, sem við hirðum ekki að ræða hér, enda varla nógu kunnugir þeim málum.“

Matsmennirnir hafa komið fyrir dóm og staðfest álitsgerð sína. Kom þá fram, að orðin vængbörð, jafnvægisstýri og hallastýri eru notuð jöfnum höndum og merkja öll hið sama og enska orðið „ailrones“.

II.

Áður en slys það varð, sem um ræðir í málinu, höfðu þeir aðaláfrýjandi, Sverrir Jónsson, og gagnáfrýjandi Lárus Óskarsson rætzt við um leigu á flugvél gagnáfrýjenda til blindflugskennslu. Kveður Lárus flugvélina hafa verið tilbúna til leigu að öðru leyti en því, að skriflegur samningur hafi enn ekki verið gerður og ekki búið að ganga frá tryggingu nemanda. Samkvæmt gögnum málsins hafði Sverri þó þegar verið veittur aðgangur að flugvélinni og reynsluflug hafizt af hans hendi. Aðilja greinir á um, hvort leigutaki hafi verið Flugskólinn Pegasus, sem aðaláfrýjandi rak ásamt öðrum manni, eða nemandinn, Kristján Gunnlaugsson. En hvort heldur hefur verið, þá verður ekki talið samkvæmt því, sem þeim Sverri og Lárusi hafði á

milli farið, að flugvélin hafi verið tekin í heimildarleysi hinn 2. ágúst 1949, er slysið varð.

Fallast má á það með héraðsdómi, að þær líkur séu fyrir hendi um bilun á jafnvægisstjórntækjum flugvélarinnar, að leggja verði það til grundvallar í málinu um orsakir slyssins. Samkvæmt niðurstöðu hinna dómkvöddu manna, sem greinir í I hér að framan, verður ekki við það miðað, að aðaláfrýjandi hefði átt þess kost að bjarga flugvélinni með nauðlendingu eða á annan hátt, eins og komið var. Þykir því verða að sýkna hann af kröfum gagnáfrýjenda í málinu, en eftir atvikum telst rétt, að málskostnaður í héraði og fyrir Hæstarétti falli niður.

Dómsorð:

Aðaláfrýjandi, Sverrir Jónsson, á að vera sýkn af kröfum gagnáfrýjenda, Baldvins Jónssonar, Björns Br. Björnssonar, Lárusar Óskarssonar og Úlfars Þórðarsonar, í máli þessu.

Málskostnaður í héraði og fyrir Hæstarétti fellur niður.

Dómur bæjarþings Reykjavíkur 16. maí 1956.

Mál þetta, sem dómtekið var 28. f. m., hafa eigendur flugvélarinnar T.F.-FOX, þeir Baldvin Jónsson hrl., Björn Br. Björnsson tannlæknir, Lárus Óskarsson stórkaupmaður og Úlfar Þórðarson læknir, allir hér í bænum, höfðað fyrir bæjarþinginu með stefnu, út gefinni 30. maí 1952, gegn Sverri Jónssyni flugmanni, Lokastíg 28 hér í bæ, til greiðslu skaðabóta, að fjárhæð kr. 65.000,00, auk 6% ársvaxta frá 2. ágúst 1949 til greiðsludags og málskostnaðar að skaðlausu.

Við munnlegan flutning málsins lækkuðu stefnendur kröfu sína og kröfðust þess *aðallega*, að stefndi yrði dæmdur til að greiða þeim kr. 61.209,51, en *til vara* kr. 30.000,00 auk vaxta og málskostnaðar svo sem í stefnu greinir, af hvorri fjárhæðinni sem tekin yrði til greina.

Stefndi hefur *aðallega* krafizt sýknu af kröfum stefnenda og málskostnaðar úr hendi þeirra eftir mati dómenda. *Til vara* krefst

stefndi þess, að hann verði aðeins dæmdur til að greiða kr. 25.879,00, en *til þrautavara* kr. 30.000,00 með vöxtum frá stefnudegi, og verði þá málskostnaður látinn falla niður.

Tildrög málsins eru þau, að hinn 2. ágúst 1949 var stefndi að kenna flugnema, Kristjáni Gunnlaugssyni, blindflug á flugvélinni T.F.- FOX hér frá Reykjavíkurflugvelli. Meðan á kennslunni stóð, missti stefndi stjórn á flugvélinni með þeim afleiðingum, að hún hrapaði í sjó niður og gereyðilagðist. Stefnda og flugnemanum tókst að komast úr flakinu, og var þeim síðan bjargað af sundi ómeiddum. Verða nánari atvik að slysinu rakin síðar.

Stefnendur reisa í fyrsta lagi bótakröfu sína á því, að stefndi hafi sem annar eigenda og framkvæmdastjóri Flugskólans Pegasusar haft nefnda flugvél á leigu til kennsluflugs í umrætt skipti, en flugskólann hafi eigendurnir rekið sem fullábyrgir félagar, sbr. firmatilkynningu í Lögbirtingablaðinu frá 25. febrúar 1950. Hafi flugvélin því verið í ábyrgð flugskólans sem leigutaka, meðan á kennslufluginu stóð, og þar sem hún hafi eyðilagzt í fluginu, beri flugskólanum að greiða andvirði hennar.

Í öðru lagi er bótakrafa stefnenda á því reist, að stefnda hafi orðið mistök á við stjórn flugvélarinnar í kennslufluginu, og megi rekja afdrif flugvélarinnar til þeirra mistaka. Sé stefndi því bótaskyldur á þessum grundvelli.

Stefndi hefur fyrst og fremst reist sýknukröfuna á því, að hvorki hann né Flugskólinn Pegasus hafi haft flugvélina á leigu til umræddrs kennsluflugs, heldur hafi hún verið í leigu flugnemans, er hann var að kenna. Hafi því fyrri málsástæða stefnenda ekki við rök að styðjast.

Þá hefur stefndi mótmælt því, að honum hafi orðið nokkur mistök á í kennslufluginu. Telur hann, að meðan á því stóð, hafi orðið bilanir á stjórntækjum flugvélarinnar, er hafi valdið því, að hún lét ekki að stjórn, en á þessu geti hann ekki borið ábyrgð.

Í málinu kemur fram, að viðræður hafa átt sér stað milli stefnda og Lárusar Óskarssonar af hálfu stefnenda um möguleika á því, að Flugskólinn Pegasus tæki flugvélina á leigu til kennsluflugs, en það er allsendis ósannað, að samningar hafi komizt á milli Lárusar og stefnda vegna flugskólans eða persónulega um leigu á flugvélinni til slíks flugs eða annarra nota. Í þessu sambandi athugast, að í félagssamningi stefnda og meðeiganda hans að flugskólanum svo og í fyrrgreindri firmatilkynningu kemur fram, að samþykki beggja eigendanna þurfti til að skuldbinda félagsskapinn, en meðeigandi stefnda hefur lýst yfir því fyrir dómi, að hann

hafi ekki gert neina samninga vegna flugskólans við nefndan Lárus og tekið fram við hann, að til samninga gæti ekki komið. Hefur því krafa stefnenda á hendur flugskólanum ekki við rök að styðjast.

Þá hafa stefnendur hreyft því, að stefndi hafi tekið flugvélina í notkun í heimildarleysi í umrætt skipti.

Flugneminn, Kristján, hefur borið það sem vitni, að hann hafi litið svo á, að hann hefði sjálfur flugvélina á leigu við nám sitt á henni. Kveður hann áðurnefndan Lárus hafa í eitt skipti fyrir öll leyft það, að flugnemar tækju flugvélina til að læra á henni, ef kennarar flugskólans, stefndi og Ásgeir Pétursson, önnuðust kennsluna. Leigu fyrir flugvélina, er færi eftir flugtímum, skyldu þeir nemarnir greiða beint til Lárusar. Þá hafi þeir sjálfir átt að greiða kennurum sínum kaup, ef um kaupgreiðslu til þeirra væri að ræða.

Samkvæmt endurriti úr loftferðabók T.F.-FOX kenndi stefndi nefndum Kristjáni blindflugsæfingar á flugvélina hinn 31. júlí 1949 í 50 mínútur, og hinn 1. ágúst s. á. kenndi Ásgeir honum sams konar æfingar tvisvar, annað skiptið í 50 mínútur og hitt í 17 mínútur. Fóru flugæfingar þessar fram með vitund oftnefnds Lárusar og án athugasemda af hans hálfu. Þá hefur Ásgeir Pétursson borið það sem vitni, að Lárus hafi sagt honum, að hann minnir, daginn áður en kennsla Kristjáns hófst, að Kristján hefði flugvélina á leigu, en því hefur Lárus neitað. Loks hefur stefndi skýrt svo frá, að Lárus hafi sagt honum, áður en flugtímarnir hófust, að Kristján hefði flugvélina á leigu, og hafi Kristján verið viðstaddur samtal þetta.

Þegar framangreind atriði eru virt, verður að telja, að stefndi hafi haft réttmæta ástæðu til að ætla, að flugneminn, Kristján, hafi haft heimild umboðsmanns eigenda til að nota flugvélina til flugnáms, og verður stefnda því ekki gefið að sök, þó að á þá heimild kunni að hafa skort.

Samkvæmt skýrslum stefnda og flugnemans, Kristjáns, sem báðir hafa komið fyrir dóm, eru atvik að umræddu slysi þessi:

Hinn 2. ágúst 1949 kl. 10.09 eða 10.10 hófu þeir flug á flugvélinni T.F.-FOX frá Reykjavíkurflugvelli, og var ætlunin að æfa blindflug, en stefndi hafði tekið að sér að kenna Kristjáni undir blindflugspróf. Stjórntæki voru í vélinni bæði vinstra og hægra megin, og sat Kristján við stjórntækin til vinstri. Til þess að hægt væri að kenna blindflug á flugvél þessa, hafði stefndi látið útbúa léreftsdúk, sem hægt var að krækja kringum vinstra flugmanns-

sætið á þrjá vegu í því skyni að byrgja útsýn, en vel sást úr sætinu á öll mælitækin. Frá hægra flugmannssæti var hins vegar ekki hægt að lesa á mælitækin nema með því að lyfta dúknum örlítið frá. Úr þessu sæti var góð útsýn til hægri og fram á við og nokkur útsýn til vinstri, og ef frekari útsýnar var þörf til þeirrar hliðar, þurfti ekki annað en lyfta dúknum upp. Segir stefndi, að venjulega hafi ekki til þess komið, að þessa þyrfti, þar sem ávallt hafi verið fengið sérstakt leyfi frá flugumferðarstjórninni til blindflugsæfinga, er bundið hafi verið við ákveðna flughæð og ákveðinn stað. Í þetta skipti var ákveðið, að æfingar skyldu fara fram vestan megin við flugvöllinn, en flughæð var ekki sérstaklega ákveðin. Telur stefndi, að þeir hafi haldið sig í um 3500 feta hæð, meðan á æfingum stóð.

Þegar flugið hófst, var flugneminn við stjórn og flugklefinn óhulinn, en er flugvélin var komin í ca. 500 feta hæð, kveðst hann hafa krækt dúknum kringum sæti sitt og flogið blint, þ. e. eftir mælitækjum. Þegar flugvélin var komin í venjulega flughæð, lét stefndi Kristján æfa krappar beygjur í allt að klukkustund og loks ofreisa (stalla) flugvélina. Eru þeir stefndi og Kristján sammála um, að þessar æfingar hafi allar tekizt vel, og kveðst stefndi aldrei, meðan á þeim stóð, hafa þurft að grípa inn í flugstjórn Kristjáns með stjórntækjunum sín megin.

Eftir að þessum æfingum lauk, kveðst stefndi hafa ákveðið að láta Kristján rétta flugvélina við úr svonefndri „unusual position" (óeðlilegri flugstellingu) og jafnframt hugsað sér að rugla hann örlítið áður, svo að hann yrði að treysta eingöngu á mælitækin. Í þessu skyni hafi hann beitt flugvélinni upp á við og síðan snöggt niður á við og jafnframt beygt til hægri. Síðan hafi hann sagt Kristjáni að rétta flugvélina við aftur og sleppt stjórntækjunum. Strax og hann hafi sagt Kristjáni þetta, hafi hann teygt höndina aftur fyrir sætið til að stilla senditæki, er þar var, á bylgjulengd flugturnsins í því skyni að ná sambandi þangað til þess að tilkynna, að þetta væri síðasta æfingin, og fá leyfi til að fara í umferðarhring. En það hafi engum togum skipt, að hann hafi fundið, að flugvélin rásaði óeðlilega sitt til hvorrar handar og snarsnerist til hægri, og fannst honum jafnframt, að hún væri komin í óeðlilega flugstöðu. Kveðst hann þá hafa gripið til stjórntækjanna og ætlað að hjálpa Kristjáni við að rétta flugvélina, en stýrin hafi ekki virzt verka, og flugvélin hafi haldið áfram að snúast. Hafi hann þá sagt Kristjáni að taka dúkinn niður og tekið sjálfur við stjórn.

Um þetta atriði skýrir Kristján svo frá, að andartaki eftir, að áðurgreindum æfingum lauk, hafi stefndi stungið höfðinu undir dúkinn og sagzt ætla að láta hann rétta flugvélina úr „unusual position". Stefndi hafi svo gert nokkrar beygjur á báða vegu, líklega til að rugla hann eitthvað. Síðan hafi hann fundið, að flugvélinni var beit upp á við, hún rétt við aftur, en svo fannst honum flugvélin missa hæð snögglega og stingast á nefið. Telur Kristján, að stefndi hafi gefið honum merki um að taka við stjórninni, þegar stefndi hafði sett flugvélina í „unusual position", og kveðst hann þá hafa sett stýrisstöngina til vinstri til þess að rétta hallann af vélinni, en það hafi ekki tekizt. Stefndi hafi þá allt í einu rifið niður dúkinn, sem aðskildi þá, en sjálfur kveðst hann hafa tekið dúkinn niður sín megin og þá hafa séð, að flugvélin hallaðist til hægri og snerist jafnframt til þeirrar hliðar. Taldi Kristján, að flugvélin væri þá í um það bil 2000 feta hæð, og stefndi segir hana hafa verið í 2000—2500 feta hæð, þegar Kristján tók við stjórn hennar.

Þegar dúkurinn hafði verið tekinn niður, hafði vélin snúizt um á að gizka 180—190° í snöggri beygju. Greip stefndi nú um benzíngjöfina og dró af hreyflinum, en setti jafnframt stýrisstöngina fram til að halda hraðanum, og jafnframt steig hann á vinstra fótstýri. Fannst honum þetta ekki hafa nein áhrif og jók því við hreyfilinn aftur til þess að reyna með því að stöðva snúning flugvélarinnar til hægri, og virtist stefnda beygjuhraðinn minnka við þessar aðgerðir, en ekki tókst honum að rétta flugvélina við, og sveif hún í löngum sveig niður á við að sjónum. Tók stefndi þá stýrisstöngina aftur á við og fannst þá sem snöggvast, að flugvélin yki beygjuhraðann, en Kristján telur, að stefnda hafi þá tekizt að rétta hana við andartak. Flugvélin hafði nú farið hér um bil heilhring í hægri beygju og var komin mjög nærri sjávarfletinum. Sá stefndi nú, hvað verða vildi, og varð ljóst, að hann hafði ekkert vald á flugvélinni. Lokaði hann þá fyrir benzíngjöfina á hreyflinum til öryggis, og í sama mund skall flugvélin í sjóinn í hægri beygju á ekki mjög miklum hraða, að því er stefnda virtist, og um leið brotnaði hægri hjólgrind og hægri vængur.

Stefndi og Kristján losuðu sig úr sætunum og skriðu út úr flugvélinni um vinstri dyr hennar, og var hún þá að fara í kaf upp undir vængi. Syntu þeir síðan í áttina til lands, og eftir á að gizka 15 mínútur var þeim bjargað upp í bát, er kom frá landi.

Stefndi og Kristján eru sammála um það, að stefndi hafi á leiðinni niður að sjónum haft orð á því, að eitthvað hlyti að

vera að, og stefndi segir, að jafnvægisstýrin hafi verið algerlega máttlaus, og er það stutt af framburði Kristjáns, sem segir, að honum hafi virzt þau óvirk. Þá eru þeir báðir á einu máli um, að ekkert hafi fundizt óeðlilegt við hreyfil flugvélarinnar, hana sjálfa eða stjórntæki hennar, fyrr en eftir að flugvélin hafði verið sett í óeðlilega flugstellingu. Framburðir þeirra eru og samhljóða um það, að flugvélin hafi ekki verið í „spinn" á leiðinni niður. Kristján telur öruggt, að þegar hann tók við stjórn flugvélarinnar, hafi hraði hennar ekki verið undir venjulegum flughraða, og stefndi kveðst viss um, að flugvélin hafi þá verið á meiri hraða en „ofrishraða" og ekki verið „ofrisin".

Í þinghaldi í málinu 4. nóv. 1954 kom fram það álit Kristjáns, að umrætt slys hefði orsakazt af því, að hallastýrin hefðu bilað, en á þessum tíma hafði hann fengið mikla reynslu sem flugmaður. Í þessu þinghaldi sagði Kristján, að stefndi hefði hreyft stjórntæki vélarinnar nokkuð hratt, en þó látið þau staðnæmast í hverri stöðu nægilega lengi til þess að verka, ef allt hefði verið í lagi.

Stefndi telur sig hafa þekkt vel flughæfni T.F.-FOX bæði af eigin reynslu og frásögnum Lárusar Óskarssonar um flugeiginleika hennar. Þó kveðst hann ekki hafa „spunnið" vélinni, og hefur hann því ekki þekkt til hlítar „spunaeiginleika" hennar.

Sjónarvottur að slysinu, sem var staddur ásamt tveim mönnum öðrum við flugskýli nr. 2 á Reykjavíkurflugvelli, skýrir svo frá, að honum hafi orðið litið í suðvestur yfir Álftanes, þar sem hann vissi af flugvélinni T.F.-FOX í æfingaflugi, og þá tekið eftir því, að hún hafi verið komin í óvenjulega bratt „dive" í ca. 2500—3000 feta hæð og farið í um það bil heilhring með nefið ca. 45° niður á við og horfið niður fyrir bakkann frá honum séð. Eftir það sýndist honum hún koma augnablik aftur upp fyrir bakkann og vera þá komin í lárétt flug, en hún hvarf strax aftur, og sá hann þá sjógusu koma upp fyrir bakkann. Kveðst hann strax og hann tók eftir því, að eitthvað óvenjulegt var á seyði, hafa reynt að benda þeim, sem hjá honum stóðu, á flugvélina og sagt þeim jafnóðum frá því, sem hann sá, en þeim hafi ekki tekizt að koma auga á hana.

Bóndinn á Hliðsnesi, sem sá til flugvélarinnar, skýrir svo frá, að það hafi vakið athygli hans, að hann hafi heyrt einhvern óvenjulegan hvin í flugvélinni, ólíkan þeim, sem hann hafði áður heyrt í flugvélum, en þær fljúgi oft yfir Hliðsnes, og sé að jafnaði ekki tekið sérstaklega eftir þeim. Tók hann eftir

því, að flugvélin stefndi hratt niður að sjónum á talsverðum hraða, en kveður hana hafa rétzt snöggvast við, áður en hún skall í sjóinn.

Frásögn sjónarvotts að slysinu frá bænum Grjóta er samhljóða þessari frásögn.

Hinn 5. ágúst 1949 fannst flugvélin í sjónum um 7 kílómetra norðvestur af Hafnarfirði. Virtist hún vera heilleg og liggja á réttum kili á 1 metra dýpi, þegar lágsjávað var. Hinn 8. s. m. tókst að ná flugvélinni upp, en við það urðu töluverðar skemmdir á henni. Hægri vængur hennar, sem í sjónum var fastur við skrokkinn, rifnaði frá, og stélið, sem var óskaddað, mölbrotnaði af völdum víra. Þegar flugvélinni hafði verið náð upp, var hún flutt á flugvöllinn í Reykjavík, og þar framkvæmdi R. Wall, skoðunarmaður flugvéla, athugun á henni. Í skýrslu hans um skoðunina, dags.. 9. ágúst 1949, segir meðal annars svo:

„Staða stjórntækja:

Benzíngjöf. — Í flugklefa var benzíngjöf alveg opin, en á hreyfli flugvélarinnar var alveg lokað fyrir benzíngjöfina. Stöng sú, sem stjórnar benzíngjöf, var brotin, og festingar hreyfilsins voru úr lagi gengnar.

Rofar á rafkveikjum (magnetum) voru báðir opnir.

Fínstillir. — Nefið vísaði upp á við. — Má vera, að hann hafi hreyfzt, er stillivængir urðu fyrir skemmdum.

Vængblöðkur voru alveg uppi.

Eldsneytiskraninn lokaður.

Athugun á stjórntækjum:

Stjórnbúnaður stýris — óskemmdur og í starfhæfu ástandi.

Stjórnbúnaður hæðarstýris — óskemmdur og í starfhæfu ástandi.

Fínstillir — óskemmdur og í starfhæfu ástandi.

Stjórnbúnaður vængstýra — var óvirkur eins og hér segir:

1. Kúlutengiklofi við vinstra vængstýri beygður.
2. Aftari endinn á járnteini, er liggur að vinstra vængstýri, þoldi ekki áreynslu.
3. Stöng sú, sem stjórnar vinstra vængstýri, var bogin og beygð saman, og hafði vírinn losnað úr festilykkjunni.
4. Jafnvægisvír fyrir jafnvægisstýri í hægri væng var slitinn nálægt samskeytum.
5. Skrúflykkja fyrir vírinn, sem liggur að hægra vængstýri, var brotin.
6. Vírinn, sem liggur í vængstýrið vinstra megin við stjórnklef-

ann, var slitinn nálægt samskeytum, og hafði mjög reynt á augað, sem tengdi vírana saman.

Splittið vantaði í festilykkjuna, sem nefnd er í 3. lið hér að framan. Hins vegar fannst skinnan rétt fyrir neðan stöngina, en auk þess bar stöngin þess merki, hvar skinnan hafði verið. Beygjan á stönginni sýnir, að festilykkjan hefur verið óhreyfð, áður en slysið átti sér stað, og líklegast hefur stöngin losað splittið, þegar hún bognaði. Ef splittið hefði vantað, er vélin var á flugi, þá hefði skinnuna einnig vantað, og stöngin mundi ekki hafa bognað eins illa og raun ber vitni um.

Stjórnbúnaður vængblaðknanna. Sá hluti hans, sem er tengdur við skrokk vélarinnar, var óskemmdur og í starfhæfu ástandi. Sá hluti hans, sem festur er við vinstri væng, var óskemmdur og í starfhæfu ástandi, en hafði losnað frá skrokknum sökum röskunar, sem orðið hefur á bakbrún vængsins."

„Niðurstaða: Það er álitið, að engin þeirra skemmda, sem orðið hafa á stjórntækjum vængstýranna, hafi getað átt sér stað, meðan flugvélin var á flugi, þar eð hvorki hleðsla flugvélarinnar né efnislegur styrkleiki hefur verið nægilega mikill til þess.

Öll önnur stjórntæki eru enn heil" ....

Í skýrslu þessa hefur eftirlitsmaður flugvéla ritað samþykki sitt.

Það verður ekki séð, að stefnda hafi verið gefinn kostur á að vera viðstaddur skoðunina. Eigi að síður þykir verða að leggja skýrsluna til grundvallar um ásigkomulag flugvélarinnar, eftir að hún hafði verið flutt á flugvöllinn.

Af hálfu flugráðs voru skipaðir í nefnd til þess að rannsaka umrætt flugslys þeir Sigurður Jónsson, starfsmaður flugmálastjórnarinnar, Jón N. Pálsson, eftirlitsmaður flugvéla, og Þorsteinn E. Jónsson flugmaður. Kallaði nefndin flugmennina og vitni fyrir sig og samdi síðan álitsgerð um niðurstöður sínar.

Það er álit nefndarinnar, að ekki sé nein ástæða til að ætla, að um nokkra bilun á flugvélinni hafi verið að ræða, og segist hún byggja það álit sitt á skýrslum beggja flugmannanna og áðurgreindri skoðunarskýrslu.

Nefndarmenn eru sammála um það, að frumorsök slyssins hafi verið sú, að hvorugur flugmannanna hafi verið við stjórn flugvélarinnar, strax eftir að stefndi hafði sett hana í „unusual position". Þá telja þeir áframhaldandi orsök slyssins þá, að stefndi hafi um stund beint athygli sinni að radíótæki flugvélarinnar, en á meðan hafi hún verið stjórnlaus og náð að komast í bratta stefnu niður á við í hægri beygju. Við brattann hafi hraði flug-

vélarinnar aukizt ört og orðið það mikill, að stjórnfletirnir hafi orðið seinvirkari en á venjulegum flughraða. Loks telja nefndarmenn, að þegar stefndi reyndi að ná valdi á flugvélinni til að rétta hana við, þá hafi hann fært stjórntækin of ört úr einum stað í annan, hann hafi ekki beðið með þau nógu lengi í hvert sinn, til þess að flugvélin léti að stjórn. Þó virðist svo sem stefnda hafi tekizt að ná stjórn á flugvélinni að nokkru leyti, þegar hún nálgaðist sjávarflötinn, en síðan ofrisið í nokkurra metra hæð og skollið á sjóinn.

Stefndi hefur mótmælt álitsgerð þessari meðal annars á þeim grundvelli, að tveir nefndarmanna, þeir Sigurður og Jón, hafi verið eftirlitsmenn með lofthæfi flugvéla og geti því ekki talizt óvilhallir. Og verður að fallast á það hjá stefnda, að að þessu leyti hafi verið óheppilega valið í rannsóknarnefndina.

Þá athugast það, að eftir að nefndin skilaði áliti sínu, hafa báðir flugmennirnir komið fyrir dóm og gefið frekari skýrslur, auk þess sem frekari gagna hefur verið aflað en fyrir nefndinni lágu.

Með bréfi, dags. 17. febr. 1953, beindi lögmaður stefnda þeim tilmælum til stjórnar Félags íslenzkra atvinnuflugmanna, að hún hlutaðist til um það, að reyndir flugmenn létu uppi álit sitt á því, hvort jafnvægisstýri flugvélarinnar geti ekki hafa verið úr sambandi, þrátt fyrir það að vélin rétti sig af, skömmu áður en hún skall í sjóinn. Stjórn félagsins fól þrem reyndum flugmönnum verk þetta, og kynntu þeir sér gögn þau, sem fyrir hendi voru varðandi slysið. Í álitsgerð hinna tilkvöddu flugmanna, dags. 14. apríl 1953, segir meðal annars svo: „Þegar litið er til framburðar Sverris Jónssonar 3. ágúst 1949 og þeirra miklu bilana, sem fram komu á jafnvægisstýrum vélarinnar, teljum við óvarlegt af nefnd þeirri, sem rannsakaði slysið, að rekja orsök slyssins til yfirsjóna stjórnenda vélarinnar, enda er það samhljóða álit okkar, að orsök slyssins hafi verið sú, að jafnvægisstýri vélarinnar hafi bilað á flugi."

Þegar umrætt flug hófst, hafði T.F.-FOX flughæfisskírteini, og ekki hefur annað komið fram en hún hafi verið búin öllum venjulegum og nauðsynlegum tækjum. Þá verður að telja, að umbúnaður sá, sem notaður var til blindflugs, hafi verið forsvaranlegur. Og eftir skýrslum beggja flugmannanna verkuðu öll stjórntæki flugvélarinnar eðlilega, þar til eftir að stefndi hafði sett hana í „unusual position". Í áðurgreindri skoðunarskýrslu segir m. a., að vír fyrir jafnvægisstýri í hægri væng hafi verið

slitinn nálægt samskeytum, en í málinu liggja fyrir upplýsingar um það frá verksmiðju þeirri, sem smíðaði flugvélina, að þannig samband sé milli vinstra og hægra jafnvægisstýris, að ef t. d. taumur í hægra stýri bilar, er aðeins hægt að rétta flugvélina af, ef hún er í vinstri halla, eða halla henni til hægri úr láréttri stöðu og gagnkvæmt, ef taumur í vinstra stýri bilar.

Það verður engan veginn talið öruggt, að jafnvægisstjórntækin hafi ekki bilað, meðan flugið stóð yfir. Þykir hitt sennilegra, að þau hafi bilað, þegar eftir að flugvélin hafði verið sett í óeðlilega flugstellingu, sbr. sérstaklega þá yfirlýsingu stefnda í skýrslu, sem hann gaf daginn eftir slysið, að jafnvægisstýrin hafi verið algerlega máttlaus. Hefur þetta að sjálfsögðu verið meðverkandi orsök slyssins.

Það verður ekki séð af framburðum flugmannanna, sem raktir hafa verið hér að framan, að vélin hafi nokkru sinni verið stjórnlaus, þ. e. a. s., að annar hvor þeirra hafi ekki alltaf haldið um stjórntækin. Hins vegar er það álit hinna flugfróðu samdómenda, að þar sem hliðarstýri og hæðarstýri flugvélarinnar reyndust óskemmd, þá hefði stefndi átt að geta stöðvað eða dregið úr snúningi flugvélarinnar til hægri og haldið flughæð, enda þótt jafnvægisstýrin væru biluð, þannig að möguleikar sköpuðust á að nauðlenda henni eða jafnvel koma henni á flugvöllinn. Telja þeir, að stefnda hafi orðið mistök á að þessu leyti, og verði honum því einnig gefin sök á því, hvernig fór. Þykir á þessum grundvelli rétt, að stefndi beri bótaábyrgð að hálfu á tjóni því, sem af því hlauzt, að flugvélin fórst.

Stefnendur miða fjárhæð aðalkröfu sinnar við það, að þeir hafi keypt flugvélina fyrir kr. 30.000,00, síðan hafi þeir kostað kr. 31.209,91 til viðgerða á henni, og því hafi hún staðið þeim í kr. 61.209,91, þegar hún fórst.

Að tilhlutun lögmanns stefnenda hafa 3 flugvélafróðir menn metið verðgildi T.F.-FOX, eins og það var, er hún fórst. Samkvæmt matsgerð þeirra, dags. 29. maí 1954, áætla þeir verð tilsvarandi vélar kr. 25.879,00, en telja rétt að meta hana til tjónsbóta á kr. 30.000,00 með tilliti til þess, að á þeim tíma, er T.F.-FOX fórst, hafi verið erfitt að fá innflutningsleyfi fyrir flugvélum. Miða stefnendur varakröfu sína við mat þetta.

Stefndi hefur mótmælt hvorum tveggja fjárhæðunum sem of háum, en rétt þykir að leggja umrætt matsverð, kr. 30.000,00, til grundvallar um verðmæti flugvélarinnar.

Samkvæmt framansögðu verður stefndi því dæmdur til að

greiða stefnendum kr. 15.000,00 með vöxtum eins og krafizt hefur verið.

Eftir öllum málsatvikum þykir rétt, að hver aðili um sig beri sinn kostnað af málinu.

Ísleifur Árnason, fulltrúi borgardómara, kvað upp dóm þenna ásamt samdómendunum Alfreð Elíassyni framkvæmdastjóra og Sigurði Ólafssyni flugmanni.

Vegna fjarveru samdómenda úr bænum hefur dómur í máli þessu eigi orðið kveðinn upp fyrr.

Dómsorð:

Stefndi, Sverrir Jónsson f. h. Flugskólans Pegasusar, skal vera sýkn af kröfum stefnenda í máli þessu.

Stefndi, Sverrir Jónsson, greiði stefnendum, Baldvin Jónssyni, Birni Br. Björnssyni, Lárusi Óskarssyni og Úlfari Þórðarsyni, kr. 15.000,00 með 6% ársvöxtum frá 2. ágúst 1949 til greiðsludags innan 15 daga frá lögbirtingu dóms þessa að viðlagðri aðför að lögum.

Hver aðili um sig beri sinn kostnað af málinu.

Föstudaginn 18. desember 1959.

Nr. 34/1959. **Indriði Indriðason** (Páll S. Pálsson hrl.)
gegn
Björgvin Einarssyni
(Benedikt Sigurjónsson hrl.).

Dómendur:
hæstaréttardómararnir Þórður Eyjólfsson og Jónatan Hallvarðsson, prófessorarnir Magnús Þ. Torfason og Theodór B. Líndal og Valdimar Stefánsson sakadómari.

Skaðabótamál út af húsakaupum. Sératkvæði.

Dómur Hæstaréttar.

Áfrýjandi hefur fengið gjafsókn hér fyrir dómi og áfrýjað málinu með stefnu 25. febrúar 1959. Hann krefst þess *aðallega*, að stefnda verði dæmt að greiða honum kr. 109.800,00, *til vara* kr. 75.171,80 með 6% ársvöxtum frá 12. febrúar 1958 til greiðsludags og málskostnað í héraði,

en *til þrautavara,* að héraðsdómur verði staðfestur. Þá krefst áfrýjandi málskostnaðar hér fyrir dómi úr hendi stefnda, eins og málið væri ekki gjafsóknarmál.

Stefndi krefst staðfestingar héraðsdóms og málskostnaðar fyrir Hæstarétti úr hendi áfrýjanda.

Áfrýjandi seldi með kaupsamningi 1. janúar 1959 húseign sína nr. 29B við Borgarholtsbraut í Kópavogi, og tekur áfrýjun héraðsdóms því eigi til ákvæða hans, er varða kröfur áfrýjanda í héraði um riftun á kaupum málsaðilja 3. september 1957.

Eins og í héraðsdómi greinir, lofaði stefndi að greiða kostnað áfrýjanda af byggingarleyfi og teikningum nýs húss. Í málflutningi sínum hér fyrir dómi taldi umboðsmaður áfrýjanda kostnað þenna mundu nema minnst kr. 10.971,80 miðað við drög þau að uppdrætti, sem lýst er í héraðsdómi, og gjaldskrá Arkitektafélags Íslands. En þar sem áfrýjandi lét eigi gera hústeikningar né leysti til sín byggingarleyfi, svo sem rakið er í héraðsdómi, verður fjárkrafa eigi talin hafa stofnazt samkvæmt greindu loforði stefnda. Ber því um þetta atriði að staðfesta úrlausn héraðsdóms, sem eigi hefur verið gagnáfrýjað. Vanefnd stefnda á framkvæmd viðgerðar á húsi áfrýjanda haustið 1957 hlýtur á þeim tíma árs að hafa bakað áfrýjanda og fjölskyldu hans mjög tilfinnanleg óþægindi. Þykja bætur áfrýjanda til handa af þessum sökum hæfilega metnar kr. 6.000,00. Að öðru leyti verða staðfest ákvæði héraðsdóms um fébótakröfur áfrýjanda. Samkvæmt þessu ber stefnda að greiða áfrýjanda samtals kr. 21.000,00 með vöxtum eins og krafizt er.

Ákvæði héraðsdóms um málskostnað þykir mega staðfesta.

Eftir atvikum er rétt, að málskostnaður fyrir Hæstarétti falli niður.

Málflutningslaun talsmanns áfrýjanda hér fyrir dómi, kr. 5.000,00, greiðist úr ríkissjóði.

Dómsorð:

Stefndi, Björgvin Einarsson, greiði áfrýjanda, Indriða

Indriðasyni, kr. 21.000,00 með 6% ársvöxtum frá 12. febrúar 1958 til greiðsludags og málskostnað í héraði, kr. 4.000,00, að viðlagðri aðför að lögum.

Málskostnaður fyrir Hæstarétti fellur niður.

Málflutningslaun talsmanns áfrýjanda fyrir Hæstarétti, Páls S. Pálssonar hæstaréttarlögmanns, kr. 5.000,00, greiðist úr ríkissjóði.

Sératkvæði
Magnúsar Þ. Torfasonar prófessors.

Áfrýjandi hefur hér fyrir dómi gert þá grein fyrir kröfu sinni um skaðabætur úr hendi stefnda fyrir „óþægindi og kostnað", að í henni sé „meðtalin vinna við að hjálpa til við viðgerð þaks, flutningskostnaður, óþægindi vegna leka og allt óbeint tjón". Áfrýjandi hefur eigi stutt þenna kröfulið neinum gögnum né leitt að því líkur, að bótaskylt tjón hans af þessum sökum hafi numið hærri fjárhæð en þeim kr. 4.000,00, sem honum hafa verið dæmdar af héraðsdómi. Ber því einnig að þessu leyti að staðfesta hinn áfrýjaða dóm.

Að öðru leyti er ég samþykkur dómsatkvæði meiri hluta dómenda.

Ég tel því, að rétt dómsorð ætti að vera þannig:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður.

Áfrýjandi, Indriði Indriðason, og stefndi, Björgvin Einarsson, beri hvor kostnað sinn af málinu fyrir Hæstarétti, en málssóknarlaun skipaðs málflutningsmanns áfrýjanda, Páls S. Pálssonar hæstaréttarlögmanns, kr. 5.000,00, greiðist úr ríkissjóði.

Dómi þessum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur bæjarþings Kópavogs 4. desember 1958.

Mál þetta, sem dómtekið var 18. f. m., er höfðað fyrir bæjarþinginu af Indriða Indriðasyni, Borgarholtsbraut 29 B hér í bæ (nú til heimilis að Kársnesbraut 2), með stefnu, út gefinni 12. febrúar 1959, gegn Björgvin Einarssyni, Borgarholtsbraut 29 A hér í bæ. Gerir stefnandi þær kröfur, að stefndi verði dæmd-

ur til að þola riftun á sölu húseignarinnar Borgarholtsbrautar 29 B samkvæmt afsali stefnda til stefnanda 3. sept. 1957 og verði jafnframt dæmt skylt að taka aftur við hinni seldu eign og þeirri kvöð, sem á henni hvíli um greiðslu 1. veðréttar láns til handhafa, að eftirstöðvum kr. 23.000,00. Enn fremur krefst stefnandi, að stefndi verði dæmdur til að greiða honum kr. 130.775,00 auk 7% ársvaxta af þeirri upphæð, þannig að vextir reiknist af kr. 80.000,00 frá 3. sept. 1957, af kr. 13.000,00 frá 15. des. 1957, af kr. 16.000,00 frá 7. janúar 1958 og af eftirstöðvunum frá 12. febrúar 1958 að telja. Þá krefst hann málskostnaðar að skaðlausu.

Til vara krefst stefnandi, verði riftunarkrafa ekki viðurkennd, að stefndi verði dæmdur til að greiða honum kr. 113.000,00 auk 7% ársvaxta, „reiknað frá sömu dögum og að framan greinir", auk málskostnaðar.

Stefndi krefst algerrar sýknu af öllum kröfum stefnanda í málinu og málskostnaðar að skaðlausu úr hendi stefnanda.

Riftunarkröfu sína rökstyður stefnandi með því, að hann hafi talið sig vera að kaupa hús, sem byggt sé og innréttað með fullu leyfi byggingaryfirvalda. Þetta sé nefnt húseign í afsali og 1. veðréttar lán sé talið hvíla á húseigninni. Í afsali sé talað um hann sem „löglegan eiganda að húseigninni nr. 29 B við Borgarholtsbraut í Kópavogskaupstað ásamt lóðarréttindum". Augljóst sé, að hinum löggilta fasteignasala, sem milligöngu hafði um kaupin, hafi ekki verið kunnugt um annað en að húsið á lóðinni væri með fullum réttindum. Húsið hafi hins vegar verið byggt án leyfa byggingaryfirvalda og sé því óleyfishús. Þá vitnar stefnandi einnig í 4. gr. lóðarleigusamnings, þar sem segir: „Veðsetning á lóðarréttindum er leigutaka óheimil, áður en hann hefur byggt íbúðarhús á lóðinni. Framsal eða veðsetning á lóðarréttindum af hálfu leigutaka að óbyggðri lóð gegn ákvæði þessu eru ógild og lóðin fallin aftur til ríkisins". Í upphafi sömu greinar lóðarleigusamnings sé leigutaka stranglega bannað að framselja lóðina eða láta hana af hendi á annan hátt, áður en hann hefur byggt hús á henni. Stefnandi kveður stefnda hafa blekkt sig að þessu leyti og selt honum lóðina sama sem óbyggða, þ. e. með óleyfishúsi einu, og hafi hann brostið heimild til þess sem leigutaka lóðarinnar, en það valdi því, að ríkið geti, hvenær sem er, rift lóðarleigusamningi og tekið lóðina til sín aftur án endurgjalds. Framangreind atriði hvert um sig og öll til samans,

að í afsali er fortakslaust talað um húseign,

að húseignin var veðsett Búnaðarbankanum og

að samkvæmt lóðarleigusamningi var stefnda óheimilt að veðsetja lóðina eða láta hana af hendi, nema hús væri reist á henni, kveður stefnandi hafa gefið sér næga ástæðu til að vera í góðri trú um, að húsið mætti standa á lóðinni og væri reist þar með fullu samþykki byggingaryfirvalda, en að slíkt leyfi væri ekki fyrir hendi, veitti honum næga ástæðu til að rifta kaupunum. Þá rekur stefnandi enn fleiri riftunarástæður. Samkvæmt lóðarleigusamningi eigi að hefja byggingu á lóðinni innan 6—12 mánaða frá útgáfu hans, en hann var gefinn út 2. ágúst 1956. Að húsið reyndist vera óleyfishús, valdi því, að þetta atriði sé rofið og lóðarsamningur úr gildi fallinn. Þá vanti staðfestingu bæjaryfirvalda á lóðarsamningi. Við undirskrift afsals hafi stefndi undirritað yfirlýsingu (dskj. nr. 6) um ýmsar greiðslur og lagfæringar þýðingarmikilla galla á húsinu fyrir ákveðinn tíma, en loforðið um lagfæringar algerlega svikið. Þá telur stefnandi ýmsa leynda galla, sem samkvæmt mati kosti stórfé að gera við, einnig heimila honum riftun. Endurgreiðslukröfu sína rökstyður stefnandi með því, að hann hafi greitt stefnda kr. 106.000,00 af kaupverðinu og greitt 3.000,00 króna afborgun af veðskuld þeirri, sem hann tók að sér að greiða, en auk þess eigi hann rétt á kr. 20.000,00 í bætur vegna vanefnda og fyrir óþægindi og tilkostnað og kr. 1.775,00 fyrir matskostnað. Stefnandi kveður samþykktar teikningar af öðru húsi á lóðinni hafa átt að fylgja, en það hafi reynzt blekking ein.

Varakröfu sína rökstyður stefnandi með því, að matsmenn hafi metið verðmæti hins keypta húss til niðurrifs á kr. 17.000,00, en það sé ekki meira virði, þar sem óheimilt sé að láta það standa. Varakrafa sé því mismunur á kaupverði og verðmæti hússins til niðurrifs.

Stefndi byggir sýknukröfu sína á því, að 1) húsið, sem selt var, standi ekki í leyfisleysi, því að þegar hann hafi byggt bílskúrinn, þá hafi hann látið byggingarfulltrúa Kópavogs staðsetja hann, og sé bílskúrinn því byggður með fullri vitund byggingaryfirvalda, 2) stefnanda hafi verið kunnugt um, að hann var að kaupa bílskúr, sem innréttaður hafi verið sem íbúð, og hafi honum því verið fullkomlega kunnugt um, hvað hann var að kaupa, og samkomulag hafi verið um verð hússins, og því engan rétt byggt á mati á verðgildi hússins, 3) eins og sjáist á afsalinu á dskj. nr. 5, sé húsið ekki selt með neinu byggingarleyfi, en hins vegar sé hann reiðubúinn að greiða teikn-

ingu og byggingarleyfi, svo sem lofað hafi verið, 4) stefnanda hafi verið vel kunnugt um, hvernig einangrun hússins hafi verið, 5) stefndi viðurkennir, að hann hafi lofað lagfæringum fyrir 15. október 1957, en hann hafi fengið frest, og sé hann reiðubúinn að ljúka viðgerð, 6) stefndi telur öll gjöld af húsinu greidd, stefnandi hafi keypt húsið í því ástandi, sem það var í, og hann hafi kynnt sér ástand þess, enda hafi engir leyndir gallar verið á húsinu. Matsgerðinni mótmælir stefndi sem málinu óviðkomandi og mótmælir matskostnaðarkröfunni sérstaklega, þar sem slík krafa heyri að sjálfsögðu ekki stefnukröfu til, heldur málskostnaðarkröfu. Bótakröfu stefnanda fyrir vanefndir, óþægindi og tilkostnað mótmælir stefndi sem algerlega órökstuddri og út í hött.

Málavextir eru þeir, að hinn 3. september 1957 afsalar stefndi stefnanda eignarrétti sínum að húseigninni nr. 29 B við Borgarholtsbraut í Kópavogskaupstað ásamt öllu múr- og naglföstu, sem húseigninni fylgir og fylgja ber, og ásamt leigulóð samkvæmt leigulóðarsamningi, dags. 2. ágúst 1956, allt fyrir umsamið kaupverð, sem sagt er að fullu greitt, m. a. með því, að kaupandi hafi tekið að sér að greiða sem sína skuld skuld til handhafa (Búnaðarbankans), upphaflega kr. 30.000,00, þá að eftirstöðvum kr. 24.000,00, tryggða með 1. veðrétti samkvæmt veðbréfi, dags. 30. jan. 1957. Þá segir í afsali, að eignin seljist í því ástandi, sem hún er í við afsal og kaupandi hafi kynnt sér og sætti sig við, vextir og skattar séu gerðir upp við afsal og að eignin verði laus fyrir kaupanda í síðasta lagi 15. október 1957. Í yfirlýsingu, sem stefndi undirritar sama dag, lofar hann að greiða afborgun af láni allt niður í kr. 24.000,00 og vexti af láninu til 15. október 1957 svo og að greiða brunabótagjald, skatta, lóðarleigu og eftirstöðvar heimtaugargjalds, allt fyrir 15. okt. 1957. Jafnframt lofar hann að taka þakjárn af hinu selda húsi, fullklæða þakið með timbri og pappa undir járnklæðninguna og leggja svo járnið á húsið og hafa þetta allt 1. flokks vinnu og hafa gert það fyrir 15. okt. 1957. Eigi er um deilt í málinu, að kaupverðið hafi verið kr. 130.000,00 og hafi kaupandi greitt það allt að undanskildum kr. 24.000,00, sem hvíldu á 1. veðrétti og hann tók að sér að greiða.

Með lóðarleigusamningi, dags. 2. ágúst 1956, milli landbúnaðarráðherra og stefnda er stefnda leigð lóð nr. 29 B við Borgarholtsbraut með venjulegum skilmálum. Lóðin er talin 690 m^2, en eigi að vera 806 m^2. Samkvæmt veðbókarvottorði, dags. 3.

sept. 1957, er eignin þinglesin eign Björgvins Einarssonar og á henni talin hvíla 30.000,00 króna veðskuld til handhafa veðskuldabréfs samkvæmt veðskuldabréfi, dags. 30. janúar 1957. Samkvæmt vottorði bæjarstjórans í Kópavogi, byggingarfulltrúa, dags. 14. janúar 1958, finnst ekki í fundargerðabók byggingarnefndar Kópavogs, að byggingarleyfi hafi verið út gefið fyrir húsi á lóð nr. 29 B við Borgarholtsbraut. Samkvæmt vottorði fasteignamatsmanna, dags. 11. jan. 1957, um fasteignamat á húsinu nr. 29 B við Borgarholtsbraut er fasteignamat íbúðarhússins kr. 7.000,00, en fasteignamat lóðar kr. 300,00 eða samtals kr. 7.300,00.

Í endurriti úr fundargerðabók byggingarnefndar Kópavogs af fundi 14. júní 1956 segir svo: „Lögð fram umsókn Björgvins Einarssonar, Borgarholtsbraut 29, um leyfi fyrir íbúðarhúsi á lóðinni nr. 29 A við Borgarholtsbraut samkvæmt ófullgerðum uppdrætti Einars Júlíussonar, dags. í maí 1956. Nefndin samþykkir að heimila byggingarframkvæmdir í samræmi við uppdráttinn að því tilskildu, að uppdrátturinn með afstöðumynd verði lagður fyrir næsta fund nefndarinnar.“ Samkvæmt vottorði byggingarfulltrúa var ruglingur á lóðum nr. 29 A og nr. 29 B, en samþykkt byggingarnefndar raunverulega miðuð við lóðina nr. 29 B.

Lagt hefur verið fram í málinu bréf Brunavarnaeftirlits ríkisins, dags. 29. marz 1958, þar sem tilgreindir eru ýmsir gallar á kynditækjum, reykútgangi o. fl. og jafnframt bannað að nota kynditæki, þar til umbætur hafi verið gerðar.

Lagðar hafa verið fram kvittanir fyrir greiðslu eftirstöðva heimtaugargjalds, brunabótagjalds til 15. okt. 1957 og fasteignagjalda til bæjarsjóðs Kópavogs. Eru greiðslur þessar taldar inntar af hendi 30. desember 1957 nema síðari helmingur heimtaugargjaldsins hinn 6. marz 1958.

Tildrög máls þessa eru þau, að hinn 20. janúar 1958 ritar lögmaður stefnanda stefnda bréf, þar sem hann tjáir stefnda, að honum hafi verið falið að stofna til riftunarmáls, nema samningar takist á annan hátt um lausn málsins. Hinn 8. febrúar 1958 ritar stefndi lögmanni stefnanda, þar sem hann neitar, að nokkur ástæða sé til riftunar kaupa, því að stefnandi hafi vel vitað, hvað hann var að kaupa, engu byggingarleyfi hafi verið lofað, heldur hafi verið lofað að borga fyrir teikningu og byggingarleyfi, og að möguleiki til þess, að húsið verði að víkja af lóðinni, sé úr lausu lofti gripinn. Stefna er, eins og áður greinir,

gefin út 12. febrúar 1958, en áður höfðu að kröfu stefnanda verið dómkvaddir matsmenn til að

1) skoða allan frágang hússins, sérstaklega einangrun og frágang þaks, og athuga, hvort forsvaranlega væri frá gengið,
2) gefa lýsingu á þeim göllum, er verulegir mættu teljast og þeir finna á húsnæðinu sem íbúðarhúsnæði, og gefa álit sitt um, hvort eða hvernig megi úr göllunum bæta, svo að verði viðunandi híbýli eftir nútímakröfum í þeim efnum, og hve mikið það muni kosta,
3) meta til fjár húsið ásamt lóðarréttindum við Borgarholtsbraut 29 B, hvort tveggja miðað við núverandi ástand og það, að byggingarleyfi eru ekki fyrir hendi,
4) meta, hve verðgildi þessarar eignar væri miklu hærra en nú, ef eigninni fylgdi fullgerð teikning að framtíðaríbúðarhúsi á lóðinni, samþykkt af byggingaryfirvöldum Kópavogs.

Í matsgerð matsmanna segir svo:

„Húsið er að stærð 11,40 × 5,40 metrar, ein hæð með skúrþaki, byggt sem iðnaðarhúsnæði. Útveggir og loft eru steypt úr gjallsteypu. Útveggir eru óeinangraðir og loft líka. Steypt gólf er í húsinu, en ofan á því lag af brunagjalli, síðan er múrhúðað ofan á það. Öll skilrúm eru úr timbri, klæddu trétexi, en þó vantar að klæða á grindina texi í gangi og miðstöðvarklefa. Enginn reykháfur er í húsinu, aðeins rör frá miðstöðvarkatli. Þakið er úr timbri, klætt bárujárni, borðum og pappa. Múrhúðun að utan á suðausturhlið er mikið sprungin, þó mest undir þaki. Það, sem við álítum, að þurfi að gera við húsið, til þess að það geti talizt forsvaranlegt íbúðarhúsnæði, er þetta: 1) Einangra þarf alla útveggi og gluggakanta og gróf- og fínhúða allt að nýju, höggva slitlag af gólfi, þar sem það er laust, og setja slitlag á þá hluta, 2) dúkleggja öll gólf, setja gólflista og dúklista meðfram öllum veggjum, lista við loft við öll skilrúm, setja sólbekki undir glugga og vatnslista í glugga, setja lista umhverfis hurðir og sóplista við dyr, texklæða gang og miðstöðvarklefa. 3) Þar sem ekki er nema eitt borð umhverfis vask í eldhúsi, verður ekki hjá því komizt að auka við eldhúsinnréttingu að miklum mun, svo að viðunandi sé. 4) Allt húsið þarf að mála að innan, eldhús og baðherbergi með lakkmálningu, og slípast og sparslast sem venja er til með íbúðarhús. 5) Steypa þarf reykháf í húsið, því að nú liggur reykrörið neðan á lofti á baðherbergi og þaðan upp úr þaki. Taka þarf þakið að miklu leyti af húsinu til þess að koma einangrun á

loftið yfir íbúðinni og loftræsta bilið milli lofts og þaks, svo að ekki myndist þar slagi og dautt loft. Þakið er klætt upp og ofan eftir halla þaksins, og standa endar borðanna því fram af vegg, en þar kemst vatn í borðenda og milli borða, og fer það vatn inn á loft og niður í íbúðina. Taka þarf neðsta hluta þaksins í burtu og klæða það lárétt og klæða síðan neðan þakskeggið og ganga þannig frá, að tryggt sé, að vatn komist ekki þar inn með. Taka þarf allt bárujárnið upp og setja „mastick"-þéttiefni um samskeytin á plötum, setja þakrennur og niðurföll frá þaki. 6) Bríkur hafa verið steyptar upp fyrir þak á þrjá vegu, en þær eru ópússaðar, og þarf því að pússa þær ásamt reykháfi, — gera við allar sprungur, sem eru á múrhúðun á suðausturhlið hússins og víðar, og tvímála síðan allt húsið að utan ásamt gluggum með góðri þéttiefnismálningu. Einnig þarf að mála þakið. — Mat okkar sundurliðast þannig: 1) Viðgerð á húsinu samkvæmt ofanrituðu metum við á kr. 56.400,00, 2) Mat okkar á húsinu, ef byggingarleyfi er ekki fyrir hendi, eins og meðfylgjandi vottorð byggingarfulltrúa ber með sér, og er því gert ráð fyrir í þessu mati, að rifa þurfi húsið og fjarlægja það af lóðinni, og verður því ekki annað verðmæti í húsinu en miðstöð, hurðir, gluggar, eldavél, eldhússinnrétting, hreinlætistæki, þakviðir og bárujárn. Mismunur á verðgildi ofanritaðs efnis og því, sem kostar að rífa húsið. Mat okkar á húsinu í þessu ástandi er kr. 17.000,00. 3) Húsið, eins og það er í dag og ef öll byggingarleyfi væru fyrir hendi, metum við á kr. 126.600,00."

Vitnin Magnús Víglundsson sjómaður og Markús Markússon stýrimaður hafa lýst ástandi í húsinu, er þeir komu þangað hinn 12. janúar 1958. Kveða vitnin allmikið vatn hafa lekið úr lofti eldhúss og útveggir hafi verið rennblautir. Sérstaklega hafi lekið mikið við austurvegginn, en þar hafi lekið eins og úti væri.

Stefnandi hefur gefið skýrslu fyrir dómi. Hann kveðst hafa vitað, að húsið væri steypt úr brunasteypu, en hafa gengið út frá, að það væri einangrað eins og önnur hús. Hann kveðst hafa skoðað húsið með föður sínum, en hvorugur þeirra sé byggingarfróður. Hann kveður stefnda aldrei hafa farið fram á frest við þakviðgerð.

Matsmennirnir Einar Jóhannsson og Sigurður Ólafsson staðfestu mat sitt fyrir dómi. Voru þeir spurðir, hvað af göllum þeim, sem matsgerðin fjallar um, hafi verið sýnilegir. Voru þeir sammála um, að ekki hefði verið hægt að sjá án sérstakrar

athugunar, að húsið væri óeinangrað, en hins vegar hefði verið hægt að sjá galla á gólfi. Vöntun gólfdúks, dúklista, gólflista, loftlista, vatnslista, lista umhverfis hurðir og sóplista telja þeir hafa verið sýnilega, einnig vöntun á texklæðningu og galla á eldhússinnréttingu. Þá voru matsmenn sammála um, að nauðsynlegt væri að mála allt húsið að innan, og leiddi það af nauðsyn einangrunar og nýrrar múrhúðunar þar af leiðandi, en Sigurður taldi, að við skoðun hefði verið sýnilegt, að málningu var áfátt. Vöntun reykháfs telur Sigurður sýnilegan galla, en Einar telur sig ekki geta um dæmt, hvort sá galli sé sýnilegur leikmanni. Galla á þaki telur Einar ekki sýnilegan leikmanni, en Sigurður kveður gallann sýnilegan, en kveðst þó ekki geta dæmt um, hvað óviðkomandi manni sýnist. Vöntun þakrenna og niðurfalla kveður Einar sýnilega galla. Um 6. tölulið matsgerðar segir Einar, að um sýnilegan galla sé að ræða, en kveðst ekki geta sagt, hvort leikmaður geri sér grein fyrir þýðingu hans.

Fasteignasali sá, sem annaðist sölu eignarinnar, Pétur heitinn Jakobsson, hefur verið leiddur sem vitni í málinu. Var vitnið um það spurt, hvort því hefði verið kunnugt um, hvort byggingarleyfi hefði legið fyrir. Kvaðst vitnið hafa talið, að um formlega fasteign væri að ræða, þótt byggingarleyfi muni líklega ekki hafa legið frammi, enda hafi legið frammi lóðarsamningur og veðbókarvottorð, en þar hafi komið fram, að húsið var veðsett fyrir láni. Vitnið kvað sig minna, að í miklum umræðum milli kaupanda og seljanda hafi komið fram, að seljandi ætlaði að skaffa kaupanda teikningu að nýju húsi á lóðinni honum að kostnaðarlausu. Vitnið kvaðst hafa fullvissað sig um, að þeir stefnandi og faðir hans hefðu skoðað húsið, áður en kaupin fóru fram. Vitnið kvað hafa komið fram í umræðum, að hið selda hús hefði upphaflega verið byggt sem bílskúr, en hefði verið keypt til íbúðar og hefði verið talið hæft til íbúðar, a. m. k. til bráðabirgða. Ekki kvaðst vitnið hafa lagt neitt á minnið um, hvað rætt hefði verið um byggingarmáta hússins.

Faðir stefnanda, Indriði Brynjólfsson, hefur komið fyrir dóm. Hann kveðst hafa verið viðstaddur samningsgerð og verið ábyrgðarmaður stefnanda. Hann kveður stefnda hafa lofað stefnanda teikningu að húsi á lóðinni og byggingarleyfi, sem væri þegar fengið. Kveður hann stefnda hafa afhent stefnanda „kopíu“ af teikningu, sem hann sagði, að væri samþykkt af byggingarnefnd, en byggingarfulltrúi ætti aðeins eftir að árita. Hann kveður ekki

hafa verið neinar upplýsingar um, úr hverju veggir hafi verið gerðir, enda ekki um það spurt. Ekki hafi verið spurt um byggingarleyfi, því að það hafi verið talið sjálfsagt, að það lægi fyrir, fyrst þinglýst hefði verið á húsið 30.000,00 króna láni í sjálfum Búnaðarbankanum og lóðarsamningur og veðbókarvottorð hefðu legið fyrir. Indriði Brynjólfsson sagði og aðspurður, að stefndi hefði fengið einnar viku frest hjá unnustu stefnanda á framkvæmd lagfæringar samkvæmt yfirlýsingunni á dskj. nr. 6, en viðgerðin hafi dregizt í 1½ mánuð, og sé viðgerðin illa framkvæmd, þannig að þakið hripleki enn. Húsið sé autt og ónotað.

Stefndi hefur komið fyrir dóm. Hann kveðst aðspurður álíta, að leyfi fyrir hinni seldu byggingu hafi verið innifalið í skilorðsbundnu byggingarleyfi frá 14. júní 1956 (dskj. nr. 24). Aðspurður um, hvort skilyrði því, sem um getur í samþykkt byggingarnefndar, sem dskj. nr. 24 fjallar um, hafi verið fullnægt, kveðst hann ekki vita það. Hann kveður húsið (bílskúrinn) byggt á þeim stað, sem samkvæmt skipulagsuppdrætti sé ætlaður fyrir bílskúr, en engin teikning hafi verið gerð að því. Hann kveður byggingarfulltrúa hafa mælt út fyrir bílskúrnum. Stefndi var að því spurður, hvort hann teldi sig hafa fullnægt því ákvæði lóðarleigusamningsins, sem segir, að hafi leigutaki ekki byggt íbúðarhús á lóðinni að liðnum 6—12 mánuðum, þá sé leiguréttur hans til lóðarinnar og lóðarleigusamningurinn úr gildi fallinn og lóðin fallin aftur til ríkisins. Kvaðst hann alls ekki vera klár á því. Jafnframt var stefndi spurður, hvort hann teldi sig hafa fullnægt ákvæði 4. gr. lóðarleigusamnings um bann gegn veðsetningu, áður en byggt hefði verið á lóðinni. Svaraði stefndi því til, að hann teldi, að Búnaðarbankinn mundi ekki hafa tekið veð í eigninni, ef skilyrði þessu hefði ekki verið fullnægt, en að öðru leyti væri hann óklár á þessu. Aðspurður um, hvort Búnaðarbankanum hafi verið kunnugt um, að hús það, er á lóðinni stóð, væri bílskúr, breytt í bráðabirgðaíbúðarhús, kvaðst stefndi ekki vita til þess, að bankinn hefði haft aðrar upplýsingar um þetta en þær, sem fólust í skjölum þeim, sem lögð voru fyrir bankann. Stefndi kveðst ætla að ljúka skuldbindingum sínum samkvæmt dskj. nr. 6 við fyrstu hentugleika, en utanaðkomandi orsakir, vinnusvik og veður, hefðu tafið.

Vitnið Einar Júlíusson, fyrrverandi byggingarfulltrúi, segir, að sótt hafi verið um leyfi til byggingar bílskúrs á lóðinni nr. 29 B við Borgarholtsbraut, en kveðst ekki muna orðalag þeirrar umsóknar. Vitnið kvað sig minna, að leyfi hefði verið veitt fyrir

bílskúrnum. Vitnið kveðst hafa fylgzt með byggingu skúrsins, m. a. tekið út grunn og járnalögn og tekið húsið út sem bílskúr. Vitnið kveður, að um þetta leyti hafi eigi þurft annars við vegna bílskúrabygginga en að staðsetningarleyfi væri veitt og byggingarfulltrúi fylgdist síðan með byggingu. Segir þetta vitni, að því hafi verið kunnugt um, að húsi þessu hafi verið breytt í bráðabirgðaíbúðarhús, en því sé eigi kunnugt um, að stefndi hafi fengið leyfi byggingaryfirvalda til þeirrar breytingar.

Ásgeir Guðjón Ingvarsson, núverandi byggingarfulltrúi, hefur komið fyrir dóm sem vitni. Kveður hann bílskúrinn rétt staðsettan, en kveðst ekki geta sagt um, hvort hann sé byggður í samræmi við ákvæði byggingarsamþykktar, en bílskúrar séu ekki undanþegnir ákvæðum byggingarsamþykktarinnar.

Eftir munnlegan flutning málsins varð það að samkomulagi með dóminum og lögmönnum aðilja, að þeim skyldi gefinn kostur á að afla upplýsinga um, hvort hið umdeilda hús væri byggt með leyfi byggingaryfirvalda. Lagði lögmaður stefnda þá fram bréf bæjarstjórans í Kópavogi, byggingarfulltrúans (dskj. nr. 38), dags. 28/11 1958, en í bréfi þessu segir, að bílskúr sá, sem stendur á lóðinni nr. 29 B við Borgarholtsbraut, hafi verið settur niður samkvæmt skipulagsuppdrætti og hafi réttindi sem slíkur og að lóðarsamningur sá, sem gefinn var út af dóms- og kirkjumálaráðuneytinu 2. ágúst 1956 handa Björgvin Einarssyni, sé enn í gildi.

Skal nú tekin afstaða til stefnukrafna.

I. Krafa um riftun. Stefnandi byggir kröfu sína um riftun kaupanna aðallega á því, að hann hafi talið og haft ástæðu til að telja, að hann væri að kaupa hús, sem hefði full lóðarréttindi og byggt með leyfi byggingaryfirvalda, en í ljós hafi komið, að húsið væri réttindalaust og lóðarleigusamningur því niður fallinn. Með bréfi bæjarstjórans í Kópavogi á dskj. nr. 38 verður að telja upplýst, að hið umdeilda hús sé byggt sem bílskúr með leyfi byggingaryfirvalda og að lóðarsamningur sé í fullu gildi. Sömuleiðis má telja upplýst, að stefnandi keypti húsið sem bílskúr, innréttaðan sem íbúðarhúsnæði til bráðabirgða. Verður því að telja, að stefnandi hafi með afsalinu fengið það, sem hann taldi sig vera að kaupa, þ. e. bílskúr með lóðarréttindum, innréttaðan til íbúðar til bráðabirgða. Riftun kaupanna þykir því eigi verða byggð á þessari málsástæðu. Þá telur stefnandi sig eiga rétt á að rifta kaupunum vegna galla á húsinu og vanefnda stefnda á loforði, sem hann gaf jafnframt kaupunum, um að endurbæta galla á

þaki o. fl. svo og að afhenda stefnanda teikningu að nýju húsi á lóðinni. Um teikningu þessa er það að segja, að eigi er sannað gegn mótmælum stefnda, að hann hafi lofað samþykktri teikningu að íbúðarhúsi á lóðinni, en hins vegar viðurkennt, að hann hafi lofað að afhenda teikningu eða greiða kostnað af teikningu og greiða byggingarleyfisgjald.

Gallar þessir og vanefndir þykja ekki þess eðlis, að riftun eigi að valda, enda hægt að bæta stefnanda þá með fjárgreiðslu úr hendi stefnda. Verður nánar vikið að vanefndum þessum í sambandi við skaðabætur í IV. lið. Ber því að sýkna stefnda af þessum kröfulið.

II. Endurgreiðsla kaupverðs. Í sambandi við riftunarkröfu sína krefst stefnandi, að stefnda verði gert að endurgreiða honum útborgun í húsinu, kr. 106.000,00, og afborgun láns, kr. 3.000,00, eða samtals kr. 109.000,00, og jafnframt til að taka við að nýju skyldu til greiðslu I. veðréttar láns, að eftirstöðvum nú kr. 21.000,00. Samkvæmt niðurstöðu I. liðar um riftunarkröfuna ber að sýkna stefnda af þessum kröfulið.

III. Varakrafa um greiðslu kr. 113.000,00, ef riftunarkrafa verði ekki tekin til greina, vegna mismunar á verðgildi hússins lóðarréttindalauss og án byggingarleyfis til niðurrifs og kaupverðsins samkvæmt mati dómkvaddra manna.

Með skírskotun til yfirlýsingarinnar á dskj. nr. 38 um byggingarleyfi fyrir bifreiðarskýli og að lóðarsamningurinn sé í gildi, svo og þess, að stefnanda var ljóst, að um bifreiðaskýli var að ræða, sem innréttað var til bráðabirgða sem íbúðarhúsnæði, þykir hann ekki eiga rétt á neinum bótum fyrir mismun á verðgildi hússins með byggingarleyfi og lóðarréttindum og án slíkra leyfa og réttinda.

IV. Skaðabætur. Með aðalkröfu sinni um riftun kaupa og endurgreiðslu kaupverðs gerir stefnandi kröfu um bætur vegna vanefnda og fyrir óþægindi og tilkostnað. Þá þykir og verða að skilja varakröfu stefnanda um skaðabætur, — ef ekki verði fallizt á riftun, — svo, að í henni felist krafa um hvers konar bætur vegna húsakaupa þessara. Skulu nú bótakröfur athugaðar.

1. Skaðabætur vegna vanefnda á samningi og leyndra galla. Dómurinn fór ásamt aðiljum og lögmönnum þeirra á vettvang hinn 22. f. m. og skoðaði hið umdeilda hús. Við skoðun þótti koma í ljós, að mjög mikið vantaði á, að stefndi hefði framkvæmt viðgerðir þær, sem hann lofaði jafnframt afsali með yfirlýsingunni á dskj. nr. 6. Er samhljóða álit hinna sérfróðu samdómenda, að

nauðsynlegt sé að framkvæma allar þær viðgerðir, sem í 5. tölulið matsgerðar á dskj. nr. 11 greinir, svo og að múrhúða reykháf og bríkur, sem steyptar hafa verið upp fyrir þak á þrjá vegu (matsgerð, upphaf 6. töluliðar). Smíði reykháfs er ekki lofað í yfirlýsingunni á dskj. nr. 6, en gerð hans og lagfæringar á kynditækjum, sem boðnar eru í bréfi Brunavarnaeftirlits ríkisins á dskj. nr. 25, þykja eðlilegar ráðstafanir. Þykir rétt, að stefndi beri kostnað af þeim, þar sem telja verður, að stefnandi mætti treysta því við kaupin, að öryggis- og kynditæki hússins væru í lagi, án þess að sérfræðileg athugun væri á þeim gerð. Það er sammála álit hinna sérfróðu samdómenda, að kostnaður við viðgerðir þessar sé nú hæfilega metinn á kr. 11.000,00. Þykir því bera að dæma stefnda til að greiða stefnanda þá fjárhæð ásamt 6% ársvöxtum frá 12. febrúar 1958 að telja til greiðsludags.

Af ástæðum þeim, sem raktar verða hér á eftir, verður eigi talið, að stefnandi eigi rétt á skaðabótum úr hendi stefnda vegna galla á hinu selda húsi, sem greint er frá í matsgerðinni á dskj. nr. 11, 1.—4. tölulið og 6. tölulið.

a. Einangrun á útveggjum og gluggaköntum og gróf- og fínhúðun að nýju ásamt viðgerð á slitlagi á gólfi. Við kaupin er upplýst, að húsið væri byggt úr brunasteypu. Samdómendur telja góða brunasteypu af ákveðinni þykkt geta jafngilt minni háttar einangrun. Þar sem húsið var keypt sem bifreiðaskýli, breytt til bráðabirgða í íbúðarhúsnæði, verður því kaupanda ekki talið rétt að ganga út frá sérstakri einangrun, enda sérstaklega tekið fram, að húsið væri byggt úr brunasteypu.
b. Vöntun gólfdúks, dúklista, gólflista, loftlista, sólbekkja, lista umhverfis hurðir, sóplista og texklæðningar á vegg (matsgerð, 2. tölul.). Gallar þessir voru allir sýnilegir við skoðun og því ekki rétt, að stefnandi hljóti bætur fyrir þá úr hendi stefnda.
c. Lítil innrétting í eldhúsi. Þessi galli var sýnilegur kaupanda og því ekki rétt, að hann hljóti bætur fyrir hann.
d. Málningu áfátt. Sama og um b- og c-lið.
e. Viðgerð á múrhúðun og málningu þaks. Sama og um b-, c- og d-liði.

2. Skaðabætur fyrir annað tjón vegna vanefnda og fyrir óþægindi og tilkostnað. Krafa þessi er ósundurliðuð og órökstudd að öðru en því, að í sambandi við riftunarkröfur stefnanda er upplýst, að stefndi hafi lofað stefnanda að greiða teikningu

og byggingarleyfisgjald vegna nýs húss á lóðinni. Teikning sú, sem stefndi hefur látið stefnanda í té (dskj. nr. 23), er ekki fullkomin teikning að húsi á ákveðinni lóð, heldur samrit af ófullkominni teikningu að óákveðnu húsi án afstöðumyndar, þverskurðarmyndar eða fullkominna grunnflatarmynda og því óhæf til að leggja fyrir byggingarnefnd. Með teikningarsamriti þessu fullnægir því stefndi ekki loforði sínu um afhendingu teikningar eða greiðslu fyrir teikningu og greiðslu fyrir byggingarleyfi. Hins vegar hefur stefnandi hvorki látið teikna hús á lóðinni, greitt fyrir byggingarleyfi né lagt fram gögn um, hvað slík teikning mundi kosta. Ber því að sýkna stefnda að svo stöddu af kröfu stefnanda um bætur þess vegna.

Upplýst er, að stefnandi flutti úr húsinu á sl. vetri, eftir að hann hafði stofnað til máls þessa vegna þess, að hann taldi húsið óíbúðarhæft. Ljóst þykir, að gallar þeir á þaki hússins og kyndingartækjum, sem stefnda er í dómi þessum gert að bæta með skaðabótagreiðslu, hafi valdið því, að húsið var óíbúðarhæft án viðgerða. Eigi verður stefnandi talinn hafa firrt sig rétti til bóta með því að láta hjá líða að framkvæma sjálfur viðgerðir, eftir að gallar voru metnir, en hann hafði þá stofnað til málaferla út af kaupunum, þar sem riftun var aðalkrafa. Riftunarkrafan var byggð á vöntun byggingarleyfa og lóðarréttinda, en stefndi sannaði eigi fyrr en eftir flutning málsins, að þau réttindi væru fyrir hendi. Þykir því rétt að dæma stefnanda nokkrar bætur úr hendi stefnda vegna kostnaðar við flutninga og annars tjóns af afnotamissi eignarinnar. Þar sem stefnandi hefur enga grein gert fyrir flutningskostnaði, húsaleigugreiðslum eða öðrum útgjöldum, sem leiðir af afnotamissi hans af eigninni, þykja stefnanda eigi verða dæmdar bætur umfram það, sem telja má lágmark tjóns hans. Eftir atvikum þykja þær bætur hæfilega ákveðnar kr. 4.000,00. Hann greiði 6% ársvexti af upphæð þessari frá 12. febrúar 1958 til greiðsludags.

Eftir þessum málsúrslitum þykir bera að dæma stefnda til að greiða stefnanda málskostnað, sem þykir hæfilega ákveðinn kr. 4.000,00 að meðtöldum matskostnaði.

Dóm þennan kvað upp Sigurgeir Jónsson bæjarfógeti ásamt samdómendunum Birni Rögnvaldssyni byggingarmeistara og Gunnari Þ. Þorsteinssyni byggingarfræðingi.

Dómsorð:

Stefndi, Björgvin Einarsson, greiði stefnanda, Indriða

Indriðasyni, kr. 15.000,00 ásamt 6% ársvöxtum frá 12. febr. 1958 til greiðsludags og kr. 4.000,00 í málskostnað.

Stefndi skal sýkn að svo stöddu af kröfum stefnanda um bætur vegna vanefnda á afhendingu teikningar og greiðslu fyrir byggingarleyfi.

Að öðru leyti skal stefndi sýkn af kröfum stefnanda í málinu.

Dóminum skal fullnægja innan 15 daga frá lögbirtingu hans að viðlagðri aðför að lögum.

Föstudaginn 18. desember 1959.

Nr. 46/1958. **Þórður Þórðarson**
gegn
Helga Benediktssyni.

Útivistardómur.

Dómur Hæstaréttar.

Málssókn þessi fellur niður.

Áfrýjandi, Þórður Þórðarson, er eigi sækir dómþing í máli þessu, greiði kr. 200,00 útivistargjald til ríkissjóðs, ef hann vill fá mál sitt tekið fyrir af nýju.

Föstudaginn 18. desember 1959.

Nr. 151/1959. **Aðalbjörg Ásgeirsdóttir**
gegn
Gunnari A. Pálssyni f. h. Hólmfríðar Löve.

Útivistardómur.

Dómur Hæstaréttar.

Málssókn þessi fellur niður.

Áfrýjandi, Aðalbjörg Ásgeirsdóttir, er eigi sækir dómþing í máli þessu, greiði kr. 200,00 útivistargjald til ríkissjóðs, ef hún vill fá mál sitt tekið fyrir af nýju.
